3.2 Hlíðahverfi

Viðfangsefni og efnistök

Tilgangur hverfisskipulags í 3.2 Hlíðar er að gera hverfið sjálfbærara, vistvænna og heilsuefland, auka gæði byggðar, vernda og styrkja byrhrmynstur og staðaranda sky. gátlista um visthæfi byggðar. Nærþjónusta er í hverfiskjarna í Suðurveri, sem á að styrkja. Nærþjónusta er einnig við Lönguhlíð. Eldri skilmálar eru sameinaðir nýjum skilmálum og bygginarreitir stækkaðir til að greiða fyrir þróun hverfisins til framtíðar.

Áfmörkun hverfisins

Hverfisskipulag þetta nær til Hlíðarhverfis 3.2. Hverfið afmarkast af Miklubraut í norðri, Bústaðavegi og Suðurhlíðum í vesturs, og Kringlumýrarbraut til austurs.

Hverfisskipulagsuppdráttur sýnir afmörkun hverfisins. Hverfið liggur í miðju borgarhluta 3 og er um 103 hektara lands.

Lýsing á hverfinu

Uppbygging Hlíðahverfis hófst eftir stríð þegar skipulögð byggð í Hlíðunum reis. Fyrsti uppbyggingaráfanginn afmarkaðist af Miklubraut, Lönguhlíð og Hafnarfjarðarvegi, sem nú heitir Skógarhlíð. Skömmu síðar kom áættun um uppbyggingu austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð og náði sú byggð norður að Flókagötu frá Hamrahlíð í suðri. Á næstu áratugum var byggt upp við Stigahlíð og Suðurhlíðar sem var síðasti stóri áfangirn í uppbyggingu Hlíðahverfis. Í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, AR40, þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Helstu umferðargötur borgarinnar, Miklabraut, Bústaðavegur og Kringlumýrarbraut afmarka hverfið með tilheyrandi hávaða- og loftmengun.

Hverfið nýtur góðs af nálægð við Klambratún, Öskjuhlíð og Fossvog, stór útivistar- og náttúrusvæði sem tengjast vel göngu- og hjólastígakerfi borgarinnar.

Byggðin er tiltölulega lágreist. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3-8 íbúðum, 2-3 hæðir með kjallara og víða er ris nýtt. Stærri íbúðarblokkir eru í jaðri hverfisins við Miklubraut og Eskihlíð. Sérbýli er helst í austurhluta hverfisins við Háuhlíð, Stigahlíð og í Suðurhlíðum. Atvinnuhúsnæði er við Skógarhlíð. Byggðarmynstur hverfisins er einkennandi fyrir uppbyggingu Reykjavíkur eftirstríðsáranna.

Lýsing á skilmálum og skilmálaeiningum

Hverfisskipulag í Hlíðarhverfi mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir sem felldar eru úr gildi samhliða við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á: a) yfirfærslu á skipulagsskilmálum deiliskipulags sem felit er úr gildi, b) helstu óskum íbúa um breytingar og c) nýjum vistvænum og sjálfbærum áherslum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.

Hlíðarhverfi hefur verið skipt upp í 18 skilmálaeiningar, sem hver um sig hefur fengið sérstakt auðkenni frá 3.2.1. til 3.2.18., sbr. merkingar og afmörkun á uppdrætti. Þessar skilmálaeiningar fá sérstaka skilmála.

Skilmálar fjalla um vistvænar áherslur, byggðarmynstur, landnotkun og þróun og yfirbragð byggðar, þ.m.t. húsbyggingar, allt umhverfi og innviði. Skilmálar innviða gera grein fyrir samgöngum, hjóla- og bílastæðum, útfærslu gatna, hjóla- og göngustígum og almenningsrýmum, þ.m.t. leiksvæðum, efnisflokkun úrgangs og helgunarsvæðum fyrir veitur.

Skilmálar fyrir lóðir ná til starfsemi, bygginarmagns og hæðatölda, svo og til annarra þátta. Hverfisskipulagið gerir ráð fyrir því að byggingarreitir verði stækkaðir svo að þeir nái utan um núverandi og nýjar byggingar sem heimilaðar eru í hverfisskipulaginu. Á hverfisskipulagsuppdrætti eru sýndar tvær gerðir af bygginarreitum: takmarkaðar bygginarreitur, sem er fyrir minni byggingar, og aðalbygginarreitur, sem er fyrir stærri byggingar, sjá skilmála um bygginarreiti og gjöld.

Stefna og helstu áherslur hverfisskipulagsins

Hverfisskipulagið er byggt á eftirfarandi forsendum:

- Stefnu aðalskipulagsins fyrir hverfið, sbr. umfjöllun í kafla 3.2 í bók I.
- Greininga á visthæfi hverfisins, sbr. kafla 3.3 í bók I.
- Niðurstöðum samráðs, sbr. kafla 4 í bók I og greinargerð um samráð, sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.
- Stefnu og helstu áherslum, sbr. kafla 5 í bók I.
- Umhverfismati hverfisskipulagsáætlunar, sbr. umfjöllun í kafla 6 í bók I.

Stefna og helstu áherslur hverfisskipulagsins eru samkvæmt meðfylgjandi skýringarmyndum og skýringartexta.

Umhverfismat hverfisskipulagsáætlunar

Unnið hefur verið umhverfismat vegna helstu áhersln hverfisskipulags í Háteigshverfi. Eftirtaldir umhverfisþættir hafa verið metnir:

- Samfélag. Áhrif fjölgunar íbúða, nærþjónustu á miðsvæði, ferðaþjónustu og bættra tenginga við aðliggj hverfi.
- Gæði byggðar. Áhrif þróunar byggðar, byggðarmynsturs, almenningsrýma, hávaðavarna og skjólmyndunar og borgarbúskapar.
- Samgöngur. Áhrif bættra samgangna, hjóla- og göngustíga, tenginga við nærliggjandi hverfi og skilmála um bílastæði.
- Vistkerfi og minjar. Áhrif ákvæða um blágrænar ofanvatnslausnir, verndun menningar- og formminja og náttúrusérkenna.
- Orka og auðlindir. Áhrif aðgerða á flokkun á úrgangi og notkun vistvænna orkugjafa.
- Mannvirki. Áhrif af stækkun byggingarreita og skilmálum um viðbyggingar og breytingar.
- Náttúruvá. Áhrif af auknum gróðri til að tempra vind og bæta skjól.

Gögn hverfisskipulags

- Almenn greinargerð – Bók I.
- Skipulagsskilmálar – Bók II.
- Hverfisskipulagsuppdráttur. Prentaður uppdráttur í mælikvarða 1:3000, er að finna aftast í vasa bókar II.
- Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir.

Fylgiskjöl

- Borgarhluti 3 Hlíðar – íbúaþátttaka og samráð 15. apríl 2021
- Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 3 – Hlíðar, skýrsla nr. 163. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 03 Hlíðar dags. 30. október 2015

Skýringar

Landnotkun

- Afmörkun borgarhluta
- Afmörkun hverfis
- Afmörkun skilmálaeininga
- Hús/byggingar
- Íbúðarbyggð
- Samfélagsþjónusta
- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Vatn
- G — Grenndarstöð, leiðbeinandi lega
- Hljóðvörn
- Náttúruminjar / Náttúrusérkenni
- Hverfistorg

Opin svæði - Borgarland

- H — Hverfisgarður; Garðar innan hverfis sem þjóna íbúum hverfis
- Grænt svæði; Gróður við götur/ými og ómur óskilgreind grænt svæði
- L — Leiksvæði; Hefðbundið leiksvæði með gróðri og leikmöguleikum
- D — Dvalarsvæði; Grænt yfirbragð, gróður og iverusvæði
- K — Kyrrlátt svæði; Ætlað til dvalar og slökunar á opnu svæði í skjóli frá helstu umferðarleiðum

Samgöngur

- Götur
- A/G — Borgargötur (aðalgötur)
- Nýjar götur
- Gangstéttir/göngustígar
- Hjólastígar
- Megin hjólastígur, (leiðbeinandi lega)
- Megin göngutenging, (leiðbeinandi lega)
- Núverandi undirgöng/göngubrú
- Bætt undirgöng/göngubrú
- Ný undirgöng/göngubrú

Annað

- Takmarkaður byggingarreitur, sjá skilmála
- Aðalbyggingarreitur, sjá skilmála
- 3.3.10 — Númer skilmálaeininga
- Íbúðarsvæði
- Kvaðir
- Hverfisvernd, samstæður húsa og heildir
- Hverfisvernd, einstök hús og húsaraðir
- Umsagnarskyld hús
- Friðuð hús / friðlýst hús
- Formleifar og yngri minjar





Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Borgarhluti 3 Hlíðar



Skýringarmynd 1:25000

Samþykktar - og staðfestingarferli

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. sbr. 4. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í

_____

þann_____20___og í

_____

þann_____20___.

Tillagan var auglýst frá_____20___ með athugasemdafresti til _____20___.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann_____20___.

Listi yfir helstu breytingar eftir auglýsingu

- Áfmörkun hverfisvernda í gulum og rauðum flokkum breytt
- Megin göngueiðir lagfærðar
- Uppfærð íbúðarmörk
- Takmarkaðir byggingareitir uppfærðir
- Smávægilegar breytingar á áfmörkun skilmálaeininga 3.2.4, 3.2.5, 3.2.6 og 3.2.9
- Kvaðir um umferðarrétt o.fl. merkt á uppdrátt
- Stefnukort, Vistkerfi og minjar og Samgöngur uppfært

Náttúrusvæði | Lágmarks- og hámarksfjarlægðir frá blágrænar ofanvatnslausnir | Fornleifar og yngri minjar | Friðuð hús | Friðlýst hús | Umsagnarskyld hús | Hverfisvernd | Rauð hverfisvernd: einstök hús, húsaraðir og götumynd | Gul hverfisvernd: samstæður húsa og heildir

Grenndarstöðvar | Veitukerfi

Manvirki: Viðbætur, breytingar og niðurgröftur | Fjölgun íbúða | Nýir þéttingarreitir | Þróunarsvæði

Tré og gróður: Mótvægisaðgerðir vegna náttúruvá

3.2 Hlíðahverfi	
Hverfisskipulagsuppdráttur	
Kortagrunnur	Lukr
Hnitakerfi	ISN98
Mælikvarði	1:3000 á A1
Dagsetning	31.10.2023, breytt 14.06.2024
Teikningarnúmer	0201
Útgáfa	B
Ráðgjafar	Kanon arkitektar Teiknistofan Tröð VSÓ

Hverfisskipulag Reykjavíkur | Reykjavíkurborg

Samfélag

Stefnt er að uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á þróunarsvæðum við Skógarhlíð og Veðurstofuhæð, sem mun auka framboð verslunar og þjónustu í hverfinu. Hvatt er til að endurvekja versluanrekstur í þegar byggðu verslunarhúsnæði sem hefur verið tekið til annarra nota. Heimilt getur verið að innrétta aukaíbúðir, svo sem í sérbýlishúsum og bílageymslum. Stefnt er að því að takmarka rúmaukstur í íbúðargötum. Sérstök áhersla er á heilsueflandi aðgerðir sem auka öryggi íbúa og draga úr neikvæðum áhrifum umferðar. Stefnt er að svokölluðu 15 mínútna hverfi, þ.e. að í innan við 15 mínútna göngufjarlægð frá heimili verði kostur á fjölbreyttlegri þjónustu, verslun og atvinnustarfsemi. Stefnt er að því að setja gegnumakstursumferð Miklubrautar neðanjarðar milli Landspítala og Skeifu. Í tengslum við þessar breytingar skapast uppbyggingartækifæri austan og vestan Klambratúns.

Nærþjónusta | Samfélags-þjónusta | Starfsemi í hverfinu | Íþróttasvæði | Götu- og torgsala

Samgöngur

Stefnt er að því að draga úr neikvæðum áhrifum stofnbrauta sem umlykja hverfið og auka öryggi vegfarenda með borgargötuvæðingu stofnbrauta og helstu gatna innan hverfisins. Sérstök áhersla er á Miklubraut en stefnt er að því að gegnumakstursumferð verði neðanjarðar milli Landspítalalóðar og Skeifu, en ofanjarðar verði borgargata með hæga umferð. Mikilvæg skipistöð fyrir almenningsamgöngur verður á gatnamótum Miklubrautar og Bústaðarvegar/Snorrabrautar. Öflugar almenningssamgöngur eru í hverfinu og liggja leiðir strætó um borgargötur og leiðir borgarlínu fara í sérrými eftir Miklubraut, Hamrahlíð og Langahlíð verða útfærðar sem borgargötur. Núverandi gönguleiðir eru fastar í sessi og stofnstígar eru samkvæmt hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að gera ólum samgöngumátum jafn hátt undir höfði.

Megin göngustígur | Megin hjólastígur | Tengingar við hverfið | Borgargötur | Lykil stöðvar og hús bcðir almennings samgangna

Orka og Auðlindir

Stefnt er að auknni notkun vistvænnar orku í samgöngum með betra aðgengi að hleðslustöðvum rafbíla í hverfinu. Aðsteður til úrgangsmeðhöndlunar eru bættar með því að staðsetja grenndarstöðvar á aðgengilegum stöðum í hverfinu. Stuðlað er að kolefnisbindingu með skilmálum um aukinn trjágróður á lóðum og opnum svæðum ásamt endurheimt votlendis þar sem það á við. Landnýting er bætt með uppbyggingu á þróunarsvæðum. Taka skal tillit til stofnlagna, hitaveitu, hitaveitu, vatnsveitu og rafmagns, merkt sem veitukerfi á stefnukorti og hverfisskipulagsuppdrætti.

Grenndarstöðvar | Veitukerfi

Gæði byggðar

Stefnt er að þróun byggðar á vistvænum forsendum með því að innleiða nýja skilmála sem eru útfærðir nánar í leiðbeiningum hverfisskipulags. Gæði byggðar eru aukin með verndun byggðarmynsturs, styrkingu staðaranda, fjölbreyttri byggð og almenningsrýmum. Klambratún og borgargarðurinn Öskuhlíð tengjast hverfinu, en innan þess er Litla-Öskuhlíð, opið svæði í tengslum við skólalóðir hverfisins. Fjölmörg minni leiksvæði innan hverfisins verða efld. Hverfistorg verða við Eskihlíðartorg og Suðurver að Kringlumýrarbraut, Langahlíð og Hamrahlíð verða borgargötur ásamt Miklubraut þar sem gegnumakstur verður settur neðanjarðar. Aðgerðir gegn hljóð- og loftmengun verða við stofnbrautir.



Opin svæði | Hverfisgarður
Leiksvæði
Dvalarsvæði
Kyrrlátt svæði | Hverfistorg | Hljóðvarnir

Vistkerfi og minjar

Stefnt er að því að takmarka uppbyggingu á svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi og taka tillit til grágrýtiskappa sem eru eitt af jarðminjaðlegum sérkennum Reykjavíkur. Einnig verður hlúð að vistkerfi hverfisins. Sérstakar náttúruminjar í Litlu-Öskjuhlíð og Veðurstofuhæð eru skilgreindar og verndaðar. Stefnt er að því að ofanvatn verði meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum. Sérstök áhersla er á byggðarvernd og verndun einstakra mannvirkja og menningarminja. Hverfisvernd er sett á einstök svæði og/eða byggingar til að vernda sérkenni byggðarinnar. Friðuð og friðlýst hús ásamt formminjum eru merkt inn á stefnukort, þar sem við á.



Náttúrusvæði | Lágmarks- og hámarksfjarlægðir frá blágrænar ofanvatnslausnir | Fornleifar og yngri minjar | Friðuð hús | Friðlýst hús | Umsagnarskyld hús | Hverfisvernd | Rauð hverfisvernd: einstök hús, húsaraðir og götumynd | Gul hverfisvernd: samstæður húsa og heildir

Mannvirki

Stefnt er að því að mannvirki í hverfinu verði vistvæn og sjálfbær og að lítlimi þeirra verði sem lengstur. Samþykktar eru heimildir sem gera íbúum kleift að byggja, breyta, þróa og viðhalda núverandi húsnæði, t.d. með því að bygga nýjar svalir, kvisti, viðbyggingar eða breyta þaki. Jafnframt eru samþykktar nýjar leiðbeiningar hverfisskipulags um breytingar á íbúðarhúsnæði sem er aðlað að aðstoða íbúa og eigfalda málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg. Önýtar heimildir úr eldri skipulagsáætlunum eru yfirfarðar í nýtt hverfisskipulag.



Manvirki: Viðbætur, breytingar og niðurgröftur | Fjölgun íbúða | Nýir þéttingarreitir | Þróunarsvæði

Náttúruvá

Með náttúruvá er átt við flóðahættu, ofanflóð og aðrar náttúruhamfarir, en hættan er talin frekar lítil í hverfinu. Hlíðahverfi stendur nokkuð hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta, en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Ofanvatn verður meðhöndlað með blágrænum lausnum eftir því sem við á og rask á gróðri verður ekki heimilað án rökstuðnings og mótvægisaðgerða. Aðgerðir til að bregðast við náttúruvá vegna tíðari óveðra í framtíðinni felast í því að nota tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól, sem hlíft getur bæði byggingum og fólki.



Tré og gróður: Mótvægisaðgerðir vegna náttúruvá

Bók 1

Hlíðahverfi

Almenn greinargerð og stefna



Útgáfa 1 / 31. október 2023
Breytt 14. júní 2024

Reykjavík

ÚTGEFANDI

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa skipulagsfulltrúa

ÁBYRGÐ, UMSJÓN OG RÁÐGJÖF

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Verkefnisstjórn:

Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisskipulags

Ráðgjafar hverfisskipulags í borgarhluta 3:

Helga Bragadóttir Kanon Arkitektar

Sigríður Magnúsdóttir Teiknistofan Tröð

Hlynur Torfi Torfason VSÓ ráðgjöf

HVERFISSKIPULAGSTEYMI Í BORGARHLUTA 3

Britta Magdalena Ágústsdóttir verkefnisstjóri

Ólafur Ingibergsson sérfræðingur

Laufey Björg Sigurðardóttir verkefnisstjóri

Heiða Björk Halldórsdóttir landfræðingur í landupplýsingum

Búi Hrafn Jónuson forritari og hönnuður

HÖNNUN , TEIKNINGAR OG LJÓSMYNDIR

Rán Flygenring teiknari

Trípólí Arkitektar

DLD - Dagný Land Design ehf

Bragi Þór Jósepsson ljómyndari

Reykjavík

SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARFERLI

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41 gr. sbr. 4. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20 __ og í _____ þann _____ 20 __. Tillagan var auglýst frá _____ 20 __ með athugasemdafresti til _____ 20 __. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 __.

_____

Skipulagsfulltrúi

Reykjavík

HELSTU BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

- Hverfisvernd – Kort sem sýnir tillögur að hverfisvernd uppfært í kaflanum Forsendur og greining. Umfjöllun um hverfisvernd í kafla um Stefnu og helstu áherslur og Umhverfismat aðlöguð að breyttum tillögum.
- Stefnukort – Öll stefnukort uppfærð í kafla um Stefnu og helstu áherslur.

Efnisyfirlit

HELSTU BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU 4

1. Um hverfisskipulag 6

1.1. Hvað er hverfisskipulag? 6

1.2. Markmið hverfisskipulags 7

1.3. Gátlisti um vistvæna byggð 8

1.4. Gögn hverfisskipulags 9

1.5. Vinnuferli hverfisskipulags 13

2. Forsendur og greining 15

2.1. Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins 15

2.2. Uppbygging og þróun hverfisins 16

2.3. Mat á visthæfi hverfisins 18

3. Stefna og áherslur 23

3.1. Forsendur 23

3.2. Skilmálaeiningar 23

3.3. Stefna og helstu áherslur hverfisskipulags 24

SAMFÉLAG 24

MANNVIRKI 28

GÆÐI BYGGÐAR 30

ORKA & AUÐLINDIR 33

VISTKERFI & MINJAR 35

SAMGÖNGUR 38

NÁTTÚRUVÁ 41

4. Umhverfismat 43

4.1. Almennt 43

4.2. Inngangur 43

4.3. Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar 44

4.4. Helstu umhverfisáhrif 48

4. Skilgreiningar og lykilhugtök 52

1. Um hverfisskipulag

1.1. Hvað er hverfisskipulag?

Hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð. Hverfisskipulag er nýtt skipulagstæki sem var innleitt með skipulagslögum nr. 123/2010. Hverfisskipulag byggir á þeim markmiðum sem koma fram í gildandi aðalskipulagi og ætlað er að stuðla að jákvæðri þróun Reykjavíkur með því að gera hverfi borgarinnar vistvænni, sjálfbærari og heilsueflandi og þróa byggðina í takt við breyttar áherslur í samfélaginu.

Hverfisskipulag er unnið af hópi sérfræðinga Reykjavíkurborgar og þverfaglegu teymi skipulagsráðgjafa. Vinna við hverfisskipulagsáætlanir fer fram í nánu samráði við íbúa og hagsmunaaðila, skrifstofur og svið Reykjavíkurborgar og opinbera aðila eins og Skipulagsstofnun.

Hverfisskipulag byggir á skipulagslögum frá 2010, eins og áður segir, og skipulagsreglugerð frá 2013 þar sem lögfestar voru heimildir sveitarfélaga til að gera hverfisskipulag í þegar byggðu hverfi. Hverfisskipulag varð þar með hluti af þrepaskiptu skipulagskerfi.

- Landsskipulag þar sem sett eru fram leiðarljós um landnotkun og nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana.
- Svæðisskipulag sem er samræmd stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál, svo sem um byggðaþróun, samgöngur eða vatnsvernd.
- Aðalskipulag sem er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu.
- Deiliskipulag sem er skipulag fyrir afmarkað svæði, til dæmis einstök hverfi eða götureiti. Það felur í sér skipulagsskilmála um byggðamynstur, einstakar lóðir og byggingar o.fl. Hins vegar er hvert hverfisskipulag gert fyrir gróna byggð, með það að markmiði að þróa byggð í takt við breyttar áherslur í samfélaginu. Deiliskipulag og hverfisskipulag eru jafn rétthá í skipulagskerfinu. Hverfisskipulag var hugsað sem vinnutæki til að gera skipulag yfir gróna byggð þar sem ekkert skipulag er fyrir hendi en einnig er hægt að gera hverfisskipulag á þeim svæðum þar sem fyrir er deiliskipulag í gróinni byggð. Þá er deiliskipulag fellt úr gildi og eitt samfellt skipulag, hverfisskipulag, gert á svæðinu.

Í hverfisskipulagi birtast skipulagsákvæði sem eru almennar reglur um yfirbragð byggðarinnar og almennir skipulagsskilmálar, kallaðir skilmálar. Skilmálar eru eitt af grundvallarhugtökum hverfisskipulagsins en það eru bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, leyfilegar viðbyggingar, starfsemi í húsum, úrgangsflokkun, samgöngur, fyrirkomulag gatna og stíga, fjölda bílastæða, lóða, gróðurs og opinna svæða, svo það helsta sé nefnt. Annað grundvallarhugtak er skilmálaeiningar . Skilmálaeining er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, hvort sem er af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum eða fagurfræðilegum ástæðum, og fær sameiginlega skilmála.



Landskipulag



Svæðisskipulag



Aðalskipulag sveitarfélags



Deiliskipulag fyrir ákveðin svæði



Hverfisskipulag

Skipulagskerfið

Skýringarmynd sem sýnir hvernig skipulag er byggt upp á Íslandi. Skipulagið er unnið í nokkrum þrepum. Landsskipulag er efsta þrepið, næst er svæðisskipulag og þar á eftir aðalskipulag sveitarfélaga. Undir aðalskipulagi má finna deiliskipulag sem er unnið fyrir afmarkað svæði. Hverfisskipulag er deiliskipulag fyrir gróið hverfi og samanstendur af greinargerð, skipulagsuppdrætti, skilmálum, leiðbeiningum og fylgiskjölum. Nánar er gerð grein fyrir þeim gögnum sem hverfisskipulagið er byggt á hér að aftan.

1.2. Markmið hverfisskipulags

Í gildandi aðalskipulagi eru sett fram markmið um mótun borgarinnar til langs tíma. Þar er mótuð sú stefna að öll hverfi borgarinnar skuli þróast og byggjast upp á sjálfbærum forsendum. Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þessara þátta. Bæði aðalskipulag og umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur má nálgast á heimasíðu borgarinnar á þessari vefslóð: https://reykjavik.is/stefnumorkun-eftir-malaflokkum.

Tilgangur hverfisskipulagsins er að bæta samfélagið, auka gæði byggðarinnar og innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir. Mikilvægasta skipulagstækið í þessari vinnu er gátlisti fyrir mat á visthæfi byggðar og skipulags sem settur er fram í aðalskipulagi og fjallað er um í kaflanum Gátlisti um vistvæna byggð í hverfisskipulaginu. Þannig gegnir hverfisskipulagið mikilvægu hlutverki í því að innleiða þessar stefnur Reykjavíkurborgar þar sem meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

- Að stuðla að því að hið manngerða umhverfi verði betra og hvetji til samveru og heilsueflandi athafna.
- Að auka sjálfbærni hverfanna og draga úr neikvæðum þáttum.
- Að færa mótun hverfisskipulagsins nær íbúum með virku samráði.
- Að sameina eldri skilmála í nýja skipulagsáætlun til einföldunar fyrir borgarbúa og skipulagsyfirvöld og koma á skipulagi í þeim hverfum þar sem ekki er til deiliskipulag.

- Að þróa traust og notendavænt skipulagstæki sem hentar nútímaþörfum.

Með því að sameina eldri deiliskipulagsáætlanir í eitt hverfisskipulag er verið að einfalda til muna gerð og eftirfylgni áætlana en í forvinnu hverfisskipulagsins kom í ljós að helstu breytingarnar í eldri hverfum borgarinnar voru minni háttar breytingar, svo sem hóflegar viðbyggingar, óskir um aukaíbúðir, smágerð atvinnustarfsemi og óskir um kvisti og svalir, en málsmeðferð slíkra atriða getur verið mjög íþyngjandi ef ekki er gert ráð fyrir þeim í gildandi skipulagi.

Að auki þjónar hverfisskipulag því mikilvæga hlutverki að innleiða vistvænar áherslur gildandi aðalskipulags. Þessi innleiðing fer fram í gegnum gátlista um vistvæna byggð sem er eitt af grundvallarskipulagstækjum hverfisskipulagsins.



Hverfisskipulag mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir hverfisins sem felldar eru úr gildi við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á a) yfirfærslu á skipulagsskilmálum deiliskipulags sem fellt er úr gildi, b) yfirfærslu á ónýttum byggingarheimildum frá eldra deiliskipulagi og c) nýjum vistvænum og sjálfbærum áherslum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.

1.3. Gátlisti um vistvæna byggð

Gátlisti um vistvæna byggð byggir á þeirri stefnu aðalskipulagsins að með skipulegum aðgerðum megi draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og byggðaþróunar á umhverfið jafnframt því að auka lífsgæði og þægindi íbúa með sjálfbærum og heilsueflandi lausnum. Lykiláherslur Gátlista um vistvæna byggð skiptast í sjö höfuðflokka sem eru eftirfarandi:

SAMFÉLAG

Að skapa heildstæð hverfi með sem jafnastri aldursdreifingu þar sem mismunandi þjóðfélagshópar geta búið, starfað og sótt verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu.

GÆÐI BYGGÐAR

Að hverfi borgarinnar myndi fallega og lifandi umgjörð um daglegt líf og aðlaðandi staði sem ýta

undir góð samskipti íbúa.



SAMGÖNGUR

Að verslun og þjónusta sé í þægilegri göngufjarlægð frá öllum íbúum í hverfinu og að gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum verði sett í forgang.



VISTKERFI & MINJAR

Að tryggja og varðveita náttúrulegan fjölbreytileika lands, lífríkis og menningarminja.



ORKA & AUÐLINDIR

Að ýta undir sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda, auka kolefnisbindingu og stuðla að betri meðhöndlun úrgangs og aukinni endurvinnslu.



MANNVIRKI

Að skipulag hverfisins stuðli að vistvænum og sjálfbærum lausnum bæði við nýbyggingar og við endurbætur á eldri byggingum.



NÁTTÚRUVÁ

Að taka tillit til áhættu vegna náttúruhamfara af völdum eldgosa, jarðskjálfta, sjávarflóða og flóða frá ám og vötnum og huga að náttúruvá vegna óveðurs og loftslagsbreytinga.

Hinar sjö lykiláherslur gátlistans er að finna í öllum þáttum hverfisskipulagsins, allt frá greiningu á styrkleikum og veikleikum hverfisins og tillögum sem kynntar eru í samráðsferlinu til stefnu og helstu áherslna og skilmála fyrir einstakar skilmálaeiningar innan hverfisins.

1.4. Gögn hverfisskipulags

Hverfisskipulag er gefið út í tvennu formi. Annars vegar í hefðbundinni útgáfu, þar sem skipulagsgögnin og fylgirit eru í prenthæfu formi og undirrituð og stimpluð. Það er hin lögformlega útgáfa skipulagsins. Að auki er hverfisskipulagið aðgengilegt í stafrænni útgáfu sem nálgast má í svokallaðri Hverfasjá á heimasíðu hverfisskipulags, https://hverfisskipulag.is.

Gögnum hverfisskipulags er skipt í fjóra hluta:

- Almenna greinargerð
- Skipulagsskilmála
- Hverfisskipulagsuppdrátt
- Leiðbeiningar hverfisskipulags

Rétt er að benda á að þó að hverfisskipulaginu sé skipt í fjóra hluta er um að ræða eina heild sem skoða þarf saman.

Almennri greinargerð og skipulagsskilmálum er skipt upp í tvær bækur í prentútgáfu hverfisskipulags (bók I og II) til hagræðis fyrir notendur. Leiðbeiningar hverfisskipulags eru sömuleiðis útgefnar í prenti auk þess sem nálgast má þær í Hverfasjá og á heimasíðu hverfisskipulags þar sem hægt er að hlaða þeim niður.

Almenn greinargerð

Í greinargerðinni koma fram helstu forsendur hverfisskipulagsvinnunnar, s.s. yfirlit og afmörkun skipulagsins, greining á stöðu hverfisins út frá gátlista um vistvæna byggð og skipulagsleg staða m.t.t. ákvæða gildandi aðalskipulags. Mikilvægur kafli í greinargerðinni er kaflinn Stefna og áherslur þar sem markmiðum skipulagsins fyrir viðkomandi hverfi er lýst, mörkuð stefna í einstökum málaflokkum og settar almennar reglur um yfirbragð byggðarinnar. Hafa þarf þennan kafla til hliðsjónar þegar heimildir í skilmálum eru skoðaðar. Að síðustu er lagt mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlunarinnar.

Skipulagsskilmálar

Skilmálar eru eitt af grundvallarhugtökum hverfisskipulagsins en það eru bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem landnotkun, byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, leyfilegar viðbyggingar, starfsemi í húsum, úrgangsflokkun, samgöngur, fyrirkomulag gatna og stíga, fjölda bílastæða, lóða, gróðurs og opinna svæða, svo það helsta sé nefnt. Skilmálum er skipt í sjö flokka í hverfisskipulagi til samræmis við höfuðflokka Gátlista um vistvæna byggð (SAMFÉLAG, GÆÐI BYGGÐAR, SAMGÖNGUR, VISTKERFI & MINJAR, ORKA & AUÐLINDIR, MANNVIRKI og NÁTTÚRUVÁ). Leitast er við að hafa skilmálatexta stuttorða en þess í stað er oft vísað í viðeigandi leiðbeiningar hverfisskipulags sem fjalla um nánari útfærslu á einstökum skipulagsskilmálum.

Annað grundvallarhugtak er skilmálaeiningar . Skilmálaeining er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, hvort sem er af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum, og fær sameiginlega skilmála.

Hverfisskipulagsuppdráttur

Hverfisskipulagsuppdráttur fylgir prentaðri útgáfu hverfisskipulags í mælikvarða 1:3000 og má finna í vasa aftan á kápu bókar II. Uppdrátturinn er einnig aðgengilegur í stafrænu formi á Hverfasjá hverfisskipulags þar sem hægt er að þysja inn á einstakar lóðir eða svæði. Á uppdrættinum er sýnd afmörkun hverfisskipulagsins og skipting hverfisins í skilmálaeiningar en það eru einingar innan hverfis með sömu skipulagsskilmála. Á uppdrætti eru m.a. sýndar lóðir og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, samfélagsþjónustu, miðsvæði og aðra starfsemi, fyrirkomulag samgangna og staðsetningu opinna svæða. Á prentaðri útgáfu hverfisskipulagsuppdráttar eru einnig sýnd kort fyrir stefnu og helstu áherslur eftir höfuðflokkum Gátlista um vistvæna byggð (kortin má einnig finna í kaflanum Stefna og áherslur í Almennri greinargerð). Bent er á að landnotkunarlitir í hverfisskipulagi eru eingöngu sýndir til skýringar og eru ekki endilega í samræmi við afmörkun eins og hún kemur fram í aðalskipulagi. Ef breytingar verða á afmörkun í aðalskipulagi þá hefur hún engin áhrif á stærð eða afmörkun landnoktunarreita í hverfisskipulaginu.

Í prentútgáfu hverfisskipulags er birt stækkuð mynd af hverfisskipulagsuppdrætti fyrir hverja og eina skilmálaeiningu. Sé munur á uppdráttum einstakra skilmálaeininga og hverfisskipulagsuppdrættinum sem finna má í vasa á bókarkápu prentútgáfunnar gildir hverfisskipulagsuppdrátturinn aftast í bókinni.

Leiðbeiningar hverfisskipulags

Leiðbeiningar hverfisskipulags eru nýjung. Leiðbeiningarnar eru grundvallaðar í stefnumörkun gildandi aðalskipulags og er ætlað að leiðbeina um hvernig skuli útfæra skilmála og heimildir sem hverfisskipulagsáætlun heimilar. Þar er að finna ítarlegri umfjöllun um hugtök og efnisatriði í skipulagsskilmálum hverfisskipulagsins. Leiðbeiningunum er ætlað að miðla nánari útfærslu á skilmálum og stefnu borgaryfirvalda um einstakar útfærslur. Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir. Leiðbeiningar eru ekki tengdar einstökum hverfum eða skilmálaeiningum heldur eru þær algildar og ná til allra borgarhluta.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er heimilt við gerð hverfisskipulags, skv. 4. mgr. 37. gr., að leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð hverfisins í stað þess að setja stranga skipulagsskilmála líkt og gert er þegar unnið er deiliskipulag. Í skilmálum hverfisskipulagsins er m.a. kveðið á um byggingarmagn, nýtingarhlutfall og byggingarreiti og aðra bindandi skilmála. Ákveðið var að setja inn almennar reglur, svokallaðar leiðbeiningar, um hvernig best væri að útfæra þær byggingarheimildir sem heimilaðar eru í hverfisskipulagi.

Leiðbeiningar eiga að einfalda hönnun framkvæmda og flýta fyrir málsmeðferð erinda hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, bæði hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Leiðbeiningar styðja uppbyggingaraðila við að útfæra uppbyggingu svo að hún sé í samræmi við stefnu aðalskipulags borgarinnar.

Leiðbeiningar skal lesa samhliða framtíðarsýn hverrar hverfisskipulagsáætlunar sem og stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur fyrir borgina í heild. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar nýta leiðbeiningarnar til að fræðast um hvernig megi þróa og breyta eigin lóðum eða fasteignum. Leiðbeiningarnar sjálfar eru ekki grundvöllur leyfisveitinga heldur eingöngu leiðbeiningarrit til útfærslu þeirra heimilda sem koma fram í hverfisskipulagi.

Samþykkt og málsmeðferð leiðbeininga

Á fundi skipulags- og samgönguráðs sem haldinn var 19. desember 2018 var samþykkt sérstök samþykkt um málsmeðferð leiðbeininga fyrir hverfisskipulag í Reykjavíkurborg, dags. 17. desember 2018. Samþykktinni var síðan vísað til borgarráðs til samþykktar, sem var gert á borgarráðsfundi þann 24. janúar 2019. Samþykktin er samhljóða fylgiskjal með öllum hverfisskipulagsáætlunum Reykjavíkur og er grundvöllur málsmeðferðar leiðbeininga fyrir hverfisskipulagið. Þessi leið er farin svo að ekki þurfi að auglýsa leiðbeiningar með hverju og einu hverfisskipulagi fyrir hvert hverfi fyrir sig.

Málsmeðferð leiðbeininganna, samkvæmt samþykktinni, verður með þeim hætti að þær verða lagðar fyrir skipulags- og samgönguráð sem samþykkir þær til kynningar, líkt og um auglýsingu á deiliskipulagi sé að ræða. Þá eru leiðbeiningarnar kynntar í 4–6 vikur og hafa allir hagsmunaaðilar aðkomu að því að senda inn athugasemdir. Kynningin fer fram á netinu og er auglýst í víðlesnu dagblaði. Athugasemdir eru síðan teknar saman og tekin afstaða um hvort leiðbeiningarnar verði skoðaðar út frá athugasemdum eða ekki. Síðan eru leiðbeiningarnar lagðar fram, ásamt umsögn, til samþykktar hjá skipulags- og samgönguráði og vísað til borgarráðs til endanlegrar samþykktar. Ef breyta á eða gerðar eru nýjar leiðbeiningar þá er málsmeðferðin eins.





























Forsíður leiðbeininga hverfisskipulags.

Hverfasjá

Öll gögn hverfisskipulagsins má nálgast stafrænt í Hverfasjá hverfisskipulagsins sem aðgengileg er á heimasíðu hverfisskipulagsins, https://reykjavik.is/hverfisskipulag. Hverfasjánni er ætlað að bæta aðgengi almennings og fagaðila að gildandi skipulagi svo að á auðveldan og fljótlegan hátt megi sjá hvaða heimildir eru til breytinga á fasteignum og lóðum. Þannig má gera umsóknar- og afgreiðsluferli vegna ýmiss konar breytinga á fasteignum einfaldara og skilvirkara.

Sé munur á skipulagsgögnum sem birtast í hverfasjá og lögformlegri útgáfu hverfisskipulags gildir hin lögformlega útgáfa.

Fylgigögn

Hverju hverfisskipulagi fylgja fylgigögn sem eru:

- Greinargerð um íbúaþátttöku og samráð í viðkomandi hverfi/borgarhluta
- Byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir viðkomandi hverfi/borgarhluta
- Verklýsing hverfisskipulags fyrir viðkomandi borgarhluta
- Samþykkt um málsmeðferð leiðbeininga hverfisskipulags

Eftir atvikum geta önnur fylgigögn einnig fylgt einstaka hverfisskipulagsáætlunum. Fylgigögn má nálgast í Hverfasjá.

1.5. Vinnuferli hverfisskipulags

Undirbúningur fyrir hverfisskipulag í Reykjavík hófst árið 2012 samhliða vinnu við endurskoðun á aðalskipulaginu. Á árunum 2013 og 2014 var visthæfi hverfanna í átta borgarhlutum greint út frá Gátlista um vistvæna byggð sem var unninn samhliða undirbúningsvinnunni. Niðurstöður þessara greininga fyrir hvert hverfi er að finna í Verklýsingu hverfisskipulags fyrir viðkomandi borgarhluta sem er fylgiskjal með hverfisskipulagi.

Mótun tillögu að hverfisskipulagi er skipt í sex verkþætti:

- Verklýsing sem er jafnframt skipulags- og matslýsing þar sem fyrirhugaðri skipulagsvinnu er lýst, þ.m.t. helstu áherslum borgaryfirvalda og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Stefnumótun og framtíðarsýn þar sem mótaðar eru tillögur um úrbætur og endurskoðun skipulagsskilmála, sem miða að því að styrkja hverfið.
- Samráð þar sem leitað er álits íbúa og hagsmunaaðila á hugmyndum að stefnumótun og framtíðarsýn. Ítarleg grein er gerð fyrir samráði í samantekt um íbúaþátttöku og samráð sem er fylgigagn hverfisskipulags og nálgast má í Hverfasjá.
- Skilmálagerð þar sem þróaðir eru nýir skilmálar fyrir hverfið á grundvelli eldri skilmála og óska íbúa og hagsmunaaðila sem fram koma í samráðsferlinu.
- Tillögugerð þar sem hugmyndir frá stefnumótun og framtíðarsýn og samráði eru felldar inn í heildstæða tillögu að hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- Kynningar- og samþykktarferli þar sem tillaga að hverfisskipulagi er kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum á lögformlegan hátt og leitað eftir samþykki hlutaðeigandi yfirvalda.

Eldri heimildir yfirfærðar í hverfisskipulag

Mikilvægur hluti af hverfisskipulagi er að sameina eldri deiliskipulagsáætlanir fyrir gróin hverfi Reykjavíkur í eitt heildarskipulag fyrir hverfið. Þetta gerist þannig að um leið og hverfisskipulag er samþykkt er eldra deiliskipulag fellt úr gildi. En til þess að ekki tapist mikilvægir þættir úr eldra skipulagi sem mótaði byggðina í upphafi eru tiltekin ákvæði eldra deiliskipulags yfirfærð í hið nýja hverfisskipulag, s.s. byggingarheimildir, heimildir um bílastæði og ýmiss konar kvaðir. Það

þýðir að þar sem til staðar eru ónýttar heimildir, sem fram koma í deiliskipulagi sem fellt er úr gildi, yfirfærast þær í nýtt hverfisskipulag. Upplýsingar um gögn sem yfirfærsla á eldri skipulagsheimildum byggir á er að finna í skilmálaliðnum yfirfærðar byggingarheimildir undir kafla um MANNVIRKI og skilmálalið um bílastæði og innkeyrslur undir kafla um SAMGÖNGUR í hverri skilmálaeiningu. Upplýsingar um deiliskipulag sem fellt er úr gildi er síðan að finna aftast í bók II í prentúgáfu hverfisskipulags.

Breytingar á staðfestu hverfisskipulagi

Skilmálar hverfisskipulags eru almennir og samræmdir og hafa tekið mið af eldri skilmálum og algengum óskum lóðarhafa um breytingar á húsnæði sínu. Það ætti að draga úr þörf á sértækum breytingum á skipulagi fyrir einstaka lóðir. Þess vegna má gera ráð fyrir að breytingar á hverfisskipulagi verði alla jafna almennar fyrir skilmálaeininguna eða hverfið allt og því umfangsmeiri en svo að grenndarkynning ætti við, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ætla má að meginreglan verði sú að breytingar á hverfisskipulagi verði auglýstar eins og um nýtt skipulag væri að ræða, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Forsendur og greining

2.1. Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins

Borgarhluti 3 Hlíðar er austan við miðborg Reykjavíkur og afmarkast til vesturs af Snorrabraut og Reykjavíkurflugvelli, til suðurs af strandlengju Fossvogs og til austurs og norðurs af Kringlumýrarbraut, Laugavegi og Hverfisgötu.

Borgarhlutinn nær yfir þrjú hverfi; Háteigshverfi (3.1), Hlíðar (3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (3.3). Hverfisskipulag þetta fjallar um 3.2 Hlíðahverfi sem afmarkast af Miklubraut til norðurs, Bústaðavegi og Fossvogskirkjugarði til suðvesturs, og Kringlumýrarbraut til austurs. Afmörkun hverfisskipulags Hlíðahverfis nær yfir um 101 ha lands.



Í borgarhlutanum Hlíðum búa u.þ.b. 13.500 íbúar í tæplega 5.900 íbúðum. Þar af eru rétt um 5.000 íbúar í tæplega 1.800 íbúðum í Hlíðahverfi (tölur frá því í maí 2023).

Landslag og staðhættir

Hlíðahverfi er þéttbyggt og gróðursælt. Náttúrufar einkenndist áður af holti, mýrum og túnum. Norðan við Bústaðaveg í Litlu Öskjuhlíð eru merkar jarðminjar, ein stærstu hvalbök sem finna má í Reykjavík.

Hlíðahverfi er um 101 ha að stærð og er í u.þ.b. 20 til 60 metra hæð yfir sjávarmáli. Hverfið liggur utan í hlíðum Öskjuhlíðar norðan- og norðaustanverðrar. Hæsti punktur hverfisins er efst á Litlu Öskjuhlíð og hallar landi frá henni og til vesturs í átt að miðborginni og til suðvesturs í átt að Fossvogi. Hverfið nýtur góðs af nálægð við Öskjuhlíð sem er eitt helsta útivistarsvæði borgarinnar.

Núverandi byggð

Hlíðahverfi er gróið íbúðarhverfi. Þar er fastmótuð byggð og sérstakir uppbyggingarreitir skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Byggðin er tiltölulega lágreist. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3–8 íbúðum, 2–3 hæðir með kjallara og víða er ris nýtt. Stærri íbúðarblokkir eru í jaðri hverfisins til norðausturs við Miklubraut og suðvesturs við Eskihlíð. Sérbýli er helst í austurhluta hverfisins við Stigahlíð sunnanverða, Háuhlíð og í Suðurhlíðum. Atvinnuhúsnæði er í suðvesturhluta hverfisins við Skógarhlíð. Byggðamynstur stórs hluta hverfisins er einkennandi fyrir uppbyggingu Reykjavíkur eftirstríðsáranna.

Íbúaþéttleiki er nokkuð góður í hverfinu og aldursdreifing íbúa ágæt. Hlutfallslega eru nokkuð margir í aldursflokknum 25–34 ára miðað við meðaltal borgarinnar allrar.

Mikil og þung umferð setur mark sitt á hverfið sem er umlukið nokkrum af helstu umferðaræðum borgarinnar. Hverfið nýtur góðs af nálægð við stærstu atvinnu- og verslunarsvæði landsins og er vel tengt öðrum hverfum borgarinnar. Nálægð við Kringluna og miðborgina auk mikillar aukningar ferðamanna hefur mikil áhrif á samfélag og uppbyggingu hverfisins.

Í Hlíðahverfi er einn almennur grunnskóli, Hlíðaskóli, fyrir nemendur í fyrsta til tíunda bekk. Hlíðaskóli er kominn að þolmörkum varðandi nemendafjölda. Auk þess eru í hverfinu skólarnir Klettaskóli, sem er sérskóli á grunnskólastigi og sinnir menntun nemenda með sérþarfir frá öllu landinu, barnaskóli Hjallastefnunnar og Suðurhlíðaskóli, sem er kristinn einkaskóli. Fjórir leikskólar eru í hverfinu auk leikskóla Hjallastefnunnar og einn framhaldsskóli, Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Hverfið er vel staðsett með tilliti til almenningssamgangna og göngu- og hjólastígakerfis borgarinnar ásamt því að vera mjög vel tengt stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Töluverð atvinnustarfsemi, verslun og þjónusta er í hverfinu eða nágrenni.

Lítið er um opin svæði innan hverfisins, en í næsta nágrenni eru stór útivistarsvæði, Öskjuhlíð og borgargarðurinn Klambratún.

2.2. Uppbygging og þróun hverfisins

Hverfisskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur og gildir einungis fyrir 3.2 Hlíðar. Meðfylgjandi aðalskipulagsuppdráttur sýnir núgildandi landnotkun og helstu áherslur.

Við gerð hverfisskipulags er tekið mið af markmiðum og leiðarljósum sem sett eru fram í aðalskipulagi, m.a. um skipulag vistvænna hverfa og sjálfbæra, lífvænlega og kolefnishlutlausa borg. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi skal stefnt að því að gera öll hverfi borgarhlutans sem sjálfbærust og skulu gæði hins manngerða umhverfis sett í öndvegi. Til þess að ná markmiðum

um sjálfbærari hverfi þarf m.a. að styrkja hverfiskjarna, þjónustu í hverfum og fjölga íbúðum til þess að bæta rekstrargrundvöll þjónustu, þ.m.t. skóla og leikskóla.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Kort sem sýnir gildandi aðalskipulag fyrir borgarhluta 3 Hlíðar.

Uppbyggingarreitir í aðalskipulagi

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að íbúðum geti fjölgað verulega í öllum hverfum borgarhlutans á skipulagstímabilinu þótt mesta uppbyggingin sé í Öskjuhlíðarhverfi. Uppbyggingarreitir fyrir nýja íbúðarbyggð í Hlíðahverfi eru skilgreindir á eftirfarandi svæðum:

- Veðurstofuhæð
- Skógarhlíð (M7)

Einnig eru skilgreindir tveir uppbyggingarreitir á mörkum Hlíða- og Háteigshverfis þar sem ráðgert er að setja Miklubraut í stokk:

- Miklabraut-stokkur-vestur
- Miklabraut- stokkur-austur

Jafnframt er miðað við að í hverfisskipulaginu séu þéttingarmöguleikar kannaðir frekar. Aðalskipulagið setur aðeins bindandi stefnu fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

2.3. Mat á visthæfi hverfisins

Í vinnu við hverfisskipulag var lagt mat á hversu vistvænt Hlíðahverfi væri út frá Gátlista um vistvæna byggð sem finna má í skjalinu B2: Græna borgin sem er hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Þessi gátlisti er mikilvægt hjálpartæki til að meta hversu sjálfbær og vistvæn hverfi borgarinnar eru og til hvaða aðgerða sé hægt að grípa til að stuðla að úrbótum. Gátlistanum er skipt upp í sjö efnisflokka, sbr. númeraða umfjöllun hér á eftir. Nánar er gerð grein fyrir forsendum og aðferðum sem þetta mat byggir á í fygiskjali hverfisskipulags: Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 03 Hlíðar dags. 15. september 2015 (uppfærð 30. október 2015). Hér fyrir neðan er farið yfir helstu niðurstöður úr þessu mati en í lok umfjöllunar um hvern efnisflokk eru dregnar saman niðurstöður undir fyrirsögninni Helstu tækifæri.

SAMFÉLAG

Í borgarhlutanum Hlíðum búa rúmlega 13.500 íbúar í tæplega 5.900 íbúðum. Þar af eru u.þ.b. 5.000 íbúar í tæplega 1.800 íbúðum í Hlíðahverfi (maí 2023). Yngri aldurshópar eru heldur fjölmennari í Hlíðahverfi en að meðaltali í borginni allri og hlutfall íbúa 67 ára og eldri nokkuð lægra en meðaltalið.

Heildarstærð Hlíðahverfis er 101 ha. Íbúaþéttleiki í hverfinu er því u.þ.b. 49 íbúar á hektara sem er í lágmarki skv. mati á visthæfi byggðar. Þó þarf að hafa í huga að íbúaþéttleiki er talsvert meiri í eldri hluta hverfisins, norðan Bústaðavegar (u.þ.b. 60 íbúar/ha) en lægri í Suðurhlíðum.

Atvinnusvæði er í suðvesturhluta hverfisins við Skógarhlíð.

Staðan er góð hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu sem almennt er í göngufæri en engin lágvöruverðsverslun er innan hverfisins. Hverfið nýtur einnig nálægðar við miðborgina og Kringluna.

Helstu tækifæri

Fjölgun íbúða á þróunarsvæðum. Hlutfall stórra íbúða (5+ herbergi) er lágt í hverfinu og borgarhlutanum öllum.

Blönduð landnotkun á uppbyggingarsvæðum með íbúðum og aukinni verslun og þjónustu styrkir fjölbreytta starfsemi innan hverfisins og bætir visthæfi þess.

GÆÐI BYGGÐAR

Hverfið afmarkast af umferðarmiklum stofn- og tengibrautum, Kringlumýrarbraut, Miklubraut og Bústaðavegi, sem hafa áhrif á hljóð- og loftgæði víða í hverfinu. Afmörkun hverfisskipulags í Hlíðahverfi nær yfir um 101 ha lands og heildarfjöldi íbúða í hverfinu er skv. framansögðu 1.784. Þetta gerir u.þ.b. 11 íbúðir á hvern hektara lands sem er undir lágmarki miðað við viðmið í gátlista um vistvæna byggð (lágmark 20–30 íbúðir/ha).

Gæði byggðar í Hlíðahverfi eru mikil og samgöngum fyrir fjölbreyttan hóp er vel þjónað með hefðbundnu gatnaneti. Gæði byggðar eru mikil að því leyti að byggð er tiltölulega lágreist, rótgróin og vel staðsett hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu. Aðgengi að grænum svæðum er gott, sérstaklega stærri útivistarsvæðum, en lítið er um opin svæði innan hverfisins.

Þau er helst að finna á Veðurstofuhæð og litlu Öskjuhlíð. Innan hverfisins eru sjö opin leiksvæði. Ekkert opið svæði er með aðstöðu fyrir matjurtaræktun. Skýra mætti umferð hjólandi á megingötum betur og bæta tengingar gangandi m.a. við útivistarsvæði og milli hverfa. Hverfið er gróið og grænt.

Helstu tækifæri

Setja skilmála og útbúa leiðbeiningar um vistvæna þróun byggðar.

Bæta við svæði/svæðum til borgarbúskapar, þ.e. garðlöndum þar sem unnt er að rækta grænmeti í sérgörðum en jafnframt í félagsskap við aðra. Einnig eru víða vannýtt tækifæri til ræktunar á einkalóðum, s.s. á lóðum fjölbýlishúsa.

Vernda byggðamynstur og gera kröfur til góðrar byggingarlistar til að stuðla að vellíðan fólks og bættu umhverfi.

Efling almenningsrýma og borgargötuvæðing lykilleiða innan hverfisins getur haft jákvæð áhrif á gæði byggðarinnar.



SAMGÖNGUR

Hverfið er afmarkað af umferðarþungum stofn- og tengibrautum og á aðliggjandi svæðum eru þjónustusvæði sem íbúar sækja, s.s. Kringlan, Öskjuhlíð, Hlíðarendi og miðborgin. Víða eru gönguljós en mikilvægt er að skoða mögulegar aðgerðir til að bæta tengingar hverfisins.

Aðgengi er mjög gott að almenningsvögnum víðast í hverfinu og gert er ráð fyrir að það haldist. Síst er aðgengið úr Suðurhlíðum. Flestar strætóleiðir keyra í jöðrum hverfisins, á Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi. Í hverfisskipulaginu verður litið til útfærslu biðstöðva, þ.e. hvort þörf sé á að bæta aðbúnað.

Þrátt fyrir stíga og gangstéttir í hverfinu eru sérstaklega skilgreindar hjólaleiðir fáar og stuttar. Framfylgd stefnu aðalskipulags um hjólastæði og Hjólreiðaáætlunar til 2025 í hverfisskipulaginu mun bæta aðstæður til hjólreiða.

Helstu tækifæri

Bæta umferðaröryggi með sérstakri áherslu á gangandi og hjólandi vegfarendur og stuðla þannig að breyttum ferðavenjum.

Borgarvæðing helstu umferðarleiða.

Draga úr hávaða og annarri mengun frá umferð.

Almenningssamgöngur, Strætó og Borgarlína. Auka má hlut almenningssamgangna með aukinni tíðni og bættri þjónustu.



VISTKERFI & MINJAR

Gróðurþekja og trjágróður eru einkennandi fyrir Hlíðahverfi og hverfisskipulag gerir ráð fyrir að því verði viðhaldið. Þó er gegndræpi tiltölulega lágt þar sem um heldur þétta byggð er að ræða, en hverfisskipulag gerir ráð fyrir að ekki verði dregið úr gegndræpi heldur verði því viðhaldið eða það aukið. Hverfið er þétt byggt og náttúruminjar fáar en norðan við Bústaðaveg í Litlu Öskjuhlíð eru merkar jarðminjar, ein stærstu hvalbök sem finna má í Reykjavík.

Víða í hverfinu eru hús og mannvirki sem hafa varðveislugildi og gerir hverfisskipulag ráð fyrir að undirstrika mikilvægi þeirra og leggja til verndun í ákveðnum tilvikum.

Helstu tækifæri

Viðhalda upprunalegum gróðri á svæðinu og draga ekki úr gegndræpu yfirborði í hverfinu,

ásamt því að notast við ofanvatnslausnir sem skila vatni í jarðveginn þar sem við á.

Vernda byggðamynstur og einstök hús í hverfinu sem hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi.



Tillaga að hverfisvernd í Hlíðarhverfi
Kort sem sýnir skilmálaeiningar með hverfisvernd í Borgarhluta 3 Hlíðum.



Fornminjar
Kort sem sýnir fornminjar og minjar í Háteigshverfi og Hlíðahverfi.

ORKA & AUÐLINDIR

Rafhleðslustöðum fyrir bifreiðar hefur verið komið upp á nokkrum stöðum í hverfinu.

Grenndarstöðvar eru á þremur stöðum í hverfinu, vestast við Eskihlíð, við Hamrahlíð nærri Suðurveri og við Klettaskóla í Suðurhlíðum.

Stofnlagnir hitaveitu, kalds vatns og rafmagns liggja í gegnum hverfið og þarf að taka tillit til staðsetningar þeirra við skipulag og framkvæmdir.

Víða má bæta landnýtingu á þeim svæðum sem skilgreind eru sem þróunarsvæði í aðalskipulagi.

Helstu tækifæri

Bæta má aðstæður fyrir notkun vistvænna orkugjafa, t.d. með því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi. Við staðsetningu þarf að huga að tengingum við núverandi dreifikerfi fyrir rafmagn.

Hægt er að auka þjónustu við flokkun og hirðu á endurvinnsluefnum við heimili með skilmálum sem leyfa byggingu aðstöðu á lóð í stað aðstöðu innanhúss, svo sem gerða, skýla eða djúpgáma undir úrgang.

Til að bæta aðgengi að skilum á endurvinnsluefnum þarf að festa grenndarstöðvar í sessi með

staðsetningu í hverfisskipulagi.

Með bættri nýtingu má minnka úrgang og með því draga verulega úr auðlindanotkun á sama tíma og kostnaður við meðhöndlun úrgangs er lágmarkaður.

Landnýtingu má bæta með því að leyfa íbúðarbyggð á þróunarsvæðum.



MANNVIRKI

Ekki var metið visthæfi núverandi mannvirkja í hverfinu þar sem ekki hafði verið þróaður mælikvarði fyrir þennan efnisflokk þegar greiningarvinnan fór fram. Vísbendingar um stöðu þessa málaflokks í hverfinu er þó að finna í byggingarsögu hverfisins. Meirihluti mannvirkja í hverfinu er byggður frá þriðja áratug 20. aldar fram á þennan dag. Þau eru flest steinsteypt og einangruð að innan eins og hefð hefur verið fyrir á Íslandi stærstan hluta 20. aldar. Mælikvarðar og vottunarkerfi fyrir nýbyggingar eru að þróast. Rétt er að gera kröfu um að opinberar byggingar sem rísi í framtíðinni í hverfinu fylgi umhverfisvottunarstöðlum.

Helstu tækifæri

Tækifæri liggja í að þróa mæliviðmið fyrir visthæfi eldri mannvirkja. Sérstaklega þarf að huga að því að útbúa leiðbeiningar sem geta hjálpað íbúum að gera eldri íbúðarhús vistvænni ekki minnst þegar ráðist verður í viðhald og endurbætur.



NÁTTÚRUVÁ

Hlíðahverfi stendur fremur hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Staðhættir í Hlíðahverfi kalla ekki á staðbundnar mótvægisaðgerðir vegna náttúruvár.

Náttúruvá tengist einkum breyttu veðurfari vegna loftslagsbreytinga. Óveður geta orðið tíðari með mikilli úrkomu og vindi sem skapað getur hættuástand í Hlíðahverfi eins og annars staðar í höfuðborginni.

Helstu tækifæri

Tækifæri liggja í því að nýta tré og gróður til að binda jarðveg en líka til að tempra vind og auka skjól sem hlíft getur bæði byggingum og fólki í óveðrum. Í þessu sambandi þarf að huga að staðsetningu nýbygginga þannig að þær stuðli að því að bæta skjól í hverfinu. Minnka má flóðahættu með því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir.

3. Stefna og áherslur

3.1. Forsendur

Í þessum kafla kemur fram bindandi stefna hverfisskipulags Reykjavíkur fyrir Hlíðahverfi.

Tilgangur stefnumótunar í hverfisskipulagi er að ná fram skýrri heildarsýn yfir þróun hverfisins til framtíðar og tryggja að mismunandi skilmálaeiningar með ólíka skilmála séu samræmdar og samtengdar. Tilgangur stefnunnar er einnig að stuðla að heildstæðri sýn á stefnuþætti sem liggja þvert á hverfi borgarinnar, líkt og samgöngur, meðhöndlun ofanvatns og náttúruvá. Stefnuna skal lesa samhliða skilmálum fyrir hverja hverfisskipulagseiningu.

Stefnumótun hverfisskipulags fyrir Hlíðahverfi tekur mið af eftirfarandi forsendum:

- Stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur.
- Greiningu á visthæfi byggðar, sbr. kafla að framan í þessari bók.
- Niðurstöðum úr samráði við gerð hverfisskipulags, sbr. meðfylgjandi skýrslu um íbúaþátttöku og samráð.

Stefnan er sett fram í sjö málaflokkum og á sjö þemakortum. Málaflokkarnir eru þeir sömu og koma fram í greiningu á visthæfi byggðar og eru eftirfarandi: SAMFÉLAG, GÆÐI BYGGÐAR, SAMGÖNGUR, VISTKERFI OG MINJAR, ORKA OG AUÐLINDIR, MANNVIRKI OG NÁTTÚRUVÁ. Þemakortin eru leiðbeinandi skýringarkort og þeim er ætlað að styðja við skýringar, framsetningu og framfylgd stefnunnar fyrir hverfið. Þessi þemakort skulu notuð þegar breytingar í byggðu umhverfi í hverfinu eru útfærðar, þ.m.t. útfærsla á skilmálum.

Stefnan er útfærð nánar í skilmálum fyrir hverja skilmálaeiningu. Ef misræmi er milli þemakorta annars vegar og skipulagsskilmála eða skipulagsuppdráttar hins vegar skal taka mið af skilmálum og/eða hverfisskipulagsuppdrætti.

3.2. Skilmálaeiningar

Hlíðahverfi hefur verið skipt upp í 18 skilmálaeiningar sem hver hefur fengið sérstakt auðkenni frá 3.2.1 til 3.2.18, sbr. merkingar og afmörkun á uppdrætti.

Skilmálaeiningar eru þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum og fær því sameiginlega skipulagsskilmála.

Um hverja skilmálaeiningu gilda almenn skipulagsákvæði hverfisskipulagsins eins og þau birtast í almennri greinargerð, skipulagsskilmálum og á hverfisskipulagsuppdrætti.

3.3. Stefna og helstu áherslur hverfisskipulags

SAMFÉLAG

Stefnukort fyrir samfélag í Hlíðahverfi



Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir þéttingu byggðar, fjölgun íbúða og nærþjónustu en allt þetta skapar aðstæður fyrir bætt mannlíf í hverfinu.

Íbúðir

Gildandi aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir því að a.m.k. 90% allra nýrra íbúða á skipulagstímabilinu rísi innan núverandi þéttbýlismarka til að bæta landnotkun og nýtingu ýmissa innviða. Þéttari byggð dregur almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna.

Stefna aðalskipulags gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í borgarhlutanum og kveðið er á um að þéttingarmöguleikar verði kannaðir frekar í hverfisskipulagi. Í aðalskipulaginu er aðeins sett bindandi stefna fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu. Þörf er á stærri fjölskylduíbúðum í Hlíðahverfi.

STEFNA

Með hverfisskipulaginu er opnað fyrir heimild til að fjölga íbúðum í hverfinu en um er að ræða hægfara þróun sem verður vöktuð, sbr. umfjöllun að aftan.

Sameining íbúða í sambýlishúsum:

- Til að fjölga stærri fjölskylduíbúðum er víða heimilað að sameina íbúðir í kjallara eða risi íbúðum á aðliggjandi hæð, þar sem aðbúnaður og aðstæður leyfa. Gerð er nánari grein fyrir heimildinni í skilmálalið um íbúðir.

Aukaíbúðir innan núverandi íbúðabyggðar:

- Víða er heimilað að útúa aukaíbúð í sérbýlishúsum og í bílageymslum við sambýlishús, þar sem aðbúnaður og aðstæður leyfa. Gerð er nánari grein fyrir heimildinni í skilmálalið um íbúðir í viðkomandi skilmálaeiningum.

Fjölbýlishús

- Veitt er heimild til að hækka lyftulaus fjölbýlishús í skilmálaeiningu 3.2.7 um eina íbúðarhæð, ef aðbúnaður og aðstæður leyfa. Skilyrt er að um leið sé komið fyrir lyftu. Gerð er nánari grein fyrir heimildinni í skilmálalið um íbúðir.

Uppbyggingarreiturinn Veðurstofuhæð:

- Uppbyggingarreiturinn fellur innan skilmálaeiningar 3.2.9 sem er afmörkuð sem þróunarsvæði í hverfisskipulagi. Gera þarf sérstakt deiliskipulag til að útfæra skilmála fyrir nýja byggð. Þegar uppbyggingu er lokið verður nýtt deiliskipulag svæðisins fellt inn í hverfisskipulag. Húsakönnun verður gerð í tengslum við deiliskipulagsgerð og þar skoðað hvort heimilt verði að fjarlægja núverandi byggingar eða halda þeim og endurnýta.

Uppbyggingarreiturinn Skógarhlíð (M7) (framtíðarsvæði):

- Uppbyggingarreiturinn fellur innan skilmálaeiningar 3.2.8 sem er afmörkuð sem þróunarsvæði í hverfisskipulagi. Gera þarf sérstakt deiliskipulag til að útfæra skilmála fyrir nýja byggð. Þegar uppbyggingu er lokið verður nýtt deiliskipulag svæðisins fellt inn í hverfisskipulag. Húsakönnun verður gerð í tengslum við deiliskipulagsgerð og þar skoðað hvort heimilt verði að fjarlægja núverandi byggingar eða halda þeim og endurnýta.

Skilmálar um íbúðir eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Fjölgun íbúða, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.

Vöktun á fjölgun íbúða og/eða breytingum á íbúðum fer fram í gegnum umsóknarferli

byggingarfulltrúa og skráningu í fasteignaskrá og byggingagátt (gagnasafn) Mannvirkjastofnunar. Úr gagnasafni Mannvirkjastofnunar verður hægt að vakta þróunina og birta upplýsingar jafnóðum, t.d. í borgarvefsjá og hverfasjá eða með öðrum hætti.

Verslun og þjónusta

Í gildandi aðalskipulagi segir að í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skuli vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni svo að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis. Fjölgun íbúa styrkir grundvöll fyrir verslun og þjónustu sem stuðlar að því að íbúar geti sótt helstu nauðsynjar í göngufæri frá heimilum sínum.

Í Hlíðahverfi er staðan ágæt hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu og uppbygging á þróunarsvæðum mun auka framboðið enn frekar innan hverfisins. Nokkuð er um að verslunarhúsnæði hafi verið breytt til annarra nota og liggja þar tækifæri fyrir smærri verslanir og þjónustufyrirtæki á íbúðarsvæðum.

STEFNA

- Hverfiskjarni við gatnamót Stigahlíðar og Hamrahlíðar njóti forgangs við staðarval verslunar og þjónustu í hverfinu auk borgargatna, s.s. við Skógarhlíð.
- Nærþjónustukjarnar við Lönguhlíð (við gatnamót Mávahlíðar og Miklubrautar) festir í sessi.
- Skilmálar um hverfiskjarna eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Hverfiskjarnar, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.
- Tímabundin starfsemi, líkt og matarvagnar eða söluhús, eru heimiluð við borgargötur og á opnum svæðum.

Starfsemi í íbúðabyggð

Í kaflanum Skapandi borg í B-hluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 kemur fram að helsti styrkur atvinnulífsins í Reykjavík sé fjölbreytni þess, sem nauðsynlegt sé að viðhalda og rækta. Breytingar á atvinnuháttum á síðustu áratugum gefa einnig tilefni til þéttari og blandaðri borgarbyggðar. Ýmiss konar starfsemi fer fram í atvinnuhúsnæði innan íbúðahverfa í Reykjavík en atvinnustarfsemi á heimilum getur einnig aukið mannlíf í hverfum og fjölgað atvinnutækifærum. Með því að skýra heimildir fyrir slíka starfsemi, innan ákveðinna marka, er stutt við fjölbreytt atvinnu- og mannlíf í hverfum.

STEFNA

- Heimila minni háttar starfsemi innan íbúðabyggðar.
- Starfsemi velferðarsviðs og frjálsra félagasamtaka í velferðarþjónustu er heimiluð.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um starfsemi innan íbúðabyggðar.

Félags-, íþrótta- og menningarstarfsemi

Í Gátlista um vistvæna byggð í kaflanum Græna borgin í B-hluta aðalskipulags Reykjavíkur segir að skipulag vistvæns hverfis skuli miða að því að skapa heildstæðar einingar sem fjarlægja hindranir og hvetja til jákvæðra samskipta á milli mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa til að styrkja hverfissamfélag hvers hverfis. Mikilvægt er að styrkja þjónustu og aðstöðu innan einstakra hverfa og hverfissamfélaga sem vinnur á móti skipulagi hefðbundinna svefnhverfa seinustu áratuga þar sem fólk hittist sjaldan og ferðast út úr hverfinu til að sækja sér afþreyingu og þjónustu.

STEFNA

- Stefnt er að því að félags- og tómstundastarf fyrir mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa styrkist innan hverfisins. Horft er til þess að nýta núverandi húsnæði

grunnskóla og/eða byggja upp nýja aðstöðu í tengslum við skólana sem þannig getur verið hjarta félags- og menningarstarfs í hverju hverfi.

MANNVIRKI

Stefnukort fyrir mannvirki í Hlíðahverfi



Mannvirki
Viðbætur, breytingar og viðbyggingar

Fjölgun íbúða

Nýr þéttingarreitur

Þróunarsvæði

Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til mannvirkja í hverfinu, eldri byggingarheimilda og útfærslu nýrra byggingarheimilda í hverfisskipulagi með nýjum byggingarreitum.

Í Gátlista um vistvæna byggð er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun mannvirkja. Byggingar og önnur mannvirki eru viðamiklir notendur náttúrulegra auðlinda og stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda kemur frá byggingum og framleiðslu byggingarhluta.

STEFNA

- Stefnt er að því að gera mannvirki í hverfinu vistvænni.
- Yfirfæra eldri byggingarheimildir í nýja skilmála í nýju hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- Byggingarreitir við íbúðarhús eru stækkaðir til að skapa skilyrði fyrir minni viðbyggingar, smáhýsi, gróðurhús og sorplausnir á lóðinni.
- Byggingarreitir fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur eru skilgreindir á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.
- Veita nýjar byggingarheimildir fyrir gróna byggð, til dæmis vegna viðbóta og viðbygginga, svala og kvista.
- Skilmálar um breytingar, viðbætur, viðbyggingar og fjölgun íbúða eru útfærðir í leiðbeiningum sem eru fylgigögn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.

GÆÐI BYGGÐAR

Stefnukort fyrir gæði byggðar í Hlíðahverfi



Tré og gróður
Mótvægisaðgerðir vegna náttúruvá

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná til útfærslu lóða og almenningsrýma, borgarbúskapar, ljósvistar, hljóðvistar og loftgæða.

Þróun byggðar á vistvænum forsendum

Í Gátlista um vistvæna byggð, sem skv. aðalskipulagi skal liggja til grundvallar hverfisskipulagi, er m.a. lögð áhersla á að skoða innan viðkomandi hverfa þætti sem varða vistvæna þróun í hönnun og arkitektúr. Áhersla er lögð á að við val á byggingarefnum og tæknilegum útfærslum sé hugað að því að gera byggingar vistvænni.

STEFNA

- Stefnt er að því að byggð þróist á vistvænum forsendum.
- Skilgreina nýja skilmála fyrir gróna byggð sem heimila ýmsar viðbætur og breytingar á húsnæði og lóð.
- Leiðbeiningar hverfisskipulags um útfærslu lóða, viðbyggingar og aðra mikilvæga þætti fylgja hverfisskipulagi.

Efling almenningsrýma

Almenningsrými eru götur, opin svæði, hverfisgarðar, leiksvæði, dvalarsvæði og hverfistorg. Í stefnu um samgöngur er gerð grein fyrir göngu- og hjólastígum.

Í Gátlista um vistvæna byggð í B-hluta gildandi aðalskipulags segir að torg og önnur almenningsrými eigi að vera áhugaverðir áfangastaðir sem geri borgarbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau séu mikilvæg til að viðhalda mannlífi og þjónustu og auki umhverfisgæði hverfisins. Í heildarskipulagi opinna svæða, sem uppfært var samhliða gerð aðalskipulagsins, er leitast við að skilgreina, styrkja og bæta núverandi útivistarsvæði og flokka þau eftir eðli, hlutverki og notkun. Þá er í aðalskipulagi sérstakur kafli um borgarbúskap og leiðir til að efla hann og kveðið á um að í hverfis- og deiliskipulagi verði nánar fjallað um útfærslu borgarbúskapar.

STEFNA

- Móta nýja skilmála fyrir almenningsrými í hverfinu og flokka þau og skilgreina á skipulagsuppdrætti hverfisskipulags eftir mismunandi notkun.
- Merkja á skipulagsuppdrátt kyrrlátt svæði og móta skilmála fyrir það. Kyrrlátt svæði er opið svæði sem ætlað er til dvalar og slökunar í skjóli frá helstu umferðarleiðum og þar sem hljóðstig fer ekki yfir tiltekin mörk. Kyrrlátt svæði verður skilgreint á opnu svæði vestan við leikskólann Björtuhlíð (milli Grænuhlíðar og Hamrahlíðar), í skilmálaeiningu 3.2.3.
- Setja skilmála um algilda hönnun almenningsrýma til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.
- Heimila matjurtagarða á borgarlandi.
- Skilmálar um almenningsrými eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Almenningsrými, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.
- Litla Öskjuhlíð styrkt í sessi sem mikilvægasta opna svæði hverfisins sem þjónar fjölbreyttu hlutverki.
- Breyta götum og bílastæðum við skilgreindar borgargötur með áherslu á opin almenningsrými og skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta.
- Skilmálar um borgargötur eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Borgargötur, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.
- Nánari umfjöllun um borgargötur í kaflanum um SAMGÖNGUR.

Hljóðvist og loftmengun

Samkvæmt markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulags skal skipulagi þannig

háttað að hljóðvist og loftgæði séu sem best á hverjum stað. Þá skal efla þjónustu vistkerfa sem hafa jákvæð áhrif á loftslag og loftgæði. Einnig segir að skilgreina skuli kyrrlát svæði og setja viðmið til að mæla hljóðvist utandyra.

STEFNA

- Áhersla verður lögð á að draga úr umferðarhávaða frá stofnbrautum sem umlykja hverfið og skera það og skilgreindum borgargötum.
- Setja skilmála um mótvægisaðgerðir, s.s. aukna trjá- og gróðurrækt og/eða önnur úrræði, meðfram stofnbrautum og umferðarþungum götum í hverfinu.
- Breytt umferðarfyrirkomulag Miklubrautar með stokk og borgargötu mun draga mjög úr hávaða og mengun.
- Við endurhönnun borgargatna og umhverfis þeirra skal hugað að hljóðvist og loftmengun frá götunum.
- Kyrrlátt svæði er skilgreint á opnu svæði innan skilmálaeiningar 3.2.3.

Borgarbúskapur

Borgarbúskapur er í takt við áherslur um sjálfbær og vistvæn hverfi og styður við markmið um líffræðilega fjölbreytni í borginni og betri nýtingu á verðmætu landi. Borgarbúskapur ýtir auk þess undir aukna útiveru og neyslu á hollu grænmeti og öðrum afurðum.

STEFNA

- Nýir skilmálar settir fyrir borgarbúskap á lóðum og borgarlandi.
- Skilmálar um borgarbúskap eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Borgarbúskapur, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.

ORKA & AUÐLINDIR

Stefnukort fyrir orku og auðlindir í Hlíðahverfi



Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til meðhöndlunar á úrgangi, veitukerfa, vistvænna orkugjafa ásamt kolefnisbindingar og landnýtingar.

Markmið umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins eru m.a. bætt landnýting, aukin kolefnisbinding og aukin notkun á innlendum vistvænum orkugjöfum. Einnig að komið sé í veg fyrir sóun á heitu og köldu vatni og að dregið verði úr úrgangi til urðunar og að endurnýting og endurvinnsla sé aukin.

STEFNA

- Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir notkun vistvænna orkugjafa, auka þjónustu við meðhöndlun á úrgangi, auka kolefnisbindingu og bæta landnýtingu.
- Festa grenndarstöðvar í sessi á hverfisskipulagsuppdrætti og í skilmálum. Staðsetning grenndarstöðva er sýnd með leiðbeinandi legu. Núverandi grenndarstöð við Hamrahlíð er heimilt að færa á bílastæði á borgarlandi austan við Stigahlíð 45-47.
- Staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla miðlægt í hverfinu. Staðsetning þarf að taka mið af núverandi dreifikerfi rafmagns.
- Heimila húseigendum í öllum gerðum íbúðarhúsa í hverfinu að byggja úrgangsskýli á lóð og bæta aðstæður fyrir meðhöndlun úrgangs.
- Setja fram skilmála sem vernda núverandi gróður fyrir órökstuddu raski og stuðla að frekari gróður- og trjárækt við nýja uppbyggingu m.a. til að auka kolefnisbindingu.
- Bæta landnýtingu með fjölgun íbúða og þéttingu byggðar, sbr. stefnu um SAMFÉLAG.
- Taka tillit til staðsetningar stofnlagna hitaveitu, kalds vatns og rafmagns við þéttingu byggðar.

VISTKERFI & MINJAR

Stefnukort fyrir vistkerfi og minjar í Hlíðahverfi



Náttúrusérkenni

Lágmarks-gegndræpi og blágrænar ofanvatnslausnir

Fornleifar og yngri minjar ★

Friðuð hús

Friðlýst hús

Umsagnarskyld hús

Hverfisvernd

Rauð hverfisvernd: einstök hús, húsaraðir og götumyndir

S Gul hverfisvernd: samstæður húsa og heildir

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná til vistkerfa, meðhöndlunar ofanvatns, verndunar menningar- og fornminja og náttúrusérkenna.

Umhverfis- og auðlindastefna aðalskipulags Reykjavíkur er sett fram í níu málaflokkum og hefur m.a. að markmiði að efla þjónustu vistkerfa og líffræðilegan fjölbreytileika í borginni og þar með auka umhverfisgæði. Markmið í trjárækt eru einnig sett fram í aðalskipulagi. Þar segir m.a. að efla skuli trjárækt innan marka þéttbýlis, hvetja til ræktunar á einkasvæðum og styrkja ákvæði um ræktun og skjólmyndun í skilmálum deiliskipulags og byggingarskilmálum.

STEFNA

- Stefnt er að því að viðhalda fjölbreyttum gróðri í hverfinu og styðja við frekari gróðurrækt á einkalóðum og borgarlandi.
- Setja fram í öllum skilmálaeiningum skilmála sem vernda núverandi gróður og tré fyrir órökstuddu raski.
- Skilmálar um frágang lóða eru nánar útfærðir í leiðbeiningariti um Frágang lóða, sem er fylgigagn með öllum samþykktum hverfisskipulögum.
- Skilmálar um almenningsrými eru nánar útfærðir í leiðbeiningariti um Almenningsrými, sem er fylgigagn með öllum samþykktum hverfisskipulögum.
- Vernda sérstakar náttúruminjar í skilmálum og á hverfisskipulagsuppdrætti.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Í Gátlista um vistvæna byggð í B-hluta gildandi aðalskipulags er lögð áhersla á að rétt meðhöndlun ofanvatns geti skipt sköpum fyrir vistkerfi bæði innan og utan marka borgarinnar. Því séu vistvænar útfærslur á fráveitukerfum og ofanvatnslausnum mikilvægir þættir við útfærslu vistvænna hverfa.

Mikilvægt er að við þróun byggðar sé blágrænum ofanvatnslausnum beitt til að hægja á rennsli og hreinsa ofanvatn af þökum og hörðu yfirborði áður en það er leitt í viðtaka. Huga þarf vel að flóðaleiðum til að veita vatni í farveg við úrkomuákefð til að forðast flóð og tjón af völdum þess.

STEFNA

- Stefnt er að því að nýjar framkvæmdir minnki ekki gegndræpt yfirborð í hverfinu og að meðhöndlun ofanvatns styðjist við náttúrulegar lausnir.
- Setja fram í öllum skilmálaeiningum skilmála um meðhöndlun ofanvatns á opnum svæðum og einkalóðum.
- Tryggja við breytingar á landnotkun flóðaleiðir til að auka seiglu svæðisins m.t.t. aukinnar úrkomu og mögulegra flóða vegna loftslagsbreytinga.
- Setja skilmála um notkun blágrænna ofanvatnslausna við breytingar eða nýja uppbyggingu.
- Gæta að því að heimildir um aukið byggingarmagn valdi því ekki að afrennslisstuðull lóðar hækki heldur sé unnið á móti auknu byggingamagni með blágrænum ofanvatnslausnum (þ.m.t. gegndræpu yfirborði) innan lóðar sem því nemur.
- Skilmálar um blágrænar ofanvatnslausnir eru útfærðir í leiðbeiningariti um Blágrænar ofanvatnslausnir, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.

Verndarákvæði

Í B-hluta gildandi aðalskipulags er sérstakur kafli um borgarvernd þar sem sett eru markmið sem ætlað er að vernda staðbundin, söguleg og listræn sérkenni í húsagerð og skipulagi við þróun og endurskipulagningu byggðarinnar. Þar er kveðið á um að í hverfisskipulagi skuli móta tillögur um verndun í einstökum hverfum, s.s. verndun stakra húsa, húsaraða og húsasamstæða, og skulu tillögurnar byggja á byggða- og húsakönnunum Borgarsögusafns Reykjavíkur.

STEFNA

- Stefnt er að því að vernda og styrkja byggðamynstur og staðaranda Hlíðahverfis.
- Gera grein fyrir sérstökum byggðareinkennum í hverfisskipulagi, eftir því sem á við, sem lóðarhöfum ber að taka tillit til við breytingar á húsnæði.
- Leggja til hverfisvernd á götumyndir, heildir húsa eða einstök hús byggt á byggðarkönnun Borgarsögusafns. Lögð er til vernd í gulum flokki í skilmálaeiningum 3.2.1 og 3.2.6. Hverfisvernd er sýnd á stefnukorti um vistkerfi og minjar og á skipulagsuppdrætti. Verndarákvæði eru útfærð nánar í skilmálum hverfisskipulags.

Fornleifar

Víða eru fornleifar og herminjar innan Hlíðahverfis þó að víðast séu yfirborðsummerki um þær horfin.

STEFNA

- Í hverfisskipulagi er gerð grein fyrir þekktum fornleifum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Fornleifar eru merktar á hverfisskipulagsuppdrátt.

Náttúrusérkenni

Í markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins er kveðið á um að umhverfisúttekt verði hluti af skipulagsvinnu og að verndun náttúruauðs og umhverfisgæða í borginni njóti forgangs.

Innan marka hverfisskipulags Hlíðahverfis er að finna náttúrusérkenni sem hafa verndargildi, t.d. er Öskjuhlíð á náttúruminjaskrá auk þess sem Fossvogsbakkar eru friðlýst náttúruvætti.

STEFNA

- Gera grein fyrir mikilvægum náttúrusérkennum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Náttúrusérkenni eru merkt á hverfisskipulagsuppdrátt.
- Kveða á um varðveislu náttúrusérkenna í skilmálum.

SAMGÖNGUR

Stefnukort fyrir samgöngur í Hlíðahverfi



Megin göngustígur

Megin hjólastígur

Tengingar við hverfið

Borgargötur

Lykil stöðvar og/eða leiðir almenningssamgangna

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir göngu- og hjólastíga, borgargötur, tengingar við hverfið, almenningssamgöngur og akandi umferð.

Borgargötur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er sett fram það leiðarljós að meta skuli götur sem almenningsrými enda mjög stór hluti borgarlands sem fer undir samgöngumannvirki og helgunarsvæði þeirra. Í aðalskipulagi er og hugtakið borgargata m.a. skilgreint. Borgargötur eru lykilgöturnar í hverju hverfi og skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Í hverfisskipulagi á að hanna borgargöturnar innan hverfanna heildstætt með aðliggjandi byggð. Meginmarkmiðið er að endurskilgreina götuna sem fjölbreytilegt almenningsrými sem gegnir mikilvægu hlutverki við framtíðarþróun borgarinnar.

Í Hlíðahverfi er lögð sérstök áhersla á endurhönnun eftirfarandi borgargatna með því að afmarka þær í sérstakar skilmálaeiningar:

- Langahlíð og Eskitorg
- Hamrahlíð

Lögð er sérstök áhersla á endurskilgreiningu og endurhönnun borgargatna fyrir alla samgöngumáta. Við borgargötur verða ýmsir innviðir sem íbúar þurfa að sækja, svo sem lykilstoppistöðvar almenningssamgangna, grenndarstöðvar, rafhleðslustöðvar og stæði fyrir deilibíla.

STEFNA

- Hverfisskipulag heimilar að gegnumumferð um Miklubraut sem á ekki erindi við hverfin í borgarhlutanum fari í stokk eða göng neðanjarðar. Á yfirborðinu verði Miklabraut borgargata með hæga umferð, borgarlínu í sérrými, hjólastíga og gangstéttir. Þessi aðgerð eykur öryggi, bætir loftgæði og hljóðvist, tengir Hlíðahverfi og Háteigshverfi ásamt því að skapa mikil uppbyggingartækifæri. Þetta fyrirkomulag eykur jafnræði allra ferðamáta og tryggir gott og öruggt flæði milli hverfa borgarhlutans.
- Skilgreina borgargötur í hverfisskipulagi.
- Endurhanna og fegra göturnar og umhverfi þeirra, sjá einnig stefnu um GÆÐI BYGGÐAR.
- Gera ráð fyrir öllum samgöngumátum í skilmálum fyrir göturnar.
- Staðsetja við göturnar þjónustuinnviði á borð við lykilstoppistöð fyrir almenningssamgöngur, grenndarstöð og rafhleðslustöðvar.
- Veita heimild fyrir staðsetningu matarvagna og söluhúsa, sjá einnig stefnu um SAMFÉLAG.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um borgargötur.
- Setja skilmála um algilda hönnun gatna, stíga og gangstétta til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.
- Rýmri heimildir til veitinga- og gististarfsemi við borgargötur.

Vistvænir samgöngumátar

Efling vistvænna ferðavenja er leiðarljós í allri stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur. Lykillinn að því að ná árangri við að breyta ferðavenjum er að tryggja samspil ákvarðana um þéttingu byggðar og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólreiðar og gangandi vegfarendur. Við hönnun og útfærslu hjólaleiða þarf að taka mið af markmiðum og ákvæðum Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur.

Strætósamgöngur eru góðar í Hlíðahverfi sem verður einnig mjög vel tengt fyrirhugaðri Borgarlínu, sem mun hafa mjög jákvæð áhrif á hverfið.

STEFNA

- Skilgreina á hverfisskipulagsuppdrætti hjólreiðastígakerfi sem tengir hverfið við aðliggjandi hverfi, verslun og þjónustu.
- Festa í sessi lykilgönguleiðir á skipulagsuppdrætti hverfisins.
- Skilgreina helstu tengingar við hverfið.
- Staðsetja lykilstoppistöðvar almenningssamgangna.
- Staðsetja stæði fyrir deilibíla við borgargötur.
- Setja skilmála um algilda hönnun biðstöðva almenningssamgangna til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.

Bílastæði

Markviss stefna í bílastæðamálum er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um þéttari byggð, aukin gæði byggðar og eflingu almenningssamgangna. Stefna hverfisskipulags í málaflokknum tekur mið af ákvæðum aðalskipulags í kaflanum um vistvænar samgöngur.

STEFNA

- Yfirfæra skilmála um bílastæði úr eldra deiliskipulagi.
- Við uppbyggingu á þróunarsvæðum hækki ekki hlutfall bílastæða á íbúð í hverfinu.
- Skilgreina í skilmálum bílastæðaviðmið sem taka mið af bílastæðastefnu aðalskipulags Reykjavíkur.
- Fjölga ekki bílastæðum vegna starfsemi í íbúðarhúsnæði.

NÁTTÚRUVÁ

Stefnukort fyrir náttúruvá í Hlíðahverfi



Tré og gróður

Mótvægisaðgerðir
vegna náttúruvá

Stefnukort fyrir náttúruvá í Hlíðahverfi.

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir flóðahættu, ofanflóð og aðrar náttúruhamfarir, m.a. vegna versnandi veðurfars í kjölfar loftslagsbreytinga.

Í Gátlista um vistvæna byggð er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun byggðar í tengslum við náttúruvá.

Hætta vegna náttúruvár er talin lítil í hverfinu. Aðgerðir til að bregðast við náttúruvá vegna tíðari óveðra í framtíðinni felast í því að nota tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól til að hlífa fólki og byggingum.

STEFNA

- Stefnt er að því að beita gróðurrækt og vistvænum lausnum til að lágmarka hættu á því að vindur og úrkoma valdi skaða.
- Setja fram skilmála í hverfisskipulagi sem verndar núverandi gróður í hverfi og styður við frekari gróðurrækt, sjá einnig stefnu um VISTKERFI OG MINJAR.
- Beita blágrænum ofanvatnslausnum til þess að takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga, sjá einnig stefnu fyrir VISTKERFI OG MINJAR.

4. Umhverfismat

4.1. Almennt

Hlíðahverfi er eitt þriggja hverfa í borgarhluta 3, Hlíðar. Hlíðahverfi afmarkast af Miklubraut til norðurs, Kringlumýrarbraut til austurs, Fossvogi, Öskjuhlíð og Bústaðarvegi til suðurs og vesturs. Hlíðahverfi er tiltölulega þéttbyggt og gróðursælt hverfi. Byggðin er lágreist, almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3–8 íbúðum, 2–3 hæðir með kjallara og víða er ris. Stærri íbúðarblokkir eru í jaðri hverfisins til norðausturs við Miklubraut og suðvesturs við Eskihlíð. Sérbýli er helst í austurhluta hverfisins við Stigahlíð sunnanverða og í Suðurhlíðum. Atvinnuhúsnæði er í suðvesturhluta hverfisins við Skógarhlíð.

Byggðamynstur stórs hluta hverfisins er einkennandi fyrir uppbyggingu Reykjavíkur eftirstríðsáranna. Áhrif helstu stofnvega höfuðborgarsvæðisins sem umlykja og þvera borgarhlutann eru mikil. Hverfið er í nokkurri nálægð við miðbæinn og í góðum tengslum við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í hverfinu eru skilgreindar 18 skilmálaeiningar, 3.2.1–3.2.19. Skilmálaeiningunum eru gerð ítarleg skil í skilmálum í bók II. Með markvissum ákvæðum í skilmálum er m.a. leitast við að einfalda málsmeðferð byggingaleyfisumsókna vegna minni háttar breytinga.



Hlíðahverfi - umhverfismat
Loftmynd sem sýnir afmörkum þess svæðis í Hlíðahverfi sem umhverfismatið nær til.

4.2. Inngangur

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er sjálfbær þróun,

heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Ákvæði laganna gilda um umhverfismat framkvæmda sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilgreindar í 1. viðauka laganna og um skipulagsáætlanir sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til þeirra framkvæmda.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 (12. gr.) er auk þess ákvæði þess efnis að við gerð skipulagsáætlana skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið. Þá skal jafnframt hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana.

Í þeirri hverfisskipulagsáætlun sem hér um ræðir er ekki mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í fyrrnefndum viðaukum í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Enda þótt allar meginforsendur hverfisskipulagsáætlunarinnar liggi fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er hér sett fram mat á þeim umhverfisþáttum sem máli skipta.

Hverfisskipulag Hlíðahverfis mun leysa af hólmi gildandi deiliskipulagsáætlanir hverfisins.

Umhverfismat þetta tekur aðeins til þeirra breytinga á gildandi deiliskipulagsáætlunum sem hverfisskipulagsáætlunin hefur í för með sér.

4.3. Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar

Stefnumið áætlunarinnar eru í samræmi við markmið og stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, mati á visthæfi hverfisins, sbr. umfjöllun í kaflanum Forsendur og greining, og niðurstöðu samráðs, sbr. meðfylgjandi greinargerð um íbúaþátttöku og samráð sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.

SAMFÉLAG

FJÖLGUN ÍBÚÐA

Gert er ráð fyrir fjölgun stærri fjölskylduíbúða.

Stór hópur fólks á barneignaraldri býr í hverfinu, lögð er áhersla á að skapa góð skilyrði fyrir fjölskyldufólk, m.a. með því að auka framboð stærra íbúðarhúsnæðis. Við nánari úrvinnslu á þróunarsvæðum hefur fjöldi íbúða aukist meira en áætlun aðalskipulags gerir ráð fyrir og mun uppbygging á þróunarsvæðum auka íbúðaþéttleikann í hverfinu enn frekar.

BLÖNDUÐ LANDNOTKUN MEÐ AUKINNI ÞJÓNUSTU

Markmiðið er að auðvelda íbúum enn frekar að sækja þjónustu innan hverfisins og þannig auka enn frekar möguleika fólks til að nýta vistvæna ferðamáta og draga úr notkun einkabílsins.

BORGARVÆÐING HELSTU UMFERÐARLEIÐA

Markmið hverfisskipulags er að borgarvæða helstu umferðarleiðir hverfisins til að draga úr umferðarhraða, hávaða og svifryksmengun.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

UPPBYGGING ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS OG BLÖNDUÐ LANDNOTKUN

Nýjar íbúðir í hverfinu eru einkum fyrirhugaðar innan þróunarsvæða sem útfærð eru í sjálfstæðum deiliskipulagsáætlunum. Helstu þróunarsvæði innan Hlíðahverfis eru á Veðurstofuhæð og Skógarhlíð. Samtals á að byggja 15–25 þúsund fermetra á þessum svæðum. Í fastmótaðri byggð má gera ráð fyrir breytingum á núverandi húsnæði, viðbyggingum og öðrum endurbótum, svo og nýbyggingum.

AUKIÐ FRAMBOÐ VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Uppbygging á þróunarsvæðum mun auka framboð á verslun og þjónustu við íbúa sem og aðra

borgarbúa. Hverfisskipulagið leggur áherslu á að núverandi verslunarstarfsemi og nærþjónusta haldi sér, t.d. með því að heimila ekki breytingar á verslunarrýmum í íbúðir. Vegna nándar við verslun og þjónustu eiga íbúar þess kost að nýta sér vistvæna ferðamáta og draga úr daglegri notkun einkabílsins.

STÆKKUN LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Gert er ráð fyrir að mæta fjölgun íbúa á þróunarsvæðum með stækkun grunn- og leikskóla í samræmi við þörf.

UPPBYGGING ATVINNUHÚSNÆÐIS

Hverfisskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á þróunarsvæðum til að fjölga störfum í hverfinu og til að auka framboð á verslun og þjónustu í hverfinu. Áhersla skal lögð á að núverandi verslunar- og þjónustuhúsnæði verði ekki breytt í íbúðir.

BORGARVÆÐING GATNA

Hverfisskipulag gerir ráð fyrir að helstu götur um hverfið verði útfærðar með áherslu á vistvæna samgöngumáta og viðeigandi umferðarhraða sem tryggi góða hljóðvist, loftgæði og öryggi allra vegfarenda. Gatnahönnunin taki mið af samhengi götu og aðliggjandi byggðar og hlutverki gatna sem almenningsrýma.

GÆÐI BYGGÐAR

ALMENNINGSRÝMI

Markmiðið er að almenningsrými verði efld og aðgengi fyrir alla tryggt með því að byggja á aðferðafræði algildrar hönnunar.

Markmiðið er að tillit sé tekið til staðarandans í hverfinu.

Markmiðið er að gera umhverfið öruggara og meira aðlaðandi og hvetja þannig til heilsueflandi útivistar og hreyfingar.

Markmiðið er að stuðla að lífræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

ÚTFÆRSLA LÓÐA

Markmiðið er að útfærslur lóða séu með þeim hætti að gæði þeirra séu sem mest.

Markmiðið er að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

HÁVAÐAVARNIR OG SKJÓLMYNDUN

Markmiðið er að hljóð- og loftmengun sé haldið í lágmarki.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BYGGÐAMYNSTUR

Í skilmálum hverfisskipulags er lögð áhersla á varðveislu byggðamynsturs í fastmótaðri byggð og eflingu staðaranda.

GÖNGUHÆFI

Gert er ráð fyrir að bæta gönguhæfi hverfisins með uppbyggingu stígakerfisins. En verslun og þjónusta er almennt í göngufæri í hverfinu.

EFLING ALMENNINGSRÝMA

Almenningsrými eru opin svæði, þ. á m. torg, leik- og dvalarsvæði o.fl. Sérstök áhersla er lögð á bætt umhverfi við borgargötur með auknum trjágróðri, betri lýsingu, bekkjum og öðrum götugögnum. Við hönnun almenningsrýma er gerð krafa um að fylgt verði viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun til að tryggja aðgengi fyrir alla.

ÚTFÆRSLA LÓÐA

Settir eru skilmálar um útfærslu lóða og lóðamarka þar sem kveðið er á um vandaðan frágang og verndun gróðurs á lóðum.

GRÓÐUR

Til þess að viðhalda og auka við fjölbreyttan gróður bæði á opnum svæðum og lóðum eru settir skilmálar sem eru útfærðir nánar í leiðbeiningum hverfisskipulags. Aukinn trjágróður veitir meira skjól, bindur jarðveg og skapar aðstæður fyrir líffræðilega fjölbreytni.

BÆTTAR HLJÓÐVARNIR MEÐFRAM STOFNBRAUTUM

Umferðarhávaði berst inn í hverfið frá aðliggjandi stofn- og tengibrautum, Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi. Hljóðveggir eru við hluta Miklubrautar, en aðalskipulag markar stefnu um Miklubraut í stokk sem mun draga úr umferðarhávaða. Einnig eru hljóðveggir við Kringlumýrarbraut þar sem hún liggur meðfram íbúðalóðum.

BORGARBÚSKAPUR

Í samræmi við áherslur um sjálfbærari og vistvænni hverfi verður búið í haginn fyrir borgarbúskap og matjurtarækt bæði á borgarlandi og á lóðum.

SAMGÖNGUR

BORGARGÖTUR

Markmiðið er að bæta aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta, bæta umhverfi gatnanna og auka umferðaröryggi.

BÆTTAR ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Markmiðið er að stuðla að aukinni notkun almenningssamgangna.

HJÓLA- OG GÖNGUSTÍGAR, TENGINGAR VIÐ AÐLÆG HVERFI

Markmiðið er að fjölga gangandi og hjólandi vegfarendum með því að bæta göngu- og hjólaleiðir í hverfinu og tengingar við nærliggjandi hverfi og græn svæði, s.s. Öskjuhlíð og Fossvogsdalinn, og gera göngur og hjólreiðar öruggari.

BÍLASTÆÐI

Markmiðið er að draga úr umfangi þeirra svæða sem fara undir bílastæði, sbr. stefnu aðalskipulags um bílastæði.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BORGARGÖTUR

Gert er ráð fyrir endurhönnun á lykilgötum innan hverfisins á grundvelli hugmyndafræði um borgargötur og leiðbeininga hverfisskipulags. Í því felst meðal annars fegrun með gróðri, endurbætur á lýsingu, vönduð og fjölbreytt notkun yfirborðsefna og uppsetning götugagna. Einnig er gert ráð fyrir uppsetningu grenndarstöðva, hleðslustöðva fyrir rafbíla og stæða fyrir deilibíla.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Lykilstöðvar almenningssamgangna eru skilgreindar í hverfisskipulagi og gerð krafa um að leiðbeiningum um algilda hönnun sé fylgt til að tryggja aðgengi allra að biðstöðvum óháð hreyfigetu. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum muni þjónusta Strætó bs. batna, s.s. með aukinni tíðni ferða og lengri þjónustutíma.

GÖNGU- OG HJÓLASTÍGAR

Gert er ráð fyrir að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin á helstu stofnleiðum. Einnig er gert ráð fyrir nýjum stígatengingum til að þétta net samgönguleiða fyrir gangandi og

hjólandi. Í skilmálum fyrir götur, stíga og gangstéttir er gerð krafa um að viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun sé fylgt til að tryggja aðgengi fyrir alla. Hönnun hjólastíga fylgi hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar.

BÍLA- OG HJÓLASTÆÐI

Fjöldi og fyrirkomulag bíla- og hjólastæða taki mið af stefnu aðalskipulags. Gert er ráð fyrir stæði fyrir deilibíla og hleðslustæðum í tengslum við borgargötur. Fjölgun bílastæða vegna starfsemi í íbúðarhúsnæði verður ekki heimiluð.

VISTKERFI OG MINJAR

VISTKERFI

Markmiðið er að tryggja gegndræpi yfirborðs á opnum svæðum og lóðum með blágrænum ofanvatnslausnum, m.a. með það að markmiði að vernda vistkerfi hverfisins. Áhersla er lögð á að viðhalda upprunalegum gróðri á svæðinu.

NÁTTÚRUMINJAR

Markmiðið er að tryggja verndun viðkvæmra náttúruminja innan hverfis með afmörkun á skipulagsuppdrætti.

MENNINGAR- OG FORNMINJAR

Markmiðið er að vernda menningar- og fornminjar í hverfinu og bæta aðgengi íbúa hverfisins að þeim.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

VISTKERFI

Settir eru skilmálar um meðhöndlun ofanvatns og verndun gróðurs fyrir óþarfa raski á opnum svæðum og lóðum til að tryggja gegndræpi yfirborðs og vernda þannig vistkerfi hverfisins. Nánari útfærslur eru í skilmálum og leiðbeiningum hverfisskipulags um blágrænar ofanvatnslausnir, útfærslu lóða og almenningsrými.

VERNDUN NÁTTÚRUSÉRKENNA

Sérstæðum og verðmætum jarðminjum og vistgerðum er hlíft fyrir annarri landnotkun og þær afmarkaðar á skipulagsuppdrætti.

VERNDARÁKVÆÐI

Sérstök áhersla er á byggðarvernd og verndun einstakra mannvirkja og menningarminja. Lagt er til að friða og vernda hús og minjar með hliðsjón af húsakönnun og minjaskráningu. Gerð er grein fyrir varðveislumati einstakra menningarminja í skilmálaeiningum.

ORKA OG AUÐLINDIR

VISTVÆNNI ORKUGJAFAR, AUKIN FLOKKUN HEIMILISÚRGANGS OG BETRI LANDNÝTING

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa.

Stefnt er að aukinni flokkun heimilisúrgangs.

Stefnt er að aukinni kolefnisbindingu.

Stefnt er að betri landnýtingu.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

VISTVÆNIR ORKUGJAFAR

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa, t.d. með því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi og við skóla, leikskóla og samfélagsþjónustu.

SORPSKÝLI OG AUKIN FLOKKUN ÚRGANGS

Stefnt er að aukinni þjónustu við flokkun og hirðu endurvinnsluefna við heimili með skilmálum sem leyfa byggingu aðstöðu á lóð í stað aðstöðu innanhúss, svo sem gerða, skýla eða djúpgáma. Staðsetning grenndarstöðva er fest í skipulagi.

AUKIN KOLEFNISBINDING

Stefnu um aukna kolefnisbindingu er fylgt eftir með meiri trjágróðri í hverfinu, sbr. umfjöllun um gróður í GÆÐI BYGGÐAR.

BETRI LANDNÝTING

Landnýting er bætt með því að heimila uppbyggingu á þróunarsvæðum.

MANNVIRKI

ÞRÓUN BYGGÐAR OG BYGGÐAMYNSTUR

Markmiðið er að byggð þróist á vistvænum forsendum skilmála og leiðbeininga um leið og byggðamynstur er styrkt.

BREYTINGAR OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir minni háttar viðbyggingum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir breytingum á húsnæði, s.s. kvistum, svölum og þakbreytingum, án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Markmiðið er að auðvelda viðbyggingar og staðsetningu lausra skólastofa á skóla- og leikskólalóðum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BREYTINGAR Á BYGGINGARREITUM

Byggingarreitum íbúðarhúsa er breytt og sköpuð skilyrði fyrir minni háttar viðbyggingar.

Byggingarreitur fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur er skilgreindur á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.

BREYTINGAR OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Heimilaðar eru minni viðbyggingar við sérbýlishús til að koma til móts við óskir íbúa um breytingar og gera mannvirkin vistvænni.

Settir eru skilmálar og leiðbeiningar um svalir og svalalokanir, þakbreytingar og kvisti, útlitsbreytingar og viðhald, nýtingu kjallara, niðurrif, tæknibúnað og ósamþykktar framkvæmdir.

Heimilaðar eru viðbyggingar og lausar kennslustofur við leikskóla og skóla í hverfinu.

4.4. Helstu umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif hverfisskipulagsáætlunarinnar eru almennt metin jákvæð. Í meðfylgjandi töflu eru teknar saman helstu aðgerðir sem tilteknar hafa verið og áætluð áhrif þeirra á umhverfið en síðan er fjallað um hverja aðgerð fyrir sig.

Gert er ráð fyrir að íbúðum í hverfinu verði fjölgað, helst á þróunarsvæðum. Gert er ráð fyrir fjölgun lítilla og meðalstórra íbúða en einnig stærri fjölskylduíbúða. Þessar áherslur stuðla að betri rekstrargrundvelli fyrir nærþjónustu og hagkvæmri nýtingu innviða. Áhrif íbúðauppbyggingar innan þróunarsvæða á skólakerfið og félagsþjónustu er óljós því aldursdreifing og fjölskyldusamsetning á þróunarsvæðunum er mikilli óvissu háð.

Uppbygging á vannýttum og röskuðum svæðum er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag þar

sem hærri þéttleiki á svæðinu skapar betri forsendur fyrir ýmiskonar þjónustu í hverfinu og hagkvæma nýtingu innviða, s.s. veitu- og gatnakerfs. Uppbygging hefur jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hún styrkir stöðu almenningssamgangna og skapar betri aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gæði byggðar með bættum þjónustugrundvelli og samgöngum en gæti skert framboð opinna svæða innan hverfisins. Þétting byggðar innan hverfisins á vannýttum eða röskuðum svæðum dregur úr þörf til að brjóta óraskað land undir uppbyggingu annars staðar í sveitarfélaginu.

Blönduð landnotkun helst í hendur við uppbyggingu á þéttingarsvæðum þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúða í bland við atvinnuhúsnæði. Þessi áhersla bætir gönguhæfi hverfisins (e. walkability), þ.e. eykur möguleika íbúa til að sækja verslun, þjónustu og vinnu innan hverfisins og dregur þannig úr ferðaþörf. Bætt gönguhæfi stuðlar að auknum gæðum byggðar, bættri hljóðvist og dregur úr orkuþörf.

Efling almenningsrýma, m.a. borgarvæðing helstu umferðarleiða með skilmálum um yfirbragð og umhverfi borgargatna, er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samgöngur í hverfinu með því að bæta aðstæður fyrir gangandi og hjólandi og draga þannig úr bílaþörf og neikvæðum umhverfisáhrifum bílaumferðar. Áherslan er líkleg til að stuðla að bættu yfirbragði byggðar og bæta gönguhæfi hverfisins samhliða aukinni verslun og þjónustu. Þá er áherslan líkleg til að draga úr umferðarhraða, auka umferðaröryggi og draga úr umferðarhávaða, mengun og orkuþörf. Áhrifin eru því metin jákvæð á samfélag, gæði byggðar, samgöngur og orku og auðlindir.

Bætt aðstaða almenningssamgangna stuðlar að aukinni notkun þeirra sem aftur hefur jákvæð áhrif á samfélagið m.a. með tilliti til jafnræðis milli félagshópa til að komast ferða sinna um borgina — þeirra sem geta notað einkabíl og þeirra sem ekki eiga kost á því. Almenningssamgöngur stuðla að minni eldsneytisnotkun og bætt aðgengi að almenningssamgöngum stuðlar að auknum gæðum byggðar.

Bætt aðstaða fyrir hjólandi hefur jákvæð áhrif á samfélag og samgöngur þar sem hún gefur fólki betra tækifæri að sinna erindum sínum hjólandi. Bætt aðstaða fyrir hjólandi stuðlar að auknum gæðum byggðar, bættri hljóðvist og dregur úr orkuþörf.

Áhersla á bætt umferðaröryggi með betri merkingum og lægri umferðarhraða hefur jákvæð samfélagsleg áhrif, jákvæð áhrif á samgöngur og jákvæð áhrif á gæði byggðar en lægri umferðarhraði dregur úr slysahættu, umferðarhávaða og loftmengun.

Áhersla á að viðhalda upprunalegum gróðri og landslagi hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar og viðheldur staðaranda hverfisins. Þá hefur stefnan jákvæð áhrif á vistkerfi og minjar.

Verndun menningarminja og jarðminja hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar með því að viðhalda staðaranda. Stefnan hefur jákvæð áhrif á verndun vistkerfa og minja.

Gegndræpi og meðhöndlun ofanvatns hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar þar sem gróður og ofanvatnslausnir bæta yfrbragð byggðar. Stefnan hefur jákvæð áhrif á vistkerfi þar sem ofanvatn helst innan vistkerfis hverfisins í stað þess að vera leitt með fráveitu til sjávar.

Trjágróður til kolefnisbindingar hefur jákvæð áhrif á gæði byggðar með bættri ásýnd. Hefur einnig jákvæð áhrif á vistkerfi og minjar.

Bætt orku og vatnsnýting við nýja uppbyggingu er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gæði byggðar, vistkerfi og minjar og orku og auðlindir.

Stefnan hefur jákvæð áhrif á orku og auðlindir þar sem þétting byggðar styttir vegalengdir og bætir aðgengi að þjónustu í þægilegu göngu- og hjólafæri.

Bætt aðstaða fyrir vistvæna orkugjafa hefur jákvæð áhrif á samgöngur með því að dregið er úr útblæstri frá samgöngum og hefur jákvæð áhrif á orku og auðlindir.

Bættar aðstæður til flokkunar úrgangs hafa jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar með bættu aðgengi að flokkunaraðstöðu. Stefnan er talin hafa jákvæð áhrif á samgöngur þar sem bætt aðstaða til flokkunar á sorpi stuðlar að endurvinnslu, jafnvel endurnýtingu og dregur úr þörf á að hver íbúi fyrir sig aki sorpi langan veg. Stefnan hefur jákvæð áhrif á vistkerfi þar sem líklegt er að hlutfallslega meiri úrgangur fari í endurvinnslu en í landfyllingu með bættu aðgengi að flokkunaraðstöðu.

Hlíðahverfi - tafla yfir helstu umhverfisáhrif

Í töflunni má sjá helstu aðgerðir sem tilteknar hafa verið og áætluð áhrif þeirra á umhverfið. Áhrifin eru merkt með eftirfarandi hætti: Jákvæð áhrif +, neikvæð áhrif -, óljós áhrif 0. Ef ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum er ekkert merkt.

SF - SAMFÉLAG
SG - SAMGÖNGUR
GB - GÆÐI BYGGÐAR
VM - VISTKERFI & MINJAR
OA - ORKA & AUÐLINDIR
MV - MANNVIRKI
NV - NÁTTÚRUVÁ

Aðgerðir	SF	SG	GB	VM	OA	MV	NV
Nýjar íbúðir á þróunarsvæðum, m.a. stærri fjölskylduíbúðir	+	+	+/0	0	+	0	0
Blönduð landnotkun, atvinnustarfsemi í bland við íbúðarbyggð	+	+	+		+		
Stækkun leikskóla og grunnskóla	+	0	0				
Bættur umhverfisfrágangur í hverfinu og útfærsla á borgargötum	+	+	+		+	0	
Varðveisla byggðamynsturs og efling staðaranda	+		+				
Bæta gönguhæfni – stígakerfi og aðgengi	+	+	+		+		
Efling almenningsrýma, garðar, torg og borgargötur		+	+				
Aukinn og fjölbreytilegur gróður og skilmálar um blágrænar ofanvatnslausnir	+		+	+			
Hljóðvarnir meðfram stofnbrautum	+		+				
Aukinn borgarbúskapur, matjurtarækt á lóðum og borgarlandi	+		+		+		
Bættar almenningssamgöngur	+	+	+		+		
Bættar göngu- og hjólaleiðir og gera öruggari. Aðskilnaður gangandi og hjólandi á stofnleiðum	+	+	+		+		
Fjöldi bíla- og hjólastæða í samræmi við stefnu aðalskipulags							
Skilmálar um hleðslustöðvar fyrir vistvæna orkugjafa	+	+	+		+		
Verndun náttúruminja, sérstæðar jarðminjar og vistgerðir afmarkaðar				+			
Aukin kolefnisbinding og skjólmyndun með auknum trjágróðri			+		+		
Verndun menningarminja, ákvæði um hverfisvernd byggðar	+		+	+			
Skilmálar um meðhöndlun úrgangs og betri aðstæður til flokkunar			+	+	+		
Betri landnýting með uppbyggingu á þróunarsvæðum	+	+	+		+		

4. Skilgreiningar og lykilhugtök

Algild hönnun

Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.

Almenningsrými

Rými eða svæði sem er opið og aðgengilegt almenningi án endurgjalds.

Almenningsrými eru t.d. göturými, torg, almenningsgarðar, leik- og dvalarsvæði, opin svæði og önnur þess háttar rými á borgarlandi.

Aðalgata

Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar eru notuð hugtökin aðalgata og borgargata um þær götur sem taldar eru lykilgötur í hverju hverfi.

Á þessum hugtökum er þó skilgreindur munur; aðalgata tekur til starfsemi við götuna en borgargata tekur til hönnunar og útlits götunnar. Við aðalgötu í hverfi er heimil fjölbreyttari landnotkun, s.s. verslun og þjónusta, gisti- og veitingastarfsemi, samfélagsþjónusta og íbúðir. Í vissum tilvikum getur sama gata verði bæði aðal- og borgargata.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2040 eru lagðar meginlínur að mótun borgarinnar til langs tíma.

Aðalskipulagið er mikilvægt stjórntæki sem mótar bindandi stefnu fyrir allar aðrar skipulagsáætlanir og stýrir ákvarðanatöku í borgarmálum allt frá stefnumótun til framkvæmda. Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er sú stefna að öll hverfi borgarinnar verði sjálfbærari og vistvæn. Mikilvægur þáttur í því er að setja gæði hins manngerða umhverfis í öndvegi. Hverfisskipulagið gegnir þýðingarmiklu hlutverki við að innleiða stefnu aðalskipulagsins um sjálfbær og vistvæn hverfi.

Aðgengi fyrir alla

Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og að það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða.

Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Lausnir sem hafa það að markmiði að viðhalda náttúrulegri hringrás ofanvatns.

Blágrænar ofanvatnslausnir eru sjálfbær lausn sem gengur út á að koma yfirborðsvatni (regni og snjó) af ógegndræpum flötum, s.s. byggingum, götum og bílastæðum yfir á gegndræpa fleti og niður í gegnum jarðveg í stað þess að leiða það út í fráveitukerfi. Við það viðhelst heilbrigðari vatnsbúskapur og líffræðilegur fjölbreytileiki eykst.

Borgarbúskapur

Ræktun matvæla í borginni, annaðhvort á lóðum eða borgarlandi.

Samkvæmt skilmálum hverfisskipulags er almennt heimilt að stunda borgarbúskap á lóðum og

Umfjöllun um umhverfisáhrif er unnin í samræmi við matslýsingu eins og henni er lýst í kafla 1.2.

Notast er við gátlista við mat á visthæfi byggðar og skipulags. Sá gátlisti og samantekt um úrvinnslu hans og niðurstöður eru fylgigögn 1 og 2. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður gátlistans fyrir núverandi stöðu borgarhlutans í heild sinni. Einnig er vísað í umfjöllun í köflum um einstök hverfi borgarhlutans og fylgigögn 1 og 2.

Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

1. Samfélag
2. Gæði byggðar
3. Samgöngur
4. Vistkerfi og minjar
5. Orka og auðlindir
6. Mannvirki
7. Náttúruvá

Sjá nánari umfjöllun um matslýsingu fyrir hvert hverfi fyrir sig í köflum 3.5, 4.5 og 6.5.

2.4.1 Samfélag

2.4.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Alls eru íbúar borgarhlutans samkvæmt gögnum Reykjavíkurborgar 10.326. Af gögnum Hagstofunnar má ráða að íbúafjöldinn hafi aukist um 10% frá árinu 1998. Heimildir Hagstofu Íslands ná ekki lengra aftur í tímann hvað varðar einstök hverfi borgarinnar. Íbúasamsetning borgarhlutans er sambærileg því sem gerist í borginni í heild sinni, þó er aldurshópurinn 25-34 ára nokkuð fjölmennari borgarhlutanum, eða sem nemur fjórum af hundraði.



Mynd 2. 20. Aldursskipting íbúa í borgarhluta 3 og Reykjavík.

2.4.1.2 Íbúaþéttleiki

Meginhluti borgarhlutans er 40-60 íbúar/ha. Hluti svæðisins, Norðurmýri, er með >80 íbúa/ha. Í Suðurhlíðum er byggð heldur gisnari.

Stærð íbúðaeininga

Stærðir íbúðareininga í borgarhlutanum að meðaltali um 101m^2. Í Reykjavík er meðalstærð minnst í miðborginni eða 94m^2 en stærstar eru íbúðir að meðaltali á Kjalarnesi eða 141m^2.

2.4.1.3 Skólahverfið



Mynd 2. 21 Menntastofnanir, leiksvæði og íþróttahús við skóla. Rauður hringur, 500m frá skóla.

Í borgarhluta 3 eru tveir hverfisskólar, Hlíðaskóli og Háteigsskóli. Skólarnir eru vel nýttir. Í aðliggjandi hverfum utan borgarhlutans eru hverfisskólarnir Austurbæjarskóli, sem mörg börn úr hverfinu sækja og Álftamýrarskóli. Auk hverfisskólanna eru þrír einkaskólar á grunnskólastigi, Ísaksskóli, Suðurhlíðaskóli og skóli Hjallastefnunnar og tveir sérskólar, Klettaskóli og Brúarskóli.

Tveir framhaldsskólar eru í borgarhlutanum, Menntaskólinn í Hamrahlíð og Tækniskólinn.

Menntastofnanir á háskólastigi eru Háskólinn í Reykjavík og hluti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Átta leikskólar eru í borgarhlutanum og fjöldi opinna leiksvæða og nokkur minni íþróttahús í tengslum við skólana.

Tafla 1. Fjöldi íbúða í skólahverfum 2010 og áætlaður fjöldi 2030.

	2015	2030	Fjölgun
Háteigsskóli	2.880	3.230	350
Hlíðaskóli	1.800	1.800	0 *
Nýr skóli	0	800	800 **

*Tækifæri til fjölgunar íbúða á Veðurstofuhæð og Skógarhlíð.

** Nýr skóli í tengslum við uppbyggingu á Hlíðarenda og við Öskjuhlíð.



Mynd 2. 22. Nemendafjöldi, þróun og spá. Heimild: Skóla- og frístundasvið.



Mynd 2. 23. Þróun skólastærðar.

2.4.1.4 Húsnæði fyrir alla

Í borgarhluta 3 er 56% íbúða þriggja herbergja eða minni sem er töluvert meira en er í Reykjavík. Hins vegar eru aðeins 11% íbúða stærri en fimm herbergja sem er minna en er að jafnaði í Reykjavík. Miðað við meðaltal í borginni er skortur á stærstu íbúðunum (fleiri en fimm herbergi) og heldur fleiri tveggja og þriggja herbergja íbúðir eru en gengur og gerist í Reykjavík. Óvenju mikið er af litlum fjölbýlishúsum í hverfinu og óvenju lítið um einbýli sem kemur heim og saman við greiningu á herbergjafjölda í íbúðum. Í hverfinu er nokkuð um stúdentaíbúðir. Annað leiguhúsnæði er hvorki meira né minna en gengur og gerist.



Mynd 2. 24. Hlutfallsleg skipting íbúðarhúsnæðis skv. herbergjafjölda.



Mynd 2. 25. Hlutfallsleg skipting íbúðarhúsnæðis skv. húsnæðisgerð.

2.4.1.5 Atvinna / störf

Á jaðri borgarhlutans er hluti helstu atvinnusvæða Reykjavíkur, Borgartún í norðri, Suðurlandsbraut/Múlar og Kringlan í austri, HR í suðri og Landspítalinn, HÍ og miðborgin í vestri. Þá eru skólar á öllum skólastigum í borgarhlutanum.

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum, sérstaklega við Laugaveg, í Holtunum og í Skógarhlíð. Einkennandi fyrir borgarhlutann er fjöldi menntastofnanna, allt frá leikskólastigi að háskóla ásamt fjölda sérskóla og einkaskóla. Stefnt er að frekari atvinnuuppbyggingu á Veðurstofuhæð við Bústaðaveg og við Flugvallarveg og Nauthólsveg.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur eru um 5.270 störf í borgarhluta 3 og 263.600m^2 atvinnuhúsnæði.

2.4.1.6 Framboð verslunar og þjónustu



Mynd 2. 26. Verslun og þjónusta.

Fjölbreytt verslun og þjónusta er í borgarhlutanum. Fimm bensínstöðvar/sölur eru í borgarhlutanum. Borgarhlutinn nýtur einnig nálægðar við Kringluna, miðbæinn og Suðurlandsbraut/Múla varðandi þjónustu og verslun.

2.4.1.7 Framboð á matvöruverslunum



Mynd 2. 27. Staðsetning og gerð matvöruverslana árið 2015 .

Litlar hverfisverslanir eru í borgarhlutanum og þjóna honum vel. Í Suðurhlíðum og Öskjuhlíðarhverfi er lítið aðgengi að matvöruverslunum, syðst í borgarhlutanum er bensínstöð með sjoppu. Lágvöruverslun opnaði í hverfinu árið 2015.

Matvöruverslunum í borgarhlutanum hefur fækkað umtalsvert frá því þegar mest var. Nokkrar minni almennar matvöruverslanir og matvöruverslanir með sérvöru eru innan borgarhlutans.

Fyrverandi matvöruverslanir



Mynd 2. 28. Húsnæði sem áður var nýtt undir matvöruverslun.

Mikill fjöldi matvöruverslana og sérvöruverslana með matvöru var í borgarhlutanum áður samanborið við ástandið í dag. Verslunum fækkaði umtalsvert eftir tilkomu verslunarmiðstöðvarinnar í Kringlumýri (1987) og vegna breyttra verslunar-, samgöngu- og lifnaðarhátta. Dregið hefur mjög úr vinnu innan veggja heimilisins frá því sem áður var og almenn eign og aukin notkun einkabílsins er mikill áhrifavaldur. Íbúar hverfisins voru áður fyrr ekki háðir einkabíl til að afla aðfanga fyrir heimilið.

Afþreying



Mynd 2. 29. Afþreying, menning, veitingahús.

Fjölbreytt afþreying er í borgarhluta 3. Flestir veitingastaðir eru í nálægð við Laugaveg, Skipholt og Rauðarárstíg. Stór opin svæði eru við Klambratún og í Öskjuhlíð. Listasafn og leikhús eru í borgarhlutanum.

Gististaðir; hótel, gistiheimili, heimagisting



Mynd 2. 30 Hótel og gistirými 2013.

Gististaðir af öllum gerðum eru víða í borgarhlutanum. Flest skráð hótel/gistiheimili og hótelíbúðir eru í nánd við Laugaveg, Skipholt, Snorrabraut og Rauðarárstíg.

Landnotkun – grunnskilgreiningar Aðalskipulags:

Hótel og gistiheimili eru ekki heimil á athafnasvæðum, iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum. Hótel og gistiheimili geta verið heimil innan flestra landnotkunarsvæða innan þéttbýlis, en á sumum takmarkast gistiþjónusta við flokka I, II eða III. Ennfremur er gert ráð fyrir að gistiþjónusta sé almennt heimil á opnum svæðum og landbúnaðarsvæðum, enda sé gerð grein fyrir starfseminni í deiliskipulagi. Hótel og gistiheimili eru almennt heimil í miðborginni og miðsvæðum.

•Flokkur I: Heimagisting. Gisting á heimili gistisala.

•Flokkur II: Gististaður án veitinga. Minniháttar gistiheimili.

•Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. Stærri gistiheimili.

•Flokkur IV: Gististaður með minibar. Umfangsmeiri hótelstarfsemi en flokkur III.

•Flokkur V: Gististaður með bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt. Yfirleitt umfangsmikil hótelstarfsemi.

2.4.1.8 Öryggi og heilsa

Skólabörn upplifa hættu á hringtorgi við gatnamót Hamrahlíðar, Lönguhlíðar, Eskihlíðar og Litluhlíðar. Börn úr Norðurmýri þurfa að fara yfir stórar götur (Snorrabraut eða Lönguhlíð). Leiðirnar eru skýrar og fylgja gatnanetinu víðast hvar en hugsanlega má bæta merkingar við götuþveranir. Afla þarf betri upplýsinga frá nemendum í Austurbæjarskóla og Háteigsskóla um gönguleiðir í skólann.

Mörg alvarleg slys verða á Miklubrautar í Hlíðum, miðað við önnur svæði. Kanna þarf hvort gera ætti úrbætur á þverunum yfir Lönguhlíð og Hamrahlíð. Almennt er hraði á Miklubraut orsakavaldur slysa sem þar verða, auk mikils fjölda bíla sem þar fara um.

Fjöldi innbrota í borgarhlutanum er um miðbik hverfa borgarinnar með um 100 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Innbrot eru langflest í miðborg og eru væntanlega ákveðin smitunaráhrif af því á borgarhlutann. Miðað við fjölda hegningarlagabrota árið 2010 eru Hlíðar með næst fæst brot af hverfum Reykjavíkur.

Umferðaröryggi - slys



Mynd 2. 31. Slysagreining, umferðarslys 2008-2012 flokkuð eftir alvarleika.

Í mati á grunnástandi borgarhlutans var sérstaklega gerð grein fyrir umferðaröryggi. Unnin var slysagreining fyrir borgarhlutann sem tekur til áranna 2008-2012. Allar upplýsingar byggja á gögnum frá Umferðarstofu/Samgöngustofu. Miklar umferðargötur umlykja borgarhlutann. Umferðarslys eru tíð á þeim götum, sérstaklega við gatnamót. Umferðarslys á smærri götum inn í íbúðarbyggð eru fátíðari.

Samantekt slysagreiningar:

- Um 1.900 slys og óhöpp urðu í borgarhlutanum 2008-2012. Slys á gatnamótunum í kringum borgarhlutann eru talin með.
- Tvö banaslys (ekið á óvarinn vegfaranda og fall af bifhjóli).
- Alvarleg slys 33 (35), þar af tólf óvarðir vegfarendur og níu féllu af bifhjóli.
- Þrjú til tíu alvarleg slys á ári.
- 157 slys þar sem verða lítil meiðsl.
- Árlega eru 24-43 slys, flest árið 2008, 30 árið 2009, 32 árið 2010, færri 2012.
- Fjöldi slysa er nokkuð sambærilegur á milli mánaða, flest slys verða síðdegis.
- Flest óhöpp eru vegna árekstra bíla, sem stefna í sömu átt, eða um helmingur óhappa.
- Flest slys eru þar sem umferð er mest (það er á stofnbrautum).
- Flest slys verða þegar umferð er mest, á háannatíma, fleiri slys síðdegis en árdegis.
- Flest slys eru í janúar, fleiri slys um vetur en á tímabilinu apríl til ágúst.
- Færri alvarleg slys á veturna, því bílstjórar hafa varann á sér, en fleiri óhöpp án meiðsla.

Umferðaróhöpp



Mynd 2. 32. Umferðaróhöpp árið 2012 flokkuð eftir alvarleika slysa.

Tillögur að aðgerðum sem þarf að skoða í skipulagsvinnu.

Göngu/hjóla-þveranir:

- Tryggja aðgengi gangandi og hjólandi.
- Fylgja reglum við gerð þverana og tryggja góða lýsingu.
- Tryggja að þveranir séu nægilega margar og öruggar.

Bifhjól:

- Fylgja öryggisreglum/stöðlum í gatnagerð.
- Tryggja réttan frágang vegriða.
- Tryggja notkun vistvænni efna í malbiki sem hindrar blæðingar úr malbiki.
- Taka tillit til bifhjóla í hönnun, og þegar staðsetning fyrir skilti, ljósastaura og yfirborðsmerkingar er ákveðin, t.d. í beygjum þar sem hætta er á að hjólið geti skautað.
- Setja höggþolið eftirgefanlegt plaströr utan um staura og skilti.

Ferðamáti í skóla

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður meðal annars stuðst við niðurstöður úr ferðavenjukönnun sem Capacent vann fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina árið 2011. Gerð er grein fyrir ferðum barna á skólaaldri innan hverfahluta.



Hljóðvist og loftgæði



Mynd 2. 33. Hljóðvist reiknuð út frá umferðarþunga.

Vinna við umhverfismat áætlunarinnar mun taka mið af fyrirliggjandi gögnum um hljóðvist sem unnin voru í tengslum við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030.

Viðmið: Reglugerð um hávaða 724/2008.

Við mat á áhrifum áætlunar á loftgæði í borgarhlutanum verður stuðst við fyrirliggjandi gögn sem tengjast hljóðvist. Þau gögn gefa vísbendingu um stöðu loftgæða í borgarhlutanum að því er varðar hljóðvist. Í skipulagsvinnunni verður leitast við að afla frekari gagna um loftgæði í borgarhlutanum.

Viðmið: Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

2.4.1.9 Þátttaka íbúa

Íbúar taka virkan þátt í umræðu um framtíð hverfis síns. Lengi vel voru íbúasamtök hverfisins með þeim öflugri í borginni. Þátttaka í kosningunni um Betri hverfi var mest í Hlíðunum, allra borgarhluta.

Sá nánar kafla 6 um samráð.

2.4.2 Gæði byggðar



Mynd 2. 34. Flokkun byggðar eftir byggðarmynstri.

Borgarhlutinn einkennist af þéttri lágreistri byggð. Hverfiseiningar hafa sterkan heildarsvip og byggð er tiltölulega einsleit í jákvæðri merkingu.

Sjá einnig umfjöllun um gæði byggðar í gátlista (fylgigagn) og fyrir hverfi borgarhlutans í köflum 3.4.2, 4.4.2, 5.4.2 og 6.4.2.

5. bók grunngagna greinir frá gildandi deiliskipulagi og skilmálum.

1 Skipulag/uppdrættir hafa ekki gildi sem deiliskipulag eða þarfnast uppfærslu. Rammaskilmálar, samþykktir og leiðbeinandi gögn s.s. hverfakort. Án uppdráttar. Þörf á skilmálagerð.

1a Upphaflegt skipulag frá 1932(4). Rammaskilmálar frá 1987.

1b Rauðarárholt – Byggingarfélag Reykjavíkur. Skipulag frá 1947(48).

1d Hlíðar, norðan Miklubrautar. Skipulag frá 1946, framkvæmt að hluta.

1e Skipholt/Nóatún.

2 Skilmálar meðfylgjandi úthlutun, skriflegir. Uppdráttur eða mæliblað oft með.

Þar kemur m.a. fram byggingarreitur, aðkoma og kvaðir.

Leiðbeinandi skilmálar í hverfakorti. Þarfnast uppfærslu. Þörf á skilmálagerð.

2a Hjálmholt/Vatnsholt og Grænahlíð/Stigahlíð norður.

2c Nóatún.

3 Deiliskipulag, heildarskipulag hverfis s.s. Suðurhlíðar. Samþykkt fyrir skipulags- og byggingarlög 1997/1998. Deiliskipulagsuppdráttur og skýringarmynd. Úthlutunarskilmálar með skýringarmyndum. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð.

3c Ásholt/Laugavegur, Egilsborgir.

4 Deiliskipulag, eftir götureitum, skv. skipulags- og byggingarlögum 1998 (nema 4c). Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman. Landnotkun, byggingarheimildir, nýtingarhlutfall, o.s.frv. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð (nema 4c).

4b Hlemmur, Tryggingarstofnunarreitur, Bankareitur, Hampiðjureitur, Skipholtsreitur, Einholt/Þverholt, deilikipulag frá síðustu aldamótum.

4c Skipholt/Laugavegur, deiliskipulag frá síðustu aldamótum.

5 Deiliskipulag, einkum fyrir opinbera starfsemi /samfélagsþjónustu. Yfirleitt ekki íbúðarsvæði. Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman.

5 Tækniskólinn/Háteigsskóli

5 MH reitur/Hlíðaskóli

2.4.2.1 Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur



Mynd 2. 35 Mat á varðveislugildi, byggðarmynstri, götumynd, byggingarlist ofl.

Borgarhlutinn hefur verið í þróun frá þriðja áratug síðustu aldar allt fram til dagsins í dag, sjá kafla 2.1.2 Staðhættir, 2.1.4 Þróun byggðar og 2.3 Húsa- og byggðakönnun með tilvísunum í helstu niðurstöðum Minjasafns Reykjavíkur á hverfismati í borgarhluta 3.

Ráðgjafar hverfisskipulags borgarhluta 3 leggja til að eftirfarandi mannvirki og byggingar verði skoðuð sérstaklega með tilliti til verndurnar og friðunar:

- Gömlu stakkstæðin
- Fossvogskapella
- Sjómannaskólinn
- Ísaksskóli
- Hlíðaskóli
- Háteigur
- Þjóðskjalasafnið (Gamla mjólkurstöðin)
- Barmahlíð
- Drápuhlíð

2.4.2.2 Byggðarmynstur

Sérkenni hverfisins eru lítil fjölbýlishús sem finna má í ýmsum útgáfum víða um borgarhlutann. Víðast hvar hefur borgarhlutinn einkenni íbúðahverfis nema næst Hlemmi og þar upp af til austurs. Flest hús eru 3–5 hæðir en næst koma hús með 1–2 hæðir. Hærri hús eru mjög staðbundin. Hærri byggingar eru sjaldséðari.

Nýtingarhlutfall lóða í borgarhlutanum

Nýtingarhlutfall lóða í borgarhlutanum er yfir heildina með því hæsta í borginni.

2.4.2.3 Göngufjarlægðir (gönguhæfni)



Mynd 2. 36. Öryggisráðstafanir vegna gangandi vegfarenda yfir umferðargötur.

Borgarhlutinn er byggður með hefðbundnu gatnaneti sem gerir umferð fjölbreyttra samgöngumáta einfalda og skýra. 85% íbúa búa í göngufæri við verslun. Hefðbundið gatnanet tengir verslun og þjónustu heimilum borgarhlutans. Ákveðin þjónusta er þó handan við jaðar hverfisins, t.d. Kringlan og verslanir í Nótatúni. Við Kringluna mætti gera úrbætur á gönguleiðum innan Kringlusvæðisins, ný gönguljós yfir Kringlumýrarbraut eru sennilega til að bæta aðgengi. Bæta mætti merkingu og aðbúnað leiða frá biðstöðvum Strætó á Miklubraut inn í hverfið. Víða eru gangstéttar bara öðrum megin götunnar og sums staðar illa viðhaldið.

2.4.2.4 Gatan sem borgarrými (Borgargötur, aðalgötur)

Sjá kafla 2.2.1.3

2.4.2.5 Almenningsrými



Mynd 2. 37 Almenningsrými, útivistarsvæði og leiksvæði.

Torg og önnur almenningsrými eiga að vera áhugaverðir áfangastaðir sem gera borgar- og hverfisbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau eru mikilvæg tæki til að viðhalda mannlífi og þjónustu innan borgarhlutans.

Yfirbragð borgarhlutans er grænt, þar eru stór opin svæði og fjöldi einkagarða við íbúðarsvæði. Lítill gróður er á norðurhluta hverfisins við Laugaveg og í Holtunum, á skilgreindu miðbæjar og miðsvæði. Smærri leiksvæði eru dreifð um borgarhlutann. Útivist og afþreying af ýmsum toga tengd sjónum er stunduð í **Nauthólsvík**. Öskjuhlíð og Klambratún eru skilgreindir borgargarðar.

Öskjuhlíð er eitt af stærri útivistarsvæðum í Reykjavík og er notuð til fjölbreyttrar útivistar. Í Öskjuhlíð er mikið af jarðsögulegum og menningarsögulegum minjum. Skógur virðist hafa verið í hlíðinni frá öndverðu. Þar er einnig að finna merki þess að sjávarhæð hafi verið hærri. Þegar gerð Reykjavíkurhafnar hófst 1913 var lögð járnbraut úr hlíðinni niður að höfninni til að flytja efni til hafnargerðarinnar. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarskógur í þéttbýli. Um skóginn liggja fjölmargir stígar þar eru m.a. æfingatæki og upplýsingaskilti.

Klambratún þjónar fjölbreyttu hlutverki borgargarðs í borgarhlutanum.

Í **Nauthólsvík** er vinsælt útivistarsvæði. Í Nauthólsvík er stundaðar alls kyns vatnaíþróttir, svo sem sjósund, kajakróður, kænusiglingar, seglbrettasiglingar og kappróður. Þar er ylströnd. Siglingafélag ÍTR, Siglunes, Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey og Sportkafarafélag Íslands eru þar með aðstöðu.

2.4.2.6 Veðurfar (Skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, snjósöfnun)

Borgarhlutinn er nokkuð veðursæll enda inn til landsins, nýtur skjóls af Öskjuhlíð í sunnanátt og er gróinn. Byggð norðan til á Rauðarárholtinu er nokkuð skuggsæl. Skuggamyndun af þekktri nýrri uppbyggingu hefur verið kortlögð í skipulagi.

2.4.2.7 Gróðurþekja



Mynd 2. 38. Gróðurþekja, gegndræpi yfirborðs.

Gegndræpt yfirborð er á bilinu 61-70% af heildarflatarmáli. Hverfið nýtur góðs af opnu svæði í Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarði ásamt miklum fjölda einkagarða. Nyrstu svæðin, atvinnusvæði næst Laugavegi, eru minnst gegndræp.

Yfirbragð borgarhlutans einkennist af miklum trjágróðri í grónum görðum. Stóru útivistarsvæðin í borgarhluta 3, Klambratún og Öskjuhlíð, eru skilgreind sem borgargarðar í Aðalskipulagi.

2.4.2.8 Borgarbúskapur

Engin skipulögð og afmörkuð aðstaða er til ræktunar grænmetis í borgarhlutanum, en víða eru matjurtagarðar á einkalóðum.

2.4.2.9 Hönnun og arkitektúr

Hlíðar sunnan Miklubrautar og Norðurmýrin hafa einkennandi stíl og skipulag. Íbúðablokkir við Skaftahlíð eru dæmi um arkitektúr eftirstríðsáranna. Í borgarhlutanum eru margar merkar byggingar, sumar þeirra kennileiti hans og Reykjavíkurborgar. Má þar nefna Kjarvalsstaði, Háteigskirkju, Tækniskólann (Sjómannaskólann), Menntaskólann við Hamrahlíð, Fossvogskirkju og Perluna.

2.4.2.10 Staðarandi



Mynd 2. 39. Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Byggðamynstur borgarhlutans er einkennandi fyrir uppbyggingu Reykjavíkur eftirstríðsáranna. Áhrif helstu stofnvega höfuðborgasvæðisins sem umlykja og þvera borgarhlutann eru einnig mikil.



2.4.3 Samgöngur

2.4.3.1 Almennt um samgöngur



Mynd 2. 40. Umferðargreining

Þung umferð setur mark sitt á borgarhlutann, sem er afmarkaður og þveraður af stofn- og tengibrautum sem tengja miðborgina við úthverfin og aðliggjandi sveitarfélög. Kringlumýrarbraut, Laugavegur, Snorrabraut umlykja borgarhlutann og Miklabraut og Bústaðavegur þvera borgarhlutann og skipta honum upp í hverfi.

Hámarkshraði á stofn- og tengibrautum er 50-80km/klst og 30km/klst í íbúðagötum. Fáir botnlangar eru í borgarhlutanum, en töluvert um einstefnugötur.

Sjá umfjöllun um samgöngur í gátlista (fylgigagn 1 og 2) og fyrir hverfi borgarhlutans í köflum 3.5, 4.5 og 5.5.

Borgarhlutinn er víðast byggður með hefðbundnu gatnaneti sem gerir umferð fjölbreyttra samgöngumáta einfalda og skýra. Víða eru gangstéttar bara öðrum megin götunnar.

2.4.3.2 Almenningssamgöngur



Mynd 2. 41. Strætisvagnaleiðir og biðstöðvar, leiðakerfi strætó BS.

Borgarhlutinn býr að því að vera gegnumakstursleið allra helstu strætisvagnaleiða í borginni. Í öllum borgarhlutanum er byggð í innan við 300m fjarlægð frá biðstöð, nema í Suðurhlíðum. Á stofnbrautum aka þrjár – fimm leiðir strætisvagna. Innan borgarhlutans eru þess utan þrjár leiðir. Alls aka vagnar ellefu mismunandi leiðir um borgarhlutann eða í jaðri hans.

Ein aðalskiptistöð strætisvagnakerfisins er í borgarhlutanum, á Hlemmi. Ekki verður séð hvernig ætti að bæta frekar aðgengi að strætisvögnum nema hugsanlega með því að bæta aðgengi að biðstöðvum á stofnbrautum og auka tíðni strætisvagna. Einnig mætti athuga að bæta við biðstöð á Kringlumýrarbraut við göngubrú milli Suðurhlíða og Fossvogsdals, sem m.a. myndi tengjast nemendaíbúðum og íbúðum aldraða við Sléttuveg og Landspítalanum í Fossvogi. Einungis ein strætisvagnaleið hefur ekið að HR, hún er lítið notuð.

Bæta mætti merkingu og aðbúnað leiða frá biðstöðvum Strætó á Miklubraut inn í hverfið.

Strætisvagnaleiðir í borgarhluta 3 eru 12 talsins

- Háteigshverfi
    - Laugavegur - Leið 2,5,14,15,17
    - Snorrabraut – Leið 5, 14, 15, 18
    - Rauðarárstígur – Leið 11, 13
- Hlíðahverfi
    - Miklubraut – Leið 1, 3, 6
    - Bústaðarvegur – Leið 18
    - Kringlumýrarbraut – Leið 1, 2, 4, 14
    - Hamrahlíð – Leið 13
- Öskjuhlíðarhverfi
    - Hlíðarfótur – Leið 15



Mynd 2. 42. Strætisvagnaleiðir og 300m fjarlægð frá biðstöðvum.

		Leið 3	Leið 4	Leið 12	Leið 17	Niðurstaða í gátlista
Biðtími á háannatíma milli strætisvagna	mín.	15	15	15	30	II. Æskilegt
Biðtími utan háannatíma milli strætisvagna	mín.	30	30	30	30	II. Æskilegt
Fyrsti strætisvagn á morgnana á virkum dögum	kl.	06:34	06:36	06:36	06:36	Undir lágmarki
Síðasti strætisvagn á kvöldin á virkum dögum	kl.	00:47	00:49	23:59	20:20	III. Gott
Fyrsti strætisvagn á laugardögum	kl.	07:34	07:36	07:41	07:36	Undir lágmarki
Síðasti strætisvagn á föstudögum og laugardögum	kl.	00:47	00:49	23:59	20:20	I. Lágmark
Fyrsti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum	kl.	09:34	09:34	09:35	-	I. Lágmark
Síðasti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum	kl.	00:47	00:49	23:59	-	III. Gott

Tíðni vagna og fyrstu og síðustu vagnar, nokkrar leiðir sem aka um borgarhlutann.

Taflan sýnir niðurstöðu skoðunar á núverandi tíðni og aksturstíma þessara leiða skv. spurningum í gátlistanum: Spurningarnar í gátlistanum varðandi tíðni og þjónustutíma Strætó gefa misgóða niðurstöðu eins og sést í töflunni hér fyrir ofan. Það sem dregur heildarniðurstöðuna helst niður er að þjónusta Strætó byrjar seint á morgnana á virkum dögum og laugardögum, miðað við það viðmið sem er í gátlistanum. En þjónustutíminn á kvöldin gefur góða niðurstöðu og tíðni vagna gefur niðurstöðuna „Æskilegt“.



2.4.3.3 Bílastæðakvaðir

Engin sérstök skilyrði eru fyrir bílastæðum víðast þar sem þegar hefur verið byggt.



Bindandi stefna AR2010–2030 er að í borgarhluta 03 skuli miða við:

- 1 bílastæði á 120 m2 íbúð.
- 0,2 bílastæði á námsmannaíbúð.
- 1 bílastæði að hámarki á 50 m2 atvinnuhúsnæðis.
- Eingöngu bílastæði fyrir starfsfólk og hreyfihamlaða við framhaldsskóla.
- Stæði fyrir reiðhjól eða hjólageymslu fyrir a.m.k. 1 reiðhjól á hverja íbúð.
- Hjólastæði við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsmanna skóla. Helmingur stæða skal vera yfirbyggður.
- Stæði fyrir reiðhjól skulu vera að lágmarki 6 á hverja 1.000 m2. Hjólastæði skulu vera sem næst inngangi.

2.4.3.4 Hjólreiðar

Hjólamerkingar eru á götum á nokkrum stöðum, s.s. Hamrahlíð og Skipholti. Hjólarein er á Lönguhlíð. Leiðin meðfram Miklubraut er á rúmgóðri gangstétt en er illa farin og nýtist illa sem hjólaleið þótt hún sé um margt ákjósanleg. Lítið nýttir göngustígar eru við Kringlumýrarbraut. Borgarhlutinn tengist stígnum um Fossvogsdal og meðfram ströndinni til vesturs við Suðurhlíðar. Þá liggur ný stofnleið meðfram Laugaveginum.

Gera mætti hjólreiðum á svo miðlægu svæði hærra undir höfði og nýta betur borgargötur til að tengja milli borgarhluta. Skerpa þyrfti á hjólreiðaneti borgarhlutans og tengja það betur stofnstíganeti hjólreiða.

Undirgöng eru við Bústaðaveg, Miklubraut og Snorrabraut. Göngubrú er yfir Kringlumýrarbraut sunnarlega í borgarhlutanum. Göngubrú er einnig vestarlega á reitnum yfir Hringbraut. Handstýrð gönguljós eru á tveimur stöðum við Miklubraut, gönguljós eru einnig við Laugaveg, Snorrabraut, Lönguhlíð, Kringlumýrarbraut og Hamrahlíð.

Girðing er á miðeyjum stærri umferðargatna, Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Hjólastígar liggja flestir meðfram stærri umferðargötum og einnig eru hjólastígar í og við Öskjuhlíð og Fossvog.

Sjá einnig kafla 2.2.1.5

2.4.4 Vistkerfi og minjar

2.4.4.1 Landfræðileg lega og staðhættir

Borgarhlutinn liggur yfir holt og mýrar um miðbik nessins og teygir sig frá norðurströnd Fossvogs til norðurs.

Sjá umfjöllun um vistkerfi og minjar í gátlista (fylgigagn 1 og 2) og fyrir hverfi borgarhlutans í köflum 3.5, 4.5 og 5.5.

2.4.4.2 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Talsvert er af náttúruverndarsvæðum í borgarhlutanum. Gott aðgengi er að lítt eða óröskuðum svæðum og eru þau vinsæl til útivistar (Öskjuhlíð, Fossvogur). Mikill gróður, jarðmyndanir, fuglalíf og strandsvæði.

Sjá kafla 2.2.1.6.

2.4.4.3 Náttúrufar og lífríki

Úttektir á náttúrufari, lífríki og jarðmyndunum í borgarhlutanum eru strjálar og margar komnar til ára sinna. Ekki er til úttekt sem tekur á borgarhlutanum í heild sinni.

Lífríkið hefur breyst mjög með tilkomu byggðar eins og við er að búast. Mýrin í Norðurmýri var ræst fram og Rauðará lokað. Þá hefur trjágróður vaxið mjög í Öskjuhlíð á liðnum áratugum. Gróska er einnig mikil bæði í einka- og almenningsgörðum.

Ekki liggur fyrir náttúrfarsúttekt á borgarhlutanum eða einstökum hverfum innan hans.

2.4.4.4 Gamlir urðunarstaðir

Ekki eru þekktir gamlir urðunarstaðir í borgarhlutanum.

2.4.4.5 Jarðfræði og jarðmyndanir

Norðan við Bústaðarveg í Litlu Öskjuhlíð eru merkar jarðminjar, ein stærstu hvalbök sem finna má í Reykjavík. Einnig eru á svæðinu umhverfis Menntavísindasvið HÍ merkilegar jarðmyndanir svo sem klappir og hvalbök.

Það má einnig finna dæmi um holt á svæðinu norðan við Bústaðaveg, austan Veðurstofu.



Mynd 2. 43. Jarðmyndanir á höfuðborgarsvæðinu.

2.4.4.6 Strandlengja



Mynd 2. 44. Fossvogsbakkar

Fossvogsbakkar eru innst í Fossvogi og fylgja strandlínunni um 2 km í vesturátt að Nauthólsvík. Á Fossvogsbökkum eru jarðminjar en í bökkunum eru sjávarsetlög frá lok ísaldar fyrir 11.000 árum. Í setlögunum er að finna ýmsa steingervinga, einkum skeljar lindýra. Þá er jökulset í lögunum sem gefur upplýsingar um sögu jökulhörfunar á svæðinu. Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999. Náttúruvætti er einn flokkur friðlýstra náttúruminja og eru skilgreind sem einstök náttúrufyrirbæri, jarðmyndanir eða lífræn fyrirbæri, sem skera sig úr umhverfinu og er ástæða til að varðveita vegna fegurðar, fágætis, stöðu í landslagi, vísindalegs gildis eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

2.4.4.7 Ár og vötn

Rauðará rann eitt sinn þar sem nú er Rauðarárstígur. Nú rennur Rauðará í ræsi.

2.4.4.8 Vatnsverndarsvæði

Engin vatnsverndarsvæði eru í borgarhlutanum.

2.4.4.9 Ofanvatn

Ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir vegna ofanvatns. Gegndræpi borgarhlutans er töluvert. Vegna þess hve stór opin svæði eru í þessum borgarhluta má áætla að 50–75% ofanvatns hripi ofan í jarðveginn og hreinsist þar með náttúrulegum ferlum.

2.4.4.10 Borgarvernd og menningarminjar



Mynd 2. 45. Yfirlit yfir minjar og fornleifar.

Í borgarhlutanum eru menningarminjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri frá hersetu í seinni heimsstyrjöld. Þrjú sel eru í Öskjuhlíð sem flokkast sem fornminjar og tvö hús eru friðuð í hverfinu. Það vantar heildstætt yfirlit yfir menningarminjar í borgarhlutanum og stefnu um varðveislu.

Minjar og fornleifar

Helstu minjar í borgarhluta 3 eru fornleifar á bæjarhól Nauthóls, sel og aðrar landbúnaðarminjar i Öskjuhlíð. Í Öskjuhlíð eru auk þess herminjar og er það eini staðurinn í Reykjavík þar sem finna má þó nokkurt magn slíkra minja. Það ætti að vernda sérstaklega herminjarnar á .þessu svæði.

Minjasafn Reykjavíkur áréttar að gera þurfi átak í merkingu á minjastöðum í borgarhluta 3. Búið er að merkja staðinn þar bærinn Klambrar stóð á Klambratúni.

2.4.5 Orka og auðlindir

2.4.5.1 Orkunotkun

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

2.4.5.2 Vatnsnotkun

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

2.4.5.3 Úrgangsstjórnun



Mynd 2. 46. Staðsetning endurvinnslugáma.

Endurvinnslugámar

Almennar reglur Reykjavíkurborgar gilda um sorphirðu og flokkun sorps frá heimilum og fyrirtækjum. Stefna Reykjavíkurborgar í sorphirðu og flokkun hefur áhrif á fyrirkomulag grenndargáma sem eru sex í borgarhlutanum.

Mögulegar flokkunaraðferðir eru samkvæmt sorpflokkunarkerfi borgarinnar. Við hvert hús er annars vegar blá tunna fyrir pappír, pappa og fernur og hins vegar grá tunna fyrir almennt sorp. Reykjavíkurborg sér um að tæma þessar tunnur. Kostnaðurinn við flokkunartunnuna frá Reykjavíkurborg er lægri fyrir heimilið en venjuleg tunna. Öll heimili hafa líka þann möguleika að panta tunnu fyrir frekari flokkun frá öðrum fyrirtækjum.

Einnig hafa borgarbúar aðgang að grenndargámum sem hægt er að setja pappa og plast í. Glersöfnun er einnig hafin á grenndarstöðvum og verður innleidd í áföngum til 2020. Fjarlægð í grenndargáma er ca. 400–550m, sem sagt, aðeins rúmlega ákjósanleg gönguvegalengd fyrir mörg heimili. Grendargámar í og við borgarhlutann eru nú sex.

Sorpa er með þrjár endurvinnslustöðvar í Reykjavík, sem tekur við 36 úrgangsflokkum. Endurvinnslustöðin við Ánanaust er næst borgarhlutanum, í um 4km fjarlægð. Jarðefni geta íbúar skilað á endurvinnslustöðvar en efni sem fellur til vegna stærri framkvæmda er keyrt í Bolöldur. Nýting slíks efnis innan þróunarsvæða er ákjósanlegasti kosturinn bæði út frá umhverfislegum sjónarmiðum og kostnaði. Áform eru hjá Reykjavíkurborg um að auka við flokkun með því að taka við plasti í tunnur við heimili.

Skipulag borgarhlutans hentar vel fyrir niðurgrafna gáma fyrir almenna sorphirðu.

Fráveita
Regnvatn og skólp er að litlum hluta aðskilið, blandað frárennsli.

2.4.5.4 Kolefnisbinding

Framræsla mýra á sínum tíma kann að hafa eytt kolefnisforða en með uppbyggingu borgarhlutans hefur komið trjágróður sem vegur upp á móti því tapi. Uppbygging borgarhlutans hefur þýtt aukningu í kolefnisbindingu í gróðri. Huga þarf að eðlilegri grisjun trjágróðurs en ekki vegna uppbyggingar. Ný uppbygging krefst ekki þess að neinn gróður sé fjarlægður en hún gæti leitt af sér meiri trjágróður.

2.4.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið á síðari stigum.

2.4.7 Náttúruvá



Mynd 2. 47. Spá um hækkun sjávar.

Mynd úr Aðalskipulagi Reykjavíkur sem sýnir borgina, þróunarsvæði og svæði sem geta farið undir vatn miðað við hækkun sjávar um sex metra. Samkvæmt þeirri greiningu er ekki um vá að ræða vegna sjávarflóða í borgarhlutanum.

2.4.7.1 Ofanflóð

Borgarhlutinn er ekki í hættu af völdum ofanflóða.

2.4.7.2 Flóðahætta

Borgarhlutinn er ekki í hættu af völdum flóða.

2.4.7.3 Hækkun sjávarstöðu

Borgarhlutinn er ekki í hættu af völdum hækkandi sjávarstöðu.

2.4.7.4 Sprungur og jarðhræringar

Borgarhlutinn er ekki í hættu af völdum sprungusvæðis eða jarðhræringa.

2.5 Borgarhlutinn Hlíðar, stefna, markmið og áherslur

Borgarhlutanum er skipt í þrjú hverfi, Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, sem hefur ákveðna sérstöðu. Háteigshverfi og Hlíðahverfi eru gömul, fastmótuð og gróin hverfi. Mikil þjónusta og atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum, sem nýtur einnig nálægðar við miðborgina og Kringluna. Öskjuhlíð er eitt af stóru útivistarsvæðum Reykjavíkur.

Helsta nýbyggingarsvæði borgarhlutans er vestan Öskjuhlíðar. Það er skilgreint sem þróunarsvæði í rammahluta AR2010–2030. Þar er gert ráð fyrir nýbyggingum í tengslum við Háskólann í Reykjavík og á Hlíðarenda. Þá hefur svæði vestan Nauthólsvíkurvegar og Flugvallarvegar bæst við borgarhlutann og er þar gert ráð fyrir uppbyggingu. Minna svigrúm er til uppbyggingar í Háteigshverfi og Hlíðahverfi, en þó eru tækifæri til þéttingar og endurskipulags, m.a. í jöðrum hverfanna sbr byggingu íbúða við Einholt/Þverholt, Brautarholt og á Hampiðjureit. Borgarhlutinn hefur verið greindur og metinn og stefnuáherslur markaðar fyrir ákveðin uppbyggingarsvæði innan hans.

Mikilvægt er að auka sjálfbærni borgarhlutans með því að styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi, hverfisverslun og þjónustu; styrkja aðgengi að almenningssamgöngum; bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda, ásamt því að bæta græn svæði og aðgengi að þeim. Fjölgun íbúða í borgarhluta 3 hefur áhrif á nemendafjölda grunnskólanna, sem þegar eru þéttsetnir.

Álag vegna þungrar umferðar um borgarhlutann hefur mikil áhrif á íbúa. Einn af helstu áhersluþáttum hverfisskipulagsvinnunnar er að draga úr neikvæðum áhrifum, eins og hljóð- og hávaðamengun og bæta öryggi.

Stefnt er að fjölgun bæði íbúðar og atvinnuhúsnæðis í borgarhlutanum í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030. Það gerir hvort tveggja í senn að bæta nýtingu lands og gefa möguleika á að draga úr tíðni lengri ferða. Stefna Aðalskipulagsins er að ný byggð á þróunarsvæðum verði yfirleitt 3–5 hæðir.

Fjölgun ferðamanna á Íslandi á síðustu árum hefur haft mikil áhrif á borgarhlutann, sérstaklega þau hverfi sem eru næst miðborginni. Marka þarf skýra stefnu um gististaði í íbúðarbyggð og rútuakstur um íbúðargötur.

Góðar hjólasamgöngur eru einn af áhersluþáttum í hverfisskipulagsvinnunni. Það er í samræmi við Aðalskipulag Reyjavíkur 2010–2030 þar sem segir: „Hjólaleiðir, útfærsla og hönnun þeirra, verði lykilviðfangsefni við gerð hverfisskipulags [...].“ Til dæmis má bæta kerfið með frekari aðgreiningu hjólandi og gangandi og með fjölgun hjólastæða. Einnig er mikilvægt að styðja við möguleika barna og ungmenna til að njóta útivistar og koma sér sjálf á milli staða. Hjólreiðar eru stöðugt að aukast í borgarhlutanum og mikilvægt er að halda áfram að bæta hjólastígakerfið til að styðja áframhaldandi jákvæða þróun.

Kanna þarf nánar í hverfisskipulagsvinnunni hvort fleiri svæði ættu að njóta verndar, s.s. lítil svæði innan hverfa eða borgarhlutans sem hafa þýðingu fyrir líffræðilegan fjölbreytileika borgarinnar í heild sinni.

Í hverfisskipulagsvinnunni þarf að gera úttekt á hvort einhverjar jarðsögulegar minjar séu fyrir hendi innan borgarhlutans. Gera má herminjar enn sýnilegri.



Mynd 2. 48. Borgarhluti 3, Hlíðar.

Stefnan er að viðhalda heildstæðu yfirbragði borgarhlutans ásamt því að stuðla að aukinni sjálfbærni hans. Í skipulagsvinnu verður jafnframt mótuð leiðbeinandi stefna fyrir þróunarsvæði borgarhlutans sem taki mið af ofangreindri stefnu og áherslum.

- Stefna:
    - Sjálfbærni, blöndun byggðar, að styrkja íbúðarbyggð og atvinnusvæði.
    - Vistvænar samgöngur.
    - Að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
    - Að draga úr loft- og hljóðmengun vegna umferðar.
    - Að auka almenna flokkun sorps.
    - Ferðaþjónusta.
- Markmið:
    - Að lækka umferðarhraða á stofnbrautum sem þvera og umlykja borgarhlutann í 50km/klst.
    - Að fjölga merktum hljólaleiðum.
    - Uppbygging ferðaþjónustu verði ekki á kostnað íbúðarbyggðar.
- Áherslur:
    - Uppbygging blandaðrar byggðar, íbúðir og atvinnuhúsnæði.
    - Borgargötur.
    - Hjólastígar.
    - Niðurgrafnir sorpgámar.
    - Að móta skilmála um heimildir til breytinga á húsnæði.

2.6 Framtíðarsýn fyrir skipulag borgarhlutans og þróunarsvæða



Mynd 2. 49. Samsett kort sem sýnir þróunarsvæði, borgargötur og athugunarsvæði.

Framtíðarsýn fyrir borgarhlutann í heild er nokkuð samhljóða framtíðarsýn fyrir hverfin þrjú. Það eru svipaðir styrkleikar og veikleikar í hverfunum, tækifærin svipuð og sams konar ógnir sem steðja að. Markmið hverfisskipulags fyrir borgarhlutann sem heild hljóta fyrst og fremst að ganga út á að gera hann að eins sjálfbærri einingu og kostur er og uppfylla stefnu og markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030.

Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal hefðbundið deiliskipulag. Í slíkri áætlun skal tilgreina framkvæmdatíma áætlunarinnar sem skal vera a.m.k. fimm ár, en ekki lengri en fimmtán ár.

Stór hluti borgarhlutans er skilgreindur sem þróunarsvæði í AR2010–2030.

Skýringar á merkingum á skýringamyndum og texta:

Þ28 Þ37 Þróunarsvæði skv. AR2010–2030

BA1 BA10 Borgar-/aðalgötur skv. AR2010–2030

1. 11. Tillögur að nýjum þróunarsvæðum

NBA1 NBA3 Tillögur að nýjum borgar-/aðalgötum

Skáletrun sýnir áherslur ráðgjafa á þróunarsvæðum umfram það sem fram kemur í Aðalskipulagi:

- **Þ28** Hlíðarendi, blönduð byggð, 500 íbúðir og 60 þús. fm atvinnuhúsnæði. *Breyting: 600 íbúðir og 250 fm atvinnuhúsnæði.*
- **Þ29 HR** Miðsvæði og íbúðasvæði. Aukning á skipulagstímabili 25 þúsund fm atvinnuhúsnæðis og 300 nemendaíbúðir. *Breyting: 350 íbúðir ekki einungis fyrir námsmenn. Jákvætt, m.t.t. skólaeiningar.*
- **Þ30** Hlemmur. *Stýrihópur um Hlemm er að störfum. Aðalskiptistöð er fráfarandi. Hlemmur er segull miðbæjar í austri. Vaxandi svæði vegna sterkara baklands, uppbyggingar Brautarholti 7, Einholti/Þverholti, Smiðjuholti og á Hampiðjureit. Aðstæður góðar fyrir íbúðarbyggð.*
- **Þ31** Holt-Laugavegur. Nokkur þétting byggðar, ekki síst til að skapa heildstæðari götumyndir. Aukning íbúðarhúsnæðis allt að 300 íbúðir. *Deiliskipulag fyrir Brautarholt/Skipholt verði fyrirmynd í markmiðssetningu deiliskipulags (hverfisskipulags). Skólasókn í Háteigsskóla. Fá starfsemi í Þjóðaskjalasafn (gömlu Mjólkurstöð) sem færir meira líf í borgarumhverfið.*
- **Þ32** Háteigskirkja og safnaðarheimil, Tækniskólinn. *Deiliskipulag í gildi, þarfnast endurskoðunar, m.a. vegna hugsanlegra nemendaíbúða við Vatnsholt*
- **Þ33** Menntasvið HÍ, Óháða kirkjan, Háteigsskóli, íbúðir eldri borgara. *Brýnt er að stækka Háteigsskóla vegna fjölgunar íbúða. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúða í suðaustur hluta svæðisins.*
- **Þ34** Skógarhlíð. Aukning byggingarmagns 10–15 þúsund fermetrar. *Lögð er til breyting sem leyfir íbúðir á efri hæðum og smásöluverslun á jarðhæðum. Matvöruverslun leyfð á svæðinu.*
- **Þ35** Veðurstofuhæð. Tillaga að breyttri landnotkun.
- **Þ36** Einholt-Þverholt (Smiðjuholt). *Í uppbyggingu!*
- **Þ37** Hampiðjureitur, Ásholt, Brautarholt 7. *Í uppbyggingu!*

3.1

Háteigshverfi

Verklýsing hverfisskipulagsgerðar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVERFIS SKIPULAG

3 Hverfi 3.1. Háteigshverfi – greining og staða

3.1 Lýsing sbr. 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3.1.1 Almenn lýsing

3.1.1.1 Staðsetning í borgarhlutanum



Háteigshverfi er nyrsta hverfi borgarhlutans. Hverfið er í næsta nágrenni við miðborgina.

3.1.1.2 Staðhættir

Háteigshverfi er þéttbyggt og gróðursælt. Náttúrufar einkenndist áður af holti (Rauðarárholt), mýrum (Norðurmýri) og túnum (Klambratún).

3.1.1.3 Samsetning byggðar

Byggðin er nokkuð þétt og tiltölulega lágreist. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3–8 íbúðum, 2–3 hæðir með kjallara og víða er ris sem nýtt er sem hluti íbúðar eða sem sérstök íbúð. Atvinnuhúsnæði er einkum í norðurhluta hverfisins að Laugavegi, Skipholti og Brautarholti, 2ja–5 hæða byggingar. Hjarta hverfisins og jafnframt borgarhlutans er Klambratún. Það er vinsælt útivistarsvæði fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa og þar eru Kjarvalsstaðir, eitt helsta listasafn borgarinnar.

Háteigshverfi er eitt skólahverfi. Þar er einn almennur grunnskóli, Háteigsskóli, fyrir börn í 1.–10. bekk. Ísaksskóli, er einkaskóli fyrir 5–9 ára börn. Þrír leikskólar eru í hverfinu, Klambrar við Háteigsveg 33, Nóaborg við Stangarholt 11 og Stakkaborg við Bólstaðarhlíð 38. Skólar á framhalds- og háskólastigi eru Tækniskólinn, sem er til húsa í gamla Sjómannaskólanum og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

3.1.1.4 Þróun byggðar

Uppbygging hverfisins hófst á þriðja áratug síðustu aldar þegar skipulögð byggð reis við Hlemm og í Norðurmýri. Um þremur áratugum síðar hafði hverfið tekið á sig þá mynd sem við þekkjum í dag. En stöðug uppbygging og þétting hefur átt sér stað alveg fram á þennan dag og í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

3.1.2 Afmörkun hverfis og skipting í hverfiseiningar



Mynd 3. 1.Háteigshverfi, hverfi 3.1. Afmörkun hverfis og hverfiseininga

Háteigshverfi afmarkast af stórum umferðargötum, Snorrabraut í vestri, Laugavegi til norðurs, Kringlumýrarbraut til austurs og Miklubraut til suðurs. Hverfið skiptist í hverfiseiningar í samræmi við yfirbragð byggðar.

	Magn
Stærð hverfis (ha)	*110 ha*
Fjöldi íbúða	*2880 (Borgarvefsjá okt. 2015)*
Íbúafjöldi	*5766*
Börn á grunnskólaaldri	*556*
Íbúar / íbúð	*2*
Íbúar / ha	*52,4*
Íbúðir / ha	*26,2*

Fjölgun íbúða í Háteigshverfi á skipulagstímabilinu, AR 2010–2030 er 600–650. Eftir stendur að taka fjölgun íbúða á minni reitum inn í þessa tölu og tillögu um fjölgun íbúða á nýjum skilgreindum þróunarsvæðum.

3.1.3 Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri og skipulagslegri stöðu



Mynd 3. 2 Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri, Háteigshverfi.

1 Skipulag/uppdrættir hafa ekki gildi sem deiliskipulag eða þarfnast uppfærslu. Rammaskilmálar, samþykktir og leiðbeinandi gögn s.s. hverfakort. Án uppdráttar. Þörf á skilmálagerð.

1a Upphaflegt skipulag frá 1932(4). Rammaskilmálar frá 1987.

1b Rauðarárholt – Byggingarfélag Reykjavíkur. Skipulag frá 1947(48)

1d Hlíðar, norðan Miklubrautar. Skipulag frá 1946, framkvæmt að hluta.

1e Skipholt/Nóatún

2 Skilmálar meðfylgjandi úthlutun, skriflegir. Uppdráttur eða mæliblað oft með.

Þar kemur m.a. fram byggingarreitur, aðkoma og kvaðir.

Leiðbeinandi skilmálar í hverfakorti. Þarfnast uppfærslu. Þörf á skilmálagerð.

2a Hjálmholt/Vatnsholt.

2c Nóatún

3 Deiliskipulag, heildarskipulag. Samþykkt fyrir skipulags- og byggingarlög 1997/1998. Deiliskipulagsuppdráttur og skýringarmynd. Úthlutunarskilmálar með skýringarmyndum. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð.

3c Ásholt/Laugavegur, Egilsborgir

4 Deiliskipulag, eftir götureitum, skv. skipulags- og byggingarlögum 1998 (nema 4c). Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman. Landnotkun, byggingarheimildir, nýtingarhlutfall o.s.frv. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð (nema 4c).

4b Hlemmur, Tryggingarstofnunarreitur, Bankareitur, Hampiðjureitur, Skipholtsreitur, Einholt/Þverholt, deiliskipulag frá síðustu aldamótum.

4c Skipholt/Laugavegur, deiliskipulag frá síðustu aldamótum.

5 Deiliskipulag, einkum fyrir opinbera starfsemi/samfélagsþjónustu. Yfirleitt ekki íbúðarsvæði. Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman.

5 Tækniskólinn/Háteigsskóli

3.1.4 Stefna, markmið og áherslur fyrir Háteigshverfi

3.1.4.1 Samfélag

Í Háteigshverfi er staðan góð hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu. Stór hópur fólks á barneignaraldri býr í hverfinu og verður lögð áhersla á að skapa góð skilyrði fyrir fjölskyldufólk, m.a. með aukningu stærra íbúðarhúsnæðis og öryggis í umferð s.s. með skilgreiningu öruggra hjólaleiða.

Áhersluatriði varðandi samfélagslega þætti í hverfisskipulagi:

- Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldurssamsetning.
- Íbúaþéttleiki.
- Skólahverfið.
- Húsnæði fyrir alla.
- Atvinna / Störf.
- Framboð verslunar og þjónustu.
- Framboð á matvöruverslunum.
- Öryggi og heilsa.
- Þátttaka íbúa.

3.1.4.2 Gæði byggðar

Í hverfinu er verslun og þjónusta almennt í göngufæri, en hjóla- og gönguleiðir verða styrktar. Vegna nándar við verslun og þjónustu munu íbúar að öllum líkindum nýta sér vistvæna ferðamáta til að sækja þá staði og dregur þannig úr þörf einkabílsins. Stefnt er að því að koma lágvöruverslun í hverfið.

Áhersluatriði er varðar gæði byggðar í hverfisskipulagi:

- Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur.
- Byggðamynstur.
- Göngufjarlægðir (gönguhæfni).
- Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur).
- Almenningsrými.
- Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun).
- Gróðurþekja.
- Borgarbúskapur.
- Hönnun og arkitektúr.
- Staðarandi.

Gæði byggðar liggja að stórum hluta í því hvernig rýmið milli bygginganna er, þ.e. götur og almenningsrými. Til að auka gæði byggðar í hverfinu er mikil áhersla lögð á víðtæka notkun gatna og almenningsrýma. Borgarvæðing stofn- og tengibrauta gegnir þar mikilvægu hlutverki. Jafnframt því sem götur verði endurhannaðar með það að markmiði að gera þær fallegri og draga úr umferðarhraða, verði Klambratún sem er einn mikilvægasti borgargarður Reykjavíkur, styrkt með markvissum aðgerðum.

Almenningsrými og græn svæði



Mynd 3. 3. Almenningsrými og græn svæði.

Hverfisskipulag leggur ríka áherslu að hlúð verði að grænum svæðum í hverfinu.

1. Klambratún

Skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulagi. Stefnt að aðgerðum í samræmi við áherslur á mörgum samráðsfundum og þarfagreiningu.



Uppbygging þjónustu/aðstöðu í tengslum við útivistarsvæðið, einkum nyrst í garðinum. Nefna má félagsmiðstöð ungmenna, útvíkkaða „skólalóð“ Háteigsskóla og þjónustumiðstöð Hlíða.

3.1.4.3 Samgöngur

Áhersla í hverfisskipulagi er á hjólandi umferð, strætó, tengingar við aðliggjandi svæði og umferðaröryggi gangandi og hjólandi. Auk þess verður litið til útfærslu og stýringar á gatnamótum, m.a. með tilliti til ofangreindra áherslna.

Hjólandi umferð

Í Háteigshverfi eru skilgreindar hjólaleiðir, en þær eru ekki afmarkaðar sérstaklega. Í hverfisskipulagi verður lagt mat á þörf þess að afmarka leiðirnar. Flokkar sem litið er til eru skv. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar:

- Sérstakar hjólabrautir: Athuga með Lönguhlíð, Snorrabraut og Miklubraut.
- Hjólareinar: Athuga með Flókagötu, Rauðarárstíg og Skipholt.
- Einfaldar hjólamerkingar: Athuga með Flókagötu og Skipholt.

Strætó

Strætósamgöngur eru góðar í hverfinu. Í hverfisskipulaginu verður litið til útfærslu biðstöðva, þ.e. hvort þörf sé á að bæta aðbúnað. Í skipulagsvinnu verður lagt mat á hvort biðstöð þurfi að vera yfirbyggð eða einfaldari útfærsla dugi eða henti frekar.

Jafnframt verður í hverfisskipulaginu horft til þróunar á Hlemmi, þ.e. hvort og hvers konar skiptistöð sé ráðgerð þar í framtíðinni.

Tengingar við aðliggjandi svæði

Hverfið er afmarkað af umferðarþungum stofn- og tengivegum, sem eru Laugavegur, Snorrabraut, Kringlumýrarbraut og Miklabraut. Á aðliggjandi svæðum eru þjónustusvæði sem íbúar sækja, s.s. Kringlan, Laugardalur, Öskjuhlíð, Hlíðarendi og miðborgin. Víða eru gönguljós, en mikilvægt er að skoða mögulegar aðgerðir til að bæta tengingar hverfisins. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort annars konar útfærsla henti betur s.s. undirgöng og göngubrýr.

Umferðaröryggi

Flest umferðaróhöpp í hverfinu eru á Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Laugavegi og Snorrabraut. En auk þeirra eru nokkur á Lönguhlíð og Flókagötu. Í hverfisskipulagi verður lögð áhersla á að stuðla að auknu öryggi og þá sérstaklega gangandi og hjólandi. Hluti af aðgerðum snúa að merkingum hjólaleiða og tenginga hverfisins. Sérstök áhersla verður lögð á þveranir umferðargatna. Í hverfisskipulagi verður farið yfir staðsetningu núverandi þverana, hvort eigi að breyta þeim eða fjölga. Þá verði litið til hvers konar þveranir séu ákjósanlegastar. Innan hverfisins verði sérstaklega litið til Lönguhlíðar m.t.t. umferðar skólabarna og aðgengi að Klambratúni.

Aðgerðir vegna umferðarhávaða og -mengunar

Mikil umferð er um Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Lönguhlíð. Í hverfisskipulagi verður litið til mögulegra aðgerða til að draga úr áhrifum umferðarhávaða, umfram það sem felst í að breyta ferðavenjum. Sérstaklega verður litið til íbúðarbyggðar við eftirfarandi götur:

- Syðri hluta Snorrabrautar.
- Lönguhlíð/Nóatún.
- Kringlumýrarbraut, þ.e. fjölbýlishúsin við Bólstaðarhlíð sem standa næst Kringlumýrarbraut.
- Miklabraut. Annars vegar íbúðarbyggðin við Skaftahlíð á milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar, og hins vegar við Bollagötu.

Í hverfisskipulaginu verður lögð til aðgerðaráætlun m.t.t. hávaða og mengunar, sem verður unnin í samráði við umhverfis- og skipulagssvið. Hluti af áætluninni getur verið mælingar á hávaða og loftmengun.

Bílastæði
Bindandi stefna AR 2010–2030 er að í borgarhluta 03 skuli miða við:

- 1 bílastæði á 120 m2 íbúð.
- 0,2 bílastæði á námsmannaíbúð.
- 1 bílastæði að hámarki á 50 m2 atvinnuhúsnæðis.
- Eingöngu bílastæði fyrir starfsfólk og hreyfihamlaða við framhaldsskóla.
- Stæði fyrir reiðhjól eða hjólageymslu fyrir a.m.k. 1 reiðhjól á hverja íbúð.
- Hjólastæði við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsmanna skóla. Helmingur stæða skal vera yfirbyggður.
- Stæði fyrir reiðhjól skulu vera að lágmarki 6 á hverja 1.000 m^2. Hjólastæði skulu vera sem næst inngangi.

3.1.4.4 Vistkerfi og minjar

Áhersla er lögð á upprunalegan gróður, jarðmyndanir, ofanvatn og menningarminjar.

Gróin svæði
Við skipulag hverfisins verður svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er. Þar er um að ræða lóðina við Sjómannaskólann (Tækniskólann), Háteigskirkju og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Jarðmyndanir
Í hverfisskipulaginu verður tekið tillit til þeirra grágrýtisklappa sem enn eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Sérstaklega á þetta við þar sem um þróunarsvæði er að ræða, við Sjómannaskólann og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ofanvatn
Almennt er talið ákjósanlegast að ofanvatn hripi niður í jarðveginn og skila sér þannig í náttúrulega hringrás vatnsins í stað þess að því sé veitt um fráveitu til sjávar. Gegndræpi yfirborðs í hverfinu er á bilinu 25–50% í dag og mun verða leitað leiða í skipulagi hverfisins til að halda þessu hlutfalli eða auka það. Ef gengið verður á gegndræpt yfirborð þarf að huga að mögulegum ofanvatnslausnum.

Menningarminjar
Fjölmörg hús og mannvirki í hverfinu hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og verður leitast við að undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu.

3.1.4.5 Orka og auðlindir

Í hverfisskipulaginu verður áhersla lögð á að byggja upp á vannýttum eða þegar röskuðum svæðum, leggja fram stefnu um orku- og vatnsnotkun í nýrri byggð og stuðla að árangursríkri úrgangsstjórnun.

Nýting lands

Eftir að endurskoðuð verklýsing hafði verið kynnt á íbúafundi borgarstjóra fór hún í efnislega umfjöllun hjá umhverfis- og skipulagsráði og var síðan samþykkt af borgaráði 5. nóvember 2015 í auglýsingu. Samhliða var verklýsing send til umsagnar hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Verklýsingin var auglýst í 4 vikur. Umsagnir og ábendingar sem borist höfðu á auglýsingartíma voru síðan teknar til efnislegrar meðferðar hjá umhverfis- og skipulagsráði 3. febrúar 2016.

4.1.2. Stefnumótun og framtíðarsýn
Þegar verklýsing hafði verið auglýst hófst vinna við næsta verkþátt sem var stefnumótun og framtíðarsýn fyrir borgarhlutann og einstök hverfi innan hans. Þessi vinna byggðist á efni í verklýsingum og hugmyndum sem borist höfðu á kynningartíma verklýsingar. Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í þessum verkþætti var margháttað og er lýst nánar í kafla 4.1.3.

4.1.3 Fyrsti fasi samráðs við íbúa og hagsmunaaðila í borgarhlutanum
Þegar drög að stefnumótun og framtíðarsýn lágu fyrir hófst fyrsti fasi samráðs við íbúa og hagsmunaaðila og var leitað álits hverfisráðs og drögin kynnt íbúasamtökum.

Á þessu stigi var ákveðið að fá Gallup til þess að prófa hugmyndir í rýnihópum áður en þær færu í opinbera umfjöllun, sjá yfirlit yfir rýnihópa fyrir neðan.

Rýnihópar Gallup í Hlíðum
Í borgarhluta 3 Hlíðum voru myndaðir fjórir rýnihópar og fór vinna þeirra fram á tímabilinu 29. til 30. mars 2016. Hver fundur tók um eina og hálfa klukkustund. Mæting var ágæt eða frá 7 til 11 í hverjum hópi. Kynnt voru drög að framtíðarsýn fyrir öll hverfin í borgarhlutanum sem tóku til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgangna, grænna áherslna og skilmála fyrir núverandi byggð. Þessi drög voru kynnt með glærum á skjávarpa og fylgdust ráðgjafar og fulltrúar Reykjavíkurborgar með umræðum í öðru rými.

Gerð er grein fyrir niðurstöðum rýnihópa í kafla 5.

Skapandi samráð í Háteigsskóla
Háteigsskóli var fyrri skólinn í borgarhlutanum til að taka þátt í Skapandi samráði sem fór fram 29. febrúar til 4. mars 2016. Þá unnu nemendur í 6. bekk við smíði líkans af hverfinu. Við upphaf vinnunnar fengu nemendur stutt fræðsluerindi um arkitektúr, skipulagsmál, vistvænar samgöngur og græn svæði í borginni. Fræðsluerindin voru haldin af starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs og vinnu við módelgerðina var sömuleiðis stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Nemendur máluðu módelgrunninn, bjuggu til hús úr pappír og tré úr vattkúlum og tannstönglum. Rúmlega 40 börn tóku þátt í vinnunni í Háteigsskóla.

Valfundur nemenda þar sem börnin sem unnu að gerð módelsins gátu komið á framfæri eigin hugmyndum um úrbætur og framtíðarsýn hverfisins, var haldinn í vikunni á eftir, þriðjudaginn 8. mars.

Skapandi samráð í Hlíðaskóla
Módelgerð í Hlíðaskóla fór fram dagana 7. til 11. mars 2016. Nemendur í 6. bekkjum unnu að gerð módelsins og var fyrirkomulag vinnunnar með sama sniði og í Háteigsskóla. Byrjað var á fræðsluerindum áður en módelgerðin hófst og var vinnunni stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Um það bil 35 börn tóku þátt í vinnunni í Hlíðaskóla.

Valfundur nemenda var haldinn í vikunni á eftir, mánudaginn 14. mars.

Íbúafundur í Hlíðaskóla
Tveir íbúafundir voru haldnir í borgarhlutanum og var sá fyrri í Hlíðaskóla þriðjudaginn 17. maí 2016 kl. 19.30 til 21.00. Fundurinn var ætlaður íbúum í Hlíðahverfi og kynnt var framtíðarsýn fyrir Hlíða- og Öskjuhlíðarhverfi.



Mynd 4.2
Nemendur í Háteigskóla við líkan af hverfinu sem þeir tóku þátt í að fullklára. Myndin er frá því í febrúar 2016.



Mynd 4.3
Nemendur í Hlíðaskóla við líkan af hverfinu sem þeir tóku þátt í að fullklára. Myndin er frá því í maí 2016.

Fundarformið var eins og lýst var í kafla 3.1.7 og á fundinn mættu um 40–50 manns. Góðar umræður sköpuðust milli íbúa, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins og margar áhugaverðar ábendingar voru skráðar í miðasjá Skapandi samráðs.

Íbúafundur í Háteigsskóla
Seinni íbúafundurinn var haldinn í Háteigsskóla miðvikudaginn 18. maí 2016 kl. 19.30 til 21.00. Fundurinn var ætlaður íbúum Háteigshverfis.

Eins og áður var fundarformið eins og lýst var í kafla 3.1.7. Mæting var svipuð og á fundinn í Hlíðaskóla, u.þ.b. 40-50 íbúar. Fundurinn gekk mjög vel og eins og á fyrri fundinum voru ýmis mál rædd óformlega meðal gesta, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins og fjölmargar hugmyndir skráðar í miðasjána.

Sýning í Tjarnarsal Ráðhússins
Í tilefni þess að búið var að halda íbúafundi í öllum fjórum borgarhlutunum var opnuð sýning á afrakstri hverfisskipulags fimmtudaginn 9. júní 2016 í Tjarnarsal Ráðhússins, en sýningin var opin til miðvikudagsins 15. júní. Þar voru sýndar hugmyndir ráðgjafa að framtíðarsýn í Hlíðum, Háaleiti, Bústöðum, Breiðholti og Árbæ ásamt líkönunum sem 6. bekkingar í hverfisskólunum höfðu búið til.

Á opnunarhátíðina var boðið öllum 6. bekkingum sem tekið höfðu þátt í verkefninu og þeim veitt viðurkenning fyrir þátttökuna.

Á meðan á sýningunni stóð höfðu starfsmenn umhverfis- og skipulagsráðs viðveru allan tímann. Töluvert rennsli var af fólki á sýninguna. Það voru hins vegar mest erlendir ferðamenn sem voru komnir til að skoða Íslandslíkanið sem tekur stóran hluta af Tjarnarsalnum þegar það er til sýnis. Giskað er á að hátt í 80% gesta á sýningunni hafi verið erlendir ferðamenn.

4.1.4 Annar fasi samráðs
Í október 2021 voru vinnutillögur að nýju hverfisskipulagi settar í forkynningu áður en lokahönd var lögð á tillögurnar. Forkynningar- og samráðsferlið hófst með því að sett var á laggirnar sérstök kynningarsíða á vinnutillögunum.



Kynningarsíða
Um miðjan nóvember 2021 var sett upp sérstök vefsíða á slóðinni hverfisskipulag.is/kynning/hlidar þar sem helstu vinnutillögur að hverfisskipulagi voru kynntar.

Kynningarsíðan var auglýst með keyptum auglýsingafærslum á Facebook og Instagram og var markhópur auglýsinganna íbúar í Hlíðum 18 ára og eldri. Birtingartímabil auglýsinganna var 19. nóvember 2021 – 21.janúar 2022 og á þeim tíma náðu auglýsingarnar til xxx manns. sáu XXXXXX manns færslurnar og af þeim smelltu XXXXXX á hlekkinn til að opna kynningarsíðuna. Síðunni var einnig deilt en á hverfissíður Hlíða á Facebook (Hlíðar – besta hverfið! og Upplýsingataflan – Hlíðar, Holt og Norðurmýri). Frá því síðan fór í loftið og fram til 21. janúar 2021 heimsóttu XXXXX manns síðuna.

Sýning og viðvera í borgarhlutanum
Starfsfólk hverfisskipulags var með viðveru á Kjarvalsstöðum dagana 19.–26. nóvember 2021. Þar mátti kynna sér vinnutillögurnar og fá svör við spurningum frá starfsfólki hverfisskipulagsins. Á staðnum voru einnig sérstök eyðublöð til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við tillögurnar. Einnig var boðið upp á að senda athugasemdir og ábendingar í tölvupósti.

Samkvæmt skráningu starfsfólks komu u.þ.b. 140 manns á Kjarvalsstaði og 13 ábendingar/athugasemdir bárust á útfylltum eyðublöðum. Til loka kynningartímans, 21. janúar, bárust auk þess 16 athugasemdir í tölvupósti á skipulag@reykjavik.is.

Mynd 4.4
Mynd frá sýningunni í Tjarnarsal ráðhússins.

Hverfisgöngur
20. nóvember 2021 (á sama tímabili og viðvera var á Kjarvalsstöðum) voru farnar tvær hverfisgöngur þar sem vinnutillögur hverfisskipulags voru kynntar af starfsfólki hverfisskipulags og skipulagsráðgjöfum. Göngurnar voru farnar kl. 10.00 í Háteigshverfi og 13.00 í Hlíðahverfi. Í hvorri göngu tóku u.þ.b. 50 manns þátt.

Netkönnun – Maptionnaire

Netkönnunin var opin dagana 1.-9. febrúar 2022, í síðustu viku kynningartíma vinnutillagnanna. U.þ.b. 65 manns svöruðu könnuninni á þeim tíma.

Íbúafundur borgarstjóra
Borgarstjóri hélt íbúafund á Kjarvalsstöðum fyrir íbúa Hlíða miðvikudagskvöldið 2. febrúar 2022, kl. 20.00 til 22.00. Á fundinum voru kynntar helstu vinnutillögur að hverfisskipulagi sem þá voru í kynningu, farið yfir athugasemdir sem borist höfðu á þeim tíma og kynnti netkönnun sem þá var komin í loftið og athugasemdafrest til 9. febrúar. U.þ.b. 70 manns mættu á fundinn.

4.1.5 Þriðji fasi samráðs
Gerð verður grein fyrir samráðs- og kynninfarferli þriðja fasa þegar þar að kemur.

4.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð hefur verið haft við fjölda aðila innan borgarkerfisins við gerð hverfisskipulagi í þessum borgarhluta. Um er að ræða samráð við kjörna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og ráðum, hverfisráði og fulltrúa eininga og sviða sem verkefnið tengdist.

Stýrihópur hverfisskipulags
Hluti af innra eftirliti með verkefninu var á hendi stýrihóps sem hafði það hlutverk að tryggja gæði skilagagna, fylgjast með framvindu og tryggja að tekið væri tillit til niðurstaðna úr samráði við íbúa. Í stýrihóp hafa setið borgarstjóri og kjörnir fulltrúar meirihluta ásamt embættismönnum. Frá því að 2. áfangi hverfisskipulags hófst rétt eftir 2015 hefur stýrihópur verið með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Fundirnir voru haldnir í Maríubúð á 3. hæð í Ráðhúsinu undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Umhverfis- og skipulagsráð / skipulags- og samgönguráð
Á vinnslutíma 2. áfanga hverfisskipulags (janúar 2015 – janúar 2022) hefur verið fjallað um málefni tengd hverfisskipulagi á u.þ.b. 50-60 fundum ráðanna.

Í upphafi voru verk- og tímaáætlanir ásamt áætlunum um samráð bornar undir umhverfis- og skipulagsráð. Næsti liður í samráði við umhverfis- og skipulagsráð var síðan að fjalla efnislega um skipulags- og matslýsingu (eða það sem kallað er verklýsingar) fyrir hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum. Þessar verklýsingar voru kynntar og ræddar í ráðinu sem síðan samþykkti að senda þær í opinbera kynningu.

Verklýsingar fyrir borgarhlutana Árbæ og Breiðholt fengu efnislega umfjöllun í umhverfis- og skipulagsráði á vormánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutann Hlíðar fékk efnislega umfjöllun á haustmánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutann Háaleiti-Bústaðir fékk síðan efnislega umfjöllun á fyrri hluta árs 2016.

Hugmyndir að framtíðarsýn fyrir borgarhlutana Árbæ, Breiðholt, Hlíðar og Háaleiti-Bústaði voru kynntar og ræddar á vormánuðum 2016 samhliða íbúafundum úti í hverfunum sem fóru þá fram.

Niðurstöður úr samráði við íbúa voru kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði á haustmánuðum 2016.

Mynd 4.5
Nemendur í Hlíðaskóla við líkan af hverfinu.



Á vormánuðum 2017 var staðan í vinnunni við hverfisskipulag í borgarhlutunum Árbæ, Breiðholti, Hlíðum og Háaleiti- Bústöðum kynnt fyrir ráðsmönnum. Jafnframt voru drög að skipulagsskilmálum kynnt.

Sumarið 2018 var umhverfis- og skipulagsráði skipt upp í tvö ráð; skipulags- og samgönguráð annarsvegar og umhverfis- og heilbrigðisráð hinsvegar. Síðan þá hefur hverfisskipulag heyrt undir skipulags- og samgönguráð.

Þess ber að geta að mikil nýsköpunar- og þróunarvinna hefur verið unnin í hverfisskipulagi. Þessi vinna hefur aðallega falist í því að skilgreina og þróa hverfisskipulagið sem nýja skipulagsaðferð á Íslandi. Á haustmánuðum 2018 var hverfisskipulag í þremur hverfum í borgarhluta 7 Árbæ, ásamt 14 leiðbeiningum, tilbúið í kynningar- og samþykktarferli. Hverfisskipulag í þessum þremur hverfum tók síðan gildi í nóvember 2019 eftir umfangsmikið kynningar- og samþykktarferli. Vinna við endanlegan frágang á hverfisskipulagi í öðrum borgarhlutum, þ.m.t. Hlíðum, var því látið bíða þangað til hverfisskipulag í Árbæ hafði tekið gildi enda voru þar lagðar línur um helstu þætti vinnunnar.

Haustið 2021 voru vinnutillögur að hverfisskipulagi og kynningaráætlun fyrir öll hverfi Hlíða kynntar í skipulags- og samgönguráði. Að afloknum kynningartíma vinnutillagnanna voru ráðinu gerð grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartímanum og hvernig unnið verður með þær.

Einingar og svið Reykjavíkurborgar

Umfangsmikið samráð var haft við einingar og svið Reykjavíkurborgar en yfir 60 formlegir fundir og kynningar eru skráðar sem tengjast þessum aðilum.

Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar fór fram með tvennum hætti. Annars vegar voru haldnir fjölmargir kynningarfundir fyrir starfsmenn í einstökum deildum og sviðum í samráði við yfirstjórnendur. Hins vegar fór samráðið þannig fram að þær einingar og svið sem talin voru hafa sérstakra hagsmuna að gæta í vinnu við hverfisskipulag voru beðin um að tilnefna sérfræðinga til að vinna með verkefnisstjórn hverfisskipulagsins til að sjá til þess að þeirra sjónarmið kæmust til skila í vinnunni.

Hér þykir rétt að nefna sérfræðinga borgarinnar á sviði skipulags- og byggingarmála, samgöngumála, framkvæmda- og mannvirkjamála, umhverfismála, sorp- og endurvinnslumála, íþróttamála, velferðarmála, skóla- og frístundamála, menningar- og ferðamála o.fl.

Meginhlutverk þessara sérfræðinga var að:

- veita verkefnisstjórn og ráðgjafahópum sem eru að vinna að hverfisskipulagi í einstökum borgarhlutum faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem

Mynd 4.6
Flygildi.



þeir eru fulltrúar fyrir,

- taka þátt í að móta og rýna tillögur að hverfisskipulagi í hverfunum.

Samráð við þessa sérfræðinga fór fram á vinnufundum verkefnisstjórnar hverfisskipulags og sérstökum vinnufundum með ráðgjöfum hverfisskipulags. Einnig með því að sérfræðingarnir unnu ákveðin verkefni. Yfirlit yfir þessa vinnufundi er ekki að finna í lista yfir samráðsfundi en minnispunktar frá vinnufundum eru í skjalasafni hverfisskipulags.

Íbúaráð/Hverfisráð í BH3 Hlíðum

Mikilvægur hluti samráðs við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin í Hlíðum fór í gegnum hverfisráð borgarhlutans, sem í dag heita íbúaráð. Samráðið fór þannig fram að verkefnisstjóri hverfisskipulags kynnti verk- og tímaáætlanir og fór yfir helstu hugmyndir sem voru í vinnslu á hverjum tíma á formlegum fundum hverfisráðsins. Þess á milli fundaði verkefnisstjóri með formanni og varaformanni hverfisráðs. Samkvæmt lista yfir samráðsfundi eru skráðir fundir verkefnisstjóra með aðilum úr hverfis- og íbúaráðum Hlíða 5 talsins.

4.3 Opinberar stofnanir og fyrirtæki

Samráð við opinberar stofnanir og fyrirtæki var skipulagt með tvennum hætti. Annars vegar var um að ræða samráð við aðila sem hafa það hlutverk að veita umsagnir um skipulagsgögn hverfisskipulagsins. Þetta eru aðilar eins og Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðin, nærliggjandi sveitarfélög o.s.frv. Hins vegar er um að ræða aðila sem hafa beinna hagsmuna að gæta vegna eignaraðildar eða umsjónar með ákveðnum þáttum á skipulagssvæðinu. Þetta eru t.d. Veitur ohf, sem er dótturfyrirtæki OR, og Vegagerðin.

Aðilar með umsagnarhlutverk

Í upphafi vinnu við hverfisskipulag var leitað umsagna við skipulags- og matslýsingar og óskað eftir skriflegum umsögnum hjá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun,
- Umhverfisstofnun,
- nærliggjandi sveitarfélögum,
- svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins,
- Heilbrigðiseftirliti,
- Minjastofnun Íslands,
- Vegagerðinni,
- Veðurstofu Íslands,
- Strætó bs.,
- Veitum (Orkuveitunni),
- öðrum hlutaðeigandi stofnunum eftir atvikum.

Þegar tillaga að hverfisskipulagi verður tilbúin verður hún send til umsagnar hjá sömu aðilum.

Þess ber að geta að Skipulagsstofnun hefur einnig ráðgefandi hlutverki að gegna en stofnunin á að tryggja að þau gögn sem hverfisskipulagið lætur útbúa standist ákvæði skipulagslaga og reglugerða. Því hefur í vinnu við hverfisskipulagið verið haft nánara samráð við stofnunina, m.a. með sérstökum fundum þar sem ákveðin mál hafa verið rædd. Í fundaryfirliti fyrir þennan málaflokk eru skráðir 15 formlegir fundir, þar af fimm fundir með Skipulagsstofnun.

4.4 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst

Upplýsingum um hverfisskipulagið hefur reglulega verið komið á framfæri með eftirfarandi hætti:

- á heimasíðu hverfisskipulagsins með helstu upplýsingum og möguleikum á að koma ábendingum á framfæri
- á sérstakri kynningarsíðu hverfisskipulags fyrir borgarhlutann Hlíðar
- á Facebook-síðu verkefnisins
- með upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla
- með prentuðu upplýsingaefni á vegum Reykjavíkurborgar

Sérstaklega ber að nefna miðasjá hverfisskipulags.


ÚFF, SPRAUTU-
NÁLAR OG BJÓR-
DÓSIR HÆGRI
VINSTRI.
ÉG ÓTTAST BARA
UM ÖRYGGI MITT
HÉRNA
JÁ ÞAÐ
VANTAR ALVEG
GÖTULJÓS.

KAFLI

5

Helstu niðurstöður samráðs

EFNISYFIRLIT

5.1 Háteigshverfi

5.2 Hlíðar

5.3 Öskjuhlíðarhverfi


5

5. Helstu niðurstöður samráðs

Gerð er grein fyrir niðurstöðum samráðs við íbúa og hagsmunaaðila í borgarhluta 3, fyrir fyrsta fasa samráðs (2016) þar sem niðurstöður eru greindar eftir hverfum, og fyrir annan fasa samráðsins (2021-2022) þar sem niðurstöður eru birtar fyrir borgarhlutann í heild og/eða fyrir einstök hverfi og hverfahluta eftir því sem við á. Í fyrsta fasa samráðsferlisins var leitað eftir viðhorfum íbúa til hugmynda að framtíðarsýn borgarhlutans sem kynnt var á íbúafundum og kallað eftir hverskonar ábendingum og tillögum frá íbúum sem nota mætti til að styrkja tillögurnar. Í öðrum fasa samráðsferlisins var óskað eftir viðbrögðum, athugasemdum og ábendingum við vinnutillögum að hverfisskipulagi sem unnar höfðu verið með hliðsjón af niðurstöðum samráðs í fyrsta fasa.

Gerð er nákvæm grein fyrir aðferðafræðinni sem beitt var við samráð í kafla 3 í þessari skýrslu og ferli samráðsins í kafla 4.

Þegar dregnar eru saman niðurstöður úr samráði og gerð grein fyrir þeim er mikilvægt að setja ákveðna fyrirvara. Þrátt fyrir góða kynningu á tillögum og umtalsverða aðsókn á heimasíðu hverfisskipulags er það minnihluti íbúa sem tjáir sig skriflega um tillögur hverfisskipulagsins í formi athugasemda.

Í fyrsta samráðsfasa voru í borgarhluta 3 myndaðir fjórir rýnihópar með 7–11 íbúum í hverjum rýnihóp eða um 40 manns. Á tvo íbúafundi sem haldnir voru í borgarhlutanum í fyrsta fasa mættu samtals um 80–100 manns. Í öðrum fasa samráðsins mættu um 140 íbúar í viðveru á Kjarvalsstöðum og kynntu sér vinnutillögurnar. Þá bárust 34 athugasemdir við tillögurnar sem verður að teljast lítið fyrir borgarhluta þar sem búa 13-14 þúsund íbúar.

Segja má að meirihluti íbúa hafi ekki tekið virkan þátt í samráðsferlinu hver svo sem ástæðan fyrir því er. Samráðið getur hafa farið fram hjá einhverjum íbúum þrátt fyrir góða auglýsingu og kynningu og ágæta aðsókn að kynningarsíðunni um vinnutillögur í Hlíðum. Eins og fram hefur komið voru yfir 1000 heimsóknir á kynningarsíðu hverfisskipulags í nóvember 2021 til febrúar 2022, á kynningartíma vinnutilagnanna. Einnig má gera ráð fyrir að einhver hluti íbúa hafi ekki tekið

þátt vegna þess að þeir hafi almennt litlar skoðanir á skipulagsmálum hverfisins eða að þeim hugnist vel framtíðarsýnin og tillögurnar sem kynntar voru á umræddri kynningasíðu og geri því ekki athugasemdir við þær. Aðsóknartölur að kynningarsíðu vinnutillagna hverfisskipulags í Hlíðum gefa ástæðu til að ætla að talsvert fleiri hafi kynnt sér tillögurnar en þeir sem virkan þátt hafa tekið í samráðsferlinu sem gerð hefur verið grein fyrir í þessari skýrslu.

Þó að ýmis gögn sem verða til í samráðinu sé hægt að draga saman í tölfræðilegar upplýsingar þarf að setja fyrirvara við að nota gögnin á þann hátt bæði vegna þess hversu lágt hlutfall heildaríbúafjölda borgarhlutans lét í ljós álit sitt með þessum hætti.

Samráðsaðferðirnar hafa þó dregið fram fjölbreyttar skoðanir íbúa á margvíslegum málum. Þær gefa nokkuð góða vísbendingu um hvert þeir íbúar sem tóku virkan þátt í samráðinu vilja stefna. Rétt þykir að benda á að þótt flestar hugmyndir sem koma fram tengist beint skipulagsmálum er eitthvað um athugasemdir við viðhald og rekstur en slíkum hugmyndum hefur verið komið á framfæri við viðkomandi einingar og deildir Reykjavíkurborgar.

5.1 Fyrsti fasi 2016

Yfirlit yfir skráðar niðurstöður

Borgarhluti 3, allir miðar eftir síun	samtals	%
Samfélag	156	24,4
Gæði byggðar	204	31,9
Samgöngur	228	35,7
Vistkerfi og minjar	17	2,7
Orka og auðlindir	25	3,9
Mannvirki	9	1,4
Náttúruvá	0	0,0
Samtals	639	100,0

Tafla 1. Yfirlit yfir skráða miða í miðasjá fyrir borgarhluta 3 Hlíðar en miðarnir koma frá íbúafundum og valfundum með nemendum. Hægt er að skoða þessa miða á hverfisskipulag.is undir miðasjá.

Mynd 5.1.
Íbúafundur í Hlíðarskóla


ægð né óánægð/jákvæð
ð gagnvart hugmynd
/neikvæð gagnvart

Háteigshverfi

Í úrvinnslu samráðs í Háteigshverfis hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið mótar stefnu um og hins vegar til tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og falla undir sjö lykilstoðir Gátlista um vistvæna byggð. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðar er fjallað um málefni sem dregin eru fram undir lykilstoðum um Gátlista um vistvæna byggð.

Stefna og áherslur aðalskipulags
Miklabraut

Í rýnihópum og á íbúafundum voru kynntar hugmyndir um breytingar á Miklubraut með það að markmiði að auka öryggi vegfarenda og minnka og hljóð- og loftmengun frá götunni. Annarsvegar voru kynntar hugmyndir um að grafa Miklubraut í göng milli Stakkahlíðar og Rauðarárstígs og hinsvegar um að gera Miklubraut að borgargötu, byggja að götunni, lækka hámarkshraða og sporna gegn hljóðmengun með sértækum aðgerðum.

Hugmyndin um að grafa Miklubraut í göng hlaut góð viðbrögð, bæði í rýnihópum og á íbúafundum. Töldu þátttakendur að með göngum væri hægt að auka öryggi, minnka hjóð- og loftmengun í borgarhlutanum og tengja hverfin betur saman. Þátttakendur höfðu margir litla trú á að aðrar sértækar lausnir, s.s. um lækkun hámarkshraða, myndu leysa áðurgreindan vanda. Margir tóku vel í að ef gegnumakstursumferð færi í göngum undir yfirborði mætti gera rólega borgargötu á yfirborðinu. Fannst sumum þátttakendum í rýnihópum að göngin mættu einnig byrja austar en við Stakkahlíð.

Skiptar skoðanir voru um hugmyndir um þéttingu byggðar meðfram Miklubraut næst Kringlumýrarbraut. Heldur fleiri voru mótfallnir hugmyndunum en yngra fólk almennt jákvæðara.

Klambratún

Í rýnihópum voru kynntar tvennskonar hugmyndir að framtíðarsýn fyrir Klambratún, annarsvegar með áherslu á svæðið sem hefðbundinn borgargarð með áherslu á innviði fyrir útivist og leiki, dvalarsvæði o.þ.h., og hinsvegar sem svæði fyrir ýmiskonar menningar- og félagsstarfsemi, m.a. með uppbyggingu félagsmiðstöðvar fyrir alla aldurshópa á túninu.

Mjög skýrt kom fram í rýnihópum að þátttakendur voru hrifnir af báðum áherslum fyrir framtíð Klambratúns og töldu annað ekki útiloka hitt. Almennt koma fram í viðhorfum fólks að það lítur á Klambratún sem hjarta borgarhlutans og flestir er ánægðir með svæðið og sækja það reglulega. Margir lýstu ánægju með hugmyndir um uppbyggingu félagsmiðstöðvar á túninu og töldu slíka starfsemi geta styrkt Klambratún enn frekar. Almennt var mikil jákvæðni með að Klambratún væri nýtt til hverskonar menningarviðburða, s.s. tónleika og sirkussýninga, en að stýra þyrfti álaginu svo ekki skapaðist af því of mikið ónæði fyrir íbúa. Í rýnihópum komu fram fjölmargar hugmyndir um aukna nýtingu á svæðinu, s.s. skautasvell, hundagerði, hlaupabrautir o.fl.

Gististarfsemi

Spurt var sérstaklega um viðhorf þátttakenda í rýnihópum til gististarfsemi í hverfinu og hugmynda um að heimildir fyrir gististaði yrðu takmarkaðar við skilgreindar borgargötur.

Almennt töldu þátttakendur að gististarfsemi væri ekki að skapa mikil vandamál í hverfinu og að ferðamenn lífguðu upp á hverfið. Fáir nefndu að hávaði frá ferðamönnum að koma og fara um nætur væri vandamál en þátttakendum leist yfirleitt vel á að gististaðir væru við borgargötur frekar en inn í íbúðargötum.

Mynd 5.2.
Háteigshvefi og Klambratún



Nærþjónusta
Í rýnihópum og á íbúafundum var ekki mikil umræða um nærþjónustu innan hverfisins. Í tengslum við mögulega þéttingu meðfram Miklubraut var rætt um möguleikann á verslunar og þjónustuhúsnæði en töldu margir ekki þörf á verslunarhúsnæði þar vegna nálægðar við Laugaveg og Kringlu. Hugmyndir um breytingar á Skógarhlíð, með verslun- og þjónustu á jarðhæðum, fékk hinsvegar góð viðbrögð. Hugmyndir sem kynntar voru á veggspjöldum á íbúafundum um hlúa að verslun og þjónustu í borgarhlutanum með því að takmarka heimildir til breytinga á verslunarhúsnæði í íbúðir hlutu einnig mjög góð viðbrögð á svarblöðum sem skilað var í lok fundanna. Nokkrir þátttakendur í rýnihópum og á íbúafundum sögðu helst vanta kaffihús og bakarí í göngufæri.

Fastmótuð gróin byggð
Í rýnihópum var leitað viðbragða við hugmyndum um að takmarka heimildir til breytinga á húsum, s.s. breytinga á þaki, svölum, girðingum, kvistum o.s.frv., til að varðveita byggðarmynstur í einstaka hverfishlutum.

Meirihluti þátttakenda var samþykkur hugmyndum um verndun útlits og byggðarmynsturs eins og þær voru kynntar og sögðust flestir tilbúnir til að taka á sig kvaðir og hömlur á breytingum. Fram kom að mikilvægt væri að góðar leiðbeiningar þyrfti fyrir fasteignaeigendur að fylgja varðandi mögulegar breytingar á húsum og fylgja þyrfti slíkum reglum vel eftir.

Borgargötur
Í rýnihópum og á íbúafundum voru kynntar hugmyndir um borgargötur. Umræður um þær náðu þó ekki miklu flugi nema um mögulega borgargötu á Miklubraut ef mesti umferðarþunginn færðist neðanjarðar í göng, sbr. umfjöllun að ofan um Miklubraut.

Hjólreiðar
Ekki var mjög mikil umræða um hjólreiðar í rýnihópum en fram kom samt að nokkrir þátttakendur hjóla reglulega um hverfið. Almennt var að heyra að vilji væri til að bæta aðstæður til hjólreiða í hverfinu og sáu t.d. þátttakendur tækifæri til bættra aðstæðna hjólafólks á rólegri borgargötu á Miklubraut ef mesti umferðarþunginn færðist í göng neðanjarðar. Hugmyndir um uppbyggingu hjólastígakerfis á forsendum samgönguhjólreiða fengu einnig jákvæð viðbrögð á svarblöðum sem dreift var á íbúafundum auk þess sem á fundunum komu fram óskir um sérstaka hjólastíga meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar.

Gátlisti um visthæfi byggðar – höfuðflokkar

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Háteigshverfi er farin sú leið að greina niðurstöður eftir þeim höfuðflokkum sem tilteknir eru í Gátlista um vistvæna byggð.

SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómstundir, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgun íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þennan flokk út frá hugmyndum sjöttubekkinga í Háteigsskóla annars vegar og fullorðinna íbúa hins vegar, enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Þessi málaflokkur var sá vinsælasti á valfundi nemenda og voru helstu hitasvæði skráðra hugmynda á lóð skólans og Klambratúni. Höfðu nemendur mikinn áhuga á uppbyggingu á aðstöðu til ýmiskonar íþrótta og leikja, s.s. fótbolta, hjólabretta og línuskauta en einnig var áberandi ósk um trampólíngarð.

Klambratún var einnig mikið hitasvæði hugmynda hjá öðrum íbúum hverfisins þó hugmyndir í þessum málaflokki hafi líka dreyfst mun víðar um hverfið. Höfðu íbúar mikinn áhuga á uppbyggingu ýmiskonar innviða í borgarlandinu, s.s. bekkja, drykkjarfonta og annarskonar aðstöðu sem hvetur til útiveru. Einnig eru

ýmiskonar menningarmál ofarlega á baugi eins og uppbygging menningarhúss/ félagsmiðstöðvar, bókasafns og listaverka í opinberu rými.

GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði sem snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, þ.e. byggðarmynstur, staðarandi og efling almenningsrýma.

Helstu hugmyndir sem skráðar voru í þennan flokk af íbúafundum voru um svæði til uppbyggingar íbúarhúsnæðis, s.s. meðfram Kringlumýrarbraut, við Miklubraut og á Heklureit.

SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningsamgöngur og bílastæði.

Fjölmargar athugasemdir bárust í þennan flokk og eðlilega var Miklabraut og umhverfi hennar mikið hitasvæði hugmynda. Langalgengasta hugmyndin sem skráð var af íbúafundum var um að gatan væri sett í göng en á valfundum nemenda komu fram ákveðnar hugmyndir um að hægja þyrfti á umferðinni, að hún væri of mikil og bæta þyrfti gönguþveranir. Á Klambratúni voru einnig margar hugmyndir skráðar um bætta göngustíga og lýsingu á túninu og um hjóla- og göngustíga við Rauðarárstíg, Flókagötu og Miklubraut.

Víða annarsstaðar í hverfinu voru gerðar athugasemdir um akstursrhaða og umferðarmagn. Einnig voru nokkrar óskir um göngubrú yfir Kringlumýrarbraut til móts við Álftamýri og íþróttasvæði Fram.

VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlun ofanvatns, menningar- og fornminja.

Nemendur höfðu fyrst og fremst áhuga á auknum gróðri á Klambratúni. Aðrir íbúar hverfisins kölluðu sömuleiðis eftir auknum gróðri, bæði blómabeðum og kerjum og trjágróðri, á Klambratúni og víðar um hverfið. Nokkuð var einnig um að óskað eftir að svæðið við Grettisgötu, milli Rauðarárstígs og Snorrabrautar, yrði hreinsað upp en þar brann hús til grunna fyrir nokkrum árum. Talsvert var einnig um athugasemdir um hljóð- og loftmengun, sérstaklega við Miklubraut og Snorrabraut.

ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingu og bætta nýtingu auðlinda og betri landnýtingu.

Í þessum flokki voru nánast eingöngu skráðar hugmyndir um fjölgun ruslastampa á opnum svæðum í hverfinu.

MANNVIRKI

Undir þennan málaflokk falla úrbætur á núverandi húsnæði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnæðið í takt við auknar kröfur um vistvænar áherslur.

Mjög fáar athugasemdir eru skráðar í þennan málaflokk en þó eru nokkrar hugmyndir um heimildir til breytinga á húsnæði, s.s. um svalir, kvisti, hækkun á þaki og íbúðir í bílskúrum.

NÁTTÚRUVÁ

Þessum málaflokki tilheyra atriði sem snúa að náttúruvá.

Engar athugasemdir eru skráðar í þennan málaflokk frá íbúafundum eða valfundum nemenda.

Hlíðahverfi

Í úrvinnslu á samráði í Hlíðahverfi hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið dregur fram og hins vegar tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og fjallað er um undir hinum sjö lykilstoðum Gátlista um vistvæna byggð. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðan fjallað um málefni sem tiltekin eru í Gátlistanum.

Stefna og áherslur aðalskipulags

Miklabraut
Í rýnihópum og á íbúafundum voru kynntar hugmyndir um breytingar á Miklubraut með það að markmiði að auka öryggi vegfarenda og minnka og hljóð- og loftmengun frá götunni. Annarsvegar voru kynntar hugmyndir um að grafa Miklubraut í göng milli Stakkahlíðar og Rauðarárstígs og hinsvegar um að gera Miklubraut að borgargötu, byggja að götunni, lækka hámarkshraða og sporna gegn hljóðmengun með sértækum aðgerðum.

Hugmyndin um að grafa Miklubraut í göng hlaut góð viðbrögð, bæði í rýnihópum og á íbúafundum. Töldu þátttakendur að með göngum væri hægt að auka öryggi, minnka hjóð- og loftmengun í borgarhlutanum og tengja hverfin betur saman. Þátttakendur höfðu margir litla trú á að aðrar sértækar lausnir, s.s. um lækkun hámarkshraða, myndu leysa áðurgreindan vanda. Margir tóku vel í að ef gegnumakstursumferð færi í göngum undir yfirborði mætti gera rólega borgargötu á yfirborðinu. Fannst sumum þátttakendum í rýnihópum að göngin mættu einnig byrja austar en við Stakkahlíð, t.d. við Kringlumýrarbraut.

Klambratún
Í rýnihópum voru kynntar tvennskonar hugmyndir að framtíðarsýn fyrir Klambratún, annarsvegar með áherslu á svæðið sem hefðbundinn borgargarð með áherslu á innviði fyrir útivist og leiki, dvalarsvæði o.þ.h., og hinsvegar sem svæði fyrir ýmiskonar menningar- og félagsstarfsemi, m.a. með uppbyggingu félagsmiðstöðvar fyrir alla aldurshópa á túninu.

Mjög skýrt kom fram í rýnihópum að þátttakendur voru hrifnir af báðum áherslum fyrir framtíð Klambratúns og töldu annað ekki útiloka hitt. Almennt koma fram í viðhorfum fólks að það lítur á Klambratún sem hjarta borgarhlutans og flestir er ánægðir með svæðið og sækja það reglulega. Margir lýstu ánægju með hugmyndir um uppbyggingu félagsmiðstöðvar á túninu og töldu slíka starfsemi geta styrkt Klambratún enn frekar. Almennt var mikil jákvæðni með að Klambratún væri nýtt til hverskonar menningarviðburða, s.s. tónleika og sirkussýninga, en að stýra þyrfti álaginu svo ekki skapaðist af því of mikið ónæði fyrir íbúa. Í rýnihópum komu fram fjölmargar hugmyndir um aukna nýtingu á svæðinu, s.s. skautasvell, hundagerði, hlaupabrautir o.fl.

Þ34 Skógarhlíð
Svæðið er skilgreint sem miðsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, blanda skrifstofa, þjónustu og stofnana. Í rýnihópum og íbúafundum voru kynntar

Mynd 5.3.
Skógarhlíð séð til vesturs


pwc

hugmyndir um uppbyggingu blandaðrar byggðar við Skógarhlíð, með verslun og þjónustu á jarðhæðum, og íbúðum og skrifstofum á efri hæðum, samhliða því sem gatan væri gerð að borgargötu.

Hugmyndirnar hlutu mjög góðar viðtökur í rýnihópum og á íbúafundum. Þátttakendur voru sammála um að þar væru vannýtt svæði sem mætti byggja á og tóku vel í hugmyndir um að gatan tengdist Hlíðahverfi betur og fengi fallegra yfirbragð.

Þ35 Veðurstofuhæð
Skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur er um að ræða svæði fyrir skrifstofur og stofnanir og áætlað aukið byggingarmagn um 5-10 þúsund fermetrar. Almennt var tekið vel í að þétta byggð á Veðurstofuhæð en þátttakendur í rýnihópum vildu margir frekar sjá íbúðir en stofnanir.

Bústaðavegur
Um er að ræða athugunarsvæði í hverfisskipulagi á opnu svæði norðan Bústaðavegar milli Litluhlíðar og Veðurstofu Íslands þar sem gert er ráð fyrir að byggja megi 20-25 smágerð sérbýli (sjá nánari afmörkun svæðis í .

Nokkuð skiptar skoðanir voru um uppbygginu á þessu svæði og kom fram í rýnihópum að vestast á svæðinu er mikill halli og svæðið gjarnan nýtt sem sleðabrekka af börnum og öðrum íbúum. Flestum þátttakendum hugnaðist betur að byggja austar á svæðinu.

Gististarfsemi
Spurt var sérstaklega um viðhorf þátttakenda í rýnihópum til gististarfsemi í hverfinu og hugmynda um að gististaðir yrðu takmarkaðir við skilgreindar borgargötur.

Almennt töldu þátttakendur að gististarfsemi væri ekki að skapa mikil vandamál í hverfinu og að ferðamenn lífguðu upp á hverfið. Fáir nefndu að hávaði frá ferðamönnum að koma og fara um nætur væri vandamál en þátttakendum leist yfirleitt vel á að gististaðir væru við borgargötur frekar en inn í íbúðargötum.

Nærþjónusta
Í rýnihópum og á íbúafundum var ekki mikil umræða um nærþjónustu innan hverfisins. Í tengslum við mögulega þéttingu meðfram Miklubraut var rætt um möguleikann á verslunar og þjónustuhúsnæði en töldu margir ekki þörf á verslunarhúsnæði þar vegna nálægðar við Laugaveg og Kringlu. Hugmyndir um breytingar á Skógarhlíð, með verslun- og þjónustu á jarðhæðum, fékk hinsvegar góð viðbrögð. Hugmyndir sem kynntar voru á veggspjöldum á íbúafundum um hlúa að verslun og þjónustu í borgarhlutanum með því að takmarka heimildir til breytinga á verslunarhúsnæði í íbúðir hlutu einnig mjög góð viðbrögð á svarblöðum sem skilað var í lok fundanna. Á íbúafundum voru skráðar hugmyndir um aukna þjónustu í hverfið, s.s. um kaffihús/bar, sjoppu og fiskbúð.

Fastmótuð gróin byggð
Í rýnihópum var leitað viðbragða við hugmyndum um að takmarka heimildir til breytinga á húsum, s.s. breytinga á þaki, svölum, girðingum, kvistum o.s.frv., til að varðveita byggðarmynstur í einstaka hverfishlutum.

Meirihluti þátttakenda var samþykkur hugmyndum um verndun útlits og byggðarmynsturs eins og þær voru kynntar og sögðust flestir tilbúnir til að taka á sig kvaðir og hömlur á breytingum. Fram kom að mikilvægt væri að góðar leiðbeiningar þyrfti fyrir fasteignaeigendur að fylgja varðandi mögulegar breytingar á húsum og fylgja þyrfti slíkum reglum vel eftir.

Mynd 5.4.
Noruðurmýrin séð til norðurs



Borgargötur
Í rýnihópum og á íbúafundum voru kynntar hugmyndir um borgargötur. Umræður um þær náðu þó ekki miklu flugi nema um mögulega borgargötur í Skógarhlíð samhliða uppbyggingu þar og á Miklubraut ef mesti umferðarþunginn færðist neðanjarðar í göng, sbr. umfjöllun að ofan um þessi svæði.

Hjólreiðar
Ekki var mjög mikil umræða um hjólreiðar í rýnihópum en fram kom samt að nokkrir þátttakendur hjóla reglulega um hverfið. Almennt var að heyra að vilji væri til að bæta aðstæður til hjólreiða í hverfinu og sáu t.d. þátttakendur tækifæri til bættra aðstæðna hjólafólks á rólegri borgargötu á Miklubraut ef mesti umferðarþunginn færðist í göng neðanjarðar. Hugmyndir um uppbyggingu hjólastígakerfis á forsendum samgönguhjólreiða fengu einnig jákvæð viðbrögð á svarblöðum sem dreift var á íbúafundum auk þess sem á fundunum komu fram óskir um sérstaka hjólastíga meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar.

Gátlisti um visthæfi byggðar – höfuðflokkar

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Hlíðum er farin sú leið að flokka frekari úrvinnslu á niðurstöðum eftir þeim höfuðflokkum sem fjallað er um í Gátlista um vistvæna byggð.

SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómstundir, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgun íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þennan flokk út frá hugmyndum sjöttubekkinga annars vegar og annarra íbúa hins vegar, enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Rúmur helmingur skráðra athugasemda af valfundi nemenda í Hlíðaskóla er í þessum málaflokki. Langflestar hugmyndirnar eru skráðar á skólalóð Hlíðaskóla og snúast að mestu leyti um bætta leikvelli á lóðinni.

Málaflokkurinn er hinsvegar ekki eins ofarlega í huga annarra íbúa og engar skýrar línur í skráðum athugasemdum. Fram komu hugmyndir um bændamarkað og svæði fyrir grænmetisræktun og sundlaug við MH.

GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði sem snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, þ.e. byggðamynstur, staðarandi og efling almenningsrýma.

Helst fannst íbúum vanta bekki í hverfið og vildu að svæði í niðurníðslu væru lagfærð, s.s. leikskólalóð Björtuhlíðar og svæði í kringum húsin Eskihlíð 2-4. Einnig höfðu íbúar áhuga á aukinni þjónustu, s.s. kaffihúsi/bar, sjoppu og fiskbúð.

SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningssamgöngur og bílastæði

Nánast allar skráðar hugmyndir af valfundi nemenda í þessum flokki voru við Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Hamrahlíð. Flestar sneru að umferðarhraða og umferðarmagni á Miklubraut og óskum um fleiri og betri gönguþveranir. Einnig er óskað eftir hjólastíg meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut.

Hjá öðrum íbúm hverfisins er þetta langstærsti málaflokkurinn og Miklabraut sérstakt hitasvæði þó fjölmargar athugasemdir séu einnig skráðar víðsvegar annarsstaðar í hverfinu, s.s. við Lönguhlíð, Skógarhlíð, Hamrahlíð og víðar. Áberandi

ósk er um að Miklabraut sé sett í göng. Einnig hafa íbúar áhyggjur af umferðarhraða víða um hverfið, t.d. við Lönguhlíð og Hamrahlíð. Einnig er óskað eftir göngu- og hjólabrú við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og hjólastíg meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut, milli Miklubrautar og Bústaðavegar.

VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlun ofanvatns, menningar- og fornminja.

Langflestar athugasemdir í þessum málaflokki snúa að hjóð- og lofmengun frá Miklubraut og Kringlumýrarbraut.

ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingu og bætta nýtingu auðlinda, svo sem landrýmis.

Örfáar athugasemdir eru skráðar í þennan flokk og snúast um að fjölga ruslatunnum og grenndargámum.

MANNVIRKI

Undir þennan málflokk falla úrbætur á núverandi húsnæði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnæðið í takt við auknar kröfur um vistvænar áherslur.

Einungis ein hugmynd er skráð í þennan málaflokk, um heimild til að byggja svalir við hús.

NÁTTÚRUVÁ

Til þessa málaflokks taka atriði er snúa að náttúruvá.

Engar athugasemdir eru skráðar í þennan flokk af íbúafundum eða valfundum nemenda.

Öskjuhlíðarhverfi

Öskjuhlíðarhverfi er nýtt hverfi og á þeim tíma sem samráðsferli hverfisskipulagsins stóð yfir var engin íbúðabyggð innan hverfisins. Í rýnihópum Gallup voru því engir íbúar úr hverfinu og ekki kynntar tilteknar hugmyndir fyrir hverfið. Sú íbúðabyggð sem nú hefur risið á Hlíðarendasvæðinu verður ekki hluti af hverfisskipulagi Öskjuhlíðarhverfis þar sem um er að ræða tiltölulega nýtt deiliskipulag og uppbygging á svæðinu samkvæmt því enn í fullum gangi.

Á íbúafundum og valfundum nemenda í Hlíðum voru skráðar u.þ.b. 30 hugmyndir/athugasemdir innan marka Öskjuhlíðarhverfis en þar sem ekki er um meira efni að ræða verður ekki reynt að greina helstu niðurstöður samráðs eins og í hinum hverfum borgarhlutans. Hinsvegar er hægt að kynna sér þær hugmyndir/athugasemdir sem skráðar voru á íbúafundum í miðasjá á vefnum hverfisskipulag.is.

5.2 Annar fasi 2021-2022

Þær vinnutillögur hverfisskipulags sem kynntar voru í Hlíðum í nóvember 2021 til febrúar 2022 tóku mið af ábendingum og athugasemdum frá samráðsferlinu 2016. Gerð er nánar grein fyrir þessu í kafla 2. Samantekt.

Hér fyrir aftan verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust við vinnutillögur hverfisskipulags sem kynntar voru á tímabilinu 19. nóvember 2021 til 9. febrúar 2022. Eins og komið hefur fram að framan bárust athugasemdir ýmist í tölvupósti eða á útfylltum eyðublöðum sem lágu frammi á meðan á viðveru í borgarhlutanum stóð dagana 19.–26. nóvember.

Við úrvinnslu athugasemdanna kom í ljós að gróflega mátti skipta þeim í nokkra flokka og hér að aftan er gerð grein fyrir samantekt á því helsta sem fram kom í hverjum flokki.

Allar athugasemdir sem bárust má sjá í viðauka með þessari skýrslu. Persónugreinanlegar upplýsingar hafa verið afmáðar. Nánari úrvinnslu athugasemda við vinnutillögurnar og viðbrögð við þeim má sjá í fylgjiskjali með þessari skýrslu (úrvinnsla athugasemda við vinnutillögum dags. 10. mars 2022).

Þróunarsvæði

Níu athugasemdir bárust sem varða svæði sem skilgreind verða sem þróunarsvæði í hverfisskipulagi, þ.e. svæði sem standa utan hverfisskipulags og unnið verður sérstakt deiliskipulag fyrir. Þau svæði sem athugasemdir bárust um eru Miklabraut, Vatnsholt, Veðurstofuhæð og Suðurhlíð. Flestar athugasemdir fjölluðu um mögulega uppbyggingu á þessum svæðum og aðgengi. Þar sem hverfisskipulag mun ekki fjalla um þessi svæði verður ekki fjallað nánar um þessar athugasemdir hér en hægt er að kynna sér athugasemdirnar og úrvinnslu þeirra í fylgiskjali þessarar skýrslu.

Nærþjónusta

Flestar fjalla athugasemdirnar um skort á almenningssalernum á Klambratúni og lengri opnunartíma á Kjarvalsstöðum. Einnig um skort á veitinga- og kaffihúsum í hverfunum. Þá er bent á að enduvekja mætti hverfiskjarna í sunnanverðri Lönguhlíð. Einnig barst athugasemd um skort á rafhleðslustæðum.

Viðbrögð:
Skv. skýrslu sem var gefin út í júlí 2016 varðandi stefnu og tillögur að almenningssalernum í Reykjavík þar var lagt til að bæta við nýjum svokölluðum salernisturni á Klambratún við stíg næst Kjarvalsstöðum. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir salernum í garðinum þar sem nú er fyrirhugað að hafa rósargarð þar sem hverfisstöð Reykjavíkurborgar er í dag.

Athugasemdum er varða lengri opnunartíma Kjarvalsstaða verður komið á framfæri hjá menningar-og ferðamálasviði.

Í skilmálum og stefnu hverfisskipulagsins er lögð áhersla á virka hverfiskjarna og að íbúar geti sótt þjónustu og afþreyingu í nærumhverfi sínu. Með aukinni blandaðri byggð, verslun og þjónustu með uppbyggingu við Miklubraut, Stigahlíð og Skipholt má búast við að flóra veitingastaða, kaffihúsa og bara verði ríkari. Það gæti hugsast að endurvekja gamla kjarna sem trekkja að nágranna þar sem stefna Reykjavíkurborgar er að gera gangandi, hjólandi og almenningssamgöngum hærra undir höfði.

Bent er á að heimildir eru fyrir fjölgun rafhleðslustöðva í skipulagsskilmálum hverfisskipulagsins. Rýna þarf enn frekar hvar hentugar stöðvar verði staðsettar sem er gert í samstarfi við skrifstofu umhverfisgæða innan Reykjavíkurborgar.

Samgöngur/almenningsrými

Athugasemdir í þessum flokki voru fjölbreyttar. Ein athugasemd var um að útbúin yrði biðstöð Strætó við Kringlumýrarbraut þar sem innkeyrsla er í Suðurhlíðar. Einnig bárust tvær athugasemdir við tillögur hverfisskipulags um nýtt torg við Skipholt, Einholt og Stórholt og áhyggjur viðraðar af því að bílastæðum muni fækka. Þrjár

athugasemdir óska eftir aðgerðum til að fegra Háteigsveg og hægja á umferð. Þá komu einnig fram athugasemd um að bæta stígatenginar frá Bólstaðahlíð að Kringlumýrarbraut. Einnig um að komið yrði undirgöngum frá Litluhlíð yfir í Öskjuhlíð og að hjóla- og göngustígar við Lönguhlíð verði bættir og að þeir nái alveg niður að Nóatúni. Að síðustu barst ein athugasemd þar sem lagt er til að útbúin verði stétt á Klambratúni með stútum fyrir gosbrunna.

Viðbrögð:
Samþykkt hefur verið að leyfa deiliskiplagsbreytingu fyrir stoppistöð við Kringlumýrarbraut og Suðurhlíðar áður en hverfisskipulag tekur gildi. Þetta mál er því komið í réttan farveg.

Svæðið við Skipholt, Einholt og Stórholt sem lagt er til að verði gert að nýju hverfistorgi er í dag bílastæði á borgarlandi. Þar eru m.a. geymd hjólhýsi. Mikið er af bílastæðum á þessum svæði sem sjaldnast eru fullnýtt. Aftur á móti vantar góð almenningsrými eins og nýtt hverfistorg. Nauðsynlegt er að hafa fjölbreytt dvalarsvæði fyrir íbúa í borginni m.t.t. lýðheilsusjónarmiða og samfélagsþátta. Þess má geta að fyrir nokkrum árum var þarna verkefni sem nefnt var „Torg í biðstöðu“ og gaf sú tilraun fyrirheit um að þarna mætti breyti vannýttu bílastæði í blómlegt borgartorg. Er það mat hverfisskipulagsins að torg á þessum stað auki flóru almenningsrýma í þessum borgarhluta til muna. Fyrirhugað torg liggur afar vel við sólu og er í nokkuð góðu skjóli af húsunum í kring. Skjól má síðan auka með trjágróðri á torginu og öðrum skjólmyndandi aðgerðum þegar ráðist verður í hönnun og útfærslu.

Vissulega má bæta og fegra Háteigsveg enda samrýmist það stefnu Reykjavíkurborgar og hverfisskipulags. Nú þegar eru hraðahindranir í götunni en alltaf má betur gera varðandi umferð og umferðarhraða. Skv. umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar er ætlunin að hámarkshraði í götunni verði 30 km/klst. Þó er ekki talið að Háteigsvegur uppfylli skilyrði til að geta talist borgargata og fá skipulagsskilmála sem slík.

Athugasemdum um bætta stíga við Lönguhlíð og stígatengingar Bólastaðahlíðar við Kringlumýrarbraut hefur verið komið til skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. Lagt er til að mótaðar verði tillögur í hverfisskipulagi um hvernig tengja megi Hlíðahverfi betur við Öskjuhlíð, hvort sem er með undirgöngum, brú eða vistloki.

Hugmynd um gosbrunnastétt er sömuleiðis áhugaverð og hefur verið vísað yfir til skrifstofu borgarhönnunar.

Byggingaheimildir

Gerðar voru nokkrar athugasemdir við tillögur um byggingarheimild á lóð hússins Langahlíð 19-25. Fram kom í athugasemdunum að íbúar væri mótfallnir hugmyndum um að byggja fyrir framan húsið sem væri kennileiti í hverfinu. Í athugasemdum komu einnig fram spurningar um hvort byggingarréttur á bílskúrum yfirfærðist í hverfisskipulag og um heimildir til að breyta bílskúrum í íbúðir og/eða annarskonar rými. Þá er spurt um heimildir fyrir bílskúrabyggingum á lóð við Bogahlíð og Hamrahlíð sem sýnd er sem grænt svæði í aðalskipulagi. Þá mótmælir ein athugasemd tillögum hverfisskipulags um að heimilt verði að byggja ofan á lyftulaus fjölbýlishús. Að lokum bárust tvær athugasemdir sem fjalla um heimildir til breytinga og viðbygginga á svæðum sem lagt er til að hverfisvernda þar sem kemur fram að mjög varlega þurfi að fara í að heimila breytingar eða viðbætur.

Viðbrögð:
Fallið hefur verið frá áformum um að heimila fjölbýlishúsum að byggja nýbyggingar á lóðum sínum. Því verður lagt til að ekki verið veittur sérstakur byggingaréttur í skilmálum hverfisskipulag fyrir Lönguhlíð 19 – 25.

Bílskúrsrétturinn verður yfirfærður í nýtt hverfisskipulag. Í skilmálum hverfisskipulags kemur fram hvort heimilt verðu að búa til íbúðir í húsnæði sem í upphafi var bílageymsla. Margar bílgeymslur eru við lóðamörk og í þeim tilfellum þar sem heimilt er að útbúa íbúð í bílageymslu eru gerðar sérstakar kröfur til samráðs við aðliggjandi lóðarhafa. Ekki er búið að setja skilmála fyrir skilmálaeiningar hverfissins og er því að svo stöddu ekki hægt að svara með vissu hvort heimilt

verði að breyta bílskúr í íbúð eða stækka við hann. Í hverfisskipulagi í Breiðholti voru gefnar heimildir fyrir aukaíbúðum í bílageymslum en hafa þarf í huga ýmsar aðstæður eru öðruvísi í Hlíðum. Heimildir fyrir íbúðum í bílageymslum verða skoðaðar í áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag og kveðið skýrt um þær í skilmálum skipulagsins.

Varðandi lóð við Bogahlíð og Hamrahlíð er það ósk hverfisskipulagsins að þessi lóð verði áfram merkt grænt svæði þar sem skortur er á smærri og kyrrlátum grænum svæðum innan hverfisins. Hinsvegar mætti skoða að byggja einhverja vinnustofur á lóðinni í stað bílgeymslna. Því er lagt upp með að þetta svæði verði fest í sessi sem opið svæði í hverfisskipulagi til samræmis við nýsamþykkt aðalskipulag AE2040. Þar verði einnig óheimilt að byggja fleiri bílskúra og að vera með bílastæði. Skoðað verði hvaða starfsemi megi heimila í núverandi bílskúrum sem fara vel með opnu svæði.

Til að bæta aðgengi að íbúðum á efri hæðum er í hverfisskipulagi farin sú leið að heimila húsfélögum í lyftulausum fjölbýlishúsum að byggja eina aukahæð ofan á mörg lyftulaus fjölbýlishús, gegn því skilyrði að um leið verði komið fyrir lyftu við húsið. Nýr byggingarréttur er verðmætur og getur húsfélagið ráðstafað honum og nýtt hagnaðinn til að fjármagna lyftu við húsið og jafnvel til að sinna öðru viðhaldi á húsi eða lóð. Bætt aðgengi að íbúðum á efri hæðum getur einnig aukið verðgildi íbúðanna og gert mörgum kleift að búa lengur í íbúðum sínum. Síðast en ekki síst er lykilatriði að heimild til ofanábyggingar er verðmæti sem lóðarhafar einir eiga og ekki er hægt að ráðstafa nema um það sé samstaða. Til að hægt væri að fara í þessar framkvæmdir þyrftu allir eigendur í fjölbýlishúsinu að samþykkja að út í þær yrði farið. Áfram er því lagt til að sambærilegir skilmálar verði settir um ofanábyggingar á lyftulaus fjölbýlishús og í öðrum hverfum þar sem hverfisskipulag hefur verið staðfest.

Norðurmýrin var eitt af þeim svæðum í nánd við bæinn sem tekin voru undir túnrækt á síðasta áratug 19. aldar. Í upphafi 20. aldar var haldið áfram að úthluta landi úr Norðurmýrinni og gengið á mýrina eftir því sem mólandið leyfði. Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld hófst úthlutun erfðafestulanda í Kringlumýri, Laugardal, Fossvogi, Kleppi og Sogamýri.[79] Svæðin voru ræst fram og skipt í bletti sem afhentir voru til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.[80] Á erfðafestulöndunum risu hús sem sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin. Mörg býlanna lögðust af með mjólkursölulögum sem sett voru árið 1934 en þau höfðu í för með sér að bændum í Reykjavík reyndist erfiðara að selja mjólk sína beint til neytenda.[81] Erfðafestubýlin féllu svo gjarnan inn í hina nýju byggð eftir því sem hún breiddi úr sér yfir gömlu erfðafestulöndin og erfðafestuhafarnir fengu í staðinn lóðir sem mældar voru út umhverfis íbúðarhús þeirra. Í öðrum tilvikum þurftu gömlu býlin, með öllum ummerkjum um búskap og ræktun, að víkja fyrir nýju skipulagi.



Mynd 23. Bæjarhús býlisins Eskihlíðar, íbúðarhús og sambyggð útihús, sem reist voru í áföngum á árunum 1892-1936. Árið 1959 var verslunin Hagkaup stofnuð í miðhluta hússins (fjósinu), en myndin er tekin árið 1965.[82] Húsið stendur enn við enda götunnar Eskihlíðar, sem nefnd er eftir gamla býlinu, og er elsta húsið í borgarhlutanum.

Af þeim húsum sem byggð voru á erfðafestulandi í þessum borgarhluta standa nokkur enn. Elst þeirra er húsið númer 2-4 við Eskihlíð, en þar reisti Magnús Benjamínsson úrsmiður steinbæ árið 1892 og gaf nafnið *Eskihlíð* (Eskihlíð a). Bæ sinn byggði hann við gömlu leiðina úr bænum sem lá frá Arnarhóli yfir Skólavörðuholt og áfram að Öskjuhlíðahálsi. Talsvert var

[79] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 44, 106.
[80] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 39; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 47-49.
[81] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 106; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 4.
[82] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ALB 013 140 1-2. Ljósmyndari Jóhann Vilberg Árnason.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

síðar byggt við steinbæinn en hann stendur enn sem hluti af núverandi húsi á lóðinni. Allmikill búskapur var lengi vel í Eskihlíð, einkum í tíð Geirs Gunnlaugssonar sem keypti býlið árið 1934 og hófst þegar handa við að stækka húsin og koma upp myndarlegu kúabúi. Seinna byggði hann upp býlið Lund við Nýbýlaveg í Kópavogi. Árið 1959 stofnaði Pálmi Jónsson kaupmaður verslunina Hagkaup í húsinu og varð það vísirinn að stórveldi Hagkaupa, sem síðar varð.[83] Húsið stendur nú við vestari enda götunnar Eskihlíðar sem nefnd er eftir gamla býlinu.



Mynd 24. Horft austur yfir Rauðarárholt um 1920-1930.[84] Fyrir miðri mynd eru bæjarhúsin að *Sunnuhvoli* sem stóðu þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt og fjær er býlið *Háteigur* sem enn stendur við Háteigsveg 36. Efst á holtinu (dökk þúst milli húsanna) er vatnsgeymirinn sem byggður var um 1915. Fremst sést fólk við heyskap á túni Sunnuhvols.

Húsið *Háteigur* er annað gamalt erfðafestubýli sem enn stendur innan þessa borgarhluta. Það var byggt á erfðafestulandi ofarlega í Rauðarárholti og stendur nú á lóð númer 36 við Háteigsveg. Upphaflega byggði Guðmundur nokkur Jafetsson timburhús á landinu árið 1907 sem hann nefndi Háteig. Það hús stóð þar sem nú er gatan Langahlíð og var seinna kallað Litli-Háteigur. Gata sem lögð var frá Rauðarárstíg að Háteigi og áfram upp á holtið á þessum tíma var nefnd Háteigsvegur eftir býlinu. Halldór Þorsteinsson skipstjóri keypti síðan Háteig árið 1914 og árið 1920 reisti hann þar, ásamt konu sinni Ragnhildi Pétursdóttur frá Engey, steinsteypta íbúðarhúsið sem enn stendur.[85] Halldór og Ragnhildur voru þjóðþekkt fólk, en Halldór var meðal annars skipstjóri á Jóni forseta, fyrsta togaranum

[83] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 4 og 9; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 7; Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 99.
[84] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* KAN ÁBS 5044. Ljósmyndari Karl Christian Nielsen.
[85] *Borgarsögusafn*. Húsaskrá Reykjavíkur; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 35; *Vísir*, 3. júlí 1914, 2; 27. október 1920, 3.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sem smíðaður var fyrir Íslendinga. (1907). Ragnhildur var landskunn fyrir afskipti sín af félags- og menningarmálum og að Háteigi stundaði hún kúabúskap um aldarfjórðungsskeið. Voru þar oftast um tíu gripir í fjósi og munu hafa verið með nytjahæstu kúm á landinu.[86] Árið 1945 var landið tekið úr erfðafestu vegna skipulags íbúðarbyggðar í holtinu og lagningar Lönguhlíðar. Húsið Litli-Háteigur mun þá hafa verið flutt að Skipasundi. Skólagarðar voru síðan á hluta af túnum Háteigs og seinna urðu þau hluti af almenningsgarðinum Miklatúni (nú Klambratún).



Mynd 25. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina sem þá var risin í Hlíðunum.[87] Merkt eru inn örnefni og nöfn erfðafestubýla og braggahverfa á svæðinu.

Við Stigahlíð 68 stendur timburhús sem byggt var á erfðafestulandi. Húsið byggði Jón B. Jónsson bókari árið 1937 á Norðurmýrarbletti 35 og nefndi *Efrihlíð*. Þarna hafði Jón búskap í mörg ár og byggði útihús undir hesta, fé og hænsni. Útihúsin voru rifin árið 1964

[86] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 35.
[87] *Vef*. Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík 1954.“ Merking örnefna og staðarheita: ALG, Borgarsögusafni. Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225. Heimildir um býli: Ýmis kort og loftmyndir af Reykjavík.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

þegar farið var að skipuleggja og reisa byggð einbýlishúsa við Stigahlíð, sunnan Hamrahlíðar. Fjórum árum síðar keypti Reykjavíkurborg landið ásamt íbúðarhúsinu og seldi ríkissjóði húsið sama ár undir barnaheimili. Þarna var í mörg ár rekið barnaheimilið *Efrihlíð* fyrir börn stúdenta. Á 9. áratugnum var húsið fellt inn í áframhaldandi skipulag einbýlishúsabyggðar vestan Stigahlíðar. Árið 2007 var því aftur breytt í íbúðarhús og annað íbúðarhús byggt á lóð þess (Stigahlíð 68a).[88]



Mynd 26. Húsið Efrihlíð (Stigahlíð 68) á ljósmynd frá um 1970.[89] Í baksýn sjást hús við Hamrahlíð ásamt verslunarkjarnanum Suðurveri, en lengst til hægri sést í byggð einbýlishúsa sem reist voru á 7. áratugnum við Stigahlíð. Þegar áframhald þeirrar byggðar var skipulagt og reist á 9. áratugnum var húsið Efrihlíð fellt inn í þá byggð.

Á vesturjaðri svæðisins sem hér er til umfjöllunar standa enn tvö hús, íbúðarhús og útihús (fjós og hlaða), sem Jón Kristjánsson prófessor reisti árið 1916 á erfðafestulandi sínu *Hlíðarenda* í norðausturhorni Vatnsmýrar. Guðjón Guðlaugsson alþingismaður keypti jörðina árið 1919 og bjó á henni til dauðadags 1939. Þá var hún seld knattspyrnufélaginu Val, ásamt þeim húsum sem þar stóðu, og hefur félagið síðan byggt þar upp athafnasvæði sitt og ný mannvirki undir nafninu *Hlíðarenda* og nýtt gömlu bæjarhúsin undir félagsstarfsemi.[90]

Þóroddsstaðir við Skógarhlíð 22 eru fjórða erfðafestubýlið sem enn stendur á þessum slóðum. Húsið byggði Guðmundur Jónsson bifreiðarstjóri árið 1927 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 13 austan Hafnarfjarðarvegar (Reykjanesbrautar). Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari teiknaði húsið og er það í burstabæjarstíl, en Guðmundur gerði

[88] *Borgarsögusafn.* Húsaskrá Reykjavíkur; *Morgunblaðið*, 8. júlí 1938, 7.
[89] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SVK 001 052 2-4. Ljósmyndari Svanur Karlsson.
[90] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 2-3,4, 10; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 16-17; Frímann Helgason, „Æfisaga þín og mín," *Valsblaðið* 17-20: nr. 17-19 (1961), 70.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

margar tillögur að húsum í þessum þjóðlega stíl í upphafi steinsteyputímabilsins í Reykjavík. Í eystri helmingi burstanna voru fjós og hlaða en íbúð í þeim vestari. Í upphafi 5. áratugarins keypti Jóhannes Kristjánsson, bóndi að Brekku við Sogaveg, Þóroddsstaði og hélt þar áfram búinu þar til setuliðið tók húsið árið 1942 og breytti fjósinu og hlöðunni í baðhús. Eftir stríð var starfrækt trésmíðaverkstæði í húsinu í langan tíma.[91]



Mynd 27. Húsið Þóroddsstaðir á ljósmynd frá um 1935-1940, en húsið var byggt árið 1927 í þjóðlegum burstabæjarstíl.[92] Hægra megin á myndinni sést sumarbústaður sem stóð á landi býlisins Litlu-Hlíðar og lenti síðar austan götunnar Litluhlíðar. Í baksýn má sjá hverfið Norðurmýri í byggingu og lengst til hægri býlið Klambra á Klambratúni. Þóroddsstaðir standa enn (Skógarhlíð 22) en sumarbústaðurinn við Litluhlíð var fjarlægður á 9. áratug 20. aldar.

Af horfnum erfðafestubýlum í þessum borgarhluta er fyrst að nefna *Klambra*, sem Klambratún heitir eftir.[93] Bæinn reisti Maggi Júl. Magnús, sem svo kallaði sig, læknir og bæjarfulltrúi, árið 1925 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 4, sem var hluti af því landi sem síðar var lagt til almenningsgarðsins Miklatúns (nú Klambratún).[94] Christian Christensen keypti Klambra árið 1934 og hóf þar búskap ásamt konu sinni, Ólöfu Ólafsdóttur. Eftir stríð rak hann þar svínasláturhús, reykhús og kjötverslun sem seinna fluttist að Háteigsvegi 2.[95] Bæjarsjóður leysti til sín land Klambra árið 1946 og á árunum 1948-1958 voru skólagarðar

[91] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 8.
[92] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. AGH 004 004 4-1. Ljósmyndun: Amatörvinnustofa G. Ásgeirssonar.
[93] Bærinn mun upphaflega hafa verið nefndur *Klömbur*, eftir býlinu Klömbum í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu, en þangað átti eigandinn Maggi Júl. rætur að rekja. Hins vegar virðist fljótlega hafa orðið óljóst hver nefnifallsmynd bæjarnafnsins ætti að vera og fram komu nýjar fleirtölumyndir sem urðu algengari, þ.e. *Klömbrur* og *Klambrar*.“ Baldur Jónsson: „Klambrar saga,“ 130-132.
[94] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 181.
[95] *Morgunblaðið*, 30. júlí 1986, 34; Kjartan Kjartansson, „Túnið við Klömbrur,“ *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010, 32-33.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

starfræktir í einu horni Klambratúns. Christian Christensen og fjölskylda munu hafa búið á Klömbrum til 1963 en árið 1965 voru bæjarhúsin rifin.[96]



Mynd 28. Séð yfir tún Klambra í átt að Öskjuhlíð á ljósmynd frá um 1945.[97] Bæjarhúsin standa vinstra megin við miðju, en hægra megin við þau sést vegur sem lá að bænum frá Flókagötu (upphaflega frá Háteigsvegi). Lengst til hægri má sjá nýbyggð raðhús við Miklubraut (Miklabraut 22-30 og 32-38), sem tilheyrðu nýju íbúðarhverfi, Hlíðahverfi, sem verið var að byggja á þessum tíma sunnan Miklubrautar.

Annað horfið erfðafestubýli á þessum slóðum er *Sunnuhvoll*, sem stóð austan við Rauðarárstíg þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt (sjá myndir 24 og 25). Þar byggði Pétur Hjaltested úrsmiður reisulegt timburhús í nýklassískum stíl árið 1906, sem búið var ýmsum þægindum sem þá voru sjaldgæf hér á landi, svo sem vatnssalerni og baðkeri, en vatnsleiðsla var lögð í húsið og skolpleiðsla frá því í safngryfju langt niðri á túni.[98] Húsið var rifið á 6. áratug 20. aldar.[99]

Í austurjaðri Rauðarárholts, þar sem Kringlumýrarvegur lá áður (sjá mynd 29) en nú austasti hluti götunnar Skipholts og Bolholt, byggðust upp nokkur erfðafestubýli á Kringlumýrarblettum í kringum 1930 (Kringlumýrarblettir 1-10). Á Kringlumýrarblettum var búskapur mismikill en flestir höfðu þar garðrækt, enda var jarðvegurinn léttur og hentugur til ræktunar þótt landið þætti lélegt byggingarland. Þar reistu menn kofa og sumarskýli á löndum

[96] Kjartan Kjartansson, „Túnið við Klömbrur," *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010, 32-33; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 181.
[97] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EPB 002 135 1-2. Ljósmyndari Eggert P. Briem.
[98] Vigfús Guðmundsson, „Búnaðarmál í Reykjavík," 153-156; Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 99; *Lögrétta* 1, nr. 40 (22. ágúst 1906), 159.
[99] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 106.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sínum og sumir heilsársbústaði.[100] Þar á meðal voru *Fagridalur* (nálægt þar sem nú er verslunarhúsið Skipholt 70), *Hlíðardalur* (Skipholt 66), *Höfn* (Skipholt 62), *Helgadalur* (á horni Bolholts og Skipholts, Háaleitisbraut 1), *Finnbogahús*, sem var eldra hús, hlaðið úr steini um 1900 (þar sem nú er Bolholt 8). Vestar voru svo *Hraun, Hamrar* og *Berg* (Skipholt 35). Flest þessara húsa þurftu að víkja fyrir skipulagðri byggð upp úr 1960, en tvö þeirra, Hlíðardalur og Höfn, féllu inn í nýja byggð við Skipholt og stóðu allt til þess að þau urðu að víkja fyrir nýbyggingum í kringum 2000. Húsið Fagridalur mun hafa verið flutt inn í Blesugróf og gert þar upp og stækkað.[101]



Mynd 29. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina sem þá var á Rauðarárholti austanverðu, meðal annars erfðafestubýli við Kringlumýrarveg og braggahverfi við Háteigsveg.[102]

Suðaustanvert á Rauðarárholti, sunnan Háteigsvegar og vestan þáverandi Kringlumýrarvegar (núverandi Bólstaðahlíðar), voru einnig nokkrir erfðafestublettir (Kringlumýrarblettir 29-31 og Rauðarárholt II), þar sem stóðu tvö hús sem viku þegar skólahús Æfingaskóla Kennaraháskólans (Háteigsskóla) var reist um 1966-1968.[103] Á háholti Rauðarárholts var ekki úthlutað erfðafestublettum, en þar lét bærinn búa til áðurnefnda fiskreiti. Eitt íbúðahús reis þó þar á svipuðum tíma og húsin á erfðafestublettunum í kring, en það var hús sem Þórður Sigurðsson prentari (1865-1937) byggði árið 1925, innan lóðar vatnsgeymisins sem þá var risinn á Rauðarárholti. Húsið stóð norðan við geyminn og var

[100] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur*, 7.
[101] Freyja Jónsdóttir, „Kringlumýrarblettir," *Dagur: Íslendingaþættir*, nr. 53 (28. mars 1998), II.
[102] *Vef.* Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík árið 1954." Merking örnefna og staðarheita: ALG, Borgarsögusafni. Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225. Heimild um býli við Kringlumýrarveg: Viðtal ALG, Borgarsögusafni við Magnús Gunnar Pálsson, dags. 16. september 2013.
[103] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur*, 7-8.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

kennt við hann og kallað *Geymisvöllur*. Það stóð á holtinu allt til ársins 1991 þegar það var rifið.[104]

Í Kringlumýri, austan Kringlumýrarvegar, voru ein helstu ræktunarlönd Reykvíkinga í mörg ár. Á kreppuárunum beindust sjónir manna í auknum mæli að garðyrkju og smábúskap og þá lét Reykjavíkurbær ræsa betur fram hluta Kringlumýrar og plægja þar garða sérstaklega undir matjurtarækt. Þar var úthlutað um 100 görðum til matjurtaræktar árið 1933 og rúmlega 260 til viðbótar á árunum 1937-1939, auk garða sem bættust við í landi Seljalands árið 1942. Þarna voru ein helstu ræktunarlönd bæjarbúa í mörg ár og mikil byggð kartöfluskúra, en undir lok 6. áratugar 20. aldar voru garðarnir í Kringlumýri lagðir niður.[105] Hluti garðlandanna í Kringlumýri var á því svæði sem nú fellur undir borgarhlutann Hlíðar, vestan Kringlumýrarbrautar, meðal annars þar sem nú eru blokkirnar við Bólstaðarhlíð og íbúðabyggðin við Grænuhlíð og Stigahlíð, sunnan Miklubrautar.



Mynd 30. Horft til norðausturs yfir Kringlumýri, Rauðarárholt og Túnin á loftmynd frá 1946. Meðal annars sjást erfðafestubýli á Kringlumýrarblettum austan Sjómannaskólans og ræktunarlönd í Kringlumýri.[106]

Á svæði núverandi Hlíðahverfis, sunnan Miklubrautar, voru einnig nokkur erfðafestubýli sem urðu að víkja fyrir nýjum byggingum og skipulagi. Þar á meðal var býlið *Reykjahlíð* sem stóð þar sem nú er götustæði Stakkahlíðar, milli Drápuhlíðar og Mávahlíðar. Í Reykjahlíð reisti Gestur Guðmundsson lítið steinsteypt íbúðarhús með áfastri hlöðu, fjósi og geymslu árið 1923

[104] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 16; *Borgarskjalasafn*: Skjöl byggingarnefndar (B-skjöl). Geymisvöllur við Háteigsveg (B/11721). Bréf byggingarfulltrúa, dags. 17. júlí 1991.

[105] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 250-252; Freyja Jónsdóttir, „Kringlumýrarblettir," *Dagur: Íslendingaþættir*, nr. 53 (28. mars 1998), II; *Alþýðublaðið*, 6. september 1944, 2; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 106; *Morgunblaðið*, 13. apríl 1961, 15; Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl., *Byggðakönnun: Borgarhluti 5 – Háaleiti* (skýrsla 164, 2014), 16; María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 7.

[106] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-40. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

og bjó þar síðan með konu sinni Guðrúnu Ragnheiði Jónsdóttur og sjö börnum. Þarna var Gestur með bæði kúa- og sauðfjárbúskap og flutti mjólk til bæjarbúa á hestvögnum. Í lok 5. áratugarins var hann orðinn stærsti fjárbóndinn í Reykjavík með 120 fjár. Á þeim tíma var vesturhluti Hlíðahverfis fullbyggður og austurhlutinn að rísa. Áformað var að leggja götuna Stakkahlíð þvert yfir bæjarstæði Reykjahlíðar, en býlið stóð þó enn um sinn og gatan var lögð að því úr báðum áttum. Sauðfjárbúskap rak Gestur áfram í Reykjahlíð allt til þess að borgarráð keypti land hans og hús árið 1964. Stuttu síðar voru bæjarhúsin í Reykjahlíð látin víkja og lagning götunnar Stakkahlíðar kláruð. Í vesturhluta hverfisins er gata sem hlaut nafngiftina Reykjahlíð.[107]



Mynd 31. Horft til norðausturs úr Öskjuhlíð í átt að Kringlumýri á mynd frá 1924. Hafnarfjarðarvegur liggur þvert yfir myndina og bærinn Reykjahlíð, á miðri mynd, er eina byggðin sem þarna er risin á svæðinu. Bærinn stóð þar sem gatan Stakkahlíð liggur nú, milli Mávahlíðar og Drápuhlíðar.[108]

Nokkru sunnar, rétt austan við núverandi gatnamót Háuhlíðar og Hamrahlíðar, stóð býlið *Varmahlíð* sem Sigurður Gíslason lögregluþjónn byggði árið 1932 (Norðurmýrarblettur 32). Varmahlíð var háreist íbúðarhús úr timbri en býlinu tilheyrðu einnig fjós, hesthús, hlaða og önnur útihús, sem risu á árunum 1932-1944. Íbúðarhúsið stóð á horni Hamrahlíðar og Háuhlíðar, rétt vestan Menntaskólans við Hamrahlíð, allt fram á seinni hluta 8. áratugarins, þegar það var fjarlægt. Suðaustan götunnar Litluhlíðar, sem lögð var frá Bústaðavegi að Eskitorgi þegar Hlíðahverfi reis á 5. áratugnum, stóð býlið *Litla-Hlíð* (Norðurmýrarblettur 33). Þar reisti J. P. Lange fyrst lítið sumarhús úr timbri árið 1931, sem stóð þétt við götuna eftir að hún var lögð, en árið 1933 byggðu Björn og Þorkell Þórðarsynir stærra íbúðarhús úr timbri lítið eitt austar á blettinum, þar sem nú er suðausturhorn lóðarinnar Hörgshlíðar 2. Bæði húsin stóðu allt fram á 9. áratug 20. aldar, en voru fjarlægð þegar núverandi hús var byggt á lóðinni Hörgshlíð 2. Þessi býli töldust standa við *Reykjanesbraut* (sem var einnig í

[107] *Morgunblaðið*, 16. maí 1974, 18 og 22; *Vísir*, 25. júlí 1964, 6 og 16.
[108] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. PSÖ 29. Ljósmyndari Peter J. Søra.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

daglegu tali kölluð Hafnarfjarðarvegur), sem lá þá þar sem nú eru göturnar Skógarhlíð og Suðurhlíð.[109]



Mynd 32. Húsið Varmahlíð nálægt núverandi gatnamótum Háuhlíðar og Hamrahlíðar á mynd frá 1963. Framhjá fara MR-ingar að dimmittera í opnum kerrum dregnum af dráttarvélum.[110]



Mynd 33. Útsýni frá Öskjuhlíð austur yfir Hlíðar og Kringlumýri á mynd frá um 1945-1950. [111] Lengst til vinstri má sjá húsin í landi Litlu-Hlíðar og fyrir miðri mynd er húsið Varmahlíð, timburhús með miðjukvisti. Á svæðinu á milli eru braggar sem hafa tilheyrt herskálahverfinu Camp Melrose, en þar eru nú íbúðagöturnar Hörgshlíð og Háahlíð. Í fjarska má sjá skúra og skýli í garðlöndunum í Kringlumýri.

[109] *Borgarsögusafn*. Húsaskrá Reykjavíkur.
[110] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 skólar MR 4. Ljósmynd úr safni Vísis. Ljósmyndari ókunnur.
[111] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. HAP RVK 053 1-2. Ljósmyndari Hannes Pálsson.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 34. Útsýni úr Öskjuhlíð norður yfir Hlíðar á mynd frá um 1950-1953.[112] Fremst sjást nokkur þeirra býla og húsa sem stóðu við gömlu Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarveg), sem nú er Skógarhlíð. Fremst vinstra megin sjást útihús býlisins Blönduhlíðar (þar sem nú er bílaplan Eskihlíðar 20-20a). Fyrir miðju eru Þóroddsstaðir, sem enn standa við Skógarhlíð. Hægra megin sést sumarbústaður J. P. Lange og lengst til hægri býlið Litla-Hlíð.



Mynd 35. Annað sjónarhorn á byggðina sem stóð við gömlu Reykjanesbraut (nú Skógarhlíð) á mynd frá um 1955-1960.[113] Sjá má blokkirnar við Eskihlíð og útihús býlisins Blönduhlíðar fast við blokkina nr. 20-20a. Lengst til vinstri er býlið Hjarðarholt, þá braggagrunnar og bensínstöðin við Skógarhlíð sem reist var 1954. Vinstra megin, sunnan vegarins, sjást Þóroddsstaðir og Litla-hlíð.

[112] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. GRÓ 005 123 2-1. Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.
[113] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 1997 171 86. Ljósmyndari Pétur Thomsen.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Sunnan Reykjanesbrautar (núverandi Skógarhlíðar), skammt suðaustan Hlíðarenda, stóð býlið *Hjarðarholt*, með reisulegu steinsteyptu íbúðarhúsi og áföstu hænsnahúsi, sem Vilhelm Bernhöft bakari reisti árið 1928 á erfðafestulandi sínu (Vatnsmýrarbletti 19). Strax 1929 var býlið komið í eigu Ámunda Kristjánssonar og Fanneyjar Pétursdóttur. Árið 1944 var reist annað íbúðarhús á sama bletti, skammt norðan við húsið Hjarðarholt, sem var lágreist timburhús, líklega kallað *Stapar*.[114] Þessi hús voru fjarlægð á 10. áratug 20. aldar til að rýma fyrir nýju skriftstofuhúsi sem reist var á lóðinni árið 2001 (Skógarhlíð 12). Nokkru norðar og vestar (norðan við Skógarhlíð 6), stóð býlið *Breiðholt* (Vatnsmýrarvegur 38) sem var byggt 1925 og rifið 1989. Á þeim slóðum, við enda Reykjanesbrautar nálægt Miklatorgi, þar sem nú eru mislæg gatnamót Snorrabrautar, Hringbrautar, Miklubrautar og Bústaðavegar, voru fleiri gömul hús sem voru sum talin við Vatnsmýrarveg, en önnur við Reykjanesbraut. Sum voru rifin vegna færslu Hringbrautar 2003-2005 en önnur fyrr, m.a. *Eskihlíð b*, *Eskihlíð c* (Vatnsmýrarvegur 37) og *Eskihlíð d* (Vatnsmýrarvegur 39).[115]



Mynd 36. Mynd tekin til norðurs úr Öskjuhlíð um 1948. Langa húsið fremst er dælustöð sem reist var í Öskjuhlíð 1942. Hægra megin við hana sést bærinn Hjarðarholt og tvö hvít hús lengra til hægri eru Valfell og Grund (þar sem fjölbýlishúsið Eskihlíð 10-10a stendur nú). Fyrir miðju má sjá gamla Eskihlíðarbæinn og lengst til vinstri húsin Breiðholt og Eskihlíð c.[116]

Af öðrum býlum sem byggð voru á þessum slóðum á 3. og 4. áratug 20. aldar og nú eru horfin má nefna *Blönduhlíð*, sem stóð norðan Reykjanesbrautar, þar sem nú er lóð fjölbýlishússins Eskihlíðar 20-20a. Magnús Th. S. Blöndahl byggði þar íbúðarhús á erfðafestulandi (Norðurmýrarbletti 23) árið 1916, hesthús og geymsluhús árið 1921 (sem var breytt í íbúðarhús 1929), og svo tveggja bursta hús með fjósi og hlöðu árið 1933. Þegar

[114] *Borgarsögusafn*. Húsaskrá Reykjavíkur.
[115] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 5.
[116] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. RVI 694 01. Ljósmyndari Ragnar Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

núverandi fjölbýlishús var reist á lóðinni á árunum 1955-1957 stóð fjós- og hlöðubyggingin enn og var ekki fjarlægð strax heldur stóð áfram við suðausturhorn fjölbýlishússins í nokkur ár (sjá myndir 35 og 36). Nokkru norðvestar, þar sem seinna reis fjölbýlishúsið Eskihlíð 10-10a, stóðu einnig tvö timburhús sem reist voru á erfðafestubletti (Norðurmýrarbletti 14) norðan Reykjanesbrautar í lok 3. áratugarins, *Valfell* (byggt 1928) og *Grund* (byggt 1929). Þau voru rifin um 1956 þegar byrjað var að byggja fjölbýlishúsið á lóðinni.



Mynd 37. Séð yfir Hlíðarendaland úr Öskjuhlíð um 1950-1955.[117] Hvítu húsin vinstra megin eru íbúðarhús og útihús býlisins Hlíðarenda sem enn standa innan íþróttasvæðis Vals.

Norðvestan Öskjuhlíðar, þar sem nú eru gatnamót Nauthólsvegar og Flugvallarvegar, stóð býlið *Haukaland* (Vatnsmýrablettur 18). Húsið var upphaflega byggt af Erlingi Filippussyni árið 1919, fyrst sem torfbær og að hluta bindingsverkshús, auk þess sem Erlingur reisti útihús úr torfi á blettinum. Ári seinna, eða 1920, byggði Erlingur steinsteypt hús svolítið fyrir austan eldra húsið.[118] Býlið er teiknað inn á kort frá 1933 (sjá mynd 38).[119] Svæði sem lá austan húsanna að Haukalandi var úthlutað til Knattspyrnufélagsins Vals árið 1926 þegar æfingavöllur á Melunum var tekinn af félaginu. Svæðið var stórgrýtt og illt yfirferðar en með samtakamætti ruddu menn þar nýtt vallarstæði og vorið 1936 var nýr völlur vígður og tekinn í notkun. Valur keypti síðan land býlisins *Hlíðarenda* árið 1939, eins og áður er nefnt og í framhaldinu var öll starfsemi félagsins flutt þangað.[120] Þegar herinn kom sér fyrir við Reykjavíkurflugvöll fór stór hluti af landi Haukalands (Vatnsmýrarbletti 18) undir norður-

[117] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. PTH 059 055 1-1. Ljósmyndari Pétur Thomsen.
[118] *Borgarskjalasafn.* Brunabótavirðingar. Aðf. 739. Bók 1917-1920, brunavirðing 3. júní 1919; brunavirðing 10. júlí 1920 (br.nr. 1430).
[119] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Bolli Thoroddsen, [Öskjuhlíð 1932-1933].
[120] Frímann Helgason, „Æfisaga þín og mín," *Valsblaðið* 17-20: nr. 17-19 (1961), 59-61, 70.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

suður flugbrautina.[121] Húsið Haukaland var rifið árið 1941, en flugvallarnefndin svokallaða (þ.e. bresk-íslenska matsnefndin) ákvað á fundi 18. maí 1942 að Þorsteinn Stefánsson, eigandi Haukalands, fengi bætur þar til lokið væri byggingu nýs íbúðarhúss sem hann byggði að Hrísateig 8.[122]



Mynd 38. Helstu býli og hús sem stóðu norðan og norðvestan Öskjuhlíðar og meðfram Hafnarfjarðarvegi (Reykjanesbraut) merkt inn á kort frá um 1933.[123]

Austanvert í suðurhlíðum Öskjuhlíðar, á svæðinu sem kallast Leynimýri ofan við Fossvogskirkjugarð, voru tvö erfðafestubýli frá því snemma á 20. öld. Býlið *Leynimýri* stóð ofar af þessum tveimur, á Leynimýrarbletti 1. Þar reisti Jónatan Þorsteinsson trésmiður, kaupmaður og bæjarfulltrúi hús úr tilhöggnum steini árið 1912 og seinna var bætt við útihúsum á landinu. Þarna var stundaður búskapur fram yfir seinni heimsstyrjöld. Húsin stóðu til 1989 en þá keypti borgarsjóður þau til niðurrifs þar sem þau samræmdust ekki skipulagi á svæðinu.[124] Býlið *Sólland* stóð litlu sunnar, á Leynimýrarbletti 2 í suðurjaðri Leynimýrar, þar sem nú er lóð leikskólans Sólborgar (Vesturhlíð 1). Þar byggði Sigurbjörg Þorláksdóttir íbúðarhús árið 1930, sem var stækkað með viðbyggingum á 5. áratugnum. Þarna var

[121] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Bolli Thoroddsen, [Öskjuhlíð 1932-1933]; Þorleifur Kristófersson, [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955.
[122] *Lesbók Morgunblaðsins*, 21. október 2000, 5.
[123] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Bolli Thoroddsen, [Öskjuhlíð 1932-1933]. Merking staðarheita: DKÞ.
[124] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 32; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 140; Steinunn Finnbogadóttir: „Að fortíð skal hyggja," *Þjóðmál* 4, nr. 5 (6. mars 1974), 15.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

stundaður búskapur til um 1954, með kýr, hænsni og hesta.[125] Húsin stóðu allt fram til 2007 en nýlega hefur verið reist nýtt hús fyrir leikskólann þar sem íbúðarhúsið stóð áður. Nýr duftgarður sem skipulagður var þar sem áður voru tún Leynimýrar var tekinn í notkun 2. október 2009 og er hann nefndur Sólland.



Mynd 39. Loftmynd tekin til suðausturs yfir Öskjuhlíð og Litlu-Öskjuhlíð.[126] Fyrir miðju má greina golfskála Golffélags Íslands í Litlu-Öskjuhlíð en undir hlíðinni er braggahverfið Camp Liberty. Reykjaæð liggur í hitaveitustokk eftir Bústaðaholti og undir Hafnafjarðarveg, yfir í vatnsgeymana á kolli Öskjuhlíðar. Bragga-hverfin Bytown Camp og Bunker Hill Camp liggja sunnan hitaveitustokksins, við gamla Bústaðaveg.

1.4.6 Hernámsárin

Á svæðinu sem nú fellur undir borgarhluta 3 voru umsvif hersins mikil í tíð hernámsins. Öskjuhlíð, ásamt Vatnsmýri og Seljamýri, er sá staður í borgarlandinu þar sem herminjar hafa best varðveist til dagsins í dag. Við hernám Breta árið 1940 yfirtók herinn svæðið og reisti fjölda mannvirkja í tengslum við flugvöllinn sem lagður var í Vatnsmýrinni 1941. Við flugvallargerðina fór fram mikið grjótnám í Öskjuhlíð og myndaðist mikil geil í hlíðina þar sem Keiluhöllin var síðar byggð auk fjögurra hringlaga svæða sem hýstu olíutanka. Á svæðinu er enn (2023) að finna margvíslegar minjar um umsvif hernámsliðsins, bæði uppistandandi byggingar og mannvirki og leifar þeirra. Meðal minja í og við Öskjuhlíð og Nauthólsvík eru skotbyrgi, stjórnbyrgi, skotgrafir, varnarveggir fyrir eldsneytistanka, neðanjarðarvatnstankar, bryggja, vegir og gólf og grunnar undan bröggum og öðrum byggingum. Á svæðinu risu hundruð bragga og var braggabyggðin einna þéttust vestan í Öskjuhlíðinni og út með Fossvoginum (sjá myndir 40 og 41). Nokkrir braggar standa enn

[125] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 33.
[126] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 33-39. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

undir norðurrótum Öskjuhlíðar við Flugvallaveg og einn við gamla flugturninn. Einnig er hluta af flutningsbúðum eða *Transit Camp* að finna í Nauthólsvík (Nauthólsvegur 100). Þau hús voru endurgerð á árunum 2018-2019. Fleiri braggar tilheyrðu áður þessum herbúðum, en þeir eru allir horfnir nema einn stakur íbúðarbraggi sem hýsir nú Einherja, Víkingafélag Reykjavíkur og stendur um 30 metrum fyrir norðan aðalþyrpinguna, auk tveggja bragga á bæjarstæði Nauthóls, sem eru á vegum Flugmálastjórnar.[127]



Mynd 40. Kort af Öskjuhlíð og Reykjavíkurflugvelli árið 1944, gert af breska flughernum, þar sem sýnd eru braggahverfi og önnur hernámsmannvirki á svæðinu.[128]

Á því svæði sem tilheyrði flugvallasvæðinu reis stór kampur með 200 bröggum á bökkum Fossvogs, austan við Lyngberg. Þetta var bækistöð flugliðs Bandaríkjaflota, U.S. Navy, Fleet Air Base, eða *Camp Kwitcherbelliakin*. Nafnið útleggst, þegar nánar er skoðað, sem „Quit your bellyaching“ eða „Hætt‘að væla“, en nafninu var breytt í *Camp Mapel Leaf* til heiðurs

[127] Um frekari umfjöllun og skráningu eftirstandandi braggahverfa og herminja í og við Öskjuhlíð vísast í fornleifaskráningu og varðveislumat fornleifa í kafla 2.3 hér á eftir og nánari fornleifaskráningu Borgarsögusafns fyrir borgarhluta 3: Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Borgarhluti 3 – Hlíðar. Fornleifaskrá* (skýrsla 224, 2023). Aðra umfjöllun um efnið er að finna í eftirtöldum ritum: Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013)*;* Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga;* Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga;* Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*.

[128] Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 41; *Borgarsögusafn.* Korta- og uppdráttasafn. Royal Air Force, „Reykjavik Airfield,“ 1944.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

kanadíska þjóðartákninu þegar 162. sjóhernaðarflugsveitin kanadíska tók þar við.[129] Vestar við Fossvog, þar sem nú er ylströndin við Nauthólsvík, var *Corbett Camp*. Það voru herbúðir norska sjóflugliðsins en áður bækistöðvar breskra sjóflugliða sem fyrstir gerðu út flugbáta.[130] Enn vestar var *Transit Camp*. Í allmörgum þeirra bragga var gistiaðstaða sem notuð var fyrir flugmenn og aðra sem áttu leið um Reykjavíkurflugvöll. Eftir stríð var Flughótelið rekið þar í mörg ár á vegum Flugmálastjórnar.[131] Hluti af þessari



Mynd 41. Braggahverfi og hernámsmannvirki í Nauthólsvík, Öskjuhlíð og nágrenni merkt inn á loftmynd frá 1942.[132]

braggaþyrpingu hefur varðveist, eins og fyrr segir. Á svæði vestan við Nauthólsveg 100 var

[129] Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 226; Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson: *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 41; Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 25-26, 83; *Borgarsögusafn.* Korta- og uppdráttasafn. Royal Air Force, „Reykjavik Airfield," 1944.
[130] Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 226. Helgi M. Sigurðsson og Ingvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 41; Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 25-26, 83; *Borgarsögusafn.* Korta- og uppdráttasafn. Royal Air Force, „Reykjavik Airfield," 1944.
[131] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 45.
[132] *Landmælingar Íslands*. Loftmyndasafn. Þýsk njósnamynd, GX 12501 IS87/41SD, tekin 15. október 1942, hluti. Örnefni og staðanöfn: ALG, Borgarsögusafni.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

herskálahverfið *Brancepeth Camp*. Innan þess, efst og næst veginum, var félagsheimili KFUM. Í *Brancepeth Camp* bjó fyrst breskt og síðar bandarískt fótgönguliðsundirfylki. Meðfram Nauthólsvegi voru nokkur hundruð braggar en þau braggahverfi báru ekki eiginlega nöfn. Þar voru herskálahverfi eða flugliðabúðir fyrir óbreytta breskra flugliða og foringja.



Mynd 42. Braggahverfið Camp Liberty, þar sem nú er gatan Hörgshlíð, á mynd frá 1955.[133] Hvítt hús með kvisti, sem sést ofar, er húsið Varmahlíð sem stóð nálægt núverandi gatnamótum Hamrahlíðar og Háuhlíðar. Bak við það sjást fjölbýlishús við Bogahlíð í byggingu.

Á svæðinu sem nú fellur undir Hlíðahverfi risu einnig nokkur braggahverfi á árum síðari heimsstyrjaldarinnar en ummerki um þau hurfu að mestu með tilkomu skipulagðrar byggðar.[134] Þar sem nú eru mislæg gatnamót Miklubrautar og Bústaðavegar var *Camp Hilton*. Nokkuð vestar, þar sem áður var endinn á NA-SV flugbrautinni og nú eru göturnar Valshlíð og Arnarhlíð, var *Camp Daniel Boone*, seinna nefndur *Flugvallarkampur*. Á milli Reykjanesbrautar (nú Skógahlíðar) og býlisins Hlíðarenda, var *Camp Farm*. Enn suðaustar, þar sem nú er slökkvistöðin við Skógahlíð (Skógarhlíð 14), var *Camp Anacostia*. Austan við býlin Þóroddsstaði og Litlu-Hlíð norðan Reykjanesbrautar (Skógarhlíðar), sunnan núverandi Hörgshlíðar, var *Camp Melrose*, síðar *Þóroddsstaðakampur* Lítið eitt norðaustar (nálægt býlinu Varmahlíð) og hér um bil þar sem gatan Háahlíð og lóð Menntaskólans við Hamrahlíð eru nú, var *Camp Liberty* (áður *Craven*). Einn kampur mun einnig hafa verið við gamla

[133] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 1997 158 19. Ljósmyndari ókunnur.
[134] Upplýsingar um eftirtalin braggahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Bústaðaveginn austan við Veðurstofuna, nefndur *Bytown Camp*, en síðar *Bústaðakampur*.[135] Austar við Bústaðaveginn var svo *Bunker Hill Camp*, þar sem nú er Kringlumýrarbraut. Niðri við Fossvog, nálægt því þar sem gatan Suðurhlíð endar nú, var *Camp Cook* (áður *Marine Camp* og þar á undan *Fleet Air Base, Iceland, East Camp*). Við Fossvogsbotn var *Camp Fossvogur*, rétt norðan við þann stað þar sem nú er bensínstöð N1.

Á Rauðarárholti og í jöðrum þess voru einnig nokkur braggahverfi sem nú eru engar minjar um.[136] Efst á holtinu við Háteigsveg, rétt austan við þar sem Háteigskirkja reis og austur að Stakkahlíð, var *Camp Sheerwood*. Á móti vatnsgeymunum (þar sem kirkja Óháða safnaðarins er nú) var *Camp Tower Hill* sem dró nafn sitt af vitanum á vatnsgeymunum. Það var tvískipt hverfi og voru loftvarnarbyssur í vestari hlutanum og íbúðir og vörugeymslur (áður fiskvinnsluhús Kveldúlfs) í eystri kampinum. Norðarlega í holtinu, vestan við lóðina þar sem Mjólkursamsalan reisti hús sín við Laugaveg (þar sem Þjóðskjalasafnið er nú) var *Camp Vulcan* og teygði sig vestur að Þverholti (sjá mynd 43). Sunnan við hús Mjólkursamsölunnar var mikil birgðastöð hersins og austar, þar sem nú eru Laugavegur 164 og 166, var svo *Camp Hounslow*.



Mynd 43. Hér sjást braggahverfi á Rauðarárholti á loftmynd frá 1946, þegar uppbygging íbúðarhverfa í borgarhlutanum var hafin. Neðst til hægri er *Camp Vulcan* (þar sem nú eru göturnar Brautarholt og Skipholt) og vinstra megin fyrir miðju er *Camp Sheerwood* við Háteigsveg *og Camp Tower Hill* aðeins austar (sunnan við Sjómannaskólann).[137]

[135] Heimildum ber ekki að fullu saman um heiti og staðsetningu braggahverfa á þessum slóðum, sjá: Eggert Þór Bernharðsson*: Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225.
[136] Upplýsingar um eftirtalin braggahverfi eru teknar eftir: Eggert Þór Bernharðsson*, Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225.
[137] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-35. Ljósmyndari Sigurhans E. Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Á svæðinu suðvestan Hlemms, milli Laugavegar og Grettisgötu, þar sem síðar reis m.a. hús Tryggingastofnunar (Laugavegur 114), var *Storey's Gate* birgðageymslan og síðar bresk fluglögreglustöð og litlu sunnar, austan við þar sem nú er barnaleikvöllurinn við Grettisgötu, var *Camp Herold*.[138]

Í öllum þessu bröggum bjuggu nokkur þúsund hermenn á meðan á stríðinu stóð, en eftir að þeir yfirgáfu landið flutti fólk í húsnæðisvanda inn í sum braggahverfin og fengu þau þá gjarnan ný heiti. Á svæðinu sem heyrir til borgarhlutans Hlíða var búið í *Bústaðakampi*, *Þóroddsstaðakampi*, *Flugvallarkampi*, *Háteigskampi*, *Vatnsgeymiskampi* og *Fossvogskampi*.[139]



Mynd 44. Vatnsgeymarnir og vitinn á Rauðarárholti um 1945-1950.[140] Aftar sést braggahverfið Camp Tower Hill (Vatnsgeymiskampur), sem dró nafn sitt af vitanum.

1.5 Skipulag hverfa og hverfishluta

1.5.1 Svæðið kringum Hlemm – Fyrsta skipulagða byggð í borgarhlutanum

Á áratugunum í kringum 1900 margfaldaðist íbúafjöldi í Reykjavík og á fyrstu árum 20. aldar var húsnæðisekla orðin mikil. Bærinn tók þá að stækka hratt og teygði byggðin sig mest í austurátt og upp í Skólavörðuholtið. Fljótlega eftir að Laugavegur var lagður austur á bóginn um 1885 fór húsum að fjölga mjög upp eftir götunni. Norðanvert Skólavörðuholtið byggðist síðan upp úr 1900 og varð svæðið að miklu leyti fullbyggt á fyrsta áratug aldarinnar.

Svæðið austan og sunnan Skólavörðuholts var enn um sinn utan meginbyggðarinnar, enda þótti það óhentugt til byggingar sökum mýrlendis. Þó myndaðist þar dreifð byggð erfðafestubýla á fyrstu áratugum 20. aldar eins og áður er lýst. Á sama tíma hélt byggð við Laugaveg áfram að færast í austur og hús tóku að rísa á svæðinu í kringum Hlemm. Á

[138] Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225.
[139] Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 80-81
[140] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EPB 003 005 1-2. Ljósmyndari Eggert P. Briem.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

suðausturhorni Laugavegar og Rauðarárstígs, þar sem nú er Laugavegur 120, reis lítil þyrping timburhúsa á 1. áratug aldarinnar. Þar stóð meðal annars húsið *Lundur*, sérkennilegt og skrautlegt timburhús, sem Stefán B. Jónsson reisti eftir eigin teikningu árið 1902, en það taldist númer 104 (seinna 124) við Laugaveg.[141] Sunnan við Lund, austan Rauðarárstígs, stóðu nokkur timburhús sem reist voru á árunum 1905-1910 og töldust þá númer 1-9 við Rauðarárstíg (seinna númer 17-25). Aðeins eitt hús reis á þessum tíma vestan götunnar, húsið *Árbakki*, sem talið var númer 10 við Rauðarárstíg (þar sem nú er Grettisgata 89).[142] Þessi smágerða byggð hvarf öll á 7. áratugnum þegar stórhýsi Búnaðarbankans var reist á horni Rauðarárstígs og Laugavegs (nú Laugavegur 120).



Mynd 45. Hluti af loftmynd sem líklega var tekin 1928. Óbyggða svæðið fyrir miðju er Norðurmýri, en ofan hennar sést byggð sem myndast hafði við Rauðarárstíg og framhald Laugavegar til austurs. Lengst til hægri sjást býlin Sunnuhvoll og Háteigur við Háteigsveg.[143]

Á 3. áratugnum risu fyrstu íbúðarhúsin á svæðinu sem byggð voru samkvæmt ákveðnum hugmyndum um skipulag bæjarins, en það eru sambyggðu húsaraðirnar sem standa við göturnar Þverholt, Laugaveg og Mjölnisholt (Þverholt 3-7, Laugavegur 126-144 og Mjölnisholt 4-10).[144] Á þeim tíma var í gildi fyrsta heildarskipulagið sem gert var fyrir Reykjavík og samþykkt var í bæjarstjórn 1927. Samkvæmt skipulaginu átti umferðagata (Hringbraut) að umlykja bæinn og ekki gert ráð fyrir að byggðin í Reykjavík næði út fyrir hana næstu áratugi. Gert var ráð fyrir samfelldum röðum tveggja og þriggja hæða steinhúsa meðfram flestum götum, en slík skipulagsgerð nefnist blokkbygging eða randbyggð og

[141] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 136-137.
[142] Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 9.
[143] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 2011 1 55. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson.
[144] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjölnisholt – Stakkholt – Þverholt* (skýrsla 106, 2004), 42-57, 61-63.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

þekkist meðal annars frá Kaupmannahöfn og Berlín.[145] Húsaröðin við Þverholt, Laugaveg og Mjölnisholt reis utan hins skipulagða svæðis sem afmarkað var innan Hringbrautar, en við byggingu hennar var þó fylgt hugmyndum skipulagsins um hæð og fyrirkomulag húsa.



Mynd 46. Skólavörðuholt og Norðurmýri á korti frá 1920, þar sem byggð svæði eru sýnd með appelsínugulum lit.[146] Sjá má að vísir byggðar hefur myndast austan Norðurmýrar, við Rauðarárstíg og áframhald Laugavegar.

Á 4. áratugnum hóf Egill Vilhjálmsson bifreiðastjóri uppbyggingu á reitnum sem afmarkast af Laugavegi, Rauðarárstíg, Grettisgötu og Snorrabraut, en fyrirtæki hans var á sínum tíma eitt hið stærsta hér á landi á sviði bifreiðasölu, bifreiðasmíði og viðgerða- og varahlutaþjónustu. Þarna byggði Egill samfellda röð stórbygginga í nokkrum áföngum meðfram Rauðarárstíg, Laugavegi og Grettisgötu á árunum 1931-1953 (Rauðarárstígur 6-10, Laugavegur 116-118 og Laugavegur 114). Á svipuðum tíma byggði Sveinn Egilsson stórhýsi í áföngum undir bifreiðarekstur sinn á lóð vestan Hlemms (Laugavegur 105). Á Hlemmi var einnig lengi aðsetur fyrir leigubifreiðastöðvar, fyrst Litlu bílastöðina og seinna Hreyfil, og þar reisti Olíuverzlun Íslands nýtískulega bensínafgreiðslustöð árið 1947. Svæðið í kringum

[145] Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, 186-188;Trausti Valsson, *Reykjavík: Vaxtarbroddur*, 42-43; Trausti Valsson, *Skipulag byggðar á Íslandi*, 122-125.
[146] Egill Hallgrímsson. „Reykjavík 1920“. Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Hlemm varð því einskonar miðstöð bifreiðaiðnaðar í Reykjavík á þessum tíma.[147] Árið 1970 var ákveðið að aðalmiðstöð Strætisvagna Reykjavíkur skyldi vera á Hlemmi og jókst þá til muna umferðin um þetta svæði. Nýtt hús fyrir strætisvagnamiðstöðina var reist á árunum 1977-1978 eftir teikningu Gunnars Hanssonar arkitekts, en það hýsir nú mathöllina Hlemm.[148]



Mynd 47. Svæðið kringum Hlemm á loftmynd frá 1930.[149] Lengst til vinstri er húsaþyrping sem reis um 1900-1910 sunnan Laugavegar og austan Rauðarárstígs. Norðurmýrin er enn óbyggð og í gegnum mýrina og undir brúna Hlemm, rennur Rauðarárlækur. Lengst til hægri má sjá gasstöðina sem var rifin 1958 og íbúðarhús gasstöðvarstjóra sem enn stendur við Hlemm og telst til Hverfisgötu 115.

Frá um 1970 hefur svæðið í kringum Hlemm einkum hýst ýmsar opinberar stofnanir og þjónustufyrirtæki. Meðal bygginga sem reistar hafa verið sérstaklega fyrir slíka starfsemi er stórhýsið við Laugaveg 120, sem reist var fyrir Búnaðarbanka Íslands á árunum 1967-1968, en hýsir nú hótel og veitingastað.

1.5.2 Norðurmýri – Fyrsta heilsteypta hverfið byggt samkvæmt skipulagi

Fyrsta heildstæða íbúðabyggðin sem skipulögð var á þessum slóðum er *Norðurmýri* og er það jafnframt fyrsta heilsteypta hverfið sem byggt var samkvæmt skipulagi utan gamla bæjarins sem rúmaðist innan Hringbrautar. Fljótlega eftir að fyrsti skipulagsuppdrátturinn fyrir Reykjavík var samþykktur í bæjarráði árið 1927 kom í ljóst að vöxtur bæjarins var hraðari en

[147] Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun: Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 8-12; Örn Sigurðsson og Ingibergur Bjarnason, *Íslenska bílaöldin*, 72; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 182-183.
[148] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 44-45; Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004).
[149] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ABS 1 769. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

nokkurn grunaði og að huga þyrfti að framtíðarskipulagi utan Hringbrautar. Uppdrátturinn var felldur úr gildi 1933 og fljótlega eftir það farið að skipuleggja íbúðahverfi utan Hringbrautar.

Á uppdrættinum frá 1927 hafði verið gert ráð fyrir járnbraut með aðaljárnbrautarstöð í Norðurmýri. Um leið og hann var felldur úr gildi varð ljóst að endurskoða þyrfti staðsetningu járnbrautarstöðvar í Norðurmýri, því fyrirsjáanlegt var að stöðin myndi hamla umferð milli byggðanna austan og vestan við Norðurmýrina og eyðileggja gott byggingarsvæði.[150] Járnbrautarmálinu var þá skotið á frest en aldrei varð síðan af því að járnbraut yrði lögð um borgarlandið.



Mynd 48. Uppdráttur að framtíðarskipulagi bæjarins utan Hringbrautar frá 1937.[151] Hér sjást m.a. fyrstu hugmyndir um skipulag íbúðahverfa austan Snorrabrautar, í Norðurmýri, á Rauðarárholti og þar sem Hlíða-hverfi átti eftir að rísa, beggja vegna umferðarbrautar sem ráðgerð var til austurs í framhaldi af Hringbraut.

Árið 1934 voru Einar Sveinsson arkitekt, sem ráðinn hafði verið sem húsameistari Reykjavíkur, og Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur fegnir til að vinna að skipulagi Reykjavíkur utan Hringbrautar. Meðal þess fyrsta sem þeir gerðu var að skipuleggja nýtt íbúðarhverfi í Norðurmýri.[152] Skipulag Einars og Valgeirs er brautryðjendaverk í skipulagssögu Reykjavíkur en þar var í fyrsta sinn skipulagt heilt hverfi með fyrirfram ákveðna útkomu í huga. Norðurmýri er því ekki einungis eitt fyrsta hverfið sem reis utan Hringbrautar heldur einnig fyrsta heilsteypta hverfið í Reykjavík sem byggt var samkvæmt skipulagi.

[150] Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, 205-206.
[151] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag Reykjavíkur," [óundirritað,] dags. desember 1937.
[152] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; *Umhverfis- og skipulagssvið*. Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 19; *Vísir*, 5. júní 1934, 2.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Einar var menntaður í Þýskalandi og aðhylltist svokallaða fúnkisstefnu í byggingarlist, en á þeim tíma var fúnkísstefnan allsráðandi í evrópskri byggingarlist. Einar var einn þeirra arkitekta sem urðu boðberar hinna nýju stefnu hér á landi bæði í skipulagsgerð og almennri húsagerð. Ný tækni í formi járnbentrar steinsteypu bauð upp á þessum tíma upp á nýja möguleika í húsbyggingum sem skapaði möguleika á að byggja efnisminni og einfaldari hús með stærri gluggum en tíðkast hafði í eldri byggingarstílum. Samkvæmt hinni nýju stefnu skyldu byggingartækni og efni birtast í ytra og innra formi húsanna og útlit þeirra endurspegla notkun þeirra. Í skipulagi skyldi tryggja nægjanlega sól og útivistarsvæði við húsin og miða að því að almenningur fengi ódýrar íbúðir sem fylltu nútímakröfur um rými, birtu og hreinlæti.[153]



Mynd 49. Uppdráttur af skipulagi í Norðurmýri frá 1936.[154]

Nýja hverfið í Norðurmýri hóf að byggjast strax árið 1936, samkvæmt uppdrætti Einars og Valgeirs frá því ári (sjá mynd 49). Hverfið var frá upphafi kennt við mýrina sem áður lá um svæðið, en ákveðið var að göturnar fengju heiti sem vísuðu til Íslendingasagna.[155]

Hönnun og skipulag hverfisins var mjög í anda hinna nýju hugmynda fúnkisstefnunnar, en var líka undir áhrifum frá svokallaðri garðborgarstefnu („Garden City“) sem birst hafði í skipulagshugmyndum Guðmundar Hannessonar fyrr á öldinni, þar sem áhersla var á lágreista byggð og afstöðu húsa og lóða gagnvart sól, þannig að stefna og breidd gatna og afstaða, hæð og dýpt húsa var ákvörðuð með hliðsjón af nýtingu sólarljóss og birtu. Áhersla var einnig í báðum stefnum, á að aðskilja atvinnusvæði og íbúðasvæði.[156]

---

[153] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 3, 11, 15; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 10; Guðmundur L. Hafsteinsson, „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970,“ 123; Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata* (skýrsla 105, 2004), 4-5.

[154] Borgarsögusafn. Korta- og uppdráttasafn. „Skipulag í Norðurmýri,“ undirritað af Einari Sveinssyni og Valgeiri Björnssyni, dags. maí 1936.

[155] *Alþýðublaðið*, 17. október 1935, 3; 6. janúar 1937, 4; *Morgunblaðið*, 6. janúar 1937, 3.

[156] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; Pétur H. Ármannsson, *Borgarhluti verður til*, 5; Pétur H. Ármannsson, „Er til íslensk þéttbýlishefð?“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. mars 2001, bls. 12-13.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Í suður- og miðhluta hverfisins, sunnan Skeggjagötu, var gert ráð fyrir stakstæðum tví- eða þríbýlishúsum en í norðurhlutanum, norðan Skeggjagötu, áttu að vera samstæð fjórbýlishús eða parhús. Meðfram norðurjaðri hverfisins, við Njálsgötu og fyrir hornið á Rauðarárstíg, áttu að vera fjölbýlishús í samfelldri röð (randbyggð), en stakstæð fjölbýlishús meðfram áframhaldi Rauðarárstígs að Skeggjagötu. Skipulagið gerði upphaflega ráð fyrir að í hluta hverfisins, norðan Skeggjagötu og vestan Gunnarsbrautar, yrðu húsin einlyft með kjallara og háreistu mænisþaki, en byggingarnefnd heimilaði frávik þannig að á endanum urðu þau hús öll tvílyft með lágu valmaþaki, eins og ráðgert var og raungerðist í öðrum hlutum hverfisins. Undantekning er eitt hús, við Karlagötu 14-16, sem byggt var með háu risi í þeirri mynd sem skipulagið hafði upphaflega gert ráð fyrir.[157]



Mynd 50. Loftmynd frá 1946. Hverfið Norðurmýri er fullbyggt, á Rauðarárholti er risið hverfi verkamanna-bústaða og sunnan Miklubrautar er Hlíðahverfi að byggjast upp. Bærinn *Klambrar* stendur á Klambratúni og sjá má að enn eru óbyggðir blettir í kringum býlin *Sunnuhvol* og *Háteig* við Háteigsveg. Neðarlega sést býlið *Eskihlíð* og önnur eldri hús á því svæði. Braggahverfi eru á Rauðarárholti, m.a. á móts við Sjómannaskólann.[158]

Mikill heildarsvipur er á hverfinu, þar sem flest húsin eru svipaðrar gerðar, steinsteypt hús í íslenskum fúnkisstíl, tvílyft með kjallara og valmaþaki. Eins og áður segir átti Einar Sveinsson stóran þátt í mótun hins íslenska fúnkisstíls og þeirrar húsagerðar sem ríkjandi varð í nýjum íbúðahverfum í Reykjavík, eins og Norðurmýri, á árunum 1935-1960, enda

[157] *Alþýðublaðið*, 17. október 1935, 3, Hörður Bjarnason, „Byggingarmál Reykjavíkur," *Vísir: Sunnudagsblað*, 14. nóvember 1937, 5; Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 11; Guðmundur Gunnarsson, „Starfsumhverfi íslenskra arkitekta á tímabilinu 1930 til 1970," 98; Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Hverfaskipulag: Borgarhluti 3: Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*; Guðrún Jónsdóttir, Jón Þórisson og Ragnheiður Ragnarsdóttir, *Norðurmýri – Rauðarárholt: Tillaga að hverfaskipulagi 1984-2004*, 3.
[158] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. VIG 001 125 4-2. Ljósmyndari Sigurhans E. Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

skipulagði hann ekki einungis hverfin heldur teiknaði einnig mörg húsanna sjálfur.[159] Eitt helsta sérkenni byggðarinnar er steining eða skeljun útveggja, en sú aðferð að húða útveggi steyptra húsa með mulningi úr íslenskum steinefnum eða skeljabrotum var þróuð hér á landi um og upp úr 1930, af Guðjóni Samúelssyni í tengslum við byggingu Þjóðleikhússins, og er íslensk aðferð, aðlögun fúnkisstílsins að íslenskum aðstæðum og eitt helsta einkenni hins íslenska fúnkisstíls og íslenskra steinsteyptra húsa frá tímabilinu 1930-1960.[160] Þegar Norðurmýrarhverfið byggðist upp var steiningin alveg ný aðferð og þar byggðist í fyrsta sinn heilt hverfi húsa með hinni einkennandi múrhúðun. Flest húsanna eru múruð með mulningi úr hrafntinnu, kvarsi og/eða silfurbergi, en einnig eru nokkur múruð með skeljasandi og allmörg, einkum nyrst í hverfinu, með hraunmúr (perlumúr) sem var orðin algeng aðferð við húðun útveggja áður en steiningin kom til sögunnar. Á sumum húsanna eru tveir litir í steiningunni til að brjóta upp annars einsleita veggfleti, svo sem á svölum og kringum inngangströppur. Önnur einkenni byggðarinnar eru valmaþök, steyptir þakkantar og steyptir garðveggir meðfram lóðamörkum, sem jafnframt eru einkenni hins íslenska fúnkisstíls. Hverfið var fullbyggt skömmu eftir stríðslok og hefur litlum breytingum tekið síðan.

1.5.3 Holtin – Iðnaðar- og atvinnusvæði á Rauðarárholti

Á *Rauðarárholti* tóku að rísa byggingar undir ýmiskonar iðnrekstur þegar um aldamótin 1900 en iðnaðarhverfi má segja að hafi orðið til þar á 3. og 4. áratug 20. aldar. Þá voru iðnaðarhverfi á undanhaldi í austurátt vegna örrar stækkunar bæjarins. Fyrstu iðnfyrirtækin á þessu svæði hófu starfsemi á lóðum austan Rauðarárstígs en síðan fikraðist starfsemin upp eftir vestanverðu holtinu og fyrirtæki með fjölbreytta iðnaðarstarfsemi komu sér fyrir við göturnar Þverholt, Einholt, Stakkholt og Brautarholt, og voru rekin þar um áratugaskeið. Meðal fyrirtækja sem þarna störfuðu eru *Vinnufatagerð Íslands* sem stofnuð var 1932 og var til húsa í Þverholti, *Hampiðjan* sem stofnuð var 1934 og byggði hús á lóð milli Stakkholts og Brautarholts, *Ofnasmiðjan* sem tók til starfa 1936 við Háteigsveg 7, *Litir og lökk*, sem hóf starfsemi í Einholti 8 árið 1937, *Smjörlíki h.f.*, *Kexverksmiðjan Esja*, *Sól h.f.*, *Pólar*, *Dagblaðið*, *Prentsmiðja Guðjóns Ó.* og fleiri.[161]

Á 5. áratugnum hófst uppbygging atvinnuhúsnæðis á norðanverðu holtinu, eftir að samþykkt var árið 1942 skipulag iðnaðar- og athafnasvæðis á reitum milli Skipholts og Laugavegar, allt frá Stórholti og Mjölnisholti austur að Kringlumýri, en það mun hafa verið fyrsta heildarskipulag atvinnusvæðis í borginni (sjá mynd 51).[162] Þar reis á næstu áratugum fjölbreytilegt iðnaðar- og atvinnuhúsnæði á lóðum sem teljast til Brautarholts, Skipholts og Laugavegar. Fyrsta uppbyggingin var meðal annars á lóðum við Laugaveg, þar sem stórhýsi *Mjólkursamsölunnar* (Laugavegur 162) og trésmiðjunnar *Víðis* (Laugavegur 166) risu um og eftir stríðsárin, ásamt bifreiða- og vélaverkstæðum austan Nóatúns (Laugaveg 170-174). Við

[159] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 15.
[160] Ari Trausti Guðmundsson og Flosi Ólafsson, *Steinuð hús*, 6-7, 12-19; Guðmundur L. Hafsteinsson, „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970," 123-124.
[161] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjölnisholt – Stakkholt – Þverholt* (skýrsla 106, 2004), 8-9.
[162] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. „Iðnaðar- og athafnasvæði við Suðurlandsbraut," undirritað af Herði Bjarnasyni og Einari Sveinssyni, dags. nóvember 1942; *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur", 29, 30, 36, 42, 263.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

göturnar Brautarholt og Skipholt hófu á svipuðum tíma að rísa sambyggðar raðir iðnaðar- og atvinnuhúsa á grunni skipulagsins frá 1942 og seinni tíma breytinga á því. Þessi byggð hélt áfram að þéttast á 6., 7. og 8. áratugnum, en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-1983 var svæðið að mestu skilgreint sem blandað iðnaðar-, vörugeymslu- og miðbæjarsvæði í samræmi við þá starfsemi sem þar hafði þegar tekið að byggjast upp.[163] Á árunum 1960-1965 bættist meðal annars við þyrping skrifstofubygginga, verslana- og iðnaðarhúsa austast á svæðinu, við Bolholt og Skipholt.[164] Miðhluti svæðisins, á milli Laugavegar 172 og 176, var skilgreindur fyrir opinberar byggingar og tengdur við lóðir Sjómannaskólans og Kennaraháskólans til suðurs.[165] Þar var autt svæði allt til 8. áratugarins, þegar einnig reis þar atvinnuhúsnæði.



Mynd 51. Uppdráttur frá 1942 að skipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis á reitum milli Laugavegar (hér Suðurlandsbrautar) og núverandi Skipholts í norðanverðu Rauðarárholti. Fyrsta heildarskipulag atvinnusvæðis í borginni.[166]

Athafnasvæðin vestan og norðan til í Rauðarárholti hafa verið í áframhaldandi byggingu, breytingu og þróun á síðustu árum og ný atvinnu- og þjónustustarfsemi og íbúðarbyggð hefur tekið við þar sem áður var iðnaður. Í skipulagi eru í dag skilgreindir þéttingar- og þróunarreitir á öllu svæðinu og á sumum þeirra hefur þegar átt sér stað stórfelld endurskipulagning byggðar, niðurrif eldra húsnæðis og uppbygging nýrrar byggðar. Byggð austan Rauðarárstígs hefur breyst úr iðnaðar- og vörugeymslusvæði í miðbæjar- og íbúðarsvæði, m.a. með byggingu randbygginga og fjölbýlishúsa á nýjum íbúðasvæðum milli Rauðarárstígs og Einholts og Laugavegar og Brautarholts, vestan Ásholts og sunnan

[163] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*.
[164] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Heklureitur* (skýrsla 184, 2017), 10.
[165] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Heklureitur* (skýrsla 184, 2017), 7; Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*.
[166] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. „Iðnaðar- og athafnasvæði við Suðurlandsbraut," undirritað af Herði Bjarnasyni og Einari Sveinssyni, dags. nóvember 1942.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Stakkholts. Markmiðið með þessari þéttingu byggðarinnar hefur meðal annars verið að styrkja miðborgina með fjölgun íbúða.[167]



Mynd 52. Rauðarárholt á loftmynd frá 1946.[168] Fyrir miðju, ofan Sjómannaskólans, sést fyrsti vísir uppbyggingar á iðnaðar- og atvinnulóðum milli Laugavegar og Skipholts, en lengra til vinstri sjást m.a. hús Mjólkursamsölunnar (Laugavegur 162). Lengst til vinstri er eldri iðnaðarbyggð austan Rauðarárstígs og nýrisið hverfi verkamannabústaða milli Háteigsvegar og Stórholts.



Mynd 53. Uppdráttur að skipulagi íbúða- og iðnaðarbyggðar í Rauðarárholti frá 1948.[169]

[167] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Hverfaskipulag: Borgarhluti 3: Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*.
[168] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. VIG 001 126 2-1. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.
[169] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. „Skipulag í Rauðarárholti," undirritað af Einari Sveinssyni og Þór Sandholt, dags. febrúar 1948.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.5.4 Holtin – Verkamannabústaðir á Rauðarárholti

Íbúðarbyggð tók að rísa á Rauðarárholti á heimsstyrjaldarárunum síðari, en þá var húsnæðisskortur mikill í kjölfar fólksflutninga til bæjarins. Árið 1939 var Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík úthlutað lóðum í Rauðarárholti vestanverðu, norðan Háteigsvegar, þar sem það hugði á byggingu verkamannabústaða til að bregðast við húsnæðisskortinum.[170] Uppdráttur að hverfi verkamannabústaða á svæðinu, undirritaður af Einari Sveinssyni húsameistari Reykjavíkur og Herði Bjarnasyni skrifstofustjóra skipulagsnefndar ríkisins, var samþykktur af bæjarráði í október 1939 (sjá mynd 54).[171] Hverfið var, eins og Norðurmýri, hannað í anda nýrra hugmynda fúnkísstefnunnar og eldri hugmynda garðborgarstefnunnar, þar sem stefna gatna og afstaða og dýpt húsa og lóða var ákvörðuð með hliðsjón af nýtingu sólarljóss. Við skipulag hverfisins var jafnframt gert ráð fyrir sameiginlegu útivistarsvæði eða leikvelli í skjóli húsa sem standa á þríhyrndum reit innan Meðalholts, Háteigsvegar og Einholts.



Mynd 54. Uppdráttur að hverfi verkamannabústaða á Rauðarárholti frá 1939.[172] Norður snýr niður á uppdrættinum og Háteigsvegur er því efst.

[170] Ingólfur Kristjánsson, „Saga byggingarfélagsins í fimmtán ár," 28.
[171] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 19, 28 (mynd 13); Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11, 40; *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. „Verkamannabústaðir í Rauðarárholti," undirritað af E.S. [Einari Sveinssyni] og H.B. [Herði Bjarnasyni], dags. 26. október 1939.
[172] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. „Verkamannabústaðir í Rauðarárholti," undirritað af E.S. [Einari Sveinssyni] og H.B. [Herði Bjarnasyni], dags. 26. október 1939.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Strax í kjölfar skipulagsins hóf Byggingarfélagið metnaðarfulla uppbyggingu á svæðinu og byggðist hverfið upp í fjórum áföngum á árunum 1939-1955. Í fyrstu þremur áföngunum voru byggð húsin við Háteigsveg, Einholt, Meðalholt og Stórholt (1939-1948) og Stangarholt og Skipholt (1949-1954). Þau voru öll reist eftir teikningum arkitektanna Bárðar Ísleifssonar og Guðjóns Samúelssonar og er ein húsagerð þar ráðandi; tveggja hæða hús í hinum „íslenska fúnkisstíl“, samhverf um miðju, með valmaþaki, skeljasandshúð og steyptum þakkanti. Fjórar íbúðir eru í hverju húsi, tvær í hvorum helmingi, með inngangi á hvorum gafli. Steyptir garðveggir að götu einkenna jafnframt þessa byggð. Húsin voru öll hönnuð með hagkvæmni og einfaldleika að leiðarljósi enda byggð sem verkamannabústaðir fyrir efnaminna fólk.

Í síðasta áfanga (1954-1955) voru byggð stærri hús, sem skipað var með gafl að götu meðfram götunni Nóatúni, auk tveggja samskonar húsa við Skipholt. Þau hús voru byggð eftir teikningum Óskars Sveinssonar húsameistara og eru tvílyft fjölbýlishús með háreistu mænisþaki og stigagangi fyrir miðju.

Alls byggði Byggingarfélag verkamanna um 60 hús á Rauðarárholti, með 244 íbúðum og náði þar með því markmiði sínu að bæta úr brýnni húsnæðisþörf yfir 200 fjölskyldna, sem áður bjuggu í heilsuspillandi og ófullnægjandi íbúðum. Eitt hús innan byggðarinnar, Stórholt 16 á horni Stórholts og Vallholts, var frá upphafi hannað sem verslunar- og skrifstofuhús og hýsti matvöruverslun, mjólkur- og brauðsölubúð og fiskbúð, auk skrifstofa Byggingarfélags verkamanna.[173] Byggðin er enn mjög heildstæð og upprunaleg og húsin hafa haldið yfirbragði sínu og einkennum, en eitt helsta sérkenni byggðarinnar er skeljasandshúð á útveggjum. Steining eða skeljun útveggja var nýjung á þessum tíma, eins og áður segir, aðlögun fúnkisstílsins að íslenskum aðstæðum og eitt helsta einkenni hins íslenska fúnkisstíls og íslenskra steinsteyptra húsa frá tímabilinu 1930-1960.[174]



Mynd 55. Horft til suðvesturs frá Rauðarárholti um 1945.[175] Verkamannabústaðir við Stórholt og Meðalholt.

[173] Ingólfur Kristjánsson, „Saga byggingarfélagsins í fimmtán ár,“ 21-22, 28-40.
[174] Ari Trausti Guðmundsson og Flosi Ólafsson, *Steinuð hús*, 6-7, 12-19; Guðmundur L. Hafsteinsson, „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970,“ 123-124.
[175] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EPB 001 111 1-1. Ljósmyndari Eggert P. Briem.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 56. Loftmynd frá 1946.[176] Fyrstu áfangar verkamannabústaða risnir við Háteigsveg, Einholt, Meðalholt og Stórholt.

1.5.5 Holtin – Íbúða- og stofnanabyggð á Rauðarárholti

Á stríðsárunum reis á Rauðarárholti aðalbygging Sjómannaskólans í Reykjavík, sem sameinaði undir einu þaki helstu menntastofnanir sjómannastéttarinnar, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands, ásamt loftskeytaskólanum og öðrum tengdum skólum. Bæjarstjórn Reykjavíkur gaf lóð efst á Rauðarárholti undir skólahúsið og aðrar byggingar sem kynnu að verða reistar í tengslum við skólann.[177] Arkitektunum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni var í kjölfar hugmyndasamkeppni falið að gera fullnaðaruppdrætti að húsinu, sem reis á árunum 1942-1945.[178] Fljótlega var byggð önnur skólabygging fyrir verklega kennslu Vélaskólans á lóðinni austan við aðalbygginguna og á 6., 7. og 8. áratugnum risu frekari viðbyggingar á svæðinu undir aðra starfsemi skólans.[179] Árið 2008 var aðalbygging Sjómannaskólans við Háteigsveg friðuð af menntamálaráðherra samkvæmt þágildandi lögum um húsafriðun nr. 104/2001.[180]

---

[176] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-36. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.
[177] Friðrik V. Ólafsson: „Sjómannaskólinn," *Sjómannablaðið Víkingur* 6, nr. 10 (1944), 259-260.
[178] *Borgarskjalasafn*. Skjöl byggingarnefndar (B). Háteigsvegur, Sjómannaskóli (B/847); *Skjalaver Höfðatorgi*. Aðaluppdrættir. Háteigsvegur 35-39. Teikning undirrituð af Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni, BN 657/42, sþ. 26. nóvember 1942.
[179] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 20-23.
[180] *Vef.* Minjastofnun Íslands, „Friðlýst hús og mannvirki: Sjómannaskólinn (Fjöltækniskóli Íslands), Háteigsvegur," https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/sjomannaskolinn-fjoltaekniskoli-islands.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 57. Rauðarárholt séð til norðurs á loftmynd frá 1946.[181] Sjómannaskólinn og vatnsgeymarnir fyrir miðri mynd en á bakvið sést grjótnámið í norðanverðu holtinu og ný iðnaðar- og atvinnuhús milli Skipholts og Laugavegar. Í forgrunni er braggahverfið *Camp Tower Hill*. Neðst til hægra sjást hús, líklega á Kringlumýrarbletti 29.

Á stríðsárunum byrjaði einnig að rísa byggð íbúðarhúsa við framhald Flókagötu meðfram Klambratúni og á lóðum sunnan Háteigsvegar og risu flest húsin þar á árunum 1942-1946, í beinu framhaldi af byggingu Norðurmýrar. Einstaka lóðir byggðust seinna, sem skýrist meðal annars af því að þær tilheyrðu áður tveimur gömlum býlum, *Sunnuhvoli* og *Háteigi*. Þar risu hús á árunum 1960-1962 og stöku hús enn seinna. Á tímabilinu 1947-1954 reis jafnframt íbúðabyggð við framhald af Háteigsvegi og Flókagötu austan Lönguhlíðar, og við Úthlíð, Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð austur að Stakkahlíð, og síðan við áframhald Bólstaðarhlíðar og Skaftahlíðar á árunum 1954-1961. Þessi byggð tilheyrir í raun skipulagi Hlíðahverfis, sem nánar er greint frá í næsta kafla.

Á árunum 1956-1965 reis íbúðabyggð á holtinu í nánasta umhverfi Sjómannaskólans, fyrst norðvestanvert við aðalbygginguna, á horni Nóatúns og Skipholts, og síðan austan við skólann, við göturnar Vatnsholt, Hjálmholt og austurhluta Skipholts og síðan við áframhald af götunni Bólstaðarhlíð. Þessi byggð virðist reist samkvæmt hugmyndum sem koma fram á heildaruppdrætti sem gerður var árið 1957, fyrir stórt svæði í Kringlumýri og Háaleiti, sem náði allt frá Stakkahlíð austur að Grensásvegi og milli Suðurlandsbrautar og Bústaðavegar, og tók meðal annars til norðausturhluta Hlíða og Rauðarárholts (sjá mynd 58).[182] Byggðin austan Sjómannaskólans eða á austanverðu Rauðarárholti reis að mestu á árunum 1962-1967, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti frá 1961, þar sem nánar var útfærð byggð við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts (sjá mynd 59).[183]

[181] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-34. Ljósmyndari ókunnur.
[182] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 49, 64 (mynd 43).
[183] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð," undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 58. Heildaruppdráttur frá 1957 að stóru svæði í Kringlumýri og Háaleiti, allt frá Stakkahlíð austur að Grensásvegi og milli Suðurlandsbrautar og Bústaðavegar [184]

Við síðarnefndu göturnar þrjár risu vegleg stakstæð íbúðarhús, öll af svipaðri stærð og gerð, með sterkum sameiginlegum einkennum þess afbrigðis módernismans sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík byggð á tímabilinu 1960-1970, svo sem flöt eða einhalla þök og múrsléttað og málað yfirborð með uppbrotum og litaskilum á útveggjum. Á þessum slóðum stóðu fyrir nokkur eldri hús sem tilheyrðu Kringlumýrarblettum og þurftu flest þeirra að víkja fyrir hinni nýju skipulögðu byggð, en tvö, *Hlíðardalur* og *Höfn*, voru felld inn í nýju byggðina og stóðu allt til um 2000 þegar ný hús voru byggð á lóðum þeirra, eins og fjallað er um hér framar (sjá kafla 1.4.5). Við götuna Bólstaðarhlíð austanverða, sem framlengd var í

[184] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 64 (mynd 43).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

boga og áfram norður að Skipholti, risu síðan fjölbýlishús eftir sama skipulagi á árunum 1963-1967. Húsin standa á austurjaðri borgarhlutans, meðfram Kringlumýrarbraut og endurspegla með skýrum hætti, eins og önnur fjölbýlishús meðfram stofnbrautunum Miklubraut og Kringlumýrarbraut, byggðaþróun þessa tíma og skipulagshugmyndir módernismans um að byggja skyldi há fjölbýlishús meðfram umferðaræðum til að skerma af aðra smágerðari íbúðabyggð í hverfum borgarinnar.



Mynd 59. Uppdráttur frá 1961 að skipulagi byggðar við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts. Einnig er sýnd byggð við Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð, austan Stakkahlíðar. Austur snýr upp á uppdrættinum.[185]

Á sama tímabili eða á árunum 1957-1964 reis Háteigskirkja á holtinu, suðvestanvert við Sjómannaskólann. Kirkjan, sem hönnuð var af Halldóri H. Jónssyni arkitekt, þótti óvenjuleg en um leið setja mikinn svip á umhverfi sitt, einkum hinir fjórir turnar hennar, en kirkjan hefur frá því að hún var byggð verð eitt af kennileitum Rauðarárholts. Frá upphafi var gert ráð fyrir að byggt yrði safnaðarheimili á lóðinni norðan við kirkjuna og tengigangur á milli bygginganna og risu þær byggingar árið 1992, eftir teikningum Garðars Halldórssonar arkitekts, sonar Halldórs sem lést í febrúar sama ár.[186]

Á Rauðarárholti suðaustanverðu, á svæðinu sunnan Háteigsvegar, austan Stakkahlíðar og norðan Bólstaðarhlíðar, tóku að rísa opinberar byggingar í lok 6. áratugarins og á 7.

[185] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð," undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.
[186] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 27-29; *Morgunblaðið*, 30. maí 1959, 6; 4. maí 1963, 6; 21. desember 1965, 3; *Vísir*, 20. ágúst 1963, 1; 13. júlí 1965, 1; 13. nóvember 1965, 1; *Þjóðviljinn*, 12. desember 1965, 1; *Tíminn*, 15. desember 1965, 16; 21. desember 1965, 2 og 15; *Alþýðublaðið*, 21. desember 1965, 3 og 10; J. Þ., „Háteigskirkja vígð 19. des. 1965," *Kirkjuritið* 32, nr. 1 (1966), 30-32; Hörður Ágústsson: „Af minnisblöðum málara". *Birtingur* 4, nr. 3.-4. (1958), 42.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

áratugnum. Þar höfðu áður verið fiskreitir og fiskvinnsluhús og síðar braggahverfið *Camp Tower Hill* á hernámsárunum og eftirstríðsárunum, eins og áður er fjallað um. Elstu hugmyndir um skipulag á þessu svæði er að finna á uppdrætti undirrituðum af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt að skipulagi 2. áfanga Hlíðahverfis, austan Lönguhlíðar, frá um 1946 (sjá mynd 64). Þar var gert ráð fyrir áframhaldandi íbúðabyggð á svæðinu með svipuðu sniði og vestan Stakkahlíðar, en hús sem risu austan Stakkahlíðar á árunum 1954-1961, við áframhald gatnanna Bólstaðarhlíðar og Skaftahlíðar, voru þau einu sem reist voru á svæðinu í samræmi við þessar hugmyndir. Á stóra heildaruppdrættinum sem gerður var árið 1957 fyrir Kringlumýri og Háaleiti, og áður er nefndur (sjá mynd 58), virðist gert ráð fyrir gisinni stofnanabyggð á svæðinu, en þar er jafnframt sýnd Kirkja óháða safnaðarins, sem reis á horni Háteigsvegar og Stakkahlíðar á árunum 1950-1959, hönnuð af Gunnari Hanssyni arkitekt.[187] Á skipulagsuppdrætti að byggð við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts frá 1961 (sjá mynd 59),[188] er svæðið þó enn óskipulagt að mestu, en þó hefur bæst þar við fyrirhugað hús Kennaraháskóla Íslands sem síðan reis við Stakkahlíð á árunum 1962-1965, en arkitekt þess var Steinar Guðmundsson sem starfaði hjá húsameistara ríkisins á þeim tíma.[189]



Mynd 60. Hús Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð, séð frá Háteigsvegi, á ljósmynd frá 2005.[190]

[187] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 49, 64 (mynd 43); María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016).
[188] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð," undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.
[189] „Steinar Guðmundsson: In memoriam," *Menntamál* 36, nr. 2: 181-182.
[190] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. Úr stafrænu safni Fréttatímans. d31270605_kenno_01. Ljósmyndari Páll Bergmann.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Ekkert heildarskipulag hefur verið unnið fyrir svæðið síðan og hefur uppbygging húsa á reitnum verið ákveðin með staðbundnum deiliskipulagsbreytingum hverju sinni.[191] Á árunum 1966-1968 bættist við á svæðinu skólahús Æfingaskóla Kennaraháskólans, sem nú heitir Háteigsskóli, á austurjaðri svæðisins á horni Háteigsvegar og Bólstaðahlíðar, teiknað af Gunnari Hanssyni arkitekt. Á þeim slóðum stóðu áður hús sem tilheyrðu Kringlumýrar-blettum en voru fjarlægð þegar skólinn var byggður. Seinna bættust þarna við íþróttahús Æfingaskólans (1975), viðbyggingar við Kennaraháskólann (1982, 2002 og 2005), íbúðablokkir á vegum Samtaka aldraðra við Bólstaðarhlíð 41-45 (1986), námsmannaíbúðir við Bólstaðarhlíð 23 (1998) og nú síðast nýjar íbúðablokkir við Austurhlíð 2-4 og Stakkahlíð 3-5 (2022).



Mynd 61. Hús við Skaftahlíð meðfram Miklubraut á mynd frá um 1960-1961.[192] Lengst til vinstri er Skaftahlíð 24 þar sem veitingastaðurinn Lídó var um tíma og síðar Tónabær.

1.5.6 Hlíðarnar – Sunnan og norðan Miklubrautar

Hlíðahverfi eða *Hlíðarnar* eru heilsteypt íbúðahverfi sem tók að rísa í framhaldi af uppbyggingu Norðumýrar í stríðslok og eitt fyrstu hverfunum sem byggðust í kjölfar þess að byggð tók að þenjast út fyrir Hringbraut (og núverandi Snorrabraut) og því með eldri hlutum borgarinnar. Hverfið byggðist að mestu á 5. og 6. áratug 20. aldar, samkvæmt skipulagsuppdráttum sem unnir voru í tíð Einars Sveinssonar og Þórs Sandholts hjá embætti húsameistara Reykjavíkur og Bolla Thoroddsens bæjarverkfræðings í Reykjavík. Hlíðarnar eru með fyrstu heildstæðu íbúðarhverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi og hugmyndafræði.

Hverfið skiptist í tvennt um Miklubraut og byggðist í nokkrum áföngum. Fyrst var hafist handa við uppbyggingu vesturhluta hverfisins, sem myndar þríhyrnt svæði sunnan Miklubrautar austur að Lönguhlíð. Sá hluti byggðist samkvæmt uppdrætti sem er óundirritaður og ódagsettur, en var líklega unninn af Einari Sveinssyni þáverandi húsameistara Reykjavíkur, sem áður hafði unnið skipulag Norðurmýrar og

[191] María Gísladóttir, *Húsakönnun. Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 10.
[192] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. VIG L33 2. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

verkamannabústaðanna á Rauðarárholti (sjá mynd 62).[193] Fyrstu húsin sem byggð voru í samræmi við þennan uppdrátt voru raðhúsin númer 22-30 og 32-38 við Miklubraut sem reist voru á árunum 1942-1943 eftir teikningum Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsonar. Hús af þeirri gerð voru nýmæli á þeim tíma og gerðu höfundarnir tillögu að byggð slíkra húsa á stærra svæði í þessum hluta Hlíðanna en ekki varð af byggingu þeirra.[194] Göturnar Mjóahlíð, Engihlíð, Reykjahlíð, Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð, Blönduhlíð og Eskihlíð urðu síðan til á grunni þessa skipulags og urðu að mestu fullbyggðar, austur að Lönguhlíð, á árunum 1945-1949. Þar risu aðallega samstæð eða stakstæð íbúðarhús úr steinsteypu, tvílyft eða þrílyft, með kjallara og risi og fjórum, sex eða átta íbúðum. Meðfram Miklubraut byggðust áfram raðhús og sambyggðar raðir tveggja hæða fjölbýlishúsa.



Mynd 62. Uppdráttur að skipulagi Hlíðahverfis vestan Lönguhlíðar frá um 1945.[195] Austur snýr upp. Gert er ráð fyrir samstæðum eða stakstæðum íbúðarhúsum við flestar götur, en raðhúsum og lágum fjölbýlishúsum meðfram Miklubraut og stærri fjölbýlishúsum milli Eskihlíðar og Reykjanesbrautar (Skógarhlíðar).

[193] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 30; *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi," [óundirrituð] [ódags.].
[194] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir, *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[195] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi," [óundirrituð] [ódags.].

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fjögurra hæða fjölbýlishúsin meðfram Eskihlíð tilheyra einnig þessu skipulagi en byggðust á lengra tímabili, á árunum 1946-1956. Þrjú þau elstu, byggð 1946-1947, eru meðal elstu blokkarbygginga í borginni, reist skömmu eftir byggingu fyrstu fjórlyftu blokkanna við Hringbraut 37-41 og 43-47 og á svipuðum tíma og fjölbýlishús bæjarins við Skúlagötu 52-80 (nú Bríetartún 6-36) og Lönguhlíð 19-25. Austast í hverfishlutanum, við austurenda Mávahlíðar og Drápuhlíðar, eru nokkur yngri hús (Mávahlíð 46-48 og 47 og Drápuhlíð 43-45 og 47), sem risu á lóðum sem ekki voru teknar til byggingar fyrr en eftir 1956, þegar fjarlægt hafði verið eldra hús, *Reykjahlíð*, sem áður stóð þar á erfðafestulandi.



Mynd 63. Loftmynd tekin 1946 þegar Hlíðarnar vestan Lönguhlíðar eru í uppbyggingu. Meðal annars má sjá að verið er að reisa fyrstu blokkirnar við Eskihlíð (nr. 12-12b og 14-14b).[196]

Fljótlega eftir að byggðin vestan Lönguhlíðar tók að rísa hófst einnig uppbygging á svæðinu austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð, bæði norðan og sunnan Miklubrautar. Til er samþykktur deiliskipulagsuppdráttur að þeim hluta hverfisins frá 1946, undirritaður af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt (sjá mynd 64).[197] Á grunni þess skipulags reis áframhaldandi byggð sunnan Miklubrautar austur að Stakkahlíð, við framhald af götunum Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð og við Hamrahlíð norðanverða og varð sá hverfishluti að mestu fullbyggður á árunum 1946-1952. Þar reis samskonar byggð tveggja til þriggja hæða sambýlishúsa og vestan Lönguhlíðar, auk sambyggðra tveggja hæða fjölbýlishúsa áfram austur eftir Miklubraut.

[196] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-41. Ljósmyndari Sigurhans E. Vignir.
[197] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu," undirritað af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen, Þór Sandholt og Herði Bjarnasyni, dags. apríl 1946.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Á svipuðum tíma og eftir sama skipulagi, reis byggðin norðan Miklubrautar milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar, við áframhald Háteigsvegar og Flókagötu og við göturnar Úthlíð, Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð. Þar var gert ráð fyrir stakstæðum og sambyggðum íbúðarhúsum, samskonar og sunnan Miklubrautar, en fjölbýlishúsum á vesturjaðri og syðsta hluta svæðisins, meðfram Lönguhlíð og Skaftahlíð/Miklubraut. Þessi hverfishluti varð mestu fullbyggður á árunum 1947-1954. Meðal fyrstu húsanna sem risu þar voru fjölbýlishúsin við Lönguhlíð, þar á meðal „Lönguhlíðarblokkin“ svokallaða sem Einar Sveinsson arkitekt teiknaði og var fullbyggð árið 1947 á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar (Langahlíð 19-25). Reykjavíkurbær stóð fyrir byggingu hennar og var það liður í að mæta húsnæðisvandanum sem varð í kjölfar hernámsins. Mun Lönguhlíðarblokkin hafa verið stærsta fjölbýlishús landsins á sínum tíma.[198] Nokkrar lóðir við Háteigsveg og Flókagötu byggðust aðeins seinna en aðrar í hverfishlutanum, eða á árunum 1958-1964, en fram að því var þar hluti braggahverfisins *Camp Sheerwood*. Á svipuðum tíma risu fjölbýlishúsin milli Skaftahlíðar og Miklubrautar (Skaftahlíð 4-10 og 12-22).



Mynd 64. Uppdráttur að Hlíðahverfi austan Lönguhlíðar, beggja vegna Miklubrautar, frá 1946. Austur snýr upp.[199]

Skipulagsuppdrátturinn frá 1946 gerði ráð fyrir áframhaldandi samskonar íbúðabyggðar austan Stakkahlíðar og vestan götunnar (sjá mynd 64). Sá hluti skipulagsins náði þó einungis að litlum hluta fram að ganga og göturnar Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð voru þær einu sem voru framlengdar austur fyrir Stakkahlíð. Þar reis samskonar íbúðabyggð og vestan Stakkahlíðar á árunum 1954-1961, eins og nefnt er hér í fyrri kafla og voru það einu húsin sem reist voru á því svæði í samræmi við hugmyndir skipulagsins frá 1946.

[198] Einar Sveinsson, „Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar,“ *Morgunblaðið*, 13. október 1948, 10; Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur: Borgin*, fyrri hluti, 306.
[199] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu,“ undirritað af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen, Þór Sandholt og Herði Bjarnasyni, dags. apríl 1946.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 65. Svæðið á korti frá 1947.[200] Hér sést að risin eru fyrstu stóru íbúðarhverfin austan Hringbrautar (Snorrabrautar), í Norðurmýri, Rauðarárholti vestanverðu og Hlíðum vestan Stakkahlíðar, en á svipuðum tíma byrjuðu Túnin, Teigarnir, Sundin og Vogarnir að byggjast.

[200] Ágúst Böðvarsson, *Reykjavík og Seltjarnarnes*, 1947 (hluti). Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 66. Borgarhlutinn á loftmynd frá 1954.[201] Hlíðahverfi er að mestu fullbyggt samkvæmt skipulags-uppdráttum frá 5. áratug aldarinnar og samskonar íbúðabyggð er risin á svæði austan Stakkahlíðar.

Hlíðahverfi, líkt og Norðurmýri og verkamannabústaðirnir á Rauðarárholti, endurspeglar hugmyndir síns tíma um nútímalegt skipulag þar sem ráðandi eru hugmyndir fúnkisstefnunnar og hinnar eldri garðborgarstefnu. Afstaða og hlutföll húsa og lóða taka mið af sólarátt og stefna gatna ræðst um leið af því. Húsum er skipað samsíða og meðfram götu og garðsvæði liggja að mestu sunnan húsa. Meðfram umferðargötum á jöðrum byggðarinnar var skipað niður röðum fjölbýlishúsa, sem var nýmæli á þessum tíma sem einungis hafði áður birst í skipulagi Melahverfis.[202] Þjóðbrautin Reykjanesbraut (núverandi Skógarhlíð) afmarkaði hverfið til suðurs en skipulagi annarra umferðargatna innan hverfisins, Eskihlíðar, Lönguhlíðar og Hamrahlíðar, var komið fyrir þannig að þær sameinuðust í stóru hringtorgi í suðurjaðri hverfisins, sem fékk nafnið Eskitorg. Gert var ráð fyrir opnum svæðum og leiksvæðum innan hverfisins, sem og dagvöruverslunum, einkum á hornlóðum. Hlíðahverfi byggðist síðan upp sem mjög heildstætt hverfi að því leyti að húsin urðu öll áþekk að stærð og hæð enda lutu þau sameiginlegum skipulagsskilmálum varðandi húsgerð, hæð, umfang og staðsetningu gagnvart götu.

[201] *Vef*. Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík 1954."

[202] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 67. Ásýnd Hlíðahverfis frá Öskjuhlíð um 1950-1955, áður en nokkur tré risu á svæðinu.[203] Fremst er býlið Blönduhlíð sem stóð þar sem nú er lóð fjölbýlishússins Eskihlíðar 20-20a. Bakvið það sjást hús við götuna Blönduhlíð.

Hverfið sem heild ber þó glöggt vitni um þróun byggingarstíla og blöndun ýmissa stílbrigða á tímabilinu, en miklar hræringar áttu sér stað í skipulagi og byggingarlist á þeim tíma þegar hverfið var að byggjast upp. Tímabilið 1930-1960 var mikill mótunartími í íslenskri byggingarlist; mikið var byggt og áhrif úr ólíkum áttum bárust með nýútskrifuðum arkitektum sem báru með sér nýja strauma í kjölfar uppgangs fúnkisstefnunnar í byggingarlist. Áhrif smituðust auðveldlega á milli arkitekta og ýmissa byggingaraðila. Eldri húsin í hverfinu eru flest af svipaðri stærð og gerð og hlutföll, þakform og yfirborðsáferð með áþekku móti, þar sem valmaþök með litlum kvistum og steinmulnings- eða skeljasandsáferð eru ráðandi, sem og önnur einkenni hins íslenska fúnkisstíls. Innan um og einkum norðan Miklubrautar má finna fjölbreytilegri húsagerðir og meiri blöndun stílbrigða, en þar má meðal annars greina þær breytingar sem urðu í íslenskri byggingarlist með aukinni velmegun á eftirstríðsárunum og birtust meðal annars í stærri grunnfleti húsa, útskotum, hærra þaki og margbreyttara þakformi, íburðarmeiri stíl, margrúðugluggum, skrauti og mynstri, meðal annars í handriðum og girðingum úr forsteyptum einingum, en einnig aukin áhrif módernisma eftir því sem líður á byggingarskeið hverfisins.[204]

Byggð í Hlíðunum hélt áfram að þéttast og vaxa til austurs og suðurs á 6. og 7. áratugnum. Íbúðabyggð við göturnar Hörgshlíð og Háuhlíð sunnanvert í hverfinu, reis á árunum 1954-1964, eftir hugmyndum um skipulag sunnan Hamrahlíðar sem samþykktar voru

[203] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. HAP RVK 010 1-2. Ljósmyndari Hannes Pálsson.
[204] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 15; Pétur H. Ármannsson, *Borgarhluti verður til*, 10; Pétur H. Ármannsson, „Arkitektinn og verk hans," 98; Eggert Þór Bernharðsson, „Að byggja sér veldi: Hugleiðing um húsagerðarlist „nýfrjálsrar" þjóðar," *Ný saga* 7, nr. 1 (1995), 88-90.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

í bæjarráði 1953.[205] Húsin við Háuhlíð byggðust fyrst, eða á árunum 1954-1958, og eru flest íburðarmikil sérbýlishús en húsin við Hörgshlíð, sem eru ýmist sérbýli eða sambýlishús með sérhæðum, risu flest á árunum 1956-1964. Tvö hús eru yngri, byggð 1988 (Hörgshlíð 2) og 1991 (Hörgshlíð 20), þar sem áður voru hús frá eldri tíð. Í þessum hverfishluta má vel greina þá þróun og blöndun stíltegunda sem varð á 6. og 7. áratugnum, þegar hinn íslenski fúnkisstíllinn var á undanhaldi og hús urðu stærri, meðal annars með aukinni velmegun eftirstríðsáranna, og þegar áhrif frá alþjóðlegum móderisma bárust hingað til lands með arkitektum sem komu heim frá námi.



Mynd 68. Loftmynd tekin yfir austurhluta Hlíðahverfis 1961. Fremst má sjá nýbyggð hús við Hörgshlíð og Háuhlíð og fjær eru tvær af þremur álmum Hlíðaskóla sem reistur var á árunum 1960-1964.[206]

Íbúðabyggð í austanverðum Hlíðum, sunnan Miklubrautar og austan Bogahlíðar, við göturnar Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð, reis á svipuðum tíma samkvæmt skipulagsuppdrætti sem var samþykktur af bæjarráði árið 1954 (sjá mynd 69).[207] Skipulagið gerði ráð fyrir fjölbýlishúsum á vestur-, norður- og austurjöðrum svæðisins, við Bogahlíð og meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut, en lágreistari byggð tví- eða þrílyftra

[205] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Korta- og uppdráttasafn. „Golfskálahæð," undirritað af Þór Sandholt, 28. nóvember 1952.
[206] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. GRÓ 005 067 2-3. Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.
[207] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar, undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954; *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 48, 54 (mynd 33).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sambýlishúsa við Grænuhlíð og Hamrahlíð. Sömu hugmyndir um skipulag hverfishlutans má sjá á heildaruppdrættinum frá 1957 að skipulagi í Kringlumýri og Háaleiti, sem áður er nefndur (sjá mynd 58).[208] Þar er meðal annars sýnd lega nýrrar umferðaræðar, *Kringlumýrarbrautar*, sem á árunum 1960-1970 var lögð þvert suður yfir Kringlumýrina, hér um bil hornrétt á Miklubraut. Meðfram þessum tveimur stóru umferðaræðum var gert ráð fyrir fjögurra hæða fjölbýlishúsum sem skerma áttu af aðra smágerðari íbúðabyggð í hverfunum. Byggðin við Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð reis að mestu samkvæmt hugmyndum þessara skipulagsuppdrátta á árunum 1955-1967, þar á meðal vinkilbyggð fjölbýlishús við Stigahlíð, meðfram Miklubraut, sem reist voru af Byggingafélagi verkamanna og teiknuð af Tómasi Vigfússyni húsasmíðameistara. Fjölbýlishús sem áttu samkvæmt skipulaginu að standa milli Kringumýrarbrautar og Stigahlíðar, voru ekki byggð, heldur risu þar samskonar stakstæð íbúðarhús og vestan Stigahlíðar, auk verslunarkjarnans *Suðurvers*. Byggðin fylgir sama byggðamynstri og í eldri hlutum Hlíðahverfis, að því leyti að húsunum er skipað samsíða og meðfram götu og garðsvæði liggja að mestu sunnan húsa, en undantekning er á



Mynd 69. Uppdráttur samþykktur 1954 að skipulagi íbúðabyggðar í austanverðum Hlíðum, sunnan Miklubrautar og austan Bogahlíðar, við göturnar Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð.[209]

[208] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 49, 64 (mynd 43).
[209] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. [Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar], undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

lóðum austan Stigahlíðar, þar sem húsin standa á víxl fremst og aftar á lóð. Byggðin í þessum hverfishluta endurspeglar vel þá þróun sem varð í byggingarlist á því tímabili þegar hún reis, en bæði innan byggðarinnar og í hönnun einstakra húsa blandast mismunandi byggingarstílar þannig að finna má áhrif frá hinum norræna fúnkisstíl sem smám saman færðist nær hinum alþjóðlega módernisma sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970.



Mynd 70. Horft suður eftir Kringlumýrarbraut frá gatnamótunum við Miklubraut á mynd frá 1989.[210]

Á 7. áratugnum risu einnig þær tvær skólabyggingar sem standa á svæðinu sunnan Hamrahlíðar. Frá upphafi virðist hafa verið gert ráð fyrir skólabyggingu á svæðinu austan Eskitorgs og þar var Hlíðaskóli reistur á árunum 1960-1963, eftir teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts. Þær þrjár álmur sem þá voru byggðar áttu upphaflega að mynda hluta af stærri heild samtengdra skólabygginga sem Sigvaldi hannaði. Skólinn var þó aldrei fullbyggður í þeirri mynd en á 9. og 10. áratug aldarinnar var hann stækkaður með viðbyggingum hönnuðum af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt. Menntaskólinn við Hamrahlíð var síðan reistur á næstu lóð austan Hlíðaskóla á árunum 1964-1970, eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts. Byggingin var nýstárleg í hönnun á sínum tíma, bæði hið ytra og innra, og árið 2008 var hún friðuð sem merk byggingarlist og höfundarverk Skarphéðins.[211]

[210] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK YFR 159 001 6-3. Ljósmyndari Kristján A. Einarsson.
[211] *Vef.* Minjastofnun Íslands, „Friðlýst hús og mannvirki: Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10,“ https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/menntaskolinn-vid-hamrahlid.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 71. Horft norðaustur yfir Hlíðarnar á mynd frá 1982.[212]

Yngsti hluti íbúðabyggðarinnar í Hlíðahverfi, einbýlishúsabyggðin við Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar á austurjaðri borgarhlutans, var skipulögð í tvennu lagi, fyrst austurhlutinn á 7. áratugnum og síðan vesturhlutinn upp úr 1980. Á áðurnefndum uppdráttum að byggðinni norðan Hamrahlíðar frá um 1952-1954 má sjá að þá þegar var gert var ráð fyrir áframhaldi þeirrar byggðar sunnan Hamrahlíðar, meðfram Kringlumýrarbraut (sjá mynd 69).[213] Svæðið var þó ekki skipulagt nánar fyrr en í byrjun 7. áratugarins, en þá var ákveðið framhald af götunni Stigahlíð til suðvesturs og skipulagðar lóðir og botnlangar frá götunni á þríhyrningslaga svæði austan hennar. Deiliskipulagsuppdráttur að þeirri byggð var samþykktur í bæjarráði árið 1961 (sjá mynd 72).[214] Þar risu stakstæð einbýlishús á árunum 1963-1968, nýtískuleg hús á einni eða einni og hálfri hæð, einföld í formi og stílhrein, en ný kynslóð ungra arkitekta kom að hönnun flestra húsanna, sem voru byggð eftir nýjustu straumum í byggingarlist á þeim tíma og bera sterk sameiginleg módernísk einkenni. Vesturhluti hverfisins var ekki skipulagður fyrr en með deiliskipulagi sem samþykkt var 1983 (sjá mynd 73).[215] Þar reis áframhald samskonar byggðar, einbýlishús við botnlangagötur, á árunum 1984-1994, en þar er er póstmóderníska byggingarstíll þess tíma ríkjandi.

[212] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK YFR 087 1-3. Ljósmyndari Bjarnleifur Bjarnleifsson.
[213] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. [Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar], undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954.
[214] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi," undirritað af Örnólfi Hall og Aðalsteini Richter, dags. 27. ágúst 1961, sþ. 28. nóvember 1961.
[215] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar," undirritað af Aðalsteini Richter, dags. 12. júlí 1983, sþ. 19. júlí 1983.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu




Myndir 72 og 73. Vinstra megin er deiliskipulag einbýlishúsabyggðarinnar austan Stigahlíðar frá 1961. Hægra megin er deiliskipulag byggðarinnar vestan Stigahíðar frá 1983.[216]

Til Hlíðahverfis telst einnig stofnana- og athafnasvæðið milli Skógarhlíðar og Bústaðarvegar, en það hefur verið í uppbyggingu frá 6. áratugnum.[217] Þá lá Reykjanesbraut (eða Hafnarfjarðarvegur) þar sem Skógarhlíð er nú og þjónaði sem aðalumferðargatan frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og Suðurnesja, en Bústaðavegur hafði þá ekki enn verið framlengdur til norðvesturs að Miklatorgi. Á svæðinu vestan Reykjanesbrautar var þá enn dreifð byggð erfðafestubýla, meðal annars býlin Hjarðarholt og Breiðholt og hús sem töldust til Vatnsmýrarvegar (sjá kafla 1.4.5), ásamt braggahverfinu Camp Anacostia. Árið 1954 reisti olíufélagið Shell bensínstöð á þessu svæði (Skógarhlíð 16), sem var þá með aðalaðkomu frá Reykjanesbraut og í alfaraleið. Sú stöð stendur enn og er nú ein elsta sérhannaða bensínstöð á landinu sem enn er varðveitt í því sem næst upprunalegri mynd.[218]

[216] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi," undirritað af Örnólfi Hall og Aðalsteini Richter, dags. 27. ágúst 1961, sþ. 28. nóvember 1961; *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar," undirritað af Aðalsteini Richter, dags. 12. júlí 1983, sþ. 19. júlí 1983.
[217] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Hverfaskipulag: Borgarhluti 3: Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*.
[218] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3, dags. 20. janúar 1999; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 74. Mynd tekin árið 1989 yfir gatnamótin þar sem Miklatorg var áður.[219] Verið er að framlengja Bústaðaveg að gatnamótunum, sem búið er að breyta úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót. Ofar sést byggð við Eskihlíð, fremst gamli bærinn Eskihlíð og önnur gömul hús sem stóðu á þessum slóðum, og hægra megin hús sem standa við Skógarhlíð (gömlu Reykjanesbraut/Hafnarfjarðarveg).

Einnig reisti Sölufélag garðyrkjumanna hús á svæðinu um 1954-1956 (Skógarhlíð 6) og stendur það enn við norðurenda götunnar og hýsir nú (2023) til bráðabirgða leikskólann Öskju. Þar sem Camp Anacostia hafði áður staðið var árið 1963 reist bygging fyrir Slökkvistöðina í Reykjavík (Skógarhlíð 14), sem hefur seinna verið hækkuð og stækkuð. Árið 1966 reisti rútubílafyrirtækið Landleiðir hf. skrifstofuhús á svæðinu (Skógarhlíð 10), en eitt aðalverkefni fyrirtækisins var rekstur Hafnarfjarðarleiðarinnar svokölluðu.[220] Á 8. áratugnum var byggt verkstæðishús til viðbótar á lóðinni. Í þessum húsum fer enn fram rekstur hópferðabifreiða, sem og annar tengdur og ótengdur rekstur. Árið 1982 bættist við á svæðinu húsið Skógarhlíð 8 sem frá hefur upphafi hýst starfsemi Krabbameinsfélag Íslands. Um 1988-1990 voru miklar breytingar gerðar á gatnakerfi á þessum slóðum og í kringum þáverandi Miklatorg. Bústaðavegur var lagður í brú yfir Kringlumýrarbraut og framlengdur að Miklatorgi, sem þá var um leið breytt úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót. Bústaðavegur varð þar með aðalsamgönguæðin á þessum slóðum í stað Reykjanesbrautar. Sú gata varð á þessum kafla lokuð í báða enda og fékk heitið Skógarhlíð. Um svipað leiti risu tvö hús við suðurenda götunnar, Skógarhlíð 18, sem byggt var sem skrifstofuhús fyrir Bifreiðastöð Reykjavíkur en hýsir nú Heilsugæslu Hlíða og Skógarhlíð 20, sem reist var sem félagsheimili og tónleikahús fyrir Karlakór Reykjavíkur en þjónar nú sem moska og húsnæði Stofnunar múslima á Íslandi. Heildarskipulag var ekki unnið fyrir svæðið fyrr en 2001 og heimilaði það hækkun og

[219] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK GAG 122 3-4. Ljósmyndari Gunnar V. Andrésson.
[220] F.B., „Landleiðir h.f. og Ísarn reisa sér stórhýsi við Reykjanesbrautina“. *Tíminn*, 31. júlí 1966, 16.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

stækkun húsa á reitnum, sem og nýbyggingar á nokkrum lóðum, jafnframt því að staðfesta hverfisvernd bensínstöðvarinnar við Skógarhlíð 16 og *Þóroddsstaða* við Skógarhlíð 22.[221] Á þessum tíma reis yngsta húsið á svæðinu, fjögurra hæða skrifstofuhús á lóðinni Skógarhlíð 12, þar sem áður hafði staðið býlið *Hjarðarholt*.



Mynd 75. Borgarhlutinn á korti frá 1971. Flestir hverfi og hverfishlutar eru fullbyggð, utan einbýlishúsabyggðar vestan Stigahlíðar og Suðurhíðahverfis sem byggðust á 9. áratugnum og seinni þéttingar byggðar.[222]

[221] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.
[222] Ágúst Böðvarsson, *Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Seltjarnarnes* 1971 (hluti). Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.5.7 Miklabraut

Umferðaræðin Miklabraut liggur þvert í gegnum borgarhlutann og skiptir Hlíðahverfi í tvennt. Á skipulagsuppdráttum af Reykjavík allt frá um 1935 var gert ráð fyrir umferðarbraut til austurs í framhaldi af Hringbraut allt að Elliðaárbrúm og árið 1942 var ákveðið að sú gata skyldi heita Miklabraut.[223] Menn voru á þessum tíma farnir að velta fyrir sér að þörf væri á annarri aðalbraut út úr bænum en Suðurlandsbraut. Árið 1942 var einnig unnið að breytingum á Hringbraut og gatnamót þar sem Hringbraut, Reykjanesbraut og Miklabraut skyldu mætast nefnd Miklatorg. Um leið var norðurenda Hringbrautar breytt í Snorrabraut.[224] Árið 1947 hófst vinna við að malarbera Miklubraut og gera hana akfæra allt frá Miklatorgi austur að Suðurlandsbraut, rétt fyrir neðan Elliðaár. Vinnu við lagningu Miklubrautar lauk árið 1949 og þótti hún mikil samgöngubót fyrir bæinn.[225]



Mynd 76. Frá framkvæmdum við Miklubraut um 1957-1958.[226] Býlið Klambrar (Klömbrur) hægra megin. Íbúðahverfið Norðurmýri og Skólavörðuholt í baksýn.

Árið 1957 var ákveðið að ráðast í þá framkvæmd að skipta um jarðveg undir götustæðinu frá Miklatorgi að Lönguhlíð vegna þess að mælingar þóttu sýna að mýrarjarðvegurinn undir götunni myndi ekki þola aukið umferðarálag í framtíðinni. Um leið var farið í samskonar framkvæmdir við götuna Lönguhlíð. Jarðvegurinn sem kom upp við þessa vinnu var fluttur á Klambratún þar sem hann var látinn þorna og átti að þjóna sem

[223] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 29; *Morgunblaðið*, 18. ágúst 1936, 6; 5. apríl 1960, 13; *Alþýðublaðið*, 4. maí 1942, 2.
[224] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 29.
[225] *Vísir*, 17. júlí 1947, 1; 6. október 1947, 3; *Alþýðublaðið*, 21. nóvember 1947, 1; 15. október 1948, 4; *Morgunblaðið*, 17. júlí 1947, 1; 20. ágúst 1949, 1.
[226] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, BSK Gamlar myndir 22. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

gróðurmold. Við þessar framkvæmdir var Miklabraut breikkuð meðfram Klambratúni og gerð undirgöng undir götuna við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar auk ýmissa annarra umbóta sem miðuðu að auknu umferðaröryggi. Á næstu árum eftir þetta var Miklubraut svo malbikuð smám saman til austurs.[227]

Við vesturenda götunnar, þar sem Miklabraut og gamla Hringbraut mætast, hafa orðið miklar breytingar frá því í lok 9. áratugar 20. aldar. Þá var Miklatorgi breytt úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót, eins og áður er nefnt, en með færslu Hringbrautar til suðurs á árunum 2003-2005 var gatnamótunum breytt í mislæg gatnamót.



Mynd 77. Horft austur eftir Miklubraut um 1962-1964.[228] Vinstra megin sjást fjölbýlishús við Skaftahlíð og hægra megin fjölbýlishús við Miklubraut og Stigahlíð.

[227] *Vísir*, 11. mars 1957, 1; *Morgunblaðið*, 22. desember 1957, 5; 2. nóvember 1958, 11.
[228] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. BSK Gamlar myndir 22. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.5.8 Klambratún og Kjarvalsstaðir

Á mörkum hverfishlutanna Norðurmýrar, Holta og Hlíða er almenningsgarðurinn Klambratún sem áður hét Miklatún. Á fyrri hluta 20. aldar tilheyrði svæðið að stórum hluta býlunum *Klömbrum*, *Háteigi* og *Sunnuhvoli*. Á Klömbrum var búið allt fram til 1963 og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en 1965. Bæjarsjóður hafði þó leyst til sín land Klambra árið 1946 og frá þeim tíma höfðu verið uppi ýmsar vangaveltur um það hvernig því væri best ráðstafað. Nokkuð mun hafa verið sóst eftir byggingarlóðum þar, m.a. undir veitingahús og gistihús og einnig hafði túnið verið skoðað sem heppilegur staður fyrir ýmsar opinberar byggingar, m.a. nýja skólabyggingu Menntaskólans í Reykjavík, kirkju Háteigssóknar og seinna nýtt ráðhús og leikhús.[229] Það var þó gömul hugmynd og vinsæl meðal bæjarbúa að gera skemmtigarð fyrir almenning á túninu.

Þegar verið var að skipuleggja og byggja upp íbúðahverfin í Norðurmýri, Rauðarárholti og Hlíðum var svæðið afmarkað og skilið eftir sem opið svæði. Fyrsti uppdráttur að Hlíðahverfi frá um 1945 gerði ráð fyrir að gatan Reykjahlíð gengi í gegnum svæðið frá Háteigsvegi að Eskihlíð og að austan hennar yrði svæði fyrir opinberar byggingar (sjá mynd 62).[230] Það gekk ekki eftir og gatan Reykjahlíð er nú beggja megin við Klambratún, annars vegar milli Háteigsvegar og Flókagötu og hins vegar frá Miklubraut að Eskihlíð.



Mynd 78. Borgarhlutinn á loftmynd frá 1954, þegar íbúðahverfi höfðu byggst upp allt í kringum Klambratún.[231]

[229] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 241; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Morgunblaðið*, 24. febrúar 1957, 9; 30. janúar 1957, 10; *Tíminn*, 17. september 1957, 5; *Alþýðublaðið*, 8. september 1957, 1.
[230] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi,“ [óundirrituð] [ódags.].
[231] *Vef.* Reykjavíkurborg. Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík árið 1954.“

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mikið var rætt um nafnið á túninu en þegar Miklabraut hafði verið lögð meðfram því fór nafnið Miklatún að heyrast oftar meðfram Klambratúnsnafninu en einnig heyrðust m.a. nöfnin Háteigstún og Hlíðatún.[232] Þegar endurbæturnar voru gerðar á Miklubraut um miðjan 6. áratuginn hófust aftur miklar umræður um framtíð Klambratúns.

Vorið 1957 blés bæjarráð Reykjavíkur til hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni. Tilgangurinn var að fá úr því skorið hvort byggja ætti á svæðinu eða halda því óbyggðu og gera það að almenningsgarði. Þrjár tillögur hlutu verðlaun og þóttu samræmast best þeirri hugmynd dómnefndarinnar að Klambratún yrði „aðlaðandi og fjölbreytilegt garðsvæði, þar sem almenningur g[æ]ti notið hvíldar og skemmtunar í rólegu og fögru umhverfi.“[233] Framkvæmdir á túninu töfðust þó, meðal annars vegna gatnagerðar-framkvæmdanna við Miklubraut, en jarðvegurinn sem þar kom upp átti þó eftir að nýtast vel til upphækkunar garðsins. Þetta leiddi þó til þess að í fimm ár var meira og minna stöðugt moldrok í Hlíðahverfi og Norðurmýri sem olli íbúunum óþægindum og ama.[234]



Mynd 79. Uppdráttur Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar að skipulagi á Klambratúni frá 1964.[235]

[232] *Morgunblaðið*, 2. ágúst 1953, 1; 25. ágúst 1953, 8; *Tíminn*, 27. mars 1953, 7.
[233] H. G., „Hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni, *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 47, nr. 5 (1. október 1957), 72; Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 241; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009.
[234] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009.
[235] Mynd tekin eftir: *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Upp úr 1960 ákvað bæjarstjórnin loks að hefja skyldi undirbúning að almenningsgarði á Klambratúni. Þá var horfið frá því að fylgja tillögunum úr samkeppninni 1957 því viðhorf til svæðisins var breytt. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum seinna eða 1964 sem samþykktur var nýr skipulagsuppdráttur að skrúðgarði á Klambratúni sem Reynir Vilhjálmsson, sem þá var nýútskrifaður landslagsarkitekt, vann í samstarfi við Hafliða Jónsson garðyrkjustjóra Reykjavíkur, en Reynir hafði átt eina af þeim þremur tillögum sem verðlaunaðar voru 1957.[236]
Samkvæmt nýju tillögunni var m.a. gert ráð fyrir húsi norðanvert í garðinum sem í væru m.a. sýningarskáli og veitingahús. Sunnan við veitingahúsið átti að vera hellulagt svæði fyrir útiveitingar. Þar áttu einnig að vera nokkrar tjarnir, m.a. vaðtjörn fyrir börn að leika sér í. Vestan sýningarhússins átti að vera höggmyndagarður og garður sem hannaður yrði með þarfir blindra og sjónskertra í huga. Einnig var gert ráð fyrir gæsluvelli og leiksvæðum í suðvesturhorni garðsins. Einn veigamesti punktur garðsins skyldi vera styttan af Einari Benediktssyni sem afhjúpuð hafði verið á Klambratúni í tilefni af aldarafmæli skáldsins árið 1964. Annar veigamikill punktur var skálarlaga svæði í norðausturhorni garðsins þar sem gert var ráð fyrir samkomustað á sumrin og jafnvel skautasvelli á veturna. Vestan þess var afmarkað athafnasvæði fyrir starfsfólk svæðisins. Nær Lönguhlíð var gert ráð fyrir stórum leikvelli fyrir boltaleiki, þar sem einnig mætti halda áramótabrennu. Stígar garðsins áttu að vera hellulagðir eða malarbornir. Hugmyndir að garðinum voru sóttar til Norðurlanda og þóttu nútímalegar á sínum tíma.[237]



[236] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Vísir*, 7. október 1960, 1; *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10 og 14.
[237] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10 og 14.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mynd 80. Horft norðaustur yfir Klambratún um 1964, þegar undirbúningur að gerð almenningsgarðs á túninu er hafinn og byrjað er að móta skálarlaga svæði í norðausturhorni þess.[238]

Eftir að ákveðið var að gera almenningsgarð á Klambratúni þótti mörgum nafnið Klambratún ekki hæfa og urðu þá nokkrar umræður um nafnið og sýndist sitt hverjum. Garðyrkjustjóri lagði m.a. til að staðnum yrði valið annað heiti en Klambratún. Aðrir bentu á söguleg tengsl þó að Klambrar og Klambratún væru að vísu ekki mjög gömul heiti á þessum stað. Nafnanefnd borgarinnar gerði tillögu um nöfnin Miklatún og Mikligarður og árið 1964 tók borgarráð þá ákvörðun að nefna túnið Miklatún í samræmi við heiti Miklubrautar. Nafnið Klambratún lifði þó áfram og var notað meðfram nafninu Miklatún en eins og kunnugt er var því formlega breytt í Klambratún árið 2010. [239]

Árið 1965 samþykkti borgarráð að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna sem staðsett skyldi á Miklatúni. Þá voru einnig samþykktir uppdrættir Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts að húsinu, sem var skipulagt sem tvær aðalbyggingar með tengibyggingu. Var önnur aðalbyggingin sérstaklega ætluð til sýningar á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara og skyldi byggingin tengd nafni hans. Tilkynnt var um þessa ákvörðun á áttræðisafmæli Kjarvals í október þetta ár og á 180 afmæli Reykjavíkurborgar í ágúst árið eftir tók Kjarval sjálfur fyrstu skóflustunguna að húsinu, sem þá var búið að ákveða að nefna *Kjarvalsstaði*.[240] Framkvæmdir við byggingu hússins fóru að mestu fram 1968-1969 en unnið var að því að fullgera það til 1973. Það var svo formlega vígt og tekið í notkun 24. mars 1973 með opnun stórrar sýningar á verkum Kjarvals.[241]



[238] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. GRÓ 017 119 1-5. Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.
[239] *Vísir*, 3. nóvember 1964, 8; 10. september 1964, 10; *Morgunblaðið*, 9. september 1964, 6; 5. nóvember 1964, 25; Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 249.
[240] *Morgunblaðið*, 15. október 1965, 1, 31; 27. mars 1973, 14-15; *Þjóðviljinn*, 15. október 1965, 1.
[241] *Morgunblaðið*, 25. mars 1973, 1; 27. mars 1973, 14-15; *Vísir*, 26. mars 1973, 3; *Tíminn*, 27. mars 1973, 3.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mynd 81. Kjarvalsstaðir á mynd frá 1979.[242]

Stefnt hafði verið að því að almenningsgarðurinn á Miklatúni yrði fullkláraður árið 1968 og átti vígsluhátíð að fara fram á afmælisdegi Reykjavíkur 18. ágúst það ár. Þó fór svo að ekki var þá lokið öðru en að leggja göngustíga og planta trjám, en bærinn keypti mikinn fjölda trjáa frá gróðrarstöð Sigurbjörns Björnssonar í Fossvogi, sem þurfti að víkja vegna skipulags á þessum tíma, og flutti í garðinn. Einnig var búið að grafa út skálina í norðausturhorni garðsins. Þegar Kjarvalsstaðir voru vígðir voru framkvæmdirnar þó komnar lengra í áttina að því sem hugmyndir Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar gengu út á en garðurinn hefur þó aldrei verið fullkláraður eftir tillögu þeirra.[243]



Mynd 82. Horft suðvestur yfir Rauðarárholt, Klambratún, Hlíðar og Vatnsmýri á loftmynd frá um 1970-1975.[244]

1.5.9 Fossvogskirkjugarður og skipulag í Öskjuhlíð austanverðri

Nýjum kirkjugarði sem taka skyldi við af Hólavallagarði sem aðalkirkjugarður Reykjavíkur, var valið stæði í landi Reykjavíkurbæjar við Fossvog, sunnan í Öskjuhlíð, árið 1929. Árið 1931 voru teikningar að kirkjugarðinum og girðingu um hann samþykktar af byggingarnefnd

[242] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Reykjavík byggingar Kjarvalsstaðir 7. Ljósmyndari Ari.
[243] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 245; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; Inga [Huld Hákonardóttir], „„Það þýðir ekki að glápa upp í loftið"… Rætt við Sigurbjörn Björnsson garðyrkjumann," *Tíminn: Sunnudagsblað* 7, nr. 32 (29. september 1968), 749.
[244] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS S91 15 13. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Reykjavíkur. Fossvogskirkjugarður var síðan vígður í september 1932 um leið og jarðsettir voru þar Gunnar Hinriksson vefari og Ólafur Þorkelsson, unglingspiltur sem látist hafði í bílslysi við Þóroddsstaði.[245]

Nokkur hús hafa verið byggð á svæðinu í tengslum við kirkjugarðinn og kirkjugarðaþjónustu. Á árunum 1945-1948 var Fossvogskirkja reist við efsta hluta kirkjugarðsins, en hún var sérstaklega hönnuð til að gegna alfarið hlutverki útfararkirkju með allri aðstöðu til slíkrar þjónustu. Um leið voru byggð tvö hús, íbúðar- og skrifstofuhús, á lóð kirkjunnar (Vesturhlíð 2 og 4). Árið 1960 var reist hús undir kistuverksmiðju og skrifstofur vestar á lóðinni (Vesturhlíð 8).



Mynd 83. Horft yfir Fossvog á loftmynd frá 1946. Elstu hlutar Fossvogskirkjugarðs sjást neðst til vinstri. Við Fossvogsbotn sést *Camp Fossvogur*, rétt norðan við þann stað þar sem nú er bensínstöð N1.[246]

Fossvogskirkjugarður var stækkaður smám saman til suðurs og vesturs á áratugunum eftir að hann var vígður. Árið 1950 var duftgarðurinn í Fossvogi tekinn í notkun. Á miðju ári 1982 var búið að nýta allt land innan þáverandi marka garðsins og var þá öll nýgreftrun færð yfir í Gufuneskirkjugarð. Þá voru suðurmörk garðsins komin niður undir Fossvog, þar sem áður voru ræktunarblettir, meðal annars blettur sem Hannes Guðmundsson læknir fékk til afnota og ræktunar árið 1934. Þar ræktaði hann skógarlund og reisti sumarhús sem enn stendur, endurreist eftir bruna 1953 (*Læknisgarður*), en bletturinn er enn afmarkaður sérstaklega og stendur utan hins skilgreinda kirkjugarðssvæðis sem liggur beggja vegna. Árið 1987 var tekið í notkun viðbótarsvæði vestast í Fossvogsgarði og fékkst með því rúm fyrir

[245] *Vef.* Þórir Stephensen, „Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma,“ 31-34; *Morgunblaðið*, 2. september 1952, 7.
[246] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS F001 1-2. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

3900 grafir í viðbót. Haustið 1994 var vígður duftreitur fyrir fóstur á svæði sunnanvert í garðinum og 2. október 2009 var tekinn í notkun nýr duftgarður, Sólland, í hlíðinni ofan við kirkjugarðinn, þar sem áður voru lönd býlanna Leynimýrar og Sóllands.[247]

Á svæðinu ofan kirkjugarðsins var gatan Vesturhlíð lögð um 1970 og norðan hennar var hús Heyrnleysingjaskólans (Vesturhlíð 3) reist árið 1971 eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar, ásamt heimavistarhúsum sem byggð voru 1972 á sömu lóð, en nú er starfræktur þarna Brúarskóli. Á 10. áratug aldarinnar bættust þarna við húsin Vesturhlíð 7, sem reist var fyrir líkkistuvinnustofu, og íbúðarhúsið Vesturhlíð 9, sem og hús leikskólans Sólborgar (Vesturhlíð 1), en á lóð hans stóð jafnframt íbúðarhús býlisins Sóllands allt til 2007, þegar reist var þar nýtt hús fyrir leikskólann.



Mynd 84. Ljósmynd frá um 1970. Horft suður að Kópavogi yfir gamla Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut), sem lá þar sem gatan Suðurhlíð liggur nú. Vestan vegarins stendur gamla býlið Sólland og fjær Fossvogskirkja.[248]

Gatan Suðurhlíð liggur austan með Öskjuhlíð og Fossvogakirkjugarði, en hún var áður hluti af Reykjanesbraut (Hafnarfjarðarvegi) sem þjónaði sem aðallvegurinn frá Reykjavík til Hafnarfjarðar þar til Kringlumýrarbraut var lögð á 7. áratug 20. aldar. Árið 1974 var reist skólabygging austan götunnar eftir teikningum arkitektanna Ormars Þór Guðmundssonar og Örnólfs Hall (Suðurhlíð 9) og þar hóf Öskjuhlíðarskóli starfsemi árið 1975, sem grunnskóli fyrir nemendur sem taldir voru þurfa sérúrræði. Árið 2011 voru Öskjuhlíðarskóli og Safamýrarskóli sameinaðir og nýr skóli, Klettaskóli, hóf starfsemi í skólahúsinu, sem hefur síðan verið stækkað mikið með viðbyggingum. Suðurhlíðahverfi var reist á svæðinu austan Reykjanesbrautar (nú Suðurhlíðar) og vestan Kringlumýrarbrautar á 9. áratugnum og var í

[247] *Vef.* Kirkjugarðasamband Íslands, Gardur.is, „Fossvogskirkjugarður: Söguágrip.“
[248] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÓSS 008 075 3-1. Ljósmyndari Óskar Sigvaldason.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

raun skipulagt í kringum lóð Öskjuhlíðarskóla (sjá umfjöllun í næsta kafla). Sá kafli Reykjanesbrautar sem lá austan með Öskjuhlíð varð þá fyrst og fremst akstursgata að hverfinu og Fossvogskirkjugarði og fékk heitið Suðurhlíð.

1.5.10 Suðurhlíðar

Íbúðahverfið *Suðurhlíðar* austan Öskjuhlíðar byggðist upp á fyrri hluta 9. áratugar 20. aldar, en deiliskipulag fyrir hverfið, unnið af Valdísi Bjarnadóttur arkitekt, var samþykkt í borgarráði árið 1982 (sjá mynd 85).[249] Hverfið var eitt af þeim svæðum sem skilgreind voru sem þéttingarsvæði í skipulagsvinnu borgarinnar í kringum 1980, en þá voru flest byggingarsvæði vestan Elliðaáa fullbyggð. Hverfið var skipulagt sem heild og hverfist að hluta um stóra lóð Öskjuhlíðarskóla sem fyrir var á svæðinu, eins og fyrr er nefnt. Skipulagið byggðist á hugmyndum um vistgötur og áherslu á að endurskapa andblæ eldri byggðar í nýju hverfi, með þéttri byggð, mannlegum mælikvarða í húsum og nærumhverfi og myndun samfélagslegrar heildar, sem var ný nálgun í skipulagi á þessum tíma. Í skipulaginu voru settir skýrir skilmálar um þakgerð, þakhalla og hæðir húsa sem eiga stóran þátt í að móta sameiginleg einkenni húsanna í hverfinu og gefa því ákveðið heildaryfirbragð.[250] Hverfið er þannig samsett af lágreistri og þéttri byggð einnar til tveggja hæða einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa, þar sem ráðandi þakgerð er mænisþak með kvistum. Þetta skipulag er í anda svokallaðrar „tæt-lav“ hugmyndafræði, sem var algeng á Norðurlöndum á 8. og 9. áratug 20. aldar og lagði áherslu á afmarkaða, þétta og lágreista byggð sérbýlishúsa þar sem bílar væru víkjandi gagnvart hjólandi og gangandi umferð (vistgötur). Þessi hugmyndafræði raungerðist þó ekki að fullu í Suðurhlíðahverfi þar sem greitt er fyrir notkun bíla innan hverfisins með því að staðsetja bílskúra fremst á lóðum og meðfram götum.

Á neðsta hluta Suðurhlíðasvæðisins voru á svipuðum tíma samþykktar lóðir undir stofnana- og atvinnurekstur.[251] Þar var meðal annars fyrir gróðrarstöðin Garðshorn, sem starfsrækt var á landi neðan Sléttuvegar sem áður tilheyrði Fossvogsblettum (Fossvogsblettur 24). Um 1974 reis þar núverandi hús á lóðinni, sem byggð var stór íbúðabygging við árið 1989 (Suðurhlíð 35). Vestan Reykjanesbrautar eða núverandi Suðurhlíðar, neðan Fossvogskirkjugarðs, voru lóðir Landgræðslusjóðs og Aðventista. Þar reistu Aðventistar skólabyggingu árið 1990, þar sem nú er Suðurhlíðaskóli (Suðurhlíð 36). Á lóð Landgræðslusjóðs (Suðurhlíð 38) stóðu söluskálar þar sem meðal annars fór fram árleg jólatréssala í yfir tvo áratugi eða allt þar til eignir sjóðsins á svæðinu voru seldar 1999. Nýjustu byggingar á svæðinu eru fjölbýlishús sem risu þar á árunum 2002-2003 (Suðurhlíð 38A-D).[252]

---

[249] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Suðurhlíðar,“ deiliskipulag, undirritað af Valdísi Bjarnadóttur, dags. 1982, sþ. 8. júní 1982.
[250] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Suðurhlíðar,“ skipulagsskilmálar, unnir af Valdísi Bjarnadóttur, dags. febrúar 1982.
[251] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Suðurhlíðar: Neðra svæði: Tillaga að lóðastærðum,“ undirrituð af Valdísi Bjarnadóttur, dags. 25. september 1981, sþ. 6. október 1981; „Suðurhlíðar. Neðra svæði, atvinnulóðir,“ deiliskipulag, unnið af Valdísi og Gunnari vinnustofu, sþ. 10.2.1987.
[252] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur,“ 106, 158 og 167; Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Hverfaskipulag. Borgarhluti 3. Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*; Pétur H. Ármannsson, *Heimili og húsagerð 1967-1987*, 77-78.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 85. Skipulag Suðurhlíðahverfis sem samþykkt var 1982.[253]

1.5.11 Skipulag og uppbygging vestan Öskjuhlíðar

Fyrstu skipulagshugmyndir um svæðið vestan Öskjuhlíðar voru settar fram á uppdrætti að framtíðarskipulagi Reykjavíkur frá 1937 en þar var gert ráð fyrir stóru íþróttasvæði fyrir Reykvíkinga vestanvert í Öskjuhlíð (sjá mynd 86). Á flatlendinu vestan hlíðarinnar áttu að vera margskonar íþróttavellir og áhorfendasvæði í hlíðarhallanum. Jafnframt var þá fyrirhugað að koma upp baðaðstöðu í Nauthólsvík, sem var þá þegar orðinn vinsæll baðstaður hjá Reykvíkingum. Lögð voru drög að vegum um svæðið, bæði frá Hringbraut að íþróttasvæðinu og meðfram strandlengjunni. Með hernáminu og gerð flugvallar og braggahverfa á svæðinu varð hins vegar að hverfa frá fyrirætlunum um íþróttasvæði við Öskjuhlíð og baðstaðnum í Nauthólsvík var lokað fyrir almenningi. Á hernámsárunum var

[253] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Suðurhlíðar," deiliskipulag, undirritað af Valdísi Bjarnadóttur, dags. 1982, sþ. 8. júní 1982.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

hins vegar lagður grunnur að því vegakerfi sem liggur enn í og við Öskjuhlíð.[254] Á skipulagsuppdrætti frá 1948 var íþróttasvæðið flutt inn í Laugardal og í staðinn gert ráð fyrir íbúðarbyggð í og meðfram vesturhlíð Öskjuhlíðar og hélst sú hugmynd í skipulagi fyrir Reykjavík fram yfir 1960.[255]



Mynd 86. Hugmyndir um skipulag íþróttasvæðis við Öskjuhlíð og vegakerfis um Vatnsmýri og Skerjafjörð á uppdrætti að framtíðarskipulagi Reykjavíkur frá 1937.[256]

Árið 1940 var fyrsti hitaveitugeymirinn reistur á kolli Öskjuhlíðar á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og síðan sex að auki næstu ár. Árið 1966 bættust við tveir geymar til viðbótar austur af gömlu geymunum. Þessir geymar voru allir rifnir á árunum 1986-1987 og núverandi geymar reistir. Útsýnishúsið Perlan sem byggt var ofan á hitaveitugeymunum var tekið í notkun árið 1991.[257]

Upp úr 1950 var hafin tilraun með uppgræðslu í Öskjuhlíð þegar bæjarstjórn samþykkti áætlun um uppgræðslu hlíðarkollsins og gróðursetningu trjáplantna suðvestan í

[254] *Morgunblaðið*, 10. nóvember 1936, 8; *Alþýðublaðið*, 31. maí 1936, 1; *Vísir*, 21. desember 1935, 2; Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 34 og 50; Trausti Valsson, *Reykjavík - Vaxtarbroddur*, 48-49; Arnþór Gunnarsson, *Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi*, 35; Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 204, 2021), 25-28.
[255] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 50.
[256] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag Reykjavíkur," [óundirritað,] dags. desember 1937.
[257] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 35.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

hlíðinni. Nú er samfelldur skógur í vestur- og suðurhlíð Öskjuhlíðar og skóglendi ríkjandi gróðurfar þar.[258]



Mynd 87. Loftmynd frá 1955 tekin norðaustur yfir Öskjuhlíð, Hlíðar og austurborgina í átt að Esju. Sjá má eldri hitaveitutankana á hlíðarkollinum, þar sem reistir voru nýir geymar ásamt Perlunni um 1987-1991.[259]

Nauthólsvík, við strönd Fossvogs suðvestan Öskjuhlíðar, varð aftur vinsæll sjó- og sólbaðsstaður á 6. áratug 20. aldar. Ýmislegt var gert til að bæta aðstöðu sólbaðsunnenda í víkinni á þeim tíma og m.a. gerðar fjórar hvilftir í landið vestan hennar og U-laga torfveggur norðan hennar. Um 1960 var skeljasandi dælt í víkina. Eftir miðjan 7. áratuginn lögðust sjóböð hins vegar af í Nauthólsvík vegna skólpmengunar. „Heiti lækurinn“ svokallaði sem rann í Nauthólsvík (einnig nefndur „Volga“) varð aftur á móti vinsæll baðstaður á 8. áratugnum og fram á þann og 9., bæði að nóttu sem degi. Í hann var veitt yfirfallsvatni frá hitaveitugeymunum í Öskjuhlíð en því var hætt árið 1983 vegna ógætilegrar umgengni baðgesta við lækinn.[260] Eftir að Reykjavíkurborg og nágrannasveitarfélögin stóðu fyrir uppbyggingu skolphreinsikerfis og hreinsun strandlengjunnar eftir 1992, hefur Nauthólsvík

[258] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 9; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 207.
[259] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-48. Ljósmyndari ókunnur.
[260] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 34-35; Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Nauthólsvík og Nauthólsvegur: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 200, 2019), 40, 80.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

aftur orðið vinsæll baðstaður, ekki síst eftir tilkomu ylstrandarinnar og byggingu þjónustumiðstöðvar með búninga-, sturtu- og salernisaðstöðu árið 2001.[261]



Mynd 88. Horft norðvestur yfir Öskjuhlíð og Vatnsmýri árið 1967.[262] Trjágróður er skammt á veg kominn og braggar og önnur hernámsmannvirki sjást vel í hlíðinni og hlíðarfætinum. Neðst á myndinni sjást mannvirki sem stóðu þar sem Háskólinn í Reykjavík er nú.

Á uppdráttum að heildarskipulagi Reykjavíkur var fram yfir 1960 gert ráð fyrir íbúðabyggð vestan í Öskjuhlíð, eins og áður er nefnt, en með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-84, sem var fyrsta aðalskipulag fyrir Reykjavík sem hlaut nauðsynlega staðfestingu ráðherra, var horfið frá þeim hugmyndum og ákveðið að Öskjuhlíð skyldi öll ætluð til útivistar.[263] Árið 1974 var gerð áætlun um opin svæði í borgarlandinu í tengslum við gerð aðalskipulags fyrir Reykjavíkur sem gilda átti 1975-1995.[264] Þar voru birtar hugmyndir um heildarskipulag Öskjuhlíðar og Nauthólsvíkur sem útivistarsvæðis, með áherslu á að halda þar landslagseinkennum og villtum gróðri. Skipulagðir voru göngu- og hjólastígar um svæðið og meðal annars gerð tillaga um grasagarð í brekkunni norðvestan í Öskjuhlíð og þrjá leikvelli vestan og sunnan í hlíðinni. Þessu skipulagi var í grófum dráttum fylgt við stígagerð og gróðursetningu á svæðinu, en aðrir þættir þess komu ekki til framkvæmda.[265]

[261] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Nauthólsvík, sþ. 6. október 1998.
[262] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 1998 15 001 3-2. Ljósmyndari Adolf Karlsson.
[263] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83*, 129; Trausti Valsson, *Skipulag byggðar á Íslandi*, 130-131, 134-135, 140-141 (myndir af skipulagsuppdráttum); Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 50.
[264] Reykjavíkurborg, *Umhverfi og útivist: Áætlun*, 35, kort aftan við 36.
[265] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 50-51.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 89. Núgildandi heildarskipulag Öskjuhlíðar sem samþykkt var 1999.[266] Hverfisvernd náttúru- og söguminja í vestur- og suðurhlíðum er sýnd með lóðréttri strikun.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010 voru meginhluti Öskjuhlíðar og Fossvogsbakkar skilgreind sem borgarvernduð svæði, þ.e. svæði sem borgarstjórn hefði samþykkt að vernda vegna sérstæðrar náttúru, landslags, söguminja, umhverfis- eða útivistargildis.[267] Við útgáfu aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 var Öskjuhlíð komin á náttúruminjaskrá[268] og hverfisvernd (sem áður hét borgarvernd) var þá skilgreind fyrir minna svæði en áður í Öskjuhlíð og fyrir svæðið Leynimýri austantil í Öskjuhlíð.[269] Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti 1999.[270] Sama ár var samþykkt gildandi deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð og eru hverfisverndarsvæði (verndarsvæði náttúru og söguminja) í Öskjuhlíð og Leynimýri afmörkuð þar á svipaðan hátt og í Aðalskipulaginu 2001-2024 (sjá mynd 89).[271] Í núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er Öskjuhlíð tilgreind sem hverfisverndarsvæði, en

[266] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Öskjuhlíð, sþ. 1. júní 1999.
[267] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur): *Aðalskipulag Reykjavíkur 1990-2010*. Upplýsingarit, 33. Landnotkunaruppdráttur.
[268] Öskjuhlíð mun vera skráð á svokallaðan C-hluta náttúruminjaskrár sem er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa. *Vef.* Umhverfisstofnun, „Suðvesturland: Aðrar náttúruminjar," https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/ („119. Öskjuhlíð"); Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 109.
[269] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024*. Greinargerð I, 18-19.
[270] *Vef.* Umhverfisstofnun, „Fossvogsbakkar, Reykjavík," https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/fossvogsbakkar-reykjavik/.
[271] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Öskjuhlíð, sþ. 1. júní 1999.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

afmörkun hverfisverndarinnar tekur til minna svæðis en í deiliskipulaginu frá 1999.[272] Öskjuhlíð er þar annars skilgreind sem opið svæði og borgargarður, þar sem gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðisins til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar, samkvæmt skilgreiningu borgargarða. Einnig má þar gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum og jafnframt er heimilt að gera þar ráð fyrir samfélagsstofnunum, svo sem skólastofnun, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.[273]



Myndir 90 og 91. Öskjuhlíð og umhverfi 1975 og 2022.[274]

Áður var í skipulagi gert ráð fyrir stofnbraut, svokölluðum Hlíðarfæti, sem liggja átti frá Hringbraut meðfram Öskjuhlíð og austur með Fossvogi, með tengingu við Fossvogsveg eða Fossvogsbraut sem liggja átti í gegnum Fossvogsdal. Hugmyndir um slíkan veg komu fyrst fram á uppdrætti að skipulagi Reykjavíkur frá 1937 og voru formfestar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962-83 og seinni aðalskipulögum, en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 var gert ráð fyrir að brautin yrði fyrst og fremst almenningsvagnaleið. Með Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 var horfið frá hugmyndinni um stofnbraut ofanjarðar meðfram Öskjuhlíð en í staðinn gert ráð fyrir svokölluðum Öskjuhlíðargöngum sem ganga ættu í gegnum Öskjuhlíð og tengjast Kringlumýrarbraut í Fossvogsdal. Í núgildandi aðalskipulagi fyrir skipulagstímabilið til 2040 er áfram gert ráð fyrir þeim möguleika að Öskjuhlíðargöng

[272] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 111. Græna borgin, 101-103. Þéttbýlisuppdráttur.
[273] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 106.
[274] *Vef.* Reykjavíkurborg. Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík árið 1954“; „Myndefni: Lágflugsloftmynd 2022.“

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

verði á því tímabili lögð frá Vatnsmýri í Fossvogsbotn.[275] Skipulagsstefna Reykjavíkurborgar gerir einnig ráð fyrir samgöngutengingu og svokölluðum þróunarás frá miðborginni um framtíðarbyggð í Vatnsmýri vestan Öskjuhlíðar og lagningu Borgarlínu meðfram Öskjuhlíð og áfram um brú yfir Fossvog frá flugbrautarenda vestan Nauthólsvíkur yfir á Kársnes í Kópavogi.[276]

Í gegnum tíðina hefur verið sóst eftir byggingarlandi undir margskonar starfsemi í og við Öskjuhlíð, m.a. golfvöll, tjaldsvæði, heilsurækt, hótel, veitingarekstur og fleira sem ekki hefur hlotið samþykki borgaryfirvalda.[277] Meðal mannvirkja sem hins vegar hafa verið samþykkt í Öskjuhlíð á síðustu áratugum eru Keiluhöllin, sem byggð var 1985 inn í geil í vesturhlíðinni, þar sem grjótnám fór fram á stríðsárunum,[278] nýir hitaveitugeymar ásamt Perlunni, sem risu á toppi Öskjuhlíðar á árunum 1986-1991, bensínstöð Skeljungs, sem byggð var í norðurhlíðinni 1989 (Bústaðavegur 20) og bækistöð Flugbjörgunarbjörgunarsveitarinnar, sem reist var á fyrrum braggasvæði við Flugvallarveg 7 um 1992.



Mynd 92. Mynd tekin 2013.[279] Horft norðvestur yfir Öskjuhlíð, Perluna, Hlíðarenda, Skógarhlíð, Hlíðahverfi, Norðurmýri og Austurbæ.

[275] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 140. Þéttbýlisuppdráttur.
[276] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 28; *Borgarlínan. 1. lota forsendur og frumdrög*.
[277] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 51.
[278] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 38.
[279] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. FBL GVA 13899. Ljósmyndari Gunnar V. Andrésson.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Gildandi heildarskipulag fyrir Öskjuhlíð var samþykkt var 1999, eins og áður er nefnt. Einu nýbyggingarnar sem þar var þá gert ráð fyrir eru byggingar sem heimilaðar voru með deiliskipulagi Nauthólsvíkur árið 1998, vegna uppbyggingar þjónustuhúsa við ylströnd og aðstöðu til siglinga.[280] Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á skipulagi Öskjuhlíðar, meðal annars vegna hofbyggingar Ásatrúarfélagsins á lóð í suðvesturhlíðinni, sem ekki hefur enn verið reist og ýmissa göngu- og hjólastíga um hlíðina.[281]

Árið 2005 var Háskólanum í Reykjavík úthlutað lóð suðvestan Öskjuhlíðar og í framhaldinu var samþykkt deiliskipulag svæðis sem ætlað var skólanum og tengdum byggingum og nær frá Nauthólsvík norður að núverandi norðumörkum lóðarinnar Nauthólsvegar 83.[282] Við Nauthólsvík var bygging háskólans reist á á árunum 2007-2009 og tekin í notkun í lok árs 2010. Á árunum 2009-2013 voru barnaskóla- og leikskólabyggingar Hjallastefnunnar reistar á svæðinu (Nauthólsvegur 87-87b) og á síðustu árum (2018-2021) hafa verið reist þar tvö fjölbýlishús með stúdentaíbúðum (Nauthólsvegur 83 og 85). Á svæðinu voru fyrir minjar sem tengdust einkum horfnum braggahverfum og öðrum mannvirkjum setuliðsins á hernámsárunum.[283]

Nýjasta íbúðahverfið í borgarhlutanum er byggðin við Hlíðarenda, vestan íþróttasvæðis Vals. Í kjölfar samnings sem gerður var árið 2002 á milli Reykjavíkurborgar og knattspyrnufélagsins Vals var farið að vinna að deiliskipulagi íbúðarbyggðar á svæðinu samhliða endurskipulagningu íþróttasvæðis Vals.[284] Árið 2010 var samþykkt núverandi deiliskipulag íbúðarhverfisins við Hlíðarenda sem gerir ráð fyrir randbyggð á svæðinu eða svokölluðu reitakerfi gatna og hefur hverfið verið í uppbyggingu frá um 2015 þar sem sambyggð fjölbýlishús eru risin við göturnar Valshlíð, Arnarhlíð, Fálkahlíð, Haukahlíð, Smyrilshlíð og Hlíðarfót.[285]

---

[280] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Öskjuhlíð, sþ. 1. júní 1999; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Nauthólsvík, sþ. 6. október 1998.
[281] Sjá skipulagsáætlanir fyrir Öskjuhlíð: *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag,
[282] *Morgunblaðið*, 18. september 2005, 55; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Háskólinn í Reykjavík, sþ. 14. júní 2007.
[283] Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur* (skýrsla 130, 2006).
[284] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðarendi. Tillaga að greinargerð og skilmálum fyrir reiti 1.62, 1.628.8," unnin af ALARK arkitektum ehf., dags. 10. mars 2005.
[285] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Hlíðarendi, sþ. 23. september 2010.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2. Skráning og varðveislumat menningarminja í borgarhluta 3 – Hlíðum

2.1 Lög, reglugerðir og reglur um verndun og skráningu menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

2.1.1 Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Samkvæmt **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. *Minjastofnun Íslands*, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna, hefur yfirumsjón með og setur reglur um skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og skil á gögnum þar að lútandi.[286]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um *friðun* og *friðlýsingu* er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. gr.:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

[286] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 15. gr.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

> **a**. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
> **b**. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
> **c**. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Ákvæði um *verndun og varðveislu húsa og mannvirkja* er að finna í VII. kafla laganna, 29.-33. gr. Frá því að lögin tóku gildi 2013 og fram til ársloka 2022, kvað 29. gr. laganna á um að öll hús 100 ára og eldri væru friðuð, en samkvæmt breytingu á lögunum sem tók gildi 1. janúar 2023[287] eru nú *öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð*. Um þessi hús gildir eftirfarandi ákvæði:

> Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

[287] Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022, 1. gr.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Einnig hefur orðið breyting á 30. gr. laganna um verndun annarra húsa og mannvirkja,[288] sem kveður nú á um *umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 eða fyrr* (gilti áður um hús byggð 1925 eða fyrr):

> Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru [1940] eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

2.1.2 Skráning menningarminja og húsakannanir vegna hverfis- og deiliskipulags

Þegar unnið er að skipulagsgerð á vegum sveitarfélags, gilda ákveðin lagaákvæði, reglugerðir, reglur og leiðbeiningar um skráningu, umfjöllun og ákvarðanatöku um fornleifar og byggingararf, sem hér er greint frá.

Samkvæmt **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** skal skráning *fornleifa, húsa og mannvirkja* fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[289] Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og hefur sett reglur þar sem skilgreindar eru kröfur stofnunarinnar um skráningu fyrir hvert skipulagsstig.[290]

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er einnig greint frá því hvernig fjalla skuli um *friðun og verndun* svæða og einstakra menningarminja og mannvirkja í deiliskipulagi (5.3.2.17 gr.):

> Gera skal grein fyrir gildandi stefnu aðalskipulags og ákvæðum laga um friðun og vernd þ.m.t. um náttúruvernd, minjavernd, vatnsvernd og hverfisvernd.
>
> Afmarka skal verndarsvæði og merkja friðaðar og friðlýstar menningarminjar sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar og gera grein fyrir skilmálum sem um þau gilda.
>
> Setja skal nánari skilmála um framkvæmdir og umgengni á viðkomandi svæðum eftir því sem tilefni þykir til, innan þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í aðalskipulagi og lög heimila.

Þar er jafnframt greint frá heimild til að setja í deiliskipulag ákvæði um *hverfisvernd* eldri byggðar og minja (5.3.2.17 gr.), sem byggir á 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (sjá hér aftar í kafla 2.4.3.2):

> Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni.

Um skráningu *fornleifa* vegna deiliskipulags er sérstaklega fjallað í reglum Minjastofnunar: **Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019**, þar sem segir (4. gr.):

> Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra

[288] Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022, 2. gr.
[289] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 16. gr., 1. mgr.
[290] Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

> fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Minjastofnun hefur gefið út staðla fyrir skráningu fornleifa sem stofnunin gerir kröfu um að farið sé eftir svo fornleifaskráning í tengslum við skipulagsgerð teljist fullnægjandi.[291]

Um skráningu *húsa og mannvirkja* vegna deiliskipulags gilda annars vegar lög um menningarminjar nr. 80/2012, ásamt reglum um skráningu jarðfastra menningarminja, og hins vegar ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 um gerð húsakannana.[292]

Í **reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019** er fjallað um skráningu *friðaðra, friðlýstra og varðveisluverðra* húsa og mannvirkja og þar segir um skráningu vegna deiliskipulags (4. gr.):

> Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirki á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu, sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar og umfang þeirra.

Í **skipulagslögum nr. 123/2010** er kveðið á um gerð *húsakönnunar* vegna deiliskipulags, en samkvæmt lögunum skal húsakönnun taka til *allrar byggðar og einstakra bygginga* í þegar byggðum hverfum sem verið er að skipuleggja (37. gr.):

> Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun (1.3. gr.):

> Upplýsingar um byggð sem fyrir er og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, þar sem m.a. er skoðað byggingar- og menningarsögulegt samhengi.

Minjastofnun Íslands hefur gefið út rafrænt skráningarform og **leiðbeiningar** sem nota skal við skráningu húsa og gerð húsakannana. Í leiðbeiningaritinu er eftirfarandi skilgreining á húsakönnun:[293]

> Húsakönnun: Byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.

Í **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er nánar kveðið á um að í deiliskipulagi skuli setja *markmið og skilmála um verndun og viðhald* byggðar og bygginga *á grunni húsakannana* (5.3.2.1. gr.):

> Í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar og setja markmið og skilmála um verndun og viðhald á grunni þeirrar könnunar.

Þar er jafnframt, eins og áður er nefnt, vísað til heimildar skipulagslaga (12 gr.) um að setja megi í deiliskipulag ákvæði um *hverfisvernd* eldri byggðar og tekið fram að (5.3.2.17 gr.):

---

[291] Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.
[292] Skipulagslög nr. 123/2010, 37. gr., 5. mgr.
[293] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 4.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

> Ákvörðun um hverfisvernd húsa, götumynda og byggðarmynsturs skal m.a. byggja á húsakönnun.

Samkvæmt sömu grein skipulagsreglugerðar, skal gera *grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar* og *hvaða skilmálar gilda* vegna hennar um framkvæmdir og umgengni, eins og kemur fram hér framar.[294]

Í **skipulagslögum nr. 123/2010** og **skipulagsreglugerð nr. 90/2013** er fjallað sérstaklega um húsakannanir vegna þeirrar gerðar deiliskipulags sem kallast *hverfisskipulag*. Hverfisskipulag er sérstök framsetning eða útfærsla af deiliskipulagi í þegar byggðu hverfi, en getur tekið til mun stærra svæðis en hefðbundið deiliskipulag.

Í **skipulagsreglugerð** er eftirfarandi skilgreining á hverfisskipulagi (1.3. gr.):

> Tegund deiliskipulags fyrir þegar byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð.

Ennfremur segir þar um viðfangsefni hverfisskipulags (5.3.3.3. gr.):

> Í hverfisskipulagi skal setja almennar reglur eða skilmála um yfirbragð, þróun og varðveislu byggðarinnar m.a. með hliðsjón af húsakönnun.

Í **skipulagslögum** segir um framsetningu hverfisskipulags (37. gr.):

> Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála.

Í **skipulagsreglugerð** segir um sama efni (5.3.3.1. gr.):

> Í deiliskipulagi í þegar byggðum hverfum þar sem ekki eru ráðgerðar verulegar breytingar á byggðamynstri er heimilt að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulags svo sem hvað varðar skilmála og mælikvarða uppdrátta.

Í **leiðbeiningum Minjastofnunar** segir um húsakannanir vegna hverfisskipulags: [295]

> Hverfisskipulag er sérstök framsetning eða tegund af deiliskipulagi í þegar byggðu hverfi … Það gilda því sömu reglur um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana við gerð hverfisskipulags og deiliskipulags. Í hverfisskipulagi eru settar almennar reglur „um yfirbragð byggðarinnar“, en þær þurfa að byggja á mati á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, sem er hluti af húsakönnun. Það er sérstaklega mikilvægt að unnin sé húsakönnun fyrir hverfisskipulag þegar því er ætlað að vera „endanlegt“ skipulag, þ.e. ekki verður unnið deiliskipulag fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan hverfisins.

2.1.4 Markmið og tilgangur skráningar mennningarminja

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

---

[294] Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 5. kafli, 5.3.2.17. gr.
[295] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 9.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. gr. laga um menningarminjar:[296]

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist. „Með skráningu húsa og mannvirkja fæst yfirlit yfir byggingararfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans“ og stuðlar að því að ákvarðanir sem varða verndun og/eða breytingar á byggð eða einstökum húsum byggi á faglegum grunni.[297]

2.2 Skráning menningarminja á vegum Borgarsögusafns

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár og gagnagrunnar. Skrárnar eru undirstaða þeirrar vinnu sem felst í gerð fornleifaskráningar, húsakannana og annarrar skýrslugerðar eða umsagna á vegum Borgarsögusafns vegna skipulags og framkvæmda í borginni. Við skráningu í fornleifaskrá og húsaskrá Borgarsögusafns er unnið eftir stöðlum og leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands, en skrárnar eru í sífelldri þróun, vexti og endurskoðun.

2.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2023) eru um 4200 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: Í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðabók Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi hlaupandi tölu innan jarðarnúmersins. Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi jarðanna Rauðarár (181289-9), Reykjavíkur (181285- 5), Laugarness (181165-230) og Skildinganess (181156- 220). Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands[298] í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2645**, hér skammstafað MÍ-númer.

---

[296] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 28. gr.
[297] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 3 og 5; *Vef.* Minjastofnun Íslands, „Skráning vegna skipulags – húsakönnun – Huginn,“ https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/skraning-husa-og-mannvirkja.
[298] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá útliti og staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. [299] Ef minjarnar eru sjáanlegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1934. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

Tafla 1. Aldursflokkun minja

Flokkur	*Tegundir minja*	*Litur flokks*
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1924-1934	● Gulur
3	Minjar frá 1934 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár
		Samtals

Á því svæði sem hér liggur undir, það er að segja borgarhluta 3 – Hlíðum, hafa fornleifar og yngri minjar verið skráðar áður og eldri skráning er fyrirliggjandi í eftirtöldum skýrslum og ritum, en einungis fjórar síðastnefndu eru unnar samkvæmt núgildandi stöðlum:

- *Sögulegar minjar í Öskjuhlíð og Vatnsmýri,* úttekt ásamt tillögum um verndun og lagfæringar, skýrsla Árbæjarsafns nr. 8, 1991.
- *Fornleifaskrá Reykjavíkur*, skýrsla Árbæjarsafns nr. 46, 1995.
- *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 1993.
- *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur: Öskjuhlíð – Nauthóll*, skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 130, 2006.
- *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun*, skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 161, 2013.

[299] Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- *Sjómannaskólareitur: Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt: Fornleifaskrá og húsakönnun*, skýrsla Borgarsögusafns nr. 191, 2019.
- *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur: Fornleifaskrá og húsakönnun*, skýrsla Borgarsögusafns nr. 200, 2019.
- *Göngustígur í Öskjuhlíð: Fornleifaskrá*, skýrsla Borgarsögusafns nr. 205, 2020.
- *Veðurstofuhæð: Fornleifaskrá*, skýrsla Borgarsögusafns nr. 209, 2022.

Sá hluti fornleifaskráningar og niðurstöður sem birtast í þessari byggðakönnun byggja á ofangreindum skýrslum auk nýrrar skráningar og uppmælinga, sem unnar eru samkvæmt viðurkenndum aðferðum Minjastofnunar. Um 300 minjastaði er um að ræða í þessum hverfishluta og ekki rými til að birta nákvæma skráningu í þessari skýrslu heldur einungis niðurstöður skráningar. *Nákvæm skráning minja, samkvæmt stöðlum Minjastofnunar, birtist því í sérstakri skýrslu, skýrslu Borgarsögusafns nr. 224*: *Fornleifaskrá: Borgarhluti 3 – Hlíðar.*

2.2.2 Húsaskrá Reykjavíkur

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík, sem haldið er utan um á Borgarsögusafni Reykjavíkur (áður Árbæjarsafni / Minjasafni Reykjavíkur). Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra. *Við skráningu í Húsaskrá Reykjavíkur er unnið eftir leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.*[300] *Húsaskráin er undirstaða þeirrar vinnu sem felst í gerð húsakannana og mati á varðveislugildi húsa og byggðaheilda, sem leggja skal til grundvallar við gerð deiliskipulags í þegar byggðum hverfum, samkvæmt skipulagslögum.*

Húsaskráin byggir á margvíslegum heimildum og frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin.

Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi, svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma

[300] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar, hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3 Fornleifaskráning og varðveislumat fornleifa og yngri minja

Hér er greint frá minjum á úttektarsvæði sem nefnist borgarhluti 3 - Hlíðar, í Reykjavík en svæðið afmarkast í stórum dráttum af Snorrabraut, Hlíðarfæti og Nauthólsvegi til vesturs, strandlínu Fossvogs til suðurs, Kringlumýrarbraut til austurs og Hverfisgötu og Laugavegi (austan Rauðarástígs) til norðurs. sjá mynd 1. Vettvangsrannsókn fór fram í júní til ágúst 2022 og vetur 2023. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Minjastofnunar Íslands úthlutaði verkefnanúmerinu **2645** fyrir þetta svæði.

Minjar á þessu svæði tilheyra jörðunum Rauðará (181289-9), Reykjavík (181285-5), Laugarnesi (181165-230) og Skildinganesi (181156-220). Á rannsóknarsvæðinu eru 309 minjastaðir skráðir og eru þeir flokkaðir í þrjá hópa eftir aldri auk þess sem herminjar eru í sérstökum flokki, sjá töflu 2.

Tafla 2. Skráðar minjar í borgarhluta 3 - Hlíðum

Flokkur	*Tegundir minja*	*Litur flokks*	*Fjöldi*
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður	77
2	Minjar frá 1924-1934	● Gulur	30
3	Minjar frá 1935 og yngri	● Grænn	45
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	155
		Samtals	307

Allar minjar eru staðsettar á korti sem punktur, sjá myndir 93, 94 og 95.



Mynd 93. Kortið sýnir dreifingu skráðra minja á norðurhluta svæðis í borgarhluta 3.[301]

[301] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG, Borgarsögusafni.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 94. Kortið sýnir dreifingu skráðra minja á miðjuhluta svæðis í borgarhluta 3.[302]



Mynd 95. Kortið sýnir skráðar minjar á suðurhluta svæðis í borgarhluta 3.[303]

[302] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.
[303] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3.1 Fornleifar í borgarhluta 3

Fornleifar í borgarhluta 3 Hlíðar eru 77 talsins, sjá töflu í fylgiskjali 1. Í töflunni eru fornleifunum raðað upp eftir jarðarnúmeri og hlaupandi númeri. Hér á eftir verður farið yfir helstu minjar þar sem þær sýnilegar á ýmsum svæðum innan hverfissins.

2.3.1.1. Fornleifar í Öskjuhlíð

Í Öskjuhlíð eru flestar fornleifarnar sem enn er sýnilegar sjá töflu hér fyrir neðan.

Tafla 3. Fornleifar í Öskjuhlíð

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-149	Skildinganesstekkur	Stekkur	Tóft	1850	357718	405968	Ómetið	Nei
5-150	Öskjuhlíð	Stekkur	Tóft	1850	357712	405788	Gott	Nei
5-151	Öskjuhlíð	Fjárborg	Tóft	1850	357703	405786	Gott	Nei
5-158	Öskjuhlíð	Beitarhús	Tóft	1900	357810	406094	Sæmilegt	Nei
5-159	Víkursel (Öskjuhlíðarsel)	Sel	Tóft	1703	357623	405728	Sæmilegt	Nei
5-683	Öskjuhlíð	Útihús	Rúst	1900	357743	406471	Sæmilegt	Nei
5-689	Öskjuhlíð	Útihús	Rúst	1900-1930	357676	406177	Sæmilegt	Nei

Ýmsar fornleifar frá gamla bændasamfélaginu hafa varðveist í Öskjuhlíð. En Öskjuhlíðin var notuð sem beitiland fyrr á öldum frá Reykjavík. Elsta heimild um notkun á jarðnæði á þessu svæði er frá árinu 1703 en þar segir frá *Víkurseli* (5-159). Nafngiftin bendir til seljabúsakapar en Víkursel var í Öskjuhlíð.[304] Í dag (2023) eru rústir Víkursels skógi vaxnar og ill sjáanlegar. Aðrar fornleifar frá þessum tíma eru stekkir (5-149 og 5-150), fjárborg (5-151), beitarhús (5-158) og útihús(5-683 og 5-689). Minjar þessar hafa verið hlaðnar úr torfi og grjóti og bera merki þess að á þeim hefur verið troðið í gegnum tíðina, sumar eru verulega laskaðar líklega eftir herinn.



Mynd 96. Stekkur (5-150) í Öskjuhlíð.[305]



Mynd 97. Fjárborg (5-151) í Öskjuhlíð.[306]

[304] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 23-24; Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur*.
[305] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.
[306] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 98. Beitarhús (5-158) í Öskjuhlíð.[307]



Mynd 99. Víkursel (5-159) í Öskjuhlíð.[308]

Eins og sjá má á þessum myndum er minjarnar mjög illa farnar af gróðri og eða átroðningi.

2.3.1.2 Samkomustaðir

Á 19. öld var Öskjuhlíðin notuð sem samkomustaður af skólapiltum Lærða skólans og kölluðu þeir samkomustað sinn Beneventum (5-157). Nafnið er latneskt og merkir: „Staður þar sem gott er að koma.“[309] Ekki er með fullu ljóst hvar staðurinn var en líklega hefur það verið vestan undir klettastöllum í vesturhlíðinni, þar er nú búið að planta mikið af trjám. Annar samkomustaður var síðan efst á Öskjuhlíðinni (5-155) en þar var minnst 1000 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1874.[310]

Tafla 4. Fornleifar í Öskjuhlíð

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-155	Hátíðarsvæði	Samkomustaður	Tún	1874	357878	406209	Ómetið	Já
5-157	Beneventum	Samkomustaður	Grasflöt	1850	357657	406239	Ómetið	Já

2.3.1.3 Landamerki

Tafla 5. Fornleifar í Öskjuhlíð

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-160	Landamerkjasteinn	Landamerki	Áletrun	1839	357632	406167	Gott	Nei

Landamerkjasteinn (5-160) er í Öskjuhlíð en hann er kominn til vegna deilna um landamerki á milli jarðanna Reykjavíkur og Skildinganess. Þegar þessi deila leystist var ákveðið að merkja þrjá steina á landamerkjum jarðana með áletruninni “Landmerke” og ártalinu „1839“ í Öskjuhlíð, á Skildinganeshólum og við Lambhól.[311]

[307] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.
[308] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari ALG.
[309] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 29.
[310] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 29-30; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 206-207.
[311] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 26.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 100. Landamerkjasteinn (5-160) í Öskjuhlíð. Letrið er á vinstri steininum ef vel er að gáð, göngustígurinn kemur á á milli stóru steinana og hlaðinn veggur fyrir framan.[312]

2.3.1.4 Nauthóll og nágrenni

Á bæjarhól Nauthóls og í nágrenni eru skráðar 8 fornleifar (mynd 101 og 102). Bærinn Nauthóll var ein af hjáleigum frá Skildinganesi, hann var í byggð á árunum 1850-1902 en þá kom upp taugaveiki þar og í framhaldi var bærinn brenndur. Til eru kort af bæjarstæði Nauthóls frá árunum 1903 og 1933 en á þeim eru garðar og leifar húss mjög greinilegar (sjá mynd 5, 101 og 102). Rutt hefur verið úr rústum bæjarhúsanna (220-104) og er bæjar tóftin því ekki lengur greinileg þar.

Tafla 6. Fornleifar við Nauthól

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
220-104	Nauthóll	Bæjarstæði	Heimild	1850-1902	357426	405536	Slæmt	Að hluta
220-105	Nauthóll	Útihús	Tóft	1850-1902	357428	405522	Sæmilegt	Nei
220-106	Nauthóll	Útihús	Tóft	1850-1902	357375	405523	Sæmilegt	Nei
220-107	Nauthóll	Útihús, gerði	Tóft	1850-1902	357413	405556	Slæmt	Að hluta
220-108	Nauthóll	Matjurtagarður	Garður	1850-1902	357348	405569	Gott	Nei
220-109	Nauthóll	Matjurtagarður	Garður	1850-1902	357325	405538	Slæmt	Að hluta
220-110	Nauthóll	Matjurtagarður	Garður	1850-1902	357405	405515	Sæmilegt	Nei
220-111	Nauthóll	Túngarður	Heimild, garður	1850-1902	357394	405567	Sæmilegt	Að hluta

[312] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 101. Bæjarstæði Nauthóls og þekktar fornleifar og yngri minjar þar í kring.[313]



Mynd 102. Korti af Nauthól frá 1933 sem hefur verið varpað yfir loftmynd frá 2021 úr LUKR.[314] Staðsetning húsanna og matjurtagarðanna er nokkuð ljós. Númer eiga við fornleifaskrá, rauðir punktar eru fornleifar en bláir punktar eru herminjar.

Herinn kom sér líka fyrir í rústunnum á bæjarhólnum og voru þar t.d. tvö loftskeytamöstur og en fleiri vestar við hólinn. Vegna byggingar Háskólans í Reykjavík fór fram fornleifarannsókn á hluta af bæjarhól Nauthóls árið 2007. Rannsökuð var rúst 220-107 og reyndust þar vera leifar útihúss og girðingar frá seinni hluta 19. aldar.

[313] *Borgarsögusafn*. Minjastaðir merktir inn á loftmynd úr Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Myndefni: Lágflugsloftmynd 20/4 2021“. Kortavinnsla ALG.
[314] *Borgarsögusafn*. Minjastaðir merktir inn á samsett kort: *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Bolli Thoroddsen. [Nauthólsvík-Fossvogur, 1932-1933] (hluti); Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Myndefni: Lágflugsloftmynd 20/4 2021“. Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 103. Teikning af rúst 220-107 á Nauthól, þar sem gráir steinar afmarka útlínur útihúss en bláir steinar afmarka girðingu.[315]

2.3.1.5 Námur

Grjótnám í Öskjuhlíð og Rauðárholti var fyrst í litlu magni, en þangað sóttu steinsmiðir fyrr á öldum sér grjót til húsagerðar.[316] Þegar bygging Reykjavíkurhafnar hófst 1913 var grjót og möl sótt í næstu holt og hæðir, þar á meðal Öskjuhlíð (5-152). Til að flytja grjótið og mölina sem þurfti til við hafnargerðina voru lagðir 12 kílómetra af járnbrautarteinum í hálfhring um bæinn. Tvær járnbrautalestir fóru samtals 25 ferðir á dag með efni, en vagnar í hverri ferð voru 17-22.[317] Birgðastöð og viðgerðarskýli fyrir lestarnar var nefnd Hafnarsmiðjan og var hún þar sem nú eru mislæg gatnamót Bústaðavegar og Miklubrautar (5-506).[318]

Tafla 7. Fornleifar, námur

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-152	Grjótnáma Öskjuhlíð	Náma	Náma	1913	357593	406479	Gott	Nei
5-421	Gullholan	Borhola	Heimild	1922	356818	406661	Ómetið	Já
5-506	Hafnarsmiðjan	Vélsmiðja, byggingin	Heimild	1913-1947	357723	407040	Ómetið	Já
5-679	Járnbraut í Reykjavík	Járnbrautarteinar	Heimild	1913-1928	357392	406441	Ómetið	Já
5-684	Öskjuhlíð - grjótnám	Hús	Hleðsla	1920	357699	406491	Sæmilegt	Nei
5-735	Breiðamýri	Mógröf	Heimild	1902	358399	406732	Ómetið	Já
5-736	Fossvogsmýri	Mógröf	Heimild	1902	358471	405245	Ómetið	Já
9-28	Grjótnám Reykjavíkur Rauðarárholt	Náma	Náma	1913-1945	358763	407324	Sæmilegt	Nei
9-46	Grjótnám Reykjavíkur	Hús	Heimild	1926-1950	358907	407395	Ómetið	Já

[315] Oscar Aldred: *Excavations at Nauthóll 2007*, 6.
[316] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 184; Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 31.
317 Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 324-324; Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 31.
[318] *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi.*

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

5-684	Öskjuhlíð - grjótnám Hafnagerð	Hús	Hleðsla	1920-1940	357699	406491	Sæmilegt	Nei
220-115	Seljamýri	Mógröf	Heimild	1902	357379	405672	Ómetið	Já



Mynd 104. Leiðir járnbrautarinnar lágu frá Öskjuhlíð og Skólavörðuholti að Höfninni. Rauða línan sýnir legu járnbrautateinana, að náminni í Öskjuhlíð þar sem grjót var tekið og á Skólavörðuholtið þar sem möl var tekinn.[319]

[319] *Borgarsögusafn*. Járnbrautarleiðir merktar inn á samsetta mynd: Grunnur úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR); *Járnbrautin í Reykjavík. Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, kort. Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 105. Hafnarsmiðjan, vélaverkstæði fyrir lestar og vagna járnbrautarinnar árið 1946. Landspítali í baksýn.[320]



Mynd 106. Horft frá Landspítala að Öskjuhlíð um 1935-40, fremst á myndinni er húsið *Bólstaður* sem stóð við Laufásveg/Vatnsmýraveg og í fjarska í Öskjuhlíð er langt timburhús og krani sem líklega tilheyrði gamla grjótnáminu.[321]

Timburhús í Öskjuhlíðinni (5-684). Húsið sést á ljósmyndum og kortum, það hefur líklega tilheyrt grjótnáminu, en á staðnum er restar af gólfi hússins.

Mýrarnar í kringum Reykjavík voru námur fyrir eldsneyti og var þangað sóttur mór. Mórinn var stunginn upp, þar mynduðust stórar djúpar holur sem síðarfylltust af vatni, þessar

[320] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, ÁBS S88 1 018. Ljósmyndari ókunnur.
[321] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, ADF 1997 171 39. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

holur gátu verið hættulegar bæði mönnum og skepnum. Samkvæmt korti frá 1908 má sjá mótökustaði í Breiðamýri (5-735), Seljamýri (220-115 og 220-116) og Fossvogsmýri (5-736), allir þessir mótökustaðir eru nú löngu horfnir.



Mynd 107. Unnið við mótekju í mýri í Reykjavík á árunum 1910-1920.[322]

2.1.3.5 Vegir og brýr

Leiðir og götur lágu áður á milli bæja og héraða, á korti frá 1802 (mynd 3) eru merktar inn þær leiðir sem lágu þá að Reykjavík og í grunnin voru það sömu leiðir og merktar eru inn á korti frá 1902 en þar má sjá elstu leiðirnar og síðan nýrri vagna vegi. Ein forn leið lá frá frá Digranesi að Nauthól (5-745). Hér nefnd *Fossvogsleið*. Frá Nauthól lá svo önnur að Skildinganesi hér nefnd *Skildinganesleið* (220-203). Þriðja leiðinn lá svo frá Nauthól með Öskjuhlíð að vestanverðu hér nefnd *Gamla Nauthólsleið* (5-759). Ein gata eða þjóðleið var síðna *Bústaðvegur hin forni* (5-720) sem lá frá vaðinu við Elliðaár að Bústöðum og eftir Bústaðahálsi að Öskjuhlíðarhálsi. Þar um lá önnur gömul leið sem lá um Skólavörðuholtið að austanverðu að Eskihlíð og um Öskjuhlíðhálsi og suður að Fossvogslæk (5-726) nefnd *Gamli Hafnafjarðarvegur*. Þessi vegur var síðar endurgerður (1874) yfir Skólavörðuholtið og settur norðan í Öskjuhlíðina og nefndur *Öskjuhlíðavegur* (5-156), hann reyndist illa, var of brattur og var því endurgerður aftur 1902, þá aftur nær þar sem gamla gatan hafði legið og var nefndur *Hafnafjarðarvegur* eða *Reykjanesbrau*t (5-727) hann lá í suður að brúnni yfir Fossvogslæk (230-186) og áfram til Hafnarfjarðar. Tveir stígar eða slóðar að mótöku stöðum lágu um Breiðamýri *Sigurlagarstígur* sem lá frá gamla veginum um Skólavörðuholt og um brú (5-737) á Rauðárárlæk og Norðurmýri og út að mótökustað í Breiðamýri (7-35). Hinn stígurinn var nefndur *Skaftastígur* (5-331) sem lá frá býlinu Eskihlið út í Breiðumýri.

[322] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. PSÖ 43. Ljósmyndari Peter J. Søra.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Laugvegur nær nú frá mótum Bankastrætis og Skólavörðustígs að Kringlumýrarbraut. Lega götunnar var fyrst ákveðin 1885 en áður náði götuspotti frá Bankastræti að núverandi Vegamótastíg sem kallaður var Vegamótastígur eða Vegamótabrú. Laugavegur var svo lagður alla leið inn að Þvottalaugum (í Laugardal) á árunum 1885-1890 og dregur hann nafn sitt af þeim.[323] Þar sem Laugvegur lá yfir Rauðarárlæk var gerð brú sem nefnd var *Hlemmur* (9-30) (sjá mynd 21) þar var áningarstaður og vatnsþró (9-75) (sjá mynd 20), þar var hægt að brynna ferða hestum sem þar voru á ferð. Frá Hlemmi og suður með Ráðárlæk var svo lagður *Rauðaárstígur* hann beygði svo í austur að Sunnuhvoli og upp Háteigsveg, síðar var Rauðarárstígur framlengdur að Miklubraut. *Laufásvegur* lá frá Bókhlöðustíg að Laufási (Laufásvegur 48) og áfram í austur að Kennaraskólanum og síðan yfir Vatnsmýrina að Öskjuhlíðarvegi, síðar eða 1983 fékk vegurinn nafnið *Vatnsmýravegur* sem var sunnan gömlu Hringbrautar. Allir þessir gömlu vegaminjar er að mestu horfnar í sinni upphaflegu mynd í borgahluta 3, þó má finn nokkur merki, þá aðallega í Öskjuhlíð og við Fossvog.

Tafla 8. Fornleifar, vegir og brýr

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-156	Öskjuhlíðarvegur	Vegur	Vegur	1870	358019	406343	Slæmt	Nei
5-330	Sigurlaugarstígur	Stígur	Heimild	1902-1965	358193	407067	Ómetið	Já
5-331	Skaftastígur	Stígur	Heimild	1902	358317	406853	Ómetið	Já
5-720	Bústaðavegur hin forni	Gata/þjóðleið	Heimild	900-1932	358486	405822	Ómetið	Já
5-726	Gamli Hafnafjarðavegu	Vegur	Heimild, vegur	900-1870	358152	406100	Slæmt	Að hluta
5-727	Hafnafjarðavegur – Reykjanesbraut	Vegur	Heimild, vegur	1902-1980	358178	406219	Slæmt	Að mestu
5-737	Rauðarárlækur	Brú á Sigurlaugar-stígur	Heimild	1902	357899	407287	Ómetið	Já
5-745	Fossvogsleið	Gata/leið	Heimild	1909	358496	405179	Góð	Nei
5-752	Laufásvegur – Vatnsmýravegur	Vegur	Heimild	1880-2020	357724	406936	Ómetið	Já
5-759	Gamla Nauthólsleið	Gata/leið	Heimild	1800-1930	357407	406360	Ómetið	Já
9-30	Hlemmur	Brú	Heimild	1885	358178	407733	Ómetið	Já
9-75	Vatnsþróin við Hlemm	Vatnsþró	Heimild	1912-1931	358258	407733	Ómetið	Já
9-87	Laugavegur	Gata, í þéttbýli	Gata	1902	358476	407713	Ómetið	Já
9-88	Rauðárárstígur	Gata, í þéttbýli	Gata	1902	358097	407411	Ómetið	Já
220-203	Skildinganesleið	Gata/leið	Heimild	1100-1920	357453	405476	Ómetið	Já
230-186	Fossvogslækur	Brú	Brú	1902	358728	404765	Gott	Nei

2.1.3.6 Erfðafestublettir og og önnur horfin hús hús byggð fyrir 1923

Úthlutun á landi fyrir erfðafestubýli hófst í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar og voru nokkur erfðafestubýli reist á svæðinu sem hér um ræðir. Þau þeirra sem risu fyrir 1923 voru *Leynimýri* (1900-1989, 5-153), *Finnbogahús* (1900-1960, 230-59), Háteigur síðar *Litli Háteigur* (1907-1945, 5-514), *Sunnuhvoll* (1906-1960, 9-32), *Blönduhlíð* (1916-1960, 5-774), *Haukaland* (1919-1941, 5-413), *Leynimýrablettur 3* (1920-1984?, 5-725), og *Reykjahlíð* (1923-1964, 5-509). Þau erfðafestubýli sem enn standa frá þessu tímabili eru *Eskihlíð* (b.

[323] *Vef.* Guðjón Friðriksson, „Alfræði Reykjavíkur.“

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1892, 5-104,), *Hlíðarendi* (b. 1914, 5-398) og *Háteigur* (b. 1920, 5-514). Einnig voru á þessum tíma reistir vatnstankar í Rauðarárholti, en öll þessi hús eru tekin fyrir í húsahlutanum í þessari skýrslu.

Önnur hús sem voru byggð á þessu svæði og eru horfin eru t.d. *Lundur*, Laugavegur 104 (1902 – rifið?, 9-76), *Sólheimar* (1905-1953, 9-77), *Árbakki* (1907-1965, 9-80) og fleiri hús svið Rauðarárstíg. *Eskihlíð b og c* (5-747 og 748)), *Pólarnir* (5-213) og *Kálfakot* (5-213) við Laufásveg. Á þeim svæðum sem þessi hús stóðu má hugsanlega finna minjar frá þessum húsum.

Uppúr aldarmótum var Norðurmýrin og svæðið í kringum Rauðará að Þvottalaugum tekið undir ræktunarland en reynt var að halda Vatnsmýrinni óskertri sem beitiland fram til ársins 1909.[324]

Tafla 9. Fornleifar, horfin hús

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnitm	Y-hnitm	Ástand	Horfin
5-153	Leynimýri	Bústaður	Heimild	1900-1989	358191	405998	Ómetið	Já
5-213	Pólarnir/ Suðurpóll/Kálfakot	Íbúðahverfi	Heimild	1916-1960	357627	406976	Ómetið	Já
5-413	Haukaland, Vatnsmýrablettur 18	Erfðafestubýli	Heimild	1930-1941	357394	406555	Ómetið	Já
5-509	Reykjahlíð	Erfðafestubýli	Heimild	1923-1964	358460	406580	Ómetið	Já
5-672	Háteigur - Litli Háteigur	Íbúðarhús	Heimild	1907-1945	358462	407187	Ómetið	Að mestu
5-673	Fiskreitur bæjarins	Stakkstæði	Heimild	1922-1960	358632	407110	Ómetið	Já
5-725	Leynimýrarblettur 3	Bústaður	Heimild	1920-1984?	358246	405974	Ómetið	Já
5-744	Blönduhlíð	Erfðafestubýli	Horfið	1916-1960	358049	406519	Ómetið	Já
5-747	Eskihlíð c	Íbúðarhús	Heimild	1905	357766	406912	Ómetið	Já
5-748	Eskihlíð b	Íbúðarhús	Heimild	1901	357781	406900	Ómetið	Já
9-32	Sunnuhvoll	Íbúðarhús	Heimild	1906-1960	358162	407343	Ómetið	Já
9-40	Mjólnisstöðin - Otursstöðin	Fiskverkunarhús	Heimild	1915	358385	407706	Ómetið	Já
9-49	Svarti skúrinn	Hús	Heimild	1921	358549	407194	Ómetið	Já
9-76	Lundur	Íbúðarhús	Heimild	1902	358232	407709	Ómetið	Já
9-77	Sólheimar	Hús	Heimild	1905-1953	358317	407665	Ómetið	Já
9-79	Laugavegur 103	Íbúðarhús	Heimild	1910-1968	358123	358123	Ómetið	Já
9-80	Árbakki	Íbúðarhús	Heimild	1907-1965	358165	358165	Ómetið	Já
9-81	Múr og steiniðjufélagið	Hús	Heimild	1905	358200	407697	Ómetið	Já
9-82	Rauðarárstígur 5	Íbúðarhús	Heimild	1907	358210	407680	Ómetið	Já
9-83	Rauðarárstígur 5	Íbúðarhús	Heimild	1909	358216	407657	Ómetið	Já
9-84	Rauðarárstígur 5	Íbúðarhús	Heimild	1918	358191	407663	Ómetið	Já
230-59	Finnbogahús Háleitisbraut 1	Íbúðarhús Erfðafestubýli	Heimild	1900-1960	359037	407312	Ómetið	Já

2.3.2 Yngri minjar í borgarhluta 3

Tímabilið 1924-1934

Skráðir minjastaðir frá tímabilinu 1924-1934 eru 30 talsins í borgarhluta 3. Þeir eru frá þeim tíma þegar landnotkun byggðist á úthlutun erfðafestubletta í Vatnsmýri, Norðurmýri og um

[324] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 44.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1929 var Kringlumýrarblettum úthlutað en það voru mun smærri blettir en áður hafði verið úthlutað á erfðafestu.[325] Á þessu tímabili voru *Klambrar* á Klambratúni byggðir, Á lóðunum sem töldust til Vatnsmýrabletta voru það *Þóroddsstaðir*,(b. 1927, 5-516), *Breiðholt* (1925-1989, 5-512), *Reykholt* (1925-1928, 5-746), *Litla-Hlíð* tvö hús (annað b.1932, 5-751 og hitt b. 1933, 5-510) Varmahlíð (b. 1933 5-511) auk *Valfells* og *Grundar.* Hús risu áfram við Kringlumýraveg *Hraun*, *Hamar, Berg*, *Hlíðadalur*, *Helgadalur* og síðar *Höfn*. hús sem enn standa frá þessu tímabili eru Þóroddsstaðir og sumarhús í Læknisgarði (5-763).Aðrar minjar sem eru í þessu flokki eru stakkstæðið 9-29 við Sjómannaskólann, sem er eini fiskreiturinn sem er eftir á þessu svæði en hann er þegar *hverfisverndaður*. En aðrar merkilegar yngir minjar eru gamli Bústaðavegurinn sem er á Veðurstofuhæð (5-630) frá 1932 sjá töflu 10.

Tafla 10. Minjar frá 1924-1934

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-154	Sólland, Leynimýrarblettur 2	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1930-2007	358309	405877	Ómetið	Já
5-243	Öskjuhlíð	Vegur	Vegur	1925	357741	406427	Gott	Nei
5-329	Klambrar	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1926-1965	358145	407079	Ómetið	Já
5-399	Hjarðarholt, Vatnmýrablettur XIX	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1928-2000	357878	406627	Ómetið	Já
5-422	Vatnsmýrablettur 3	Jarðrækt	Heimild	1930	357585	406923	Ómetið	Já
5-423	Vatnsmýrablettur 16	Jarðrækt	Heimild	1930	357484	406887	Ómetið	Já
5-424	Vatnsmýrablettur 15	Jarðrækt	Heimild	1930	357338	406939	Ómetið	Já
5-427	Öskustígur-Öskuvegur	Vegur	Vegur	1930	357139	406901	Ómetið	Nei
5-510	Litla-Hlíð, Norðurmýrablettur 33	Erfðafestubýli	Heimild	1933-1985	358137	406414	Ómetið	Já
5-511	Varmahlíð, Norðurmýrablettur 32	Erfðafestubýli	Heimild	1932	358453	406386	Ómetið	Já
5-512	Breiðholt, Vatnsmýrablettur XII	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1925-1989	357738	406901	Ómetið	Já
5-516	Þóroddsstaðir, Skógarhlíð 22	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Hús	1927	358109	406439	Gott	Nei
5-630	Gamli Bústaðavegurinn	Vegur	Heimild, Vegur	1932-1970	358621	405957	Slæmt	Að hluta
5-746	Reykholt, Vatnsmýrarvegur 26	Íbúðarhús	Heimild	1925-1998	357600	407007	Ómetið	Já
5-751	Litla Hlíð, Norðurmýrablettur 33	Íbúðarhús	Heimild	1932	358149	406371	Ómetið	Já
5-753	Valfell	Íbúðarhús	Heimild	1928-1957	357902	406821	Ómetið	Já
5-754	Grund	Íbúðarhús	Heimild	1929-1957	357909	406797	Ómetið	Já
5-756	Birkihlíð, Fossvogsblettur 55	Erfðafestubýli	Heimild	1930-1979	358646	405753	Ómetið	Já
5-757	Kringlumýravegur	Vegur	Heimild	1930	358789	406701	Ómetið	Já
5-763	Læknisgarður	Sumarbústaður	Hús	1930	358245	405268	Gott	Nei
5-794	Fossvogur	Sólbaðsskeifa	Niðurgröftur	1930	358257	405295	Slæmt	Nei
5-848	Fossvogur	Mannvirki, lóð	Heimild	1930	358128	405261	Ómetið	Já
5-849	Fossvogur	Mannvirki, lóð	Heimild	1930	358030	405306	Ómetið	Já
9-29	Fiskreitir bæjarins	Fiskreitur	Stakkstæði	1933	358625	407349	Sæmilegt	Nei

[325] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

9-33	Hraun, Skipholt 35	Íbúðarhús	Heimild	1930	359005	407340	Ómetið	Já
9-34	Hamrar, Skipholt 35	Íbúðarhús	Heimild	1930	358980	407355	Ómetið	Já
9-35	Berg, Skipholt 35	Íbúðarhús	Heimild	1930	358954	407365	Ómetið	Já
9-47	Geymisvöllur	Íbúðarhús	Heimild	1925-1991	358753	407187	Ómetið	Já
9-48	Lóð Vatnsgeymana	Girðing	Heimild	1924-1950	358719	407205	Ómetið	Já
230-55	Fagridalur, Skipholt 70	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1929	358978	407106	Ómetið	Já
230-56	Hlíðardalur, Skipholt 66	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1929	358996	407152	Ómetið	Já
230-57	Höfn, Skipholt 62	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1932-2001	359007	407208	Ómetið	Já
230-58	Helgadalur, Háleitisbraut 1	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1928	359026	407251	Ómetið	Já

Tímabilið 1935 og síðar

Skráðir minjastaðir frá því eftir 1935 eru 45 talsins í borgarhluta 3. Um 1935 var búið að skipta allri Vatnsmýrinni upp í erfðafestulönd. Öskustígur (5-427) var vegur sem lá frá Öskjuhlíð og vestur að Loftskeytastöðinni við Suðurgötu og skipti Vatnsmýri í tvennt. Hluti af Öskustíg er enn sjáanlegur inni við Njarðargötu, sjá töflu 11. Mýrin var nýtt til ræktunar þar til hún var tekin undir Reykjavíkurflugvöll árið 1940. Öll býli sem reist voru eftir 1933 á þessu blettum eru horfin í dag nema *Efrihlíð* (Stigahlíð 68, 5-515). Eftir 1933 var farið að úthluta erfðafestublettum sem kenndir voru við Fossvog, öll hús sem byggð voru á þeim blettum eru horfin, nokkur ummerki eftir garðrækt og girðingar eru við Fossvogsblett 51 og 52 þar sem nú er skilgreinda Veðurstofuhæð. En aðrar yngir minjar er baðstaðurinn Læragjá (220-186) neðan við Nauthólsveg sem vert væri að vernda.

Tafla 11. Minjar frá 1935 og yngri

BSS-númer	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*X-hnit m*	*Y-hnit m*	*Ástand*	*Horfin*
5-245	Öskjuhlíð	Jarðhús	Tóft	1944	358268	405222	Sæmilegt	Nei
5-507	Golfskáli Golfklúbbs Íslands	Félagsheimili	Steypa	1937-1976	358400	406148	Ómetið	Já
5-508	Garðlönd Kringlumýri	Matjurtagarður	Heimild	1940-1965	358952	406787	Ómetið	Já
5-515	Efrihlíð, Norðurmýrablettur 35	Erfðafestubýli	Hús	1937	358586	406217	Gott	Nei
5-627	Fossvogsblettur 51	Girðing	Garðlag	1936	358712	405912	Gott	Nei
5-628	Fossvogsblettur 51	Húsgrunnur, íbúðarhúss	Húsgrunnur	1939-1968	358731	405893	Gott	Nei
5-629	Fossvogsblettur 51	Girðing	Garðlag	1936	358647	405940	Gott	Nei
5-631	Gólfskálinn	Vegur	Heimild	1937	358398	406091	Ómetið	Já
5-632	Gólfvöllur	Vegur	Heimild	1938	358469	406108	Ómetið	Já
5-633	Norðurmýrablettir	Kofi, óþ. hlutv	Heimild	1954	358414	406070	Ómetið	Já
5-634	Fossvogsblettur 55	Erfðafestubýli	Heimild	1936-1964	358319	406068	Ómetið	Já
5-635	Fossvogsblettur 55	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1936	358363	406052	Ómetið	Já
5-636	Fossvogsblettur 55	Hús, Erfðafestubýli	Heimild	1936	358395	406030	Ómetið	Já
5-637	Fossvogsblettur 54	Erfðafestubýli	Heimild	1936-1964	358414	406007	Ómetið	Já
5-638	Hvassafell Fossvogsblettur 54	Íbúðarhús, Erfðafestubýli	Heimild	1938-1978	358446	405996	Ómetið	Já
5-639	Fossvogsblettur 51	Erfðafestuland	Heimild	1935-1964	358676	405857	Ómetið	Já
5-640	Fossvogsblettur 51	Undirstaða	Þúst	1936	358714	405881	Gott	Nei
5-641	Fossvogsblettur 51	Vegur	Heimild	1938-1984	358733	405836	Ómetið	Já

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

5-642	Fossvogsblettur 52	Hornstólpi	Steinsteypa	1936	358646	405942	Gott	Nei
5-643	Fossvogsblettur 52	Erfðafestubýli	Heimild	1936-1964	358561	405924	Ómetið	Já
5-644	Fossvogsblettur 52	Íbúðarhús	Heimild	1947-1970	358492	405854	Ómetið	Já
5-645	Fossvogsblettur 52 v Reykjanesbraut	Erfðafestubýli	Heimild	1948-1979	358425	405841	Ómetið	Já
5-646	Fossvogsblettur 52	Hænsnahús	Heimild	1948-1970	358485	405903	Ómetið	Já
5-649	Fossvogsblettur 53	Erfðafestubýli	Heimild	1936-1964	358366	405957	Ómetið	Já
5-650	Fossvogsblettur 53	Erfðafestubýli	Heimild	1944-1975	358412	405943	Ómetið	Já
5-651	Fossvogsblettur 53 v Reykjanesbraut	Vegur	Heimild	1944	358387	405923	Ómetið	Já
5-652	Fossvogsblettur 55	Vegur	Heimild	1936-1964	358339	406071	Ómetið	Já
5-653	Streymi tímans	Listaverk	Náttúruminjar	2012	358359	406152	Gott	Nei
5-654	Öskjuhlíðarvöllur	Golfvöllur	Heimild	1937-1970	358648	405993	Ómetið	Já
5-663	Fossvogsblettur 51	Geymsla, Skúr, Bílskúr	Heimild	1936	358738	405877	Ómetið	Já
5-664	Fossvogsblettur 54	Hesthús, Bílskúr	Heimild	1940	358462	405976	Ómetið	Já
5-665	Fossvogsblettur 54	Vegur	Heimild	1936-1979	358462	406019	Ómetið	Já
5-721	Sléttuvegur	Vegur	Vegur	1930	358730	405449	Ómetið	Að mestu
5-723	Leynimýrarblettur 4	Erfðafestuland	Heimild	1937	358053	405986	Ómetið	
5-724	Leynimýrarblettur 4	Hornstólpi	Steinsteypa	1937	357899	405945	Gott	Nei
5-729	Öskjuhlíð	Vegur	Heimild, Vegur	1930	357432	406403	Gott	Nei
5-733	Reykjaæð	Hitaveitulögn	Heimild	1939-1970	358131	406169	Ómetið	Að mestu
5-738	Litla - Öskjuhlíð	Borhola	Steypa	1960	358437	406154	Gott	Nei
5-751	Litla Hlíð, Norðurmýrablettur 33	Íbúðarhús	Heimild	1932	358149	406371	Ómetið	Já
5-755	Stapar Hjarðarholt	Íbúðarhús	Heimild	1944	357870	406671	Ómetið	Já
5-757	Kringlumýravegur	Vegur	Heimild	1930	358789	406701	Ómetið	Já
5-764	Fossvogsgarðar	Garðland, Ræktunarreitur	Heimild	1943-1957	358427	405378	Slæmt	Nei
5-850	Fossvogur	Skipsflak	Flak	1953-1954	358329	405150	Slæmt	Nei
9-52	Framvöllur	Fótboltavöllur	Heimild	1945-1972	358828	407305	Ómetið	Já
220-163	Nauthólsvík	Dráttarbraut	Bryggja	1970	357424	405346	Gott	Nei
220-186	Læragjá, Volga	Baðstaður, Affall	Skurður	1940	357481	405376	Gott	Nei
230-191	Nesti í Fossvogi	Bensínstöð	Heimild	1957	358768	358768	Ómetið	Já

2.3.3 Herminjar í borgarhluta 3

Herminjar eru langstærsti minjaflokkurinn í borgarhluta 3. Þær minjar eru ekki friðaðar en mjög mikilvægar í sögu borgarinnar. Almennt hafa þessar minjar verð látnar víkja fyrir skipulagi og eru því að mestu horfnar í Reykjavík en þær sem eftir eru finnast flestar við Reykjavíkurflugvöll innan girðingar, í Öskjuhlíð og Nauthólsvík.[326] Svæðin í Öskjuhlíð og Nauthólsvík tilheyra Borgarhluta 3 og eru því skoðuð hér en þessi svæði eru mikilvægust í tilliti til verndunar á herminjum í Reykjavík. Í flokki herminja eru 155 minjastaðir skráðir, sjá fylgiskjal 1. Stór hluti minjanna er horfinn með öllu af þessu svæði og er þá helst að nefna fjöldann allan af herskálum eða bröggum sem tilheyrðu starfsemi hersins. Hér á eftir verður

[326] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 128.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

farið yfir helstu herminjar við Flugvallaveg, í Öskjuhlíð við Nauthólsveg, í Nauthólsvík og við Fossvog. Í kafla 2.3.4 um varðveislumat er gerð verndaráætlun fyrir þessi svæði.

2.3.3.1 Herminjar við Flugvallarveg

Flugvallavegur (7-62) var upphaflega námuvegurinn að gömlu grjótnámunni þar sem efni var flutt með lestar vögnum til uppbyggingar á hafnargörðum fyrir Reykjavíkurhöfn. Um þennan veg lá síðar leiðinn að flugvellinum að austanverðu. Við veginn og í gömlu námunni (5-152) standa en þrír braggar (5-175, 5-176, og 5-407) frá tíma hersetunnar og rís berstálið upp fyrir aftan braggana. Þegar flugvöllurinn var byggður var aftur farið í þessa gömlu námu en þá ofar í hlíðina (5-162), búin var til geil þar sem Keiluhöllin stendur nú og þar sem 4 olíugeymar voru (5-163), en mulningsvélarnar hersins stóðu fremst í námunni og sandur og möl var látinn renna niður steypta rennu (5-730) og eftir annarri rennu milli tveggja hlaðinna stoðaveggja eða varnaveggja (5-161) mynd 108. Líklega rann efnið beint á vagna sem fluttu það í flugvöllinn. Leifar tveggja sprengiskýla eru en sjáanleg á nyrðri brúnin námunar (5-166 og 5-224), en þangað hafa námu mennirnir leitað skjóls þegar sprengt var. Braggarnir við Flugvallarveg eru á upprunalegri staðsetningu og eru einu braggarnir sem eru eftir í allri Reykjavík auk bragga í Nauthólsvík.

Tafla 12. Herminjar við Flugvallarveg

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin
5-161	Flugvallavegur	Varnarveggur	Hleðsla	1941	357594	406463	Gott	Nei
5-162	Flugvallavegur	Grjótnáma	Náma	1941	357681	406406	Sæmilegt	Nei
5-163	Flugvallavegur	Grjótnáma	Gryfja	1941	357608	406318	Gott	Nei
5-164	Öskjuhlíð	Skotgröf	Hleðsla	1941	357538	406412	Ómetið	Nei
5-166	Öskjuhlíð	Sprengiskýli	Tóft	1941	357679	406435	Sæmilegt	Nei
5-175	Flugvallarvegur 1	Birgðaskemmur	Braggar af breskri gerð	1941	357742	406532	Gott	Nei
5-176	Flugvallarvegur 7A	Trésmíðaverkstæði	Raggi af breskri – IRIS gerð	1942	357541	406474	Gott	Nei
5-244	Öskjuhlíð	Sprengiskýli	Tóft	1940	357655	406449	Gott	Nei
5-407	Flugvallavegur 5	Herminjar	Braggi af breskur – Nissen gerð	1942	357628	406499	Gott	Nei
5-730	Flugvallavegur	Renna	Steypa	1941	357629	406470	Gott	Nei
5-762	Flugvallavegur	Vegur	Heimild	1941	357736	406549	Ómetið	Já
5-803	Flugvallavegur	Járnbrautarteinn		1940	357470	406458	Sæmilegt	Nei
5-811	Öskjuhlíð	Skotgröf	Garðlag	1940	357589	406386	Sæmilegt	Nei

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 108. Braggar við Flugvallarveg 4. mars 1946. Til hægri er herskálahverfið Camp Anacostia þaðan liggur Flugvallavegur þvert yfir myndina, að Flugvallabraut vegur sem náði frá Laufásvegi að Nauthólsvegi. Á miðri mynd er námusvæðið (þar sem Keiluhöllin er núna) og vestar eru fjögur hringlaga göt, berggryfjur sem hýstu olíugeyma.[327]



Mynd 109. Loftmynd frá 2022 sem sýnir bragga við Flugvallarveg. Bláir punktar eru herminjar. [328]

[473] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata* (skýrsla 105, 2004), 8, 10; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, reitur 1.240.3, sþ. 4. júlí 2019.
[474] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 30, 36-37.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

lagahöfundar Sérstætt hús, sérhannað sem íbúðarhús með vinnustofu listamanns („atelier“), sem skartar stórum þakglugga. Sjá má ákveðin „art nouevau“ áhrif í stíl hússins, mjúkar línur og samhverfu, en Freymóður dvaldi um tíma á Ítalíu þaðan sem hugmyndin að útliti hússins mun vera komin.

- **Blönduhlíð 12**. Íbúðarhús. Reist 1951. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Gott dæmi um íbúðarhús með skýr höfundareinkenni Einars.
- **Bogahlíð 21-25.** Fjölbýlishús. Reist 1955. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Vönduð byggingarlist í módernískum stíl með skýr höfundareinkenni Sigvalda.
- **Bogahlíð 24-26.** Fjölbýlishús. Reist 1956. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Vönduð byggingarlist í módernískum stíl með skýr höfundareinkenni Sigvalda.
- **Bústaðavegur 9** – ***Veðurstofa Íslands***. Skrifstofuhús (mhl. 01). Reist 1973. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt.[475] Bygging í módernískum anda, sem birtist í láréttum gluggaböndum og hreinum flötum. Skarphéðinn lést í mars árið 1970, um það bil sem teikningar voru samþykktar og sáu arkitektarnir Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson um hönnun innréttinga í húsið. Húsið var hannað undir höfuðstöðvar opinberrar stofnunar og hýsir enn upphaflega starfsemi. Kennileiti fyrir svæðið, sem oft er kallað Veðurstofuhæð. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[476]
- **Drápuhlíð 27-41**. Sambýlishús. Reist 1948-1950. Hönnuður Aðalsteinn Richter arkitekt, fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana. Heilleg röð sambýlishúsa í fúnkisstíl (norrænn fúnkis), með einkennandi skáskotnum útskotsgluggum, sem haldið hafa upprunalegu útliti sínu að mestu og mynda samræmda og heildstæða götumynd. Útlit grindverks að götu er jafnframt samræmt að mestu og æskilegt að því verði haldið.
- **Eskihlíð 17 – *Hlíð (Eskihlíð)***. Leikskólabygging. Reist 1955. Hönnuðir Þór Sandholt og Ágúst Pálsson arkitektar. Vönduð og vel varðveitt leikskólabygging frá 6. áratugi 20. aldar. Fyrsta skólabygging reist fyrir börn í Hlíðahverfi, hönnuð sem leikskólahús, en notuð fyrstu árin sem skólahús fyrir börn í hverfinu (Eskihlíðarskóli), þar til Hlíðaskóli tók til starfa 1960. Húsið var stækkað með viðbyggingu við bakhlið um 1990, en hefur haldið upprunalegri ásýnd og útliti á götuhlið, m.a. gluggagerð.
- **Grænahlíð 24 – *Bjartahlíð (Hamraborg)***. Leikskólabygging. Reist 1962. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Ein af þremur eða fjórum samskonar leikskólabyggingum sem Bárður hannaði á árunum 1961-1964.[477] Leikskólinn Bjartahlíð (Hamraborg) við

[475] Undir teikningarnar ritar samstarfsmaður Skarphéðins, Ulrich Stahr arkitekt.
[476] Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun* (skýrsla 208, 2022), 31, 38.
[477] Ein þeirra, Laugaborg (Laugasól) við Leirulæk 6, nýtur þegar hverfisverndar sem eitt af merkustu verkum höfundar síns í byggingarlistalegu tilliti. Í því felst að mikilvægt er að útlitseinkennum hússins verði ekki raskað og að við endurbætur og mögulega stækkun hússins sé tekið sérstakt tillit til byggingarlistarlegra sérkenna hvað varðar útlitshönnun, innra skipulag og stærðarhlutföll. Sjá: *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Nikulás Úlfar Másson og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun. Dalbrautarreitur“ (dags. 14. maí 2001); *Vef.* Skipulagsssjá. Deiliskipulag. Dalbrautarreitur, sþ. 16. apríl 2002, https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplysingar/DSK_PDF/Dalbrautarreitur.pdf.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Grænuhlíð hefur varðveist án verulegra útlitsbreytinga og hefur varðveislugildi sem merk byggingarlist og höfundardæmi.

- **Hamrahlíð 2 – *Hlíðaskóli***. Skólabygging, eldri álmur. Reistar 1960-1963. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Upphaflega var skólinn hannaður sem sex samsíða álmur tengdar saman með gegnsæjum tengigöngum og innigörðum milli hluta þeirra. Af þessari heildartillögu Sigvalda voru aðeins þrjár álmur byggðar, í þremur áföngum í byrjun 7. áratugar 20. aldar. Um er að ræða vanda byggingarlist í módernískum anda sem ber skýr höfundareinkenni Sigvalda, með þéttum, reglubundnum gluggaröðum og einhalla þaki og mynduðu byggingarnar heildstæða og taktfasta þrenningu á lóðinni. Fyrirkomulag skólans þótti nýstárlegt en hann átti á sínum tíma að verða stærsti skóli landsins, er allar byggingar væru risnar. Skólinn þótti sameina ýmsa kosti smærri skóla, eins og aðskilin leiksvæði og margar inngöngudyr.[478] Á 9. og 10. áratug aldarinnar var skólinn stækkaður með viðbyggingum hönnuðum af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og Arkþing arkitektastofu. Byggðar voru m.a. ný álma austan við þær eldri og millibygging sem komið var fyrir milli tveggja af eldri álmunum, sem um leið voru lengdar til norðurs. Nýbyggingarnar eru í póstmódernískum stíl, brjóta upp reglubundinn takt eldri bygginganna og hafa breytt mjög ásýnd þeirra og raskað þeim hugmyndum sem upphaflega var byggt eftir. Lagt er til að eldri álmurnar, þ.e. upprunaleg hönnun Sigvalda Thorvaldssonar, verði verndaðar í rauðum flokki og er mikilvægt að haldið verði í þau upprunalegu stíleinkenni þeirra sem eftir eru.
- **Hamrahlíð 13**. Íbúðarhús. Reist 1953. Hönnuður Hörður Bjarnason arkitekt. Upphaflega hannað sem einbýlishús á hæð og rishæð, með læknastofu í kjallara. Húsið hefur ákveðin einkenni hins norræna fúnkis og er gott dæmi um höfundarverk Harðar.
- **Háahlíð 9**. Íbúðarhús/Skátaheimili. Reist 1954. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt. Húsið var upphaflega teiknað sem embættisbústaður fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík, en þá var fyrirhugað að flytja Menntaskólann úr miðbænum á lóð við Hamrahlíð. Ekki varð af því en húsið þjónaði þó sem bústaður rektors MR fyrstu tvö árin eftir að það var byggt. Árið 1958 var starfsemi Húsmæðrakennaraskóla Íslands flutt í húsið og var þar (sem hluti af Kennaraháskóla Íslands frá 1977) allt til ársins 2001. Þá keypti Skátasamband Reykjavíkur ásamt skátafélaginu Landnemum húsið og hefur það síðan verið notað sem skátaheimli.[479] Húsið er gott dæmi um íbúðarhús síns tíma eftir Skarphéðinn Jóhannsson, vandað að ytri og innri gerð, enda hannað sem embættisbústaður. Það er upprunalegt að ytri gerð og útliti þó breytingar hafi verið gerðar á innra skipulagi með breyttri notkun. Húsið stendur eitt og sér utan skipulags íbúðagatna, og ber staðsetningin vitni um tengingu þess við byggingu menntaskóla í næsta nágrenni. Húsið hefur menningarsögulegt gildi vegna fjölbreyttrar tengingar við sögu mennta- og tómstundamála í borginni.

[478] *Þjóðviljinn*, 8. nóvember 1961, 12.
[479] *Morgunblaðið*, 20. ágúst 1958, 2; *Tíminn*, 23. september 1958, 7; *Vísir*, 19. ágúst 1958, 6; *Vef*. Björn Bjarnason, „Menntaskólinn við Hamrahlíð 30 ára,“ https://www.bjorn.is/greinar/nr/178; *Vef*. Skátafélagið Landnemar. „Um okkur: Skátafélagið Landnemar,“ https://www.landnemi.is/um-okkur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Hörgshlíð 28**. Íbúðarhús. Reist 1956. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Húsið er byggt í módernískum stíl, steinsteypt með sýnilegri borðaáferð á máluðum útveggjum. Það hefur hátt byggingalistalegt gildi með skýrum höfundareinkennum Sigvalda, s.s. einhalla þaki, uppbroti bæði í lóðréttum og láréttum flötum og einkennandi gluggagerðum.
- **Miklabraut 22-30**. Raðhús. Reist 1942-1943. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar. Raðhús af þessari gerð voru nýmæli í byggingarlist í Reykjavík á sínum tíma og þóttu framúrstefnuleg. Þau voru fyrstu húsin sem risu í hinu fyrirhugaða Hlíðahverfi, sem að öðru leyti hóf að byggjast samkvæmt skipulagi um 1945. Hönnun húsanna er einföld og ber einkenni hins norræna fúnkísstíls. Steyptur kantur umhverfis útihurðir og handrið úr beygðum stálrörum setja sterkan svip á framhliðar húsanna auk veggja/girðinga á lóðamörkum.[480]
- **Miklabraut 32-38**. Raðhús. Reist 1943-1945. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar. Raðhús af þessari gerð voru nýmæli í byggingarlist í Reykjavík á sínum tíma og þóttu framúrstefnuleg. Þau voru fyrstu húsin sem risu í hinu fyrirhugaða Hlíðahverfi, sem að öðru leyti hóf að byggjast samkvæmt skipulagi um 1945. Hönnun húsanna er einföld og ber einkenni hins norræna fúnkísstíls. Handrið úr beygðum stálrörum setja sterkan svip á framhliðar húsanna auk girðinga/veggja á lóðarmörkum.[481]
- **Skógarhlíð 16**. Bensínstöð og smurstöð. Reist 1954. Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Ein elsta sérhannaða bensínstöð á landinu sem enn stendur í því sem næst upprunalegri mynd. Vönduð byggingarlist í fúnkisstíl undir sterkum áhrifum frá „art nouveau“ og smárúðugluggar sem minna á iðnaðarklassík. Mikilvæg vegna sérstæðs byggingarstíls og fágætis minja um bílaþjónustu frá miðri 20. öld í borginni.[482] Húsið nýtur nú þegar hverfisverndar samkvæmt deiliskipulagi.[483]
- **Skógarhlíð 22 – *Þóroddsstaðir***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari. Mikilvægt dæmi um steinsteypt hús í burstabæjarstíl. Hefur menningarsögulegt gildi sem sýnilegur vitnisburður um sögu erfðafestubýla og byggðasögu svæðisins sem nú tilheyrir Hlíðahverfi. Hefur jafnframt umhverfislegt gildi sem gamalt kennileiti í umhverfinu, enn sýnilegt frá fjölförnum vegamótum Bústaðavegar og Litluhlíðar. Nýtur þegar hverfisverndar í rauðum flokki samkvæmt deiliskipulagi[484] og er nú *jafnframt umsagnarskylt* samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (sjá kafla 2.4.4.3).
- **Stigahlíð 68 – *Efrihlíð***. Reist 1937. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Eitt af elstu húsunum í borgarhlutanum. Eftirstandandi íbúðarhús

[480] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[481] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[482] Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir, *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum: Húsakönnun* (skýrsla 226, 2022).
[483] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3; *Vef.* Reykjavíkurborg. Skipulagssjá. Deiliskipulag. Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.
[484] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8, 13; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

býlisins Efrihlíðar sem áður stóð á erfðafestulandi ásamt útihúsum sem nú eru horfin. Þjónaði lengi sem leikskólabygging. Húsið er sýnilegur vitnisburður um sögu erfðafestubýla og byggðasögu svæðisins fyrir tíð skipulagðrar byggðar. Það er jafnframt gott dæmi um ákveðna gerð timburhúsa frá 4. áratugi 20. aldar sem hafa skírskotun til steinsteyptra fúnkishúsa í gluggasetningu og gluggagerð.

- **Stigahlíð 73**. Íbúðarhús. Reist 1965. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Annað af tveimur samskonar íbúðarhúsum sem standa hlið við hlið innan einbýlishúsahverfisins austan Stigahlíðar. […]
- **Stigahlíð 75**. Íbúðarhús. Reist 1964. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Annað af tveimur samskonar íbúðarhúsum sem standa hlið við hlið innan einbýlishúsahverfisins austan Stigahlíðar. […]
- **Stigahlíð 45-47** – ***Suðurver***. Verslunarhús / Hverfiskjarni. Reist 1964. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Verslunar- og skrifstofuhús í módernískum anda frá 7. áratug 20. aldar. Eitt af þeim húsum sem reist voru á 7. áratugnum sem verslunarkjarnar fyrir ný og nýleg íbúðahverfi í borginni og eitt af fáum slíkum sem varðveist hafa án verulegra útlitsbreytinga.[485]

2.4.5.3.3 Öskjuhlíðarhverfi (3.3) – Rauður flokkur – Hús og húsaraðir

Niðurstaða Borgarsögusafns er að í Öskjuhlíðarhverfi (3.3) séu **11 hús, sem standa sem einstök hús eða hluti af húsaröðum**, sem hafi hátt varðveislugildi og þá byggingarlistalegu, menningarsögulegu og/eða umhverfislegu sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í rauðum flokki í skipulagi.

- **Flugvallarvegur – Braggar**
  - **Flugvallarvegur 1** – Fjórir braggar í tveimur samstæðum (mhl. 01 og 03, 02 og 04) – Reistir 1941
  - **Flugvallarvegur 5** – Stakstæður braggi (mhl. 01) – Reistur 1942
  - **Flugvallarvegur 7a** – Stakstæður braggi (mhl. 02) – Reistur 1942

  Um er að ræða fjóra bragga við Flugvallarveg, undir norðurrótum Öskjuhlíðar. Næst gatnamótum við Bústaðaveg (Flugvallarv. 1) er samstæða fjögurra stórra bragga sem standa tveir og tveir saman (sambyggðir). Lengra til suðvesturs standa tveir stakir braggar, annar á lóð bílaleigu (Flugvallarv. 5), hinn á lóð Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík (Flugvallarv. 7a), en á milli þeirra eru aðrar byggingar tilheyrandi starfsemi á þessum lóðum.

  Braggarnir eru frá upphafsárum hernáms Reykjavíkur og standa allir á sínum upprunalega stað. Braggarnir fjórir við Flugvallarveg 1 eru bogaskemmur af breskri gerð og hafa verið notaðir til geymslu. Þeir eru mjög upprunalegri að gerð þó að bárujárnsklæðningin hafi verið endurnýjuð. Bragginn við Flugvallarveg 5 er breskur, af gerðinni IRIS og var

[485] Meðal annarra verslunarkjarna frá svipuðum tíma má nefna verslunarhúsið við Skipholt 70 (b. 1965), verslunar- og samkomuhúsið við Skaftahlíð 24 (Austurver og Lídó, b. 1959), Austurver við Háaleitisbraut (b. 1964) og Miðbæ við Háaleitisbraut (b. 1965).

notaður á sínum tíma sem bifreiðaverkstæði breska flughersins. Braggar af þessari gerð voru fremur veikbyggðir og ekki byggðir í miklum mæli hérlendis.[486] Gerðar hafa verið viðbyggingar við vesturhlið þessa bragga. Bragginn við Flugvallarveg 7a er breskur, af gerðinni Nissen sem var algengasta gerð bragga hérlendis, og var notaður sem trésmíðaverkstæði breska flughersins um tíma.[487] Vestan hans stóð upphaflega röð minni bragga sem hurfu fyrir 1970, ásamt öðrum bröggum sem stóðu á lóðinni allt fram undir lok 20. aldar.

Saman mynda þessir eftirstandandi braggar fágæta heild mannvirkja frá hernámsárunum og hluta af stærri heild hernámsminja sem dreifast um austanvert svæði Reykjavíkurflugvallar, vesturhlíð Öskjuhlíðar og Nauthólsvík, en þar er um að ræða heillegustu og best varðveittu hernámsminjar í Reykjavík.[488] Jafnframt hafa braggarnir hátt varðveislugildi sem hluti af íslenskum byggingararfi vegna þess hversu fágætir hernámsbraggar og aðrar varðveittar herskálabyggingar eru í dag. Stærri braggarnir fjórir eru jafnframt áberandi kennileiti í umhverfi sínu, við gatnamót Flugvallarvegar og Bústaðavegar.

Áður hefur verið lögð til verndun braggaheildarinnar í gulum flokki hverfisverndar,[489] en nú er lagt til að þeir verði verndaðir í rauðum flokki sem stök hús sem jafnframt mynda heild, með margháttaða byggingarlistarlega, menningarsögulega og umhverfislega sérstöðu.

Þar sem braggar frá hernámstíð eru *jafnframt skilgreindir sem minjar* út frá viðmiðum fornleifaskráningar (yngri minjar) er einnig í þessari skýrslu lagt til að svæðið sem braggarnir standa á verði skilgreint sem verndarsvæði minja (yngri minja / hernámsminja), með vísan til ákvæðis skipulagslaga um hverfisvernd minja, sjá kafla 2.3.4 og ítarlegri fornleifaskráningu borgarhlutans í skýrslu Borgarsögusafns nr. 224.

Út frá sögulegu sjónarmiði væri æskilegast að allir braggarnir stæðu áfram á sínum upprunalegu stöðum. Borgarsögusafn telur þó að þétta mætti braggabyggðina við Flugvallarveg án þess að söguleg tenging og sanngildi minjanna tapaðist, til dæmis með því að útfæra flutning annars eða beggja minni bragganna innan svæðisins, þ.e. innan þess svæðis eða þeirra lóða sem liggja sunnanmegin Flugvallarvegar og við norðurrætur Öskjuhlíðar. Þannig gætu núverandi braggar á svæðinu myndað þéttari og sterkari heild og mættu áfram verða varðveittir og nýttir á svæðinu, sem er einn helsti hernámsminja- og hernámssögustaður Reykjavíkur.

---

[486] *Vef*. Friðþór Eydal: „Hermannaskálar (braggar) á Íslandi í síðari heimsstyrjöld," 7, 20-21.
[487] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 76, 77, 79, 131; *Vef*. Friðþór Eydal: „Hermannaskálar (braggar) á Íslandi í síðari heimsstyrjöld," 6.
[488] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 128-129, 132.
[489] Sjá niðurstöður eldra varðveislumats mannvirkja og minja í Vatnsmýri og Öskjuhlíð: Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 76, 77, 79, 131-132.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Hlíðarendi 6-10 – *Hlíðarendi*.** Erfðafestubýli. Íbúðarhús (mhl. 01) og fjós (mhl. 03).[490] Reist 1916. Hönnuður ókunnur. Með örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis á erfðafestublettum í borgarhlutanum og fágætt dæmi um varðveislu bæði íbúðahúss og útihúss erfðafestubýlis, en húsin hafa fengið að standa óhreyfð innan íþróttasvæðis Vals og verið fundið þar hlutverk. Vitnisburður um elstu byggð á svæðinu, búskaparhætti fyrri tíðar í Reykjavík og jafnframt um íþróttasögu borgarinnar. Húsið nýtur nú þegar hverfisverndar í gulum flokki samkvæmt deiliskipulagi,[491] en hér er lagt til að það verði hverfisverndað í rauðum flokki. Húsið er *jafnframt friðað vegna aldurs* (sjá kafla 2.4.4.2).
- **Nauthólsvegur – Braggar og herskálar**
  - **Nauthólsvegur 99** – Tveir stakstæðir braggar (mhl. 01 og 02) – Reistir 1942-1943
  - **Nauthólsvegur 100** – Þyrping sambyggðra húsa ásamt bragga (mhl. 01, 03, 04, 06, 06 og 07) – Reist 1944-1945 og 2017
  - **Nauthólsvegur 100** – Stakstæður braggi (mhl. 10) – Reistur 1945

  Heildstæð þyrping bragga og annarra mannvirkja frá hernámsárunum sem standa í Nauthólsvík, hluti af stærri heild hernámsminja sem finna má í Vatnsmýri (á austanverðum Reykjavíkurflugvelli), Öskjuhlíð og Nauthólsvík og er stærsta og heillegasta heild minja sem varðveittar eru um veru breska og bandaríska setuliðsins í Reykjavík.[492]

  Húsaþyrpingin sem stendur á lóðinni Nauthólsvegi 100 var upphaflega hluti af stærri herskálaþyrpingu sem reist var af breska flughernum í Nauthólsvík veturinn 1944-1945 til að hýsa gistibúðir flugáhafna og farþega og var eftir stríð nýtt sem flugvallarhótel. Þyrpingin hefur, ásamt nærliggjandi bröggum við Nauthólsveg 100, mikið gildi sem vitnisburður um sögu hernámsins í Reykjavík og upphaf og sögu Reykjavíkurflugvallar. Húsin hafa jafnframt hátt gildi sem hluti af íslenskum byggingararfi í dag vegna fágætis og sem kennileiti í Nauthólsvík.[493]

  Áður hefur verið lögð til verndun heildarinnar í gulum flokki hverfisverndar,[494] en nú er lagt til að húsin verði *vernduð í rauðum flokki* sem stök hús sem jafnframt mynda heild, með margháttaða byggingarlistarlega, menningarsögulega og umhverfislega sérstöðu.

---

[490] Samkvæmt fasteignaskrá eru hús á lóðinni skráð undir staðfanginu „Hlíðarendi 6-10“ (https://fasteignaskra.is/), en í Borgarvefsjá er lóðin tölusett nr. 2-6 (https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/).
[491] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 7, 10; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 7, 13; Vef. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Hlíðarendi, sþ. 23. september 2010.
[492] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 128-129, 131-132.
[493] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólvík og Nauthólsvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 200, 2019), 91-93 og 101-102; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 82-84, og 131-132.
[494] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Nauthólvík og Nauthólsvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 200, 2019), 91-93, 101-103; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 82-84, 131-132.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Þar sem braggar og önnur mannvirki frá hernámstíð eru jafnframt skilgreind sem minjar út frá viðmiðum fornleifaskráningar (yngri minjar) er einnig í þessari skýrslu lagt til að svæðið verði skilgreint sem verndarsvæði minja (yngri minja / hernámsminja), með vísan til ákvæðis skipulagslaga um hverfisvernd minja, sjá kafla 2.3.4 og ítarlegri fornleifaskráningu borgarhlutans í skýrslu Borgarsögusafns nr. 224.

- **Nauthólsvegur 50-52 – *Hótel Loftleiðir* – og flugturn Reykjavíkurflugvallar**.[495] Hótel- og skrifstofubygging ásamt flugturni. Reist 1958-1961 og 1962-1971. Hönnuður Gísli Halldórsson arkitekt / Teiknistofan Tómasarhaga 31. Um er að ræða fjögurra hæða hótel- og skrifstofubyggingu í fjórum samtengdum álmum ásamt flugturni Reykjavíkurflugvallar sem tengdur er samstæðunni með lágri millibyggingu. Flugturninn var fyrsta húsið í þessari húsasamstæðu sem reis, byggður á árunum 1958-1961 eftir teikningum Gísla Halldórssonar, til að taka við hlutverki gamla flugturnsins frá upphafsárum flugvallarins og til að hýsa flugumferðastjórn og aðra flugtengda starfsemi. Turninn átti upphaflega að verða hluti af flugstöðvarbyggingu sem reisa átti á staðnum, en horfið var frá byggingu hennar þegar búið var að steypa undirstöður og kjallara. Flugfélagið Loftleiðir fékk þá leyfi til að byggja á lóðinni stórhýsi undir starfsemi sína, sem var í miklum vexti á þessum tíma, og ákveðið var að nýta grunn flugstöðvar-byggingarinnar undir hótel.[496] Gísli Halldórsson gerði teikningar að öllum hinum fyrirhuguðum byggingum á staðnum. Fyrsti áfangi að húsi Loftleiða, skrifstofuhús sem er hluti af norðurálmu núverandi húss (vestur-austur), var reistur á árunum 1962-1964. Hótelbygging, sem er miðhluti hússins, var reist á árunum 1965-1966. Við byggingu hennar var beitt nýjum byggingaraðferðum á þeim tíma og útveggir gerðir úr innfluttum verksmiðjuframleiddum einingum.[497] Hótelið var byggt af miklum metnaði og innréttað samkvæmt ítrustu kröfum um nútímahótel. Það var stærsta hótel landsins á sínum tíma, ásamt Hótel Sögu sem þá var nýbyggt, og rúmaði m.a. tvo veitingasali, innisundlaug og finnskt sána. Stór mósaíkmynd eftir Nínu Tryggvadóttur prýðir vegg tengibyggingar milli hótelsins og skrifstofubyggingarinnar og myndar mikilvægan hluta af ásýnd byggingarinnar, en Gísli lagði áherslu á slíkt samspil byggingarlistar og myndlistar í fleiri byggingum sem hann hannaði, m.a. Tollstöðinni við Tryggvagötu.[498] Viðbygging við hótelið, suðurálma, var reist á árunum 1969-1971 og þá var einnig gerð lág millibygging tengd við flugturninn. Síðasti áfanginn í byggingu húsasamstæðunnar var stækkun skrifstofubyggingarinnar með álmu til norðurs, sem bættist við um 1976-1977, þegar Loftleiðir og Flugfélag Íslands höfðu sameinast undir merkjum Flugleiða.

  Bygging Loftleiða, sem nú hýsir m.a. hótelið Reykjavík Natura, er ein af þeim byggingum í Reykjavík sem teljast stórvirki síns tíma, hönnuð í módernískum stíl og hefur haldið sinni upprunalegu ytri stílgerð og útliti. Ásamt flugturninum ber byggingin

[495] Flugturninn tilheyrir landi Reykjavíkurflugvallar og er skráður í fasteignaskrá sem matshluti 08 á landnúmeri L106748, undir staðfanginu „Flugvöllur“ (https://fasteignaskra.is/).
[496] Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson*, 127-129; Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 76; *Vef*. E. Aspelund: „Byggingarsaga Hótels Loftleiða 1964-1971,“ 1-2, https://www.icelandhotelcollectionbyberjaya.com/is/hotel/reykjavik/reykjavik-natura-hotel/hotelid.
[497] Jón M. Ívarsson: *Gísli Halldórsson*, 130-131; Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 76; *Vef*. E. Aspelund: „Byggingarsaga Hótels Loftleiða 1964-1971,“ 2.
[498] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 73, 76.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

jafnframt vitni um þróun og uppgang flugreksturs í landinu á 7. áratugnum og er áberandi kennileiti í umhverfi sínu.

- **Nauthólsvík/Fossvogur**, ***Læknisgarður***.[499] Sumarbústaður. Reistur 1934/1953.[500] Hönnuður ókunnur. Byggður af Hannesi Guðmundssyni lækni. Stendur á grónum reit við Fossvog, sem nú er umkringdur landi Fossvogskirkjugarðs. Er ásamt nánasta umhverfi sínu vitnisburður um þá byggð sumarhúsa og ræktunarlanda sem eitt sinn settu svip sinn á bæjarlandið, meðal annars í Fossvogi. Húsið telst *jafnframt umsagnarskylt samkvæmt lögum um menningarminjar*, ef miðað er við upphaflegt byggingarár, 1934 (sjá kafla 2.4.4.3).
- **Varmahlíð 1 – *Perlan***. Útsýnis-, samkomu- og veitingahús á hitaveitugeymum. Reist 1985-1991, ásamt hitaveitugeymum sem byggðir voru í stað eldri geyma. Hönnuður Ingimundur Sveinsson arkitekt. Perlan er mannsvirki sem hefur mikla sérstöðu með tilliti til byggingarlistar, sögu og menningar og ekki síst umhverfislegs gildis. Hugmyndin um slíkt útsýnishús á kolli Öskjuhlíðar kom fyrst fram þegar ákveðið var að koma þar fyrir hitaveitugeymum í lok 4. áratugar 20. aldar, en hugmyndin var endurvakin þegar endurnýja þurfti hitaveitugeymana á 9. áratugnum. Um er að ræða hátt hvolfþak úr stáli og gleri sem hvílir á burðarvirki sem komið er fyrir innan hitaveitutankanna sex, sem raðað er í hring á hæðarkollinum. Tankarnir eru tengdir saman með glerveggjum svo að innan þeirra myndast stórt lokað rými, sem hugsað var sem vetrargarður með sýningar- og samkomurými. Á efstu hæð undir hvolfþakinu var komið fyrir veitingastað með snúningsgólfi, en á hæðinni fyrir neðan er útgengi að útsýnispöllum ofan á geymunum. Perlan er eitt þekktasta og sýnilegasta kennileitið í borgarlandinu, sýnileg víða að úr borginni og nágrenni hennar og hefur öðlast stöðu sem eitt af táknum borgarinnar.
- **Vesturhlíð 6 – *Fossvogskirkja***.[501] Kirkjubygging ásamt hliðarálmum. Reist 1945-1948. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar. Fossvogskirkja, upphaflega og oft í daglegu tali kölluð Fossvogskapella, var vígð árið 1948 og er í eigu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hún var sérstaklega hönnuð til að gegna alfarið hlutverki útfararkirkju með allri aðstöðu til slíkrar þjónustu, svo sem líkgeymslu, líkbrennslu og aðstöðu til kistulagninga, í hliðarálmum vestan og austan við kirkjubygginguna. Kirkjubyggingin stendur við elsta hluta Fossvogskirkjugarðs og snýr aðalinngangi að hliði kirkjugarðsins. Byggingin er stílhrein og látlaus, með klassískum og fúnkis/módernískum einkennum og einföldum, hreinum formum. Árið 1983 var kapella byggð við norðausturhorn austurálmu kirkjunnar til notkunar við kistulagningar og fámennar jarðarfarir, eftir teikningu Ólafs Sigurðssonar arkitekts. Árið 1990 voru gerðar

[499] Húsið, ásamt geymsluskúr, er skráð undir staðfanginu „Nauthólsvík“ í fasteignaskrá, fasteignanúmeri F2032832 og landnúmeri L107480 (https://fasteignaskra.is/). Í brunavirðingum er húsið upphaflega skráð staðsett við Fossvog, en seinna við Reykjanesbraut.
[500] Upphaflegt byggingarár miðast við 1934, þegar húsið var fyrst brunavirt, en uppgefið byggingarár í fasteignaskrá er 1935 (https://fasteignaskra.is/). Húsið var hins vegar endurbyggt árið 1953 eftir bruna, í sömu mynd og áður, úr timbri og múrhúðað, samkvæmt brunavirðingu frá því ári. *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Aðf. 4341. Bók 1950-1953, virðing 5. september 1953 (br.nr. 3295).
[501] Kirkjan er merkt í Borgarvefsjá með staðfanginu „Vesturhlíð 6“ (mhl. 03) (https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/), en finnst í fasteignaskrá, ásamt öðrum húsum á lóðinni, undir heitinu „Fossvogskirkja“ (https://fasteignaskra.is/).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

endurbætur á kirkjunni innanhúss eftir hugmyndasamkeppni, þar sem farið var eftir verðlaunateikningum arkitektanna Árna og Sigurbjörns Kjartanssona, en áhersla lögð á að breyta ytra útlit kirkjunnar sem minnst.[502] Tvö hús, íbúðarhús (Vesturhlíð 4, mhl. 01) og íbúðar- og skrifstofuhús (Vesturhlíð 2, mhl. 02) í látlausum fúnkisstíl, voru byggð um leið og kirkjan á lóðinni, einnig eftir teikningum Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar, og standa þar enn.

[502] Ásbjörn Björnsson, „Fossvogskirkja 50 ára,“ *Morgunblaðið*, 14. nóvember 1998, 40.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.5.3.4 Hverfisverndarkort – Rauður flokkur[503]

HÁTEIGSHVERFI (3.1) – RAUÐUR FLOKKUR



[503] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

HLÍÐAHVERFI (3.2) – RAUÐUR FLOKKUR



ÖSKJUHLÍÐARHVERFI (3.3) – RAUÐUR FLOKKUR


Hverfisvernd
Einstök hús, húsaraðir og götumyndir
0 50 100 200 300 400 500 m

2.4.6 Þróunarsvæði þar sem vinna þarf húsakannanir

Gera þarf húsakannanir fyrir þau svæði þar sem fyrirhugaðar eru breytingar á þeirri byggð sem fyrir er, svo sem á þróunarsvæðum eða öðrum svæðum þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu nýrrar byggðar eða breytingum á húsum og byggð (sbr. kafla 2.4.2 Endurskoðun og breyttar forsendur varðveislumats hús og heilda).

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er gert ráð fyrir heimild til að skilgreina þróunarsvæði við deiliskipulagsgerð (37. gr., 6. mgr.):

> Við deiliskipulagsgerð í þegar byggðu hverfi getur sveitarfélag ákveðið að skilgreina afmarkað svæði sem þróunarsvæði þar sem vinna skal heföbundið deiliskipulag.“

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur skilgreint 24 svæði innan borgarhluta 3 – Hlíða sem þróunarsvæði og ***innan þeirra flestra er eldri byggð sem lögum samkvæmt*** [504] ***skal skrá og meta með gerð sérstakra húsakannana samhliða deiliskipulagsgerð*** (sjá meðfylgjandi kort og lista).

ÞRÓUNARSVÆÐI
Borgarhluti 3 – Hlíðar



Mynd 159 Þróunarsvæði í Háteigshverfi (3.1).[505]

[504] Skipulagslög nr. 123/2010, 37. gr.; Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 16. gr., 1. mgr.; Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 1.3. gr., 5.3.2.1. gr.
[505] Kort frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Kortavinnsla: Heiða Björk Halldórsdóttir.



Myndir 160 og 161 Þróunarsvæði í Hlíðahverfi (3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (3.3).[506]

Á eftirfarandi fimm þróunarsvæðum hafa *nú þegar verið unnar húsakannanir* vegna deiliskipulagsgerðar:

- **3.1.7** Þróunarsvæði – **Menntavísindasvið HÍ** (lóðir við Stakkahlíð, Bólstaðarhlíð og Háteigsveg) – Sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 175, 2016.[507]
- **3.1.8** Þróunarsvæði – **Sjómannaskólareitur** (lóðir við Háteigsveg, Vatnsholt og Skipholt) – Sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 198, 2019.[508]
- **3.1.14** Þróunarsvæði – **Heklureitur, Laugavegur, Skipholt og Bolholt** (svæði sem afmarkast af Laugavegi, Nóatúni, Brautarholti, Skipholti og Bolholti) – Sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 184, 2017.[509]
- **3.2.9** Þróunarsvæði – **Veðurstofuhæð** (svæði sem afmarkast af Kringlumýrarbraut, Bústaðavegi, Háuhlíð og göngustígum að norðan) – Sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 208, 2021.[510]

[506] Kort frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Kortavinnsla: Heiða Björk Halldórsdóttir.
[507] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016).
[508] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019).
[509] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Heklureitur. Bolholt – Brautarholt – Laugavegur – Nóatún – Skipholt* (skýrsla 184, 2017).
[510] Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Veðurstofuhæð: Húsakönnun* (skýrsla 208, 2021).

- **3.3.7** Þróunarsvæði – **Nauthólsvík** (nær yfir íþrótta- og útivistarsvæði Nauthólsvíkur og aðliggjandi byggð sunnan HR svæðis) – Sjá skýrslu Borgarsögusafns nr. 200, 2019.[511]

Á eftirfarandi fjórtán þróunarsvæðum *þarf að vinna húsakannanir eða endurskoða eldri húsakannanir*:

- **3.1.9** Þróunarsvæði – **Einholt, Þverholt og Rauðarárstígur** (svæði sem afmarkast af Rauðarárstíg, Háteigsvegi, Einholti og Stórholti) – Til er eldri húsakönnun sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 106 (2004).[512]
- **3.1.10** Þróunarsvæði – **Hampiðjureitur og nágrenni milli Rauðarárstígs og Ásholts** (svæði sem afmarkast af Laugavegi, Þverholti, Brautarholti og Ásholti) – Til eru eldri húsakannanir sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 106 (2004) og óútgefna húsakönnun dags. 15. júní 2005.[513]
- **3.1.11** Þróunarsvæði – **Hlemmur og nágrenni að Njálsgötu** (svæði sem afmarkast af Hverfisgötu, Rauðarárstíg, Njálsgötu og Snorrabraut) – Til eru eldri húsakannanir sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslur Minjasafns Reykjavíkur nr. 105/2004, nr. 113 (2004) og nr. 127 (2005).[514]
- **3.1.12** Þróunarsvæði – **Brautarholt/Skipholt og Laugavegur 162-164** (svæði sem afmarkast af Laugavegi, Ásholti, Brautarholti, Stórholti, Skipholti, Brautarholti og Nóatúni) – Ekki er til húsakönnun fyrir svæðið.
- **3.1.15** Þróunarsvæði – **Austan Bolholts** (svæði sem afmarkast af Bolholti, Laugavegi, Kringlumýrarbraut og Háaleitisbraut) – Til er húsakönnun fyrir hluta svæðisins, sjá óútgefna húsakönnun dags. 5. júlí 2019.[515]
- **3.1.23** Þróunarsvæði – **Miklabraut** (göturými Miklubrautar ásamt lóðunum Eskihlíð 2-4, Skógarhlíð 6, Skaftahlíð 24 og opnum svæðum meðfram Miklubraut austan Lönguhlíðar) – Til er eldri húsakönnun fyrir hluta svæðisins sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Árbæjarsafns nr. 80 (2001).[516]

---

[511] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir, *Nauthólsvík og Nauthólsvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 200, 2019).
[512] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjölnisholt – Stakkholt – Þverholt* (skýrsla 106, 2004).
[513] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjölnisholt – Stakkholt – Þverholt* (skýrsla 106, 2004); *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun. Bankareitur. Laugavegur – Rauðarárstígur – Stórholt – Þverholt," dags. 15. júní 2005.
[514] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata* (skýrsla 105, 2004); Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004); Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur H. Ármannsson, *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005).
[515] *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Drífa Kristín Þrastardóttir, „Háaleitisbraut 1 og Bolholt 5-5a: Húsakönnun," dags. 5. júlí 2019.
[516] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **3.2.8** Þróunarsvæði – **Skógarhlíð** (svæði sem afmarkast af Skógarhlíð, Bústaðavegi, Litluhlíð og lóðamörkum milli Skógarhlíðar 6 og 8) – Til er eldri húsakönnun fyrir svæðið sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Árbæjarsafns nr. 80 (2001).[517]
- **3.2.12** Þróunarsvæði – **Suðurhlíðar syðri** (svæði sem afmarkast af Kringlumýrarbraut til austurs, Sléttuvegi til norðurs, Fossvogskirkjugarði til vesturs og göngu- og hjólastíg til suðurs) – Ekki er til húsakönnun fyrir svæðið.
- **3.3.2** Þróunarsvæði **– Hlíðarendi – íþróttasvæði** (nær yfir íþróttahús og félagsaðstöðu Vals og íþrótta- og æfingasvæði suðvestan og norðvestan við íþróttahúsið) – Til er eldri húsakönnun fyrir svæðið sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Árbæjarsafns nr. 96 (2002).[518]
- **3.3.3** Þróunarsvæði – **Háskólinn í Reykjavík, háskólagarðar HR** (svæði vestan Öskjuhlíðar og austan Nauthólsvegar) – Ekki er til húsakönnun fyrir svæðið.
- **3.3.4** Þróunarsvæði – **Svæði austan við Reykjavíkurflugvöll** (lóð Nauthólsvegar 50-52 og svæði norðaustan og sunnan lóðarinnar) – Til er eldri húsakönnun fyrir svæðið sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161 (2013).[519]
- **3.3.5** Þróunarsvæði – **Flugvallarvegur** (lóðir og opin svæði við Flugvallarveg 1-7) – Til er eldri húsakönnun fyrir svæðið sem þarfnast endurskoðunar, sjá skýrslu Minjasafns Reykjavíkur nr. 161 (2013).[520]
- **3.3.6** Þróunarsvæði – **Öskjuhlíð og strandsvæði** (opið svæði sem afmarkast af byggð við Flugvallarveg til norðurs, svæði HR og háskólagarða til vesturs, strandlínu til suðurs og Fossvogskirkjugarði og Bústaðavegi til austurs) – Ekki er til húsakönnun fyrir svæðið.
- **3.3.8** Þróunarsvæði – **Fossvogskirkjugarður** – Ekki er til húsakönnun fyrir svæðið.

Á öðrum þróunarsvæðum innan borgarhlutans er ekki eldri byggð, heldur einungis göturými og gatnamannvirki eða ný byggð í uppbyggingu á áður óbyggðu svæði. *Ekki þarf að vinna húsakannanir fyrir þau svæði*:

- **3.1.19** Þróunarsvæði – **Laugavegur** (göturými Laugavegar).
- **3.3.1** Þróunarsvæði – **Hlíðarendi – vestan og austan við Arnarhlíð**.
- **3.3.10** Þróunarsvæði – **Borgargata – Snorrabrautarás** (göturými Nauthólsvegar og Arnarhlíðar ásamt aðliggjandi opnum svæðum að fyrirhugaðri Fossvogsbrú).
- **3.3.11** Þróunarsvæði – **Borgargata – Sturlugötuás** (göturými hluta Hlíðarfóts).
- **3.3.12** Þróunarsvæði – **Borgargata – Flugvallarvegur** (göturými Flugvallarvegar).

[517] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001).
[518] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi: Hringbraut – Bústaðavegur – Flugvallarvegur – Hlíðarfótur* (skýrsla 96, 2002).
[519] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013).
[520] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótavirðingar Reykjavíkur

Aðf. 733–749. Bækur 1874–1945. Sjá vef Borgarskjalasafns, https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981, sótt 22. september 2023.

Aðf. 4339-4341. Bækur 1945-1953. Sjá vef Borgarskjalasafns, https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981, sótt 22. september 2023.

Lýsingabækur brunavirðinga 1954-1981. Sjá vef Borgarskjalasafns, https://www.borgarskjalasafn.is/is/midlun/brunavirdingar-husa-i-reykjavik-1811-1981/brunavirdingar-lysingabaekur-1954-1981, sótt 22. september 2023.

Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.

Skjöl byggingarnefndar og byggingarfulltrúa (B-skjöl)

B-skjöl fyrir ýmis hús í borgarhluta 3 – Hlíðum.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.

Húsakannanir, óútgefnar.

Drífa Kristín Þrastardóttir, „Háaleitisbraut 1 og Bolholt 5-5a: Húsakönnun," bréf til skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 5. júlí 2019.

Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármansson, „Húsakönnun: Bankareitur. Laugavegur – Rauðarárstígur – Stórholt – Þverholt," bréf til skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 15. júní 2005.

Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun: Lögreglustöðvarreitur 1.222.0," bréf til skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 15. júní 2005.

Nikulás Úlfar Másson og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun. Dalbrautarreitur," bréf til Borgarskipulags Reykjavíkur, dags. 14. maí 2001.

Korta- og uppdráttasafn.

Bolli Thoroddsen. [Nauthólsvík-Fossvogur, 1932-1933]. Uppdráttur nr. 424. Eftir pappírsafriti í vörslu Borgarsögusafns. Án safnmarks. Sjá skannað afrit á vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/05/1116005.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5003-Borgars%25C3%25B6gusafn-Reykjav%25C3%25ADkur%2F%3Fq%3D1930 (leitarorð: „Nauthóll 1930," skráarheiti: „1116005.tif"), sótt 26. september 2023.

Bolli Thoroddsen. [Öskjuhlíð, 1932-1933]. Uppdráttur nr. 422. Eftir pappírsafriti í vörslu Borgarsögusafns. Safnmark 2.2.4. - 11. Sjá skannað afrit á vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-

Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/05/1116002.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5003-Borgars%25C3%25B6gusafn-Reykjav%25C3%25ADkur%2F%3Fq%3D1933 (leitarorð: „1933,“ skráarheiti: „1116002.tif“), sótt 26. september 2023.

„Golfskálahæð,“ undirritað af Þór Sandholt, 28. nóvember 1952, grunnur annars uppdráttar sþ. 15. september 1953, skv. áritun á þessum uppdrætti. Sjá vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/04/11020_10.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5003-Borgars%25C3%25B6gusafn-Reykjav%25C3%25ADkur%2F%3Fq%3Dgolfsk%25C3%25A1lah%25C3%25A6%25C3%25B0 (leitarorð: „Golfskálahæð,“ skráarheiti: „11020_10.tif“), sótt 26. september 2023.

Ole Ohlsen. „Trigonometrisk situationskart over Seltiarnarnæs, Alptanæs og Hraunsnæs samt de mellem samme insluttede Fiorde, Havner og Bugter i Island. Opmaalt og tegnet af Liutenant Ohlsen. Aar 1802.“ Eftir pappírsafriti í vörslu Borgarsögusafns. Frumrit er á Sjómælingastofnuninni í Kaupmannahöfn. Sjá skannað afrit Borgarsögusafns á vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-Skjalasafn-RVK-%C3%96ll-s%C3%B6fn/Skjalasafn/Arbaejarsafn/2011/03/1122_.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-Skjalasafn-RVK-%25C3%2596ll-s%25C3%25B6fn%2F%3Fq%3D1802 (leitarorð: „1802,“ skráarheiti: „1122_.tif“), sótt 26. september 2023.

„Iðnaðar- og athafnasvæði við Suðurlandsbraut,“ undirritað af Herði Bjarnasyni og Einari Sveinssyni, dags. nóvember 1942, sþ. í nóvember 1942. Sjá vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/02/2011-_29.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5003-Borgars%25C3%25B6gusafn-Reykjav%25C3%25ADkur%2F%3Fq%3Dsu%25C3%25B0urlandsbraut%25201942 (leitarorð: „Suðurlandsbraut 1942,“ skráarheiti: „2011-_29.tif“), sótt 26. september 2023..

Royal Air Force (Drawing Office, 5021 Airfield Construction Squadron). „Reykjavik Airfield,“ 1944, 1:4000. Teiknað af G.L.P. Sgt. Uppdráttur nr. REY:236:44. Sjá skannað afrit Borgarsögusafns á vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-Skjalasafn-RVK-%C3%96ll-s%C3%B6fn/Skjalasafn/Arbaejarsafn/2011/05/1116003.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-Skjalasafn-RVK-%25C3%2596ll-s%25C3%25B6fn%2F%3Fq%3D1944 (leitarorð: „1944,“ skráarheiti: „1116003.tif“), sótt 29. september 2023.

„Skipulag í Norðurmýri,“ undirritað af Einari Sveinssyni og Valgeiri Björnssyni, dags. maí 1936. Rafrænt afrit af uppdrættinum í lit er í fórum Borgarsögusafns. Upprunalegur uppdráttur finnst ekki hjá Skjalaveri Reykjavíkurborgar í Höfðatorgi eða á Borgarskjalasafni Reykjavíkur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

„Skipulag í Rauðarárholti,“ undirritað af Einari Sveinssyni og Þór Sandholt, dags. febrúar 1948. Sjá vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/02/2011-_76.tif.info (leitarorð: „Rauðarárholt,“ skráarheiti: „2011-_76.tif“), sótt 22. febrúar 2019.

„Verkamannabústaðir í Rauðarárholti,“ undirritað af E.S. [Einars Sveinssyni] og H.B. [Herði Bjarnasyni], dags. 26. október 1939. Sjá vef Skjalavers Höfðatorgi, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5003-Borgars%C3%B6gusafn-Reykjav%C3%ADkur/Arbaejarsafn/2011/02/2011-_67.tif.info (leitarorð: „Rauðarárholt,“ skráarheiti: „2011-_67.tif“), sótt 22. febrúar 2019.

Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955. Eftir pappírsafriti í vörslu Borgarsögusafns.

Kort unnin vegna skýrslugerðar.

Fornleifakort. Kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir, Borgarsögusafni

Húsverndarkort. Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Ljósmyndir teknar við vettvangskannanir. Sjá upplýsingar í neðanmálstilvísunum.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur:

Ljósmyndir úr safneign. Sjá upplýsingar um hverja mynd í neðanmálstilvísunum.

Landmælingar Íslands

Kortasafn.

Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn. „Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar“ 1902, 1:25000. Safnanúmer 144.02.1. Reykjavík og Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling (Landmælingadeild herforingjaráðsins), 1903. Sjá vefsjá Landmælinga fyrir kortasöfn: https://atlas.lmi.is/kortasafn-lmi/?map=2137, sótt 27. september 2023.

Loftmyndasafn.

Þýsk njósnamynd, GX 12501 IS87/41SD, tekin 15. október 1942.

Söguleg gögn.

Bæjarteikningar landmælingadeildar herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn (Generalstabens topografiske Afdeling).

„Nauthóll“ [1903?]. Sjá kortasjá Landmælinga: https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar_jpg_veflausn/RVK_myndir/B27LB10.jpg, sótt 25. september 2023.

Skjalaver Reykjavíkurborgar Höfðatorgi

Skipulagstillögur.

Skipulagsuppdrættir (Uppdráttasafn Umhverfis- og skipulagssviðs).

„Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar,“ undirritað af Aðalsteini Richter, dags. 12. júlí 1983, sþ. 19. júlí 1983, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2009/04/2009-04-14_012.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3D2009-04-14_012.tif (leitarorð: „Stigahlíð,“ skráarheiti: „2009-04-14_012.tif“), sótt 7. september 2023.

„Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi,“ [óundirritað] [ódags.], https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2009/04/2009-03-27_040.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3Dhl%25C3%25AD%25C3%25B0ar (leitarorð: „Hlíðar,“ skráarheiti: „2009-03-27_040.tif“), sótt 7. september 2023.

„Hlíðarendi. Tillaga að greinargerð og skilmálum fyrir reiti 1.62, 1.628.8 sem markast af Hringbraut (eftir færslu), Bústaðavegi, Flugvallarvegi og Hlíðarfæti,“ unnin af ALARK arkitektum ehf., dags. 10. mars 2005, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-Skjalasafn-RVK-%C3%96ll-s%C3%B6fn/Skjalasafn/Skipulagsuppdraettir/2010/02/S%209-2.pdf.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-Skjalasafn-RVK-%25C3%2596ll-s%25C3%25B6fn%2F%3Fq%3DS%25209-2.pdf (leitarorð: „Hlíðarendi,“ skráarheiti: „S 9-2.pdf“), sótt 14. ágúst 2023.

[Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar], undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2010/08/2010-_45.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Bo%3Dfn%3Fq%3D2010 (leitarorð: „Kringlumýrarbraut,“ skráarheiti: „2010-45.tif“), sótt 7. september 2023.

„Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu,“ undirritað af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt, dags. apríl 1946, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2009/04/2009-04-06_045.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3Dhl%25C3%25AD%25C3%25B0ar (leitarorð: „Hlíðar,“ skráarheiti: „2009-04-06_045.tif“), sótt 7. september 2023.

„Skipulag Reykjavíkur,“ [óundirritað,] dags. desember 1937, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2010/08/2010-_10.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3D1932 (leitarorð: „Skipulag Reykjavíkur 1932 [sic]“, skráarheiti: „2010-_10.tif“), sótt 7. september 2023.

„Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi,“ undirritað af Örnólfi Hall og Aðalsteini Richter, dags. 27. ágúst 1961, sþ. 28. nóvember 1961, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5002-Skipulagsuppdr%C3%A6ttir/Skipulagsuppdraettir/2009/04/2009-04-14_002.tif.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5002-

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Skipulagsuppdr%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3D2009-04-14_002.tif (leitarorð: „Stigahlíð“, skráarheiti: „2009-04-14_002.tif“), sótt 7. september 2023.
Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Hörgshlíð 8	1963	Guðmundur Kr. Kristinsson.	arkitekt
Hörgshlíð 10	1961	Guðmundur Kr. Kristinsson.	arkitekt
Hörgshlíð 16	1957	Gísli Halldórsson	arkitekt
Hörgshlíð 18	1961	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Hörgshlíð 28*	1956	Sigvaldi Thordarson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðahverfi

3.2.3 Grænahlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð

Afmörkun: Grænahlíð – Bogahlíð – Hamrahlíð 27-39 (oddatölur) – Stigahlíð 35-44 (nema 45-47).
Byggingarár: 1957-1967
Skipulagsuppdráttur: Frá 1953, drög að skipulagi fyrir Kringlumýri, Grensás og Háaleiti undirritað af Gunnari Ólafssyni sem er orðinn að endanlegri útfærslu á uppdrætti frá 1955, Skipulag Hlíða sunnan Miklubrautar.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20.



Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
- *þakform og frágangur við þakkant*
- *timburgluggar og útlit glugga*
- *svalir/svalahandrið af upprunalegri gerð*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll flestra húsanna innan reitsins ber merki þeirra breytinga sem áttu sér stað vegna móderniskra áhrifa sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970. Á reitnum eru flest húsin 2-3ja hæða stakstæð hús á kjallara og 3. hæðin er gjarnan fullnýtt þakhæð. Auk þess eru 2 fjögurra hæða fjölbýlishús við Bogahlíð sem teljast hafa hátt byggingarlistalegt gildi. Útveggir flestra húsanna eru sléttpússaðir og málaðir, gjarnan með uppbroti, stórum gluggaflötum og lágreistu þaki. Útfærslur á þaki, inngangströppum, svölum og gluggum gefa hverju húsi sín byggingarlistalegu sérkenni. Byggingarlistarlegt gildi einstakra húsa er mismunandi og flokkast nokkur þeirra með hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista aftast).



Grænahlíð 7



Hamrahlíð

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Grænahlíð 15



Hamrahlíð 37-39

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Bogahlíð 24-26



Bogahlíð 2

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs gildi

Um er að ræða nokkuð heilsteypta og rótgróna byggð stakstæðra íbúðarhúsa, sem reist voru á árunum 1957-1967, í framhaldi af uppbyggingu elsta hluta Hlíðahverfis. Reiturinn er hluti af skipulagi Kringlumýrar, Grensáss og Háaleitis og sýndur í nánari útfærslu á uppdrætti frá 1955 ”Skipulag Hlíða sunnan Miklubrautar”. Á reitnum má sjá þær breytingar sem voru að eiga sér stað í byggingarlist á þessum tíma sem frá hinum steinaða fúnkis stíl sem einkennir stærsta hluta Hlíðahverfis og yfir í meira móderníska stíl sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru milli 1960-70.





Grænahlíð 24 (leikskóli)

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Ákveðinn fjölbreytileiki einkennir svipmót byggðarinnar. Reiturinn er heildstæður hvað varðar hæðir, grunnform, húsgerð og afstöðu gagnvart götu. Umhverfi húsanna er gróið og við mörg þeirra eru steinsteypt grindverk á lóðamörkum að götu.



Yfirlitsmynd yfir reit 3.2.3

Mynd: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Miðlungs - lágt gildi

Breytingar hafa verið gerðar á mörgum húsanna á svæðinu sem dregur úr heildaryfirbragði og rýrir byggingarstíl einstakra húsa. Þar ber helst að nefna útveggjaklæðningar (steni), breytingar og yfirbyggingar á svölum og breytingar þakkanti.



Grænahlíð 10



Bogahlíð 21-25





Hamrahlíð 35

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Hamrahlíð 29



Bogahlíð 24-26

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **Miðlungs til hátt** varðveislugildi sem heildstæð byggð hvað varðar hæðir og afstöðu gagnvart götu. Byggðin sýnir breytingar/þróun í byggingarlist sem verður áberandi á árunum kringum 1960.*
Skipulag svæðisins er samþykkt af Aðalsteini Richter sem á þeim tíma var skipulagsfulltrúi.
Heildarsvipmót reitsins hefur haldist nokkuð vel en breytingar hafa þó verið gerðar á nokkrum húsum sem rýrt hefur heildarsvipmót byggðarinnar.

Ekki er lagt til að hverfishlutinn verði hverfisverndaður en bent á að byggðin er heildstæð og upprunaleg með tilliti til byggðamynsturs, hlutfalla og hæðar og ber byggingarlistaleg einkenni og yfirbragð síns tíma sem vert er að standa vörð um í skipulagi.

Einstök hús í hverfishlutanum með hátt byggingarlistarlegt gildi: **

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Grænahlíð 7	1958	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Grænahlíð 10	1960	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Grænahlíð 15	1967	Þór Sandholt	arkitekt
Hamrahlíð 29	1958	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Hamrahlíð 31	1960	Skarphéðinn Jóhannsson	arkitekt
Hamrahlíð 33	1964	Kjartan Sveinsson	byggingatæknifræðingur
Bogahlíð 21-25***	1955	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Bogahlíð 24-26***	1956	Sigvaldi Thordarson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð.

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

*** fjölbýlishús sem standa utan við afmörkun reitsins en ástæða þykir að vekja athygli á vegna byggingarlistar

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðahverfi

3.2.4 Stigahlíð einbýlishús austurhluti

Afmörkun hverfisverndar: Stigahlíð 49-97 (oddatölur).
Húsagerðir: Einbýlishús á einni til tveimur hæðum.
Byggingarár: 1963-1971
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1961.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20



Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll*
- *hæðir húsa og stöllun bæði í ytra formi og innra skipulagi*
- *upprunaleg áferð veggja*
- *upprunalegt útlit og fyrirkomulag glugga*
- *innfellingar í steypu sem mynda uppbrot og etv. litaskil á útveggjum*
- *þakgerð - flatt þak eða lágreist einhalla eða ósamhverft mænisþak*
- *frágangur við þakkant*
- *upprunaleg útfærsla handriða á svölum og útitröppum*

Byggingarlistalegt gildi: Hátt gildi

Byggingarstíll húsanna innan reitsins ber sterk byggingarlistaleg einkenni hins alþjóðlega módernisma sem var ríkjandi á árunum 1960-1970 og koma arkitektar að hönnun nánast allra húsanna á reitnum. Hér er um að ræða nýtískuleg steinsteypt einbýlishús á einni til einni og hálfri hæð. Form húsanna er einfalt og þökin lítt áberandi, flöt eða þakhalli lítill. Almennt eru þakkantar í formi láréttra borða þétt við vegg en einnig má sjá útkragandi þak á einstaka húsum. Húsin eru einföld í formi en gjarnan með uppbroti í útveggjum og þaki. Útveggir eru sléttpússaðir og málaðir, oft í hvítum litum. Stórir gluggafletir einkenna húsin, horngluggar og lárétt gluggabönd, fáir gluggapóstar og þá gjarnan lóðréttir. Bílgeymslur eru hluti af íbúðarhúsi eða samtengdar því. Nokkur húsanna á reitnum teljast hafa hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista).



Stigahlíð 55



Stigahlíð 65 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 75



Stigahlíð 63 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 75



Stigahlíð 87 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Einbýlishúsin við Stigahlíð byggðust upp á 7. áratug síðustu aldar samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1961, undirrituðum af Aðalsteini Richter arkitekt sem hafði þá nýlega verið ráðinn skipulagsstjóri Reykjavíkur. Ný kynslóð ungra arkitekta kom að hönnun flestra húsanna enda húsin byggð eftir nýjustu straumum í byggingarlist á þeim tíma. Um er að ræða mjög heilsteypt og vel varðveitt einbýlishús með sterkum sameiginlegum móderniskum einkennum.

Umhverfisgildi: Miðlungs - hátt gildi

Einbýlishúsin við Stigahlíð hafa mjög heildstætt yfirbragð og skipulagshugmyndin er í anda hugmynda módernismans sem voru ríkjandi á 7. áratug síðustu aldar. Einkabíllinn hefur fengið aukið vægi og gatnakerfið er byggt upp sem margir litlir botnlangar þar sem hús standa eingöngu öðru megin götu. Hverfið er vel gróið og götumyndir heildstæðar.



Yfirlitsmyndir



Myndir: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Um er að ræða mjög vel varðveitta heild einbýlishúsa sem haldið hefur að mestu upprunalegri gerð og þar sem byggingarstíllinn hefur sterk sameiginleg módernisk einkenni. Einstaka þakbreytingar hafa verið gerðar sem falla illa að heildaryfirbragði reitsins og ríkjandi byggingarstíl.



Stigahlíð 55
Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 73



Stigahlíð 87



Stigahlíð 73
Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 63



Stigahlíð 87

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni þess afbrigðis módernismans sem einkenndi íslenskan byggingarstíl á árunum 1960–1970.*
Skipulag svæðisins er verk Aðalsteins Richter skipulagsstjóra Reykjavíkur og arkitektar koma að hönnun flestallra húsanna. Heildarsvipmót hverfisins hefur haldist vel en fáar breytingar hafa verið gerðar á því.

Lagt er til að einbýlishúsabyggðin austan Stigahlíðar og sunnan Hamrahlíðar njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar, mælikvarða og þeim sameiginlegu módernísku einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og virða höfundareinkenni þau sem birtast í einstaka húsum.

Hverfisvernd nái til byggingarlistar, mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Stigahlíð 49 og 65	1965	Gunnar Hansson	arkitekt
Stigahlíð 55	1967	Helgi Hjálmarsson	arkitekt
Stigahlíð 57	1963	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Stigahlíð 63	1968	Gísli Halldórsson og Jósef Reynis	arkitekt
Stigahlíð 73 og 75*	1964-65	Bárður Daníelsson.	arkitekt
Stigahlíð 83	1967	Kjartan Sveinsson	byggingafræðingur
Stigahlíð 87	1965	Skúli Norðdahl	arkitekt
Stigahlíð 89	1964	Bárður Ísleifsson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð).

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

Á eftirfarandi húsum eru dæmi um breytingar sem mælt er gegn:
Stigahlíð 59, 67, 79, 91, 93

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.5 Fjölbýlishús við Eskihlíð

Afmörkun: Eskihlíð 6-22a (sléttar tölur).
Byggingarár: 1946-1957.
Skipulagsuppdráttur: Óundirritaður og ódagsettur uppdráttur ("Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi"), líklega unninn af húsameistara Reykjavíkur, Einari Sveinssyni arkitekt um 1945.

Hverfið Hlíðar skiptist í tvennt um Miklubraut (norðan og sunnan Miklubrautar) og nær ofangreindur skipulagsuppdráttur yfir þann hluta sem liggur sunnan Miklubrautar og vestan Lönguhlíðar. Fjölbýlishúsin við Eskihlíð eru innan afmörkunar hans.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /


Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sérkenni og sameiginlegu einkenni fjölbýlishúsanna sem móta heildstætt yfirbragð þeirra og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
  - *stein- eða skeljasandsmulningur í sem næst upprunalegum lit*
  - *litauppbrot í máluðum útveggjum*
- *upprunalegt þakform og þakklæðing*
- *upprunaleg útfærsla á þakkanti*
- *timburgluggar og upprunalegt útlit glugga*
- *upprunalegar svalir án svalalokana*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Byggingarstíll fjölbýlishúsanna við Eskihlíð er að mestu fúnkis en ýmis áhrif má sjá s.s. bæði klassísk og móderísk. Greinilegur munur er á byggingarstíl elstu og yngstu húsanna. Eldri húsin sem byggð voru milli 1946 og 1947 eru með steinmulningi eða hvítmáluð og með háreistu valmaþaki, sum undir lítils háttar nýklassískum áhrifum, á meðan byggingarstíll yngri húsanna, sem byggð voru 10 árum seinna, sýnir skýr módernísk áhrif. Byggingarlistarleg sérkenni húsanna njóta sín mest í ýmis konar uppbroti, við innganga og á svölum.



Eskihlíð 6-6a-6b.



Eskihlíð 20-20a

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Eskihlíð 22-22a



Eskihlíð 16-16a-16b

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Fjölbýlishúsin, sem byggð voru eftir upphaflegum hugmyndum um skipulag Hlíðahverfis frá um 1945, eru meðal elstu heildstæðu 4-5 hæða fjölbýlishúsa í Reykjavík. Byggingarstíll fjölbýlishúsanna er fjölbreyttur og bera sum þeirra nýklassísk einkenni á meðan önnur eru undir greinilegum áhrifum frá hinum norræna fúnkis og módernisma.



Skipulagsuppdráttur af hluta Hlíðahverfis frá um 1945. Teikningavefur Reykjavíkurborgar

Þekktar byggingar í næsta nágrenni



Bensínstöðin við Skógarhlíð 16. Arkitekt: Þór Sandholt. Mynd: Bragi Þór Jóseps



Þóroddsstaðir við Skógarhlíð 22. Erfðafestubýli frá 1927. Mynd: Bragi Þór Jóseps

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsin við Eskihlíð mynda sterka skipulagslega heild og samfellu meðfram götu ???. Þeim er skipað reglulega í 45° stefnu gagnvart götu með aðkomu og bílastæði norðaustan megin og garðsvæði í suðvestur. Svipmót er mjög heildstætt hvað varðar afstöðu og fyrirkomulag á lóð, hæðir húsa og hlutföll en byggingarstíll er fjölbreytilegur.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Húsin eru mjög upprunaleg að gerð og nánast engar breytingar hafa verið gerðar á þeim.



Eskihlíð 16



Eskihlíð 22



Eskihlíð 6-6a-6b

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Fjölbýlishúsaröðin hefur **hátt varðveislugildi** sem heildstæð röð fjölbýlishúsa hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Byggðin ber vitni um þær breytingar og mótun sem áttu sér stað í íslenskri byggingarlist á 5. og 6. áratugnum eða milli 1946 og 1957.*
Skipulag svæðisins er byggt á upprunalegum hugmyndum um skipulag íbúðabyggðar í Hlíðum vestan Lönguhlíðar. Heildarsvipmót húsanna hefur haldist mjög vel þar sem nánast engar breytingar hafa verið gerðar á þeim.

Lagt er til að reiturinn njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Í eftirfarandi töflu er listi yfir fjölbýlishúsin við Eskihlíð, byggingarár og höfunda þeirra:

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Eskihlíð 6-6a-6b	1956.	Ágúst Pálsson	arkitekt
Eskihlíð 8-8a	1955	Sigmundur Halldórsson	húsameistari/ arkitekt ****
Eskihlíð 10-10a	1958	Sigmundur Halldórsson	húsameistari/ arkitekt****
Eskihlíð 12-12a-12b	1946	Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson	arkitektar
Eskihlíð 14-14a	1946	Guðmundur H. Þorláksson	byggingameistari
Eskihlíð 16-16a-16b	1947	Guðmundur H. Þorláksson	byggingameistari
Eskihlíð 18-18a	1956	Ágúst Steingrímsson	byggingafræðingur
Eskihlíð 20-20a	1957	Ágúst Steingrímsson	byggingafræðingur.
Eskihlíð 22-22a	1959	Þórir Baldvinsson	arkitekt

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.6 Fjölbýlishús við Stigahlíð

Afmörkun: Stigahlíð 2-36 (sléttar tölur)
Byggingarár: 1956-1962
Húsgerð: Fjölbýlishús, 4 hæðir með lágreistu þaki. Útveggir steinaðir en málaðir fletir á svölum og við inngang.
Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur Þórs Sandholts frá 1954 sem byggir að hluta á uppdrætti Einars Sveinssonar húsameistari Reykjavíkur, Bolla Thoroddssens og Þórs Sandholts frá 1946.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá – kortagrunnur LUKR / loftmynd 2022.07.20


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni fjölbýlishúsanna sem móta heildstætt yfirbragð þeirra og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s. stein- eða skeljasandsmulningur í sem næst upprunalegum lit*
- *upprunaleg útfærsla á þakformi og þakkanti*
- *timburgluggar og upprunalegt útlit glugga*
- *upprunalegar svalir án svalalokana*





Stigahlíð 30-36

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Fjölbýlishúsin við Stigahlíð eru í fúnkisstíl sem mætti kalla „norrænan fúnkis“, fjögurra hæða, steinsteypt með steinaðri veggáferð, en sléttpússaðir málaðir fletir eru við innganga og á svölum. Húsin eru byggð í vinkil og mynda skjólgóð útisvæði til suðvesturs. Þak er ósamhverft, lágreist mænisþak og sperruendar eru sýnilegir undir þakkanti. Hagkvæmni, notagildi og einfaldleiki er ráðandi við hönnun húsanna. Hönnuður húsanna við Stigahlíð 6-36 var Tómas Vigfússon byggingarmeistari en húsið Stigahlíð 2-4 er byggt eftir teikningu Sigmundar Halldórssonar húsameistara í örlítið frábrugðinni útfærslu en efnismeðferð, hæð og útlitseinkenni eru þau sömu.

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsaröðin við Stigahlíð 6-36 (sléttar tölur) var byggð á árunum 1956-1962 og er eitt af þeim metnaðarfullu verkefnum sem Byggingafélag verkamanna réðst í til að koma á móts við þann mikla húsnæðisskort sem var til staðar á þeim tíma. Fjölbýlishúsin risu samkvæmt skipulagi sem var samþykkt í bæjarráði árið 1954, en hugmyndin um fjölbýlishús á þessum stað meðfram Miklubraut, byggði á skipulagshugmyndum um hærri fjölbýlishús meðfram umferðaræðum m.a. til að skerma aðra smágerðari byggð í hverfum borgarinnar.





Stigahlíð 30-36.

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsin við Stigahlíð 6-36 mynda sterka skipulagslega heild, þar sem hvert hús er byggt í vinkil og myndar þannig skjólgott og bjart garðsvæði sem opnar sig til suðvesturs. Saman mynda þessi hús heildstæða götumynd og eru sterkt kennileiti meðfram Miklubraut.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Húsin eru óbreytt að öðru leyti en því að á hornum tveggja húsanna hefur verið sett klæðning utan á efsta hluta veggjar.







Stigahlíð 30-36. Stigahlíð 2-4 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats: Hátt gildi

*Fjölbýlishúsaröðin hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð húsaröð hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Byggðin reis á árunum kringum 1960 og er í fúnkisstíl, útveggir eru steinaðir og þak lágreist mænisþak. Skipulag svæðisins er byggt á skipulagsuppdrætti fyrir byggð austan Stakkahlíðar frá 1954 en hugmyndir um fjölbýlishús á þessum stað komu upphaflega fram á skipulagsdrögum Einars Sveinssonar húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsens og Þórs Sandholts um skipulag íbúðabyggðar í Hlíðum austan Lönguhlíðar. Heildarsvipmót reitsins hefur haldist mjög vel, en litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á húsunum.*

Lagt er til að fjölbýlishúsin við Stigahlíð 2-36 njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Höfundar fjölbýlishúsanna eru Tómasi Vigfússon húsasmíðameistari (Stigahlíð 6-36) og Sigmundur Halldórsson húsameistari (Stigahlíð 2-4).

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.11 Suðurhlíðar

Afmörkun heildar: Bústaðavegur, Kringlumýrarbraut, Sléttuvegur og Suðurhlíðar.
Byggingarár: 1982-1985
Skipulag: Deiliskipulag frá 1982, unnið af Valdísi Bjarnadóttur arkitekt (Vinnustofan Þverá).
Húsgerð: Þétt lágreist byggð sérbýlishúsa, lítilla sambýlishúsa og raðhúsa/parhúsa.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /



Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *lögun og hæð húsanna (lágreist byggð)*
- *stöllun í hæð húsa og á lóð*
- *málaðir steinsteyptir útveggir*
- *mænisþak og þakhalli bundinn*
- *afgerandi skilmálar um kvisti*
- *vistgötur og gróðursælt umhverfi*



Dæmi um kvisti í Suðurhlíðum

Myndir: Bragi Þór Jóseps

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Hverfið er samsett af afmarkaðri, lágreistri og þéttri byggð einnar til tveggja hæða einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa sem öll bera svipuð útlitseinkenni. Fjölbreytileiki í útfærslum einstakra húsa, áberandi þök, efnismiklir þakkantar og mismunandi útlit kvista og glugga jafnvel á sama húsi, eru einkennandi fyrir hverfið. Í byggingarstíl húsanna má sjá áhrif frá póstmódernisma en hann varð til sem eins konar mótvægi við módernisma 6. og 7. áratugarins í Evrópu. Eitt af fyrstu húsunum sem reist voru á reitnum (Reynihlíð 13-17) var hannað af Valdísi Bjarnadóttur arkitekt, en það hús er gott dæmi um hvaða hugmyndir skipulagshöfundur hafði um húsin en það ásamt nokkrum öðrum hefur mun léttara yfirbragð þar sem gott jafnvægi ríkir í formgerð og hlutföllum.



Reynihlíð 13-17



Víðihlíð 11-15

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Víðihlíð 9



Beykihlíð 17-19

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Skipulag Suðurhlíða byggir á „tæt-lav“ hugmyndafræðinni sem algeng var á Norðurlöndum á 8. og 9. áratug 20. aldar. „Tæt-lav“ einkenndist af afmarkaðri þéttri og lágreistri byggð lítilla sambýlishúsa sem höfðu mörg einkenni og kosti sérbýlishúsa en heimild var fyrir fleiri en einni íbúð í hverju húsi (fjölskylduhús). Bílar áttu að vera víkjandi fyrir hjólandi og gangandi umferð (vistgötur) og leiksvæði sameiginleg. Markmiðið var m.a. öruggt nærumhverfi og sterkt nágrannasamfélag. Suðurhlíðar eru eitt heildstæðasta slíka hverfið í Reykjavík.



https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplysingar/DSK_PDF/Sudurhlidar_28_11_1989.pdf

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Skipulag Suðurhlíða byggir á „þétt-lágreist“ („tæt-lav“) hugmyndafræðinni, en hún átti töluverðu brautargengi að fagna á Norðurlöndum á 9. áratug síðustu aldar. Suðurhlíðar eru aftengdar öðrum íbúðahverfum með stórum umferðaræðum og af þeirri ástæðu lagði höfundur skipulagsins áherslu á að skapa heillegt hverfi með góðum innbyrðis tengslum. Skýrir skilmálar um þakgerð, þakhalla og hæðir húsa eiga stóran þátt í að móta sameiginleg einkenni húsanna á reitnum og gefa hverfinu ákveðið heildaryfirbragð. Andstætt „tæt-lav” hugmyndafræðinni hefur einkabíllinn fengið mikið vægi í Suðurhlíðum en bílskúrar standa gjarnan í röðum fremst við götu og verða því mjög áberandi í götumynd hverfisins.





Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi

Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum og þann fjölbreytileika sem ríkir í útfærslu þeirra hefur hverfið mjög heildstætt yfirbragð. Hverfið er ekki viðkvæmt fyrir lítilsháttar breytingum innan skilmála skipulagsins.

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **MIÐLUNGS til HÁTT varðveislugildi** sem heildstætt, fastmótað hverfi þar sem greina má aukin áhrif póstmódernisma á útlit húsa s.s. í fjölbreyttari formgerðum í gluggum, þaki, þakkanti, kvistum og svölum. Skipulag svæðisins byggir á hugmyndum um „þétta og lágreista byggð“ („tæt-lav“) þar sem reynt er að sameina gæði sérbýlis og hagkvæmni fjölbýlis með þéttri byggð einnar til þriggja hæða raðhúsa, parhúsa eða stakstæðra húsa með fleiri en einni íbúð. Íbúðir eru yfirleitt fjölbreyttar að stærð og garðrými aðgengilegt frá öllum íbúðum. Vegna skilmála um hæðir og þakgerð og óreglulegs fyrirkomulags húsa og gatna, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist vel.*

Ekki er lagt til að Suðurhlíðar verði hverfisverndaðar en fágæti skipulagshugmyndarinnar og óreglulegt fyrirkomulag gatna og húsa gefur hverfinu ákveðna sérstöðu.

Skilmálar upphaflegs skipulags eru mjög skýrir og lagt er til að þeir verði áfram hafðir til viðmiðunar við breytingar og viðbyggingar.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Reynihlíð 13-17	1983	Valdís Bjarnadóttir	arkitekt
Víðihlíð 27-33	1982-83		arkitekt
Víðihlíð 36-42	1983		arkitekt
Víðihlíð 8-10	1982		arkitekt
Víðihlíð 12-14	1983-84		arkitekt
Birkihlíð 14	1984		arkitekt
Beykihlíð 21-25	1984		arkitekt

Fylgiskjal 3: Húsaskrá – Friðlýst hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 4: Húsaskrá – Friðuð hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 5: Húsaskrá – Umsagnarskyld hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 6: Húsaskrá – Hús og húsaraðir sem lagt er til að hverfisvernda í rauðum flokki [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 7: Heildarkort yfir hverfisvernd minja: Yngri minja, húsa og hverfisheilda [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Háteigshverfi (3.1)[521] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[521] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Hlíðahverfi (3.2)[522] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[522] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Öskjuhlíðarhverfi (3.3)[523] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[523] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut.* Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár.* Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2021.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir:. *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð*. *Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir*: Ártúnshöfði. Fornleifaskrá.* Rvk. 2021.

213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020.* Rvk. 2021.

214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.

216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.

217 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

218 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021.* Rvk. 2022.

220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.

221 Alma Sigurðardóttir *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun.* Rvk. 2022.

222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

223 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

224 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022.* Rvk. 2023.

226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir*: Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.

227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Kópavogi, 21. nóvember 2023
23111092/501.00 KH

Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi. Umsagnarbeiðni.

Á fundi skipulagsráðs 20. nóvember 2023 var lögð fram umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 16. nóvember 2023 vegna tillögu að nýju hverfisskipulagi.

Bókun skipulagsráðs:
Lagt fram. Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlagt erindi.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa
Karlotta Helgad.

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Hverfisskipulag - og hleðslustæði við Drápuhlíð 2 (USK23030174). Rafhleðslustæði innan lóðar að Drápuhlíð 2. Innan hins nýja hverfisskipulags er lóðin að Drápuhlíð 2 eina lóðin í Drápuhlíð sem ekki er gert ráð fyrir rafhleðslustæði né bílskúr. Deiliskipulag gerði áður ráð fyrir bílskúr og innkeyrslu frá Drápuhlíð 2. Samkvæmt þinglýstum skjölum er bílskúrsréttur. Við fengum jákvæða umsögn um rafhleðslustæði við Drápuhlíð 2 í lok júní 2022. Þá lá fyrir að það þyrfti að fara í mikla jarðvegsvinnu vegna drens sem síðar varð enn meiri þar sem endurnýja þurfti skolplagnir undir húsinu öllu. Þessar framkvæmdir hófust í júlí s.l. og var lokið í byrjun ágúst. Þá var farið í hellulögn og frágang lóðar sem var eitt svað. Framkvæmdum var lokið 17. ágúst s.l. Tveim dögum áður fengum við höfnun sem kom okkur algjörlega í opna skjöldu og þá í raun allt of seint að stöðvar framkvæmdir sem voru að lokastigi. Fór því að greinslast fyrir um þetta hjá deild samgagna sem gerir ekki athugasemdir um staðsetningu eins bílastæðis innan lóðar við Drápuhlíð 2 sbr. fyrstu umsögn byggingafulltrúa frá 30.06.2022. Aðspurð um þetta mál sagði Dóra Björt Guðjónsdóttir að ég þyrfti ekki að setja inn nýja umsókn hjá HMS heldur ætti ég að geta sent inn ósk um að þetta stæði yrði sem hleðslustæði fyrir einn bíl í stað tveggja. Ævar Harðarson lagði einnig til að setja þetta mál (USK23030174) í gegnum skipulagsgáttina. Sjá meðfylgjandi gögn. Bestu kveðjur, Sveinn Orri Tryggvason

Höfundur: Sveinn Orri Tryggvason/sveinn.o.tryggvason@origo.is

Sent inn þann: 17.12.2023

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 30.06.2022/ OGS

Drápuhlíð 2 (fsp) bílastæði og rafhleðslustöð.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Sveins Orra Tryggvasonar dags. 21. mars 2022 um að setja bílastæði og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.


Loftmynd, Borgarvefsjá 2022.


Drápuhlíð 2, skjáskot af ja.is.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Drápuhlíð 2 í skilgreindri íbúðarbyggð, nánar til tekið ÍB17, í Hlíðarhverfi.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn. Hverfisskipulag fyrir Hlíðarhverfi, Háteigshverfi og Öskjuhlíðarhverfi er í vinnslu sem er langt á veg komin.

Um byggðina

Drápuhlíð 2 tilheyrir fastmótaðri og heilsteyptri íbúðarbyggð sem tók að rísa á fimmta áratug 20. aldar. Hlutföll, þakform og yfirborðsáferð húsanna er áþekk og af svipaðri gerð og hæð. Steinmulnings- eða skeljasandsáferð er ráðandi en sum nýrri hús eru múrhúðuð og máluð. Húsin eru staðsett á lóðum m.t.t. sólarátta sérstaklega og er staðsetning innkeyrslna og bílskúra einnig miðuð út frá því.

Samkvæmt eldra deiliskipulagi (ekki í gildi) er reiknað með einfaldri innkeyrslu og bílskúr norðvestan megin við hús.

Umsögn/ Niðurstaða

Jákvætt er tekið í erindið. Sækja þarf um byggingarleyfi sem yrði grenndarkynnt. Með byggingarleyfisumsókn þarf að fylgja samþykki meðlóðarhafa.

Almennt gildir einnig að þegar lóðin er skipulögð að aðgerðir í eigin garði skerði ekki notkun nágrannalóða og gæta skal að heildarsvip götumyndar.

Á núgildandi mæliblaði er ekki gert ráð fyrir bílastæði, innkeyrslu né bílskúr á lóðinni. Hins vegar er reiknað með einfaldri innkeyrslu og bílskúr norðvestan megin við hús aðgengileg frá Drápuhlíð samkvæmt eldra deiliskipulagi.

Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavík 05.07.2022

Sveinn Orri Tryggvason
Drápuhlíð 2
105 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Drápuhlíð 2
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Sveins Orra Tryggvasonar dags. 21. mars 2022 um að setja bílastæði og rafhleðslustöð á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 30. júní 2022, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Þuríður Guðmundsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2022.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

Reykjavík

Reykjavík, 3. ágúst 2023

Drápuhlíð 2 – Byggingarleyfisumsókn USK23030174

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júlí 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023 þar sem sótt er um leyfi til þess að staðsetja tvö bílastæði og tvöfalda rafhleðslustöð við norðurhlið lóðar íbúðarhúss á lóð nr. 2 við Drápuhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd



Fyrirhuguð bílastæði

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Drápuhlíð 2 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB)

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn. Vinna við hverfisskipulag fyrir Hlíðarhverfi, Háteigshverfi og Öskjuhlíðarhverfi er í gangi og er langt á veg komin.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til byggingarleyfisumsóknar þar sem sótt er um að koma fyrir tveimur bílastæðum innan lóðar Drápuhlíðar 2 við norðvestan horn garðsins og setja upp við þau hleðslustöðvar.

Drápuhlíð 2 tilheyrir fastmótaðri og heilsteyptri íbúðarbyggð sem tók að rísa á fimmta áratug 20. aldar. Hlutföll, þakform og yfirborðsáferð húsanna er áþekk og af svipaðri gerð og hæð. Steinmulnings- eða skeljasandsáferð er ráðandi en sum nýrri hús eru múrhúðuð og máluð. Húsin eru staðsett á lóðum m.t.t. sólarátta sérstaklega og er staðsetning innkeyrslna og bílskúra einnig miðuð út frá því.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á reitnum þó til sé uppdráttur af svæðinu frá árinu 1945. Hann hefur hefur hinsvegar ekkert skipulagslegt gildi. Uppdrátturinn sýnir einfalda innkeyrslu og bílskúr norðvestan megin við íbúðarhúsið á lóðinni. Á gildandi mæliblaði og samþykktum aðaluppdráttum fyrir lóðina er hinsvegar hvergi gert ráð fyrir bílastæðum, innkeyrslu eða bílskúr á lóðinni.

Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að óþörfu. Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur er sömuleiðis almennt leiðarstef að draga úr notkun einkabílsins og fækka bílastæðum. Ekki síst

þarf að líta til þess að fyrirhuguð staðsetning bílastæða á lóðinni er þannig að til þess að aka frá stæðunum þarf ekki einungis að bakka yfir gangstétt heldur einnig út á hraðahindrun. Hraðahindrunin er öruggasta og augljósasta gönguleiðin yfir Drápuhlíð við gatnamót Reykjahlíðar og því myndi skapast augljós slysahætta fyrir gangandi vegfarendur, sérstaklega börn. Ljósastaur og umferðarskilti sem standa á gangstéttinni sitthvoru megin við fyrirhuguð bílastæði þrengja sömuleiðis mjög aðkomuna að þeim og takmarka beygjuradíusinn þegar bakka þarf úr stæðunum. Það getur aukið enn á slysahættuna, bæði fyrir vegfarendur á gangstéttum og kyrrstæða bíla í merktum bílastæðum handan götunnar.

Eldri umsögn embættis skipulagsfulltrúa um samhljóða fyrirspurn umsækjenda, dagsett 30. júní 2022, þar sem jákvætt var tekið í erindið, er með þessari umsögn dregin til baka. Því miður var við gerð þeirrar umsagnar ekki horft nægilega vel til aðstæðna í nágrenninu, s.s. staðsetningu hraðahindrunar og gönguleiða. Beðist er velvirðingar á því.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.
- Ekki er í gildi deiliskipulag sem heimilar bílastæði á lóðinni og þau eru ekki sýnd á mæliblaði eða samþykktum aðaluppdráttum.
- Bílastæði á þessum stað myndu skapa talsverða slysahættu, ekki síst fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur hverfisskipulags



Sótt er um leyfi fyrir tveim bílastæðum inn á norðurluta lóðar Drápuhlíðar 2 ásamt tveim rafhleðslustaurum við enda bílastæðanna.
Stæðin verða í sömu hæð og núverandi lóð sem er nánast lárétt á fyrirhuguðum stað. Reiknað er með frostfríum 60 cm burðarpúða undir bílastæðunum sem verða hellulögð. Væntanleg stærð bílastæðanna er 36,4 ferm.



Afstöðumynd m 1:500

Verk: Drápuhlíð 2, 105 Reykjavík					
Verkhluti: Bílastæði			Blaðstærð: A2	Vilmar Þór Kristinsson	Netfang: vilmarthor@gmail.com
Teikn nr: 01	Dags: 5.11.2022		Mælikvarði: 1:100, 1:500	Byggingartæknifræðingur	Farsími: 893-7075
Verknr: 2022-01				050648-4439	Reikn.: VÞK
					Yfirf.: VÞK
Hannað: Vilmar Þ. Kristinsson		Teiknað: Valdís Vilmarsdóttir		Vilmar Þór Kristinsson	

Tinna Gilbertsdóttir
UMSÖGN BIRT **21.12.2023**

Sæl öll,

Mér voru að berast fregnir af því að Reykjavíkurborg hygðist ætla að færa grenndarstöðina í Hamrahlíð yfir í Stigahlíð 2-4 og sá það svo svart á hvítu á reykjavik.is undir hverfisskipulagi og upplýsingum um grenndarstöðvar.

Skv. borgarvefsjá og deiliskipulagi hefur ekkert verið neitt að finna um það að sé merkt neins staðar að bletturinn við Stigahlíð 2-4 sé merktur sem "grenndarstöð". Það sem var kosið í Hverfið mitt kosningunni árið 2022 varðandi "endurbætur við grenndarstöðvar" var þá kosning um endurbætur við stöðvarnar sem voru nú þegar til staðar í Eskihlíð og í Hamrahlíð og réttilega merktar í öll kort sem "grenndarstöðvar". Ég skoðaði borgarvefsjá, skipulagssjá og deiliskipulag þegar ég heyrði af þessum áformum í fyrra og þá var bletturinn við Stigahlíð 2-4 ekki merkt inn í nein kort sem "grenndarstöð". Þetta getur því varla talist lögmæt framkvæmd. Enn fremur hefur ekki farið fram nein grenndarkynning á þessu máli.

Ég mótmælti þessum áformum sterklega í bréfi sem ég sendi til ykkar 29. desember 2022 með alls kyns rökum. Sjá bréfið bæði í fyrri pósti hér í þessum þræði og svo einnig hér að neðan í þessum pósti einnig. Öll þau rök sem ég nefni í því bréfi ítreka ég og óska eftir tafarlausum svörum frá Reykjavíkurborg.

Ég fékk þau svör í fyrra að ég ætti að senda ábendingar mínar formlega í gegnum skipulagið. Ég gerði það formlega á þann hátt sem beðið var um í gegnum vef ykkar hjá Reykjavíkurborg ásamt því að senda öllum sem að þessu máli komu tölvupóst. Þetta á því allt að vera til ykkar í ykkar kerfi.

Ég er enn að bíða eftir svörum við erindinu mínu frá því fyrir ári síðan sem mér var lofað að myndi berast. Ég hef aldrei fengið nein svör nú heilu ári síðar.

Vinsamlega svarið mér hið allra fyrsta varðandi þessi áform.

Það er mín skoðun að það sé ekki ásættanlegt að ætla að setja grenndarstöð svona alveg ofan í híbýli manna (í okkar tilfelli nokkrum metrum frá svefnherbergisgluggum okkar i Stigahlíð 2) og læt hér fylgja aftur öll þau rök sem ég nefndi í bréfi mínu frá því í fyrra. Ég ítreka sérstaklega vísun mína í "55/2003: Lög um meðhöndlun úrgangs" og í 1. grein í 1. kafla um að markmið þessara laga sé að tryggja úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að skv lið a) að " ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna...." og lið b) að "ekki skapist óþægindi vegna hávaða....". 55/2003: Lög um meðhöndlun úrgangs | Lög | Alþingi (althingi.is)

Ef Reykjavíkurborg mun ákveða að halda þessari framkvæmd til streitu, þá mun ég leita til lögfræðings.

Hér að neðan er bréf mitt frá því 29/12/2022 með öllum röksemdum mínum fyrir því að ég mótmæli þessari framkvæmd.

kv. Tinna

"Við búum í Stigahlíð 2 og snýr svefnherbergi okkar að Miklubraut. Við höfum heyrt að í undirbúningi sé uppsetning á grenndargámum við Stigahlíð 2. Við fengum þessi áform staðfest í samtali við Jóhannes Héðinsson hjá Vogakletti. Við setjum mjög alvarlegar athugasemdir við staðsetningu þessara gáma og munum ekki geta sætt okkur við þessa framkvæmd.

Í fyrsta lagi er staðsetning þeirra furðu nálægt híbýlum okkar og nokkuð ljóst að mikið ónæði og hávaði muni fylgja þeirri umferð sem þessum gámum fylgja. Við teljum algerlega ljóst að svefnfrið okkar verði verulega raskað með þessum gámum.

Í öðru lagi erum við vön að nota gámana bæði við Eskihlíð og við Suðurver og sjáum að umgengnin og umsjón við þessa gáma hefur verið ábótavant og líkist umhverfi gámanna oftar en ekki sorphaugum. Við teljum því mikla sjónmengnum og sóðaskap muna hljótast af, beint við hlið svefnherbergisglugga hjá okkur.

Í þriðja lagi keyrum við þessa götu daglega og nokkuð ljóst að það að bílar stöðvi við þessa gáma muni skapa hættu. Hvergi er hægt að leggja bíl að eða við gám og beygjan sem kemur úr Bogahlíð er hálfgerð blindbeygja og skapar hættu ef bíll leggur úti á götu.

Í fjórða lagi er lítið um bílastæði hér í Stigahlíð (miðað við allan þann fjölda fólks sem býr í þessum enda Stigahlíðar) og er verið að fjarlægja nokkur þeirra með uppsetningu þessara gáma. Öll bílastæði eru vanalega fullnýtt hvern einasta dag hér og ekki um mörg stæði að velja fyrir þá sem munu ætla að nota grenndargámana. Enn fremur sjáum við fyrir okkur að þó nokkuð verði um það að fólk muni leggja í stæði sem fylgja Stigahlíð 2-4 og munum við ekki sætta okkur við það.

Í fimmta lagi virðist ekki vera að það hafi verið áætlað að setja grenndargáma á þessum stað. Þessi framkvæmd virðist heita “umbætur við grenndargáma” í yfirliti yfir framkvæmdir. Þarna hefur aldrei verið grenndarstöð og hefðum við með sanni sagt ekki fjárfest í íbúð þar sem svefnherbergi okkar væru alveg ofan í grenndargámastöð. Sjá reykjavik.is/framkvaemdir og svo er heldur ekkert inn á Hverfið mitt Hlíðar um þessa áætluðu framkvæmd. Okkur þykir því heldur komið aftan að okkur með þessa framkvæmd.

Í sjötta lagi viljum við vísa í "55/2003: Lög um meðhöndlun úrgangs" og í 1. grein í 1. kafla um að markmið þessara laga sé að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að skv. lið a) "að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna..." og lið b) "ekki skapist óþægindi vegna hávaða...." . 55/2003: Lög um meðhöndlun úrgangs | Lög | Alþingi (althingi.is)

Við mótmælum harðlega þessari áætlun að setja grenndargáma svona nokkrum metrum frá svefnherbergjum íbúa og munum illa sætta okkur við það og biðjum við um **tafarlaus viðbrögð frá réttum aðilum** þar sem verklok eru áætluð um áramót. **Við óskum eftir svari við þessum pósti hið allra fyrsta og myndum einnig gjarnan vilja panta viðtal hjá Birni Axelssyni, skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, vegna þessa máls.** "

kv. Tinna Gilbertsdóttir
s. 8583513

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Til viðbótar við umsögn mína (nr. 4 sem ég ritaði hér í skipulagsgáttina og birtist 21.12.2023) þar sem ég mótmælti og kom með athugasemdir við fyrirhugaða uppsetningu á grenndargámum við Stigahlíð 2-4 þá vil ég bæta inn annarri umsögn með frekari athugasemdum.

Ég hef rýnt í öll gögn sem hafa verið lögð fram varðandi tillögu að nýju hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi og þar er hvergi minnst á þessa framkvæmd.

Ég vísa í að í skjölunum "32. Hlíðahverfi - Almenn greinargerð og stefna", "32. Hlíðahverfi - skipulagsskilmálar", "BHL-03-Verklýsing hverfisskipulagsgerðar" og í "3.2. - Hlíðahverfi - hverfisskipulag" er hvergi minnst á fyrirhugaða framkvæmd að setja grenndargáma við Stigahlíð 2-4.

Enn fremur er hvergi að sjá að þessi framkvæmd sé fyrirhuguð inni á "framkvæmdasjá" Reykjavíkurborgar inni á *Framkvæmdir í Reykjavík | Reykjavik (https://reykjavik.is/framkvaemdir?%40kort=framkvaemdir&%40kort=framkvaemdir-fram&%40kort=malbikun&%40kort=malbikun-fram&%40kort=afnotaleyfi&%40kort=afnotaleyfi-fram)*. Þar er ekki minnst á þessa framkvæmd þegar hakað er við "framkvæmdir" í gangi eða framundan, þar er ekki minnst á þessa framkvæmd þegar hakað er við "malbikun og fræsing" sem sé framundan eða í gangi, og þar er ekki minnst á þessa framkvæmd þegar hakað er í "afnotaleyfi" framundan eða í gangi. Það er því ljóst að ekki er leyfi fyrir grenndarstöð við Stigahlíð 2-4.

Hvergi var minnst á þessa framkvæmd á íbúafundinum sem var haldinn á Kjarvalsstöðum þann 21.11.2023. Að auki er hún hvergi merkt inn á nein kort, þ.e. framkvæmdasjá, borgarsjá, deiliskipulag eða nokkuð annað.

Einungis er minnst á þessa áætlun undir *Mitt hverfi - Hlíðar | Reykjavik (https://reykjavik.is/hverfisskipulag/hlidar/mitt-hverfi-hlidar)* þar sem sagt er undir kaflanum um grenndarstöðvar að "stöð sem í dag er við Hamrahlíð/Stigahlíð mun verða færð til móts við Stigahlíð 2– 4".

Ég hef tekið saman yfirlit yfir þær 56 grenndarstöðvar sem eru í hverfum Reykjavíkur og bendi á að í nánast öllum tilfellum eru grenndarstöðvar ekki alveg ofan í íbúðahúsum. Þær er frekar að finna á hlutlausari reitum þar sem ekki hlýst truflun af fyrir íbúa. Ég óska þess að Reykjavíkurborg virði jafnræðisleglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna þegar að þessu kemur.

Uppbygging hverfisins hófst með byggingu hitaveitutanka á háhæðinni og dælustöð I norðurhlíðinni. Skömmu síðar risu þjónustubyggingar við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Fossvogskirkja og kapella. Hótel Natura (Loftleiðahótel og skrifstofur tengdar flugstarfsemi) byggðist á 7. áratug síðustu aldar. Dæmigerð hönnun sem endurspeglar byggingarlag þess tíma. Síðar var Heyrnleysingjaskólinn ásamt leikskóla byggður við Vesturhlíð. Upp úr síðustu aldamótum hófst uppbygging Háskólans í Reykjvík og mannvirkja í Nauthólsvík. Starfsemi tengd ferðaþjónustu hefur verið við Flugvallarveg s.l. áratugi, ásamt keiluhöllinni í gryfjum frá hernámstíma. Stór hluti lands fer undir kirkjugarða og útivistarsvæði. Uppbygging Valssvæðis á Hlíðarenda hefur staðið yfir með hléum allt frá stofnun félagsins á fjórða áratug síðustu aldar. Þar er lítil kapella.

í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

5.1.2 Afmörkun hverfis og skipting í hverfiseiningar



Mynd 5. 1. Öskjuhlíðarhverfi, hverfi 3.3.

Öskjuhlíðarhverfi afmarkast af Bústaðavegi og Suðurhlíð til norðausturs, Fossvogi/Nauthólsvík til suðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs og Hringbraut til norðurs.

	Magn
Stærð hverfis (ha)	*163 ha*
Stærð Öskjuhlíðar útivistarsvæðis (ha)	*um 55 ha*
Fjöldi íbúða	
Íbúafjöldi	
Börn á grunnskólaaldri	
Íbúar / íbúð	
Íbúar / ha	
Íbúðir /ha	

Íbúðaruppbygging er ekki hafin í hverfinu en samkvæmt AR 2010–2030 er áætluð bygging 800 íbúða sem mun væntanlega kalla á nýjan grunnskóla, ekki síst þar sem grunnskólar í næsta nágrenni eru þegar fullsetnir.

5.1.3 Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri og skipulagslegri stöðu



Mynd 5. 2. Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri, Öskjuhlíðarhverfi.

6. Deiliskipulag byggðar

Hlíðarendi.

Háskólinn í Reykjavík, háskólagarðar.

5.1.3.1 Samfélag

Öskjuhlíðarhverfi er framtíðaruppbyggingarsvæði borgarhlutans. Þar mun rísa blönduð byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og útivistarsvæði verða styrkt.

Áhersluatriði varðandi samfélagslega þætti í hverfisskipulagi:

- Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldurssamsetning.
- Íbúaþéttleiki.
- Skólahverfið.
- Húsnæði fyrir alla.
- Atvinna / störf.
- Framboð verslunar og þjónustu.
- Framboð á matvöruverslunum.
- Öryggi og heilsa.
- Þátttaka íbúa.

5.1.3.2 Gæði byggðar

Áhersluatriði er varðar gæði byggðar í hverfisskipulagi:

- Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur.
- Byggðamynstur.
- Göngufjarlægðir (gönguhæfni).
- Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur).
- Almenningsrými.
- Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun).
- Gróðurþekja.
- Borgarbúskapur.
- Hönnun og arkitektúr.
- Staðarandi.

Gæði byggðar felast að stórum hluta í því hvernig rýmið milli bygginganna er, þe. götur og almenningsrými.

Til að auka gæði byggðar í hverfinu er mikil áhersla lögð á götur og almenningsrými. Borgarvæðing stofn- og tengibrauta gegnir þar mikilvægu hlutverki, jafnframt sem götur verði endurhannaðar með það að markmiði að gera þær fallegri og draga úr umferðarhraða.

Almenningsrými og græn svæði



Mynd 5. 3. Almenningsrými, græn svæði og strandsvæði.

Stór útivistarsvæði, kirkjugarður og strandsvæði einkenna Öskjuhlíðarhverfi.

5.1.3.3 Samgöngur

Í hverfisskipulagi er áhersla lögð á hjólandi umferð, strætó, tengingar við aðliggjandi svæði, Öskjuhlíðargöng og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Hjólandi umferð

Í Öskjuhlíðahverfi eru skilgreindar hjólaleiðir. Í hverfisskipulagi verður lagt mat á þörf þess að afmarka hjólaleiðir í hverfinu, þar sem er blönduð umferð. Uppbygging annarra stíga verður útfærð í sérstöku skipulagi Öskjuhlíðar. Flokkar sem litið er til eru skv. hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar:

- Sérstakar hjólabrautir: Ekki er gert ráð fyrir sérstökum hjólabrautum í hverfinu.
- Hjólareinar: Í dag er hjólabraut/göngustígur meðfram Nauthólsvegi og Flugvallavegi, gert er ráð fyrir að svo verði áfram.
- Einfaldar hjólamerkingar: Ekki er gert ráð fyrir að merkja aðrar leiðir.

Strætó

Strætósamgöngur eru þokkalegar í hverfinu og liggja strætóleiðir í jaðri þess. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort auka þurfi þjónustu Strætó með uppbyggingu hverfisins. Í skipulagsvinnu verður lagt mat á hvar væri æskilegt að staðsetja biðstöðvar.

Tengingar við aðliggjandi svæði

Hverfið er afmarkað í borgarhlutanum af Bústaðavegi. Í hverfisskipulaginu verður litið til mögulegra aðgerða til að bæta tengingar hverfisins. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort annars konar útfærsla henti betur s.s. göngubrýr og hvort staðsetning núverandi tenginga séu ákjósanlegastar.

Öskjuhlíðargöng

Í hverfisskipulaginu verður litið til mögulegra Öskjuhlíðarganga, á þann hátt að gert verði ráð fyrir ákveðnu helgunarsvæði umhverfis gangamunna.

5.1.3.4 Vistkerfi og minjar

Í hverfisskipulagi er lögð áhersla á verndarsvæði, jarðmyndanir og strandlengjuna, ofanvatn og menningarminjar.

Verndarsvæði

Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og hverfisvernduð og Fossvogsbakkar eru friðlýstir. Tekið verður tillit til sérstöðu þessara svæða varðandi jarðfræði , gróður og landslag við skipulag hverfisins.

Jarðmyndanir og strandlengjan

Við skipulagningu verður tekið tillit til þeirra svæða þar sem grágrýtisklappir og/eða hvalbök eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Strandsvæði Fossvogs sem er einn mesti náttúruauður hverfisins fær að haldast óbreytt.

Ofanvatn

Almennt er talið ákjósanlegast að ofanvatn hripi niður í jarðveginn og skili sér þannig í náttúrulega hringrás vatnsins í stað þess að því sé veitt um fráveitu til sjávar. Mjög hátt hlutfall hverfisins hefur yfirborð sem er gegndræpt og þar gegnir Öskjuhlíðin mikilvægu hlutverki. Leitað verður leiða í skipulagi hverfisins að ganga ekki á gegndræpt yfirborð. Ef gengið verður á gegndræpt yfirborð þarf að huga að mögulegum ofanvatnslausnum.

Menningarminjar

Nokkur hús og mannvirki í hverfinu hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og verður leitast við undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu. Þarna er t.d. átt við herminjar í Öskjuhlíð. Menningarminjar fá sérstakan sess í skipulaginu og verða áætlanir ekki þess eðlis að þeim verði stefnt í hættu.

5.1.3.5 Orka og auðlindir

Í hverfisskipulaginu verður lögð áhersla á að vernda skóg í Öskjuhlíð, leggja fram stefnu um orku- og vatnsnotkun í nýrri byggð og stuðla að árangursríkri úrgangsstjórnun.

Skógur í Öskjuhlíð

Almennt verður litið til nýs skipulags fyrir Öskjuhlíð. Í hverfisskipulagi verður þó lögð áhersla á að uppbygging í hverfinu verði ekki til þess að fella tré eða skóg í þeim mæli að kolefnisforði tapist. Áhersla í skipulagsvinnu verður lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á skóginn.

Orku- og vatnsnotkun

Í hverfisskipulaginu verða lagðar fram áherslur og leiðarljós við uppbyggingu nýrrar byggðar sem taki mið af því að stuðla að bættri orku- og vatnsnýtingu.

Úrgangsstjórnun

Í hverfisskipulaginu verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir endurvinnslugáma og mögulegar flokkunarstöðvar fyrir nýja byggð. Við staðsetningu slíkra stöðva verði litið til vegalengda og mögulegra grenndaráhrifa.

5.1.3.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

5.1.3.7 Náttúruvá

Öskjuhlíð stendur hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Strandlengjan meðfram hlíðinni er ekki byggð og því ekki beint hægt að tala um hættu af hækkun sjávar. Miðað við 6 m flóð með 100 ára endurkomutíma gengur sjór inn yfir Nauthólsvíkina og á þriðja tug metra inn á land. Taka þarf mið af þeirri hættu við skipulagningu hverfisins. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Áætlanir í hverfisskipulagi koma ekki til með að auka á hættu af náttúrvá.

5.1.3.8 Aðrar áherslur

5.1.3.9 Þróunarsvæði



Mynd 5. 4. Þróunarsvæði í Öskjuhlíðarhverfi 3.3.

Aðalskipulag skilgreinir eftirfarandi svæði sem þróunarsvæði í Öskjuhlíðarhverfi:

Þ28. Hlíðarendi. Blönduð byggð.

Þ29. Háskólinn í Reykjavík. Miðsvæði með áherslu á skrifstofur og stofnanir.

5.1.3.10 Athugunarsvæði



Mynd 5. 5. Þróunarsvæði og hugmyndir að athugunarsvæðum í Öskjuhlíðarhverfi 3.3.

8. Flugvallarvegur – Miðsvæði. Opnu svæði breytt í miðsvæði. Athafnastarfsemi nú þegar á reitnum. Vestasti hluti svæðisins (sem lagi sig að Snorrabrautarási) byggist upp með 3ja–4ra hæða byggð blandaðrar landnotkunar. Íbúðir á efri hæðum (u.þ.b. 200 íbúðir). Svæðið samtengi Hlíðarenda og HR svæði. Styrkir bakland fyrir nýjan grunnskóla í nýju Öskjuhlíðarhverfi.

9. Öskjuhlíð – Opið svæði. Skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulagi. Uppbygging í tengslum við útivistarsvæði Öskjuhlíðar. Notkun Perlu í almannaþágu.

10. Nauthólsvík – Strandsvæði. Skilgreint einnig í Aðalskipulagi. Frekari uppbygging á íþrótta- og útivistarsvæði Nauthólsvíkur. Skoða m.a. sérstaklega m.t.t. hugsanlegrar tengingar um brú suður í Kópavog.

11. Hótel Reykjavík Natura/Loftleiðir – Vestan Nauthólsvegar/Flugvallarvegar. Miðsvæði - Svæði sem bætist við borgarhlutann við afmörkun Reykjavíkurflugvallar í deiliskipulagi.



Mynd 5. 6. Borgargötur og athugunarsvæði.

Í AR2010–2030 eru settar fram tillögur um að eftirfarandi götur verði borgar-/aðalgötur:

- **BA2** Snorrabraut, ný gata í beinu framhaldi af núverandi götu.

Hugmyndir að athugun á nýjum aðal- og borgargötum.

Í Aðalskipulaginu eru sett fram hugtökin borgargata og aðalgata um götur sem gegna margþættu hlutverki í borgarlandslaginu. (bls 166 AR2010–2030). Borgar-/aðalgötur eru skilgreindar sem þróunarsvæði Þ38 í Aðalskipulagi.

2. Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur

Endurskoðun mislægra gatnamóta Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur til samræmis við stefnu Aðalskipulags um borgarvæðingu stofn- og tengibrauta og uppbyggingu í Vatnsmýri.

5.1.4 Fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir



Mynd 5. 7 Deiliskipulag í gildi (ljósblá svæði), skilmálar og heimildir, breytingar á heimildum (rauðstrikuð svæði).

Skipulagsleg staða – Greining á núverandi skilmálum og heimildum fyrir hvert deiliskipulag sem er í gildi.				
Staðgreinir (nr.)	Heiti á deiliskipulagi/ uppdráttum/skilmálum	Samþykkt í borgarráði eða borgarstjórn	Dags. breytingar	Fylgir skilmálahefti? Fjöldi uppdrátta? Annað ?
3.3	**Öskjuhlíðarhverfi**			
165	**Öskjuhlíð**			
	Öskjuhlíð, heildarskipulag	1.6.1999		Deiliskipulagsuppdráttur með skýringartáknum, skilmálar í sérstöku hefti.
	Öskjuhlíð – deiliskipulag, ný lóðarmörk		8.11.2006	Gildandi deiliskipulag frá 1998 ?(er það 1999?). Lóðarmörk skilgreind. Varmahlíð 1 Perlan. Bústaðarvegur 18 dæluhús. Bústaðarvegur 20 bensínstöð.
	Öskjuhlíð, Leynimýri	1.8.1985		Úthlutunarskilmálar Valdís og Gunnar, vinnustofan Þverá. Uppdrátt og skilmála vantar.
	Öskjuhlíð, Leynimýri		16.7.2004	Lóð fyrir duftreit stækkuð, minniháttar breytingar á gerð og legu stíga. Uppdráttur með skilmálum.
	Stofnstígur Öskjuhlíð		12.11.2009	Breyting á deiliskipulagi frá 1998. Uppdráttur með skilmálum.
	Ásatrúarfélag		18.1.2008	Breyting á deiliskipulagi frá 1998. Uppdráttur með skilmálum.
	Öskjuhlíð Keiluhöll	27.2.2001		Deiliskipulag samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 1. júní 1999, breytt 27.02.2001. Uppdrátt og skilmála vantar.

1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		14.3.2012	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		23.11.2011	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Keiluhöllin		14.2.2007	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Flugvallarvegur 1		21.12.2005	Breyting á deiliskipulagi, bensínstöð við Flugvallarveg. Uppdráttur með skilmálum, skýringaruppdráttur.
1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		7.10.2004	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
184	**Leynimýri / Vesturhlíð**			
	Vesturhlíð 1		1.7.2011	Breyting á lóðarmörkum, byggingarreitur fyrir færanlegar stofur. Uppdráttur með skilmálum. Breyting á skipulagi frá 23.12.1997.
	Vesturhlíð /Leynimýri		18.11.1986	Lóð fyrir líkkistuvinnustofu og íbúðarhús. Rammaskilmálar ágúst 1985 og afstöðumynd.
197	**Hlíðarendi**			
	Hlíðarendi, Valur		23.9.2010	Breyting á deiliskipulagi 20.09.2007. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndir, þrívíddarmyndir, skuggavarp.
	Hlíðarendi, Valur		5.2.2008	Breyting á deiliskipulagi 3.2.2005.
	Hlíðarendi, Valur	3.2.2005		Deiliskipulag, uppbygging íþróttaðstöðu, atvinnu- og íbúðarbyggð.
	Hringbraut, færsla			
	Hringbraut, færsla	21.10.2003		Uppdráttur með skilmálum.
			13.12.2012	Fleiri breytingauppdrættir.
			4.4.2006	
	Háskólinn í Reykjavík			
	Háskólinn í Reykjavík	14.6.2007		Einn uppdráttur með skilmálum.
			21.11.2008	Tveir breytingauppdrættir með skilmálum. Skipulagsmörk til suðurs færð að lóðarmörkum, heimild fyrir kjallara.
			24.10.2007	
	Nauthólsvík			
	Nauthólsvík	6.10.1998		Einn uppdráttur með skilmálum.
	Nauthólsvík		23.7.2013	Fleiri breytingauppdrættir með skilmálum.
	Nauthólsvík		8.5.2013	
	Nauthólsvík		21.11.2008	
	Nauthólsvík		6.7.2008	
	Nauthólsvík, veitingaskáli		5.1.2006	
	Nauthólsvík		21.1.2004	
	Nauthólsvík		3.6.2003	

5.1.4.1 Mæliblöð

5.2 Matslýsing sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Notast er við gátlista við mat á visthæfni byggðar. Gátlistinn er fylgiskjal númer 1. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er fjallað um Öskjuhlíðarhverfi.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006 er kveðið á um að hafa þurfi samráð við skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Mat á umhverfisþáttum er hér sett fram sem hluti af almennri lýsingu fyrir gerð hverfisskipulags.

Ákveðið var að vinna mat á umhverfisþáttum sem hluta af grunnvinnu fyrir hverfisskipulagsgerðina þrátt fyrir að ekki sé lögformlega skylt að gera matslýsingu og umhverfismat fyrir áætlunina þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Stefnumið og aðferðir við umhverfismat

Nálgun skipulagsvinnu og matsvinnu er að gera yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar (sjá fylgiskjal 1) og stefnu borgaryfirvalda um skipulag vistvænna hverfa sem sett er fram í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og öðru því sem viðkemur skipulagi borgarhlutans og stöðu hans innan borgarinnar. Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

- Samfélag.
- Gæði byggðar.
- Samgöngur.
- Vistkerfi og minjar.
- Orka og auðlindir.
- Mannvirki.
- Náttúruvá.

5.2.1 Grunnástand

5.2.1.1 Samfélag

5.2.1.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Hverfið hefur þá sérstöðu að þar eru engir íbúar og því eiga margir þættir gátlistans ekki við.

5.2.1.1.2 Íbúaþéttleiki

Á ekki við.

5.2.1.1.3 Skólahverfið

Barnaskóli Hjallastefnunnar, Brúarskóli og leikskólinn Sólborg eru í hverfinu. Götur framan við skólana eru með 50–60 km hámarkshraða en framan við tvo fyrrnefndu skólana eru hraðahindranir. Ekki virðist gert sérstaklega ráð fyrir því að fólk komi gangandi eða hjólandi að skólunum.

5.2.1.1.4 Húsnæði fyrir alla

Á ekki við.

5.2.1.1.5 Atvinna / störf

Töluverð atvinnustarfsemi er í hverfinu, m.a. við Flugvallarveg, í HR, við Hótel Natura og á Hlíðarenda. Stefnt er að frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis m.a. á Hlíðarenda og á HR svæði.

5.2.1.1.6 Framboð verslunar og þjónustu

Bensínstöð, bílaleiga, þjónustufyrirtæki ofl.

5.2.1.1.7 Framboð á matvöruverslunum

Á ekki við.

5.2.1.1.8 Öryggi og heilsa

Fjölmargir stígar liggja um Öskjuhlíð og meðfram ströndinni. Aðstaða til sjóbaða er í Nauthólsvík. Aðalstígar í Öskjuhlíð eru upplýstir. Sumir álíta að Öskjuhlíð sé ekki öruggur staður vegna utangarðsfólks sem sækir þangað.

5.2.1.1.9 Þátttaka íbúa

Á ekki við.

5.2.1.1.10 Samfélag, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Hverfið er vel fallið til útivistar og íþróttaiðkunar sem eflir heilsu og vellíðan. Fyrirhuguð uppbygging í borgarumhverfi.	Öskjuhlíðin þykir af mörgum óöruggur staður. Afskipt svæði að hluta til í vestri.
Tækifæri	**Ógnanir**
Gera Öskjuhlíðina öruggari og snyrtilegri svo fólk geti notið gönguferða í skóginum. Styrkja hverfið enn frekar með uppbyggingu sem gefur bakland fyrir nýjan grunnskóla og tengir það betur Hlíðahverfi og miðborgarhluta.	Hugsanlega örðugt að uppræta ásókn utangarðsfólks í hlíðina. Of mikil uppbygging við útivistarsvæði og náttúru.

5.2.1.2 Gæði byggðar

5.2.1.2.1 Tilurð byggðarinnar, saga og menningararfur

Hverfið var notað snemma af bændum til skógtekju og selstöðu en varð vinsælt útivistarsvæði á 19. öld. Grjótnám var tekið úr Öskjuhlíð til húsagerðar á 19. öld og síðar til hafnargerðar og vegna flugvallar. Hitaveitugeymir var reistur á hæðinni 1940, fleiri bættust svo við og að lokum Perlan og núverandi geymar. Erfðafestubýli var á Hlíðarenda, þar voru íbúðarhús, fjós og hlaða og stendur hluti býlisins enn. Íþróttafélagið Valur hóf sína starfsemi á Hlíðarenda árið 1939. Herinn tók Öskjuhlíð og Vatnsmýri til afnota í seinni heimsstyrjöld og byggði fjölmörg mannvirki sem sum standa enn.

5.2.1.2.2 Byggðarmynstur

Á ekki við.

5.2.1.2.3 Göngufjarlægðir (gönguhæfni)

Á ekki við.

5.2.1.2.4 Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)

Í Aðalskipulagi er gert ráð fyrir svokölluðum Snorrabrautarás; þ.e. að Snorrabraut framlengist til suðurs að strönd í vesturhlíðarfæti Öskjuhlíðar.

5.2.1.2.5 Almenningsrými

Gert er ráð fyrir hjólandi vegfarendum við HR og ylströndina í Nauthólsvík. Við aðrar stofnanir eða fyrirtæki er ekki sértaklega gert ráð fyrir hjólreiðafólki.

5.2.1.2.6 Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun)

Skjólsælt er við Öskjuhlíðina vegna mikils trjágróðurs. Sól- og sjóböð eru vinsæl við Ylströndina í Nauthólsvík.

5.2.1.2.7 Gróðurþekja

Hverfið hefur grænt yfirbragð, gróður innan lóða er töluverður og þroskaður, hlutfall opinna svæða er hátt og gróðurþekjuhlutfall mikið miðað við Reykjavík í heild. Gegndræpi svæðis er milli 41–60% sem gefur vísbendingu um hátt hlutfall opinna svæða og þar með gróðurþekju.

5.2.1.2.8 Borgarbúskapur

Engin svæði eru fyrir borgarbúskap er í hverfinu.

5.2.1.2.9 Hönnun og arkitektúr

Þær fáu byggingar sem eru í hverfinu eru einkennandi fyrir svæðið og kennileiti þar. Perlan á toppi Öskjuhlíðar, Fossvogskirkja og Fossvogskapella, Hótel Natura (Loftleiðir), baðhús á ylströnd, veitingahús í Nauthólsvík, braggar og önnur mannvirki eða mannvirkjaleifar frá hernámsárunum og Hlíðarendi 2–6, íþróttamannvirki og Friðrikskapella sem tengjast búsetu- og íþróttasögu hverfisins.

5.2.1.2.10 Staðarandi

Við uppbyggingu hefur verið tekið tillit til Perlunnar en nokkuð hefur verið þrengt að bröggum og öðrum mannvirkjum frá hernámsárunum. Erfðafestubýlið að Hlíðarenda 2–6 gefur svip liðinnar tíðar. Fyrr á tíð, þ.e. áður en framkvæmdir hófust við Miklubraut og Miklatorg, lá Laufásvegur alla leið austur að gamla Hafnarfjarðarvegi (Skógarhlíð) og má sjá þess nokkrar minjar.

5.2.1.2.11 Gæði byggðar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Gróðursælt.	Nýjum byggingum hafa fylgt umfangsmikil bílastæði.
Tækifæri	**Ógnanir**
Koma upp aðstöðu fyrir borgarbúskap. Byggja upp að vestan og norðanverðu og styrkja þá byggð sem þegar er samþykkt á svæðinu. Suðurhlíðar verði hluti hverfisins.	

5.2.1.3 Samgöngur

5.2.1.3.1 Almenningssamgöngur

Leið 19 gengur frá Háskólanum í Reykjavík að Lækjartorgi og austur í bæ. Næsta biðstöð er við Hótel Natura og telst fjarlægðin þar á milli ásættanleg.

5.2.1.3.2 Bílastæðakvaðir

Hlutfall bílastæða á fermetra atvinnuhúsnæðis er mjög hátt í þessu hverfi. Stærstu bílastæðin eru við HR og Perluna og er innheimt bílastæðagjald af því fyrrnefnda að hluta til.

5.2.1.3.3 Hjólreiðar

Það er misjafnt hversu vel gert er ráð fyrir hjólastæðum við byggingar í hverfinu en fjölmörg hjólastæði eru við HR og við ylströndina. Stofnstígur liggur í gegnum hverfið og tengir austurhluta borgarinnar og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu við miðborgina og vesturbæ.

5.2.1.3.4 Samgöngur, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Góð tenging fyrir hjólreiðafólk milli borgarhluta.	Tengingu á milli efra svæðis í Öskjuhlíð og neðra svæðis (ylströnd) vantar.
Tækifæri	**Ógnanir**
Opna leið á milli efra og neðra svæðis svo svæðið nýtist sem ein heild.	

5.2.1.4 Vistkerfi og minjar

5.2.1.4.1 Landfræðileg lega og staðhættir

Einkenni landslags er brött, stórgrýtt, klettótt og skógi vaxin hlíð með fremur ávölum toppi. Hæst 61 m.y.s. Sléttlendi er undir hlíðinni til vesturs, norðurs og austurs. Afmörkuð af strandlengju Fossvogs til suðurs.

5.2.1.4.2 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Hverfisverndarsvæði í Öskjuhlíð h3 verður varðveitt með sérstöku skipulagi svæðisins. Öskjuhlíð er einnig á náttúruminjaskrá. Duftgarður er nú í Leynimýri. Ekki er ljóst hvort votlendisgróður hefur verið varðveittur. Fossvogsbakkar eru friðlýst náttúruvætti síðan 1999.

5.2.1.4.3 Náttúrufar og lífríki

Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og er jafnframt hverfisvernduð. Fossvogsbakkar njóta verndar sem friðlýst náttúruvætti. Hverfið er vel gróið, hlíðin er skógi vaxin en á láglendi er graslendi ríkjandi og mólendi er víða inni á milli í skóginum. Skógurinn er tilkominn með skipulagðri ræktun upp úr 1950. Votlendi hefur mest allt verið þurrkað upp en syðst í Leynimýri er nokkur væta eftir. Ríkulegt fuglalíf er í Öskjuhlíð og fjöru Fossvogs.

5.2.1.4.4 Jarðfræði og jarðmyndanir

Öskjuhlíðin er jökulsorfið grágrýti og má sjá jökulrákaðar klappir og hvalbök við Nauthólsvík. Fossvogslögin (Fossvogsbakkar) eru lög sjávarsets sem urðu til þegar jökull hopaði fyrir um

10.000 árum. Minjar um fjörumörk í 43 m hæð í Öskjuhlíð sjást í fjörugrjóti við norðvesturhorn kirkjugarðsins.

5.2.1.4.5 Strandlengja

Óröskuð fjara er frá Nauthólsvík og til austurs inn Fossvog.

5.2.1.4.6 Ár og vötn

Á ekki við.

5.2.1.4.7 Vatnsverndarsvæði

Á ekki við.

5.2.1.4.8 Ofanvatn

Svo til allt svæðið er gegndræpt og því getur ofanvatn sameinast náttúrulegum ferlum í stað þess að fara um fráveitu til sjávar.

5.2.1.4.9 Borgarvernd og menningarminjar

Samkvæmt húsakönnun er lagt til að vernda Fossvogskirkju, Perluna, Hlíðarenda 2–6, bragga við Flugvallarveg og minjar við Nauthólsvík frá seinni heimsstyrjöld.

5.2.1.4.10 Vistkerfi og minjar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Tækifæri til að upplifa fjölbreytta náttúru og landslag.	Minjar frá hernámsárum eru í slæmu ásigkomulagi.
Tækifæri	**Ógnanir**
Gera herminjum hærra undir höfði og gefa fólki tækifæri á að fræðast um það tímabil á staðnum.	Yfirvofandi grisjun skógarins vegna flugöryggis. Þróun byggðar.

5.2.1.5 Orka og auðlindir

5.2.1.5.1 Orkunotkun

Eitt stæði er við HR þar sem hægt er að hlaða rafmagnsbíla.

Tvær bensínstöðvar eru í hverfinu.

5.2.1.5.2 Vatnsnotkun

Á ekki við.

5.2.1.5.3 Úrgangsstjórnun

Á ekki við.

5.2.1.5.4 Land

Á ekki við.

5.2.1.5.5 Kolefnisbinding

Skógurinn í Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarði leggja sitt af mörkum til kolefnisbindingar en við framræslu mýra vegna byggingaframkvæmda tapast kolefnisforði.

5.2.1.5.6 Orka og auðlindir, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Mikill trjágróður bindur kolefni úr andrúmsloftinu.	Framræsla mýra.
Tækifæri	**Ógnanir**

5.2.1.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

5.2.1.7 Náttúruvá

5.2.1.7.1 Ofanflóð

5.2.1.7.2 Flóðahætta

Engin hætta.

5.2.1.7.3 Hækkun sjávarstöðu

Mannvirki standa í nokkurri fjarlægð frá sjó svo að hætta af sjávarflóðum er lítil.

5.2.1.7.4 Sprungusvæði, jarðhræringar

Náttúruvá er ekki meiri í þessu hverfi en annars staðar í Reykjavík.

5.2.1.7.5 Náttúruvá, samantekt

Styrkleikar	Veikleikar
Náttúruvá er lítil í þessu hverfi.	
Tækifæri	**Ógnanir**

Heimildir:

Byggðakönnun Borgarhluti 3 Hlíðar. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík. 2013.

Öskjuhlíð. Náttúra og saga. Árbæjarsafn og Borgarskipulag Reykjavíkur, Reykjavík.

6 Kynning og samráð

Gerð verklýsingar, matslýsingar og tillögu að hverfisskipulagi er og verður unnið í nánu samráði við eftirtalda aðila:

A. Íbúa og hagsmunaaðila í hverfum borgarinnar.
B. Einingar og svið Reykjavíkurborgar sem hverfisskipulagið snertir.
C. Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Samráðinu er sérstaklega ætlað að gefa þessum aðilum rödd í skipulagsferlinu samhliða því sem leitað er eftir góðum hugmyndum sem stuðlað geta að betra og vistvænna hverfisskipulagi.

Beitt verður nokkrum aðferðum við kynningar og samráð sem lýst er hér á eftir. Samráð tekur mið af fyrra samráði sem borgaryfirvöld hafa átt við íbúa og hagsmunaaðila, bæði við gerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og vinnu við 1. áfanga hverfisskipulagsins sem lauk á vormánuðum 2014. Þess bera að geta að á fyrri stigum var samráð opið og leitað var eftir hugmyndum íbúa og hagsmunaaðila um margvísleg málefni í borginni. Hugmyndum sem komu fram var haldið til haga í samantektum frá samráðsfundum og í greinargerðum sem skipulagsráðgjafar skiluðu til verkkaupa. Helstu niðurstöðum úr þessu samráði er komið á framfæri m.a. í þessari verklýsingu..

Skipulag samráðsins eftir að endurskoðun verklýsingar lýkur og vinna við tillögugerð hefst tekur mið af 10 mánaða tímaramma en myndin fyrir neðan sýnir þessa samráðsaðferð og þá aðila sem haft verður samráð við sbr. upptalninguna fyrir framan.



Mynd 6. 1. Mynd sem sýnir skipulag samráðsins. Hvernig samráðið er í upphafi opið en þrengist eftir því sem á líður.

6.1 Yfirlit og helstu áherslur

6.1.1 Samráð við Íbúa og hagsmunaðila í borgarhlutum.

Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í einstökum borgarhlutum verður framkvæmt með mismunandi aðferðum. Það er gert til að draga fram sem fjölbreyttastar skoðanir og gefa sem flestum hópum færi á að koma sínum sjónarmiðum sem snerta hverfisskipulagið á framfæri. Samráð verður haft við eftirfarandi aðila í hverfunum:

1. Hverfisráð

Mikilvægur samstarfsaðili við gerð hverfisskipulags er hverfisráð viðkomandi borgarhluta. Því verður miðlun upplýsinga og samráði beint í gegnum hverfisráðið enda er það skilgreindur samráðsvettvangur íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda. Þegar ráðgjafar hafa lagt fram hugmyndir/tillögur og þær hafa verið samþykktar af verkkaupa verða þær fyrst kynntar hverfisráðinu í borgarhlutanum.

2. Rýnihópur

Næsta þrep í samráði við íbúa er svokallaður rýnihópur íbúa, sem er sérvalinn rýnihópur og er ætlað að gefa þverskurð af sjónarmiðum íbúa í borgarhlutanum.

Mikilvægt er að vanda til þess hvernig þátttakendur í rýnihóp eru valdir. Beitt verður aðferðum félagsvísindanna og valið framkvæmt af óháðum aðilum til að tryggja að markmið um þverskurð og gagnsæi náist. Miðað er við að rýnihópur komi úr hverju hverfi og verður valið í þá með slembiúrtaki til þess að til verði þverskurður af íbúum hvað varðar aldur, kyn, þjóðerni, búsetu og önnur atriði sem skipta máli.

Vinnu rýnihóps verður þannig háttað að eftir að hverfisráð hefur fengið tillögur ráðgjafa um stefnumótun – framtíðarsýn til umsagnar hefja rýnihópar störf. Rýnihóparnir verða beðnir að svara ákveðnum spurningum er varða þær hugmyndir sem fram eru komnar.

Framkvæmd rýnihóps er í höndum sérfræðinga, sem skila mun verkefnisstjóra hverfisskipulags niðurstöðum eftir að rýnihópar í hverjum borgarhluta ljúka störfum. Þessum niðurstöðum verður komið á framfæri við ráðgjafa og þær notaðar til að þróa áfram tillögur að hverfisskipulagi.

3. Sérfræðingahópur úr borgarhlutanum

Sérfræðingar (eldhugar) í borgarhlutanum er hópur einstaklinga og/eða fulltrúar félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana með aðsetur í borgarhlutanum og sérstaka þekkingu og áhuga á málefnum síns hverfis sem vilja hafa áhrif á mótun þess. Miðað er við að þessi hópur starfi allan verktímann enda verður reglulega leitað álits hjá honum um málefni hverfisskipulagsins.

Leitað verður eftir fulltrúum í þennan hóp hjá eftirfarandi aðilum:

- Hverfisráði.
- Íbúasamtökum.
- Íþróttafélögum í borgarhlutanum.
- Foreldrafélögum í skólum í borgarhlutanum.
- Fyrirtækjum í borgarhlutanum.
- Þjónustustofnunum í borgarhlutanum.

Hugmyndir um stefnumótun – framtíðarsýn fyrir borgarhlutann og hverfin verða lagðar fyrir þessa hópa samhliða því sem rýnihópur verður spurður álits. Miðað er við að sérfræðingar verkkaupa hitti eldhuga á verktímanum.

4. Verkefni í grunnskólum í hverfunum

Leitað verður til allra skóla í viðkomandi borgarhluta um þátttöku í samráði á grundvelli aðferðarfræði sem kennd er við „Planning for Real" og þýdd hefur verið sem SKAPANDI SAMRÁÐ. Þessi aðferð byggir á því að fá alla íbúa á öllum aldri í viðkomandi hverfi til þess að byggja líkan af sínu nærumhverfi og koma sjónarmiðum um úrbætur á framfæri í kringum vinnu með slíkt líkan. Þessi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri í Bretlandi við skipulag nærumhverfis.

Framkvæmd SKAPANDI SAMRÁÐS í hverfisskólum

Hópar úr 5., 6. og/eða 7. bekk í hverfisskólanum fá það verkefni að byggja líkan af sínu hverfi í fyrirfram ákveðnum mælikvarða. Miðað er við að líkanið verði úr léttum efnum á kortagrunni sem hverfisskipulagið útvegar. Skipulagsráðgjafar og starfsmenn hverfisskipulagsins munu taka þátt í verkefninu og leiðbeina nemendum og kennurum sem taka þátt í verkefninu. Útgangspunktur vinnunnar eru hugmyndir um stefnumótun – framtíðarsýn sem ráðgjafar hafa unnið á grundvelli þessarar verklýsingar.

Miðað er við að þessi vinna taki um tvær vikur. Á tímabilinu verður boðið til vinnustofu þar sem foreldrar og aðrir íbúar eru hvattir til að mæta og koma sínum sjónarmiðum um stefnumótun – framtíðarsýn á framfæri. Þeir verða líka hvattir til að koma skoðunum sínum um önnur þörf verkefni í hverfinu á framfæri. Hluti af aðferðarfræði SKAPANDI SAMRÁÐS er að gefa íbúum (skólabörnum, foreldrum og öðrum) tækifæri á að forgangsraða hugmyndum og kjósa um þær hugmyndir sem taldar eru bestar. Kosningin verður framkvæmd í umræddum vinnustofum.

Samhliða vinnustofum í hverfinu verður yngri og eldri nemendum kynntar hugmyndir að stefnumótun – framtíðarsýn og þeir hvattir til umræðu um mótun nærumhverfisins.

Í lok þessa tveggja vikna vinnuferils verður boðað til íbúafundar, sjá lýsingu hér fyrir neðan undir lið 6.

5. Samkeppni um besta myndbandið úr hverfinu.

Samhliða SKAPANDI SAMRÁÐI verður nemendum í 8. til 10. bekk boðið að taka þátt í samkeppni um besta myndbandið um aðstæður í hverfinu. Skipuð verður sérstök dómnefnd og bestu myndböndin valin og veitt verðlaun við hæfi fyrir besta myndbandið. Einnig verða verðlaunamyndbönd gerð aðgengileg á vef hverfisskipulagsins og á Facebook-síðu þess. Nánari lýsing á fyrirkomulagi þessarar samkeppni verður kynnt síðar.

6. Íbúafundir

Haldnir verða nokkrir íbúafundir á vinnslutíma hverfisskipulagsins á vegum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

A. <u>Íbúafundir í lok SKAPANDI SAMRÁÐS verkefna</u>

Í lok SKAPANDI SAMRÁÐS verður boðað til íbúafundar í viðkomandi hverfisskóla, þar sem hugmyndir sem fram hafa komið í þessu vinnuferli verða ræddar í samhengi við hugmyndir ráðgjafa um stefnumótun – framtíðarsýn. Miðað er við að þrír til fjórir slíkir fundir verði haldnir í hverjum borgarhluta.

B. Íbúafundir eftir úrvinnslu á niðurstöðum SKAPANDI SAMRÁÐS verkefna

Þegar ráðgjafar og verkefnisstjórar verða búnir að vinna úr ábendingum og hugmyndum frá SKAPANDI SAMRÁÐI verður boðað til sameiginlegs íbúafundar í borgarhlutanum. Fundurinn verður auglýstur í hverfisblöðum og fjölmiðlum og hefur það hlutverk að miðla upplýsingum og taka á móti ábendingum á þessu stigi skipulagsvinnunnar.

C. Íbúafundir þegar á líður ferlið

Þegar vinna við tillögu að hverfisskipulagi verður komin lengra verður boðað til kynningarfundar í borgarhlutanum til að miðla upplýsingum um stöðu vinnunnar sem nú fer að nálgast verklok.

D. Kynningar fyrir minnihlutahópa

Skipulagðar verða sérstakar kynningar fyrir minnihlutahópa sem að öllu jöfnu fara á mis við hefðbundna íbúafundi. Hér er horft til a) nýbúa, b) fatlaðra og c) aldraðra. Þessi kynning verður í tengslum við vinnu í SKAPANDI SAMRÁÐI.

Miðað er við að verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa haldi fundi með þessum hópum í samstarfi við mannréttindastofu borgarinnar og þjónustumiðstöð í borgarhlutanum.

7. Viðvera í hverfum

Til að ná til sem flestra íbúa í borgarhlutanum verða skipulagsráðgjafar og starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs með viðveru á fjölförnum stöðum í borgarhlutanum að minnsta kosti þrisvar á vinnslutíma skipulagsins.

Þessi viðvera verður skipulögð í samstarfi við starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar í borgarhlutanum og auglýst sérstaklega í fjölmiðlum. Tilgangur viðverunnar er að koma á framfæri upplýsingum um skipulagsvinnuna og leita eftir ábendingum um hvað mætti betur fara í borgarhlutanum í beinum samtölum við íbúa.

6.1.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð verður haft við sérfræðinga borgarinnar á sviði skipulags- og byggingarmála, framkvæmda- og mannvirkjamála, velferðarmála, skóla- og frístundamála, umhverfismála, sorp- og endurvinnslumála, menningar- og ferðamála o.fl. Samráðið fer þannig fram að viðkomandi einingar og svið verða beðin að tilnefna fulltrúa til þess að vinna með ráðgjöfum og verkefnisstjórum skipulagsfulltrúa á verktíma hverfisskipulagsins. Miðað er við að sömu sérfræðingar komi að vinnu við hverfisskipulag í öllum borgarhlutum til þess að tryggja samræmi í ráðgjöf og upplýsingamiðlun.

Meginhlutverk þessara sérfræðinga er að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til ráðgjafahópa sem eru að vinna með hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í faglegri rýni á skilagögnum sbr. lið 2.1. á því sem tengist þeirra málaflokkum.

Verkefnisstjóri hverfisskipulags sér um að kalla til þessa sérfræðinga.

6.1.3 Samráð við lögbundna umsagnaraðila

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila meðan á vinnu við tillögu að hverfisskipulagi stendur:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Nærliggjandi sveitarfélög.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- Heilbrigðiseftirlit.
- Minjastofnun Íslands.
- Vegagerðina.
- Veðurstofu Íslands.
- Strætó bs.
- Orkuveituna (ON).
- Aðrar hlutaðeigandi stofnanir eftir atvikum.

Samráðið fer þannig fram að skipulagsgögn verða send þessum aðilum til umsagnar.

6.1.4 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst

Upplýsingum um hverfisskipulagið verður komið reglulega á framfæri með eftirfarandi hætti:

- Á heimasíðu hverfisskipulagsins með helstu upplýsingum og möguleikum á að koma ábendingum á framfæri.
- Á Facebook-síðu verkefnisins.
- Upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla.
- Gefið verður út prentað upplýsingaefni á vegum Reykjavíkurborgar.

Miðlunarteymi umhverfis- og skipulagssviðs sér um þessa upplýsingamiðlun

7 Viðauki 1. Samráð við gerð verklýsingar

7.1 Kynningar og samráð við íbúa og stjórnsýslu borgarinnar við vinnslu verklýsingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu kynningar og samráð sem fóru fram meðan unnið var að verklýsingu fyrir hverfisskipulag borgarhluta 3.

- Fundir með hverfisráðum, íbúasamtökum og tengiliðum í hverfunum sem vinna með ólíkum hópum fólks eins og t.d. ungu fólki, öldruðum, öryrkjum, innflytjendum o.s.frv. – júní 2013.
- Samráðskassar á fjölförnum stöðum eins og við sundlaugar, bókasöfn og aðra staði þar sem hægt er að skrifa niður hugmyndir og setja í hugmyndakassa – ágúst 2013–mars 2014.
- Samráð á kortavef á netinu þar sem fólk getur skráð og teiknað inn ábendingar – ágúst 2013–mars 2014.
- Samráðsfundir með íbúum og hagsmunaaðilum í hverjum borgarhluta – september–október 2013.
- Kynning fyrir hverfisráð – febrúar 2014.
- Fundir með aðilum frá skóla- og frístundasviði, íþrótta- og tómstundasviði, velferðarsviði, aðila frá Félagsbústöðum eða öðrum sem verkefnisstjórar á umhverfis- og skipulagssviði telja nauðsynlegt – janúar 2014.
- Skipulagslýsing og mat á umhverfisþáttum verður kynnt og lagt fram til umsagnar. Lýsingin verður send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vefsvæðum Reykjavíkurborgar. Vakin verður athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.

Áframhaldandi samráð verður haft við þá aðila sem komu að samráðsferli við gerð lýsingar, í 2. áfanga verkefnisins sem er mótun tillögu að hverfisskipulagi.

7.2 Niðurstöður samráðs við íbúa og hagsmunaaðila

Haldnir hafa verið eftirfarandi samráðsfundir við vinnslu verklýsingar hverfisskipulagsins sem ráðgjafateymið hefur tekið þátt í. Helstu punktar sem komu fram á þessum fundum eru taldir upp hér fyrir neðan.

7.2.1 Íbúafundir

Vinna við hverfisskipulagið hefur tekið mið af ábendingum og áherslum sem komið hafa fram í skipulagsvinnu fyrir borgarhlutann á undanförnum árum. Þar ber m.a. að nefna vinnufundi umhverfis- og skipulagssviðs og íbúa og hagsmunaaðila við mótun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, samráðsfund um Klambratún og sérstakan íbúafund um borgarhlutann.

Út frá ábendingum, athugasemdum og tillögum sem fram hafa komið til þessa hafa skipulagsráðgjafar flokkað niðurstöðu þess samráðs í megináherslur og samantekt á ábendingum og umræðu sem hefur átt sér stað frá árinu 2009.

Klambratún
Kjarni eða miðja borgarhlutans. Margar hugmyndir um uppbyggingu, nýtingu og skipulag.

Þróunar- og breytingarsvæði
Fjölgun íbúa og íbúða.

Spurningar um hvort þurfi að fjölga í hverfinu. Ef svo er þá er mjög mikilvægt að stækka skólana.

Þarf að fjölga í hverfinu?

Betri nýting svæða. Nýta MH lóð betur og lóð Menntavísindasviðs HÍ . Gera öruggari tengingu við Öskjuhlíðina. Skoða Litlu-Öskjuhlíð og svæðið umhverfis Veðurstofuna.

Verslun og þjónusta

Efla kaupmanninn á horninu. Lágvöruverslanir og markað í borgarhlutann, s.s. við Hlemm (ferskvara og beint frá býli).

Verslunum hefur fækkað verulega í borgarhlutanum.

Kringlan hefur mikil áhrif á verslun og þjónustu í hverfinu.

Lokun ákveðinna verslana.

Ákveðin er óánægja með verslun og þjónustu í hverfinu og leggja þarf áherslu á að fá fjölbreyttari verslun og þjónustu í hverfið.

Samgöngur

Umferð hefur mikil áhrif í borgarhlutanum.

Umferðaröryggi. Ýmsar tillögur s.s. forgangur gangandi vegfarenda yfir Snorrabraut.

Draga úr hraða inni í íbúðarhverfum t.d. með vistgötum.

Draga úr hraða á Snorrabraut og Miklubraut. Mörg börn sækja Austurbæjarskóla úr Norðurmýri.

Bæta aðgengi úr Norðurmýri og Hlíðum í Öskjuhlíð.

Huga að aðgengi að Klambratúni.

Setja Miklubraut í stokk. Byggja ofan á og tengja hverfin betur saman.

Fleiri göngu- og hjólastíga. Áhersla á fólk en ekki bíla.

Strætóleiðir og tenging við tómstundir og ferðir barna og ungmenna.

Ánægja með aðstöðu fyrir vistvæna ferðamáta í hverfinu.

Lýsa upp göngustíga.

Ásýnd og yfirbragð

Ásýnd hverfisins. Ákveðin svæði á að vernda, þar sem mjög heildstætt yfirbragð er á byggðinni s.s. í Norðurmýri og í Hlíðum.

Fegra. Lagfæra og gera Brautarholt og Skipholt fallegra og meira aðlaðandi.

Lýðræði

Framkvæmdir og breytingar á skipulagi fái lýðræðislega umfjöllun meðal íbúa.

Samfélag

Hlíðarnar eru frábært hverfi til að búa í.

Miklabraut skiptir borgarhlutanum upp. Erfitt að finna sameiginlegan kjarna.

Suðurhlíðarnar eru afskiptar. Tengja betur við borgarhlutann.

Móta leiðarljós þannig að hönnun snúist um fólk.

Miðstöð fyrir unglinga í borgarhlutann.

Margir skólar: Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Klettaskóli, Ísaksskóli, Brúarskóli, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntavísindasvið HÍ, Tækniskólinn.

Efla samfélagslega starfsemi í borgarhlutanum.

Ýmis skipting til fyrir borgarhlutann í hverfi og margar ólíkar s.s. varðandi skóla, löggæslu, þjónustu við aldraða og heilsugæslu.

Börn sækja íþróttir í Val, Fram og KR.

Almenningsrými

Öskjuhlíðin verði borgarskógur og að ekki verði frekari uppbygging í Öskjuhlíð.

Gera Vatnshólinn að grænu svæði.

Svæði fyrir vetrarútivist.

Vantar leikaðstöðu fyrir ungbörn.

Ánægja með almenningsrými í borgarhlutanum, en óskað eftir fjölbreyttari rýmum.

Mengun

Afla betri upplýsinga um mengun í borgarhlutanum, sérstaklega hvað varðar loftmengun. Ýmsar tillögur til að draga úr hljóðmengun og loftmengun frá bílaumferð.

Setja fram mælanleg markmið um loftgæði og hljóðvist.

Úrgangsmál

Stuðla að frekari sorpflokkun.

7.2.2 Fundir með tengiliðum og hverfisráðum

Vinna við hverfisskipulagið hefur tekið mið af ábendingum og áherslum sem komið hafa fram í skipulagsvinnu fyrir borgarhlutann á undanförnum árum. Þar ber m.a. að nefna vinnufundi umhverfis- og skipulagssviðs og íbúa og hagsmunaaðila við mótun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, samráðsfund um Klambratún og sérstakan íbúafund um borgarhlutann. Í eftirfarandi töflu kemur fram yfirlit yfir nokkra af samráðsfundum sem hafa verið haldnir um borgarhlutann og hvaða viðfangsefni voru m.a. rædd á fundunum.

	Tilefni	Viðfangsefni
1.	Samráðsfundur um Klambratún, 6.maí 2009.	Hugmyndir um margvísleg verkefni og framkvæmdir á Klambratúni.
2.	Samráð haust 2009 um „mínar Hlíðar, mín borg.“	Samgöngur – Miklabraut, borgarskógur, efla samgöngur hjólandi og gangandi, draga úr umferðarhraða.
3.	Vinnufundur um skipulag borgarhlutans, Betri Hlíðar, 15. mars 2012.	Þétting hverfis, þróunarsvæði, kjarnar, efling verslunar og þjónustu, samgöngur, ferðamáti og umferðaröryggi, borgargötur, almenningsrými.
4.	Ábendingar og tillögur um betri Reykjavík fyrir Hlíðar, vor 2013.	Margvísleg verkefni og framkvæmdir á Klambratúni.
5.	Barnaborgarskipulag. Skipulag með börnum – fyrir börn, apríl 2013.	Lýsing á hverfinu og hugmyndir um bættu umhverfi.
6.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsráðgjafa með tengiliðum og fulltrúum úr Hverfaráði 27. júní 2013.	Skipting borgarhlutans í hverfi, samgöngur, þróun verslunar og þjónustu, Klambratún og samfélagsþjónusta.
7.	Vinnufundur umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsráðgjafa með Minjasafni Reykjavíkur, ágúst 2013.	Menningarminjar.
8.	Hugmyndabanki á Hlemmi á menningarnótt 24. ágúst 2013.	Þjónusta og verslun, samgöngur og forgangsröðun verkefna
9.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagssráðgjafa með Hverfaráði 16. september 2013.	Aðgengi að gögnum í skipulagsvinnu og samráði, nýting fyrri hugmynda og samráðs, eftirfylgni hugmynda, umferðarskipulag, nýting skóla, umferðaröryggi, málsmeðferð byggingarumsókna, mengun, bílastæði, aðgengi og tengingar milli svæða.
10.	Íbúafundur um borgarhlutann. 17. september 2013.	Samgöngur, Klambratún, umferðaröryggi, byggðamynstur, heimild til breytinga, verslun og þjónusta.
11.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og ýmissa fagssviða borgarinnar. 12. nóvember 2013 og 16. janúar 2014.	Áhersla á ýmis grunngögn um lýðfræði, lýðheilsu skóla- og frístundamál, náttúrufar, íþróttamannvirki, meðhöndlun úrgangs og leiksvæðastefnu.

HVERFISSKIPULAG - BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



Tillaga að afmörkun hverfisskipulags

- Borgarhluti
- Hverfi

A-hluti hverfisskipulags, svæði sem unnir verða bindandi skilmálar skv. gr. 5.3.3 í skipulagsreglugerð

- Hverfisskipulag í skilningi reglugerðar

B-hluti hverfisskipulags þar sem unnin verður stefnumótun - framtíðarsýn, til leiðbeiningar

- Þróunarsvæði skv. AR 2010-30
- Athugunarsvæði
- Samfélagsþjónusta, utan hverfisskipulags

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3 - Hlíðar	
Dags.:	
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	
Blaðstærð:	

Kanon arkitektar

Teiknistofan Tröð

VSÓ Ráðgjöf

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14 - 105 Reykjavík - www.hverfisskipulag.is

HVERFISSKIPULAG - AFMÖRKUN HVERFA OG HVERFISEININGA
BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR





Borgarhluti

Hverfi

Hverfiseining

HVERFIS SKIPULAG

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3, Hlíðar	
Dags.:	1. apríl 2014
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	1:8.000
Blaðstærð:	A1

HVERFISSKIPULAG - NÚVERANDI SKILMÁLAR OG HEIMILDIR
BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR





Deiliskipulag í gildi

Aðrir skilmálar og uppdrættir en deiliskipulagsuppdrættir

Deiliskipulagsbreyting á einstökum lóðum

Einungis skilmálar, enginn uppdráttur til

Þróunarsvæði

Atvinnusvæði

Græn svæði

Borgarhluti

Númer vísa í deiliskipulagsreits skv. skilgreiningu borgarinnar. Í sumum tilvikum er um fleiri en 1 deiliskipulag að ræða innan hvers reits.

HVERFIS SKIPULAG

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3, Hlíðar	
Dags.:	1. apríl 2014
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	1:8.000
Blaðstærð:	A1

Mat á visthæfi byggðar og skipulags - 20. desember 2013

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta		Mælanleg viðmið				Greining		
							Ástand		Lýsing
1. Samfélag		Tilvísun í grunngögn	Undir lágmarki	I. Lágmark	II. Æskilegt	III. Gott	núv.	áætlað	
1.1) Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldursamsetning	Hvernig er aldursdreifing annars vegar borgarhlutanum og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík aldursbil: 0-5: 9% 6-12: 8% 13-16: 5% 17-24: 12% 25-34: 16% 35-66: 39% 67+: 11%	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir meðalaldur, bls. 6 og 8 í bók 4.	>3% frávik í aldurshópnum 6-12 ára í Norðurmýri, Holti og Hlemmi og í aldursflokkunum 0-5 ára og 13-16 ára á Hlemmi.	2-3% frávik í aldurshópnum 67 ára og eldri í Norðurmýri og Hlemmi	1-2% frávik í aldurshópnum13-16 ára í Norðurmýri og Holti og í aldurshópnum 17-24 ár á Hlemmi.	<1% frávik í aldurshópnum 0-5 ára og 17-24 ára í Noðurmýri og Holti, 25-66 ára í öllu hverfinu og 67 ára og eldri á Hlemmi.	x		Hverfið er almennt svipað og meðaltal í Reykjavík, nema aldurshópurinn 6-12 ára er talsvert minni en í Reykjavík og elsti aldurshópurinn er heldur minni. Aldurshópurinn 25-34 ára sker sig úr með 23-27% í Hlíðum á móti 16% í Reykjavík. Hlemmur er frábrugðinn hinum hluta hverfisins, þar eru færri börn og fleiri í hópnum 35-66 ára.
1.2) Íbúaþéttleiki	Hvert er heildarhlutfall íbúa/ha innan borgarhlutans og hverfa hans?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir íbúaþéttleika, bls. 7-8 í bók 4.	<40 íbúar/ha.	40-60 íbúar/ha. *Hlemmur og Holt*	60-80 íbúar/ha. *Dæmi: Grandar, Melar, Litli-Skerjafjörður, Lækir, Heimar, Bakkar, Hólar og Fell*	80+ íbúar/ha. *Norðurmýrin*	x		Ef allt hverfið er tekið (4787 íbúar á 93 ha) þá er þéttleikinn 51 íbúi á ha sem er lágmark. Ef maður dregur Klambratún frá þá eru það 111 íbúar / ha sem er gott.
1.3) Skólahverfið	Hversu mörgum íbúðum þjónar hvert og eitt skólahverfi innan borgarhlutans?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir skólahverfi, bls. 17 og 19 í bók 4. Gögn um skólahverfi send með gátlista.	<1000 íbúðir/skólahverfi	1000-1100 íbúðir/skólahverfi	1100-1200 íbúðir/skólahverfi	1200-1300 íbúðir/skólahverfi		x	Samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjónar Háteigsskóli a.m.k. 1640 íbúðum. Spurningin er hvort þær tölur gefa til kynna að skólinn sé sprunginn.
1.4) Húsnæði fyrir alla	Hvert er hlutfall núverandi eða nýrra íbúða innan hvers hverfis borgarhlutans sem miðar við þarfir þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið fé í eigið húsnæði?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir fjölda leiguíbúða, bls. 13 í bók 4. Eigum ekki nákvæmar upplýsingar um þetta. Ráðgjafara þurfa að koma með tilgátu byggða á þeim gögnum sem liggja fyrir.	<10%	10-15%	15-20%	20-25%			Litlar fyrirliggjandi upplýsingar. 109 stúdentaíbúðir í hverfinu sem er 7% af íbúðafjölda.
	Hvernig er hlutfall herbergjafjölda á íbúð í hverfum borgarhlutans og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík íbúðategundir: 1 herb. 3% 2 herb. 18% 3 herb. 26% 4 herb. 23% 5 herb. 12% >5 herb. 18%	Töflur og gröf send með gátlista.	>6% Í öllum hverfishlutum eru 4 herbergja og yfir 5 herbergja íbúðir undir lágmarki.	Frávik 5-6% í Holtum eru 3 herbergja íbúðir í lágmarki og á Hlemmi og í Norðurmýri eru 5 herbergja íbúðir í lágmarki	Frávik 3-4%	Frávik <3% Almennt er herbergjafjöldi í samræmi við meðalfjölda herbergja í Reykjavík.	x		Skortur er á íbúðum með fjórum herbergjum eða fleirum en að öðru leyti er herbergjafjöldi í samræmi við Reykjavík. Í hverfið vantar einbýlishús og stór fjölbýlishús og raðhús. Hverfið kemur vel út hvað varðar lítil fjölbýli og parhús og tvíbýli.
	Hvernig er hlutfall íbúðategunda í hverfum borgarhlutans og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík íbúðategundir: Einbýli 11% Parhús/Tvíbýlishús 8% Raðhús 9% Lítið fjölbýli (2-3 hæðir) 39% Stórt fjölbýli (>3 hæðir) 33%	Töflur og gröf send með gátlista.	Frávik >9% Einbýlishús og stór fjölbýlishús eru undir lágmarki í hverfinu.	Frávik 7-9% Raðhús í hverfinu eru í lágmarki.	Frávik 4-6% Parhús og tvíbýli eru í æskilegu hlutfalli.	Frávik <4% Lítið fjölbýli er í samræmi við meðaltal í Reykjavík.	x		
	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir því að mæta húsnæðisþörf vegna áætlaðra breytinga á aldursamsetningu íbúa innan hverfisins?								Á ekki við

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
1.5) Atvinna / Störf	Hvað gerir skipulagið ráð fyrir mörgum störfum (fjöldi starfa á m2 atvinnuhúsnæðis) á hverja íbúðaeiningu innan vistsvæðis borgarhlutans, þ.e. í hjólreiðafjarlægð (<3,2 km / <15 mín) (hjólreiðafjarlægð 1,3 sinnum loftlína)? Sjá viðmið um fjölda m2 á starf í blárri töflu í upphafi kaflans fyrir hvern borgarhluta í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrlsur/B1._Skipulag_borgarhluta.pdf	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir tegund húsnæðis, bls. 15 í bók 4. Kort með tegund starfsemi og fermetrum húsnæðis sent með gátlista. Viðmið um fjölda fermetra á starf eftir borgarhlutum í Skipulagi borgarhluta AR2010-2030.	<0,7 starf á hverja íbúðareiningu	0,7-0,8 starf á hverja íbúðareiningu	0,8-0,9 starf á hverja íbúðareiningu	0,9-1+ starf á hverja íbúðareiningu			Stutt lýsing á möguleikum og takmörkunum á aukningu starfa innan vistsvæðis borgarhlutans miðað við tillögur hverfisskipulags.
Hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir gróin hverfi – þ.e.a.s. skipulagsáætlun fyrir fastmótaða byggð sem nær yfir stærra landssvæði en hefðbundið deiliskipulag.

Með hverfisskipulagi er mögulegt að setja fram heildstæða skipulagsáætlun sem nær yfir mörg minni svæði sem annars hafa verið skipulögð sem sjálfstæðar einingar og byggð upp á mismunandi tímabilum. Slíkt gerir sveitarfélagi betur kleift að setja fram samræmda stefnu fyrir margar hverfiseiningar sem voru upphaflega ekki skipulagðar sem ein heild.

Af hverju hverfisskipulag fyrir Reykjavík?

Í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 eru lagðar stóru línurnar til að móta borgina til langs tíma. Aðalskipulagið er mikilvægt stjórntæki sem mótar bindandi stefnu fyrir allar aðrar skipulagsáætlanir og stýrir ákvarðanatöku í borgarmálum allt frá stefnumótun til framkvæmda. Eitt af meginmarkmiðum Aðalskipulagsins er sú stefna að öll hverfi borgarinnar verði sjálfbærari og mannvænni og gæði hins manngerða umhverfis sett í öndvegi.

Hverfisskipulagið gegnir afar mikilvægu hlutverki við að innleiða stefnu Aðalskipulagsins og útfæra nánar markmið þess. Reykjavík skiptist í 10 borgarhluta og 26 hverfi en hverfin eru fjölbreytt að stærð, lögun og samsetningu sem helgast af mismunandi staðsetningu þeirra í borginni. Stefnt er að því að hvert hverfi Reykjavíkur fái sérstakt hverfisskipulag þar sem áhersla verði lögð á sjálfbæra þróun og vistvænar lausnir.

Hverfin standa misvel að vígi eftir því hvaða málaflokkar eru metnir og hvernig, svo sem aðgengi að verslun og þjónustu, almenningssamgöngur, opin rými, fjölbreytilegt húsnæði og svo framvegis. Við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin er lögð áhersla á að draga fram

styrkleika hvers hverfis og draga úr þeim veikleikum sem gætu verið til staðar í gildandi skipulagi. Samhliða gerð hverfisskipulags verða eldri deiliskipulagsáætlanir innan hverfanna sameinaðar, samræmdar og uppfærðar til að fá fram heildstæða sýn fyrir hverfið.

Hvernig kemur það mér við?

Með nýju hverfisskipulagi fyrir öll hverfi Reykjavíkur sem miðast við þarfir núverandi íbúa og framtíðarkynslóða, verður stefnt að því auka sveigjanleika svo íbúar eigi auðveldara með að sækja um breytingar og viðbætur á húsnæði í hverfinu

Hverfisskipulag sameinar einnig ólíkar deiliskipulagsáætlanir innan hverfanna í eitt heildarskipulag sem einfaldar til muna gerð og eftirfylgni áætlana sem varða skipulag og uppbyggingu.

Vinnu við gerð hverfisskipulags lýkur árið 2017 og fram að þeim tíma verður leitað til íbúa til að fá fram hugmyndir og ábendingar um nánari útfærslu þess, svo sem hvar megi auka við þjónustu, hvar þurfi að gera úrbætur í aðgengi fyrir gangandi og hjólandi og hvar megi bæta aðgengi að útivistarsvæðum, svo fátt eitt sé nefnt.

Er þetta skjal hverfisskipulagið fyrir Hlíðar?

Nei. Þetta skjal er verklýsing sem gerir grein fyrir hvernig verður staðið að gerð hverfisskipulags fyrir þrjú hverfi innan borgarhlutans Hlíða. Verklýsing gerir grein fyrir áherslum Reykjavíkurborgar við gerð hverfisskipulags og á hvaða forsendum sú vinna er unnin. Hverfin sem um ræðir eru: Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Gerð verklýsingar er skylda skv. íslenskum skipulagslögum og unnin skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hvernig geri ég athugasemdir?

Allir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geta gert athugasemdir við verklýsinguna með því að senda þær á netfangið skipulag@reykjavík.is merkt hverfisskipulag borgarhluta 3 og því hverfi sem athugasemdin varðar. Einnig er hægt að koma athugasemdum á framfæri á heimasíðu verkefnisins www.hverfisskipulag.is.

Hvernig verður kynning og samráð?

Hverfisskipulag er og verður unnið í nánu samráði við íbúa og hagsmunaaðila. Hverfisráðin eru virkir þátttakendur í samráðinu. Kynningar og samráð fara fram á opnum kynningarfundum og í gegnum vef og fjölmiðla. En til þess að auka samráðið er stefnt að því að setja á fót rýnihóp íbúa sem á að gefa þverskurð af íbúum í borgarhlutanum. Þessu til viðbótar verða ráðgjafar og starfsmenn umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkur með viðveru í hverfunum á völdum tímum á vinnslutíma hverfiskipulagins.

Viðtækt samráð verður haft við stjórnsýslu borgarinnar. Reglulega verða haldnar kynningar fyrir umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur og stýrihóp um hverfisskipulag sem hefur yfirumsjón með verkefninu.

Samráð verður haft við lögbundna umsagnaraðila, svo sem skipulagsstofnun, umhverfisstofnun, nærliggjandi sveitarfélög, heilbrigðiseftirlit, Minjastofnun Íslands, Vegagerðina, Veðurstofu Íslands og Strætó bs.

BH3 Hlíðar – Samantekt

Almennt um hverfisskipulag

Í þessari verkefnislýsingu er því lýst hvernig staðið verður að vinnu við hverfisskipulag fyrir þrjú hverfi innan borgarhlutans Hlíða: Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi. Þetta er gert til þess að íbúar og hagsmunaaðilar geti áttað sig á þeirri skipulagsvinnu sem er að hefjast. Eftir að þessi verklýsing hefur verið kynnt, unnið úr ábendingum sem berast og hún samþykkt hefst eiginleg hverfisskipulagsvinna.

Verkefnið heyrir undir embætti skipulagsfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK). Umhverfis- og skipulagsráð ber ábyrgð á verkefninu en stjórnun verkefnisins er í höndum verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra hverfisskipulags. Vinnan við gerð einstakra hverfisskipulagsáætlana er unnin af þverfaglegum ráðgjafateymum og sérfræðingar borgarinnar veita ráðgjöf um einstaka málaflokka.

Lögð er rík áhersla á að hafa náið samráð við íbúa og hagsmunaaðila á meðan unnið er að hverfisskipulaginu. Haldnir verða fundir með hverfisráði, íbúasamtökum og öðrum hlutaðeigandi, ásamt því sem beitt verður ýmsum samráðsaðferðum.



Mynd 1. 1. Loftmynd af hverfinu.

Um borgarhlutann og afmörkun hverfisskipulagsins.

Borgarhlutinn Hlíðar er rétt austan við miðborg Reykjavíkur og afmarkast af Snorrabraut og Nauthólsvegi í vestri, Kringlumýrarbraut í austri, Laugavegi og Hverfisgötu í norðri og strandlengju Fossvogs í suðri og nær yfir um 380 ha landsvæði. Uppbygging hófst í borgarhlutanum á þriðja áratug síðustu aldar. Nú búa þar um 10.300 manns í 4.680 íbúðum. Íbúðaþéttleikinn er mikill og þar er að finna allar tegundir af íbúðum en óvenjumikið er af litlu fjölbýli og lítið um einbýli, sem hefur orðið til þess að fjölmargar fyrirspurnir berast um breytingar á húsnæði. Aldursdreifing íbúa er ágæt og hlutfallslega margir í aldursflokknum 25-34 ára. Skólar eru fullsetnir.

Helstu einkenni borgarhlutans eru fastmótuð íbúðahverfi afmörkuð af umferðaræðum og stór útivistarsvæði, Klambratún og Öskjuhlíð. Nálægð við miðborgina og stóran verslunarkjarna Kringlunnar setur mark sitt á borgarhlutann.

Fjölmargar byggingar borgarhlutans eru kennileiti í borgarinnar s.s. Kjarvalsstaðir, gamli Sjómannaskólinn, Perlan og Háteigskirkja.

Töluverð atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum. Öll helsta verslun og þjónusta er innan borgarhlutans eða í nágrenni hans. Nálægð við miðborgina og Kringluna hefur orðið til þess að dregið hefur úr fjölda verslana. Í borgarhlutanum eru fimm menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi, tveir grunnskólar, fimm sérskólar á grunnskólastigi auk átta leiksskóla.

Hlíðar eru vel staðsettar m.t.t. gatna- og stígakerfis borgarinnar. Góð aðstaða er fyrir fjölbreytta ferðamáta s.s. göngu- og hjólaleiðir og strætó. Nær öll þjónusta er í innan við 15 mínútna hjólafjarlægð. Stofnbrautir með miklum umferðarþunga og hraða þvera hverfið og eru í jaðri borgarhlutans. Mikill umferðarþungi hefur verið viðvarandi vandamál fyrir íbúana.

Afmörkun hverfisskipulags fyrir borgarhlutann Hlíðar kemur fram á meðfylgjandi korti í lok þessa kafla. Afmörkunin tekur mið af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 – Skipulag borgarhluta (B–hluti Aðalskipulags) og forsendum sem fram koma í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Brún lína á kortinu fylgir afmörkun Aðalskipulagsins og sýnir það svæði sem vinna við stefnumótun – framtíðarsýn fyrir borgarhlutann nær til. Vinna við stefnumótun – framtíðarsýn fyrir einstök hverfi afmarkast af rauðri línu en svæði þar sem settir verða bindandi skilmálar er sýnt með blárri þekju.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2012–2030 eru helstu nýbyggingarsvæði borgarhlutans undir vesturhlíð Öskjuhlíðar í tengslum við Háskólann í Reykjavík og við Hlíðarenda.

Borgarhlutinn Hlíðar, stefnur, markmið og áherslur

Stefna fyrir borgarhlutann er að viðhalda heildstæðu yfirbragði hans, um leið og stuðlað er að aukinni sjálfbærni borgarhlutans.

Áhersla verður lögð á að:

- Fjölga íbúðum í borgarhlutanum.
- Styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Bæta öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Draga úr neikvæðum áhrifum umferðar.
- Móta skilmála um heimildir til breytinga á húsnæði.

Í skipulagsvinnu verður jafnframt mótuð leiðbeinandi stefna fyrir þróunarsvæði borgarhlutans sem taki mið af ofangreindri stefnu og áherslum.

Hverfi 3.1 Háteigshverfi – Greining og staða

Háteigshverfi er fastmótað, gamalt og gróið hverfi. Stærð hverfisins er 110 ha. Byggðin er nokkuð þétt og tiltölulega lágreist. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3-8 íbúðum, 2-3 hæðir, kjallari og víða er ris. Fjöldi íbúða árið 2015 var um 2.880. Íbúðaþéttleikinn er að meðaltali 26 íbúðir/ha og íbúaþéttleikinn 52 íbúar/ha.

Atvinnuhúsnæði er helst í norðurhluta hverfisins að Laugavegi, Skipholti og Brautarholti, 2ja–5 hæða byggingar.

Nálægð við miðborgina og mikil aukning ferðamanna hefur mikil áhrif á samfélag og uppbyggingu.

Hjarta hverfisins og jafnframt borgarhlutans er Klambratún. Það er vinsælt útivistarsvæði fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa og þar eru Kjarvalsstaðir, eitt helsta listasafn borgarinnar.

Háteigshverfi er eitt skólahverfi. Þar er einn almennur grunnskóli, Háteigsskóli, og einkarekinn yngri barna grunnskóli, Ísaksskóli. Þrír leikskólar eru í hverfinu. Skólar á framhalds- og háskólastigi eru Tækniskólinn og menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Íbúar Háteigshverfis árið 2014 voru um 5.766. Aldursdreifing íbúa er almennt svipuð í Reykjavík að því undanskildu að aldurshópurinn 6–12 ára er talsvert minni en í Reykjavík og elsti aldurshópurinn, 67+, er heldur minni. Hlutur aldurshópsins 25–34 ára er mun stærri í hverfinu en meðaltal borgarinnar.

Verið er að byggja um 300 íbúðir í Einholti/Þverholti. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 eru nokkur þróunarsvæði í hverfinu, sem verða þróuð og skipulögð á næstunni.

Hverfi 3.2 Hlíðarhverfi – Greining og staða

Hlíðahverfi er fastmótað, þéttbyggt og gróðursælt hverfi. Stærð hverfisins er 107 ha. Hlíðahverfi er í miðjum borgarhlutanum og afmarkast af Miklubraut til norðurs, Bústaðavegi til suðvesturs og Kringlumýrarbraut til austurs. Byggðin er tiltölulega lágreist. Fjöldi íbúða árið 2015 var um 1.800. Byggðin og íbúðagerðir er fjölbreytt. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3–8 íbúðum, 2–3 hæðir með kjallara og víða eru risin nýtt til íbúðar. Stærri fjölbýlishús eru í norðausturhluta hverfisins. Sérbýli eru helst í austurhluta hverfisins, við Stigahlíð sunnanverða og í Suðurhlíðum. Íbúðaþéttleikinn er að meðaltali 17 íbúðir/ha og íbúaþéttleikinn 43 íbúar/ha.

Hverfið hefur að flestu leyti sambærilega aldurssamsetningu og borgin í heild. Hlutur ungs fólks á aldrinum 25–34 ára er þó stærri en meðaltal borgarinnar.

Atvinnuhúsnæði er í suðvesturhluta hverfisins, við Skógarhlíð. Hlíðahverfi er eitt skólahverfi, sem Hlíðaskóli annar. Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi og þjónar öllu landinu. Fimm leikskólar eru í hverfinu. Menntaskólinn við Hamrahlíð er í hverfinu.

Fjölbreytt íbúasamsetning er í hverfinu. Hverfið er mjög vel staðsett innan borgarinnar og íbúar hafa mjög gott aðgengi að þjónustu og verslun. Lítið er um opin svæði innan hverfisins.

Samkvæmt Aðalskipulagi eru tvö þróunarsvæði innan hverfisins, við Skógarhlíð og á Veðurstofuhæðinni.

Hverfi 3.3 Öskjuhlíðarhverfi – Greining og staða

Öskjuhlíðarhverfi afmarkast af Bústaðavegi og Suðurhlíð til norðausturs, Fossvogi/Nauthólsvík til suðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs og Hringbraut til norðurs. Stærð hverfisins er um 163 ha.

Lítil byggð er í hverfinu sem er í raun eitt af stóru útivistarsvæðum Reykjavíkur, Öskjuhlíð, með strandlengju og Fossvogskirkjugarði til suðurs. Perlan trónir á toppi Öskjuhlíðar sem eitt af kennileitum Reykjavíkur. Engin íbúðabyggð er í hverfinu, enn sem komið er.

Í hverfinu er Háskólinn í Reykjavík með um 3.300 nemendur og á þriðja hundrað stöðugildi. Nú er starfræktur einkarekinn grunnskóli, barnaskóli Hjallastefnunnar, við Hlíðarfót og við Vesturhlíð er ein starfsstöð Brúarskóla, sem er sérskóli, og tveir leikskólar eru í hverfinu.

Helstu styrkleikar hverfisins eru náttúra og saga og tækifæri til útivistar sem styrkir lýðheilsu borgarbúa. Stígar sem tengjast öðrum hlutum höfuðborgarsvæðisins gera svæðið aðgengilegt fyrir vistvæna ferðamáta.

Íbúðauppbygging er ekki hafin í hverfinu en samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er gert ráð fyrir fjölgun íbúða, um 800 talsins. Fyrir liggur deiliskipulag íbúðasvæðis á hluta Valssvæðis á Hlíðarenda. Háskólinn í Reykjavík er í suðvesturhluta hverfisins. Samkvæmt

skipulagi þess svæðis er gert ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu skólans ásamt nemendaíbúðum nyrst á svæðinu.



Mynd 1.2 Afmörkun hverfisskipulags.

Stefnumótun – framtíðarsýn fyrir borgarhlutann.

Svæðið sem stefnumótun – framtíðarsýn hverfiskipulags í BH3 tekur til, fylgir afmörkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 – Skipulag borgarhluta (B–hluti Aðalskipulags), fyrir BH3 og er sýnd með dökkrauðri heildreginni línu á mynd 1.2.

Innan borgarhlutans er Öskjuhlíðin en í vinnu við hverfisskipulagið í Hlíðum verður borgarbúum gefinn kostur á að móta stefnu – framtíðarsýn um þessa útivistarperlu, sem síðan verði komið til skila í endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíð.

Skilmálagerð

Skilmálagerð hverfisskipulagsins nær til svæða gróinnar byggðar sem myndar hverfiseiningar með húsum, götum og opnum svæðum inni í hverfunum og á jöðrum, þar sem ekki eru ráðgerðar verulegar breytingar á byggðamynstri. Mörk þess svæðis þar sem settir verða bindandi skilmálar, eru merkt með blárri þekju á mynd.

1 Inngangur

Í þessari verkefnislýsingu er gerð grein fyrir því hvernig staðið verður að hverfisskipulagi fyrir þrjú hverfi innan borgarhlutans Hlíða: Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi.

Verklýsing er hluti forvinnu við gerð hverfisskipulags og fjallar um skipulag, þróun, uppbyggingarmöguleika og landnotkun. Tilgangur verklýsingar er að vera leiðbeinandi skjal við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin þrjú innan borgarhlutans Hlíða í Reykjavík.

Árið 2011 ákvað umhverfis- og skipulagssvið að hefja vinnu við gerð hverfisskipulags fyrir öll hverfi borgarinnar. Hverfisskipulagið gegnir afar mikilvægu hlutverki við að innleiða stefnu Aðalskipulagsins og útfæra nánar markmið þess.

Hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir gróin hverfi og felst verkefnið við gerð þess í að stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum úrlausnum fyrir hverfi í heild sinni. Hverfin innan Reykjavíkur standa misvel að vígi hvað varðar vistvænar skipulagsáherslur en við gerð hverfisskipulags er lögð áhersla á að draga fram styrkleika hvers hverfis í mismunandi málaflokkum og draga úr þeim veikleikum sem kunna að vera til staðar í skipulagi hverfisins.

Hverfisskipulagi er einnig ætlað að auðvelda skipulagsyfirvöldum að innleiða stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og útfæra nánar markmið þess. Til að einfalda og auðvelda skipulagsgerð í hverfinu mun hverfisskipulag sameina gildandi skipulagsáætlanir í eina áætlun fyrir hverfin sem mun auðvelda íbúum að sækja um breytingar eins og svalir eða kvisti eftir að ákveðin viðmið fyrir hverfið hafa verið sett.

Við lok verkefnisins mun verða til sérstakt hverfisskipulag fyrir hverfin þrjú sem mynda borgarhlutann Hlíðar þar sem kemur fram sýn fyrir sjálfbæra þróun þeirra sem sjálfbærra og sterkra eininga og gildandi skipulagsskilmálar hafa verið sameinaðir og samræmdir eftir atvikum.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er kveðið á um að þegar vinna við gerð hverfisskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram komi áherslur sveitarstjórnar við gerð hverfisskipulags og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi. Lýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftir að þessi verklýsing hefur verið kynnt, unnið úr ábendingum sem berast og hún samþykkt hefst eiginleg hverfisskipulagsvinna sem verður unnin með hliðsjón af þeim umsögnum og ábendingum sem berast frá almenningi og hagsmunaaðilum.

1.1 Forsendur og markmið

Reykjavíkurborg er skipt upp í 10 borgarhluta. Innan hvers borgarhluta eru mismörg „hverfi“ og verður hverfisskipulag unnið fyrir hvert einstakt hverfi á grunni kafla um **Skipulag borgarhluta** í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 þar sem sett eru fram leiðbeinandi markmið um þróun og uppbyggingu hvers borgarhluta (aðgengilegt á www.adalskipulag.is). Hverfisskipulagið er unnið á grunni stefnumótunar sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og sérstaklega stefnu um skipulag vistvæna hverfa. Þar er lagður grunnur að því markmiði borgaryfirvalda að öll hverfi borgarinnar þróist og byggist upp á sjálfbærum forsendum þar sem áherslur grundvallist m.a. á samfélagslegum forsendum, gæðum hins manngerða umhverfis, vistvænum samgöngum, orkusparnaði og aðgengi að þjónustu og verslun í heimabyggð, verndun náttúrulegra gæða og hverfisanda.

Aðrar tengdar áætlanir eru Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar (aðgengileg á www.reykjavik.is), Samgöngustefna Reykjavíkurborgar (aðgengileg á www.reykjavik.is) drög að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins (aðgengilegt á www.ssh.is) og drög að landsskipulagsstefnu (aðgengilegt á www.landsskipulag.is).

Viðfangsefni og áherslur hverfisskipulagsins er í meginatriðum tvíþætt:

1.1.1 Samræming gildandi skipulags- og byggingarskilmála/heimilda

Tilgangurinn með samræmingu gildandi skipulags- og byggingarskilmála er gerð heildstæðrar hverfisskipulagsáætlunar með almennum byggingar- og skipulagsákvæðum. Þetta er gert fyrir öll hverfi borgarinnar til að einfalda skipulagsyfirvöldum fram- og eftirfylgni skipulagsáætlana um leið og borgarbúum er auðveldað að sækja um breytingar á eigin húsnæði innan skipulagsramma viðkomandi hverfis án breytingar á deiliskipulagi. Flestar eldri heimildir í deiliskipulagi sem fellt verður úr gildi, halda sér óbreyttar í hverfisskipulagi sem verður heildstæð áætlun með samræmdum heimildum þar sem tillit er m.a. tekið til ríkjandi byggðamynsturs, varðveislugildis og óska íbúa með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

1.1.2 Uppbygging og þróun hverfa borgarinnar á vistvænum forsendum

Hverfisskipulagi borgarinnar er ætlað það metnaðarfulla hlutverk að leggja grunn að þróun borgarhverfa inn í framtíðina með skipulagslausnum, framkvæmdum og öðrum aðgerðum á sjálfbærum forsendum. Markmiðið er að mæta kröfum samtímans um leið og gætt er að hag komandi kynslóða með ábyrgum hætti. Stefnumótun borgaryfirvalda um skipulag vistvænni hverfa í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 hefur að leiðarljósi að stuðla að sjálfbærri byggðaþróun, atvinnuþróun og tengslum við þjónustukerfið á samfélagslegum forsendum hvers hverfis fyrir sig. Liður í þeirri nálgun er að auka áhrif íbúa á nærumhverfi sitt og bæta þannig lífsgæði íbúa hverfisins um leið og dregið er úr neikvæðum áhrifum hugsanlegrar uppbyggingar og áhrifa hennar á umhverfið. Svo dæmi sé tekið, má þannig draga úr rekstarkostnaði bygginga og auka verðmæti íbúðarhúsnæðis. Lögð er rík áhersla á samráð við íbúa í gegnum allt skipulagsferlið.

Helstu forsendur hverfisskipulagsins er varða Aðalskipulagið eru settar fram í skipulagi borgarhluta sem unnið hefur verið sérstaklega fyrir alla tíu borgarhluta borgarinnar þar sem fram koma helstu þróunarsvæði og breytingar á landnotkun er varða viðkomandi borgarhluta. Stefna um vistvæna byggð og byggingar er ein af hliðarstefnum Aðalskipulagsins og ein af lykilforsendum við vinnu hverfisskipulagsins.

1.2 Stefnumið matslýsingar og aðferðir við umhverfismat

Hverfisskipulagsáætlanirnar eru háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006 þar sem hverfisskipulag fellur í flokk áætlana sem ætlað er að marka ramma fyrir leyfisveitingar til framkvæmda. Umhverfismatið þarf að taka mið af umfangi og áherslum skipulagstillögunnar – þ.e. að lagt sé mat á þá þætti sem ástæða er til að meta. Hér þarf að vera vísun í þær framkvæmdir sem falla undir lögin og útskýra þannig hverng hverfisskipulagið fellur undir lögin.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006 er kveðið á um að hafa þurfi samráð við skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Matslýsing er hér sett fram sem hluti af almennri lýsingu fyrir gerð hverfisskipulags og er sér matslýsing fyrir hvern borgarhluta.

Nálgun skipulagsvinnu og matsvinnu er að gera yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar (sjá fylgiskjal 1) og stefnu borgaryfirvalda um skipulag vistvænna hverfa sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og öðru því sem viðkemur skipulagi borgarhlutans og stöðu hans innan borgarinnar. Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

1. *Samfélag*
2. *Gæði byggðar*
3. *Samgöngur*
4. *Vistkerfi og minjar*
5. *Orka og auðlindir*
6. *Mannvirki*
7. *Náttúruvá*

1.3 Ábyrgð og umsjón

Verkefnið heyrir undir embætti skipulagsfulltrúa á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK). Umhverfis- og skipulagsráð ber ábyrgð á verkefninu en til ráðgjafar og umsjónar er sérstakur stýrihópur. Stjórnun verkefnisins er í höndum verkefnisstjórnar hverfisskipulags en daglega stjórnun annast sérstakt verkefnisráð undir forystu verkefnisstjóra hverfisskipulags. Vinnan við gerð einstakra hverfisskipulagsáætlana er unnin af þverfaglegum ráðgjafateymum en sérfræðingar borgarinnar um einstaka málaflokka veita ráðgjöf þvert á ráðgjafateymin. Þess ber að geta að ráðgjafateymin voru valin eftir útboð. Ráðgjafar drógu síðan um hvaða borgarhluta þeir myndu vinna með á kynningarfundi sem haldinn var við upphaf verkefnisins þann 23. maí 2013. Hlutverk mismunandi aðila við vinnslu verkefnisins er lýst í eftirfarandi köflum en skýringarmynd sýnir skipulag og stjórnun ásamt því hvernig samráði verður háttað.



Mynd 1.3 Mynd sem sýnir skipulag verkefnisins og hvernig leitar er samráðs við einingar og svið borgarinnar, íbúa, hagsmunaaðila og lögbundna umsagnaraðila. Nánar er gerð grein fyrir samráði í kafla 6.

1.3.1 Umhverfis- og skipulagsráð

Meginhlutverk umhverfis- og skipulagsráðs er að:

- Bera ábyrgð á verkefninu en til ráðgjafar og umsjónar er sérstakur stýrihópur og verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa.
- Vera upplýst um framvindu verkefnisins og samþykkja það.
- Afgreiða þau mál sem löggjöf gerir ráð fyrir.

1.3.2 Stýrihópur

Stýrihópurinn sem skipaður er pólitískt kjörnum fulltrúum, tryggir gæði skilagagna. Meginhlutverk stýrihóps er að:

- Vera upplýstur um verkefnið og framvindu þess og fylgjast með að verkáætlun sé fylgt.
- Samþykkja skilagögn hvers ráðgjafahóps áður en þau eru tekin fyrir í umhverfis- og skipulagsráði.

1.3.3 Verkefnisstjórn hverfisskipulags

Til þess tengja verkefnið við fjölbreytt starfssvið umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur verður verkefnisstjórn skipuð skrifstofustjórn frá öllum undirskrifstofum sviðsins ásamt sviðsstjóra og skipulagsfulltrúi sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri hverfisskipulags situr fundi verkefnisstjórnar. Meginhlutverk verkefnisstjórnar er að:

- Móta stefnu um hvernig unnið verður að hverfisskipulagi innan umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.
- Sjá til þess að unnar séu verkáætlanir fyrir verkefnið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Sjá til þess og fylgjast með að nægjanlegt samráð sé haft við einingar og deildir innan USK.
- Sjá til þess að unnin sé áhættugreining fyrir verkefnið.

1.3.4 Verkefnisráð hverfisskipulags

Sérstakt verkefnisráð hefur umsjón með daglegri framkvæmd hverfisskipulagsins. Meginhlutverk verkefnisstjórnar er að:

- Sjá til þess að unnar séu verkáætlanir fyrir verkefnið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Hafa umsjón með að framkvæmd verkefnisins sé í samræmi við verkáætlanir.
- Vinna áhættugreiningu fyrir verkefnið.
- Tryggja að lögum og reglum sé fylgt.
- Leiða samningagerð við ráðgjafahópa sem falið er að vinna einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Taka á ágreiningi ef upp kemur.
- Samþykkja beiðnir um breytingar á verkáætlun og eftir atvikum leita samþykkis fyrir þessum breytingum hjá verkefnistjórn, stýrihópi, umhverfis- og skipulagsráði og/eða borgarráði.

1.3.5 Verkefnisstjóri hverfisskipulags

Verkefnisstjóri hverfisskipulags sér um verkefnisstjórn og samræmingu vinnu við gerð hverfisskipulags Reykjavíkur í náinni samvinnu við skipulagsfulltrúa og verkefnisstjórn. Meginhlutverk verkefnisstjóra hverfisskipulags eru að:

- Vera faglegur leiðtogi verkefnateyma og sjá um að markmiðum verkefnisins verði náð.
- Gera verkáætlanir fyrir verkið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni og sjá um að þær séu samþykktar af skipulagsfulltrúa og nefndum og ráðum.
- Upplýsa verkefnisstjórn um framvindu verkefnisins.
- Vinna áfangaskýrslur fyrir verkáfanga og lokaskýrslu fyrir verkefnið í heild.

- Hafa yfirumsjón með verkefnateymum og ráðgjafahópum sbr. kafla 3.4. og sjá til þess að vinna ráðgjafa sé í samræmi við verkáætlanir og samninga.
- Sitja fundi verkefnateyma.
- Fara yfir og staðfesta öll skilagögn ráðgjafahópa og tryggja faglega samræmingu.
- Sjá um skipulag og framkvæmd samráðs við íbúa og aðra hagsmuna- og umsagnaraðila og tryggja að unnið sé með niðurstöður samráðs í tillögugerðinni.
- Sjá um að kalla til sérfræðinga verkkaupa sbr. kafla 3.5.
- Hafa umsjón með miðlunarhópi hverfisskipulagsins sbr. kafla 3.6.
- Sjá um samskipti við helstu stofnanir, nefndir, ráð, skrifstofur og deildir innan og utan borgarkerfis.
- Hafa umsjón með fræðslufyrirlestrum og kynningum fyrir samstarfsfólk, aðrar stofnanir, hagsmunaaðila og íbúa.
- Samþykkja reikninga fyrir aðkeypta þjónustu.

1.3.6 Verkefnateymi og ráðgjafahópar

Sérstök verkefnateymi verða mynduð um vinnu við hverfisskipulag í hverjum borgarhluta en í þeim eru fulltrúar verkkaupa og þess ráðgjafahóps sem á að vinna viðkomandi hverfisskipulag.

Umsjón verkefnateyma

Umsjón verkefnateymis er á höndum eins verkefnisstjóra hjá embætti skipulagsfulltrúa (SKIP). Þessi verkefnisstjóri þarf að þekkja vel til aðstæðna og skipulagsmála í viðkomandi borgarhluta.Honum er ætlað að vinna náið með verkefnisstjóra hverfisskipulags að því að tryggja að vinna við hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum sé faglega unnin og fylgi þessari verkáætlun.

Meginhlutverk verkefnisstjóra í verkefnateymum er að:

- Kalla saman vinnufundi verkefnateymis að minnsta kosti á tveggja vikna fresti.
- Rita fundargerðir vinnufunda og dreifa þeim samkvæmt dreifingarlista.
- Taka virkan þátt í stefnumótun og gerð tillögu að hverfisskipulagi í viðkomandi borgarhluta, sem fulltrúi verkkaupa.
- Taka þátt í framkvæmd samráðs í sínum borgarhluta.
- Miðla upplýsingum til ráðgjafa sem þeir þurfa til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt þessari verkáætlun.
- Aðstoða ráðgjafa við upplýsingaöflun vegna kortlagningar á gildandi skipulagsheimildum og aðstoða við yfirfærslu á heimildum sbr. kafla 2.2.3.
- Taka þátt í samráðsfundum verkefnisstjóra þar sem tillögur að skilmálum eru rýndar og nothæfi þeirra prófað.
- Fara yfir skilagögn ráðgjafahópsins, greinargerðir og uppdrætti.

Miðað er við að þessir verkefnisstjórar hittist vikulega með verkefnisstjóra hverfisskipulags til þess að fara yfir stöðuna, samræma aðgerðir og skiptast á reynslu. Verkefnisstjóri hverfisskipulags kallar saman þessa fundi.

1.3.7 Ráðgjafar – aðkeypt þjónusta

Ráðgjafahópur í hverjum borgarhluta er skipaður þremur sérfræðingum í skipulagsgerð með víðtæka reynslu. Ráðgjafahópur útnefnir einn hópstjóra sem er faglegur ábyrgðaraðili gagnvart verkkaupa.

Meginhlutverk ráðgjafahóps er að vinna verkefnið í samræmi við verkefnislýsingu. Í því felst m.a. að:

- Vinna endurskoðun á verklýsingum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Vinna tillögu að stefnumótun- framtíðarsýn fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta..
- Taka þátt í samráði, fundum og kynningum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Vinna tillögur að skipulagsheimildum – skilmálatöflum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Fullvinna tillögu að hverfisskipulagi fyrir einn borgarhluta.
- Sjá til þess að þau verkefni sem ráðgjafar taka að sér séu í samræmi við verkáætlanir, samninga og góðar vinnuvenjur ráðgjafa.

1.3.8 Sérfræðingar verkkaupa um sérstaka málaflokka

Við tillögugerð í hverjum borgarhluta verður leitað til sérfræðinga Reykjavíkurborgar í þeim málaflokum sem verkefnisstjórn telur að taka þurfi tillit til við skipulagsgerðina. Miðað er við að sömu sérfræðingar komi að vinnu við hverfisskipulag í öllum borgarhlutum til þess að tryggja samræmi í ráðgjöf og upplýsingamiðlun. Meginhlutverk þessara sérfræðinga er að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til ráðgjafahópa sem eru að vinna með hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í faglegri rýni á skilagögnum um sína málaflokka.

2 Hlíðar. Borgarhluti BH03 – almenn lýsing.

2.1 Almenn lýsing

2.1.1 Staðsetning í borginni

Borgarhluti 3 er rétt austan við miðborg Reykjavíkur og afmarkast í vestur af Snorrabraut, Hringbraut og Nauthólsvegi, í austur af Kringlumýrarbraut, í norður af Laugavegi og Hverfisgötu og í suður af strandlengju Fossvogs. Þessi afmörkun borgarhlutans er í samræmi við rammahluta AR2010–2030; Hlíðarendi með aðalíþróttasvæði borgarhlutans og HR svæði eru þar með innan hans. Afmörkun borgarhlutans í vestur hefur verið breytt frá rammahlutakorti AR2010–2030 og nær nú að afmörkun Reykjavíkurflugvallar.

Borgarhluti 3 byggðist upp sem stök býli og síðan hverfiseiningar í fleiri áföngum, allt frá þriðja áratug síðustu aldar og fram á okkar dag. Fyrirhuguð er töluverð uppbygging í borgarhlutanum skv. AR2010–2030. Víða standast deiliskipulagsáætlanir ekki þær kröfur sem nú eru gerðar til deiliskipulags. Mjög hátt hlutfall breytinga og uppbyggingar húsnæðis síðast liðinna áratuga hefur verið á grundvelli grenndarkynntra byggingarleyfisumsókna. M.a. m.t.t. þess er brýnt er að vinna deiliskipulag fyrir borgarhlutann.



Mynd 2. 2 Myndin sýnir afmörkun borgarhlutans (hvít lína) á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

2.1.2 Staðhættir



Mynd 2. 3. Hæðarlínukort, landslag og sérkenni.

"Tvö holt setja svip sinn á svæðið sem hér er til umfjöllunar, annarsvegar Rauðarárholt og hinsvegar Öskjuhlíð. Holt þessi voru fyrrum umkringd mýrum. Á milli þeirra og til austurs lá Kringlumýri og vestan Rauðarárholts var Norðurmýri. Svæðið milli Kringlumýrar og Norðurmýrar kallaðist Breiðamýri. Rauðará eða Rauðarárlækur rann í gegnum Norðurmýri, þar sem nú er Rauðarárstígur og til sjávar í Rauðarárvík, þar sem samnefnt lögbýli stóð. Vestan Öskjuhlíðar voru Seljamýri og Vatnsmýri og í suðaustanverðri Öskjuhlíð var Leynimýri." Úr Byggðakönnun. Minjasafn Reykjavíkur.

2.1.3 Samsetning byggðar.

Byggð er fjölbreytt og gæði umtalsverð. Meirihluti byggðar er íbúðarhúsnæði í litlum fjölbýlishúsum, atvinnuhúsnæði er á norðursvæðum borgarhlutans. Gott aðgengi er að þjónustu og opnum svæðum, en þung umferð er um borgarhlutann. Stór opin svæði eru í borgarhlutanum, þ.e. Öskjuhlíð og Klambratún. Borgarhluti 3 er um 360 ha að stærð, þar eru um 4.200 íbúðir og íbúar um 9.500 talsins. Atvinnuhúsnæði er um 263.000 m^2. Samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er áætlað að fjölga íbúðum um 1.150 í borgarhlutanum og þar af eru 500 íbúðir á Hlíðarenda.

Í borgarhlutanum eru skólar á öllum skólastigum: Hlíðaskóli, Háteigsskóli, Ísaksskóli, Suðurhlíðaskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Klettaskóli, Brúarskóli, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, auk átta leikskóla.

2.1.4 Þróun byggðar

Fyrstu húsin í borgarhlutanum risu rétt austan við Hlemm árið 1927.

Uppbygging stóð síðan yfir með hléum allt fram á níunda áratug síðustu aldar.

Frá þeim tíma má segja að endurskipulagning og endurnýjun hafi hafist nyrst í borgarhlutanum og suðvestast með breyttri landnotkum og byggingum í takt við breytta þróun í borginni. Risið hefur nýtt atvinnuhúsnæði – og íbúðir. Þessi endurbygging stendur sem hæst þessi misserin. Sjá einnig kafla 2.3.



Mynd 2. 4. Skipulagsuppdráttur frá árinu 1947.



Mynd 2. 5. Loftmynd frá árinu 1954.



Mynd 2. 6. Loftmynd frá árinu 1965.



Mynd 2. 7. Loftmynd frá árinu 1979.



Mynd 2. 8 Loftmynd frá árinu 2014.

2.2 Uppbygging og þróun borgarhlutans skv. gildandi Aðalskipulagi



Mynd 2. 9. Borgarhlutinn Hlíðar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er mótuð stefna fyrir Borgarhluta 03 Hlíðar. Þar er gerð ítarleg grein fyrir stefnunni og tekur hún til fjölmargra þátta.

Æskilegur íbúafjöldi í sjálfbærum borgarhluta verði 10 þúsund íbúar eða fleiri og standi undir fjölbreyttum þjónustukjarna, framhaldsskóla og íþróttafélagi.

Aðallandnotkun borgarhlutans er íbúðabyggð, sem skiptist í tvö skólahverfi beggja vegna Miklubrautar. Byggðin og opin svæði eru að mestu í föstum skorðum og yfirbragðið er mjög heildstætt. Í Aðalskipulagi kemur fram að gert er ráð fyrir að íbúðum geti að minnsta kosti fjölgað um 650 auk um 500 íbúða á Hlíðarenda. Atvinnuhúsnæði er talið geta stækkað um allt að 25.000 m^2 til ársins 2030.

Samkvæmt Aðalskipulagi er gert ráð fyrir að kannaðir verði frekari þéttingarmöguleikar á hverfisskipulagsstigi. Aðalskipulagið setur aðeins bindandi stefnu fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

Í samræmi við meginmarkmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 um vistvæna byggð, sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur, aukin gæði byggðar og aðgengi að verslun og þjónustu í heimabyggð verða sett fram stefnuákvæði um borgarhlutann Hlíðar.

2.2.1 Skipting borgarhlutans í hverfi og mismunandi áherslusvæði



Mynd 2. 10. Borgarhluti 3, skipting í hverfi og hverfiseiningar.

Borgarhluta 3 er skipt upp í þrjú hverfi:

- **3.1 Háteigshverfi**, norðan Miklubrautar.
- **3.2 Hlíðahverfi**, sunnan Miklubrautar.
- **3.3 Öskjuhlíðarhverfi**, sunnan Hringbrautar og suðvestan Bústaðavegar.

Hverfin þrjú afmarkast landfræðilega af stofnbrautunum Kringlumýrarbraut, Snorrabraut, Bústaðavegi og Nauthólsvíkurvegi og Menntavegi til austurs og vesturs og til norðurs og suðurs um Miklubraut/Hringbraut og Laugaveg.

Við afmörkun og skilgreiningu hverfis er m.a. litið til stórra umferðaræða, skólahverfis, göngufjarlægða til skóla, aðgengi að þjónustu og verslun ásamt landfræðilegri stærð.

2.2.1.1 Hverfiskjarnar



Mynd 2. 11. Hverfiskjarnar, verslun og þjónusta.

Aðalþjónustukjarnar hverfanna eru skilgreindir í Suðurveri við Stigahlíð, á horni Skipholts og Háteigsvegar og við Hlemm–Rauðarárstíg. Innan kjarnanna er verslun og þjónusta. Við staðarval þjónustu í hverfinu njóti hverfiskjarninn forgangs.

2.2.1.2 Nærþjónusta

Eftirfarandi kjarnar fyrir verslun og þjónustu sem sinna daglegum þörfum íbúa verði einnig festir í sessi: 1) Langahlíð–Miklabraut; 2) Langahlíð–Mávahlíð; 3) Gatnamót Rauðarárstígs og Háteigsvegar.

Fjölbreytt framboð verslunar og þjónustu er að öðru leyti í borgarhlutanum. Þar eru fimm bensínstöðvar/sölur og borgarhlutinn nýtur einnig nálægðar við Kringluna, miðbæinn og Suðurlandsbraut/Múla varðandi þjónustu og verslun. 85% íbúa búa í göngufæri við verslun. Hefðbundið gatnanet tengir verslun og þjónustu heimilum borgarhlutans.

2.2.1.3 Borgargötur



Mynd 2. 12. Borgargötur skv. AR2010–2030.

Lykilgata viðkomandi hverfis. Helstu þjónustukjarnar og stofnanir hverfisins standa við götuna og gatan er gjarnan mikilvægasta samgöngutengingin fyrir alla helstu ferðamáta við næsta hverfi eða borgarhluta. Gata hefur gjarnan sögulegt mikilvægi, sterka ímynd eða er mikilvægur sjónás í borgarlandslaginu. Heitið vísar til hinnar hefðbundnu götu í þéttri byggð þar sem húsið, gatan og opna rýmið mynda órofa heild. Þær götur sem skilgreindar eru sem borgargötur í Aðalskipulaginu uppfylla ekki allar þessa skilgreiningu í dag. Skilgreiningin er hinsvegar til framtíðar, þ.e. að viðkomandi götur þróist sem fjölbreytileg almenningsrými en mikilvægur þáttur í því er að efla tengsl götunnar og þeirra bygginga sem við hana standa. Í hverfisskipulagi skulu götur sem skilgreindar eru sem borgargötur hannaðar heildstætt með aðliggjandi byggð.

Borgargötur innan hverfa hafi forgang þegar kemur að endurhönnun og fegrun gatnaumhverfisins. Stefna um borgargötur innan hvefa verði nánar útfærð í hverfisskipulagi.

Skoða skal skilgreindar götur heildstætt við gerð hverfisskipulags og deiliskipulags og eftir atvikum sem sjálfstæð skipulagsverkefni. Áhersla skal lögð á ásýnd götumynda, vistvænar samgöngur, hönnun og fegrun götusvæðis.

Landnotkun við aðalgötur innan íbúðarbyggðar:

Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gistiheimili í flokki I-III.

Borgarvæðing stofn- og tengibrauta:
Markmiðið er að stofn- og tengibrautirnar *Snorrabraut, Hverfisgata* og *Laugavegur* fái sérstaka skilgreiningu og verði endurhannaðar sem breiðgötur/borgargötur.

Samkvæmt Aðalskipulagi eru eftirfarandi lykilgötur skilgreindar sem borgargötur:

1) Hverfisgata–Laugavegur; 2) Rauðarárstígur að Flókagötu; 3) Stórholt, Skipholt að Háaleitisbraut; 4) Nóatún, Langahlíð að Bústaðavegi; 5) Snorrabraut; 6) Miklabraut frá Stakkahlíð að Snorrabraut; 7) Stakkahlíð frá Hamrahlíð að Háteigsvegi; 8) Hamrahlíð; 9) Háteigsvegur.

Á ofangreindum götum verði sérstök áhersla lögð á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

2.2.1.4 Borgarrými

Í Aðalskipulagi er lögð áhersla á götuna sem borgarrými og leið til að efla vistvænar samgöngur. Bent er á dæmi þar sem veitingastaðir og önnur starfsemi nýta borgarrýmið og ná þannig fram markmiðum um skipulag vistvænni hverfa og hlúið skal að stöðum þar sem fólk hittist og nýtur þess að dveljast.

Skipulag borgarhlutans Hlíða er með þeim hætti að það fellur vel að áherslum Aðalskipulags um borgarrými.

Við skipulag og hönnun verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

2.2.1.5 Hjólaleiðir



Mynd 2. 13. Hjólaleiðir.

Stefna um hjólaleiðir er í samræmi við hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2010 skv. skjalinu Hjólaborgin Reykjavík frá 2010 og endurskoðaða hjólreiðaáætlun 2020, sjá hjolaborgin.is. Við hönnun og útfærslu hjólaleiða verði tekið mið af markmiðum og ákvæðum hjólreiðaáætlunar.

2.2.1.6 Hverfisvernd

Svæði og reitir sem njóta sérstakrar verndar vegna byggðarmynsturs, menningarverðmæta, landslags eða náttúrufars falla undir hverfisvernd. Sjá nánar stefnu um borgarvernd og kafla um náttúru, landslag og útivist í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Á hverfisverndarsvæðum skulu eftirfarandi þættir í náttúrufari og lífríki á eftirtöldum svæðum njóta forgangs við gerð deiliskipulags viðkomandi svæða. Gert er ráð fyrir að svæðin verði gerð aðgengileg fólki á látlausan hátt, svo sem með stígum og upplýsingaskiltum um sérstöðu þeirra. Allri mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum. Við gerð deiliskipulags á grundvelli náttúrufarsúttekta verður metið í hverju tilfelli fyrir sig hvort leita þurfi umsagnar umhverfisstofnunar ef deiliskipulag kallar á framkvæmdir sem geta haft í för með sér rask á jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37 gr. laga um náttúruvernd. Endanleg afmörkun hverfisverndarsvæða er skilgreind í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Svæði sem njóta hverfisverndar í borgarhlutanum eru Öskjuhlíð n1*, sem jafnframt er á náttúruminjaskrá og strandlengjan að Fossvogi, hluti hennar, Fossvogsbakkar f4* eru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999.

2.2.2 Græn svæði

2.2.2.1 Opin græn svæði



Mynd 2. 14. Almenningsgarðar, útivistarsvæði og leiksvæði.

Yfirbragð borgarhlutans er grænt, þar eru stór opin svæði og fjöldi einkagarða við íbúðabyggð. Lítill gróður er í norðurhluta hverfisins við Laugaveg og í Holtunum, á skilgreindu miðbæjar- og miðsvæði. Innan borgarhlutans eru mikilvæg svæði, sem auk þess að þjóna nærumhverfinu þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu, þ.e. almenningsgarðurinn Klambratún og útivistarsvæðið í Öskjuhlíð og við Fossvog. Smærri leiksvæði eru dreifð um borgarhlutann. Útivist og afþreying af ýmsum toga tengd sjónum er stunduð í Nauthólsvík.

Öskjuhlíð og Klambratún eru skilgreindir borgargarðar. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundariðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.

Öskjuhlíð er eitt af stærri útivistarsvæðum í Reykjavík og er notuð til fjölbreyttrar útivistar. Í Öskjuhlíð er mikið af jarðsögulegum og menningarsögulegum minjum. Skógur virðist hafa verið í hlíðinni frá öndverðu. Þar er einnig að finna merki þess að sjávarhæð hafi verið hærri. Þegar gerð Reykjavíkurhafnar hófst 1913 var lögð járnbraut úr hlíðinni niður að höfninni til að flytja efni til hafnargerðarinnar. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarskógur í þéttbýli. Um skóginn liggja fjölmargir stígar þar sem m.a. æfingatæki og upplýsingaskilti hafa verið sett upp. Meginstefna í skipulagi er að svæðið þjóni áfram hlutverki sínu sem eini útivistarskógurinn innan þéttbýlissvæðis borgarinnar. Öskjuhlíð tengir byggðina við strandsvæði í Nauthólsvík og er liður í því að skapa samfelldan vef útivistarsvæða í borginni líkt og markmið um heildarskipulag opinna svæða í Reykjavík fela í sér. Uppbyggingu innan og í jaðri svæðisins skal halda í lágmarki.

Litla-Öskjuhlíð. Hverfisgarður. Gert er ráð fyrir áframhaldandi ræktun á svæðinu.

Klambratún þjónar fjölbreyttu hlutverki borgargarðs í borgarhlutanum. Meginstefna fyrir svæðið er að stuðla að aukinn fjölbreytni á svæðinu og bæta þá aðstöðu sem fyrir er.



Mynd 2. 15. Loftmynd af Klambratúni.

Nauthólsvík er vinsælt útivistarsvæði. Þar eru stundaðar alls kyns vatnaíþróttir, svo sem sjósund, kajakróður, kænusiglingar, seglbrettasiglingar og kappróður. Þar er ylströnd. Siglingafélag ÍTR, Siglunes, Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey og Sportkafarafélag Íslands eru þar með aðstöðu. Stefnumótun fyrir skipulag svæðisins er að halda í, styðja við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins sem sjóbaðs-, útivistar og siglingaaðstöðu.

Hlíðarendi (Valur) er íþróttasvæði borgarhlutans. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins til íþrótta- og kappleikja.

Fossvogskirkjugarður er samgróinn borgarmyndinni með sínum hávaxna trjágróðri og stílhreinu byggingum. Fjölbreyttur trjágróður og mikið fuglalíf gerir garðinn að mikilli náttúruparadís.

Fossvogur. Fossvogsbakkar. Svæðið nær frá Fossvogi út Skerjafjörð að sveitarfélagsmörkum við Seltjarnarnes. Fossvogur er um tveggja kílómetra langur vogur sem gengur til austurs inn úr Skerjafirði. Fyrir liggur deiliskipulag að mestum hluta svæðisins. Stefnumótun fyrir skipulag svæðisins miðar fyrst og fremst að verndun svæðisins ásamt því að skapa betra aðgengi. Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti árið 1999.

2.2.3 Atvinnusvæði



Mynd 2. 16. Atvinnusvæði og stofnanir.

Í jaðri borgarhlutans eru mörg helstu atvinnusvæði Reykjavíkur, Borgartún í norðri, Suðurlandsbraut/Múlar og Kringlan í austri, HR í suðri og Landspítalinn, HÍ og miðborgin í vestri. Þá eru skólar á öllum skólastigum í borgarhlutanum.

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum, sérstaklega við Laugaveg, í Holtunum og í Skógarhlíð. Einkennandi fyrir borgarhlutann er fjöldi menntastofnana, allt frá leikskólastigi að háskóla ásamt fjölda sérskóla og einkaskóla. Stefnt er að frekari atvinnuuppbyggingu á Veðurstofuhæð við Bústaðaveg og við Flugvallarveg og Nauthólsveg.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur eru alls um 5.270 störf í borgarhluta 3 og atvinnuhúsnæðið er 263.600 m^2 að stærð.

2.2.4 Aðrar áherslur

2.2.5 Fastmótuð gróin byggð til endurskoðunar



Mynd 2. 17. Fastmótuð byggð til endurskoðunar, íbúðarbyggð.

Í Aðalskipulagi er mótuð stefna fyrir fastmótaða byggð. Í fastmótaðri byggð má gera ráð fyrir breytingum á núverandi húsnæði, viðbyggingum og öðrum endurbótum, svo og nýbyggingum eftir því sem ákveðið er í hverfis- og/eða deiliskipulagi. Eftirfarandi svæði innan borgarhlutans 03 Hlíðar, eru skilgreind sem fastmótuð byggð þar sem gera má ráð fyrir breytingum.

ÍB13 Norðurmýri. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að mestu upp á 5. áratug 20. aldarinnar samkvæmt séruppdrætti frá 1936 sem má telja fyrsta nútíma deiliskipulagið sem unnið var fyrir hverfi í Reykjavík. Yfirbragð byggðarinnar er almennt mjög heildstætt hvað varðar hæðir húsa, afstöðu bygginga til götu, byggingarstíl og útlit húsa.

ÍB14 Holt-vestur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að mestu upp á 5. og 6. áratug 20. aldarinnar. Á tímabilinu 1986 til 1997 var byggð þétt í hverfinu og voru byggðar um 90 nýjar íbúðir. Yfirbragð byggðarinnar er heildstætt og er stærsti hluti hverfisins byggður upp samkvæmt séruppdrætti frá 1939 sem er meðal elstu deiliskipulagstillagna fyrir hverfi í Reykjavík.

ÍB15 Skipholt. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið byggðist upp að stærstum hluta á seinni hluta 6. áratugarins og á 7. áratugnum. Inn á milli eru nýrri byggingar á einstaka lóð. Svæðið ber nokkuð heildstæðan svip, einkum varðandi hæðir húsa og húsagerðir.

ÍB16 Hlíðar-norður. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið tók að byggjast upp á seinni hluta 5. áratugarins, næst Lönguhlíð og var nokkuð lengi í uppbyggingu eða fram á seinni hluta 7. áratugarins þegar lokið var við byggingu fjölbýlishúsa við Bólstaðarhlíð. Yfirbragð

hverfisins er eftir sem áður nokkuð heilsteypt, einkum hvað varðar hæðir húsa og húsagerðir. Árið 1986 voru byggð sex hæða fjölbýlishús við Bólstaðarhlíð með 66 íbúðum fyrir aldraða.

ÍB17 Hlíðar-vestur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að stærstum hluta upp á 5. áratugnum samkvæmt skipulagi sem drög voru lögð að árið 1945. Elstu húsin standa við Miklubraut en yngsta byggðin er við Háuhlíð og Hörgshlíð. Fjölbýlishúsin við Eskihlíð skera sig nokkuð úr öðrum hlutum hverfisins en annars er yfirbragð hverfisins mjög heildstætt.

ÍB18 Hlíðar-austur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið er í stórum dráttum þrískipt. Næst Miklubraut, við Stigahlíð, er fjölbýlishúsabyggð sem reis undir lok 6. áratugarins. Milli Grænuhlíðar og Hamrahlíðar er sambýlishúsabyggð, sem ber keim af hinu hefðbundna byggðamynstri Hlíðanna. Við Stigahlíð, sunnan Hamrahlíðar, er einbýlishúsabyggð, sem einkum reis á tímabilinu 1963 til 1968 en að nokkru eftir 1984.

ÍB19 Suðurhlíðar. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Suðurhlíðar voru skipulagðar sem íbúðarbyggð í átaki um þéttingu byggðar, upp úr 1980. Hverfið var skipulagt sem heild og er yfirbragð þess mjög heilsteypt.

2.2.6 Þróunarsvæði skv. AR2010–2030 – Svæði til endurskoðunar



Mynd 2. 18. Þróunarsvæði – svæði til endurskoðunar.

Í Aðalskipulagi eru eftirfarandi þróunarsvæði innan borgarhlutans.

Þ29 Háskólinn í Reykjavík. Miðsvæði með áherslu á stofnanir og skrifstofur. Á svæðinu er gert ráð fyrir háskólastarfsemi, rannsóknastofnunum og hátækni- og þekkingarfyrirtækjum, auk íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur. Áætluð aukning á skipulagstímabilinu er 25 þúsund fermetrar atvinnuhúsnæðis og 300 nemendaíbúðir.

Þ31. Holt-Laugavegur. Miðsvæði (M2a, M2b). Fyrst og fremst rýmisfrekar smásöluverslanir, skrifstofur, stofnanir, ýmis ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki, hönnunarfyrirtæki og handverk, hótel og veitingastaðir. Þar sem aðstæður leyfa er íbúðarhúsnæði heimilt, einkum á efri hæðum bygginga. Gert er ráð fyrir all nokkurri þéttingu byggðar á svæðinu, ekki síst í því skyni að skapa heildstæðari götumyndir. Einkum er gert ráð fyrir aukningu íbúðarhúsnæðis eða 250 til 300 íbúðum.

Þ32. Tækniskólinn, Háteigskirkja. Á svæðinu er gert ráð fyrir blöndu stofnana, þjónustu og íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur. Möguleg aukning byggingarmagns er einkum á lóð Tækniskólans.

Þ33. Háskóli Íslands. Menntavísindasvið. Á svæðinu er gert ráð fyrir háskólastarfsemi, rannsóknastofnunum, þekkingarfyrirtækjum og íbúðarhúsnæði fyrir nemendur. Innan svæðisins er einnig að finna grunnskólastofnanir. Gert er ráð fyrir aukningu byggingarmagns í samræmi við þarfir og þróun háskólans og grunnskóla á svæðinu. Á svæði sem liggur frá Stakkahlíð að núverandi íbúðum eldri borgara við Bólstaðarhlíð er gert ráð fyrir um 50 íbúðum fyrir eldri borgara og um 100 námsmannaíbúðum.

Þ34 Skógarhlíð. Miðsvæði (M7). Blanda skrifstofa, þjónustu og stofnana. Gert er ráð fyrir að matvöruverslun og smásöluverslun geti komið á svæðið. Léttur iðnaður, heimill. Áætluð aukning byggingarmagns 10-15 þúsund fermetrar.

Þ35 Veðurstofuhæð. Skrifstofur og stofnanir. Áætluð aukning byggingarmagns um 5-10 þúsund fermetrar.

5 Deiliskipulag, einkum fyrir opinbera starfsemi/samfélagsþjónustu. Yfirleitt ekki íbúðarsvæði. Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman.

5 Tækniskólinn/Háteigsskóli

3.1.4 Stefna, markmið og áherslur fyrir Háteigshverfi

3.1.4.1 Samfélag

Í Háteigshverfi er staðan góð hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu. Stór hópur fólks á barneignaraldri býr í hverfinu og verður lögð áhersla á að skapa góð skilyrði fyrir fjölskyldufólk, m.a. með aukningu stærra íbúðarhúsnæðis og öryggis í umferð s.s. með skilgreiningu öruggra hjólaleiða.

Áhersluatriði varðandi samfélagslega þætti í hverfisskipulagi:

- Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldurssamsetning.
- Íbúaþéttleiki.
- Skólahverfið.
- Húsnæði fyrir alla.
- Atvinna / Störf.
- Framboð verslunar og þjónustu.
- Framboð á matvöruverslunum.
- Öryggi og heilsa.
- Þátttaka íbúa.

3.1.4.2 Gæði byggðar

Í hverfinu er verslun og þjónusta almennt í göngufæri, en hjóla- og gönguleiðir verða styrktar. Vegna nándar við verslun og þjónustu munu íbúar að öllum líkindum nýta sér vistvæna ferðamáta til að sækja þá staði og dregur þannig úr þörf einkabílsins. Stefnt er að því að koma lágvöruverslun í hverfið.

Áhersluatriði er varðar gæði byggðar í hverfisskipulagi:

- Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur.
- Byggðamynstur.
- Göngufjarlægðir (gönguhæfni).
- Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur).
- Almenningsrými.
- Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun).
- Gróðurþekja.
- Borgarbúskapur.
- Hönnun og arkitektúr.
- Staðarandi.

Gæði byggðar liggja að stórum hluta í því hvernig rýmið milli bygginganna er, þ.e. götur og almenningsrými. Til að auka gæði byggðar í hverfinu er mikil áhersla lögð á víðtæka notkun gatna og almenningsrýma. Borgarvæðing stofn- og tengibrauta gegnir þar mikilvægu hlutverki. Jafnframt því sem götur verði endurhannaðar með það að markmiði að gera þær fallegri og draga úr umferðarhraða, verði Klambratún sem er einn mikilvægasti borgargarður Reykjavíkur, styrkt með markvissum aðgerðum.

Almenningsrými og græn svæði



Mynd 3. 3. Almenningsrými og græn svæði.

Hverfisskipulag leggur ríka áherslu að hlúð verði að grænum svæðum í hverfinu.

1. Klambratún

Skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulagi. Stefnt að aðgerðum í samræmi við áherslur á mörgum samráðsfundum og þarfagreiningu.



Uppbygging þjónustu/aðstöðu í tengslum við útivistarsvæðið, einkum nyrst í garðinum. Nefna má félagsmiðstöð ungmenna, útvíkkaða „skólalóð“ Háteigsskóla og þjónustumiðstöð Hlíða.

3.1.4.3 Samgöngur

Áhersla í hverfisskipulagi er á hjólandi umferð, strætó, tengingar við aðliggjandi svæði og umferðaröryggi gangandi og hjólandi. Auk þess verður litið til útfærslu og stýringar á gatnamótum, m.a. með tilliti til ofangreindra áherslna.

Hjólandi umferð

Í Háteigshverfi eru skilgreindar hjólaleiðir, en þær eru ekki afmarkaðar sérstaklega. Í hverfisskipulagi verður lagt mat á þörf þess að afmarka leiðirnar. Flokkar sem litið er til eru skv. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar:

- Sérstakar hjólabrautir: Athuga með Lönguhlíð, Snorrabraut og Miklubraut.
- Hjólareinar: Athuga með Flókagötu, Rauðarárstíg og Skipholt.
- Einfaldar hjólamerkingar: Athuga með Flókagötu og Skipholt.

Strætó

Strætósamgöngur eru góðar í hverfinu. Í hverfisskipulaginu verður litið til útfærslu biðstöðva, þ.e. hvort þörf sé á að bæta aðbúnað. Í skipulagsvinnu verður lagt mat á hvort biðstöð þurfi að vera yfirbyggð eða einfaldari útfærsla dugi eða henti frekar.

Jafnframt verður í hverfisskipulaginu horft til þróunar á Hlemmi, þ.e. hvort og hvers konar skiptistöð sé ráðgerð þar í framtíðinni.

Tengingar við aðliggjandi svæði

Hverfið er afmarkað af umferðarþungum stofn- og tengivegum, sem eru Laugavegur, Snorrabraut, Kringlumýrarbraut og Miklabraut. Á aðliggjandi svæðum eru þjónustusvæði sem íbúar sækja, s.s. Kringlan, Laugardalur, Öskjuhlíð, Hlíðarendi og miðborgin. Víða eru gönguljós, en mikilvægt er að skoða mögulegar aðgerðir til að bæta tengingar hverfisins. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort annars konar útfærsla henti betur s.s. undirgöng og göngubrýr.

Umferðaröryggi

Flest umferðaróhöpp í hverfinu eru á Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Laugavegi og Snorrabraut. En auk þeirra eru nokkur á Lönguhlíð og Flókagötu. Í hverfisskipulagi verður lögð áhersla á að stuðla að auknu öryggi og þá sérstaklega gangandi og hjólandi. Hluti af aðgerðum snúa að merkingum hjólaleiða og tenginga hverfisins. Sérstök áhersla verður lögð á þveranir umferðargatna. Í hverfisskipulagi verður farið yfir staðsetningu núverandi þverana, hvort eigi að breyta þeim eða fjölga. Þá verði litið til hvers konar þveranir séu ákjósanlegastar. Innan hverfisins verði sérstaklega litið til Lönguhlíðar m.t.t. umferðar skólabarna og aðgengi að Klambratúni.

Aðgerðir vegna umferðarhávaða og -mengunar

Mikil umferð er um Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Lönguhlíð. Í hverfisskipulagi verður litið til mögulegra aðgerða til að draga úr áhrifum umferðarhávaða, umfram það sem felst í að breyta ferðavenjum. Sérstaklega verður litið til íbúðarbyggðar við eftirfarandi götur:

- Syðri hluta Snorrabrautar.
- Lönguhlíð/Nóatún.
- Kringlumýrarbraut, þ.e. fjölbýlishúsin við Bólstaðarhlíð sem standa næst Kringlumýrarbraut.
- Miklabraut. Annars vegar íbúðarbyggðin við Skaftahlíð á milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar, og hins vegar við Bollagötu.

Í hverfisskipulaginu verður lögð til aðgerðaráætlun m.t.t. hávaða og mengunar, sem verður unnin í samráði við umhverfis- og skipulagssvið. Hluti af áætluninni getur verið mælingar á hávaða og loftmengun.

Bílastæði
Bindandi stefna AR 2010–2030 er að í borgarhluta 03 skuli miða við:

- 1 bílastæði á 120 m2 íbúð.
- 0,2 bílastæði á námsmannaíbúð.
- 1 bílastæði að hámarki á 50 m2 atvinnuhúsnæðis.
- Eingöngu bílastæði fyrir starfsfólk og hreyfihamlaða við framhaldsskóla.
- Stæði fyrir reiðhjól eða hjólageymslu fyrir a.m.k. 1 reiðhjól á hverja íbúð.
- Hjólastæði við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsmanna skóla. Helmingur stæða skal vera yfirbyggður.
- Stæði fyrir reiðhjól skulu vera að lágmarki 6 á hverja 1.000 m^2. Hjólastæði skulu vera sem næst inngangi.

3.1.4.4 Vistkerfi og minjar

Áhersla er lögð á upprunalegan gróður, jarðmyndanir, ofanvatn og menningarminjar.

Gróin svæði
Við skipulag hverfisins verður svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er. Þar er um að ræða lóðina við Sjómannaskólann (Tækniskólann), Háteigskirkju og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Jarðmyndanir
Í hverfisskipulaginu verður tekið tillit til þeirra grágrýtisklappa sem enn eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Sérstaklega á þetta við þar sem um þróunarsvæði er að ræða, við Sjómannaskólann og Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ofanvatn
Almennt er talið ákjósanlegast að ofanvatn hripi niður í jarðveginn og skila sér þannig í náttúrulega hringrás vatnsins í stað þess að því sé veitt um fráveitu til sjávar. Gegndræpi yfirborðs í hverfinu er á bilinu 25–50% í dag og mun verða leitað leiða í skipulagi hverfisins til að halda þessu hlutfalli eða auka það. Ef gengið verður á gegndræpt yfirborð þarf að huga að mögulegum ofanvatnslausnum.

Menningarminjar
Fjölmörg hús og mannvirki í hverfinu hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og verður leitast við að undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu.

3.1.4.5 Orka og auðlindir

Í hverfisskipulaginu verður áhersla lögð á að byggja upp á vannýttum eða þegar röskuðum svæðum, leggja fram stefnu um orku- og vatnsnotkun í nýrri byggð og stuðla að árangursríkri úrgangsstjórnun.

Nýting lands

Í skipulagsvinnu verður áhersla lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á óraskað land. Almennt verður litið til tegundar lands sem tekið verður undir möguleg uppbyggingarsvæði. Stefnt er að því að nýta þegar raskað land eða vannýtt. Á þetta við um þróunarsvæðin skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur, sem í þessu hverfi eru:

- Holt og Laugavegur (Þ31).
- Háteigskirkja/Tækniskólinn (Þ32).
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands, o.fl. (Þ33).

Orku- og vatnsnotkun
Í hverfisskipulaginu verða lagðar fram áherslur og leiðarljós við uppbyggingu nýrrar byggðar sem taki mið af því að stuðla að bættri orku- og vatnsnýtingu.

Úrgangsstjórnun

Í hverfisskipulaginu verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir endurvinnslugáma og mögulegar flokkunarstöðvar fyrir nýja byggð. Við staðsetningu slíkra stöðva verði litið til vegalengda og mögulegra grenndaráhrifa.

3.1.4.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

3.1.4.7 Náttúruvá

Háteigshverfi stendur fremur hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Því er ekki lögð sérstök áhersla á náttúruvá í hverfisskipulagi.

3.1.4.8 Aðrar áherslur

3.1.4.9 Þróunarsvæði



Mynd 3. 4. Þróunarsvæði og athugunarsvæði í Háteigshverfi 3.1.

Aðalskipulag skilgreinir eftirfarandi svæði sem þróunarsvæði í Háteigshverfi:

Þ30. Hlemmur. Miðborg. Verslunarsvæði í miðborg.

Þ31. Holt – Laugavegur. Verslun, þjónusta, íbúðir.

Þ32. Tækniskólinn – Háteigskirkja. Stofnanir, þjónusta, íbúðir.

Þ33. Háskóli Íslands. Menntavísindasvið. Menntastofnanir, íbúðir.

Þ36. Einholt–Þverholt. Íbúðarhúsnæði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæðum. Gert ráð fyrir 250 íbúðum. Áhersla lögð á samfellda byggð með 4–6 hæða byggingum.

Þ37. Ásholt. Íbúðarhúsnæði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæð. Gert ráð fyrir 100 nemendaíbúðum. Randbyggð með 3–5 hæða byggingum.

3.1.4.10 Athugunarsvæði



Mynd 3. 5. Þróunarsvæði og hugmyndir að athugunarsvæðum í Háteigshverfi 3.1.

Auk skilgreindra þróunarsvæða skv. Aðalskipulagi er lagt til að eftirfarandi svæði verði tekin til athugunar í hverfisskipulagi:

1. Klambratún. Menningar- og félagstarfsemi.

Tillögur að nýjum aðal- og borgargötum

Í Aðalskipulagi eru sett fram hugtökin borgargata og aðalgata um götur sem gegna margþættu hlutverki í borgarlandslaginu. (bls 166 AR2010–2030). Borgar-/aðalgötur eru skilgreindar sem þróunarsvæði Þ38 í Aðalskipulagi.

Landnotkun við aðalgötur innan íbúðarbyggðar

Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gistiheimili í flokki I–III.

Borgarvæðing stofn- og tengibrauta



Mynd 3. 6. Borgargötur og athugn umferðarmannvirkja.

Markmiðið er að stofn- og tengibrautirnar *Snorrabraut, Hverfisgata og Laugavegur* fái sérstaka skilgreiningu og verði endurhannaðar sem breiðgötur/borgargötur.

Í AR2010–2030 eru settar fram tillögur að eftirfarandi götur verði borgar-/aðalgötur:

- **BA1** Miklabraut frá Snorrabraut að Lönguhlíð.
- **BA2** Snorrabraut.
- **BA3** Langahlíð og Nóatún.
- **BA4** Stakkahlíð.
- **BA5** Stórholt að Þverholti.
- **BA7** Háteigsvegur.
- **BA8** Skipholt og Háaleitisbraut að Kringlumýrarbraut.
- **BA9** Laugavegur
- **BA10** Rauðarárstígur frá Hlemmi að Flókagötu.

Hugmyndir að athugun á nýjum borgar-/ aðalgötum

Hverfisskipulag setur fram hugmynd um að eftirfarandi götur og umferðarmannvirki verði tekin til athugunar:

NBA2 Flókagata frá Snorrabraut að Rauðarársstíg

Framlenging og tenging við borgargötur sem eru skilgreindar í rammahluta AR2010–2030. Fyrrum verslunarhúsnæði við götuna, í samræmi við skipulag Norðurmýrar, sem breytt hefur verið í íbúðir mætti endurvekja. Fyrstu gistiheimili í Norðurmýrarhverfi komu við Flókagötu vestanverða.

NBA1 Miklabraut frá Stakkahlíð að Kringlumýrarbraut

Athugunarsvæði.

2. Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur

Endurskoðun mislægra gatnamóta Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur er nauðsynleg til samræmis við stefnu AR2010–2030 um borgarvæðingu stofn- og tengibrauta og uppbyggingu í Vatnsmýri.

Úr AR 2010 – 2030: Gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar og mögulegar stokka- og jarðgangalausnir á Miklubraut.

Í Aðalskipulagi er gerður fyrirvari um gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar og mögulegar stokka- og jarðgangalausnir á Miklubraut.

„Kannaður verði möguleiki á stokk/jarðgöngum undir Miklubraut. Markmið með gerð stokks eða jarðganga undir Miklubraut er að draga úr umhverfisáhrifum umferðar og bæta borgarbrag í aðliggjandi hverfum, fremur en til að auka afkastagetu Miklubrautar.“

3.1.5 Fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir í Háteigshvefi 3.1



Mynd 3. 7. Deiliskipulag í gildi (ljósblá svæði), skilmálar (blá svæði) og heimildir, breytingar á heimildum (rauðstrikuð svæði).

Mikilvægur hluti af vinnu við hverfisskipulag er að sameina gildandi deiliskipulagsáætlanir almennum skilmálum í nýju hverfisskipulagi. Með gildistöku hverfisskipulagsins falla allar eldri deiliskipulagsáætlanir úr gildi og í staðinn koma skilmálar í nýju hverfisskipulagi.

Töflurnar að neðan gefa yfirlit yfir deiliskipulagsáætlanir, samþykktar breytingar og skilmála.

Skipulagsleg staða – Greining á núverandi skilmálum og heimildum fyrir hvert deiliskipulag sem er í gildi				
Staðgreinir (nr.)	Heiti á deiliskipulagi/ uppdráttum/skilmálum	Samþykkt í borgarráði eða borgarstjórn	Dags. breytingar	Fylgir skilmálahefti? Fjöldi uppdrátta? Annað ?
3.1	**Háteigshverfi**			
	Hlemmur			
1.240.0	Hlemmur	19.10.2004		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringamyndum.
	Laugavegur 103		29.11.2006	Deiliskipulagsbreyting 19.10.2004. Breyting á einu húsi. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringarmyndum.
262	**Tryggingastofnunarreitur**			
1.240.1	Tryggingastofnunarreitur		20.7.2006	Breyting á deiliskipulagi 04.11.1975. Uppbygging íbúðarhúsnæðis í stað iðnaðarhúsnæðis. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringarmyndum.
263	**Bankareitur**			
1.240.2	Bankareitur	20.7.2006		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringarmyndum.
264	**Brautarholt – Skipholt**			
	Stórholt	13.2.1948		Tveir skipulagsuppdrættir.
	Stangarholt		20.11.1984	Fjölbýlishús og dagheimili. Afstöðumynd, snið og skýringamyndir.
264	**Hampiðjureitur**			
1.241.0 1.241.1	Hampiðjureitur	20.7.2006		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringarmyndum.

1.241.0 1.241.1	Mjölnisholt 12 og 14		23.1.2007	Breyting á deiliskipulagi 20.07.2006. Breytt lögun byggingar og heimild fyrir íbúðarhúsnæði. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringarmyndum.
266	**Rauðarárholt**			
	Rauðarárholt	16.6.1987		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skuggavarpi, skýringarmyndum. (Ath. síðari tíma breytingar vantar, eða heimildi fyrir háhýsi).
267	**Skipholt 11–13 og Brautarholt 10 – 14**			
1.242.301	Brautarholt 10–14/Skipholt 11–13		17.1.2007	Breyting á deiliskipulagi 06.10.1998. Breytt lóðamörk.
1.242.3	Skipholt 11–13		17.1.2008	Breyting á deiliskipulagi 17.01.2007.Breytt landnotkun og aukið byggingarmagn.
268	**Egilsborgarreitur**			
1.244.2	Egilsborgarreitur	23.3.2006		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndum og skuggavarpi.
269	**Þverholt – Rauðarárstígur**			
	Rauðarárstígur 25	13.11.1990		Byggingarleyfisumsókn um hækkun skrifstofubyggingar utanríkisráðuneytisins.
	Rauðarárstígur 27	12.12.1989		Afstöðumynd byggingarleyfisumsóknar fyrir skrifstofu- og þjónustuhús.
270	**Skipholtsreitur**			
	Skipholtsreitur	12.11.2002		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndum og tölulegum upplýsingum.
	Skipholt 23		21.1.2009	Breyting á deiliskipulagi 24.10.2007. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndum og tölulegum upplýsingum.
	Skipholt 23		24.10.2007	Breyting á deiliskipulagi 12.11.2002. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndum og tölulegum upplýsingum.
	Brautarholt 24		9.3.2005	Breyting á deiliskipulagi 12.11.2002. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum.
271	**Laugavegur 170–174 (Hekla)**			
	Laugavegur 170–174 (Hekla)	7.7.1987		Afstöðumynd með fyrirkomulagi bílastæða og stækkun húsnæðis.
272	**Laugavegur 180–182**			
	Laugavegur 180–182	20.7.1999		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum fyrir bensínstöð og skrifstofubyggingu.
273	**KHÍ – Sjómannaskóli**			
	KHÍ og Sjómannaskólinn	10.9.1996		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, tölulegum upplýsingum og skýringamyndum.
	Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli		18.10.2013	
	Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli		6.3.2009	Breyting á deiliskipulagi 10.9.1996. Boltagerði.
	Háteigsvegur 43		1.3.2006	Breyting á deiliskipulagi 20.01.2004. Afmörkun lóðar fyrir vatnatanka Orkuveitu Reykjavíkur.
	Kennaraháskóli Íslands		19.1.2005	Breyting á deiliskipulagi 10.9.1996. Breytt lóðarmörk. Nemendaíbúðir og spennistöð verði utan lóðar HÍ.
	Sjómannaskólinn		20.1.2004	Breyting á deiliskipulagi 10.9.1996. Ófullnægjandi uppdráttur, skilmálar ólæsilegir.
			11.5.1999	Breyting á deiliskipulagi 10.9.1996. Breytt lóðarmörk. Nemendaíbúðir og leikskóli.

	Lóð HÍ, Stakkahlíð, dreifistöð		10.4.2002	Breyting á deiliskipulagi 10.9.1996. Lóð fyrir dreifistöð.
274	**Háteigskirkja**			
	Háteigskirkja	12.5.1992		Afstöðumynd byggingarleyfisumsóknar fyrir safnaðarheimili.
	Háteigskirkja		15.12.1992	Afmörkun lóðar Háteigskirkju.
275	**Bólstaðarhlíð**			
	Bólstaðarhlíð	14.3.1961		Skipulagsuppdráttur
	Lokun Bólstaðarhlíðar		4.6.2009	Deiliskipulagsbreyting 20.06.1989. Lokun götu á móts við lóð nr. 38. Uppdráttur með skilmálum.
	Bólstaðarhlíð breyting		20.6.1989	Tillaga að mjókkun götu.
	Bólstaðarhlíð 29		15.6.1999	Byggingarleyfisumsókn fyrir bílskúr.
	Bólstaðarhlíð 38		26.4.1988	Afstöðumynd byggingarleyfisumsóknar fyrir leikskóla.
	Bólstaðarhlíð (38) 40–50	3.7.1973		Skipulagsuppdráttur fyrir fjölbýlishús, dagheimili og gæsluvöll.
	Bólataðarhlíð 20, Ísaksskóli		26.10.2005	Breyting á deiliskipulagi 1.11.1988. (Uppdrátt vantar) Byggingarreitur fyrir færanlega kennslustofu.
	Skaftahlíð 31		17.8.1999	Byggingarleyfisumsókn fyrir bílskúr.
	Skaftahlíð 26		6.4.1993	Byggingarleyfisumsókn fyrir bílskúr.
	Skipholt 52		18.5.1976	Ný tvíbýlishúsalóð. (Upprunalegan skipulagsuppdrátt fyrir hverfiseininguna vantar).
	Skipholt 62, 66 og 68		23.7.1999	Deiliskipulagsbreyting 1961. (Upprunalegan skipulagsuppdrátt fyrir hverfiseininguna vantar). Byggingarreitir og skilmálar endurskilgreindir.
xxx	**Norðurmýri**			
	Norðurmýri	1.7.1987		Rammaskilmálar (gögn vantar)
	Norðurmýri		8.12.1987	Breyting á rammaskilmálum júlí 1987. Heimilað að hækka þak sunnan Skeggjagötu. Heimilt að byggja útbyggingar eða svalir á suðurhlið í stil við hús og í sátt við nágranna.
xxx	**Einholt Þverholt**			
	??			Skipulag vantar, er merkt á skipulagssjá
168	**Hlíðar**			
	Hlíðar heildarskipulag	1945		„Hlíðahverfi“ Skipulagsuppdráttur. Langahlíð, Flókagata, Stakkahlíð og Hamrahlíð.

3.1.6 Mæliblöð

Deiliskipulagsuppdrættir eru nokkuð skýrir hvað útfærslur á lóðum varðar. Mæliblöð kveða nánar á um stærðir og nákvæma útfærslu, t.d. á bílastæðum.

3.2 Matslýsing sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Notast er við gátlista við mat á visthæfni byggðar. Gátlistinn er fylgiskjal númer 1. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er fjallað um Háteigshverfi.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006 er kveðið á um að hafa þurfi samráð við skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Mat á umhverfisþáttum er hér sett fram sem hluti af almennri lýsingu fyrir gerð hverfisskipulags.

Ákveðið var að vinna mat á umhverfisþáttum sem hluta af grunnvinnu fyrir hverfisskipulagsgerðina þrátt fyrir að ekki sé lögformlega skylt að gera matslýsingu og umhverfismat fyrir áætlunina þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Stefnumið og aðferðir við umhverfismat

Nálgun skipulagsvinnu og matsvinnu er að gera yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar (sjá fylgiskjal 1) og stefnu borgaryfirvalda um skipulag vistvænna hverfa sem sett er fram í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og öðru því sem viðkemur skipulagi borgarhlutans og stöðu hans innan borgarinnar. Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

- Samfélag.
- Gæði byggðar.
- Samgöngur.
- Vistkerfi og minjar.
- Orka og auðlindir.
- Mannvirki.
- Náttúruvá.

3.2.1 Grunnástand

3.2.1.1 Samfélag

3.2.1.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Aldursdreifing íbúa í Háteigshverfi er almennt svipuð í Reykjavík að því undanskildu að aldurshópurinn 6–12 ára er talsvert minni en í öðrum hverfum Reykjavíkur og elsti aldurshópurinn, 67+, er einnig heldur minni. Aldurshópurinn 25–34 ára sker sig úr varðandi fjölda með 23–27% Háteigshverfi en 16% í Reykjavík í heild. Hlemmur er frábrugðinn hinum hlutum hverfisins, þar eru færri börn og fleiri einstaklingar í hópnum 35–66 ára.

Íbúar	Háteigshverfi 3.1	Hlutfall	Borgarhlutinn 03	Hlutfall
Yngri en 5 ára	451	7,8%	840	8,1%
6–12 ára	373	6,5%	726	7,0%
13–16 ára	183	3,2%	414	4,0%
17–24 ára	623	10,8%	1.178	11,4%
25–34 ára	1.303	22,6%	2.177	21,1%
35–66 ára	2.300	39,9%	4.080	39,5%
67 ára og eldri	533	9,2%	911	8,8%
Alls	5.766		10.326	

3.2.1.1.2 Íbúaþéttleiki

Íbúaþéttleiki hverfisins er mestur í Norðurmýri eða yfir 80 íbúar/ha, en annars staðar í hverfinu er hann 40–60 íbúar/ha. Að meðaltali er þéttleikinn 52,4 íbúi/ha sem er í lægri kantinum samkvæmt viðmiðum í gátlista Reykjavíkurborgar um vistvæna byggð. Ef Klambratún er dregið frá flatarmáli hverfisins er íbúaþéttleikinn 111 íbúar/ha sem er gott. Uppbygging sem nú stendur yfir í Einholti/Þverholti, á Hampiðjureit og síðan Brautarholti mun breyta þessum tölum eitthvað þar sem við bætast um 450 íbúðir.

3.2.1.1.3 Skólahverfið

Samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjónar Háteigsskóli a.m.k. 2880 íbúðum sem er langt yfir því viðmiði sem gefið er upp í gátlista fyrir einkunnina gott (1200–1300 íbúðir). Það sem ekki kemur fram er hvort skólinn anni öllum þessum fjölda. Ástand skólahverfis fær því enga einkunn vegna óvissuþáttar. Með byggingu nýrra íbúða sbr. kafla 5.2.1.2. verður fjöldi íbúða í skólahverfinu enn meiri og þörfin fyrir viðbyggingu/nýjan skóla enn brýnni.

3.2.1.1.4 Húsnæði fyrir alla

Miðað við tölur fyrir Reykjavík alla er skortur á íbúðum með fjórum herbergjum eða fleiri í hverfinu en að öðru leyti er herbergjafjöldi í samræmi við Reykjavík í heild. Í hverfinu eru fá einbýlishús, stór fjölbýlishús og raðhús. Hverfið kemur vel út hvað varðar lítil fjölbýli og parhús og tvíbýli. Litlar upplýsingar liggja fyrir um fjölda leiguíbúða í hverfinu, þó er vitað að þar eru 109 stúdentaíbúðir sem eru 7% af íbúðafjölda.

3.2.1.1.5 Atvinna / Störf

Fremur stutt er í stóra vinnustaði frá hverfinu sem er fyrst og fremst vegna hentugrar staðsetningar hverfisins gagnvart mörgum stórum vinnustöðum og svæðum þar sem mikið er um atvinnuhúsnæði.

3.2.1.1.6 Framboð verslunar og þjónustu

Meðalgöngufjarlægð í næstu matvöruverslun er á bilinu 400–800 m. Nokkrar litlar matvöruverslanir eru inni í hverfinu og ein lágvöruverslun er við Skipholt.

3.2.1.1.7 Öryggi og heilsa

Umferðaröryggi inni í hverfinu er gott, um 90–100% gatna í hverfinu eru með 30 km hámarkshraða og göngu- og hjólaleiðir barna í skóla eru öruggar. Gata við opið leiksvæði í Vatnsholti er þó með hærri hámarkshraða á milli Skipholts og Vatnsholts skv. upplýsingum úr grunngögnum. Leiksvæði við Meðalholt er ekki merkt og er nokkuð falið í umhverfinu sem gæti skapað hættu á að bílstjórar gái ekki að sér.

Hverfið er rammað inn af stórum umferðargötum, Miklubraut, Lönguhlíð, Snorrabraut og Kringlumýrarbraut. Fleiri alvarleg slys verða á Miklubraut í Hlíðum en á öðrum svæðum. Þá þarf að kanna hvort gera þurfi úrbætur á þverunum yfir Lönguhlíð. Almennt er hraði á Miklubraut orsakavaldur slysa sem þar verða auk mikils fjölda bíla sem þar fer um.

Gangstéttir eru víðast hvar í hverfinu. Stígar liggja helst utan um hverfið en ekki innan þess. Líklega er gert ráð fyrir því að hjólað sé á götu eða á gangstétt innan hverfis.

3.2.1.1.8 Þátttaka íbúa

Almennt samráð við íbúa í borgarhlutanum.

3.2.1.1.9 Samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Góð staðsetning hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu	Aldurshópurinn 25–34 er stór, hætta er á að sá hópur flytjist burt þegar stofnuð er fjölskylda því lítið framboð er af stærra húsnæði. Hverfisskólinn annar ekki hverfinu.
Tækifæri	Ógnanir
Skipuleggja byggð með stærri íbúðum. Skilgreina hjólaleiðir í gegnum hverfið.	Stórar umferðargötur umkringja hverfið.

3.2.1.2 Gæði byggðar

3.2.1.2.1 Tilurð byggðarinnar saga og menningararfur

Svæðið sem hér kallast Háteigshverfi tilheyrði jörðinni Rauðará sem fyrst er getið í heimildum árið 1365. Búskapur var stundaður á bænum Rauðará til ársins 1960. Mótekja var

í Norðurmýri um miðja 19. öld og svo aftur á árum fyrri heimsstyrjaldar þegar eldsneytisskortur var mikill. Grjótnám var í Rauðarárholti í byrjun 20. aldar og sjást ummerki þess m.a. við Sjómannaskólann. Fyrsta mannvirkið á holtinu var vatnsgeymir sem byggður var 1917 eftir brunann mikla til að tryggja vatnsþrýsting og vatnsframboð. Annar geymir og viti voru byggðir á holtinu um 1930, Sjómannaskólinn 1942–1945. Á 3. og 4. áratugnum voru þar fiskþurrkunarreitir og stakkstæði. Aðalleiðin austur í þvottalaugarnar í Laugardal lá um Rauðará í lok 19. aldar, þar sem nú er Hlemmur. Nokkur erfðafestubýli voru reist í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar og voru mýrarnar vinsæl ræktunarsvæði. Dæmi um erfðafestubýli sem enn standa er húsið Háteigur (nr. 36 við Háteigsveg en gatan dregur nafn sitt af býlinu). Á hernámsárunum voru braggahverfi í hverfinu. Íbúðarbyggð við Hlemm og Norðurmýri fór að rísa á þriðja áratug síðustu aldar en iðnaðarhúsnæði byggðist eitthvað fyrr í holtunum (Minjasafn Rvk. Byggða- og húsakönnun 2013). Um helmingur bygginga í hverfinu hefur einhvers konar menningarlegt gildi. Í húsakönnun 2013 er lagt til að hluti verði hverfisverndaður, hluti fái byggðarmynstursvernd og ákveðnar götumyndir verði verndaðar. Kennileiti í hverfinu eru t.d. Kjarvalsstaðir, Háteigskirkja og Sjómannaskólinn (Tækniskólinn).

3.2.1.2.2 Byggðarmynstur

Íbúðaþéttleiki í hverfinu er í lágmarki miðað við viðmið gátlista, þrátt fyrir að Klambratún sé dregið frá frá flatarmáli hverfisins. Þéttleikinn mælist að meðaltali 26 íbúðir/ha. Hæð húsa er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í Aðalskipulagi. Algengast er að hús séu 3–5 hæðir en því næst 1–2 hæðir. Hærri hús eru á stöku stað við Laugaveg og Bólstaðarhlíð.

3.2.1.2.3 Göngufjarlægðir

Áætlað er að um 70–80% íbúa sé í 400 m göngufjarlægð frá verslun og þjónustu. Klambratún er vel til þess fallið að vera samkomu- og samverustaður íbúa. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir gangandi og hjólandi í umhverfi verslana og þjónustu.

3.2.1.2.4 Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)

Húsin í hverfinu snúa almennt vel við sólu, umferðarhraði er takmarkaður og framhliðar húsa snúa að götu. Bílastæði eru samhliða götunum en hjólastígar eru fáir.

3.2.1.2.5 Almenningsrými

Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir hjólandi vegfarendum í umhverfi verslana og þjónustu. Heimili og verslun tengjast vel með neti gönguleiða og öruggum gönguleiðum yfir götur. Ef reiknað er heildarflatarmál opinna svæða og því deilt niður á íbúa hverfisins kemur í ljós að svæðið er minna en 240m^2/íbúa þrátt fyrir Klambratún og fleiri minni svæði. Samkvæmt einkunnagjöf í gátlista lendir þessi flokkur undir lágmarki. Meðalgöngufjarlægðir í borgargarð/strandsvæði sem er yfir 10 ha og í hverfisgarð sem er 5–10 ha er á bilinu 400–750 m, það gefur einkunnina æskilegt. Hins vegar er meðalgöngufjarlægð í leik- og dvalarsvæði minni en 5 ha á bilinu 300–400 m sem telst í lágmarki. 90–95% íbúa búa innan við 300 m frá opnu svæði eða almenningsrými sem er stærra en 2000 m^2.

3.2.1.2.6 Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun)

Upplýsingar liggja ekki fyrir. Athuga þarf hvort trjágróður í görðum sé farinn að skyggja of mikið á sólu í þéttum hverfishlutum eins og Norðurmýri.

3.2.1.2.7 Gróðurþekja

Gróðurþekja í hverfinu er í lágmarki eða á bilinu 41–50%. Til þess að teljast góð þarf hún að vera 61–70%.

3.2.1.2.8 Borgarbúskapur

Engin aðstaða til borgarbúskaps er í hverfinu.

3.2.1.2.9 Hönnun og arkitektúr

Sjá kafla 2.2.2.1. Norðurmýrin og hluti Rauðarárholts hefur heildstæða ásýnd og eru húsin byggð í fúnkísstíl.

3.2.1.2.10 Staðarandi

Helst er um áhugaverða sjónása eftir Lönguhlíð í átt til fjalla að ræða. Aðrir sjónásar upphefja ekki sérstaklega byggingar eða önnur kennileiti í hverfinu. Byggingar á svæðinu eru almennt fremur lágar og er Norðurmýrarskipulagið dæmi um það hvernig taka á sérstaklega tillit til birtuskilyrða. Nyrst á svæðinu, í halla mót norðri, þarf að taka tillit til skuggavarps sérstaklega. Við enda Stakkahlíðar ber Sjómannaskólann við himin.

3.2.1.2.11 Gæði byggðar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Verslun og þjónusta er innan göngufæris.	Hjólaleiðir eru fáar og ekki gert ráð fyrir gangandi og hjólandi við stofnanir og fyrirtæki.
Tækifæri	**Ógnanir**
Styrkja hjóla- og gönguleiðir. Nálægð við verslun og þjónustu gerir hverfið líklegt til að fólk nýti sér vistvæna ferðamáta. Stuðla að lágvöruverslun í hverfið.	Engar.

3.2.1.3 Samgöngur

3.2.1.3.1 Almenningssamgöngur

Hverfið býr að því að vera í nálægð við Hlemm þar sem flestir almenningsvagnar koma við og tengingar eru við aðrar leiðir. Biðstöðvar eru vel staðsettar í hverfinu og meirihluti þeirra er í skjóli. Áætlun strætisvagna mætti vera betri þar sem vagnarnir byrja heldur seint að ganga og hætta fremur snemma.

3.2.1.3.2 Bílastæðakvaðir

Bílastæði við Kjarvalsstaði, Tækniskólann (Sjómannaskólann) og Menntavísindasvið HÍ mætti nýta sem almenningssvæði á sumrin. Bílastæði eru opin almenningi eftir að vinnutíma lýkur. Bílastæðin eru ekki gjaldskyld sem dregur úr visthæfi hverfisins.

3.2.1.3.3 Hjólreiðar

Sérstaklega skilgreindir hjólastígar eru ekki margir eða langir, hvort sem miðað er við íbúafjölda eða fermetra innan hverfisins.

3.2.1.3.4 Samgöngur samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Nálægð við Hlemm sem er miðstöð strætisvagnaleiða.	Hjólastígar ekki skilgreindir.
Tækifæri	**Ógnanir**
Styrkja hjólaleiðir. Gott aðgengi að	Framtíð miðstöðvar strætisvagna á

almenningssamgöngum gerir hverfið líklegt til að fólk nýti sér vistvæna ferðamáta.	Hlemmi.

3.2.1.4 Vistkerfi og minjar

3.2.1.4.1 Landfræðileg lega og staðhættir

Háteigshverfi afmarkast til vesturs af Snorrabraut, til austurs af Kringlumýrarbraut, norðurs af Laugavegi og suðurs af Miklubraut. Landið er fremur flatt að undanskildu holtinu þar sem eru Skipholt, Miðholt og fleiri götur með götuheiti sem endar á -holt. Klambratún er miðpunktur hverfisins, stórt opið svæði. Áður en hverfið byggðist einkenndist það af mýrum (Norðurmýri, Kringlumýri, Breiðamýri) og svo klapparholtum þar sem m.a. var grjótnám (sbr. götuheitið Mjölnisholt). Náttúru- og hverfisverndarsvæði.

3.2.1.4.2 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Ekkert náttúru- eða hverfisverndarsvæði í hverfinu.

3.2.1.4.3 Náttúrufar og lífríki

Í hverfinu eru blettir þar sem enn má finna upprunalegt gróðurlendi, s.s. mólendi, holtagróður, blómlendi og stöku votlendisbletti. Þessir staðir kunna að vera mikilvægir sem varplönd fyrir mófugla. Dæmi um slíka skika eru lóðin við Sjómannaskólann (Tækniskólann), Háteigskirkju og Menntavísindasvið Háskóla Íslands (Snorri Sigurðsson, líffræðingur 2014 óprentuð heimild).

3.2.1.4.4 Jarðfræði og jarðmyndanir

Jarðfræði hverfisins er ekki vel sýnileg en þar fyrirfinnast þó grágrýtishnullungar, sem eru hluti af Reykjavíkurgrágrýtinu (Snorri Sigurðsson, líffr. 2014 óprentuð heimild).

3.2.1.4.5 Strandlengja

Á ekki við.

3.2.1.4.6 Ár og vötn

Ár og vötn eru ekki í hverfishlutanum að undanskilinni Rauðará sem rennur í stokk undir Rauðarárstíg.

3.2.1.4.7 Vatnsverndarsvæði

Á ekki við.

3.2.1.4.8 Ofanvatn

Ofanvatn er ekki sérstaklega meðhöndlað í hverfinu en gegndræpi yfirborðs er á bilinu 25–50%. Því getur hluti ofanvatns sameinast náttúrulegri hringrás í stað þess að fara um fráveitukerfi. Borgarvernd og menningarminjar

Í húsakönnun (Minjasafn Reykjavíkur 2013) kemur fram varðveislumat húsa og mannvirkja. Í flokki friðlýstra húsa og mannvirkja er Háteigsvegur 35 ()Sjómannaskólinn. Í flokki einstakra húsa, húsaraða og götumynda er Bólstaðarhlíð 20 (Ísaksskóli), Flókagata 24 (Kjarvalsstaðir), Grettisgata 90–98, Háteigsvegur 36, 43, 56, Laugavegur 105, 114, 116, 118, 162, 180, Rauðarárstígur 25, Langahlíð 19–25,13–17 og 7–11, Skaftahlíð 12–22, Snorrabraut 33, 33a, 35, 37. Í flokki samstæðra húsa og heilda eru Einholt–Skipholt–Nóatún og Háteigsvegur, Laugavegur–Mjölnisholt—Stakkholt–Þverholt. Norðurmýri. Hús byggð fyrir 1925 eru háð

umsagnarskyldu Minjastofnunar um breytingar. Hús 100 ára og eldri eru sjálfkrafa friðuð skv. lögum um minjavernd.

3.2.1.4.9 Vistkerfi og minjar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Hús og mannvirki sem má telja til menningararfleifðar.	Lítil óröskuð svæði með upprunalegu landslagi og gróðri.
Tækifæri	**Ógnanir**
Afmarka og vernda hús, mannvirki og náttúruleg svæði sem bera sögu hverfisins vitni.	Þétting byggðar getur þrengt að eða útmáð bletti með upprunalegum gróðri og landslagi.

3.2.1.5 Orka og auðlindir

3.2.1.5.1 Orkunotkun

Engar upplýsingar liggja fyrir um orkunotkun í hverfinu.

3.2.1.5.2 Vatnsnotkun

Engar upplýsingar liggja fyrir um vatnsnotkun í hverfinu.

3.2.1.5.3 Úrgangsstjórnun

Í hverfinu eru grenndargámar sem eru í æskilegri göngufjarlægð frá heimilum í hverfinu. Grenndargámar eru tveir og taka við pappír/pappa og plasti. Íbúar þurfa að fara akandi með annan úrgang til endurvinnslu nema þeir hafi sérstakar endurvinnslutunnur við heimili sín.

3.2.1.5.4 Land

Á ekki við

3.2.1.5.5 Kolefnisbinding

Mýrarnar sem einkenndu svæðið áður voru ræstar fram við byggingu hverfisins en á móti kemur að trjágróður hefur aukist verulega með tilkomu húsagarða, almenningsgarðsins á Klambratúni og trjágróðurs meðfram Miklubraut. Það vegur mögulega upp á móti þeirri losun koltvísýrings sem tapaðist við framræslu mýra.

3.2.1.5.6 Orka og auðlindir, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Ungt fólk í meirihluta í hverfinu – meiri líkur á að það láti til sín taka umhverfismál.	Íbúar þurfa að aka burt með þann úrgang sem ekki er hægt að setja í endurvinnslugáma.
Tækifæri	**Ógnanir**
Bjóða upp á fleiri gáma og/eða tunnur við heimili. Það gerir fólki enn frekar kleyft að vera bíllaust eða kjósa vistvæna ferðamáta.	Kostnaður eða hindranir í borgarkerfinu.

3.2.1.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

3.2.1.7 Náttúruvá

Náttúruvá er ekki meiri í þessu hverfi en annars staðar í Reykjavík. Ekki hefur verið gerð úttekt á hættu á eignatjóni við úrhelli eða asahláku.

3.2.1.7.1 Ofanflóð

Engin hætta.

3.2.1.7.2 Flóðahætta

Engin hætta.

3.2.1.7.3 Hækkun sjávarstöðu

Engin hætta.

3.2.1.7.4 Sprungusvæði, jarðhræringar

Engin hætta.

3.2.1.7.5 Náttúruvá, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Náttúruvá er lítil í þessu hverfi.	Ekki hefur verið gerð úttekt á hættu/eignatjóni vegna úrhellis eða asahláku.
Tækifæri	Ógnanir
Á ekki við.	Engar.

Heimildir:

Snorri Sigurðsson, 2014. Óprentuð heimild, tölvupóstur.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Mureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2013. *Byggðakönnun Borgarhluti 3 Hlíðar.* Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík.

Borgarhluti 03

Hverfi 3.2

15. september 2015 (Uppfært 30. október 2015)



Hlíðahverf

Verklýsing hverfisskipulagsgerðar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVERFIS SKIPULAG

4 Hverfi 3.2. Hlíðahverfi – greining og staða

4.1 Lýsing sbr. 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010

4.1.1 Almenn lýsing

4.1.1.1 Staðsetning í borgarhlutanum



Hlíðahverfi er miðju hverfi borgarhlutans og er milli Miklubrautar og Bústaðavegar.

4.1.1.2 Staðhættir

Hlíðahverfi er þéttbyggt og gróðursælt. Nátturfar einkenndist áður af holti, mýrum og túnum.

4.1.1.3 Samsetning byggðar

Byggðin er nokkuð þétt og tiltölulega lágreist. Byggðin og íbúðagerðir eru fjölbreytt. Almennt eru íbúðarhús lítil fjölbýlishús með 3–8 íbúðum, 2–3 hæðir með kjallara og víða er ris nýtt sem hluti íbúðar eða sem sérstök íbúð. Stærri fjölbýlishús eru í norðausturhluta hverfisins við Stigahlíð norðanverða og við Eskihlíð. Sérbýli er helst í austurhluta hverfisins við Stigahlíð sunnanverða og í Suðurhlíðum.

Atvinnuhúsnæði er í suðvesturhluta hverfisins við Skógarhlíð.

Lítið er um opin svæði innan hverfisins en er helst að finna á Veðurstofuhæð og litlu Öskjuhlíð. Vinsæl sleðabrekka meðal barna í hverfinu er við Litluhlíð norðan við Bústaðaveg.

Hlíðahverfi er eitt skólahverfi. Þar er einn almennur grunnskóli, Hlíðaskóli fyrir börn í 1.–10. bekk. Klettaskóli er sérskóli á grunnskólastigi sem þjónar öllu landinu, skólinn hefur aðsetur í Suðurhlíðum, þar er einnig einkaskóli aðventista, Suðurhlíðaskóli, fyrir börn í 1.–10. bekk. Fimm leikskólar eru í hverfinu, Hamraborg við Grænuhlíð 24 og Sólbakki við Stakkahlíð 19, sem eru sameinaðir undir nafninu Bjartahlíð og Hlíðaborg við Eskihlíð 19 og Sólhlíð við Engihlíð, sem eru sameinaðir undir nafninu Hlíð. Að auki er leikskólinn Sólborg við Vesturhlíð, sem er staðsettur utan hverfismarka, í Öskjuhlíðarhverfi, en skólinn þjónar m.a. íbúum Suðurhlíða. Menntaskólinn við Hamrahlíð er eini skólinn á framhaldsstigi í hverfinu, en Verslunarskólinn er í næsta nágrenni austan Kringlumýrarbrautar.

4.1.1.4 Þróun byggðar

Uppbygging hverfisins hófst eftir stríð þegar skipulögð byggð í Hlíðunum reis. Fyrsti uppbyggingaráfanginn afmarkaðist af Miklubraut, Lönguhlíð og fyrrnefndum Hafnarfjarðarvegi, sem nú er nefndur Skógarhlíð. Skömmu síðar kom áætlun um uppbyggingu austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð og náði sú byggð norður að Flókagötu frá Hamrahlíð í suðri. Á næstu áratugum risu hverfiseiningar þar fyrir austan, en uppbygging við vestanverða Stigahlíð og síðan Suðurhlíðar á níunda áratugnum var síðasti stóri áfanginn í uppbyggingu Hlíðahverfis. í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

4.1.2 Afmörkun hverfis og skipting hverfiseininga



Mynd 4. 1. Hlíðahverfi, hverfi 3.2

Hlíðahverfi afmarkast af stórum umferðargötum, Miklubraut til norðurs, Kringlumýrarbraut til austurs og Bústaðavegi til suð-vesturs.

Hverfið skiptist í hverfiseiningar í samræmi við yfirbragð byggðar.

	Magn
Stærð hverfis (ha)	*107 ha*
Fjöldi íbúða	*1.800 (Borgarvefsjá okt. 2015)*
Íbúafjöldi	*4560*
Börn á grunnskólaaldri	*584*
Íbúar / íbúð	*2,5*
Íbúar / ha	*42,6*
Íbúðir /ha	*16,8*

Í AR2010–2030 er ekki gert ráð fyrir fjölgun íbúða á skiplagstímabilinu.

Eftir er að reikna áætlaðan fjölda íbúða á nýjum þróunarsvæðinum

4.1.3 Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri og skipulagslegri stöðu



Mynd 4. 2. Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri, Hlíðahverfi.

1 Skipulag/uppdrættir hafa ekki gildi sem deiliskipulag eða þarfnast uppfærslu. Rammaskilmálar, samþykktir og leiðbeinandi gögn s.s. hverfakort. Án uppdráttar. Þörf á skilmálagerð.

1c Hlíðar, sunnan Miklubrautar. Heildarskipulag frá 1946, framkvæmt að hluta.

2 Skilmálar meðfylgjandi úthlutun, skriflegir. Uppdráttur eða mæliblað oft með.

Þar kemur m.a. fram byggingarreitur, aðkoma og kvaðir.

Leiðbeinandi skilmálar í hverfakorti. Þarfnast uppfærslu. Þörf á skilmálagerð.

2a Grænahlíð/Stigahlíð norður, Háahlíð/Hörgshlíð.

2b Stigahlíð austur.

3 Deiliskipulag, heildarskipulag hverfis s.s. Suðurhlíðar. Samþykkt fyrir skipulags- og byggingarlög 1997/1998. Deiliskipulagsuppdráttur og skýringarmynd. Úthlutunarskilmálar með skýringarmyndum. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð.

3a Stigahlíð vestur.

3b Suðurhlíðar.

4 Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman. Landnotkun, byggingarheimildir, nýtingarhlutfall o.s.frv. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf sé fyrir skilmálagerð.

4a Skógarhlíð og Stakkahlíð/Bogahlíð.

5 Deiliskipulag, einkum fyrir opinbera starfsemi/samfélagsþjónustu. Yfirleitt ekki íbúðarsvæði. Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman.

5 MH reitur/Hlíðaskóli. Veðurstofureitur.

4.1.4 Stefna, markmið og áherslur fyrir Hlíðahverfi

4.1.4.1 Samfélag

Í Hlíðahverfi er staðan góð hvað varðar nálægð við verslun og þjónustu. Stór hópur fólks á barneignaraldri býr í hverfinu og verður lögð áhersla á að skapa góð skilyrði fyrir fjölskyldufólk, m.a. með aukningu stærra íbúðarhúsnæðis og öryggis í umferð s.s. með skilgreiningu öruggra hjólaleiða.

Stór hluti borgarhlutans er skilgreindur sem þróunarsvæði í AR2010–2030.

Áhersluatriði varðandi samfélagslega þætti í hverfisskipulagi:

- Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldurssamsetning.
- Íbúaþéttleiki.
- Skólahverfið.
- Húsnæði fyrir alla.
- Atvinna / störf.
- Framboð verslunar og þjónustu.
- Framboð á matvöruverslunum.
- Öryggi og heilsa.
- Þátttaka íbúa.

4.1.4.2 Gæði byggðar

Í hverfinu er verslun og þjónusta almennt í göngufæri, en hjóla- og gönguleiðir verða styrktar. Vegna nándar við verslun og þjónustu munu íbúar að öllum líkindum nýta sér vistvæna ferðamáta til að sækja þá staði og dregur þannig úr þörf einkabílsins. Stefnt er að því að koma lágvöruverslun í hverfið.

Áhersluatriði er varða gæði byggðar í hverfisskipulagi:

- Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur.
- Byggðamynstur.
- Göngufjarlægðir (gönguhæfni).
- Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur).
- Almenningsrými.
- Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun).
- Gróðurþekja.
- Borgarbúskapur.
- Hönnun og arkitektúr.
- Staðarandi.

Gæði byggðar liggja að stórum hluta í því hvernig rýmið milli bygginganna er, þ.e. götur og almenningsrými. Til að auka gæði byggðar í hverfinu er mikil áhersla lögð á víðtæka notkun gatna og almenningsrýma. Borgarvæðing stofn- og tengibrauta gegnir þar mikilvægu hlutverki. Jafnframt því sem götur verði endurhannaðar með það að markmiði að gera þær fallegri og draga úr umferðarhraða, verði Klambratún, sem er einn mikilvægasti borgargarður Reykjavíkur, styrkt með markvissum aðgerðum.

Almenningsrými og græn svæði.



Mynd 4. 3. Almenningsrými og græn svæði.

Lítið er um almenningsrými og græn opin svæði í Hlíðahverfi.

4.1.4.3 Samgöngur

Áhersla í hverfisskipulagi er á hjólandi umferð, strætó, tengingar við aðliggjandi svæði, gegnumakstur og umferðaröryggi gangandi og hjólandi. Auk þess verður litið til útfærslu og stýringar á gatnamótum, m.a. með tilliti til ofangreindra áherslna.

Hjólandi umferð

Í Hlíðahverfi eru skilgreindar hjólaleiðir og er sú sem liggur um Lönguhlíð sú eina sem er afmörkuð sérstaklega. Í hverfisskipulagi verður lagt mat á þörf þess að afmarka hjólaleiðir í hverfinu. Flokkar sem litið er til eru skv. hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar:

- Sérstakar hjólabrautir: Í dag er sérstök hjólabraut á Lönguhlíð, gert er ráð fyrir að svo verði áfram.
- Hjólareinar: Athuga með Hamrahlíð og stíginn meðfram Bústaðavegi.
- Einfaldar hjólamerkingar: Athuga með Eskihlíð, Miklubraut og Skógarhlíð.

Strætó

Strætósamgöngur eru góðar í hverfinu. Í hverfisskipulaginu verður litið til útfærslu biðstöðva, þ.e. hvort þörf sé á að bæta aðbúnað. Í skipulagsvinnu verður lagt mat á hvort biðstöð þurfi að vera yfirbyggð eða einfaldari útfærsla dugi eða henti frekar.

Með framtíðaruppbyggingu miðsvæðis við Skógarhlíð verður litið til þess að staðsetja biðstöð Strætó, sem geti þjónað því svæði.

Tengingar við aðliggjandi svæði

Hverfið er afmarkað af umferðarþungum stofnbrautum, sem eru Kringlumýrarbraut, Miklabraut og Bústaðavegur. Á aðliggjandi svæðum eru þjónustusvæði sem íbúar sækja, s.s. Kringlan, Öskjuhlíð, Hlíðarendi og miðborgin. Víða eru gönguljós eða undirgöng en mikilvægt er að skoða mögulegar aðgerðir til að bæta tengingar hverfisins. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort annars konar útfærsla, s.s. göngubrýr, henti betur og hvort staðsetning núverandi tenginga séu ákjósanlegastar.

Sérstök áhersla verður lögð á tengingar hverfisins við Hlíðarenda og miðborgarsvæðið. Þar eru gatnamót Hringbrautar og Snorrabrautar.

Umferðaröryggi

Flest umferðaróhöpp í hverfinu eru á Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi. Tiltölulega fá óhöpp eru inni í hverfinu en nokkur eru skráð við hringtorgið við Eskihlíð. Í hverfisskipulagi verður lögð áhersla á að stuðla að auknu öryggi og þá sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Hluti af aðgerðum snúa að merkingum hjólaleiða og tengingar hverfisins. Sérstök áhersla verður lögð á þveranir umferðargatna. Í hverfisskipulagi verður farið yfir staðsetningu núverandi þverana, hvort breyta eigi þeim eða fjölga. Þá verði litið til hvers konar þveranir séu ákjósanlegastar. Innan hverfisins verði sérstaklega litið til Lönguhlíðar og gatnamóta við Eskihlíð m.t.t. umferðar skólabarna.

Talsverður gegnumakstur er í hverfinu, sem kemur líklega til vegna MH og Hlíðaskóla. En auk þess er líklegt að á háannatímum sé gegnumakstur í hverfinu vegna tafa á Miklubraut og gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Í hverfisskipulaginu verði skoðaðar leiðir til að draga úr gegnumakstri á háannatíma, sem getur falist í tímabundinni stýringu s.s. beygjubönnum eða aðgerða sem hægja á umferð.

Endurskoðun gatnamóta

Í hverfinu eru tvenn gatnamót sem verða til endurskoðunar í hverfisskipulaginu. Það eru:

- Eskitorg: Þar þarf að fara yfir mögulegar lausnir m.t.t. umferðaöryggis og aðgengis allra vegfarenda.
- Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur: Endurskoða fyrirkomulag umferðarmannvirkja í samhengi við umferðaöryggi og aðgengi allra vegfarenda og uppbyggingu í Vatnsmýri.

Aðgerðir vegna umferðarhávaða og -mengunar

Mikil umferð er um Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Lönguhlíð og Bústaðaveg. Í hverfisskipulagi verður litið til mögulegra aðgerða til að draga úr áhrifum umferðarhávaða, umfram það sem felst í að breyta ferðavenjum. Sérstaklega verður litið íbúðarbyggðar við eftirfarandi götur:

- Miklubraut, sérstaklega vestan Stakkahlíðar.
- Lönguhlíð.
- Kringlumýrarbraut, þ.e. íbúðarbyggðin í Stígahlíð, og byggð í Suðurhlíðum.
- Bústaðavegur, byggð í Suðurhlíðum og framtíðaríbúðarbyggð á Veðurstofuhæðinni.

Í hverfisskipulaginu verður lögð til aðgerðaáætlun m.t.t. hávaða og mengunar, sem verður unnin í samráði við umhverfis- og skipulagssvið. Hluti af áætluninni getur verið mælingar á hávaða og loftmengun.

Bílastæði

Bindandi stefna AR2010–2030 er að í borgarhluta 03 skuli miða við:

- 1 bílastæði á 120 m2 íbúð.
- 0,2 bílastæði á námsmannaíbúð.
- 1 bílastæði að hámarki á 50 m^2 atvinnuhúsnæðis.
- Eingöngu bílastæði fyrir starfsfólk og hreyfihamlaða við framhaldsskóla.
- Stæði fyrir reiðhjól eða hjólageymslu fyrir a.m.k. 1 reiðhjól á hverja íbúð.
- Hjólastæði við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla fyrir a.m.k. 20% nemenda og starfsmanna skóla. Helmingur stæða skal vera yfirbyggður.
- Stæði fyrir reiðhjól skulu vera að lágmarki 6 á hverja 1.000 m^2. Hjólastæði skulu vera sem næst inngangi.

4.1.4.4 Vistkerfi og minjar

Í hverfisskipulagi er lögð áhersla á upprunalegan gróður, ofanvatn og menningarminjar.

Gróður

Við skipulag hverfisins verður svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi leyft að halda sér eins og mögulegt er. Þar er um að ræða svæðið við Veðurstofuna og jaðra Öskjuhlíðar.

Ofanvatn

Almennt er talið ákjósanlegast að ofanvatn hripi niður í jarðveginn og skila sér þannig í náttúrulega hringrás vatnsins í stað þess að því sé veitt um fráveitu til sjávar. Gegndræpi yfirborðs í hverfinu er á bilinu 41–60% í dag og mun verða leitað leiða í skipulagi hverfisins að halda þessu hlutfalli eða auka það. Ef gengið verður á gegndræpt yfirborð þarf að huga að mögulegum ofanvatnslausnum.

Menningarminjar

Nokkur hús og mannvirki í hverfinu hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og verður leitast við undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu. Menningarminjar fá sérstakan sess í skipulaginu og verða áætlanir um hverfisskipulag þess eðlis að menningarminjum verði ekki stefnt í hættu.

4.1.4.5 Orka og auðlindir

Áhersla í hverfisskipulaginu verður lögð á að byggja upp á vannýttum eða þegar röskuðum svæðum, leggja fram stefnu um orku- og vatnsnotkun í nýrri byggð og stuðla að árangursríkri úrgangsstjórnun.

Nýting lands

Almennt verður litið til tegundar lands sem tekið er undir möguleg uppbyggingarsvæði. Stefnt er að því að um sé að ræða þegar raskað land eða vannýtt. Á þetta við um þróunarsvæðin skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur, sem í þessu hverfi eru:

- Skógarhlíð (Þ34).
- Veðurstofuhæðin (Þ35, 5 og 6).
- Litla Öskjuhlíð (4).
- Suðurhlíðar (7).

Í skipulagsvinnu verður áhersla lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á óraskað land.

Orku- og vatnsnotkun

Í hverfisskipulaginu verða lagðar fram áherslur og leiðarljós við uppbyggingu nýrrar byggðar sem taki mið af því að stuðla að bættri orku- og vatnsnýtingu.

Úrgangsstjórnun

Í hverfisskipulaginu verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir endurvinnslugáma og mögulegar flokkunarstöðvar fyrir nýja byggð. Við staðsetningu slíkra stöðva verði litið til vegalengda og mögulegra grenndaráhrifa.

4.1.4.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

4.1.4.7 Náttúruvá

Hlíðahverfi stendur fremur hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Áætlanir í hverfisskipulagi koma ekki til með að auka á hættu af náttúrvá.

4.1.4.8 Þróunarsvæði



Mynd 4. 4. Þróunarsvæði og athugunarsvæði í Hlíðahverfi 3.2.

Aðalskipulag skilgreinir eftirfarandi svæði sem þróunarsvæði í Hlíðahverfi:

Þ34. Skógarhlíð. Þjónusta og stofnanir.

Þ35. Veðurstofuhæð. Skrifstofur og stofnanir.

4.1.4.9 Athugunarsvæði



Mynd 4. 5. Þróunarsvæði og hugmyndir að athugunarsvæðum í Hlíðahverfi 3.2.

Auk skilgreindra þróunarsvæða er lagt til að eftirfarandi svæði verði tekin til athugunar í hverfisskipulagi:

4. Bústaðavegur – Íbúðarbyggð. Uppbygging íbúðarbyggðar í tengslum við núverandi byggð. ATH. Litla Öskjuhlíð hluti af skilgreindu þróunarsvæði. Lág smágerð sérbýli í sambýli við skilgreindan hverfisgarð í Aðalskipulagi.

5. Bústaðavegur – Miðsvæði (hluti af Þ35) Stofnanir, skrifstofur, þjónusta og íbúðir.

6. Bústaðavegur- Miðsvæði (hluti af Þ35) Stofnanir, skrifstofur, þjónusta og íbúðir á efri hæðum. 3 – 5 hæðir. Aukið byggingarmagn.

7. Kringlumýrarbraut Uppbygging íbúðarbyggðar. 3ja–4ra hæða fjölbýlishús sem „opnast“ til suðvesturs. 30–50 íbúðir. Eykur á fjölbreytileika íbúðagerða í Suðurhlíðum.

Hugmyndir að athugun á nýjum aðal- og borgargötum.



Mynd 4. 6. Borgargötur og athugunarsvæði.

Í Aðalskipulaginu eru sett fram hugtökin borgargata og aðalgata um götur sem gegna margþættu hlutverki í borgarlandslaginu (bls 166 AR2010–2030). Borgar-/aðalgötur eru skilgreindar sem þróunarsvæði Þ38 í Aðalskipulagi.

Í AR2010–2030 eru settar fram tillögur að eftirfarandi götur verði borgar-/aðalgötur:

- **BA1** Miklabraut frá Snorrabraut að Lönguhlíð.
- **BA3** Langahlíð og Nóatún.
- **BA4** Stakkahlíð.
- **BA6** Hamrahlíð.

Hverfisskipulag setur fram hugmynd um að eftirfarandi götur og umferðarmannvirki verði tekin til athugunar:

2. Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur

Endurskoðun mislægra gatnamóta, Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur, verður nauðsynleg til samræmis við stefnu AR2010–2030 um borgarvæðingu stofn- og tengibrauta og uppbyggingu í Vatnsmýri.

3. Eskitorg.

Endurskoðað verði fyrirkomulag hringtorgs til að auka umferðaröryggi og aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda til jafns við akandi og stöðu Lönguhlíðar, sem borgar-/aðalgötu.

NBA3 Skógarhlíð

Í samræmi við landnotkun í Skógarhlíð sem er miðsvæði, er eðlilegt að þar verði gatan skilgreind sem borgar-/aðalgata. Matvöruverslun og smásala leyfð. Umbreyting byggðar þannig að svæðið verði hluti Hlíða og tengist við Öskjuhlíðarhverfi (3.3) í vestri. Íbúðir á efri hæðum mögulegar. Rými fyrir lágvöruverslun.



NBA1 Miklabraut frá Stakkahlíð að Kringlumýarbraut.

Athugunarsvæði.

Úr AR 2010 – 2030: Gatnamót Kringlumýrarbrautar–Miklubrautar og mögulegar stokka- og jarðgangalausnir á Miklubraut.

Í Aðalskipulagi er gerður fyrirvari um gatnamót Kringlumýrarbrautar–Miklubrautar og mögulegar stokka- og jarðgangalausnir á Miklubraut. “

„Kannaður verði möguleiki á stokk/jarðgöngum undir Miklubraut. Markmið með gerð stokks eða jarðganga undir Miklubraut er að draga úr umhverfisáhrifum umferðar og bæta borgarbrag í aðliggjandi hverfum, fremur en til að auka afkastagetu Miklubrautar.“

4.1.5 Fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir í Hlíðahverfi 3.2



Mynd 4. 7. Deiliskipulag í gildi (ljósblá svæði), skilmálar og heimildir, breytingar á heimildum (rauðstrikuð svæði).

Skipulagsleg staða – Greining á núverandi skilmálum og heimildum fyrir hvert deiliskipulag sem er í gildi				
Staðgreinir (nr.)	Heiti á deiliskipulagi/ uppdráttum/skilmálum	Samþykkt í borgarráði / borgarstjórn	Dags. breytingar	Fylgir skilmálahefti? Fjöldi uppdrátta? Annað ?
			4.4.2006	
3.2	**Hlíðahverfi**			
	Miklabraut	26.9.2000		Gögn ekki aðgengileg.
166	**Skógarhlíð**			
	Skógarhlíð	10.4.2001		Uppdráttur með skilmálum.
	Skógarhlíð 14		12.4.2006	Stækkun bílgeymslu. Áður samþykkt breyting 8.12.2004. Uppdráttur með skilmálum.
	Skógarhlíð 14		8.12.2004	Stækkun bílgeymslu. Breyting á deiliskipulagi samþykkt 10.10.2003. Uppdráttur með skilmálum.
	Skógarhlíð 18		8.12.2004	Flutningur og stækkun byggingarreits. Uppdráttur með skilmálum.
	Eskihlíð 24–26		21.11.2007	Heimild fyrir 17m^2 sólstofu að hluta undir núverandi svölum. Uppdráttur með skilmálum.
167	**Hlíðar**			
	Hlíðar, heild	1945		„Hlíðahverfi“ skipulagsuppdráttur. Miklabraut, Langahlíð og „Reykjanesbraut"“ (nú Skógarhlíð).
168	**Hlíðar**			
	Hlíðar heildarskipulag	1945		„Hlíðahverfi“ skipulagsuppdráttur. Langahlíð, Flókagata, Stakkahlíð og Hamrahlíð.
169	**Stakkahlíð**			

	Stakkahlíð, Bogahlíð, Hamrahlíð	18.9.2003		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum og skýringarmyndir með skuggavarpi.
	Hamrahlíð 17		5.8.2011	Stækkun. Uppdráttur með skilmálum.
170	**Grænahlíð**			
	Grænahlíð	17.3.1961		Skipulagsuppdráttur Nr. 06030.
174	**MH**			
	Hamrahlíð 10, MH	7.7.2005		Endurskoðun á skipulagi samþ. 265.06.1990. Byggingarmagn aukið og bílastæðum fjölgað. Uppdráttur með skilmálum.
175	**Stigahlíð austan**			
	Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi	28.11.961		Skipulagsuppdráttur.
176	**Stigahlíð vestan**			
	Deiliskipulg einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar	19.7.1983		Skipulagsuppdráttur og snið.
	Stigahlíð 45–47 bílastæði	4.7.1989		Uppdráttur af bílastæði. Bílastæðalóð fyrir Stigahlíð 45 og 47 og aðkoma að Stigahlíð 50 og 52.
	Stigahlíð 68		7.3.2007	Lóð 68 skipt í tvær lóðir og heimild til að byggja einbýlishús með bílskúr fyrir tvo bíla.
177	**Hörgshlíð–Háahlíð**			
	Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli	27.7.2006		Deiliskipulagsppdráttur með skilmálum og skýringarmynd vegna áforma um að koma upp battavelli á skólalóðinni.
	Hörgshlíð 2	2.9.1986		Grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar, afstöðumynd.
	Hörgshlíð 20	22.5.1990		Byggingarleyfisumsókn, afstöðumynd og skýringarmynd, þríbýlishús.
1.730.3	Hörgshlíð – Háahlíð		1956	Mæliblöð.
178	**Veðurstofan**			
	Bústaðavegur 9, Veðurstofan	11.5.1999		Bráðabirgðahús á lóð. Afstöðumynd og snið.
179	**Bústaðavegur 7a**			
	Bústaðavegur 7a, Vatnsveita Reykjavíkur	5.10.1993		Leyfilegt að reisa tvö gerfihnattaloftnet (diska). Uppdráttur og skilmálar.
	Bústaðavegur 7a, Vatnsveita Reykjavíkur	09.0.1985		Undirstaða masturs. Uppdráttur.
185	**Kringlumýrarbraut 100**			
1.178.89	Kringlumýrarbraut 100	20.7.2004		Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum. Skilgreind lóð og byggingarreitur fyrir bensínstöð.
186	**Suðurhlíðar**			
1.780.	Suðurhlíðar, heildarskipulag		1.2.1982	Skilmálar.
1.780.	Íbúðarbyggð við Öskjuhlíð	feb.81		Skilmálar.
	Suðurhlíðar		28.11.1989	Breyting á deiliskipulagi 9.2.1987 (gögn vantar). Uppdráttur frá 1986. Stækkun lóðar Landgræðslusjóðs.
	Suðurhlíð 35	28.9.1999		Deiliskipulag, lóð stækkuð og byggingarmagn aukið. Áður gerð deiliskipulagsbreyting 28.11.1989 var ekki samþykkt með lögformlegum hætti.
	Suðurhlíðar dreifistöð		22.1.2002	Breyting á deiliskipulagi 13.10.1998. Afmörkun lóðar fyrir dreifistöð. Skipulagsuppdráttur með skilmálum.

	Suðurhlíð 38		19.2.2002	Breyting á deiliskipulagi 13.10.1998. Breytt lóðarmörk og landnotkun. Skipulagsuppdráttur með skilmálum.
	Lóðir í Suðurhlíðum sunnan og austan við Fossvogskirkjugarð		13.10.1998	Breyting á deiliskipulagi 10.08.1987. Breyting á lóðarmörkum. Breytt og stækkað athafnasvæði kirkjugarðs. Skipulagsuppdráttur með skilmálum.
	Víðihlíð 41, 43, 45		12.11.1991	Breytt landnotkun. Heimild fyrir rekstur teiknistofu í hluta íbúðarhúsnæðis. Byggingarleyfisumsókn, afstöðumynd, útlit og snið.
	Víðihlíð 28, 32, 34		9.7.1991	Breytt aðkoma að byggingu.
	Aðventistar lóð nr.3		1.8.1985	Rammaskilmálar.
	Landgræðslusjóður lóð nr. 4		1.8.1985	Rammaskilmálar.
	Garðshorn		9.7.1981	Skilmálar um breytt lóðarmörk og heimild fyrir 650m2 gróðurhúsi á einni hæð.

4.1.6 Mæliblöð

Deiliskipulagsuppdrættir eru nokkuð skýrir hvað útfærslur á lóðum varðar. Mæliblöð kveða nánar á um stærðir og nákvæma útfærslu, t.d. á bílastæðum.

4.2 Matslýsing sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Notast er við gátlista við mat á visthæfni byggðar. Gátlistinn er fylgiskjal númer 1. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er fjallað um Hlíðahverfi.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006 er kveðið á um að hafa þurfi samráð við skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Mat á umhverfisþáttum er hér sett fram sem hluti af almennri lýsingu fyrir gerð hverfisskipulags.

Ákveðið var að vinna mat á umhverfisþáttum sem hluta af grunnvinnu fyrir hverfisskipulagsgerðina þrátt fyrir að ekki sé lögformlega skylt að gera matslýsingu og umhverfismat fyrir áætlunina þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Stefnumið og aðferðir við umhverfismat

Nálgun skipulagsvinnu og matsvinnu er að gera yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar (sjá fylgiskjal 1) og stefnu borgaryfirvalda um skipulag vistvænna hverfa sem sett er fram í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og öðru því sem viðkemur skipulagi borgarhlutans og stöðu hans innan borgarinnar. Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

- Samfélag.
- Gæði byggðar.
- Samgöngur.
- Vistkerfi og minjar.
- Orka og auðlindir.
- Mannvirki.
- Náttúruvá.

4.2.1 Grunnástand

4.2.1.1 Samfélag

4.2.1.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Hverfið hefur að flestu leyti sambærilega aldurssamsetningu við borgina í heild. Heldur er þó fleira ungt fólk i hverfinu á aldrinum 25–34 ára en meðaltal borgarinnar er og heldur lægra hlutfall íbúa sem eru 67 ára og eldri. Ekki munar þó meira en 3 prósentustigum á hlutfalli aldurshópa .

Íbúar	Hlíðahverfi 3.2	Hlutfall	Borgarhlutinn 03	Hlutfall
Yngri en 5 ára	389	8,5%	840	8,1%
6–12 ára	353	7,7%	726	7,0%
13–16 ára	231	5,1%	414	4,0%
17–24 ára	555	12,2%	1.178	11,4%
25–34 ára	874	19,2%	2.177	21,1%
35–66 ára	1.780	39,0%	4.080	39,5%
67 ára og eldri	378	8,3%	911	8,8%
Alls	4.560		10.326	

4.2.1.1.2 Íbúaþéttleiki

Hverfið uppfyllir skilyrði um lágmarksþéttleika og er á bilinu 40–60 íbúar á hektara.

4.2.1.1.3 Skólahverfið

Hlíðaskóli er hverfisskólinn. Hann sækja um 480 nemendur. Skólahverfið telur um 1.800 íbúðir sem er nægilega mikið til að halda uppi starfi skólans.

4.2.1.1.4 Húsnæði fyrir alla

Lítið er af sérbyggðu leiguhúsnæði í hverfinu, til dæmis ekki stúdentaíbúðir. Af sértæku húsnæði má þó nefna íbúðar- og vinnuhúsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð. Eitthvað er af félagslegum íbúðum í eigu Félagsbústaða í hverfinu líkt og víðast hvar í borginni. Hverfishlutinn sker sig ekki úr hvað varðar fasteignamat, leiguverð eða aðra verðmyndandi þætti, hvorki til hækkunar né lækkunar. Fjöldi leigusamninga í borgarhlutanum er í góðu samræmi við stærð hverfisins. Húsnæðisframboð í litlu fjölbýli er óvenju mikið, sem kemur að líkindum til góða fyrir fjölbreytni íbúðastærða. Herbergjafjöldi í íbúðum er nokkuð sambærilegur því sem gerist í borginni í heild, en heldur eru fleiri 3ja herbergja íbúðir en færri 5 herbergja eða stærri.

4.2.1.1.5 Atvinna / störf

Mjög gott aðgengi er að störfum. Stærstu vinnustaðir og atvinnuhverfi eru innan þægilegrar hjólafjarlægðar frá hverfinu, til dæmis LSH, HÍ, HR, Kringlan, Skeifan, Múlar/Suðurlandsbraut og Borgartún. Innan hverfisins er að finna nokkra vinnustaði og atvinnusvæði: MH, Veðurstofuna, slökkviliðið og ýmsa starfsemi við Skógarhlíð.

4.2.1.1.6 Framboð verslunar og þjónustu

Verslun og þjónusta er innan hæfilegrar göngufjarlægðar enda hverfið staðsett nálægt miðborginni. Þess sem síst nýtur er félagsmiðstöð og sundlaug en hvort tveggja er þó

aðgengilegt á hjóli á 15 mínútum. Suðurhlíðar njóta heldur minni þjónustu en Hlíðar norðan Bústaðavegar í þessu tilliti.

4.2.1.1.7 Öryggi og heilsa

Hefðbundið gatnanet umhverfis Hlíðaskóla hefur í för með sér mikla nálægð gangandi og akandi umferðar. Svæðið er allt 30 km svæði og ýmsar leiðir hafa verið farnar til að draga úr akstursshraða. Gönguljós og gangbrautir eru í nágrenni skólans. Leið barna úr Suðurhlíðum er löng og í bratta sem getur verið letjandi fyrir nemendur að ganga. Þó nýtur tengingar um göng undir Bústaðaveg. Innan hverfisins ber ekki á óvenjulegum fjölda slysa. Gönguleiðir við skóla sýna engin slys undanfarin ár.

Um 100 innbrot eru framin á hverja 10.000 íbúa í Hlíðahverfi sem er nærri meðaltalinu á höfuðborgarsvæðinu (95 án miðborgar/107 með miðborg) Það dregur almennt úr glæpatíðni í hverfinu.

4.2.1.1.8 Þátttaka íbúa

Almennt samráð við íbúa í borgarhlutanum.

4.2.1.1.9 Samfélag, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Sterk íbúasamsetning og fjölbreyttar minni íbúðir. Góð staðsetning í samhengi við borgina þýðir gott aðgengi að þjónustu. Verslun inni í hverfinu.	Skortur á sérbýli og stærri íbúðum fyrir fjölskyldur að vaxa upp í. Heildarþéttleiki ívið of lítill. Suðurhlíðar nokkuð einangraður hluti hverfisins.
Tækifæri	**Ógnanir**
Hægt væri að fjölga sérbýlum (t.d. raðhúsum) ef ákveðin svæði væru tekin til þróunar. Atvinnusvæði við Skógarhlíð býður upp á marga möguleika til þróunar og að tengjast þjónustu og uppbyggingu við Hlíðarenda.	Óvíst að skóli geti tekið við auknum fjölda nemenda. Slæmt ef verslun hverfur úr hverfinu.

4.2.1.2 Gæði byggðar

4.2.1.2.1 Tilurð byggðarinnar, saga og menningararfur

Hverfið var byggt upp að öllu leyti innan jarðar Nauthóls. Uppbygging hófst eftir seinni heimsstyrjöld og á korti frá 1947 er gatnanetið orðið greinilegt. Uppbyggingu var fram haldið á sjötta og sjöunda áratuginum og allt fram á þann níunda.

4.2.1.2.2 Byggðarmynstur

Byggðarþéttleiki er um 29 íbúðir á hektara í hverfinu. Í Hlíðum norðan Bústaðavegar er þéttleikinn um 32 íb/ha en í Suðurhlíðum um 13 íb/ha, enda hafa þessir tveir hlutar hverfisins ólíkan brag þar sem um 40 ár skilja uppbyggingu þeirra að.

Hlíðarnar einkennast að miklu leyti af litlum fjölbýlishúsum, sambyggðum tví-, þrí- og fjórbýlum í bland við einbýlishús sem raðast upp á hefðbundið gatnanet. Það sem einnig einkennir þessa byggð er staðsetning húsa gagnvart götu og suðurgarðar þar sem áhersla er á að þeir njóti sólar. Einnig eru í hverfinu stærri íbúðablokkir sem raðast upp við jaðra hverfisins. Að fomi til og uppbyggingartíma svipar hverfinu að mörgu leyti til Melahverfisins í Vesturbænum.

Í Suðurhlíðum gætir nýrra áhrifa og eru þar rað- og keðjuhús umhverfis smátorg sem tengd eru vistgötum.

4.2.1.2.3 Göngufjarlægðir

Hverfið allt er heppilegt til að ganga um. Aðgengi er að tveimur verslunum, annars vegar við Lönguhlíð og hins vegar í Suðurveri. Helst falla fjölbýlishúsin við Eskihlíð og Suðurhlíðar utan þægilegs göngufæris við verslun. Hverfisverslanir eru mjög vel aðgengilegar, en það vantar upp á að aðgengi að Kringlunni sé betra fyrir hjólandi og gangandi svo verslanamiðstöðin nýtist hverfinu sem best.

4.2.1.2.4 Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)

Borgargötur hverfisins eru Langahlíð, Hamrahlíð og Stakkahlíð.

Göturými eru aðlaðandi víða og uppfylla mörg þau skilyrði sem sett eru um borgargötur. Víða má þó betrumbæta hvað snertir gangstéttir, hjólaleiðir, staðsetningu bílastæða og gróður. Stakkahlíð hefur ekki sama brag og hinar tvær göturnar þar sem göturýmið er óskýrara og ekki eins mikill hluti almannarýmis í hverfinu og t.d. Langahlíð eða Hamrahlíð.

Í jaðri hverfisins er Miklabraut sem skilgreind er sem borgargata. Hún uppfyllir ekki þau skilyrði sem gerð eru til götu sem borgarrýmis.

4.2.1.2.5 Almenningsrými

Almennt eru göturými hverfisins fyrir blandaða umferð allra samgöngumáta. Gera mætti aðstæður fyrir gangandi skýrari víða. Gönguleiðir fylgja almennt gatnanetinu en einnig eru göngutengingar milli gatna svo sem við Stakkahlíð. Tengingar yfir Skógarhlíð t.d. Í átt að Hlíðarenda eru með veikustu hlekkjum í hverfinu. Gönguleiðir í sumum götum eru illa farnar, aðgengi er skert vegna trjágróðurs eða jafnvel að gangstéttar skortir. Víðast hvar er ásættanleg lýsing, athuga mætti þó gönguleiðir um Skógarhlíð hvað lýsingu snertir.

Innan sjálfs hverfisins eru um 70.000 m^2 opinna svæða og leikvalla. Það gera ekki nema um 35 m^2/íbúa. Hins vegar eru mjög stór útivistarsvæði utan við jaðar hverfisins og mjög gott aðgengi er að Klambratúni, Öskjuhlíð og Fossvogi úr hverfinu.

Hlíðar milli Bústaðavegar og Miklubrautar hafa aðgengi að hverfisgarði á Klambratúni sem er um 10ha. Þá er stutt úr Suðurhlíðum í Fossvogskirkjugarð sem nýtist á margan hátt til útivistar eins og hverfisgarður.

Minni leik- og dvalarsvæði eru á víð og dreif um hverfið og því er yfirleitt mjög stutt út á opin leiksvæði, leikskóla eða skólalóð í öllu hverfinu. Nær allir íbúar hafa aðgang að opnu svæði eða almenningsrými stærri en 2000m^2 í innan við 300m fjarlægð.

4.2.1.2.6 Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndurn, skaflamyndun)

Hverfið er að mestu í skjóli fyrir vindum nema uppi á berangri á Litlu Öskjuhlíð. Garðar eru sunnan húsa víðast hvar og liggja vel við sól . Huga mætti betur að grisjun trjáa sem víða skyggja á lóðir og götur. Ekki er vitað hvort skaflamyndun sé tiltakanlegt vandamál í hverfinu.

4.2.1.2.7 Gróðurþekja

Gróðurþekja hverfisins er nokkuð mikil eða 51–60% af yfirborðinu. Til þess að teljast góð þarf hún að vera 61–70%.

4.2.1.2.8 Borgarbúskapur

Engin svæði eru fyrir borgarbúskap í hverfinu.

4.2.1.2.9 Hönnun og arkitektúr

Hverfið er merkilegur minnisvarði um arkitektúr síns tíma. Sér í lagi eru Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð skemmtilega samhangandi byggð með sterkum einkennum. Einnig voru Suðurhlíðar áhugaverð tilraun í skipulagi og hefur hverfið þróast vel í uppbyggingu.

Víða eru há og mikil tré sem oft afmarka einkalóðir.

4.2.1.2.10 Staðarandi

Í hverfinu ríkir sterkur staðarandi og vitund um staðsetningu hverfisins innan borgarinnar. Sjónás er upp Litluhlíð að Perlunni.

4.2.1.2.11 Gæði byggðar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Hefðbundið gatnanet með rými fyrir fjölbreytta ferðamáta. Auðþekkjanlegar aðalgötur. Ríkulegt aðgengi að fjölbreyttum náttúrusvæðum og andrými. Gott aðgengi að þjónustu innan hverfis. Skýr saga uppbyggingar og þróunin vel sjáanleg í arkitektúr og skipulagi.	Tré skyggja á og vaxa út fyrir lóðamörk. Hverfið skorið frá stærstu opnu svæðum nágrennisins og Kringlunni af umferðargötum. Hugsanlega mikið dreifð nýting útisvæða.
Tækifæri	**Ógnanir**
Gefa mætti ráðleggingar við grisjun trjáa og gróðursetningu.	Breytingar á húsum skerði tengsl við upprunalegan arkitektúr.

4.2.1.3 Samgöngur

4.2.1.3.1 Almenningssamgöngur

Í Hlíðum norðan Bústaðavegar er gott aðgengi að almenningssamgögnum, stutt er á milli biðstöðva, hámarksgöngufjarlægð frá íbúð að næstu biðstöð er innan við 500m. Hins vegar er aðgengi að almennissamgögnum í Suðurhlíðum mun verra. Aksturstíðni strætisvagna er 10–15 mínútur á háannatíma og 30–45 mínútur utan háannatíma sem er viðunandi ástand. Á Miklubraut ganga leiðir 1, 3 og 6 biðtími á háannatíma er styttri en 10 mín og styttri en 30 mín utan háannatíma.

Almennt fara vagnar seint af stað í fyrstu ferðir og snemma í síðustu ferðir.

4.2.1.3.2 Bílastæðakvaðir

Í hverfinu eru á bilinu 1–1,5 stæði á íbúð. Fleiri stæði eru á íbúð í Suðurhlíðum. Almennt er um eitt stæði á hverja íbúð í Hlíðum norðan Bústaðavegar.

Hægt væri að gera almenningsstæði á lóðum MH og Veðurstofunnar eða taka þær til annarra nota á sumrin. Þá er Skógarhlíðin ekki vel nýtt í þessu tilliti. Öll stærri stæði í hverfinu standa íbúum til afnota á kvöldin og um helgar nema stæðin innan kirkjugarðsins sem eru lokuð á nóttunni.

Bílastæði eru 1–1,5 á hverja 100m^2 atvinnuhúsnæðis.

Engin gjaldheimta af stæðum er innan hverfisins. Eðlilegt væri að setja á almenna gjaldskyldu ef MH léti t.d. setja bílastæðagjöld á sína lóð.

4.2.1.3.3 Hjólreiðar

Allar götur hverfisins eru hæfar til hjólreiða innan um bíla. Hamrahlíð, Eskihlíð og Langahlíð hafa möguleika á að vera meginhjólreiðaleiðir hverfisins. Eðlilegt er að nýta Miklubraut til hjólreiða út úr hverfinu. Suðurhlíðar tengjast strandstíg um Fossvog.

Menntaskólinn við Hamrahlíð gæti að líkindum bætt verulega aðstöðu til að geyma hjól. Önnur fyrirtæki eru ekki með neina sérstaka aðstöðu til að taka á móti hjólreiðafólki.

Hverfið er mjög vel í sveit sett varðandi aðgengi að þjónustu innan hjólreiðafæris. Miðborgin, stórmarkaður og lágvöruverslun, sundlaug, stærri atvinnusvæði og menntastofnanir – allt er þetta í innan við 15 mínútna hjólreiðafjarlægð.

4.2.1.3.4 Samgöngur, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Góð staðsetning innan borgarinnar. Aðlögunarhæft gatnanet. Gott aðgengi að bílastæðum en ekki yfirgnæfandi bílastæði.	Vantar skilgreindar hjólreiðaleiðir um og gegnum hverfið. Bæta tengingu milli biðstöðva og MH með skýrari gönguleiðum.
Tækifæri	**Ógnanir**
Skoða mætti aðra hjólreiðaleið fyrir utan Miklubraut um Hamrahlíð og Eskihlíð sem tengdi milli Kringlunnar og LSH. Hraðvagnar gætu tengt hverfið betur öðrum borgarhlutum og sveitarfélögum.	Fækkun strætóleiða myndi rýra gæði almenningssamgangna í hverfinu.

4.2.1.4 Vistkerfi og minjar

4.2.1.4.1 Landfræðileg lega og staðhættir

Hverfið liggur í norður- og suðurhlíðum Litlu Öskjuhlíðar og norður að mýrlendi Norðurmýrar. Sunnan til rammast hverfið inn af Fossvoginum.

4.2.1.4.2 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Garðar og opin svæði eru mjög gróin. Sinna þarf skipulegu viðhaldi á einkagörðum svo þeir skapi þau gæði sem vænst er.

Kanínum hefur farið fjölgandi í Öskjuhlíð undanfarin ár og gætu þær dreifst í garða hverfisins.

4.2.1.4.3 Náttúrufar og lífríki

Garðar og opin svæði eru mjög gróin. Sinna þarf skipulegu viðhaldi á einkagörðum svo þeir skapi þau gæði sem vænst er.

4.2.1.4.4 Jarðfræði og jarðmyndanir

Jarðfræði svæðisins er nokkuð þekkt. Helst ber að varðveita hvalbök í Öskjuhlíð.

4.2.1.4.5 Strandlengja

Á ekki við.

4.2.1.4.6 Ár og vötn

Mýrar á svæðinu runnu í lækjum og ám til sjávar t.d. í Rauðará. Þeir farvegir eru nú horfnir og ekki annað en götunafnið Rauðarárstígur til minnis um það.

4.2.1.4.7 Vatnsverndarsvæði

Á ekki við.

4.2.1.4.8 Ofanvatn

Sérstakar ofanvatnslausnir eru ekki til staðar, hvorki á lóðum né í stærra tvöföldu kerfi, en gegndræpi yfirborðs er nokkuð mikið í hverfinu.

4.2.1.4.9 Borgarvernd og menningarminjar

Í húsakönnun (Minjasafn Reykjavíkur 2013) kemur fram varðveislumat húsa og mannvirkja. Hús byggð fyrir 1925 eru háð umsagnarskyldu Minjastofnunar um breytingar. Hús 100 ára og eldri eru sjálfkrafa friðuð skv. lögum um minjavernd.

4.2.1.4.10 Vistkerfi og minjar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Einhverjar jarðminjar standa eftir í Litlu Öskjuhlíð. Mikill gróður og gróska.	Litlar upplýsingar um formlega verndun náttúru og menningar.
Tækifæri	**Ógnanir**
Bæta mætti upplýsingagjöf með skiltum.	Uppbygging á þéttingarreitum gæti eytt þeim jarðminjum sem eftir eru í hverfinu.

4.2.1.5 Orka og auðlindir

4.2.1.5.1 Orkunotkun

Engar upplýsingar liggja fyrir um orkunotkun í hverfinu.

4.2.1.5.2 Vatnsnotkun

Engar upplýsingar liggja fyrir um vatnsnotkun í hverfinu.

4.2.1.5.3 Úrgangsstjórnun

Stefnumörkun í hverfinu er ekki í neinu frábrugðin því sem gengur og gerist í borginni.

Endurvinnslugámar eru í jöðrum hverfisins en ekki í miðjunni, sem gerir það að verkum að fjarlægð er nokkur frá sumum íbúðum. Staðsetning gámastöðvar, t.d. á lóð Hlíðaskóla eða við Lönguhlíð gæti bætt úr.

4.2.1.5.4 Land

Frekari uppbygging færi helst fram á afgangssvæðum innan hverfis sem ekki nýtast vel svo sem á Veðurstofuhæð, en einnig á þróunarsvæði við Skógarhlíð þar sem atvinnustarfsemi gæti þróast í bland við íbúðabyggð.

4.2.1.5.5 Kolefnisbinding

Uppbygging í hverfinu myndi ekki draga úr kolefnisbindingu en framræsing kann að hafa eytt kolefnisforða. Uppbygging hverfisins hefur þýtt aukningu í kolefnisbindingu í gróðri.

Huga þarf að eðlilegri grisjun trjágróðurs. Ný uppbygging krefst ekki þess að neinn gróður sé fjarlægður en gæti aukið trjágróður.

4.2.1.5.6 Orka og auðlindir, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Mikill gróður í görðum bindur kolefni og bætir umhverfisgæði.	Of mörg og há tré skyggja á sólu.
Tækifæri	**Ógnanir**
Auka trjágróður með markvissum hætti á almenningssvæðum en draga úr trjágróðri sem skyggir á útisvæði.	

4.2.1.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

4.2.1.7 Náttúruvá

Náttúruvá er ekki meiri í þessu hverfi en annars staðar í Reykjavík. Ekki hefur verið gerð úttekt á hættu á eignatjóni við úrhelli eða asahláku.

4.2.1.7.1 Ofanflóð

Engin hætta.

4.2.1.7.2 Flóðahætta

Engin hætta.

4.2.1.7.3 Hækkun sjávarstöðu

Á ekki við, hverfið stendur hátt yfir sjó.

4.2.1.7.4 Sprungusvæði, jarðhræringar

4.2.1.7.5 Náttúruvá, samantekt

Styrkleikar	Veikleikar
Náttúruvá er lítil í þessu hverfi.	Ekki hefur verið gerð úttekt á hættu/eignatjóni vegna úrhellis eða asahláku.
Tækifæri	**Ógnanir**
Á ekki við.	Engar.

Heimildir:

Snorri Sigurðsson, 2014. Óprentuð heimild, tölvupóstur.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Mureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2013. *Byggðakönnun Borgarhluti 3 Hlíðar.* Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík.



Öskjuhlíðarhverfi

Verklýsing hverfisskipulagsgerðar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVERFIS SKIPULAG

5 Hverfi 3.3. Öskjuhlíðarhverfi – greining og staða

5.1 Lýsing sbr. 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010

5.1.1 Almenn lýsing

5.1.1.1 Staðsetning í borgarhlutanum



Öskjuhlíðarhverfi, sem hér er í raun skilgreint sem nýtt hverfi, m.a. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar, er staðsett í suðvesturhluta borgarhlutans og afmarkast af Hringbraut til norðurs, Bústaðavegi til norð-austurs, Fossvogi til suðurs og Reykjavíkurflugvelli til vesturs.

5.1.1.2 Staðhættir

Öskjuhlíðarhverfi er nær óbyggt og gróðursælt. Náttúrfar einkennist af skógi, holti, mýrum og túnum.

5.1.1.3 Samsetning byggðar

Lítil byggð er í hverfinu, sem er í raun eitt af stóru útivistarsvæðum Reykjavíkur, Öskjuhlíð, með strandlengju og Fossvogskirkjugarð til suðurs. Perlan og tankarnir á toppi Öskjuhlíðar er eitt af kennileitum borgarinnar. Engin íbúðabyggð er í hverfinu, en fyrir liggur deiliskipulag

íbúðasvæðis á hluta Valssvæðis á Hlíðarenda við Nauthólsveg og Hringbraut. Á Valssvæðinu hafa mikil mannvirki og vellir fyrir knattíþróttir verið byggð á undanförnum árum. Háskólinn í Reykjavík er í suðvesturhluta hverfisins. Samkvæmt skipulagi þess svæðis er gert ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu skólans ásamt nemendabústöðum nyrst á svæðinu.

Í hverfinu hefur verið starfræktur einkarekinn grunnskóli, barnaskóli Hjallastefnunar, fyrir sex–níu ára börn, við Hlíðarfót. Við Vesturhlíð er ein starfsstöð Brúarskóla, sem er sérskóli fyrir börn með sérstök skilgreind frávik. Tveir leikskólar eru í hverfinu, Sólborg við Vesturhlíð og einkarekni leikskólinn Askja við Nauthólsveg, þar sem deiliskipulag hefur verið samþykkt.

5.1.1.4 Þróun byggðar

Uppbygging hverfisins hófst með byggingu hitaveitutanka á háhæðinni og dælustöð I norðurhlíðinni. Skömmu síðar risu þjónustubyggingar við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Fossvogskirkja og kapella. Hótel Natura (Loftleiðahótel og skrifstofur tengdar flugstarfsemi) byggðist á 7. áratug síðustu aldar. Dæmigerð hönnun sem endurspeglar byggingarlag þess tíma. Síðar var Heyrnleysingjaskólinn ásamt leikskóla byggður við Vesturhlíð. Upp úr síðustu aldamótum hófst uppbygging Háskólans í Reykjvík og mannvirkja í Nauthólsvík. Starfsemi tengd ferðaþjónustu hefur verið við Flugvallarveg s.l. áratugi, ásamt keiluhöllinni í gryfjum frá hernámstíma. Stór hluti lands fer undir kirkjugarða og útivistarsvæði. Uppbygging Valssvæðis á Hlíðarenda hefur staðið yfir með hléum allt frá stofnun félagsins á fjórða áratug síðustu aldar. Þar er lítil kapella.

í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

5.1.2 Afmörkun hverfis og skipting í hverfiseiningar



Mynd 5. 1. Öskjuhlíðarhverfi, hverfi 3.3.

Öskjuhlíðarhverfi afmarkast af Bústaðavegi og Suðurhlíð til norðausturs, Fossvogi/Nauthólsvík til suðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs og Hringbraut til norðurs.

	Magn
Stærð hverfis (ha)	*163 ha*
Stærð Öskjuhlíðar útivistarsvæðis (ha)	*um 55 ha*
Fjöldi íbúða	
Íbúafjöldi	
Börn á grunnskólaaldri	
Íbúar / íbúð	
Íbúar / ha	
Íbúðir /ha	

Íbúðaruppbygging er ekki hafin í hverfinu en samkvæmt AR 2010–2030 er áætluð bygging 800 íbúða sem mun væntanlega kalla á nýjan grunnskóla, ekki síst þar sem grunnskólar í næsta nágrenni eru þegar fullsetnir.

5.1.3 Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri og skipulagslegri stöðu



Mynd 5. 2. Flokkun hverfiseininga eftir byggðarmynstri, Öskjuhlíðarhverfi.

6. Deiliskipulag byggðar

Hlíðarendi.

Háskólinn í Reykjavík, háskólagarðar.

5.1.3.1 Samfélag

Öskjuhlíðarhverfi er framtíðaruppbyggingarsvæði borgarhlutans. Þar mun rísa blönduð byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og útivistarsvæði verða styrkt.

Áhersluatriði varðandi samfélagslega þætti í hverfisskipulagi:

- Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldurssamsetning.
- Íbúaþéttleiki.
- Skólahverfið.
- Húsnæði fyrir alla.
- Atvinna / störf.
- Framboð verslunar og þjónustu.
- Framboð á matvöruverslunum.
- Öryggi og heilsa.
- Þátttaka íbúa.

5.1.3.2 Gæði byggðar

Áhersluatriði er varðar gæði byggðar í hverfisskipulagi:

- Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur.
- Byggðamynstur.
- Göngufjarlægðir (gönguhæfni).
- Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur).
- Almenningsrými.
- Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun).
- Gróðurþekja.
- Borgarbúskapur.
- Hönnun og arkitektúr.
- Staðarandi.

Gæði byggðar felast að stórum hluta í því hvernig rýmið milli bygginganna er, þe. götur og almenningsrými.

Til að auka gæði byggðar í hverfinu er mikil áhersla lögð á götur og almenningsrými. Borgarvæðing stofn- og tengibrauta gegnir þar mikilvægu hlutverki, jafnframt sem götur verði endurhannaðar með það að markmiði að gera þær fallegri og draga úr umferðarhraða.

Almenningsrými og græn svæði



Mynd 5. 3. Almenningsrými, græn svæði og strandsvæði.

Stór útivistarsvæði, kirkjugarður og strandsvæði einkenna Öskjuhlíðarhverfi.

5.1.3.3 Samgöngur

Í hverfisskipulagi er áhersla lögð á hjólandi umferð, strætó, tengingar við aðliggjandi svæði, Öskjuhlíðargöng og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Hjólandi umferð

Í Öskjuhlíðahverfi eru skilgreindar hjólaleiðir. Í hverfisskipulagi verður lagt mat á þörf þess að afmarka hjólaleiðir í hverfinu, þar sem er blönduð umferð. Uppbygging annarra stíga verður útfærð í sérstöku skipulagi Öskjuhlíðar. Flokkar sem litið er til eru skv. hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar:

- Sérstakar hjólabrautir: Ekki er gert ráð fyrir sérstökum hjólabrautum í hverfinu.
- Hjólareinar: Í dag er hjólabraut/göngustígur meðfram Nauthólsvegi og Flugvallavegi, gert er ráð fyrir að svo verði áfram.
- Einfaldar hjólamerkingar: Ekki er gert ráð fyrir að merkja aðrar leiðir.

Strætó

Strætósamgöngur eru þokkalegar í hverfinu og liggja strætóleiðir í jaðri þess. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort auka þurfi þjónustu Strætó með uppbyggingu hverfisins. Í skipulagsvinnu verður lagt mat á hvar væri æskilegt að staðsetja biðstöðvar.

Tengingar við aðliggjandi svæði

Hverfið er afmarkað í borgarhlutanum af Bústaðavegi. Í hverfisskipulaginu verður litið til mögulegra aðgerða til að bæta tengingar hverfisins. Í hverfisskipulaginu verður litið til þess hvort annars konar útfærsla henti betur s.s. göngubrýr og hvort staðsetning núverandi tenginga séu ákjósanlegastar.

Öskjuhlíðargöng

Í hverfisskipulaginu verður litið til mögulegra Öskjuhlíðarganga, á þann hátt að gert verði ráð fyrir ákveðnu helgunarsvæði umhverfis gangamunna.

5.1.3.4 Vistkerfi og minjar

Í hverfisskipulagi er lögð áhersla á verndarsvæði, jarðmyndanir og strandlengjuna, ofanvatn og menningarminjar.

Verndarsvæði

Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og hverfisvernduð og Fossvogsbakkar eru friðlýstir. Tekið verður tillit til sérstöðu þessara svæða varðandi jarðfræði , gróður og landslag við skipulag hverfisins.

Jarðmyndanir og strandlengjan

Við skipulagningu verður tekið tillit til þeirra svæða þar sem grágrýtisklappir og/eða hvalbök eru til staðar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur. Strandsvæði Fossvogs sem er einn mesti náttúruauður hverfisins fær að haldast óbreytt.

Ofanvatn

Almennt er talið ákjósanlegast að ofanvatn hripi niður í jarðveginn og skili sér þannig í náttúrulega hringrás vatnsins í stað þess að því sé veitt um fráveitu til sjávar. Mjög hátt hlutfall hverfisins hefur yfirborð sem er gegndræpt og þar gegnir Öskjuhlíðin mikilvægu hlutverki. Leitað verður leiða í skipulagi hverfisins að ganga ekki á gegndræpt yfirborð. Ef gengið verður á gegndræpt yfirborð þarf að huga að mögulegum ofanvatnslausnum.

Menningarminjar

Nokkur hús og mannvirki í hverfinu hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og verður leitast við undirstrika mikilvægi þeirra í skipulaginu. Þarna er t.d. átt við herminjar í Öskjuhlíð. Menningarminjar fá sérstakan sess í skipulaginu og verða áætlanir ekki þess eðlis að þeim verði stefnt í hættu.

5.1.3.5 Orka og auðlindir

Í hverfisskipulaginu verður lögð áhersla á að vernda skóg í Öskjuhlíð, leggja fram stefnu um orku- og vatnsnotkun í nýrri byggð og stuðla að árangursríkri úrgangsstjórnun.

Skógur í Öskjuhlíð

Almennt verður litið til nýs skipulags fyrir Öskjuhlíð. Í hverfisskipulagi verður þó lögð áhersla á að uppbygging í hverfinu verði ekki til þess að fella tré eða skóg í þeim mæli að kolefnisforði tapist. Áhersla í skipulagsvinnu verður lögð á að afmarka uppbyggingarsvæði á þann máta að ekki gangi á skóginn.

Orku- og vatnsnotkun

Í hverfisskipulaginu verða lagðar fram áherslur og leiðarljós við uppbyggingu nýrrar byggðar sem taki mið af því að stuðla að bættri orku- og vatnsnýtingu.

Úrgangsstjórnun

Í hverfisskipulaginu verður gert ráð fyrir aðstöðu fyrir endurvinnslugáma og mögulegar flokkunarstöðvar fyrir nýja byggð. Við staðsetningu slíkra stöðva verði litið til vegalengda og mögulegra grenndaráhrifa.

5.1.3.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

5.1.3.7 Náttúruvá

Öskjuhlíð stendur hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Strandlengjan meðfram hlíðinni er ekki byggð og því ekki beint hægt að tala um hættu af hækkun sjávar. Miðað við 6 m flóð með 100 ára endurkomutíma gengur sjór inn yfir Nauthólsvíkina og á þriðja tug metra inn á land. Taka þarf mið af þeirri hættu við skipulagningu hverfisins. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Áætlanir í hverfisskipulagi koma ekki til með að auka á hættu af náttúrvá.

5.1.3.8 Aðrar áherslur

5.1.3.9 Þróunarsvæði



Mynd 5. 4. Þróunarsvæði í Öskjuhlíðarhverfi 3.3.

Aðalskipulag skilgreinir eftirfarandi svæði sem þróunarsvæði í Öskjuhlíðarhverfi:

Þ28. Hlíðarendi. Blönduð byggð.

Þ29. Háskólinn í Reykjavík. Miðsvæði með áherslu á skrifstofur og stofnanir.

5.1.3.10 Athugunarsvæði



Mynd 5. 5. Þróunarsvæði og hugmyndir að athugunarsvæðum í Öskjuhlíðarhverfi 3.3.

8. Flugvallarvegur – Miðsvæði. Opnu svæði breytt í miðsvæði. Athafnastarfsemi nú þegar á reitnum. Vestasti hluti svæðisins (sem lagi sig að Snorrabrautarási) byggist upp með 3ja–4ra hæða byggð blandaðrar landnotkunar. Íbúðir á efri hæðum (u.þ.b. 200 íbúðir). Svæðið samtengi Hlíðarenda og HR svæði. Styrkir bakland fyrir nýjan grunnskóla í nýju Öskjuhlíðarhverfi.

9. Öskjuhlíð – Opið svæði. Skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulagi. Uppbygging í tengslum við útivistarsvæði Öskjuhlíðar. Notkun Perlu í almannaþágu.

10. Nauthólsvík – Strandsvæði. Skilgreint einnig í Aðalskipulagi. Frekari uppbygging á íþrótta- og útivistarsvæði Nauthólsvíkur. Skoða m.a. sérstaklega m.t.t. hugsanlegrar tengingar um brú suður í Kópavog.

11. Hótel Reykjavík Natura/Loftleiðir – Vestan Nauthólsvegar/Flugvallarvegar. Miðsvæði - Svæði sem bætist við borgarhlutann við afmörkun Reykjavíkurflugvallar í deiliskipulagi.



Mynd 5. 6. Borgargötur og athugunarsvæði.

Í AR2010–2030 eru settar fram tillögur um að eftirfarandi götur verði borgar-/aðalgötur:

- **BA2** Snorrabraut, ný gata í beinu framhaldi af núverandi götu.

Hugmyndir að athugun á nýjum aðal- og borgargötum.

Í Aðalskipulaginu eru sett fram hugtökin borgargata og aðalgata um götur sem gegna margþættu hlutverki í borgarlandslaginu. (bls 166 AR2010–2030). Borgar-/aðalgötur eru skilgreindar sem þróunarsvæði Þ38 í Aðalskipulagi.

2. Gatnamót Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur

Endurskoðun mislægra gatnamóta Hringbraut/Miklabraut og Snorrabraut/Bústaðavegur til samræmis við stefnu Aðalskipulags um borgarvæðingu stofn- og tengibrauta og uppbyggingu í Vatnsmýri.

5.1.4 Fyrirliggjandi deiliskipulagsáætlanir



Mynd 5. 7 Deiliskipulag í gildi (ljósblá svæði), skilmálar og heimildir, breytingar á heimildum (rauðstrikuð svæði).

Skipulagsleg staða – Greining á núverandi skilmálum og heimildum fyrir hvert deiliskipulag sem er í gildi.				
Staðgreinir (nr.)	Heiti á deiliskipulagi/ uppdráttum/skilmálum	Samþykkt í borgarráði eða borgarstjórn	Dags. breytingar	Fylgir skilmálahefti? Fjöldi uppdrátta? Annað ?
3.3	**Öskjuhlíðarhverfi**			
165	**Öskjuhlíð**			
	Öskjuhlíð, heildarskipulag	1.6.1999		Deiliskipulagsuppdráttur með skýringartáknum, skilmálar í sérstöku hefti.
	Öskjuhlíð – deiliskipulag, ný lóðarmörk		8.11.2006	Gildandi deiliskipulag frá 1998 ?(er það 1999?). Lóðarmörk skilgreind. Varmahlíð 1 Perlan. Bústaðarvegur 18 dæluhús. Bústaðarvegur 20 bensínstöð.
	Öskjuhlíð, Leynimýri	1.8.1985		Úthlutunarskilmálar Valdís og Gunnar, vinnustofan Þverá. Uppdrátt og skilmála vantar.
	Öskjuhlíð, Leynimýri		16.7.2004	Lóð fyrir duftreit stækkuð, minniháttar breytingar á gerð og legu stíga. Uppdráttur með skilmálum.
	Stofnstígur Öskjuhlíð		12.11.2009	Breyting á deiliskipulagi frá 1998. Uppdráttur með skilmálum.
	Ásatrúarfélag		18.1.2008	Breyting á deiliskipulagi frá 1998. Uppdráttur með skilmálum.
	Öskjuhlíð Keiluhöll	27.2.2001		Deiliskipulag samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 1. júní 1999, breytt 27.02.2001. Uppdrátt og skilmála vantar.

1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		14.3.2012	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		23.11.2011	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Keiluhöllin		14.2.2007	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
1.752.2	Flugvallarvegur 1		21.12.2005	Breyting á deiliskipulagi, bensínstöð við Flugvallarveg. Uppdráttur með skilmálum, skýringaruppdráttur.
1.752.2	Öskjuhlíð Keiluhöll		7.10.2004	Stækkun Keiluhallar. Uppdráttur með skilmálum.
184	**Leynimýri / Vesturhlíð**			
	Vesturhlíð 1		1.7.2011	Breyting á lóðarmörkum, byggingarreitur fyrir færanlegar stofur. Uppdráttur með skilmálum. Breyting á skipulagi frá 23.12.1997.
	Vesturhlíð /Leynimýri		18.11.1986	Lóð fyrir líkkistuvinnustofu og íbúðarhús. Rammaskilmálar ágúst 1985 og afstöðumynd.
197	**Hlíðarendi**			
	Hlíðarendi, Valur		23.9.2010	Breyting á deiliskipulagi 20.09.2007. Deiliskipulagsuppdráttur með skilmálum, skýringamyndir, þrívíddarmyndir, skuggavarp.
	Hlíðarendi, Valur		5.2.2008	Breyting á deiliskipulagi 3.2.2005.
	Hlíðarendi, Valur	3.2.2005		Deiliskipulag, uppbygging íþróttaðstöðu, atvinnu- og íbúðarbyggð.
	Hringbraut, færsla			
	Hringbraut, færsla	21.10.2003		Uppdráttur með skilmálum.
			13.12.2012	Fleiri breytingauppdrættir.
			4.4.2006	
	Háskólinn í Reykjavík			
	Háskólinn í Reykjavík	14.6.2007		Einn uppdráttur með skilmálum.
			21.11.2008	Tveir breytingauppdrættir með skilmálum. Skipulagsmörk til suðurs færð að lóðarmörkum, heimild fyrir kjallara.
			24.10.2007	
	Nauthólsvík			
	Nauthólsvík	6.10.1998		Einn uppdráttur með skilmálum.
	Nauthólsvík		23.7.2013	Fleiri breytingauppdrættir með skilmálum.
	Nauthólsvík		8.5.2013	
	Nauthólsvík		21.11.2008	
	Nauthólsvík		6.7.2008	
	Nauthólsvík, veitingaskáli		5.1.2006	
	Nauthólsvík		21.1.2004	
	Nauthólsvík		3.6.2003	

5.1.4.1 Mæliblöð

5.2 Matslýsing sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Notast er við gátlista við mat á visthæfni byggðar. Gátlistinn er fylgiskjal númer 1. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er fjallað um Öskjuhlíðarhverfi.

Í lögum um umhverfismat áætlana nr 105/2006 er kveðið á um að hafa þurfi samráð við skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Mat á umhverfisþáttum er hér sett fram sem hluti af almennri lýsingu fyrir gerð hverfisskipulags.

Ákveðið var að vinna mat á umhverfisþáttum sem hluta af grunnvinnu fyrir hverfisskipulagsgerðina þrátt fyrir að ekki sé lögformlega skylt að gera matslýsingu og umhverfismat fyrir áætlunina þar sem allar meginforsendur liggja fyrir í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Stefnumið og aðferðir við umhverfismat

Nálgun skipulagsvinnu og matsvinnu er að gera yfirlit yfir núverandi stöðu hverfisins og styrk- og veikleikagreiningu út frá grunngögnum með hliðsjón af gátlista um mat á visthæfi byggðar (sjá fylgiskjal 1) og stefnu borgaryfirvalda um skipulag vistvænna hverfa sem sett er fram í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og öðru því sem viðkemur skipulagi borgarhlutans og stöðu hans innan borgarinnar. Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

- Samfélag.
- Gæði byggðar.
- Samgöngur.
- Vistkerfi og minjar.
- Orka og auðlindir.
- Mannvirki.
- Náttúruvá.

5.2.1 Grunnástand

5.2.1.1 Samfélag

5.2.1.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Hverfið hefur þá sérstöðu að þar eru engir íbúar og því eiga margir þættir gátlistans ekki við.

5.2.1.1.2 Íbúaþéttleiki

Á ekki við.

5.2.1.1.3 Skólahverfið

Barnaskóli Hjallastefnunnar, Brúarskóli og leikskólinn Sólborg eru í hverfinu. Götur framan við skólana eru með 50–60 km hámarkshraða en framan við tvo fyrrnefndu skólana eru hraðahindranir. Ekki virðist gert sérstaklega ráð fyrir því að fólk komi gangandi eða hjólandi að skólunum.

5.2.1.1.4 Húsnæði fyrir alla

Á ekki við.

5.2.1.1.5 Atvinna / störf

Töluverð atvinnustarfsemi er í hverfinu, m.a. við Flugvallarveg, í HR, við Hótel Natura og á Hlíðarenda. Stefnt er að frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis m.a. á Hlíðarenda og á HR svæði.

5.2.1.1.6 Framboð verslunar og þjónustu

Bensínstöð, bílaleiga, þjónustufyrirtæki ofl.

5.2.1.1.7 Framboð á matvöruverslunum

Á ekki við.

5.2.1.1.8 Öryggi og heilsa

Fjölmargir stígar liggja um Öskjuhlíð og meðfram ströndinni. Aðstaða til sjóbaða er í Nauthólsvík. Aðalstígar í Öskjuhlíð eru upplýstir. Sumir álíta að Öskjuhlíð sé ekki öruggur staður vegna utangarðsfólks sem sækir þangað.

5.2.1.1.9 Þátttaka íbúa

Á ekki við.

5.2.1.1.10 Samfélag, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Hverfið er vel fallið til útivistar og íþróttaiðkunar sem eflir heilsu og vellíðan. Fyrirhuguð uppbygging í borgarumhverfi.	Öskjuhlíðin þykir af mörgum óöruggur staður. Afskipt svæði að hluta til í vestri.
Tækifæri	**Ógnanir**
Gera Öskjuhlíðina öruggari og snyrtilegri svo fólk geti notið gönguferða í skóginum. Styrkja hverfið enn frekar með uppbyggingu sem gefur bakland fyrir nýjan grunnskóla og tengir það betur Hlíðahverfi og miðborgarhluta.	Hugsanlega örðugt að uppræta ásókn utangarðsfólks í hlíðina. Of mikil uppbygging við útivistarsvæði og náttúru.

5.2.1.2 Gæði byggðar

5.2.1.2.1 Tilurð byggðarinnar, saga og menningararfur

Hverfið var notað snemma af bændum til skógtekju og selstöðu en varð vinsælt útivistarsvæði á 19. öld. Grjótnám var tekið úr Öskjuhlíð til húsagerðar á 19. öld og síðar til hafnargerðar og vegna flugvallar. Hitaveitugeymir var reistur á hæðinni 1940, fleiri bættust svo við og að lokum Perlan og núverandi geymar. Erfðafestubýli var á Hlíðarenda, þar voru íbúðarhús, fjós og hlaða og stendur hluti býlisins enn. Íþróttafélagið Valur hóf sína starfsemi á Hlíðarenda árið 1939. Herinn tók Öskjuhlíð og Vatnsmýri til afnota í seinni heimsstyrjöld og byggði fjölmörg mannvirki sem sum standa enn.

5.2.1.2.2 Byggðarmynstur

Á ekki við.

5.2.1.2.3 Göngufjarlægðir (gönguhæfni)

Á ekki við.

5.2.1.2.4 Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)

Í Aðalskipulagi er gert ráð fyrir svokölluðum Snorrabrautarás; þ.e. að Snorrabraut framlengist til suðurs að strönd í vesturhlíðarfæti Öskjuhlíðar.

5.2.1.2.5 Almenningsrými

Gert er ráð fyrir hjólandi vegfarendum við HR og ylströndina í Nauthólsvík. Við aðrar stofnanir eða fyrirtæki er ekki sértaklega gert ráð fyrir hjólreiðafólki.

5.2.1.2.6 Veðurfar (skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, skaflamyndun)

Skjólsælt er við Öskjuhlíðina vegna mikils trjágróðurs. Sól- og sjóböð eru vinsæl við Ylströndina í Nauthólsvík.

5.2.1.2.7 Gróðurþekja

Hverfið hefur grænt yfirbragð, gróður innan lóða er töluverður og þroskaður, hlutfall opinna svæða er hátt og gróðurþekjuhlutfall mikið miðað við Reykjavík í heild. Gegndræpi svæðis er milli 41–60% sem gefur vísbendingu um hátt hlutfall opinna svæða og þar með gróðurþekju.

5.2.1.2.8 Borgarbúskapur

Engin svæði eru fyrir borgarbúskap er í hverfinu.

5.2.1.2.9 Hönnun og arkitektúr

Þær fáu byggingar sem eru í hverfinu eru einkennandi fyrir svæðið og kennileiti þar. Perlan á toppi Öskjuhlíðar, Fossvogskirkja og Fossvogskapella, Hótel Natura (Loftleiðir), baðhús á ylströnd, veitingahús í Nauthólsvík, braggar og önnur mannvirki eða mannvirkjaleifar frá hernámsárunum og Hlíðarendi 2–6, íþróttamannvirki og Friðrikskapella sem tengjast búsetu- og íþróttasögu hverfisins.

5.2.1.2.10 Staðarandi

Við uppbyggingu hefur verið tekið tillit til Perlunnar en nokkuð hefur verið þrengt að bröggum og öðrum mannvirkjum frá hernámsárunum. Erfðafestubýlið að Hlíðarenda 2–6 gefur svip liðinnar tíðar. Fyrr á tíð, þ.e. áður en framkvæmdir hófust við Miklubraut og Miklatorg, lá Laufásvegur alla leið austur að gamla Hafnarfjarðarvegi (Skógarhlíð) og má sjá þess nokkrar minjar.

5.2.1.2.11 Gæði byggðar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Gróðursælt.	Nýjum byggingum hafa fylgt umfangsmikil bílastæði.
Tækifæri	**Ógnanir**
Koma upp aðstöðu fyrir borgarbúskap. Byggja upp að vestan og norðanverðu og styrkja þá byggð sem þegar er samþykkt á svæðinu. Suðurhlíðar verði hluti hverfisins.	

5.2.1.3 Samgöngur

5.2.1.3.1 Almenningssamgöngur

Leið 19 gengur frá Háskólanum í Reykjavík að Lækjartorgi og austur í bæ. Næsta biðstöð er við Hótel Natura og telst fjarlægðin þar á milli ásættanleg.

5.2.1.3.2 Bílastæðakvaðir

Hlutfall bílastæða á fermetra atvinnuhúsnæðis er mjög hátt í þessu hverfi. Stærstu bílastæðin eru við HR og Perluna og er innheimt bílastæðagjald af því fyrrnefnda að hluta til.

5.2.1.3.3 Hjólreiðar

Það er misjafnt hversu vel gert er ráð fyrir hjólastæðum við byggingar í hverfinu en fjölmörg hjólastæði eru við HR og við ylströndina. Stofnstígur liggur í gegnum hverfið og tengir austurhluta borgarinnar og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu við miðborgina og vesturbæ.

5.2.1.3.4 Samgöngur, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Góð tenging fyrir hjólreiðafólk milli borgarhluta.	Tengingu á milli efra svæðis í Öskjuhlíð og neðra svæðis (ylströnd) vantar.
Tækifæri	**Ógnanir**
Opna leið á milli efra og neðra svæðis svo svæðið nýtist sem ein heild.	

5.2.1.4 Vistkerfi og minjar

5.2.1.4.1 Landfræðileg lega og staðhættir

Einkenni landslags er brött, stórgrýtt, klettótt og skógi vaxin hlíð með fremur ávölum toppi. Hæst 61 m.y.s. Sléttlendi er undir hlíðinni til vesturs, norðurs og austurs. Afmörkuð af strandlengju Fossvogs til suðurs.

5.2.1.4.2 Náttúru- og hverfisverndarsvæði

Hverfisverndarsvæði í Öskjuhlíð h3 verður varðveitt með sérstöku skipulagi svæðisins. Öskjuhlíð er einnig á náttúruminjaskrá. Duftgarður er nú í Leynimýri. Ekki er ljóst hvort votlendisgróður hefur verið varðveittur. Fossvogsbakkar eru friðlýst náttúruvætti síðan 1999.

5.2.1.4.3 Náttúrufar og lífríki

Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og er jafnframt hverfisvernduð. Fossvogsbakkar njóta verndar sem friðlýst náttúruvætti. Hverfið er vel gróið, hlíðin er skógi vaxin en á láglendi er graslendi ríkjandi og mólendi er víða inni á milli í skóginum. Skógurinn er tilkominn með skipulagðri ræktun upp úr 1950. Votlendi hefur mest allt verið þurrkað upp en syðst í Leynimýri er nokkur væta eftir. Ríkulegt fuglalíf er í Öskjuhlíð og fjöru Fossvogs.

5.2.1.4.4 Jarðfræði og jarðmyndanir

Öskjuhlíðin er jökulsorfið grágrýti og má sjá jökulrákaðar klappir og hvalbök við Nauthólsvík. Fossvogslögin (Fossvogsbakkar) eru lög sjávarsets sem urðu til þegar jökull hopaði fyrir um

10.000 árum. Minjar um fjörumörk í 43 m hæð í Öskjuhlíð sjást í fjörugrjóti við norðvesturhorn kirkjugarðsins.

5.2.1.4.5 Strandlengja

Óröskuð fjara er frá Nauthólsvík og til austurs inn Fossvog.

5.2.1.4.6 Ár og vötn

Á ekki við.

5.2.1.4.7 Vatnsverndarsvæði

Á ekki við.

5.2.1.4.8 Ofanvatn

Svo til allt svæðið er gegndræpt og því getur ofanvatn sameinast náttúrulegum ferlum í stað þess að fara um fráveitu til sjávar.

5.2.1.4.9 Borgarvernd og menningarminjar

Samkvæmt húsakönnun er lagt til að vernda Fossvogskirkju, Perluna, Hlíðarenda 2–6, bragga við Flugvallarveg og minjar við Nauthólsvík frá seinni heimsstyrjöld.

5.2.1.4.10 Vistkerfi og minjar, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Tækifæri til að upplifa fjölbreytta náttúru og landslag.	Minjar frá hernámsárum eru í slæmu ásigkomulagi.
Tækifæri	**Ógnanir**
Gera herminjum hærra undir höfði og gefa fólki tækifæri á að fræðast um það tímabil á staðnum.	Yfirvofandi grisjun skógarins vegna flugöryggis. Þróun byggðar.

5.2.1.5 Orka og auðlindir

5.2.1.5.1 Orkunotkun

Eitt stæði er við HR þar sem hægt er að hlaða rafmagnsbíla.

Tvær bensínstöðvar eru í hverfinu.

5.2.1.5.2 Vatnsnotkun

Á ekki við.

5.2.1.5.3 Úrgangsstjórnun

Á ekki við.

5.2.1.5.4 Land

Á ekki við.

5.2.1.5.5 Kolefnisbinding

Skógurinn í Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarði leggja sitt af mörkum til kolefnisbindingar en við framræslu mýra vegna byggingaframkvæmda tapast kolefnisforði.

5.2.1.5.6 Orka og auðlindir, samantekt (SVOT)

Styrkleikar	Veikleikar
Mikill trjágróður bindur kolefni úr andrúmsloftinu.	Framræsla mýra.
Tækifæri	**Ógnanir**

5.2.1.6 Mannvirki

Á þessum þætti verður tekið í 2. áfanga verkefnisins.

5.2.1.7 Náttúruvá

5.2.1.7.1 Ofanflóð

5.2.1.7.2 Flóðahætta

Engin hætta.

5.2.1.7.3 Hækkun sjávarstöðu

Mannvirki standa í nokkurri fjarlægð frá sjó svo að hætta af sjávarflóðum er lítil.

5.2.1.7.4 Sprungusvæði, jarðhræringar

Náttúruvá er ekki meiri í þessu hverfi en annars staðar í Reykjavík.

5.2.1.7.5 Náttúruvá, samantekt

Styrkleikar	Veikleikar
Náttúruvá er lítil í þessu hverfi.	
Tækifæri	**Ógnanir**

Heimildir:

Byggðakönnun Borgarhluti 3 Hlíðar. Minjasafn Reykjavíkur, Reykjavík. 2013.

Öskjuhlíð. Náttúra og saga. Árbæjarsafn og Borgarskipulag Reykjavíkur, Reykjavík.

6 Kynning og samráð

Gerð verklýsingar, matslýsingar og tillögu að hverfisskipulagi er og verður unnið í nánu samráði við eftirtalda aðila:

A. Íbúa og hagsmunaaðila í hverfum borgarinnar.
B. Einingar og svið Reykjavíkurborgar sem hverfisskipulagið snertir.
C. Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Samráðinu er sérstaklega ætlað að gefa þessum aðilum rödd í skipulagsferlinu samhliða því sem leitað er eftir góðum hugmyndum sem stuðlað geta að betra og vistvænna hverfisskipulagi.

Beitt verður nokkrum aðferðum við kynningar og samráð sem lýst er hér á eftir. Samráð tekur mið af fyrra samráði sem borgaryfirvöld hafa átt við íbúa og hagsmunaaðila, bæði við gerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og vinnu við 1. áfanga hverfisskipulagsins sem lauk á vormánuðum 2014. Þess bera að geta að á fyrri stigum var samráð opið og leitað var eftir hugmyndum íbúa og hagsmunaaðila um margvísleg málefni í borginni. Hugmyndum sem komu fram var haldið til haga í samantektum frá samráðsfundum og í greinargerðum sem skipulagsráðgjafar skiluðu til verkkaupa. Helstu niðurstöðum úr þessu samráði er komið á framfæri m.a. í þessari verklýsingu..

Skipulag samráðsins eftir að endurskoðun verklýsingar lýkur og vinna við tillögugerð hefst tekur mið af 10 mánaða tímaramma en myndin fyrir neðan sýnir þessa samráðsaðferð og þá aðila sem haft verður samráð við sbr. upptalninguna fyrir framan.



Mynd 6. 1. Mynd sem sýnir skipulag samráðsins. Hvernig samráðið er í upphafi opið en þrengist eftir því sem á líður.

6.1 Yfirlit og helstu áherslur

6.1.1 Samráð við Íbúa og hagsmunaðila í borgarhlutum.

Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í einstökum borgarhlutum verður framkvæmt með mismunandi aðferðum. Það er gert til að draga fram sem fjölbreyttastar skoðanir og gefa sem flestum hópum færi á að koma sínum sjónarmiðum sem snerta hverfisskipulagið á framfæri. Samráð verður haft við eftirfarandi aðila í hverfunum:

1. Hverfisráð

Mikilvægur samstarfsaðili við gerð hverfisskipulags er hverfisráð viðkomandi borgarhluta. Því verður miðlun upplýsinga og samráði beint í gegnum hverfisráðið enda er það skilgreindur samráðsvettvangur íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda. Þegar ráðgjafar hafa lagt fram hugmyndir/tillögur og þær hafa verið samþykktar af verkkaupa verða þær fyrst kynntar hverfisráðinu í borgarhlutanum.

2. Rýnihópur

Næsta þrep í samráði við íbúa er svokallaður rýnihópur íbúa, sem er sérvalinn rýnihópur og er ætlað að gefa þverskurð af sjónarmiðum íbúa í borgarhlutanum.

Mikilvægt er að vanda til þess hvernig þátttakendur í rýnihóp eru valdir. Beitt verður aðferðum félagsvísindanna og valið framkvæmt af óháðum aðilum til að tryggja að markmið um þverskurð og gagnsæi náist. Miðað er við að rýnihópur komi úr hverju hverfi og verður valið í þá með slembiúrtaki til þess að til verði þverskurður af íbúum hvað varðar aldur, kyn, þjóðerni, búsetu og önnur atriði sem skipta máli.

Vinnu rýnihóps verður þannig háttað að eftir að hverfisráð hefur fengið tillögur ráðgjafa um stefnumótun – framtíðarsýn til umsagnar hefja rýnihópar störf. Rýnihóparnir verða beðnir að svara ákveðnum spurningum er varða þær hugmyndir sem fram eru komnar.

Framkvæmd rýnihóps er í höndum sérfræðinga, sem skila mun verkefnisstjóra hverfisskipulags niðurstöðum eftir að rýnihópar í hverjum borgarhluta ljúka störfum. Þessum niðurstöðum verður komið á framfæri við ráðgjafa og þær notaðar til að þróa áfram tillögur að hverfisskipulagi.

3. Sérfræðingahópur úr borgarhlutanum

Sérfræðingar (eldhugar) í borgarhlutanum er hópur einstaklinga og/eða fulltrúar félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana með aðsetur í borgarhlutanum og sérstaka þekkingu og áhuga á málefnum síns hverfis sem vilja hafa áhrif á mótun þess. Miðað er við að þessi hópur starfi allan verktímann enda verður reglulega leitað álits hjá honum um málefni hverfisskipulagsins.

Leitað verður eftir fulltrúum í þennan hóp hjá eftirfarandi aðilum:

- Hverfisráði.
- Íbúasamtökum.
- Íþróttafélögum í borgarhlutanum.
- Foreldrafélögum í skólum í borgarhlutanum.
- Fyrirtækjum í borgarhlutanum.
- Þjónustustofnunum í borgarhlutanum.

Hugmyndir um stefnumótun – framtíðarsýn fyrir borgarhlutann og hverfin verða lagðar fyrir þessa hópa samhliða því sem rýnihópur verður spurður álits. Miðað er við að sérfræðingar verkkaupa hitti eldhuga á verktímanum.

4. Verkefni í grunnskólum í hverfunum

Leitað verður til allra skóla í viðkomandi borgarhluta um þátttöku í samráði á grundvelli aðferðarfræði sem kennd er við „Planning for Real" og þýdd hefur verið sem SKAPANDI SAMRÁÐ. Þessi aðferð byggir á því að fá alla íbúa á öllum aldri í viðkomandi hverfi til þess að byggja líkan af sínu nærumhverfi og koma sjónarmiðum um úrbætur á framfæri í kringum vinnu með slíkt líkan. Þessi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri í Bretlandi við skipulag nærumhverfis.

Framkvæmd SKAPANDI SAMRÁÐS í hverfisskólum

Hópar úr 5., 6. og/eða 7. bekk í hverfisskólanum fá það verkefni að byggja líkan af sínu hverfi í fyrirfram ákveðnum mælikvarða. Miðað er við að líkanið verði úr léttum efnum á kortagrunni sem hverfisskipulagið útvegar. Skipulagsráðgjafar og starfsmenn hverfisskipulagsins munu taka þátt í verkefninu og leiðbeina nemendum og kennurum sem taka þátt í verkefninu. Útgangspunktur vinnunnar eru hugmyndir um stefnumótun – framtíðarsýn sem ráðgjafar hafa unnið á grundvelli þessarar verklýsingar.

Miðað er við að þessi vinna taki um tvær vikur. Á tímabilinu verður boðið til vinnustofu þar sem foreldrar og aðrir íbúar eru hvattir til að mæta og koma sínum sjónarmiðum um stefnumótun – framtíðarsýn á framfæri. Þeir verða líka hvattir til að koma skoðunum sínum um önnur þörf verkefni í hverfinu á framfæri. Hluti af aðferðarfræði SKAPANDI SAMRÁÐS er að gefa íbúum (skólabörnum, foreldrum og öðrum) tækifæri á að forgangsraða hugmyndum og kjósa um þær hugmyndir sem taldar eru bestar. Kosningin verður framkvæmd í umræddum vinnustofum.

Samhliða vinnustofum í hverfinu verður yngri og eldri nemendum kynntar hugmyndir að stefnumótun – framtíðarsýn og þeir hvattir til umræðu um mótun nærumhverfisins.

Í lok þessa tveggja vikna vinnuferils verður boðað til íbúafundar, sjá lýsingu hér fyrir neðan undir lið 6.

5. Samkeppni um besta myndbandið úr hverfinu.

Samhliða SKAPANDI SAMRÁÐI verður nemendum í 8. til 10. bekk boðið að taka þátt í samkeppni um besta myndbandið um aðstæður í hverfinu. Skipuð verður sérstök dómnefnd og bestu myndböndin valin og veitt verðlaun við hæfi fyrir besta myndbandið. Einnig verða verðlaunamyndbönd gerð aðgengileg á vef hverfisskipulagsins og á Facebook-síðu þess. Nánari lýsing á fyrirkomulagi þessarar samkeppni verður kynnt síðar.

6. Íbúafundir

Haldnir verða nokkrir íbúafundir á vinnslutíma hverfisskipulagsins á vegum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

A. <u>Íbúafundir í lok SKAPANDI SAMRÁÐS verkefna</u>

Í lok SKAPANDI SAMRÁÐS verður boðað til íbúafundar í viðkomandi hverfisskóla, þar sem hugmyndir sem fram hafa komið í þessu vinnuferli verða ræddar í samhengi við hugmyndir ráðgjafa um stefnumótun – framtíðarsýn. Miðað er við að þrír til fjórir slíkir fundir verði haldnir í hverjum borgarhluta.

B. Íbúafundir eftir úrvinnslu á niðurstöðum SKAPANDI SAMRÁÐS verkefna

Þegar ráðgjafar og verkefnisstjórar verða búnir að vinna úr ábendingum og hugmyndum frá SKAPANDI SAMRÁÐI verður boðað til sameiginlegs íbúafundar í borgarhlutanum. Fundurinn verður auglýstur í hverfisblöðum og fjölmiðlum og hefur það hlutverk að miðla upplýsingum og taka á móti ábendingum á þessu stigi skipulagsvinnunnar.

C. Íbúafundir þegar á líður ferlið

Þegar vinna við tillögu að hverfisskipulagi verður komin lengra verður boðað til kynningarfundar í borgarhlutanum til að miðla upplýsingum um stöðu vinnunnar sem nú fer að nálgast verklok.

D. Kynningar fyrir minnihlutahópa

Skipulagðar verða sérstakar kynningar fyrir minnihlutahópa sem að öllu jöfnu fara á mis við hefðbundna íbúafundi. Hér er horft til a) nýbúa, b) fatlaðra og c) aldraðra. Þessi kynning verður í tengslum við vinnu í SKAPANDI SAMRÁÐI.

Miðað er við að verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa haldi fundi með þessum hópum í samstarfi við mannréttindastofu borgarinnar og þjónustumiðstöð í borgarhlutanum.

7. Viðvera í hverfum

Til að ná til sem flestra íbúa í borgarhlutanum verða skipulagsráðgjafar og starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs með viðveru á fjölförnum stöðum í borgarhlutanum að minnsta kosti þrisvar á vinnslutíma skipulagsins.

Þessi viðvera verður skipulögð í samstarfi við starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar í borgarhlutanum og auglýst sérstaklega í fjölmiðlum. Tilgangur viðverunnar er að koma á framfæri upplýsingum um skipulagsvinnuna og leita eftir ábendingum um hvað mætti betur fara í borgarhlutanum í beinum samtölum við íbúa.

6.1.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð verður haft við sérfræðinga borgarinnar á sviði skipulags- og byggingarmála, framkvæmda- og mannvirkjamála, velferðarmála, skóla- og frístundamála, umhverfismála, sorp- og endurvinnslumála, menningar- og ferðamála o.fl. Samráðið fer þannig fram að viðkomandi einingar og svið verða beðin að tilnefna fulltrúa til þess að vinna með ráðgjöfum og verkefnisstjórum skipulagsfulltrúa á verktíma hverfisskipulagsins. Miðað er við að sömu sérfræðingar komi að vinnu við hverfisskipulag í öllum borgarhlutum til þess að tryggja samræmi í ráðgjöf og upplýsingamiðlun.

Meginhlutverk þessara sérfræðinga er að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til ráðgjafahópa sem eru að vinna með hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í faglegri rýni á skilagögnum sbr. lið 2.1. á því sem tengist þeirra málaflokkum.

Verkefnisstjóri hverfisskipulags sér um að kalla til þessa sérfræðinga.

6.1.3 Samráð við lögbundna umsagnaraðila

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila meðan á vinnu við tillögu að hverfisskipulagi stendur:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Nærliggjandi sveitarfélög.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- Heilbrigðiseftirlit.
- Minjastofnun Íslands.
- Vegagerðina.
- Veðurstofu Íslands.
- Strætó bs.
- Orkuveituna (ON).
- Aðrar hlutaðeigandi stofnanir eftir atvikum.

Samráðið fer þannig fram að skipulagsgögn verða send þessum aðilum til umsagnar.

6.1.4 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst

Upplýsingum um hverfisskipulagið verður komið reglulega á framfæri með eftirfarandi hætti:

- Á heimasíðu hverfisskipulagsins með helstu upplýsingum og möguleikum á að koma ábendingum á framfæri.
- Á Facebook-síðu verkefnisins.
- Upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla.
- Gefið verður út prentað upplýsingaefni á vegum Reykjavíkurborgar.

Miðlunarteymi umhverfis- og skipulagssviðs sér um þessa upplýsingamiðlun

7 Viðauki 1. Samráð við gerð verklýsingar

7.1 Kynningar og samráð við íbúa og stjórnsýslu borgarinnar við vinnslu verklýsingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu kynningar og samráð sem fóru fram meðan unnið var að verklýsingu fyrir hverfisskipulag borgarhluta 3.

- Fundir með hverfisráðum, íbúasamtökum og tengiliðum í hverfunum sem vinna með ólíkum hópum fólks eins og t.d. ungu fólki, öldruðum, öryrkjum, innflytjendum o.s.frv. – júní 2013.
- Samráðskassar á fjölförnum stöðum eins og við sundlaugar, bókasöfn og aðra staði þar sem hægt er að skrifa niður hugmyndir og setja í hugmyndakassa – ágúst 2013–mars 2014.
- Samráð á kortavef á netinu þar sem fólk getur skráð og teiknað inn ábendingar – ágúst 2013–mars 2014.
- Samráðsfundir með íbúum og hagsmunaaðilum í hverjum borgarhluta – september–október 2013.
- Kynning fyrir hverfisráð – febrúar 2014.
- Fundir með aðilum frá skóla- og frístundasviði, íþrótta- og tómstundasviði, velferðarsviði, aðila frá Félagsbústöðum eða öðrum sem verkefnisstjórar á umhverfis- og skipulagssviði telja nauðsynlegt – janúar 2014.
- Skipulagslýsing og mat á umhverfisþáttum verður kynnt og lagt fram til umsagnar. Lýsingin verður send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vefsvæðum Reykjavíkurborgar. Vakin verður athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.

Áframhaldandi samráð verður haft við þá aðila sem komu að samráðsferli við gerð lýsingar, í 2. áfanga verkefnisins sem er mótun tillögu að hverfisskipulagi.

7.2 Niðurstöður samráðs við íbúa og hagsmunaaðila

Haldnir hafa verið eftirfarandi samráðsfundir við vinnslu verklýsingar hverfisskipulagsins sem ráðgjafateymið hefur tekið þátt í. Helstu punktar sem komu fram á þessum fundum eru taldir upp hér fyrir neðan.

7.2.1 Íbúafundir

Vinna við hverfisskipulagið hefur tekið mið af ábendingum og áherslum sem komið hafa fram í skipulagsvinnu fyrir borgarhlutann á undanförnum árum. Þar ber m.a. að nefna vinnufundi umhverfis- og skipulagssviðs og íbúa og hagsmunaaðila við mótun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, samráðsfund um Klambratún og sérstakan íbúafund um borgarhlutann.

Út frá ábendingum, athugasemdum og tillögum sem fram hafa komið til þessa hafa skipulagsráðgjafar flokkað niðurstöðu þess samráðs í megináherslur og samantekt á ábendingum og umræðu sem hefur átt sér stað frá árinu 2009.

Klambratún
Kjarni eða miðja borgarhlutans. Margar hugmyndir um uppbyggingu, nýtingu og skipulag.

Þróunar- og breytingarsvæði
Fjölgun íbúa og íbúða.

Spurningar um hvort þurfi að fjölga í hverfinu. Ef svo er þá er mjög mikilvægt að stækka skólana.

Þarf að fjölga í hverfinu?

Betri nýting svæða. Nýta MH lóð betur og lóð Menntavísindasviðs HÍ . Gera öruggari tengingu við Öskjuhlíðina. Skoða Litlu-Öskjuhlíð og svæðið umhverfis Veðurstofuna.

Verslun og þjónusta

Efla kaupmanninn á horninu. Lágvöruverslanir og markað í borgarhlutann, s.s. við Hlemm (ferskvara og beint frá býli).

Verslunum hefur fækkað verulega í borgarhlutanum.

Kringlan hefur mikil áhrif á verslun og þjónustu í hverfinu.

Lokun ákveðinna verslana.

Ákveðin er óánægja með verslun og þjónustu í hverfinu og leggja þarf áherslu á að fá fjölbreyttari verslun og þjónustu í hverfið.

Samgöngur

Umferð hefur mikil áhrif í borgarhlutanum.

Umferðaröryggi. Ýmsar tillögur s.s. forgangur gangandi vegfarenda yfir Snorrabraut.

Draga úr hraða inni í íbúðarhverfum t.d. með vistgötum.

Draga úr hraða á Snorrabraut og Miklubraut. Mörg börn sækja Austurbæjarskóla úr Norðurmýri.

Bæta aðgengi úr Norðurmýri og Hlíðum í Öskjuhlíð.

Huga að aðgengi að Klambratúni.

Setja Miklubraut í stokk. Byggja ofan á og tengja hverfin betur saman.

Fleiri göngu- og hjólastíga. Áhersla á fólk en ekki bíla.

Strætóleiðir og tenging við tómstundir og ferðir barna og ungmenna.

Ánægja með aðstöðu fyrir vistvæna ferðamáta í hverfinu.

Lýsa upp göngustíga.

Ásýnd og yfirbragð

Ásýnd hverfisins. Ákveðin svæði á að vernda, þar sem mjög heildstætt yfirbragð er á byggðinni s.s. í Norðurmýri og í Hlíðum.

Fegra. Lagfæra og gera Brautarholt og Skipholt fallegra og meira aðlaðandi.

Lýðræði

Framkvæmdir og breytingar á skipulagi fái lýðræðislega umfjöllun meðal íbúa.

Samfélag

Hlíðarnar eru frábært hverfi til að búa í.

Miklabraut skiptir borgarhlutanum upp. Erfitt að finna sameiginlegan kjarna.

Suðurhlíðarnar eru afskiptar. Tengja betur við borgarhlutann.

Móta leiðarljós þannig að hönnun snúist um fólk.

Miðstöð fyrir unglinga í borgarhlutann.

Margir skólar: Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Klettaskóli, Ísaksskóli, Brúarskóli, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntavísindasvið HÍ, Tækniskólinn.

Efla samfélagslega starfsemi í borgarhlutanum.

Ýmis skipting til fyrir borgarhlutann í hverfi og margar ólíkar s.s. varðandi skóla, löggæslu, þjónustu við aldraða og heilsugæslu.

Börn sækja íþróttir í Val, Fram og KR.

Almenningsrými

Öskjuhlíðin verði borgarskógur og að ekki verði frekari uppbygging í Öskjuhlíð.

Gera Vatnshólinn að grænu svæði.

Svæði fyrir vetrarútivist.

Vantar leikaðstöðu fyrir ungbörn.

Ánægja með almenningsrými í borgarhlutanum, en óskað eftir fjölbreyttari rýmum.

Mengun

Afla betri upplýsinga um mengun í borgarhlutanum, sérstaklega hvað varðar loftmengun. Ýmsar tillögur til að draga úr hljóðmengun og loftmengun frá bílaumferð.

Setja fram mælanleg markmið um loftgæði og hljóðvist.

Úrgangsmál

Stuðla að frekari sorpflokkun.

7.2.2 Fundir með tengiliðum og hverfisráðum

Vinna við hverfisskipulagið hefur tekið mið af ábendingum og áherslum sem komið hafa fram í skipulagsvinnu fyrir borgarhlutann á undanförnum árum. Þar ber m.a. að nefna vinnufundi umhverfis- og skipulagssviðs og íbúa og hagsmunaaðila við mótun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, samráðsfund um Klambratún og sérstakan íbúafund um borgarhlutann. Í eftirfarandi töflu kemur fram yfirlit yfir nokkra af samráðsfundum sem hafa verið haldnir um borgarhlutann og hvaða viðfangsefni voru m.a. rædd á fundunum.

	Tilefni	Viðfangsefni
1.	Samráðsfundur um Klambratún, 6.maí 2009.	Hugmyndir um margvísleg verkefni og framkvæmdir á Klambratúni.
2.	Samráð haust 2009 um „mínar Hlíðar, mín borg.“	Samgöngur – Miklabraut, borgarskógur, efla samgöngur hjólandi og gangandi, draga úr umferðarhraða.
3.	Vinnufundur um skipulag borgarhlutans, Betri Hlíðar, 15. mars 2012.	Þétting hverfis, þróunarsvæði, kjarnar, efling verslunar og þjónustu, samgöngur, ferðamáti og umferðaröryggi, borgargötur, almenningsrými.
4.	Ábendingar og tillögur um betri Reykjavík fyrir Hlíðar, vor 2013.	Margvísleg verkefni og framkvæmdir á Klambratúni.
5.	Barnaborgarskipulag. Skipulag með börnum – fyrir börn, apríl 2013.	Lýsing á hverfinu og hugmyndir um bættu umhverfi.
6.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsráðgjafa með tengiliðum og fulltrúum úr Hverfaráði 27. júní 2013.	Skipting borgarhlutans í hverfi, samgöngur, þróun verslunar og þjónustu, Klambratún og samfélagsþjónusta.
7.	Vinnufundur umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsráðgjafa með Minjasafni Reykjavíkur, ágúst 2013.	Menningarminjar.
8.	Hugmyndabanki á Hlemmi á menningarnótt 24. ágúst 2013.	Þjónusta og verslun, samgöngur og forgangsröðun verkefna
9.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagssráðgjafa með Hverfaráði 16. september 2013.	Aðgengi að gögnum í skipulagsvinnu og samráði, nýting fyrri hugmynda og samráðs, eftirfylgni hugmynda, umferðarskipulag, nýting skóla, umferðaröryggi, málsmeðferð byggingarumsókna, mengun, bílastæði, aðgengi og tengingar milli svæða.
10.	Íbúafundur um borgarhlutann. 17. september 2013.	Samgöngur, Klambratún, umferðaröryggi, byggðamynstur, heimild til breytinga, verslun og þjónusta.
11.	Fundir umhverfis- og skipulagssviðs og ýmissa fagssviða borgarinnar. 12. nóvember 2013 og 16. janúar 2014.	Áhersla á ýmis grunngögn um lýðfræði, lýðheilsu skóla- og frístundamál, náttúrufar, íþróttamannvirki, meðhöndlun úrgangs og leiksvæðastefnu.

HVERFISSKIPULAG - BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR



Tillaga að afmörkun hverfisskipulags

- Borgarhluti
- Hverfi

A-hluti hverfisskipulags, svæði sem unnir verða bindandi skilmálar skv. gr. 5.3.3 í skipulagsreglugerð

- Hverfisskipulag í skilningi reglugerðar

B-hluti hverfisskipulags þar sem unnin verður stefnumótun - framtíðarsýn, til leiðbeiningar

- Þróunarsvæði skv. AR 2010-30
- Athugunarsvæði
- Samfélagsþjónusta, utan hverfisskipulags

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3 - Hlíðar	
Dags.:	
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	
Blaðstærð:	

Kanon arkitektar

Teiknistofan Tröð

VSÓ Ráðgjöf

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14 - 105 Reykjavík - www.hverfisskipulag.is

HVERFISSKIPULAG - AFMÖRKUN HVERFA OG HVERFISEININGA
BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR





Borgarhluti

Hverfi

Hverfiseining

HVERFIS SKIPULAG

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3, Hlíðar	
Dags.:	1. apríl 2014
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	1:8.000
Blaðstærð:	A1

HVERFISSKIPULAG - NÚVERANDI SKILMÁLAR OG HEIMILDIR
BORGARHLUTI 3 - HLÍÐAR





Deiliskipulag í gildi

Aðrir skilmálar og uppdrættir en deiliskipulagsuppdrættir

Deiliskipulagsbreyting á einstökum lóðum

Einungis skilmálar, enginn uppdráttur til

Þróunarsvæði

Atvinnusvæði

Græn svæði

Borgarhluti

Númer vísa í deiliskipulagsreits skv. skilgreiningu borgarinnar. Í sumum tilvikum er um fleiri en 1 deiliskipulag að ræða innan hvers reits.

HVERFIS SKIPULAG

Hverfisskipulag - Borgarhluti 3, Hlíðar	
Dags.:	1. apríl 2014
Hannað:	
Yfirfarið:	
Kvarði:	1:8.000
Blaðstærð:	A1

Mat á visthæfi byggðar og skipulags - 20. desember 2013

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta		Mælanleg viðmið				Greining		
							Ástand		Lýsing
1. Samfélag		Tilvísun í grunngögn	Undir lágmarki	I. Lágmark	II. Æskilegt	III. Gott	núv.	áætlað	
1.1) Lýðfræði: Íbúaþróun fjöldi, aldursamsetning	Hvernig er aldursdreifing annars vegar borgarhlutanum og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík aldursbil: 0-5: 9% 6-12: 8% 13-16: 5% 17-24: 12% 25-34: 16% 35-66: 39% 67+: 11%	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir meðalaldur, bls. 6 og 8 í bók 4.	>3% frávik í aldurshópnum 6-12 ára í Norðurmýri, Holti og Hlemmi og í aldursflokkunum 0-5 ára og 13-16 ára á Hlemmi.	2-3% frávik í aldurshópnum 67 ára og eldri í Norðurmýri og Hlemmi	1-2% frávik í aldurshópnum13-16 ára í Norðurmýri og Holti og í aldurshópnum 17-24 ár á Hlemmi.	<1% frávik í aldurshópnum 0-5 ára og 17-24 ára í Noðurmýri og Holti, 25-66 ára í öllu hverfinu og 67 ára og eldri á Hlemmi.	x		Hverfið er almennt svipað og meðaltal í Reykjavík, nema aldurshópurinn 6-12 ára er talsvert minni en í Reykjavík og elsti aldurshópurinn er heldur minni. Aldurshópurinn 25-34 ára sker sig úr með 23-27% í Hlíðum á móti 16% í Reykjavík. Hlemmur er frábrugðinn hinum hluta hverfisins, þar eru færri börn og fleiri í hópnum 35-66 ára.
1.2) Íbúaþéttleiki	Hvert er heildarhlutfall íbúa/ha innan borgarhlutans og hverfa hans?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir íbúaþéttleika, bls. 7-8 í bók 4.	<40 íbúar/ha.	40-60 íbúar/ha. *Hlemmur og Holt*	60-80 íbúar/ha. *Dæmi: Grandar, Melar, Litli-Skerjafjörður, Lækir, Heimar, Bakkar, Hólar og Fell*	80+ íbúar/ha. *Norðurmýrin*	x		Ef allt hverfið er tekið (4787 íbúar á 93 ha) þá er þéttleikinn 51 íbúi á ha sem er lágmark. Ef maður dregur Klambratún frá þá eru það 111 íbúar / ha sem er gott.
1.3) Skólahverfið	Hversu mörgum íbúðum þjónar hvert og eitt skólahverfi innan borgarhlutans?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir skólahverfi, bls. 17 og 19 í bók 4. Gögn um skólahverfi send með gátlista.	<1000 íbúðir/skólahverfi	1000-1100 íbúðir/skólahverfi	1100-1200 íbúðir/skólahverfi	1200-1300 íbúðir/skólahverfi		x	Samkvæmt fyrirliggjandi tölum þjónar Háteigsskóli a.m.k. 1640 íbúðum. Spurningin er hvort þær tölur gefa til kynna að skólinn sé sprunginn.
1.4) Húsnæði fyrir alla	Hvert er hlutfall núverandi eða nýrra íbúða innan hvers hverfis borgarhlutans sem miðar við þarfir þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið fé í eigið húsnæði?	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir fjölda leiguíbúða, bls. 13 í bók 4. Eigum ekki nákvæmar upplýsingar um þetta. Ráðgjafara þurfa að koma með tilgátu byggða á þeim gögnum sem liggja fyrir.	<10%	10-15%	15-20%	20-25%			Litlar fyrirliggjandi upplýsingar. 109 stúdentaíbúðir í hverfinu sem er 7% af íbúðafjölda.
	Hvernig er hlutfall herbergjafjölda á íbúð í hverfum borgarhlutans og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík íbúðategundir: 1 herb. 3% 2 herb. 18% 3 herb. 26% 4 herb. 23% 5 herb. 12% >5 herb. 18%	Töflur og gröf send með gátlista.	>6% Í öllum hverfishlutum eru 4 herbergja og yfir 5 herbergja íbúðir undir lágmarki.	Frávik 5-6% í Holtum eru 3 herbergja íbúðir í lágmarki og á Hlemmi og í Norðurmýri eru 5 herbergja íbúðir í lágmarki	Frávik 3-4%	Frávik <3% Almennt er herbergjafjöldi í samræmi við meðalfjölda herbergja í Reykjavík.	x		Skortur er á íbúðum með fjórum herbergjum eða fleirum en að öðru leyti er herbergjafjöldi í samræmi við Reykjavík. Í hverfið vantar einbýlishús og stór fjölbýlishús og raðhús. Hverfið kemur vel út hvað varðar lítil fjölbýli og parhús og tvíbýli.
	Hvernig er hlutfall íbúðategunda í hverfum borgarhlutans og hins vegar í hverfum borgarhlutans miðað við borgina í heild? Reykjavík íbúðategundir: Einbýli 11% Parhús/Tvíbýlishús 8% Raðhús 9% Lítið fjölbýli (2-3 hæðir) 39% Stórt fjölbýli (>3 hæðir) 33%	Töflur og gröf send með gátlista.	Frávik >9% Einbýlishús og stór fjölbýlishús eru undir lágmarki í hverfinu.	Frávik 7-9% Raðhús í hverfinu eru í lágmarki.	Frávik 4-6% Parhús og tvíbýli eru í æskilegu hlutfalli.	Frávik <4% Lítið fjölbýli er í samræmi við meðaltal í Reykjavík.	x		
	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir því að mæta húsnæðisþörf vegna áætlaðra breytinga á aldursamsetningu íbúa innan hverfisins?								Á ekki við

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
1.5) Atvinna / Störf	Hvað gerir skipulagið ráð fyrir mörgum störfum (fjöldi starfa á m2 atvinnuhúsnæðis) á hverja íbúðaeiningu innan vistsvæðis borgarhlutans, þ.e. í hjólreiðafjarlægð (<3,2 km / <15 mín) (hjólreiðafjarlægð 1,3 sinnum loftlína)? Sjá viðmið um fjölda m2 á starf í blárri töflu í upphafi kaflans fyrir hvern borgarhluta í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/myndir/skyrlsur/B1._Skipulag_borgarhluta.pdf	Kafli 1. Samfélag Kort sem sýnir tegund húsnæðis, bls. 15 í bók 4. Kort með tegund starfsemi og fermetrum húsnæðis sent með gátlista. Viðmið um fjölda fermetra á starf eftir borgarhlutum í Skipulagi borgarhluta AR2010-2030.	<0,7 starf á hverja íbúðareiningu	0,7-0,8 starf á hverja íbúðareiningu	0,8-0,9 starf á hverja íbúðareiningu	0,9-1+ starf á hverja íbúðareiningu			Stutt lýsing á möguleikum og takmörkunum á aukningu starfa innan vistsvæðis borgarhlutans miðað við tillögur hverfisskipulags.
1.6) Framboð verslunar og þjónustu	Hvað af eftirfarandi verslun og þjónustu er til staðar innan borgarhlutans (eða í ásættanlegri göngufjarlægð (<1,2km eða <15 mín) (göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) frá öllum íbúðum innan borgarhlutans: *Matvöruverslun, Leikskóli, Skóli, Leiksvæði, Almenningsgarður/torg, Menningarmiðstöð, Félagsmiðstöð, Bókasafn, Smásöluverslun, Apótek, Áfengisverslun, Sjoppur, Sundlaug, Íþróttasvæði, Heilsugæsla, (Hrað)banki, Pósthús,* *Veitingastaður, Líkamsræktarstöð, Læknaþjónusta, Hárgreiðslustofa, Fatahreinsun, Kirkja, Lögregla, Krá, Bensínstöð*	Kafli 1. Samfélag Ýmis kort, bls. 15-21 í bók 4, vettvangskönnun og samráð.	<46% (<12 af þeim 26 sem talin voru upp)	46 - 60% (12-15 af þeim 26 sem talin voru upp)	61-75% (16-19 af þeim 26 sem talin voru upp)	76%-100% (20-26 af þeim 26 sem talin voru upp)			Norðurmýri á langt að sækja í bókasafn og áfengisverslun.
1.7) Framboð á matvöruverslunum	Meðalgöngufjarlægð í næstu matvöruverslun (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína)	Gögn um þjónustukjarna send með gátlista. Vettvangsskoðun.	>1200m	800-1200m	400-800m	<400m			Lengra fyrir íbúa austurhluta hverfisins heldur en vesturhluta.
1.8) Öryggi og heilsa	Hversu stórt hlutfall af heildarlengd gatna innan hvers hverfis (að stórum stofnæðum undanskildum) eru með 30 km hámarkshraða?	Kafli 3. Samgöngur Kort sem sýnir 30km hverfi, bls. 38 í bók 4.	60-70%	70-80%	80-90%	90-100%			Fleiri alvarleg slys verða á lengdarmetra Miklubrautar í Hlíðum miðað við önnur svæði. Kanna þarf hvort gera ætti úrbætur á þverunum yfir Löngulhlíð. Almennt er hraði á Miklubraut orsakavaldur slysa sem þar verða, auk mikils fjölda bíla sem þar fara um.
	Eru götur í grennd við leiksvæði barna, leikskóla- og skólalóðir í hverfum borgarhlutans hannaðar með það í huga að hægja á umferð?					Nema opið leiksvæði Vatnsholt, virðist ekki vera 30 km gata þar fyrir framan.			
	Eru göngu- og hjólaleiðir barna í skóla öruggar? Eru leiðir yfir götur merktar og öruggir stígar á leiðinni?								
	Hversu mikið er um umferðaróhöpp innan hvers hverfis, miðað við umferð í samanburði við borgina í heild sinni og hvernig er hægt að draga úr umferðaróhöppum?	Kafli 3. Samgöngur Kort sem sýnir umferðaróhöpp, bls. 33 í bók 4.							
	Hversu mörg innbrot í íbúðahúsnæði, á íbúa,eru í hverfum borgarhlutans miðað við borgina alla og hvernig má draga úr slíkum glæpum?	Sjá lögregluskýrslu í ítarefni							Sjá samantekt um borgarhlutann. Upplýsingar eru ekki greindar eftir hverfum.
	Hvernig tekur skipulagið á þáttum er varða glæpi í borgarhlutanum s.s. Eignarspjöll, innbrot og líkamsárásir utandyra?								Á ekki við
	Hvernig tekur hverfisskipulagið á þáttum er varða lýðheilsu íbúa s.s. Hvað varðar samgöngunet fyrir gangandi/hjólandi, gæði opinna svæða og nálægð í verslun og þjónustu?								Samkvæmt gögnum eru gangstéttir og gangstígar víðast hvar í hverfinu. Uppýsingar um stíga í borgarvefsjá sýna að þeir liggja helst utan um hverfið en ekki innan þess. Líklega er gert ráð fyrir því að hjólað sé á götu eða á gangstétt innan hverfis en úr því mætti vel bæta. Gæði opinna svæða má bæta, m.v. umræðu um Klambratún. stutt í verslun og þjónustu.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta			Mælanleg viðmið			Ástand		Greining
									Lýsing
	Hvernig er yfirsýn yfir opin svæði og almenningsrými? Eru falin svæði? Eru skilti og leiðbeiningar að svæði? Er slysahætta?					Yfirleitt í lagi, engin skilti þó. Opið leiksvæði við Meðalholt er vel falið og engin skilti.			Stutt greinargerð um núverandi ástand og hvernig hverfisskipulag gerir ráð fyrir að bæta öryggismál.
1.9) Þátttaka íbúa í ákvarðanatöku um skipulag innan skipulagssvæðisins	Er þátttaka á íbúafundum og í samráði á neti að endurspegla samsetningu íbúa eftir kyni, aldri og uppruna?	Mat ráðgjafa á þátttakendum á íbúafundum. Gögnum um bakgrunn þátttakenda í netsamráði verður safnað saman og sent á ráðgjafa síðar.							Samantekt á niðurstöðum íbúafunda og þátttöku í þeim. Skrá niður og greina frávik á aldursdreifingu, kynjaskiptingu og uppruna á íbúafundum.
2. Gæði Byggðar		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**	**núv.**	**áætlað**	
2.1) Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur		Byggðakönnun fyrir borgarhlutann frá Minjastofnun							Um helmingur bygginga í hverfinu hefur einhvers konar menningarlegt gildi. Í húsakönnun (2013) er lagt til að hluti verði hverfisverndaður, hluti fái byggðamynstursvernd og ákveðnar götumyndir verndaðar. Eitt hús er friðlýst og 10 mannvirki vernduð vegna þjóðminjalaga.
2.2) Byggðamynstur	Hver er íbúðaþéttleiki annars vegar innan borgarhlutans og hins vegar innan hvers hverfis?	Gögn með fjölda íbúða send með gátlista		20-30 íbúðir/ha	30-40 íbúðir/ha	>40 íbúðir/ha			1640 íbúðir á 93 ha eða 82 ef Klambratún dregið frá.
	Hvernig gerir hverfisskipulagið ráð fyrir því að fyrirhuguð uppbygging innan skipulagssvæðisins styrki núverandi byggð með: a) auknum þéttleika b) blöndun byggðar og bættri þjónustu c)hágæða arkitektúr d)sérstöðu og frumleika? (Byggðamynstur)								Á ekki við
	Hvernig samræmist fyrirhuguð uppbygging samkvæmt áætlun hverfisskipulagsins almennri stefnu um hæðir húsa í borginni? Er búið að kanna hvernig staðan er í dag? Hvernig er hægt að bregðast við og bæta þá stöðu?								Algengasta hæð er 3-5 hæðir og því næst 1-2. Á stöku stað eru byggingar hærri, s.s. við Laugaveg og Bólstaðarhlíð.
	Mætir skipulag hverfisins ólíkum þörfum kvenna/karla eða stúlkna/drengja? Hafa einhverjir þættir í skipulagi hverfisins ólík áhrif á konur/karla eða stúlkur/drengi.								Vantar forsendur
2.3) Göngufjarlægðir (gönguhæfni)	Hversu hátt hlutfall íbúa er í 400 metra göngufjarlægð frá verslun og þjónustu?	Kafli 1. Samfélag Kort af þjónustukjörnum á bls. 16. Kortið sýnir 300m radíus en það jafngildir ca. 400m göngufjarlægð. Gögn um þjónustukjarna og fjölda íbúa send með gátlista.	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			lýsing...

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining	
				Mælanleg viðmið			Ástand	Lýsing
2.4) Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)	Gerir hverfisskipulagið ráð fyrir skýrt afmörkuðum göturýmum þar sem: a) framhliðar húsa snúa að götu b) götustæðið er meðhöndlað sem almenningsrými c) bílastæði eru samhliða götunum d) götugögn eru til staðar e) lágir gangstéttarkantar sem auðvelda aðgengi f) umferðarhraði er takmarkaður g) hjólastígar h) aðgengi fyrir alla i) jafnvægi í fjarlægðum milli framhliða, breidd gatna og einkalóða j) gatan snýr vel við sól og skjól er fyrir vindum							lýsing...
	Gerir skipulagið ráð fyrir borgargötum í borgarhlutanum sem eru skýrt afmarkaðar af byggingum með þjónustu á jarðhæðum og fjölbreyttri umferð gangandi, hjólandi og akandi (shared space)?	Skoða stefnu um borgargötur í kaflanum Gatan sem borgarrými í drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030	Ekki er gert ráð fyrir neinni borgargötu innan borgarhlutans	Einni megingötu innan borgarhlutans	Tveimur til þremur megingötum innan borgarhlutans	Öllum megingötum innan borgarhlutans		lýsing...
2.5) Almenningsrými	Eru almenningrými innan hvers hverfis hönnuð með það að markmiði að setja fólk umfram bíla í öndvegi?							Er hverfistorg í borgarhlutanum sem hefur verið sérstaklega hannað sem samkomu / samverustaður íbúa?
	Tengjast heimili verslun og þjónustu með neti gönguleiða og öruggum gönguleiðum yfir götur?							Lýsing á gönguleiðum í hverfinu, öryggi þeirra og hvað þarf að bæta.
	Eru gönguleiðir með viðunandi lýsingu, skjólgóðar og öruggar?							Vantar upplýsingar.
	Eru gönguleiðir hindrunarlausar fyrir; a) börn b) eldri borgara c) blinda og sjónskerta einstaklinga d) fatlað fólk e) fólk með barnavagna f) hjólandi fólk							Stutt lýsing á aðgengi fyrir alla á gönguleiðum í borgarhlutanum
	Er framtíðarleikvöllur/tómstundasvæði: a) að bjóða upp á fullnægjandi starfsemi/autt pláss fyrir stráka og stelpur b) með möguleika á að svæðið/leikvöllurinn geti verið án eftirlits							Hvernig leikvöllum eða aðstöðu til íþróttaiðkunar í almenningsrýminu er gert ráð fyrir? Ath. fleiri möguleika en sparkvelli eða körfuboltavelli sem ekki allir hópar nota. Hvað með fimleikavöll? Blak? Tennis? Samráð við alla, t.d. stelpur á grunnskólaaldri? Hvað vilja þær?
	Eru göturými hönnuð með það að markmiði að draga úr hraða og móta mannvænleg borgarrými?							lýsing...
	Hvernig er staða skipulassvæðisins þegar horft er til stærðar og hlutfalls opinna svæða og almenningsrýma á hvern íbúa innan skipulagssvæðisins?	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	<240m2/íbúa	240-260 m2/íbúa	260-280 m2/íbúa	280-300 m2/íbúa		lýsing...
	Meðalgöngufjarlægð í borgargarð/strandsvæði stærri en 10ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>1000 metrar	750-1000 metrar	500-750 metrar	<500 metrar		lýsing...

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining	
				Mælanleg viðmið			Ástand	Lýsing
	Meðalgöngufjarlægð í hverfisgarð 5-10ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>600 metrar	500-600 metrar	400-500 metrar	<400 metrar		lýsing...
	Meðalgöngufjarlægð í leik- og dvalarsvæði <5ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>400 metrar	300-400 metrar	200-300 metrar	<200 metrar		lýsing...
	Hvert er hlutfall íbúa á skipulagssvæðinu sem búa innan við 300 metra frá opnu svæði eða almenningsrými stærri en 2000 m2?	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4. Gögn með opnum svæðum og um fjölda íbúa send með gátlista.	<85%	85-90%	90-95%	95-100%		lýsing...
	Er umhverfi í kringum verslanir og þjónustu hannað með fótgangandi og hjólandi vegfarendur í huga?							Það eru gangstéttar en ekki gert sérstaklega ráð fyrir hjólandi, engin hjólastæði.
2.6) Veðurfar (Skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, snjósöfnun)	Er gert ráð fyrir skjólbeltum í skipulaginu eða er skjólmyndun náð fram með byggðaformi og/eða með öðrum hætti? Hefur verið gerð úttekt á veðurfari og gripið til viðeigandi mótvægisaðgerða innan og/eða í grennd við skipulagssvæðið?							Lýsing á núverandi ástandi á vindafari innan hvers hverfis borgarhlutans og hvernig hverfisskipulagið kemur til með að bregðast við því.
	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir að meðhöndla skuggamyndun af fyrirhugaðri uppbyggingu innan skipulagssvæðisins? Hafa verið gerð skuggavörp af fyrirhugaðri uppbyggingu sem hafa verið kynnt íbúum og eru talin ásættanleg?							Lýsing á núverandi ástand og sólstöðu í borgarhlutanum Tékklisti: *Tekur lega byggðar mið af helstu vindáttum?* *Taka hæðir húsa mið af helstu vindáttum og vindhraða?* *Gróðursetning og skjólbelti í borgarhlutanum taka mið af helstu vindáttum?* *Tekur lega byggðar mið af sólargangi?* *Taka hæðir húsa mið af sólargangi?*
	Skapar snjósöfnun á ákveðnum svæðum innan hverfisins vandamál fyrir mismunandi ferðamáta eða hamlar aðgengi á einhvern hátt?							Lýsing á svæðum þar sem snjór hefur safnast og hvernig gert er ráð fyrir að hverfisskipulagið taki á snjósöfnun
2.7)Gróðurþekja	Hvert er hlutfall af gegndræpu yfirborði á skipulagssvæðinu (almenningsrými + einkagarðar)?	Kafli 6. Mannvirki. Kort sem sýna gegndræpt yfirborð, bls. 50-51 í bók 4 og kort með ítarlegri skiptingu eins og gert er ráð fyrir í gátlistanum, sem var sent með tölvupósti	<41%	41-50%	51-60%	61-70%		Ath eiginlega sama spurning varðandi ofanvatn en þar er gefið kost á flokknum 25-50% sem var valinn þar.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining	
				Mælanleg viðmið			Ástand	Lýsing
2.8)Borgarbúskapur	Hafa íbúar innan borgarhlutans aðgang að svæði til ræktunar á grænmeti? Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir að bæta úr því? A) Grenndargarðar í jaðri skipulagssvæðisins. B) Miðlægu ræktunarsvæði innan skipulagssvæðisins. C) Nokkrum almennum ræktunarsvæðum sem dreift er jafnt innan skipulagssvæðisins.	Vettvangsskoðun og samráð	Engin svæði til ræktunar á grænmeti í borgarhlutanum	A	B	C		lýsing...
2.9) Hönnun og arkitektúr	Hefur hverfið sérstakan byggingarstíl og kennileiti sem eru einkennandi fyrir hverfið?							Norðurmýrin, og Holtið hafa einkennandi stílbragð. Kennileiti eru Kjarvalsstaðir, Háteigskirkja, Fjöltækniskólinn. Sjá nánar umfjöllun um minjavernd.
	Er lögð áhersla á að lóð sé hönnuð í takt við byggingar?							Á stofnanasvæði kringum Háteigsskóla og Fjöltækniskólinn er mikið af svæði sem virðist falla milli lóða og gæti orðið betra. Lóðir eru litlar nyrst á svæðinu á atvinnusvæðum við Skipholt og nágrenni.
2.10) Staðarandi	Sjónásar: Tekur hverfisskipulagið tillit til áberandi og þekktra kennileita innan skipulagssvæðisins, borgarinnar eða í sjóndeildarhring hennar (landslag, mannvirki)?							Helst er um áhugaverða sjónása eftir Lönguhlíð í átt til fjalla að ræða. Aðrir sjónásar upphefja ekki sérstaklega byggingar eða önnur kennileiti í hverfinu.
	Núv staðhættir: Tekur hverfisskipulagið markvisst tillit til landslagseinkenna á eða í nágrenni skipulagssvæðisins? Taka hæðir húsa tillit til landslags og núverandi byggðar?							Byggingar á svæðinu eru almennt fremur lágar og er Norðurmýrarskipulagið dæmi um það hvernig taka á sérstaklega tillit til birtuskilyrða. Nyrst á svæðinu í halla mót norðri þarf að taka tillit til skuggavarps sérstaklega.
	Ísl. sérstaða / byggð götumyndir / sérstöðu byggðar/byggðamynsturs. Er gert ráð fyrir mismunandi útliti og hönnun arkitekta? Stærri fletir/hús brotin niður í smærri einingar.							Lýsing... Já/nei - ef já þá hvaða og hvernig.
3. Samgöngur		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**		
3.1)Almenningssamgöngur	Hvernig verður borgarhlutinn og hverfin innan hans tengd almenningsvagnakerfi borgarinnar við mikilvæga áfangastaði?							Hverfið býr vel að því að vera í nálægð við Hlemm þar sem flestir vagnar koma við eða tengingar við aðrar leiðir.
	Hámarksgöngufjarlægðir á milli biðstöðva strætisvagna í byggð. (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína)	Kafli 3. Samgöngur. Kort sem sýna leiðakerfi strætó, bls. 36-37 í bók 4.	>800m á milli biðstöðva	600-800 m á milli biðstöðva	400-600 m á milli biðstöðva	<400 m á milli biðstöðva		lýsing..
	Hámarksgöngufjarlægð frá íbúð að næstu biðstöð strætisvagna. (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína)	Kafli 3. Samgöngur. Kort sem sýna leiðakerfi strætó, bls. 36-37 í bók 4.	>800 metrar	600-800 metrar	400-600 metrar	<400 metrar		lýsing..
	Biðtími á háannatíma milli strætisvagna	http://www.straeto.is/	>20 mín	15-20 mín	10-15 mín	<10 mín		lýsing..
	Biðtími utan háannatíma milli strætisvagna		>60 mín	45-60 mín	30-45 mín	<30 mín		
	Fyrsti strætisvagn á morgnana á virkum dögum		Eftir kl. 06:30	06:30	06:00	Fyrir kl. 06:00		
	Síðasti strætisvagn á kvöldin á virkum dögum		Fyrir kl. 23:30	23:30	00:00	Eftir kl. 00:00		
	Fyrsti strætisvagn á laugardögum		Eftir kl. 07:30	07:30	07:00	Fyrir kl. 07:00		
	Síðasti strætisvagn á föstudögum og laugardögum		Fyrir kl. 00:00	00:00	01:00	Eftir kl. 01:00		
	Fyrsti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum		Eftir kl. 10:00	10:00	09:00	Fyrir kl. 08:00		

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta			Mælanleg viðmið			Greining		
							Ástand		Lýsing
	Síðasti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum		Fyrir kl. 23:30	23:30	00:00	Eftir kl. 00:00			
	Hversu hátt hlutfall af biðstöðvum strætisvagna innan borgarhlutans og hverfa hans eru örugg og veita skjól fyrir veðri og vindum (í framtíðinni ætti markmiðið að vera upphituð skýli með lifandi upplýsingar um staðsetningu og komutíma næsta vagns o.s.frv.)	Vettvangsskoðun	<40%	40-60%	60-80%	>80%			lýsing..
3.2)Bílastæðakvaðir	Hvert er hlutfall bílastæða miðað við fjölda íbúða innan hverfa borgarhlutans	Vantar tölur um fjölda bílastæða. Ráðgjafar geta metið út frá tegundum húsnæðis og áætlað ákveðinn fjölda bílastæða á tiltekna tegund húsnæðis t.d. með því að skoða skilmála (t.d. 2 bílastæði á einbýlishús, 1,5 á íbúð í fjölbýlishúsi...). Vettvangsskoðun og loftmyndir.	>2 stæði á íbúð	1,6-2 stæði á íbúð	1-1,5 stæði á íbúð	<1,0 stæði á íbúð			Lýsing .... Hvaða kröfur mun hverfisskipualgið gera til bílastæða innan hverfa borgarhlutans?....
	Hvar væri hægt að taka bílastæðaplan og nýta sem almenningssvæði á sumrin og mögulega til frambúðar?	Vettvangsskoðun							Stæði við Kjarvalsstaði og við Fjöltækniskólann (Stýrimannaskólann) og við Kennslufræðisvið HÍ mætti nýta sem almenningssvæði á sumrin.
	Hversu hátt hlutfall núverandi bílastæða við vinnustaði innan borgarhlutans eru opin fyrir íbúa í nágrenninu utan vinnutíma (t.d. á kvöldin og um helgar)?	Vettvangsskoðun	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			lýsing...
	Hversu mörg bílastæði eru á 100m2 atvinnuhúsnæðis í hverfinu?	Loftmyndir og merkt bílastæði á gildandi deiliskipulagsuppdráttum Kort með starfsemi og fermetrum húsnæðis send með gátlista. Vantar nákvæm gögn en ráðgjafar þurfa að meta út frá þeim gögnum sem til eru og vettvangsskoðunum.	>2	1,6-2	1-1,5	<1			lýsing...
	Gerir skipulagið ráð fyrir innheimtu bílastæðagjalda á opinberum bílastæðum innan borgarhlutans?	http://www.bilastaedasjodur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4126/	<15%	15-19%	20-25%	>25%			lýsing...
3.3)Hjólreiðar	Hversu margir metrar af hjólaleiðum eru á fermeter innan borgarhlutans?	Gögn um hjólaleiðir send með gátlista							Miðað við uppýlýsingar af http://is.ridethecity.com/iceland er það innan við meter/m2
	Hversu margir metrar af hjólaleiðum eru á íbúa innan borgarhlutans?	Gögn um hjólaleiðir send með gátlista	<0,5m/íbúa	0,5-0,75m/íbúa	0,76-1m/íbúa	>1m/íbúa (rétt tæplega það í Stokkhólmi)			
	Gerir skipulagið ráð fyrir sérstöku samgönguneti fyrir hjólreiðar (hjólastígar, hjólareinar) innan borgarhlutans og út frá honum?								Nei svo virðist ekki vera. Þeir stígar og gangstéttir sem eru fyrir eru notaðir. Ekki sérstaklega skilgreindir fyrir hjólafólk.
	Hvað gerir skipulagið ráð fyrir mörgum hjólastæðum eða pláss í hjólageymslu per íbúð?		<0,5 stæði/íbúð	0,5-1 stæði/íbúð	0,6-1 stæði/íbúð	>1 stæði/íbúð			Vantar upplýsingar.
	Hvað er gert ráð fyrir mörgum hjólastæðum við verslunar- og þjónustuhúsnæði upp að 2000 fm að stærð innan hverfa borgarhlutans?		<8 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	8 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	9-10 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	>10 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis			Engin hjólastæði fyrir utan verslunarhúsnæði.
	Hvað er gert ráð fyrir mörgum hjólastæðum á hvert starf/notenda við skrifstofur og aðra vinnustaði innan borgarhlutans?		Stæði fyrir <10% starfsmanna/notenda	Stæði fyrir 10-15% starfsmanna / notenda.	Stæði fyrir 16-20% starfsmanna / notenda.	Stæði fyrir >20% starfsmanna / notenda.			Engar upplýsingar. Samkvæmt vettvangsathugun eru þó almennt engin hjólastæði.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
	Hvert af neðangreindu er í ásættanlegri hjólreiðafjarlægð (<3,2 km eða <15 mín) frá öllum íbúðum innan borgarhlutans Tékklisti: Miðsvæði, Stórmarkaður, Atvinnusvæði, Háskóli, Menntaskóli, Sundlaug, Íþróttahús.	Kafli 1. Samfélag Ýmis kort, bls. 15-21 í bók 4.	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			lýsing...
4. Vistkerfi og minjar		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**			
4.1) Landfræðileg lega og staðhættir									Borgarhlutinn Háteigshverfi afmarkast til vesturs af Snorrabraut, til austurs af Kringlumýrarbraut, norðurs af Laugavegi og suðurs af Miklubraut. Landið er fremur flatt að undanskildu holtinu þar sem Skipholt, Miðholt og fleiri götur með sömu endingu eru. Klambratún er miðpuntkur hverfisins með stóru opnu svæði.
4.2)Náttúru- og hverfisverndarsvæði	Gerir skipulagið nægilega grein fyrir verndarsvæðum (nátturminjasvæðum, hverfisverndarsvæðum) sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi eða samkvæmt annarri stefnumótun sveitarfélags eða ríkis?								Hverfisverndarsvæði eru vel skilgreind, engin náttúruverndarsvæði í hlutanum.
4.3)Náttúrufar og lífríki	Hefur verið unnin úttekt á náttúrufari og lífríki innan borgarhlutans og tekur skipulagið fullt tillit til þeirra niðurstaðna sem þar koma fram.								Nei, um er að ræða mikið byggt svæði og lítið eftir af óspilltri náttúru.
4.4)Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur verið unnin úttekt á jarðfræði og jarðmyndunum á borgarhluta og tekur skipulagið fullt tillit til þeirra niðurstaðna sem þar koma fram.								Ekki sérstaklega en vitað er að áður en hverfið byggðist einkenndist það af mýrum (Norðurmýri, Kringlumýri, Breiðamýri) og svo klapparholtum þar sem m.a. var grjótnám (Mjölnisholt).
4.5)Strandlengja	Gerir skipulagið ráð fyrir að uppbygging innan borgarhlutans taki tillit til og vinni með strandlengju borgarinnar og verndi óraskaðrar fjörur?								Stutt greinargerð um aðgengi að strandsvæðum og hvernig megi vernda þau svæði og gera þeim hátt undir höfði í skipulagi ef þau eru innan borgarhlutans.
4.6)Ár og vötn	Gerir skipulagið ráð fyrir að uppbygging innan svæðisins taki fullt tillit til fjarlægðar frá ám og vötnum á grunni náttúrufarsúttektar?								Ár og vötn eru ekki í hverfishlutanum að undanskilinni Rauðará sem rennur í stokk undir Rauðarárstíg.
4.7)Vatnsverndarsvæði	Hefur verið gerð úttekt á því hvort skipulagssvæðið sé nærri eða hafi áhrif á vatnsverndarsvæði og til hvaða mótvægisaðgerða verður gripið til þess að mengun frá byggð hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæðið?								Á ekki við
4.8)Ofanvatn	Gerir skipulagið ráð fyrir meðhöndlun ofanvatns? Til heimabrúks, Gegndræp bílastæði, "græn"þök, náttúrulegir ferlar, mýrlendi eða settjörnum.								Nei, engar aðgerðir.
	Hversu hátt hlutfall ofanvatns gerir skipulagið ráð fyrir að verði leitt í gegnum náttúrulega ferla og hreinsað?		<25%	25-50%	50-75%	75-100%			Umfang Klambratúns vegur hér þungt.
4.9)Borgarvernd og menningarminjar	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir verndun bygginga og eldri byggðamynsturs og götumynda innan skipulagsvæðisins								

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining	
				Mælanleg viðmið			Ástand	Lýsing
	Hefur verið gerð úttekt á menningarminjum innan borgarhlutans og þær verndaðar á viðeigandi hátt?							Húsakönnun frá árinu 2013 liggur fyrir. Þar kemur fram varðveislumat húsa og mannvirkja. Í flokki friðlýstra húsa og mannvirkja er Háteigsvegur 35 Sjómannaskólinn. Í flokki einstakra húsa, húsaraða og götumynda er Bólstaðarhlíð 20 Ísaksskóli, Flókagata 24 Kjarvalsstaðir, Grettisgata 90-98, Háteigsvegur 36, 43, 56, Laugavegur 105, 114, 116, 118, 162, 180, Rauðarárstígur 25, Langahlíð 19-25,13-17 og 7-11, Skaftahlíð 12-22, Snorrabraut 33, 33a, 35, 37. Í flokki samstæðra húsa og heilda eru Einholt- Skipholt- Nóatún og Háteigsvegur, Laugavegur - Mjölnisholt- Stakkholt- Þverholt. Norðurmýri. Hús byggð fyrir 1925 eru háð umsagnarskyldu Minjastofnunar um breytingar.
5. Orka og auðlindir		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**		
2. Gæði Byggðar		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**	**núv.**	**áætlað**	
2.1) Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur		Byggðakönnun fyrir borgarhlutann frá Minjastofnun							Notað snemma af bændum til skógtekju og selstöðu. Varð vinsælt útivistarsvæði á 19. öld. Grjótnám til húsagerðar á 19. öld og síðar tilhafnargerðar og vegna flugvallar. Hitaveitugeymir 1940, fleiri bættust svo við og að lokum Perlan og núverandi geymar. Erfðafestuland á Hlíðarenda, íbúðarhús, fjós og hlaða, Valur byrjaði sína starfsemi 1939. Herinn tók Öskjuhlíð og Vatnsmýri til nota í seinni heimsstyrjöld og byggði fjölmörg mannvirki.
2.2) Byggðamynstur	Hver er íbúðaþéttleiki annars vegar innan borgarhlutans og hins vegar innan hvers hverfis?	Gögn með fjölda íbúða send með gátlista		20-30 íbúðir/ha	30-40 íbúðir/ha	>40 íbúðir/ha			Á ekki við, engir íbúar
	Hvernig gerir hverfisskipulagið ráð fyrir því að fyrirhuguð uppbygging innan skipulagssvæðisins styrki núverandi byggð með: a) auknum þéttleika b) blöndun byggðar og bættri þjónustu c)hágæða arkitektúr d)sérstöðu og frumleika? (Byggðamynstur)								Á ekki við, engir íbúar
	Hvernig samræmist fyrirhuguð uppbygging samkvæmt áætlun hverfisskipulagsins almennri stefnu um hæðir húsa í borginni? Er búið að kanna hvernig staðan er í dag? Hvernig er hægt að bregðast við og bæta þá stöðu?								Á ekki við.
	Mætir skipulag hverfisins ólíkum þörfum kvenna/karla eða stúlkna/drengja? Hafa einhverjir þættir í skipulagi hverfisins ólík áhrif á konur/karla eða stúlkur/drengi.								Ekki forsendur til að meta.
2.3) Göngufjarlægðir (gönguhæfni)	Hversu hátt hlutfall íbúa er í 400 metra göngufjarlægð frá verslun og þjónustu?	Kafli 1. Samfélag Kort af þjónustukjörnum á bls. 16. Kortið sýnir 300m radíus en það jafngildir ca. 400m göngufjarlægð. Gögn um þjónustukjarna og fjölda íbúa send með gátlista.	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			Á ekki við, engir íbúar

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
2.4) Gatan sem borgarrými (borgargötur, aðalgötur)	Gerir hverfisskipulagið ráð fyrir skýrt afmörkuðum göturýmum þar sem: a) framhliðar húsa snúa að götu b) götustæðið er meðhöndlað sem almenningsrými c) bílastæði eru samhliða götunum d) götugögn eru til staðar e) lágir gangstéttarkantar sem auðvelda aðgengi f) umferðarhraði er takmarkaður g) hjólastígar h) aðgengi fyrir alla i) jafnvægi í fjarlægðum milli framhliða, breidd gatna og einkalóða j) gatan snýr vel við sól og skjól er fyrir vindum								Á ekki við.
	Gerir skipulagið ráð fyrir borgargötum í borgarhlutanum sem eru skýrt afmarkaðar af byggingum með þjónustu á jarðhæðum og fjölbreyttri umferð gangandi, hjólandi og akandi (shared space)?	Skoða stefnu um borgargötur í kaflanum Gatan sem borgarrými í drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030	Ekki er gert ráð fyrir neinni borgargötu innan borgarhlutans	Einni megingötu innan borgarhlutans	Tveimur til þremur megingötum innan borgarhlutans	Öllum megingötum innan borgarhlutans			Á ekki við.
2.5) Almenningsrými	Eru almenningrými innan hvers hverfis hönnuð með það að markmiði að setja fólk umfram bíla í öndvegi?								Nei.
	Tengjast heimili verslun og þjónustu með neti gönguleiða og öruggum gönguleiðum yfir götur?								Á ekki við, engir íbúar
	Eru gönguleiðir með viðunandi lýsingu, skjólgóðar og öruggar?								Vantar upplýsingar.
	Eru gönguleiðir hindrunarlausar fyrir; a) börn b) eldri borgara c) blinda og sjónskerta einstaklinga d) fatlað fólk e) fólk með barnavagna f) hjólandi fólk								Vantar upplýsingar.
	Er framtíðarleikvöllur/tómstundasvæði: a) að bjóða upp á fullnægjandi starfsemi/autt pláss fyrir stráka og stelpur b) með möguleika á að svæðið/leikvöllurinn geti verið án eftirlits								Enginn leikvöllur á svæðinu.
	Eru göturými hönnuð með það að markmiði að draga úr hraða og móta mannvænleg borgarrými?								Nei.
	Hvernig er staða skipulassvæðisins þegar horft er til stærðar og hlutfalls opinna svæða og almenningsrýma á hvern íbúa innan skipulagssvæðisins?	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	<240m2/íbúa	240-260 m2/íbúa	260-280 m2/íbúa	280-300 m2/íbúa			Mjög stórt útivistarsvæði og engir íbúar.
	Meðalgöngufjarlægð í borgargarð/strandsvæði stærri en 10ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>1000 metrar	750-1000 metrar	500-750 metrar	<500 metrar			Engir íbúar á svæðinu en stórt útivistarsvæði og strönd.
	Meðalgöngufjarlægð í hverfisgarð 5-10ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>600 metrar	500-600 metrar	400-500 metrar	<400 metrar			Á ekki við, engir íbúar

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
	Meðalgöngufjarlægð í leik- og dvalarsvæði <5ha? (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína) Sleppa íbúðum sem eru langt í burtu ef þær eru ekki mjög margar (innan við 10% íbúða).	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4.	>400 metrar	300-400 metrar	200-300 metrar	<200 metrar			Á ekki við, engir íbúar
	Hvert er hlutfall íbúa á skipulagssvæðinu sem búa innan við 300 metra frá opnu svæði eða almenningsrými stærri en 2000 m2?	Kafli 2. Gæði byggðar. Kort sem sýna opin græn svæði og hverfis- og borgargarða, bls. 26-27 í bók 4. Gögn með opnum svæðum og um fjölda íbúa send með gátlista.	<85%	85-90%	90-95%	95-100%			Á ekki við, engir íbúar
	Er umhverfi í kringum verslanir og þjónustu hannað með fótgangandi og hjólandi vegfarendur í huga?								Er ágætt við HR, Valsheimilið. Má vera betra en gæti líka verið verra. Engin hjólastæði við hótel.
2.6) Veðurfar (Skjólmyndun, sviptivindar, skuggamyndun, snjósöfnun)	Er gert ráð fyrir skjólbeltum í skipulaginu eða er skjólmyndun náð fram með byggðaformi og/eða með öðrum hætti? Hefur verið gerð úttekt á veðurfari og gripið til viðeigandi mótvægisaðgerða innan og/eða í grennd við skipulagssvæðið?								Skjólsælt við Öskjuhlíðina vegna mikils trjágróðurs. Einnig skjólsælt í Nauthólsvík þar sem sjó- og sólböð fara fram.
	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir að meðhöndla skuggamyndun af fyrirhugaðri uppbyggingu innan skipulagssvæðisins? Hafa verið gerð skuggavörp af fyrirhugaðri uppbyggingu sem hafa verið kynnt íbúum og eru talin ásættanleg?								Á ekki við.
	Skapar snjósöfnun á ákveðnum svæðum innan hverfisins vandamál fyrir mismunandi ferðamáta eða hamlar aðgengi á einhvern hátt?								Vantar upplýsingar.
2.7)Gróðurþekja	Hvert er hlutfall af gegndræpu yfirborði á skipulagssvæðinu (almenningsrými + einkagarðar)?	Kafli 6. Mannvirki. Kort sem sýna gegndræpt yfirborð, bls. 50-51 í bók 4 og kort með ítarlegri skiptingu eins og gert er ráð fyrir í gátlistanum, sem var sent með tölvupósti	<41%	41-50%	51-60%	61-70%			Svo til allt svæðið er með gegndræpu yfirborði.
2.8)Borgarbúskapur	Hafa íbúar innan borgarhlutans aðgang að svæði til ræktunar á grænmeti? Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir að bæta úr því? A) Grenndargarðar í jaðri skipulagssvæðisins. B) Miðlægu ræktunarsvæði innan skipulagssvæðisins. C) Nokkrum almennum ræktunarsvæðum sem dreift er jafnt innan skipulagssvæðisins.	Vettvangsskoðun og samráð	Engin svæði til ræktunar á grænmeti í borgarhlutanum	A	B	C			Á ekki við, engir íbúar
2.9) Hönnun og arkitektúr	Hefur hverfið sérstakan byggingarstíl og kennileiti sem eru einkennandi fyrir hverfið?								Perlan, Hlíðarendi 2-6 tengist búsetusögu og íþróttasögu, braggar við Öskjuhlíð, byggingar við Nauthólsvík.
	Er lögð áhersla á að lóð sé hönnuð í takt við byggingar?								Á ekki við.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
2.10) Staðarandi	Sjónásar: Tekur hverfisskipulagið tillit til áberandi og þekktra kennileita innan skipulagssvæðisins, borgarinnar eða í sjóndeildarhring hennar (landslag, mannvirki)?								Tillit er tekið til Perlunnar en þrengt hefur verið að bröggum og byggingum frá hernámsárum sem og Hlíðarenda 2-6.
	Núv staðhættir: Tekur hverfisskipulagið markvisst tillit til landslagseinkenna á eða í nágrenni skipulagssvæðisins? Taka hæðir húsa tillit til landslags og núverandi byggðar?								Á ekki við.
	Ísl. sérstaða / byggð götumyndir / sérstöðu byggðar/byggðamynsturs. Er gert ráð fyrir mismunandi útliti og hönnun arkitekta? Stærri fletir/hús brotin niður í smærri einingar.								Á ekki við.
3. Samgöngur		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**			
3.1)Almenningssamgöngur	Hvernig verður borgarhlutinn og hverfin innan hans tengd almenningsvagnakerfi borgarinnar við mikilvæga áfangastaði?								Leið 19 gengur frá HR og hótelinu að Lækjartorgi og svo austur í bæ.
	Hámarksgöngufjarlægðir á milli biðstöðva strætisvagna í byggð. (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína)	Kafli 3. Samgöngur. Kort sem sýna leiðakerfi strætó, bls. 36-37 í bók 4.	>800m á milli biðstöðva	600-800 m á milli biðstöðva	400-600 m á milli biðstöðva	<400 m á milli biðstöðva			
	Hámarksgöngufjarlægð frá íbúð að næstu biðstöð strætisvagna. (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína)	Kafli 3. Samgöngur. Kort sem sýna leiðakerfi strætó, bls. 36-37 í bók 4.	>800 metrar	600-800 metrar	400-600 metrar	<400 metrar			Á ekki við, engir íbúar.
	Biðtími á háannatíma milli strætisvagna	http://www.straeto.is/	>20 mín	15-20 mín	10-15 mín	<10 mín			Þessi einkunnagjöf er miðuð útfrá íbúahverfum, á ekki við hér.
	Biðtími utan háannatíma milli strætisvagna		>60 mín	45-60 mín	30-45 mín	<30 mín			
	Fyrsti strætisvagn á morgnana á virkum dögum		Eftir kl. 06:30	06:30	06:00	Fyrir kl. 06:00			
	Síðasti strætisvagn á kvöldin á virkum dögum		Fyrir kl. 23:30	23:30	00:00	Eftir kl. 00:00			
	Fyrsti strætisvagn á laugardögum		Eftir kl. 07:30	07:30	07:00	Fyrir kl. 07:00			
	Síðasti strætisvagn á föstudögum og laugardögum		Fyrir kl. 00:00	00:00	01:00	Eftir kl. 01:00			
	Fyrsti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum		Eftir kl. 10:00	10:00	09:00	Fyrir kl. 08:00			
	Síðasti strætisvagn á sunnudögum/helgidögum		Fyrir kl. 23:30	23:30	00:00	Eftir kl. 00:00			
	Hversu hátt hlutfall af biðstöðvum strætisvagna innan borgarhlutans og hverfa hans eru örugg og veita skjól fyrir veðri og vindum (í framtíðinni ætti markmiðið að vera upphituð skýli með lifandi upplýsingar um staðsetningu og komutíma næsta vagns o.s.frv.)	Vettvangsskoðun	<40%	40-60%	60-80%	>80%			
3.2)Bílastæðakvaðir	Hvert er hlutfall bílastæða miðað við fjölda íbúða innan hverfa borgarhlutans	Vantar tölur um fjölda bílastæða. Ráðgjafar geta metið út frá tegundum húsnæðis og áætlað ákveðinn fjölda bílastæða á tiltekna tegund húsnæðis t.d. með því að skoða skilmála (t.d. 2 bílastæði á einbýlishús, 1,5 á íbúð í fjölbýlishúsi...). Vettvangsskoðun og loftmyndir.	>2 stæði á íbúð	1,6-2 stæði á íbúð	1-1,5 stæði á íbúð	<1,0 stæði á íbúð			Á ekki við, engir íbúar.
	Hvar væri hægt að taka bílastæðaplan og nýta sem almenningssvæði á sumrin og mögulega til frambúðar?	Vettvangsskoðun							Við HR og Nauthólsvík.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
	Hversu hátt hlutfall núverandi bílastæða við vinnustaði innan borgarhlutans eru opin fyrir íbúa í nágrenninu utan vinnutíma (t.d. á kvöldin og um helgar)?	Vettvangsskoðun	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			Á ekki við, engir íbúar.
	Hversu mörg bílastæði eru á 100m2 atvinnuhúsnæðis í hverfinu?	Loftmyndir og merkt bílastæði á gildandi deiliskipulagsuppdráttum Kort með starfsemi og fermetrum húsnæðis send með gátlista. Vantar nákvæm gögn en ráðgjafar þurfa að meta út frá þeim gögnum sem til eru og vettvangsskoðunum.	>2	1,6-2	1-1,5	<1			Gífurlegt framboð af bílastæðum í þessum hverfishluta miðað við atvinnuhúsnæði.
	Gerir skipulagið ráð fyrir innheimtu bílastæðagjalda á opinberum bílastæðum innan borgarhlutans?	http://www.bilastaedasjodur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4126/	<15%	15-19%	20-25%	>25%			Bílastæðin við HR eru gjaldskyld og þau eru um helmingur bílastæða í hverfinu (miðað við flatarmál).
3.3)Hjólreiðar	Hversu margir metrar af hjólaleiðum eru á fermeter innan borgarhlutans?	Gögn um hjólaleiðir send með gátlista							Vantar upplýsingar. Umfangsmikið svæði, sennilega frekar lágt hlutfall.
	Hversu margir metrar af hjólaleiðum eru á íbúa innan borgarhlutans?	Gögn um hjólaleiðir send með gátlista	<0,5m/íbúa	0,5-0,75m/íbúa	0,76-1m/íbúa	>1m/íbúa (rétt tæplega það í Stokkhólmi)			Á ekki við, engir íbúar.
	Gerir skipulagið ráð fyrir sérstöku samgönguneti fyrir hjólreiðar (hjólastígar, hjólareinar) innan borgarhlutans og út frá honum?								Það er stofnstígur sem liggur í gegnum hverfið og tengir austurhluta borgarinnar og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu við miðborgina.
	Hvað gerir skipulagið ráð fyrir mörgum hjólastæðum eða pláss í hjólageymslu per íbúð?		<0,5 stæði/íbúð	0,5-1 stæði/íbúð	0,6-1 stæði/íbúð	>1 stæði/íbúð			Á ekki við, engir íbúar.
	Hvað er gert ráð fyrir mörgum hjólastæðum við verslunar- og þjónustuhúsnæði upp að 2000 fm að stærð innan hverfa borgarhlutans?		<8 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	8 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	9-10 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis	>10 stæði á hverja 1000 fm atvinnuhúsnæðis			Á ekki við.
	Hvað er gert ráð fyrir mörgum hjólastæðum á hvert starf/notenda við skrifstofur og aðra vinnustaði innan borgarhlutans?		Stæði fyrir <10% starfsmanna/notenda	Stæði fyrir 10-15% starfsmanna / notenda.	Stæði fyrir 16-20% starfsmanna / notenda.	Stæði fyrir >20% starfsmanna / notenda.			Ástandið virðist vera gott við HR þó ekki liggi fyrir tölur um það. Á öðrum stöðum er ástandið verra (ekki gert ráð fyrir
	Hvert af neðangreindu er í ásættanlegri hjólreiðafjarlægð (<3,2 km eða <15 mín) frá öllum íbúðum innan borgarhlutans Tékklisti: Miðsvæði, Stórmarkaður, Atvinnusvæði, Háskóli, Menntaskóli, Sundlaug, Íþróttahús.	Kafli 1. Samfélag Ýmis kort, bls. 15-21 í bók 4.	<70%	70-80%	80-90%	90-100%			Á ekki við, engir íbúar.
4. Vistkerfi og minjar		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**			
4.1) Landfræðileg lega og staðhættir									Brött, stórgrýtt, klettótt og skógi vaxin hlíð með fremur ávölum toppi. Hæst 61 m.y.s. Sléttlendi er undir hlíðinni til vesturs og austurs. Afmörkuð af strandlengju Fossvogs.
4.2)Náttúru- og hverfisverndarsvæði	Gerir skipulagið nægilega grein fyrir verndarsvæðum (nátturminjasvæðum, hverfisverndarsvæðum) sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi eða samkvæmt annarri stefnumótun sveitarfélags eða ríkis?								Öskjuhlíð er á náttúruminjaskrá og er jafnframt hverfisvernduð. Fossvogsbakkar njóta verndar sem friðlýst náttúruvætti.
4.3)Náttúrufar og lífríki	Hefur verið unnin úttekt á náttúrufari og lífríki innan borgarhlutans og tekur skipulagið fullt tillit til þeirra niðurstaðna sem þar koma fram.								Úttektir eru ekki samfelldar, eru hér og þar og misgamlar. Heildstæðasta úttektin er í bók Árbæjarsafns og Borgarskipulags Reykjavíkur frá árinu 1993.
4.4)Jarðfræði og jarðmyndanir	Hefur verið unnin úttekt á jarðfræði og jarðmyndunum á borgarhluta og tekur skipulagið fullt tillit til þeirra niðurstaðna sem þar koma fram.								Sama svar og hér fyrir ofan.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
4.5)Strandlengja	Gerir skipulagið ráð fyrir að uppbygging innan borgarhlutans taki tillit til og vinni með strandlengju borgarinnar og verndi óraskaðrar fjörur?								Á ekki við
4.6)Ár og vötn	Gerir skipulagið ráð fyrir að uppbygging innan svæðisins taki fullt tillit til fjarlægðar frá ám og vötnum á grunni náttúrufarsúttektar?								Á ekki við þar sem þessi greining fjallar um núverandi ástand. Þess ber þó að geta að ekki hefur verið byggt niður að sjó í hverfinu.
4.7)Vatnsverndarsvæði	Hefur verið gerð úttekt á því hvort skipulagssvæðið sé nærri eða hafi áhrif á vatnsverndarsvæði og til hvaða mótvægisaðgerða verður gripið til þess að mengun frá byggð hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæðið?								Ekkert vatnsverndarsvæði.
4.8)Ofanvatn	Gerir skipulagið ráð fyrir meðhöndlun ofanvatns? Til heimabrúks, Gegndræp bílastæði, "græn"þök, náttúrulegir ferlar, mýrlendi eða settjörnum.								Svo til allt svæðið er gegndrænt.
	Hversu hátt hlutfall ofanvatns gerir skipulagið ráð fyrir að verði leitt í gegnum náttúrulega ferla og hreinsað?		<25%	25-50%	50-75%	75-100%			Svo til allt svæðið er gegndrænt.
4.9)Borgarvernd og menningarminjar	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir verndun bygginga og eldri byggðamynsturs og götumynda innan skipulagsvæðisins								
	Hefur verið gerð úttekt á menningarminjum innan borgarhlutans og þær verndaðar á viðeigandi hátt?								Samkvæmt húsakönnun er lagt til að vernda Fossvogskirkju, Perluna, Hlíðarenda 2-6, bragga við Flugvallarveg og minjar við Nauthólsvík frá seinni heimsstyrjöld.
5. Orka og auðlindir		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**			
5.1)Orkunotkun	Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til þess að draga úr orkunotkun í skilmálum og útfærslu skipulagssvæðisins?								Á ekki við
	Gerir skipulagsáætlunin ráð fyrir hleðslustöðum fyrir rafmagnsökutæki?								Eitt hleðslustæði er við HR.
5.2)Vatnsnotkun	Hvernig gerir skipulagið ráð fyrir að dregið verði úr heildar vatnsnotkun innan skipulagssvæðisins og í einstaka byggingum?								Á ekki við
5.3)Úrgangsstjórnun	Hverskonar geymsluplássi og flokkunaraðferðum gerir skipulagið ráð fyrir að verði beitt til að hvetja íbúa til flokkunar og endurvinnslu								Á ekki við, engir íbúar.

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
	Hver er hámarksgöngufjarlægð frá heimili í grenndargám. (Göngufjarlægð 1,3 sinnum loftlína). Viðmið hafa verið aðlöguð þar sem áður var miðað við of langar fjarlægðir.	Kafli 5. Orka og auðlindir Kort af endurvinnslugámum, bls. 46-47 í bók 4. Umhverfis- og auðlindastefna í kaflanum um grænu borgina í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030	>700 m	500-700 m	300-500 m	<300 m			Á ekki við, engir íbúar.
	Hvernig er endurvinnslu háttað í borgarhlutanum	Kafli 5. Orka og auðlindir Kort af endurvinnslugámum, bls. 46-47 í bók 4.							Engin
5.4)Land	Hvernig landi gerir skipulagið fyrst og fremst ráð fyrir uppbyggingu á? A) á yfirgefnu og/eða röskuðu iðnaðarlandi (jafnvel þar sem jarðvegur hefur mengast af einhverjum orsökum og þarfnast hreinsunar) (greyfield). B) Á vannýttu eða yfirgefnu svæði innan byggðarmarka (brownfield/infill). C) Óbyggðu landi (opnu svæði) (greenfield)		C	B og C	B	A og B			Á ekki við
	Endurnýting lands: Hversu stór hluti af nýrri uppbyggingu á skipulagssvæðinu verður á þegar byggðum svæðum eða á vannýttum/fyrrum athafna- og/eða iðnaðarlóðum (brownfields, infill eða greyfield)?		<70%	70-79%	80-89%	90-100%			Á ekki við
5.5)Kolefnisbinding	Gerir skipulagið ráð fyrir niðurfellingu trjágróðurs		Gert er ráð fyrir niðurfellingu trjágróðurs og ekki er gert ráð fyrir nýrri gróðursetningu af sama magni	Ef uppbygging kallar á fellingu trjágróðurs eða skógarlunda er gert ráð fyrir sambærilegri nýrri gróðursetningu af sama magni og umfangi og niðurfellingin nemur innan eða í grennd við skipulagssvæðið	Gert er ráð fyrir niðurfellingu trjágróðurs og/eða skógarsvæða en skipulagið miðar að aukinni gróðursetningu umfram þann gróður sem fyrir er á skipulagssvæðinu	Ekki eru gerð nein ráð fyrir niðurfellingu trjágróðurs og/eða skógarsvæða. Skipulagið miðar að aukinni gróðursetningu umfram þann gróður sem fyrir er á skipulagssvæðinu			Á ekki við
	Gerir skipulagið ráð fyrir gróðursetningu trjáa og/eða annars gróðurs sem stuðlar að aukinni kolefnisbindingu?								Það er mikill skógur í hverfinu, bæði í Öskjuhlíð og í Fossvogskirkjugarði.
	Gerir skipulagið ráð fyrir því að votlendi verði ræst fram?								Það hefur verið ræst fram talsvert votlendi vegna flugvallarins.
	Gerir skipulagið ráð fyrir endurheimtingu votlendis sem stuðlar að aukinni kolefnisbindingu?								Á ekki við
6. Mannvirki		**Tilvísun í grunngögn**	**Undir lágmarki**	**I. Lágmark**	**II. Æskilegt**	**III. Gott**			
7.1)Þjónustustofnanir	Viðmið ómótað		Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað			
7.2)Opinberar stofnanir	Viðmið ómótað		Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað			
7.3)Umhverfisvottaðar bygginar	Hversu hátt hlutfall af byggingarefnum (m3) sem notuð eru í uppbyggingu opinberra bygginga og samgönguleiða haf fengið viðurkennda umhverfisvottun til þess bærra aðila			<60%	60-80%	>80%			
7.4)Byggingarefni	Viðmið ómótað		Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað			
7.5)Endurnýting eldra húsnæðis	Viðmið ómótað		Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað	Viðmið ómótað			

Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta						Greining		
				Mælanleg viðmið			Ástand		Lýsing
7.6)Endurnýting núv. Bygginga	Hversu stórt hlutfall af núverandi byggingum á skipulassvæðinu er gert ráð fyrir að verði endurnýttar eða endurgerðar			25%	25-50%	50+%			
7. Náttúruvá		Tilvísun í grunngögn	Undir lágmarki	I. Lágmark	II. Æskilegt	III. Gott			
7.1)Ofanflóð	Hefur verið gerð úttekt á ofanflóðahættu og gripið til viðeigandi mótvægisaðgerða til að koma í veg fyrir tjón á mannvirkjum og fólki?								Engin hætta
7.2)Flóðahætta	Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til þess að draga úr flóðahættu sem kann að stafa af eða orsakast af fyrirhuguðu skipulagi?								Engin hætta, ekki miklar byggingar nálægt sjó.
7.3)Hækkun sjávarstöðu	Tekur skipulagið tillit til hækkunar sjávarstöðu vegna hlýnunar jarðar?								Engin hætta, ekki miklar byggingar nálægt sjó.
7.4) Sprungusvæði jarðhræringar	Til hvaða aðgerða verður gripið til þess að draga úr hugsanlegu tjóni vegna jarðhræringa innan borgarhlutans								Engin hætta

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Kópavogi, 21. nóvember 2023
23111092/501.00 KH

Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi. Umsagnarbeiðni.

Á fundi skipulagsráðs 20. nóvember 2023 var lögð fram umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 16. nóvember 2023 vegna tillögu að nýju hverfisskipulagi.

Bókun skipulagsráðs:
Lagt fram. Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlagt erindi.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa
Karlotta Helgad.

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

From: Fridrik Orn Jorgensson <frikki@live.com>
Sent: Wednesday, January 10, 2024 10:26 AM
To: upplysingar@reykjavik.is <upplysingar@reykjavik.is>
Subject: Flokkun á úrgangi og grenndarstöðvar

Góðan dag,

Ég rak augun í grein á Visir.is í dag sem heitir "Að þétta og þróa byggð í Hlíðunum":
https://www.visir.is/g/20242512882d/ad-thetta-og-throa-byggd-i-hlidunum?fbclid=IwAR2x94ouw40zvBuShRiv8jOOqB6F8kQsl4UL2AfYg1LkMU7sj2IaGQROENU

Nú er ég íbúi í Stigahlíð og ég verð að viðurkenna að mér finnst alls ekki spennandi að fá þetta alveg ofan í húsinn þarna og í rauninni bara með öllu óskiljanlegt.
Ekki nóg með að lætin í þessum gámum sem skella og hrikalegur óþrifnaður sem þessu fylgir heldur stendur til að setja þetta upp við hættulegustu beygju sem er í hlíðunum.
Við hverja einustu svona uppsetta stöð sér maður fólk koma og leggja upp við gámana og þar með teppa umferð frá þeirri átt og að gera þetta við þessa beygju get ég lofað ykkur að það mun valda slysi, mikið af krökkum labba þarna framhjá á leið í ísaksskóla og sömuleiðis koma krakkar að koma frá hinumegin við Miklubraut á leið í hlíðaskóla og MH sem ganga þarna framhjá.
Bílar keyra oft á miðjum veginum inn beygjuna þarna og hef ég séð marga bíla nálægt því að lenda saman og þá einnig bíl og reiðhjól, að setja þetta þarna svo þetta verði truflandi fyrir þegar hættulega beygju er alveg ótrúlega mikið kæruleysi af hálfu Reykjavíkurborgar, og ef af þessu verður og slys vegna þess þá mun ég hafa þennan tölvupóst til þess að benda á að Reykjavíkurborg hafi verið bent vel á þetta og beri því alla ábyrgð á þessu slysi!

Hér fyrir neðan má sjá mynd af Stigahlíðinni þar sem ég hef rauðmerkt hvar gámar skuli koma samkvæmt ykkur, alveg við beygjuna en svo hef ég merkt við með bláu þann stað sem væri mjög líklega mun betri til þess að hýsa þessa gáma, þarna mætti setja marga gáma, hægt að keyra að þeim, jafnvel setja upp grindverk svo að óþrifnaður berist ekki í hverfið, lætin heyrast síður til íbúa og bílar gæta farið af veginum til þess að losa rusl!!!

Ég mótmæli þessum áformum harðlega og bið um að þið endurskoðið þetta með almannahagsmuni fyrir brjósti, hverfið er fullt af krökkum.

Vinsamlegast staðfestið að ykkur hafi borist þessi ábending/kvörtun og/eða áframsendu þetta á réttan tölvupóst sem allra fyrst með mig í CC.

Með kveðju
Friðrik Örn


Leikvöllur
Bogahlíð
Stigahlíð
Stigahlíð
Stigahlíð
49
Miklabraut
49
49
Páll J Gunnarsson
Stigahlíð
Stigahlíð
Grænahlíð
Healing Moon, private tours in Iceland
Grænahlíð
Grænahlíð
ölbakki

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Ég er með almenna athugasemd varðandi hverfisskipulagið þar sem Reykjavíkurborg virðist leggja áherslu á að þétta byggð enn frekar (nýja íbúðabyggðin við Hlíðarenda og með því að nýta stórar lóðir til að byggja fleiri hús). Ég fann hinsvegar hvergi áætlun um að styrkja innviði samhliða þessari fólksfjölgun í hverfinu. Er það raunin?

Leik- og grunnskólar eru nú þegar með hámark nemenda og eru leikskólarnir með langa biðlista (eins og annarsstaðar í borginni). Reykjavíkurborg verður að gera ráð fyrir því fólki sem á að búa í nýju íbúðunum og að þau þurfi að öllum líkindum að nýta innviði sem þessa.

Í stað þess að henda upp bráðabirgðalausnum með stuttum fyrirvara líkt og að byggja skúra á skólalóðum eða lofa leikskólaplássum í leikskólum sem er ekki enn búið að byggja þarf að gera ráð fyrir íbúum borgarinnar samhliða uppbyggingu hverfa. Börnin okkar og barnafjölskyldur eiga ekki að vera seinastar á forgangslistanum.

Höfundur: Iðunn Svala Árnadóttir [redacted]

Sent inn þann: 10.01.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Ábending sem tengist vöntun á þjónustukjörnum-/þjónustuhúsnæði í Hlíðahverfi sunnan Miklubrautar.

Þessi umsögn kallareftir því að brugðist verður við þessari þörf með einhverjum hætti í hverfisskipulaginu, en mér sýnist það ekki vera gert. Þetta er mál sem brennur nokkuð á íbúum og full ástæða er til að leita lausna.

Eins og fram kemur í kaflanum VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (bls. 11 - 3.2.1) þá er ekki um mikið verslunar- eða þjónustuhúsnæði að ræða í þessum hluta Hlíðahverfis. Íbúar og íbúasamtök hafa komið þessari staðreynd áleiðis til fulltrúa borgarinnar með ýmsum hætti síðastliðin ár. Enda er þetta hér að neðan innihald kaflans:

"Innan skilmálaeiningarinnar er skilgreindur nærþjónustukjarni, skv. gildandi aðalskipulagi, fyrir minni verslanir og ýmiss konar þjónustu við íbúa hverfisins. Nærþjónustukjarnar eru skilgreindir við Mávahlíð 26 og Miklubraut 68."

Hér er verið að vísa í eina byggingu sem hýsir litla Krambúð á jarðhæð (Mávahlíð 26) og síðan húsnæðið á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar (Miklabraut 68), sem var einu sinni nýtt undir ýmsa þjónustu (blómabúð, bakarí, o.fl.), en er það ekki lengur. Húsnæðið á Miklubraut 68 hefur verið leigt út sem íbúðarhúsnæði lengi, í litlum einingum.

Mögulegar aðgerðir, t.d.:

Að veita ekki leyfi, endurnýja ekki leyfi, eða afturkalla leyfi fyrir nýtingu húsnæðis til íbúðaleigu, ef húsnæðið er skráð sem þjónustuhúsnæði. Eftirgrennslan íbúahóps sýndi fram á að nokkur tilfelli eru um svona húsnæði sem eru enn skilgreind sem þjónustuhúsnæði en eru samt í dag í íbúðaleigu, oft í litlum einingum. Þetta á auk Miklubrautar 68, m.a. við um jarðhæðina í Mávahlíð 25 sem snýr að Lönguhlíð og þar sem Bónus Vídeó var eitt sinn til húsa (það húsnæði er handan götunnar frá Krambúðinni, og saman gæti það orðið vísi að "nærþjónustukjarna" fyrir hverfið, svo eitt dæmi sé tekið. Ef til vill og líklega eru fleiri dæmi um skráð þjónustuhúsnæði sem eru nýtt með þessum hætti.
Að gera skapandi útfærslur í hverfisskipulaginu þar sem tekið er á þessari stöðu. Dæmi: (i) Endurhönnun Lönguhlíðar sem býr til lítið torg og rými fyrir auka byggingu. (ii) Lítið horn af mjög umfangsmiklu svæði undir "samfélagsþjónustu" í kringum Menntaskólann í Hamrahlíð verði skipulagt og selt undir þjónustuhúsnæði, sem myndi líka nýtast gagnvart Veðurstofureitnum (iii) Er hægt að gera eitthvað við stóra hringtorgið? (iv) Hvernig tengjum við hverfið betur við Skógarhlíðina og Hlíðarenda? (v) Mætti skipuleggja eitthvað annað/fleira en nýja grenndarstöð á reitnum við Miklubrautarenda Stakkahlíðar? O.s.frv.

Höfundur: Kristinn Árnason[redacted]

Sent inn þann: 10.01.2024

3.2.1 - Hlíðar vestan og austan Lönguhlíðar

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Innan skilmálaeiningarinnar er skilgreindur nærþjónustukjarni, skv. gildandi aðalskipulagi, fyrir minni verslanir og ýmiss konar þjónustu við íbúa hverfisins.

Nærþjónustukjarnar eru skilgreindir við Mávahlíð 26 og Miklubraut 68.

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Samkvæmt Nýju leiðaneti Strætó þá mun Borgarlínan fara eftir Kringlumýrarbraut á milli Miklubrautar og Suðurlandsbrautar/Laugavegar. Það vantar að sýna þetta á kortum.

Samkvæmt Nýju leiðneti Strætó þá munu almenningssamgöngur ekki ganga inn Hamrahlíðina frá Kringlumýrarbraut. Vantar að laga kort.

Almennt, í orðskýringum þá mætti fjalla um almenningssamgöngur og segja að bæði strætisvagnar og borgarlínuvagnar munu þjóna almenningi. Þannig væri hægt að nota bara orðið almenningssamgöngur. Almennt í texta þá er annaðhvort nefnt Strætó, Borgarlínan eða almenningssamgöngur.

Á kortum er hluti Kringlumýrarbrautar, rétt er að minna á að gatan er í eigu og umsjá Vegagerðarinnar og verður að hafa gott samráð varðandi breytta skilgreiningu á götunni.

Höfundur: Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson/[redacted]

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Borgarlína

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Góðan dag,
Ég geri alvarlega athugasemd við framkvæmdir við Stigahlíð, til móts við hús no 2-4

Bendi á bréf og fylgiskjöl hér fyrir ofan frá Tinnu Gilbertsdóttur , no 4.

Þarna er þrenging á götunni með göngubraut yfir sem hugsuð er til að hægja á umferð bíla-göngustígur frá strætisvagnastöð við Miklubraut tekur við miklum fljölda gangandi vegfarenda en þarna er líka nánast blindbeygja og oft erfitt að mæta bíl – nákvæmlega þar sem þessar framkvæmdir eru áætlaðar.
Það er mikil umferð unglinga og barna þarna sem eru á leið í skólana sína við Hamrahlíð, sem og barna hér í Stigahlíðnni og því skapast mikil hætta þarna.
Eftir að Landspítali flutti í húsnæði gamla Tónabæjar þá hefur umferð um Stigahlíð aukist sem og starfsfólk Landspítala notar bílastæðin við Stigahlíð á daginn.
Þarna er því mikil umferð og flest öll bílastæði upptekinn og ekkert pláss fyrir þessa grendarstöð né aðstaða til að komast að henni í blindbeygju og þrengingu götunnar.

Neðst í Stigahlíðinni er leikvöllur yngstu íbúanna okkar – og það er mikið af börnum í Stigahlíð.
Þau nýta sér þennan leikvöll, en nú þegar hafa þessar ósamþykktu framkvæmdir lokað fyrir að börnin komist meðfram trjágróði þ.e. frá göngubraut yfir Stigahlíð og niður að leikvellinum sínum og áætluð grenndarstöð mun algjörlega loka umgangi litlu vegfarendanna og mun stefnir þeim í hættu að þurfa fara yfir Stigahlíðina í beygju..
Engin grendarkynnig hefur farið fram og ég styð við mótmæli nágranna okkar Tinnu Gilbertsdóttur sem eru hér í bréfum dagsett 29/12/2022, 21.12.2023 og 28. 12.2023. Í athugasemnd # 4 ásamt fylgigögnum.
Ég vil þó benda á að það er miklu frekar pláss fyrir grenndarstöð efst í Stigahlíðinni- (þar er lítið hús sem Rafmagns eða Veitur hafa, held ég.)
Það færi betur að grenndarstöð væri þar, þ.e. efst í Stigahlíð, þar má bæta aðkomu og tré skýla því svæði, svo ósk mín er að þið takið það til skoðunnar ef endilega þarf að bæta við Grenndarstöð til viðbótar við Hamrahlíðastöðina og Eskihlíðarstöðina.
Kolbrún Jarlsdóttir. Stigahlíð10.

Höfundur: Kolbrún Jarlsdóttir/[redacted]

Sent inn þann: 12.01.2024

Bryndís Loftsdóttir
UMSÖGN BIRT **12.01.2024**

Varðar mál nr. 873/2023.
Athugasemdir við rauða flokkun húsa í tillögu að hverfisskipulagi Hlíðahverfis.

Ég undirrituð geri eftirfarandi athugasemdir við mál nr.873/2023 : Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi.
Athugasemd við hverfisvernd húsa í rauðum flokki.
Á bls. 193 í skýrslu 223: Byggðakönnun I. hluti segir:

Niðurstaða Borgarsögusafns er að í Hlíðahverfi (3.2) séu 31 hús, sem standa sem stakstæð hús eða sem hlutar af parhúsum, sambyggðum húsum eða húsaröðum, sem hafi hátt varðveislugildi og þá byggingarlistarlegu, menningarsögulegu eða umhverfislegu sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í rauðum flokki í skipulagi.

Af 31 byggingu sem lagt er til að fái rauða flokkun (einstök bygging) í Hlíðarhverfi (3.2) eru 25 íbúðarbyggingar og 6 byggingar sem hýsa atvinnurekstur eða opinberar stofnanir.

Barmahlíð
Af 25 íbúðarbyggingum sem lagt er til að lendi í rauðum flokki hverfisverndar eru 8 þeirra (32%) staðsett á þeim stutta hluta Barmahlíðar sem liggur á milli Lönguhlíðar og Reykjahlíðar. Þ.e. nr. 10-12, 11–13, 14-16, 18-20, 19–21, 22-24, 23-25 og 27-29. Af þeim 13 húsum sem afmarkast af þessu svæði Barmahlíðar er lagt til að 8 þeirra (62%) falli undir rauðan flokk hverfisverndar.

Þessi hús eiga það öll sameiginlegt að þar hefur þak ekki verið hækkað. Þó hefur ýmsu verið breytt, þakkantar fjarlægðir, svalir stækkaðar, málað yfir steininguna á húsum 10-16 (skv. skýrslu 223, en sjálf held ég að þessi hús hafi mögulega aldrei verið steinuð) og gluggasetningu breytt.

Það verður að segjast eins og er að hvergi kemur skýrt fram hvaða kvaðir eða hlunnindi fyrir húseigendur fylgja þessari rauðu flokkun sem yfirvaldið boðar. Þýðir þetta að eigendur þessara húsa eigi aðgang að sjóðum til þess að koma húsunum aftur í upprunalegt horf? Eða þýðir þetta minna frelsi til breytinga, t.a.m. hækkunar á þaki og fjölgun íbúða, líkt og öll hin húsin í götunni hafa fengið heimild fyrir? Í fljótu bragði virðist þessi flokkun húsa í rauðan flokk vera hjáleið stjórnvalda til þess að koma kvöðum húsafriðunar á húseigendur án þess að þurfa að uppfylla lagalegar skyldur lögformlegrar húsfriðunar um þinglýsingar, stuðning úr húsfriðunarsjóði, niðurfellingu fasteignagjalda og fleiri útgjaldaliða fyrir ríki og sveitarfélög.

Ég skil sagnfræðileg og menningarleg rök fyrir varðveislugildi húsa. En ekki verður annað séð en að val á húsum í rauða flokkun í Barmahlíð ráði einungis sú staðreynd að ekki hefur þegar verið komið fyrir aukaíbúð með hækkun á þaki í þeim. Sambærileg og nánast alveg eins hús við sama gatnahluta, hvað grunnteikningu varðar, sleppa við þessa rauðu flokkun, hafi þak þeirra þegar verið hækkað. Vart er hægt að fullyrða að meðalhófs hafi verið gætt með rauðri flokkun á 62% allar húsa á þessum stutta götubút.

Betri aðferðafræði og meðferð fjármagns væri að velja aðeins eitt þeirra húsa sem þarna er fyrirhugað að rauðflokka og friða það frekar skv. lögum um húsafriðun og gera það

mynduglega! Með samþykki, áhuga, vilja og jafnvel umsóknum húseigenda ásamt fjárhagslegum stuðningi til þess að færa viðkomandi hús sem næst upprunalegri mynd, í samstarfi við til þess bæra aðila.

Andmæli I
Sem eigandi íbúðar í Barmahlið 14, leggst ég gegn flokkun húseignarinnar í Barmahlíð 14-16 í rauðan flokk á meðan eigendum þess og beinum hagsmunaaðilum hefur ekki verið gert ljóst nákvæmlega hvaða takmarkanir, kvaðir eða kostir fylgja þessari flokkun, hvernig þær kvaðir gætu hugsanlega tekið breytingum á næstu árum og á hvern hátt rauð flokkun auki eða dragi úr fjárhagslegu verðmæti eignar.

Andmæli II
Verði flokkun eignar minnar í rauðan flokk til þess að hvorki ég né framtíðareigendur húss míns geti lyft þakinu og komið fyrir auka íbúð, líkt og svo margir hér í kring, eða framkvæmt lítilsháttar breytingar sem í sambærilegum húsum hafa verið samþykktar og þykja almennt sjálfsagðar, leggst ég alfarið gegn rauðri flokkun á húseign minni og þeirri frelsissviptingu og eignaskerðingu sem slík flokkun yrði.

Andmæli III
Þá geri ég athugasemd við það að í kynningu á nýju, og að mörgu leyti mjög góðu hverfisskipulagi, skuli ekki vera haft fyrir því að hafa sérstaklega samband við húseigendur þeirra 25 íbúðarhúsa í þessum hluta Hlíðarhverfis (3.2) sem ég tel að verði fyrir beinum íþyngjandi og eignaskaðandi breytingum á eignum sínum og þeim kynntir nákvæmlega kostir og gallar hverfisverndaðra húsa í rauðum flokki; fjárhagslegir, listfræðilegir, menningarlegir, sögulegir og umhverfislegir.

Virðingarfyllst,
Bryndís Loftsdóttir

Veðurstofa Íslands

Reykjavíkurborg
Bt Þuríði Maríu Guðmundsdóttur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Dags. 15. janúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0033

Með erindi dags. 4. janúar sl. óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Veðurstofu Íslands um hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við hverfisskipulag þetta.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

UMHVERFIS STOFNUN

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2024
UST202311-170/A.B.
10.04.01

Efni: Beiðni um umsögn - hverfisskipulag - Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 16.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að hverfisskipulag er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisskipulags, en auglýstar voru hverfisskipulagsáætlanir fyrir borgarhluta 3 Hlíðar sem nær yfir þrjú hverfi Háteigshverfi (3.1), Hlíðar (3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (3.3). Auk þess kemur fram að tilgangur skipulagsins sé að bæta samfélagið, auka gæði byggðarinnar og innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir. Einnig er tekið fram að hverfisskipulag þjóni því hlutverki að innleiða vistvænar áherslur gildandi aðalskipulags í gegnum gátlista um vistvæna byggð. Fram kemur að Háteigshverfi og Hlíðahverfi séu gróin hverfi en Öskjuhlíðarhverfi er skilgreint sem nýtt hverfi. Helstu einkenni hverfisins eru m.a. sögð stór útivistarsvæði í Öskjuhlíð að Fossvogi.

Öskjuhlíð

Umhverfisstofnun bendir á að hluti af svæðinu sem tillaga að hverfisskipulagi í Öskjuhlíðarhverfi nær til er á náttúruminjaskrá. Svæðið nefnist Öskjuhlíð og er númer 119 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem vinsælum og fjölsóttum útsýnisstað og útivistarsvæði. Auk þess er þar að finna minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum.[1,2]

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni. Auk þess þarf að huga að vernd og endurheimt minjanna sem farin er að raskast vegna uppbyggingar og trjáræktar svo þær fái að njóta sín.

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að svæðið á náttúruminjaskrá sé afmarkað nánar á uppdrætti, stefnukorti eða þemauppdráttum.

[1] https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/
[2] https://natturuminjaskra.ni.is/

Friðlýst svæði

Umhverfisstofnun bendir á að Fossvogsbakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999 og er fjallað m.a. um svæðið í verklýsingu á bls. 65. Á svæðinu er að finna fágætar jarðminjar í jarðsögu Reykjavíkur og landsins alls, Fossvogslögin, og felst verndargildi svæðisins í verndun þeirra.[3]

Náttúruvætti eru náttúrumyndanir sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Markmiðið með friðlýsingu Fossvogsbakka er verndun fágætra jarðminja svæðisins.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið þar sem fjallað er m.a. um rannsóknir og fræðslu, en mikilvægt er að gefa fólki tækifæri til að fræðast um náttúruminjarnar.[4]

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að svæðið á náttúruminjaskrá sé afmarkað nánar á uppdrætti, stefnukorti eða þemauppdráttum. Í skýringum er gert ráð fyrir Náttúruminjum / Náttúrusérkennum, en óljóst er hvort afmörkun þeirra sé sýnd á uppdrætti eða á öðrum kortum.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.[5]

Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er innan hverfisskipulagssvæðisins og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, þegar við á, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og haga landnotkun eftir því.

Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að stofnunnin barst ábending um að talsvert magn kvikasilfurs hitamæla hafi brotnað við veðurmælingarstöð veðurstofunnar við Bústaðarveg frá árinu 1972 og að aflögð bensínstöð er á þróunarsvæði á skilmálaeiningu 3.1.15 Austan Bolholts.[6]

Hverfið, líffræðilegur fjölbreytileiki og endurheimt

Í greinargerð segir að líffræðileg fjölbreytni taki til margbreytileika lífríkisins, lífverutegunda og vistkerfa. Auk þess eru lögð fram stefnumið um vernd og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika með gróðri, blágrænum ofanvatnslausnum og frágangi á lóðum. Einnig segir

---

[3] https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/astand-natturuverndarsvaeda/astandsmat-afangastada-innan-fridlystra-svaeda/afangastadir-i-haettu/

[4] https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Sudvesturland/Fossvogsbakkar/Fossvogsbakkar_verndarogstj%c3%b3rnunar%c3%a1%c3%a6tlun_undirrita%c3%b0.pdf

[5] https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/mengadur-jardvegur/ataksverkefni/?fbclid=IwAR2u6Bjte8BfiDoCK9pY2VY8Vw_LmOjxKDxGVuUujhxcHKj5TZ8h3fV7dXk

[6] https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ

að stefnt sé að því að takmarka uppbyggingu á svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi og taka tillit til jarðminja sem bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur, ásamt því að hlúa að vistkerfi hverfisins (Öskjuhlíð).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að endurheimt náttúruverðmæta sem stuðli að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta á ekki einungis við um endurheimt á röskuðum svæðum, heldur einnig endurheimt á vötnum og votlendi, jarðmyndunum svo eitthvað sé nefnt.

Fuglalíf

Í greinargerð vegna Öskjuhlíðahverfis segir að ríkulegt fuglalíf sé í Öskjuhlíð og fjöru Fossvogs. Umhverfisstofnun bendir á að Fossvogur er hluti af mikilvægu fuglasvæði, sem nefnist Álftanes – Skerjafjörður [7] og er í tillögum Náttúrfræðistofnunar Íslands um framkvæmdaáætlun náttúrminjaskrár, en í voginum er einnig Fossvogsleira. Hægt er að sjá afmörkun fuglasvæðisins á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar [8] sem og afmörkun leirusvæða[9], en stofnunin bendir á að leirur njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gera þarf grein fyrir því hvort áhrif séu á fuglalíf í umhverfismati og stefnu og áherslum *Vistkerfi & minjar*, sérstaklega í Öskjuhlíðarhverfi.

Lýðheilsa

Undir skipulagsskilmálum (t.d. Öskjuhlíðahverfi bls. 81) segir til að stuðla að bættri lýðheilsu þarf að tryggja gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Hér þarf einnig að huga að hjólandi að mati stofnunarinnar.

Í greinargerðum og á uppdráttum eru skilgreindar göngu- og hjólaleiðir, auk þess er lögð áhersla á aðgengi fyrir alla að verslun, þjónustu, görðum og stoppistöðvum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að góðu, aðlaðandi og öruggu aðgengi milli hverfa þar sem hraðbrautir skipta hverfum í tvennt.

Hljóðvist og loftgæði

Gert er ráð fyrir að gerðar verði mælingar á hávaða og loftmengun til að fylgjast með breytingum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett sé stefna um hvernig brugðist verði við ef mælingar sýna neikvæða niðurstöðu.

Umhverfisstofnun bendir á að til eru rannsóknir sýna tengsl loftmengunar við verri lífsgæði.[10]

[7] https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/alftanes-skerjafjordur
[8] https://vistgerdakort.ni.is/
[9] https://serstokvernd.ni.is/
[10] https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/05/10/Loftgaedi-breyttar-althjodlegar-leidbeiningar-/

Endurhönnun og græn svæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að og skilgreind séu í mun meira mæli græn svæði (gróðursvæði, almenningsgarðar o.s.frv.) við endurhönnun svæða og á þéttingarreitum.

Fráveita og vatn

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hafa skuli í huga áhrif skipulagsins, sérstaklega fráveitu og ofanvatnslausna, á fugla, vistkerfi og vatn, m.a. með hliðsjón af lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni https://vatnshlotagatt.vedur.is/.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

UMHVERFIS STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Við tökum heilshugar undir athugasemd **#21** um flokkun húsa við Barmahlíð í rauðan flokk eða hverfisverndun. Ástæðan er að við erum eigendur að íbúð í Barmahlíð 16 og finnum ekki skýr svör við spurningum okkar í þessum gögnum um hvað hverfisverndun þýðir nákvæmlega.
Við keyptum í september 2023 og höfum eytt miklum tíma og fjármunum í endurbætur. Meðal þess sem við sáum sem mikinn kost fyrir framtíðina var að möguleiki væri á því að taka í notkun loftið á einhverjum tímapunkti, enda væru fordæmi fyrir því í alveg eins húsi hinum megin við götuna (Barmahlíð 15-17). Ef að þessi flokkun þýðir að sá möguleiki sé ekki lengur í boði er þessi hverfisverndunun að hafa bein og neikvæð fjárhagsleg áhrif á okkur og aðra íbúa í umræddum húsum. Einnig má nefna það að möguleikinn á að taka loftið í notkun, er forsenda fyrr því að fjölskylda í stærri kantinum (eins og okkar) geti búið áfram í þessum húsum þegar börnin vaxa úr grasi og þurfa meira pláss.

Virðingafyllst
Hafsteinn Snæland og Heiður Baldursdóttir

Höfundur: Hafsteinn Snæland Grétarsson/[redacted]

Sent inn þann: 18.01.2024

Reykjavík, 23. janúar 2024

Efni: Umsögn Strætó bs. um *Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi*

Meðfylgjandi eru athugasemdir Strætó við tillögu að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Skjal 3.1. Háteigshverfi

Mynd á bls. 39
Liturinn á hjólastígum og leiðum almenningssamgangna er of líkur. Erfitt er að greina hvort það sé gert ráð fyrir almenningssamgöngum í Harmahlíðinni t.d.

Hvernig er stöðvar á kortinu valdar sem lykilstöðvar? Næstum allar stöðvar eru merktar þarna inn en samt ekki allar. Betra væri að sýna annaðhvort allar stöðvar eða örfáar lykilstöðvar. Mikilvæg stöð verður t.d. við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar sem ekki er sýnd. Þetta á einnig við um sambærileg kort í skjölum 3.2. og 3.3.

Stöðin á Kringlumýrarbraut er teiknuð norðan við Hamrahlíð. Sú staðsetning hentar leiðakerfinu í heild ekki nægilega vel þar sem gert er ráð fyrir öflugum skiptipunkti við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Verður þá of stutt á milli stöðvanna, sér í lagi þar sem um er að ræða Borgarlínuleið (leið D í Nýju leiðaneti). Það hentar leiðakerfinu betur að hafa stöðina nær Listabraut, stöðin væri þá innan borgargötu. Þetta á einnig við um sambærileg kort í skjölum 3.2. og 3.3.

Snorrabraut er ekki merkt inn á kortið sem Borgargata en samt talað um hana sem Borgargötu í textanum á bls. 40. Langahlíð er teiknuð sem Borgargata en ekki talað um í textanum.
Borgargöturnar í hverfinu eru að mestu ekki þar sem almenningssamgöngur liggja og því ekki hægt að ná því markmiði að staðsetja lykilstöðvar almenningssamganga við þær.

Skjal 3.2 Hlíðahverfi

Bls. 43 – Talað er um Hamrahlíð sem Borgargötu en hún er ekki merkt með bláu inn á kortið

Bls. 19
Í textanum stendur: “Aðgengi er mjög gott að almenningsvögnum víðast í hverfinu og gert er ráð fyrir að það haldist. Síst er aðgengið úr Suðurhlíðum. Flestar strætóleiðir keyra í jöðrum hverfisins, á Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi, auk þess sem ein gengur í gegnum eldri hluta hverfisins”

Strætó bs.
Hesthála 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
strætó.is

Hér er líklega verið að tala um leið 13 sem ekur í dag Hamrahlíð. Í Nýju leiðaneti er ekki gert ráð fyrir leið í Hamrahlíð. Áfram verða leiðir í jöðrum hverfisins.

Skjal 3.3 Öskjuhlíðarhverfi

Borgargötur eru ekki inni á korti

Skjal 3.1. Háteigshverfi – Hverfisskipulagsuppdr.
Í textanum um samgöngur stendur: „Miðstöð almenningssamgangna verður á gatnamótum Miklubrautar og Bústaðavegar/Snorrabrautar“. Þarna er ekki planið að verði miðstöð almenningssamgangna heldur mikilvæg skiptistöð á hnútpunkti í leiðakerfinu þar sem hægt verður að skipta á milli leiða til að fara í mismunandi áttir. Þetta á líka við um sambærilegan texta í skjali 3.2.

Talað er um sérrými fyrir almenningssamgöngur á Snorrabraut. Frábært að gert sé ráð fyrir því.

Skjal 3.2. Hlíðahverfi – Hverfisskipulagsuppdr.

Í textanum um samgöngur stendur: „… og leiðir Borgarlínu fara í sérrými eftir Miklubraut“. Það má alveg bæta hér við „… og Kringlumýrarabraut“

Virðingarfyllst,
Skipulagsdeild Strætó bs.

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Hér er lagt fram bréf í viðhengi fyrir hönd fjölmargra íbúa í Stígahlíð 2-12 og varðar það alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða uppsetningu grenndargáma við Stigahlíð 2-4.

Höfundur: Jón Bjarni Friðriksson/j[redacted]

Sent inn þann: 25.01.2024

Til starfsmanna Reykjavíkurborgar er málið varðar,

Með bréfi þessu viljum við mótmæla fyrirhuguðum áformum Reykjavíkurborgar um að koma fyrir grenndarstöð við blettinn við Stigahlíð 2-4. Við leggjumst alfarið gegn því að af þessu verði.

Það sem var kosið í „Hverfið mitt" kosningunni árið 2022 varðandi **"endurbætur við grenndarstöðvar"** var kosning um **endurbætur** við stöðvarnar sem voru nú þegar til staðar í Eskihlíð og í Hamrahlíð og þær réttilega merktar í öll kort sem "grenndarstöðvar".

Skv. borgarvefsjá og deiliskipulagi var ekkert að finna um að bletturinn við Stigahlíð 2-4 væri merktur sem „grenndarstöð". Engin grenndarkynning hefur átt sér stað. "Hverfið mitt" kosningin árið 2022 **fjallaði ekki um að grenndargámastöðin yrði færð úr Hamrahlíð og yfir í Stigahlíð 2-4** og þykir okkur því komið aftan að okkur með þessi áform Reykjavíkurborgar.

Áætluð grenndarstöð við Stigahlíð 2-4 er allt of nálægt fjölbýlishúsi og mun valda miklu ónæði vegna hávaða við losun sorps í gáma við grenndarstöðina ef af áformum verður.

Enn fremur mun skapast mikil hætta ef grenndarstöðinni verður komið fyrir á þessum bletti. Þarna er þrenging á götunni sem hugsuð er til þess að hægja á umferð bíla. Grenndarstöðinni myndi fylgja aukin umferð bíla, hún yrði staðsett við blindbeygju og myndi skapast mikil hætta fyrir gangandi vegfarendur.

Grenndarstöðin yrði staðsett við hlið leikvallar sem og við göngustíg sem liggur frá strætisvagnastöð sem hefur í för með sér mikla gangandi umferð unglinga og barna sem eru á leið í skólana sína ásamt umferð lítilla barna sem sækja leikvöllinn við enda Stigahlíðar. Ung börn nýta sér þennan leikvöll alla daga, en nú þegar hafa þessar ósamþykktu framkvæmdir þrengt að aðgengi barna að þessum leikvelli við þennan enda hans. Áætluð grenndarstöð mun að auki birgja ökumönnum sýn og skapa litlu vegfarendunum stórhættu þegar þau fara yfir Stigahlíðina í blindbeygju.

Eftir að Landsspítalinn fékk aðstöðu í gamla Tónabæ, þá hefur umferð aukist um Stigahlíð sem og starfsfólk nýtir bílastæðin í Stigahlíðinni á daginn. Það er því mjög lítið um laus bílastæði fyrir þá sem myndu sækja grenndarstöðina.

Þar af leiðandi mótmælum við alfarið þessum framkvæmdum. Umferð mun aukast stórlega – ekkert pláss er þarna fyrir aðkomubíla til að stoppa á meðan sorp er losað í grenndarstöðina auk þess að skapa stórhættu fyrir unga sem aldna gangandi vegfarendur.

Við íbúar við Stigahlíð 2-12 mótmælum harðlega þessari áætlun og styðjum við mótmæli Tinnu Gilbertsdóttur, nágranna okkar, sem hefur ritað **tvær umsagnir í skipulagsgátt Reykjavíkurborgar, hin fyrri birt þann 21.12.2023 og hin síðari birt þann 28.12.2023.**

Hins vegar er mun meira pláss fyrir grenndartöð við hinn endann á þessum enda Stigahlíðar. Það færi mun betur að grenndarstöð væri þar, til dæmis við hlið rafstöðvar sem er merkt á www.ja.is sem Stigahlíð 33a. Þar má bæta við bílastæðum auk þess að tré skýla þessu svæði svo ósk okkar er að þið takið það til skoðunar ef endilega þarf að bæta við grenndarstöð á þessum slóðum til viðbótar við stöðina í Eskihlíð og ef endilega þarf að færa núverandi stöðina í Hamrahlíð. Annar mögulegur blettur væri þarna rétt hjá, alveg við hornið á þessum enda Stigahlíðar, til móts við Stigahlíð 34 . Þar er meira rými fyrir bílastæði auk þess að stöðin yrði ekki alveg ofan í svefnherbergjum íbúa.

Við undirrituð setjum því mjög alvarlegar athugasemdir við þessi áform að setja upp grenndarstöð við Stigahlíð 2-4 og mótmælum heils hugar líkt og við höfum lýst í bréfi þessu.

Sigmar Þór Ármannsson	Stigahlíð 6, íbúð 102
DÓRA STEINSDÓTTIR	STIGAHLÍÐ 6 101
Amalia Lilja Kristleifsd.	Stigahlíð 6 201
Dígrun Inga Ugensen	Stigahlíð 6 202
María B Klemensd	Stigahlíð 6. 301
Thelma K Stefánsdóttir	Stigahlíð 6 401
Johanne Sjöhatjuhöl	Stigahlíð 8 102
Guðm Jóri	— " — 201
Július Valdimarsson	Stigahlíð 8 302
Margrét Jónsdóttir	Stigahlíð 8 4.h TV
Ginnhilde Ellósd.	Stigahlíð 12
Johanna Mar 0209567049	Stigahlíð 12
Anna K B Jacobsen	Stigahlíð 10 - 102
Sara Jane Winsen	Stigahlíð 10 - 101.
Linda Soley Birgisdóttir	Stigahlíð 10 - 202
Þuríður Hallgrímsd. Viðar	Stigahlíð 10 - 302
Robin Morabito	Stigahlíð 10-402
Svava Ólafsdóttir	Stigahlíð 2 - 201
Hanna Birna Geirmundsd.	Stigahlíð 2 - 301
Bóray Sigfrídsdóttir	Stigahlíð 2 401

Tinna Gilbertsdóttir	Stigahlíð 2, íbúð 202
Sigrún Halldórsdóttir	Stigahlíð 2, íbúð 101
Kolbrún Jarlsdóttir	Stigahlíð 10, íbúð 401
Sæunbjörn Rafnsson	Stigahlíð 4 íbúð 101
Kolbeinn Stígsson	Stigahlíð 4 íbúð 102
Katrín Axelsdóttir	Stigahlíð 4 íbúð 201
Elísabet Rós Valsdóttir	stigahlíð 4 íbúð 202
Friðrik Örn Jörgensson	Stigahlíð 4 íbúð 301
Silja Rós Halldórsdóttir	Stigahlíð 2 íbúð 302
Viðar Guðmundsson	Stigahlíð 2 íbúð 001
Daníel Þór Hreinsson	Stigahlíð 12 402
Antonios Achilleos	Stigahlíð 12 101
Jón Bjarni Friðriksson	Stigahlíð 4 401
Fjóla Eðvarðsdóttir	Stigahlíð 10 301

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Hverfisskipulagið tekur til viðbygginga á eldri hús, staðsetningu fyrir sorp, og annars sem getur talist til hönnunar eða útfærslu. Í stuttu máli fjallar hverfisskipulagið svokallaða um hönnun og útfærslur en er ekki eiginlegt skipulag sem stjórntæki um borgarlíf sem leiðir til sjálfbærrar þróunar. Sem dæmi má taka að það er markmið borgarinnar að skipulag stuðli að sjálfbærum hverfum þar sem fólk fer sem mest gangandi og hjólandi til að sinna nauðsynjum og þar sem góður andi getur skapast milli íbúanna. Ekkert er fjallað um slíkt í umræddu hverfisskipulagi. Hlíðar eru staðsettar er hverfi með fremur háan íbúaþéttleika nálægt stærsta þjónustukjarna Höfuðborgarsvæðisins. Sem slíkt hverfi ætti skipulag að byggja undir að miklu fleiri íbúar hverfisins geti lifað bíllausum lífsstíl. Þá þarf að undirbyggja með skipulagi að leggja grunn að staðsetningu lágvöruverslunar og mikilvægrar þjónustu á þeim stað eða stöðum í hverfinu sem liggur best við að fólk fari gangandi og hjólandi. Einnig er þörf á að stuðla að samkomustað í hverfinu í formi m.a. kaffihúss ofl. þess háttar. Út frá íbúaþéttleika og miðlægrar staðsetningar slíks kjarna sem tekur mið af virkum samgöngumátum ætti að horfa á miðju Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar. Staðan í dag er þannig að mjög margir íbúar hverfisins virðast fara nauðsynlegra erindagjörða á bíl, þrátt fyrir fremur háan íbúaþéttleika. Í hverfinu er lítið um að vera á götum og þeir fullir af bílum og slegist um bílastæði. Skipulag er stjórntæki sem snýst um m.a. að skapa umgjörð um samfélag, hafa áhrif á félagsleg samskipti, stuðla að góðri lýðheilsu og hafa áhrif á hegðun fólks eins og hún yrði til góðs fyrir umhverfi og samfélag til lengri tíma. Sé forsvarsfólki hverfisskipulagsins ekki nægilega ljóst þetta hlutverk skipulags er þeim hér með boðið til samtals við undirritaða.
Með kveðju, Dr. Harpa Stefánsdóttir prófessor í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands

Höfundur: Harpa Stefánsdóttir/[redacted]

Sent inn þann: 26.01.2024

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík, 30. janúar 2024
*MÍ*202311-0091/ 6.09 / 0645

Efni: Borgarhluti 3, Hlíðar - Hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 16. nóvember sl., þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að Hverfisskipulagi fyrir Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, mál nr. 0873/2023. Meðfylgjandi erindinu voru greinargerðir, stefnur, skipulagsskilmálar og skipulagsuppdrættir, unnið af Reykjavíkurborg, Kanon arkitektum, Teiknistofunni Tröð og VSÓ ráðgjöf, dagsett 31.10.2023. Einnig fylgdi erindinu *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 223 ásamt skýrslu um íbúaþáttöku og samráð dagsett 31.10.2023 og verklýsing hverfisskipulagsgerðar – Hlíðar, dagsett 30.10.2015.

Borgarhluta 3 – Hlíðar er skipt í þrjú hverfi, Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Hverfunum er skipt upp í skilmálaeiningar og þróunarsvæði á eftirfarandi hátt:

- 3.1 Háteigshverfi: Afmarkast af Miklubraut til suðurs, Snorrabraut til vesturs, Laugavegi til norðurs og Kringlumýrarbraut til austurs, u.þ.b. 124 ha.. Svæðinu er skipt upp í 30 skilmálaeiningar þar af eru 10 þróunarsvæði.
- 3.2 Hlíðahverfi: Afmarkast af Miklubraut til norðurs, Bústaðavegi og Fossvogskirkjugarði til suðvesturs og Kringlumýrarbraut til austurs, u.þ.b. 101 ha.. Svæðinu er skipt í 18 skilmálaeiningar, þar af eru 2 þróunarsvæði.
- 3.3 Öskjuhlíðarhverfi: Afmarkast af Hringbraut til norðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs, strandlengju Fossvogs til suðurs og Bústaðarvegi og Suðurhlíð til norðausturs, u.þ.b. 160 ha.. Svæðinu er skipt upp í 13 skilmálaeiningar, þar af eru 8 þróunarsvæði og 3 svæði sem ekki eru hluti af hverfisskipulagi.

Á hverfisskipulagsuppdráttum eru fornleifar og yngri minjar auðkenndar með rauðum hring. Friðlýst og friðuð hús eru auðkennd með sérstökum litum.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Í leiðbeiningablaði nr. 9 frá Skipulagsstofnun segir: *„Hverfisskipulag er annað afbrigði af deiliskipulagi fyrir þegar byggð hverfi þar sem settar eru fram almennar reglur eða skilmálar um yfirbragð, þróun og varðveislu byggðarinnar.“*

Eins og fram hefur komið liggur fyrir *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 223. Skýrslan er vönduð og ítarleg og gefur mjög góða mynd af sögu svæðisins í heild. Sögukafla skýrslunnar er skipt upp í að fjalla annarsvegar um svæðið fyrir tíð skipulags og svo um skipulag hverfa og hverfishluta.
Samkvæmt skýrslunni eru tvö friðlýst hús, fimm friðuð hús og 193 umsagnarskyld hús skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar innan borgarhlutans og eru þau sýnd á kortum í kafla 2.4.4.4.
Samkvæmt skýrslunni eru engar friðlýstar fornleifar skráðar innan borgarhlutans, en skráðar eru 77 friðaðar fornleifar, þar af eru 20 sjáanlegar á yfirborði. Skráðar eru 155 herminjar í borgarhlutanum, en stór hluti þeirra er þegar horfinn og aðeins 38 staðir enn sýnileg á yfirborði. Herminjar eru ekki friðaðar skv. lögum nr. 80/2012, en eru mjög mikilvægar í sögu borgarinnar. Aðrar skráðar minjar frá tímabilinu 1924-1934 eru 30 talsins og frá árinu 1935 og síðar eru skráðar 45 minjar.

Í skipulagsgögnunum er tekið fram að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag fyrir öll þróunarsvæðin með hefðbundinni húsakönnun. Fyrir skilmálaeiningarnar er hverfisskipulagið sem hér er til umsagnar látið gilda sem „endanlegt“ skipulag og því mun ekki gefast tækifæri til að vinna hefðbundna húsakönnun fyrir þau. Af þessum sökum hefur Borgarsögusafn breytt aðferðum og áherslum við skráningu og gerð varðveislumats vegna hverfisskipulags og fært viðmiðin nær þeim kröfum sem gerðar eru vegna deiliskipulags í meðfylgjandi skýrslu *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*.

Þegar bornar eru saman tillögur um hverfisvernd (rauður flokkur) er samræmi milli þeirra tillagna sem settar eru fram í Byggðarkönnuninni og í Hverfisskipulagsgögnunum. Öðru máli gegnir um hverfisvernd (gulur flokkur) en þar er ósamræmi milli tillagnanna. Í Byggðarkönnuninni er lögð til hverfisvernd á fleiri samstæður húsa og heilda en sýnt er í skipulagsgögnunum. Ekki kemur fram hvað veldur þessu ósamræmi, en Minjastofnun telur mikilvægt að Byggðakönnunin fái að standa óbreytt sem faglegt mat á varðveislugildi hverfisheilda þrátt fyrir að tillögunum sé ekki fylgt eftir að öllu leyti í skipulaginu.

Eins og fram hefur komið er fyrirliggjandi Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar, vönduð og vel unnin og dugir hún sem skráning til afgreiðslu þessa hverfisskipulags fyrir skilmálaeiningarnar.
Minjastofnun fer fram á að unnin verði fornleifa- og húsakönnun sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, fyrir þróunarreitina þegar unnið verður deiliskipulag á þeim.

Uppfæra þarf eftirfarandi atriði í skipulagsgögnum:
Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á hverfisskipulags-uppdrættina þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Skráðar fornleifar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði skulu merktar með punkti/hring eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdráttum. Æskilegt væri að uppmælingar af herminjum, sem liggja fyrir, verði einnig færðar inn á hverfisskipulagsuppdráttinn. Þar sem ekki gilda sömu verndarákvæði fyrir fornleifar og yngri minjar þarf að auðkenna þær með mismunandi lit á stefnukortum „Vistkerfi & Minjar" á uppdráttum.

Öll hús og mannvirki sem falla undir lög nr. 80/2012 um menningarminjar (friðlýst, friðuð og umsagnarskyld) þarf að auðkenna sérstaklega á hverfisskipulagsuppdráttum og verndarákvæða þeirra skal getið í skilmálatextum. Á hverfisskipulagsuppdráttum vantar t.a.m. að auðkenna umsagnarskyld hús og mannvirki. Á stefnukortum „Vistkerfi & Minjar" á uppdráttum þarf einnig að auðkenna umsagnarskyld hús og mannvirki.

Uppfærðir hverfisskipulagsuppdrættir skulu sendir stofnuninni til umsagnar þegar þeir liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.
Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Meðfylgjandi eru athugasemdir fyrir hönd eigendur nánar tiltekinna fasteigna í Stigahlíð við hverfisskipulag Hlíðahverfis.

Höfundur: Jörgen Már Ágústsson/[redacted]

Sent inn þann: 30.01.2024

MAGNA
LÖGMENN

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

sent með rafrænum hætti inn á *Skipulagsgáttina*

Reykjavík, 30. janúar 2024.

Efni: Athugasemdir við hverfisskipulag Hlíðahverfis.

Til MAGNA Lögmanna hafa leitað eigendur fasteigna að Stigahlíð 87, 89, 91, 93, 95 og 97 og falið undirrituðum lögmanni að koma á framfæri athugasemdum við hverfisskipulag Hlíðahverfis.

Á bls. 215 í skipulagsskilmálum fyrir Hlíðahverfi er að finna hverfisskipulagsuppdrátt fyrir skilmálaeiningu 3.2.9 – Veðurstofuhæð en þar er afmörkun skipulagseiningarinnar sýnd með punktalínu. Af samanburði á uppdrættinum og fyrirliggjandi lóðarmörkum má ráða að skilmálaeiningin nær út fyrir lóðarmörk lóðarinnar og alveg upp að lóðum umbjóðenda minna. Þá er afmörkun skilmálaeiningarinnar ekki í samræmi við upplýsingar og myndir sem komu fram í skipulagslýsingu Reykjavíkurborgar vegna nýs deiliskipulags á Veðurstofuhæð frá 7. mars 2023.

Í framangreindum skilmálum er tekið fram að svæðið sé ekki hluti af hverfisskipulagi og gera þurfi sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið. Þrátt fyrir að hverfisskipulagið virðist þannig ekki hafa þýðingu fyrir uppbyggingu á Veðurstofureitnum þá er að mati umbjóðenda minna með öllu óljóst af hverju afmörkun skilmálaeiningarinnar er í ósamræmi við fyrirliggjandi lóðarmörk sem og þær upplýsingar sem voru settar fram í fyrrgreindri skipulagslýsingu.

Í framangreindu samhengi skal á það bent að umbjóðendur mínir lögðu fram athugasemdir við fyrrgreinda skipulagslýsingu, dags. 4. maí 2023, og bentu meðal annars á mikilvægi þess að uppbygging á reitnum yrði ekki staðsett upp við göngu- og hjólastíg sem skilur Veðurstofureitinn frá íbúðabyggðinni í Stigahlíð. Umbjóðendur mínir hafa verulegar áhyggjur af því hvaða þýðingu breytt afmörkun skilmálaeiningarinnar hefur í þessu samhengi og þá einkum hvort fyrirhugað sé að færa áformaða uppbyggingu enn nær fasteignum umbjóðenda minna með tilheyrandi röskun á þeirra hagsmunum.

Að teknu tilliti til framangreinds er óskað eftir upplýsingum um hvaða ástæður liggja að baki því ósamræmi sem virðist vera á milli hverfisskipulagsuppdráttarins fyrir skilmálaeiningu 3.2.9 og þeirra upplýsinga sem komu fram í skipulagslýsingu Reykjavíkurborgar frá 7. mars 2023. Sé ætlunin að stækka fyrirhugað skipulagssvæði frá því sem kom fram í skipulagslýsingu er slíkum áformum mótmælt og áskilinn réttur til að koma á framfæri frekari athugasemdum hvað þetta varðar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

J. M. Á.

Jörgen Már Ágústsson lögmaður

Fylgiskjal

Uppdráttur hverfisskipulags og myndir úr skipulagslýsingu Reykjavíkurborgar vegna nýs deiliskipulags á Veðurstofuhæð.

Afmörkun skilmálaeiningar 3.2.9 í hverfisskipulagi



Mæliblað (bls. 5 í skipulagslýsingu)



Loftmynd (bls. 7 í skipulagslýsingu)



Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Umsögnin varðar mál nr. 873/2023, rauða flokkun húsa í Barmahlíð þar sem þak hefur ekki verið hækkað.

Undirrituð eru eigendur 2. hæðar í Barmahlíð 22. Við tökum að öllu leyti undir athugasemdir Bryndísar Loftsdóttur # 21 frá 12.01.2024. Skýra þarf hvað rauð flokkun fæli í sér og hvort henni fylgi stuðningur til að halda húsunum í upprunalegri mynd.

Verði af rauðri flokkun húsa mun það væntanlega m.a. hafa áhrif á leyfi til að lyfta þökum. Fyrri eigendur okkar húss og fleiri húsa sem lagt er til að falli undir rauða hverfisvernd leituðu að sögn eftir slíkri heimild við skipulagsyfirvöld fyrir um 15 árum og fengu þau svör að hófleg hækkun kæmi til greina.

Virðingarfyllst,
Dagný Guðmundsdóttir
Sigurður Jónsson

Höfundur: Sigurður Jónsson[redacted]

Sent inn þann: 31.01.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

31.1.2024
Varðandi deiliskipulag 3.2 Hlíðahverfi

Á húsfundi árið 2021 í húsfélagi Mávahlíðar 26 og 28 var enn og aftur umræða um samskipti okkar íbúanna við eiganda verslunarhúsnæðisins á fyrstu hæð 26. Augljóst virðist að verslunin þarf stækkun á húsnæði sínu m.a. fyrir lager og sorp sem er að mestu pappír og plast. Einnig var ræddur áhugi okkar eigenda íbúða annarar hæðar 26 og 28 um að fá rúmgóðar svalir fyrir íbúðirnar á suðurhlið hússins. Þann 27.04.2022 var því send eftirfarandi fyrirspurn til byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

"Við búum á annari hæð. Undir svölunum hjá okkur er matvöruverslunin ,,Krambúðin". Við fluttum í íbúðina fyrir 7 árum meðal annars vegna svalanna sem eru cirka 20m2. Ég hef setið í stjórn garðyrkjufélags Íslands um árabil. Þar var mikið rætt um svokalla ,,Svalagarða" sem eru fáir hérlendis en mjög vinsælir víða erlendis. Meiningin var að búa til fallegan skrúðgarð á svölunum. Það hefur ekki gengið sem skildi og er ástæðan sú að svalirnar snúa til vesturs þannig að sól er takmörkuð og að auki er mjög vindasamt frá norðri og vestri. Okkur langar til að stækka svalirnar um cirka 40m2 til há-suðurs og fara þannig fyrir hornið sem framhald af vestur-svölunum. Þar undir er garður sem er útfrá versluninni. Hann er að stórum hluta nýttur af versluninni og nýtist illa öðrum í húsinu. Ég hef trú á að skrúð(svala)garður til suðurs myndi vera til mikillar prýði og bæta götumyndina til muna."

Starfsmaður byggingarfulltrúa benti á að væntanlegt væri endurskoðað deiliskipulag fyrir hverfið og gæti verið skynsamlegt að bíða eftir því. Féllumst við á þau rök. Þegar haustaði óskaði ég eftir fundi með Ævari Harðarssyni deildarstjóra deiliskipulagsins til að ræða við hann okkar mál og stöðu deiliskipulagsins. Við áttum ágætan fund þann 12.10.2022. Ævar taldi að borgaryfirvöld vildu samþykkja ýmislegt til að tryggja nærþjónustu í hverfinu og því væri vel hugsanlegt að leyfð yrðu stækkun á húsnæði búðinnar. Erfiðara gæti orðið að fá samþykki fyrir stórum svölum á suðurhlið hússins. Samkvæmt lóðarsamningi við eignaskiptasamningi fyrir Mávahlíð 26 eiga eigendur 0101 og 0201 byggingarrétt á bílskúrum á lóðinni. Tryggja þarf að þessi réttur falli ekki niður við endurskoðun á deiliskipulagi. Eftir miðjan des. síðastliðin sá ég auglýsingu í heimildinni þar sem fram kom að tillaga að nýju deiliskipulagi hefði verið lögð fram fyrir Hlíðahverfi og kynningarefni væri til skoðunar í Borgartúni 18. Við yfirferð á gögnum skipulagssins sýndist mér staðan gagnvart okkur í Mávahlíð 26 og 28 vera eftirfarandi: Búið er að friða húsið ,,Fúnkisfriðun" og breytingar háðar mörgum skilyrðum. Verslun hefur verið í húsinu í marga áratugi. Húsnæðið hefur verið stækkað í áttina að Lönguhlíð. Ekki veit ég til þess að neinar athugasemdir hafi verið gerðar við þá stækkun. Ofaná þaki viðbyggingarinnar er cirka 17m2 viðbygging sem stækkar stofuna hjá okkur og sunnan við hana cirka 20m2 svalir. Ekki er sjáanlegt á húsinu að um viðbyggingu sé að ræða.

Í töflu yfir fjölda bílastæða sem yfirfærast úr eldra deiliskipulagi eru engin bílastæði skráð á Mávahlíð 26. Á lóðinni er eitt sérbílastæði næst Drápuhlíð sérmerkt íbúð 0201. Nær búðinni eru 5 stæði til almennra afnota og fyrir búðina.

Mér sýnist liggja beinast við þar sem atvinnustarfsemi er í húsinu Mávahlíð 26-28 þá verði það undanþegið hverfisvernd. Þá gefst möguleiki til að bæta aðstöðu verslunarinnar og koma í veg fyrir ýmis vandamál í samskiptum verlsunarinnar og okkar íbúanna. Á þessu ári eða næsta er stefnt að því að fara í bygginarframkvæmdir ásamt eigendum í Drápuhlíð 25 en samkvæmt skilmálum eigum við að hafa sameiginlegan vegg í byggingunum á lóðarmörkum. Samkvæmt verndarákvæðum fyrir skilamálaeininguna skal varðveita "steypta garðveggi". Í framhaldi af bílskúrunum við Drápuhlíð 25 er rammskakkur og lúinn steyptur veggur á lóðarmörkunum. Er það virkilega meining borgarinnar að friða þennan vegg? Ef svo er ekki sýnist mér að þarna þurfi að breyta texta.

Að lokum vil ég óska ykkur til hamingju með deiliskipulagstillöguna. Mér finnst hún skýr, vel fram sett og vel unnin. Textinn er mjög góður og ekki oft sem maður les texta með engum prentvillum.

Ég er efins með svona mikla friðun og tel að hún stangist á við meginmarkmið bæði aðal og deiliskipulagsins.

Með bestu kveðju,
Hilmar Ingólfsson

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Í meðfylgjandi umsögn er fyrirætlaunum um verndun götumyndar í Barmahlíð við hús nr. 10-24, 11-13 og 19-27 í núverandi mynd andmælt.

Höfundur: Karl Jóhann Jóhannsson[redacted]

Sent inn þann: 31.01.2024

Reykjavík 31. janúar 2023

Umsögn vegna máls nr. 873/2023

Efni: Andmæli vegna fyrirætlana um verndun götumyndar við Barmahlíð

Húsin við Barmahlíð 9-29 og 10-24 voru hönnuð af Sigvalda Thordarson og Gísla Halldórssyni fyrir Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur árið 1945. Sjálfir bjuggu þeir í mörg ár í þessum húsum, Sigvaldi í Barmahlíð 14 og Gísli í Barmahlíð 12. Árið 1957 teiknaði Sigvaldi Thordarson nýtt þak og stækkun á íbúðum á 2. hæð Barmahlíðar 15-17, sem kom til framkvæmda árið 1958 (sjá mynd 1). Árið 1981 teiknaði síðan dóttir hans, Albína Thordarson, glerskála yfir svalirnar og nýjar svalir út frá honum (sjá mynd 2). Síðar var efstu hæð í Barmahlíð 15 og 17 breytt í séríbúðir.

Lengst af var þetta eina þakbreytingin sem framkvæmd var á þessum tíu húsum, en árið 2007 var þakið á Barmahlíð 9 – sem hefur þá sérstöðu að vera aðeins eitt húsnúmer með eina íbúð á hæð en ekki tvær líkt og hin húsin – hækkað og bætt við rishæð (sjá mynd 3). Sjálf hækkunin er lítið áberandi frá götu séð og samsvarar húsinu vel. Helst sker svalahandrið sig úr og mætti eflaust vera betur í takt við önnur handrið á þessum húsum.

Það er yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar að þétta byggð og hverfisskipulagi er meðal annars ætlað að greiða fyrir því ferli. Undir þeim formerkjum voru meðal annars gefnar út leiðbeiningar til að samræma breytingar og hvetja til þakhækkunar.[1] Með nýju hverfisskipulagi stendur þó til að setja átta hús við Barmahlíð – öll fyrrnefnd hús nema þau sem þegar hafa verið hækkuð, nr. 9 og 15-17 – í rauðan verndarflokk, með þeim afleiðingum að breytingar á þökum húsanna verða, í raun, óheimilar.

[1] https://skjol.hvsk.is/leidbeiningar/Leidb-Hvsk-Thakbreytingar.pdf



Mynd 1. *Barmahlíð 15-17. Teikningar af stækkun 1958. Mynd af Teikningavef Reykjavíkurborgar.*



Mynd 2. *Barmahlíð 15-17. Mynd: Loji Höskuldsson – höfundur bókarinnar* Ástarbréf til Sigvalda (2021) – *af síðu tileinkaðri húsum Sigvalda: https://www.instagram.com/p/B6uztP7AR4G/*

Samkvæmt byggðakönnun sem Minjasafn Reykjavíkur gerði fyrir Hlíðar 2013 kemur fram að húsin í Barmahlíð 10-24 myndi „heillega götumynd“ þrátt fyrir að efnisval og klæðning hafi breyst.[2] Nú síðast var upprunalegri skeljun skipt út fyrir norska steina á

[2] https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_58.pdf



Mynd 3. *Barmahlíð 9 frá horni Barmahlíðar og Reykjahlíðar.*

húsunum við Barmahlíð 9 og 18-20 árið 2017. Hlýtur það þó að teljast til eðlilegs viðhalds. Öllu viðameiri breytingar hafa verið gerðar norðan megin götunnar, þá helst á fyrrnefndum húsum, nr. 9 og 15-17.

Það er í raun tilfallandi að fleiri þök hafi ekki verið hækkuð við Barmahlíð. Þegar undirrituð festu kaup á íbúð á 2. hæð Barmahlíðar 18 í lok árs 2008, með það fyrir augum að hækka þakið þegar þörf væri á, hafði fengist jákvætt svar frá fyrirspurn til byggingarfulltrúa (verknúmer: BNF20243) um þakhækkun á Barmahlíð 18-20. Við það tækifæri stóð einnig til að hækka hús 22-24. Teikningar voru tilbúnar og tilboð komið í verkið, en af ýmsum illviðráðanlegum ástæðum var þessum framkvæmdum frestað. Hugmyndin hefur verið endurvakin síðan þá en fyrir fáeinum árum ákváðu undirrituð að bíða eftir hverfisskipulagi, þar sem talið var að tilkoma þess myndi liðka fyrir þeim framkvæmdum, eins og auglýst var.

Ef farið hefði verið í þær framkvæmdir á sínum tíma þá væri ef til vill ekki grundvöllur fyrir þeirri verndun sem lögð er til í hverfisskipulagi. Fleiri viðlíka umsóknir og fyrirspurnir til byggingarfulltrúa í gegnum tíðina sýna auk þess að meginþorri eigenda íbúða sunnan megin í Barmahlíð hafi ætlað sér að gera breytingar á íbúðum sínum. Hvort sem það er að stækka íbúðir upp í ris eða niður í kjallara. Undanfarin fimm ár hafa verið sendar inn



Mynd 4. *Horft yfir Hlíðarnar. Húsin í Barmahlíð sem stendur til að vernda merkt með rauðum punkti.*

fyrirspurnir um þakhækkun af eigendum íbúða í húsunum 10-12 og 14-16. Í báðum tilfellum fengu þær fyrirspurnir neikvæða afgreiðslu. En af þessu að dæma má þó telja líklegt að það sé vilji íbúa Barmahlíðar 10-24 að nýta risið.

Norðan megin í Barmahlíðinni (í húsum nr. 9-29) hafa áætlanir um þakhækkanir einnig komist áleiðis. Árið 2020 sendu eigendur Barmahlíðar 19-21 inn fyrirspurn um leyfi fyrir stækkun íbúðar á 2. hæð með hækkun þaks (Verknúmer: BN057498). Þessari fyrirspurn var synjað en í kjölfarið kærðu eigendur synjunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem gerði úttekt á málinu og felldi í kjölfarið úr gildi synjun byggingarfulltrúans.[3] Ekki var aðhafst frekar í málinu þar sem eigendur höfðu gefist upp á biðinni og flutt í millitíðinni, þrátt fyrir vilja til að búa áfram í íbúð sinni í Barmahlíð. En þarfir breytast.

Í stuttu máli voru rök kærenda þau að nú þegar hafi íbúðir í Barmahlíð 9 og 15-17 verið hækkaðar, auk þess sem þakhækkanir hafi verið leyfðar í fjölmörgum húsum í nágrenninu, og beri Reykjavíkurborg skylda til að „meðhöndla sambærileg mál með sambærilegum hætti.“[4] Fjölmörgum húsum hafi verið breytt í gegnum tíðina og að 83 % (208 af 250) af húsum í hverfinu sem afmarkast af Stakkahlíð, Hamrahlíð, Eskihlíð og Miklubraut séu með íbúðarrými í risi.

Af þeim 27 % (42 húsum) sem ekki hafa íbúðarrými í risi eru að minnsta kosti tvö

[3] 54/2020 Barmahlíð - Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (https://uua.is/urleits/54-2020-barmahlid/)
[4] Sama og ofan.



Mynd 5. Vinstri*: Upprunaleg teikning.* Hægri*: Gluggabreytingar samþykktar 1975.*

einbýlishús, gistiheimili og tveir leikskólar.[5] Auk húsa þar sem ris er aðeins nýtt að hluta, til dæmis þegar kvistir eru einungis á öðrum helmingi húsa. Þrátt fyrir það eru Byggingarsamvinnufélagshúsin við Barmahlíð stórt hlutfall þeirra húsa sem eru ekki með skilgreint íbúðarrými í risi, eða rúm 20 %. Á svæðinu eru húsin áberandi lágreist (sjá mynd 4). Það virðist því varla réttlætanlegt eða samræmast jafnræðis- og meðalhófsreglu (11. og 12 gr. Stjórnsýslulaga nr.37/1993) né stefnu borgarinnar um þéttingu byggðar, að heimila ekki þakhækkanir í þessum húsum, sérstaklega í ljósi þess að tveimur þeirra hefur þegar verið verulega breytt og að markmiðum um vernd götumyndar má hæglega ná fram með hófstilltari aðgerðum en verndun í rauðum flokki.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs (mál nr. SN200412) lét Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, bóka varðandi synjun á þakhækkun við Barmahlíð 19-21, að „ekki [er] hægt að sjá hvaða rök liggja að baki synjun. Hér eru fordæmi fyrir hendi og ekki virðist gætt jafnræði[s] og meðalhófs. Það er von fulltrúa Flokks fólksins að í málum sem ríkur vafi leikur á um að rök teljist sanngjörn og fagleg fái þau aftur skoðun skipulagsyfirvalda og færist jafnvel í aðrar hendur innan borgarkerfisins svo málið fái eins hlutlausa afgreiðslu og hugsast getur.“[6] Eins og Kolbrún bendir á er óljóst hvers vegna eitt skal ekki yfir alla ganga þegar kemur að hækkun þaka í sambærilegum húsum. Það er ljóst af því sem fram hefur komið að það hallar verulega á eigendur

[5] Húsið Árskógar við Blönduhlíð, Engihlíð 9, gistiheimilið Alba á horni Eskihlíðar og Mjóuhlíðar og leikskólahús Hlíðar við Eskihlíð og Engihlíð.
[6] https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/sks_0107_0.pdf



Mynd 6. *Barmahlíð 24 séð frá götunni. Mynd: ja.is*

þeirra húsa sem ekki hafa þegar verið hækkuð.

Ekki skal lítið gert úr þeim verðmætum sem felast í Byggingarsamvinnufélagshúsunum við Barmahlíð og þeirri heild sem þau mynda. En staðreyndin er sú að þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á húsunum í áranna rás – svo sem hækkanir á þökum húsa nr. 9 og 15-17, breytingar á ytra byrði húsa (t.d. klæðning, þakgluggar og þakskegg), gluggum (útliti glugga var breytt að verulegu leyti á flestum íbúðum árið 1975; sjá mynd 5, auk 2 og 3), svölum (handrið, hurðir, stækkanir, yfirbyggingar o.s.frv.), bílskúrum og beint útgengi úr kjallaraíbúðum – þá búa húsin enn þann dag í dag yfir þeirri byggingarlistar- og menningarsögulegu sérstöðu sem vernd götumyndar er ætlað að varðveita. Með öllum þeim fjölbreyttu breytingum sem gerðar hafa verið á húsunum má hæglega viðhalda og vernda þau verðmæti sem felast í heillegri götumynd án þess að fyrirmuna eigendum húsanna að hækka þök þeirra.



Mynd 7*. Norðurhlið Barmahlíðar 15-17.*



Mynd 8*. Hvernig norður-hlið suður-húsanna (10-24) gæti mögulega litið út eftir teikningu Sigvalda af norðurhlið Barmahlíð 15-17. Samsett mynd. Myndir af Teikningavef Reykjavíkurborgar.*

Vel mætti sjá fyrir sér að setja sérstaka skilmála um breytingar á þessum tilteknu húsum til að tryggja samræmi og standa vörð um þau verðmæti sem felast í heildarmyndinni. Það myndi iðka jafnræðis- og meðalhófsreglu til að ná settum markmiðum og við slíka lausn mættu allir aðilar vel við una. En eins og staðan er þá er ekki tekið nægilegt tillit til áhrifa verndunarinnar á íbúa húsanna og þarfa þeirra. Koma þarf til móts við íbúa, þar sem markmiði með hverfisvernd götumyndar mætti eflaust ná með minna róttækum aðgerðum, í sátt við íbúa. Barmahlíð hefur vissulega áhugaverða ásýnd og verndun götumyndarinnar hefur eflaust ýmsa kosti í för með sér, en það má deila vel og lengi um hvort lágreistu þökin hafi mest um götumyndina að segja (sjá t.d. mynd 6).

Eins og áður segir, teiknaði annar arkitektanna, Sigvaldi Thordarson, hækkunina á Barmahlíð 15-17, og má því leiða líkur að því að hann hafi séð fyrir sér að þessum húsum yrði breytt í samræmi við breyttar þarfir fólks. Ef til vill var það sýn Sigvalda að þessi rishæð yrði á fleiri húsum í Barmahlíð. Það mætti jafnvel skoða það að hin átta húsin við Barmahlíð fengju sömu hækkun og Barmahlíð 15-17 (sjá myndir 7 og 8). Þessi útfærsla myndi halda í móderníska anda húsanna og kallast á við þá breytingu sem þegar hefur verið gerð á húsi 15-17. Framkvæmdin myndi vissulega breyta götumyndinni töluvert en það mætti á sama hátt færa fyrir því rök að heillegri götumynd fengist með því að öll húsin yrðu hækkuð, til samræmis við þau sem þegar hafa verið hækkuð. Óháð því hvaða leið yrði farin.

Einnig mætti skoða teikningar af öðrum húsum sömu arkitekta, þar sem rishæð er fyrir hendi. Má þar nefna Hagamel 23-25, teiknað af Sigvalda Thordarson og Gísla Halldórssyni sama ár, 1945. Sú teikning svipar mikið til teikningarinnar af Byggingarsamvinnufélagshúsunum, en munar þó sérstaklega um hæðina á risinu (sjá mynd 9). Árið 1983 var kvistum bætt við húsið, teiknuð af Gísla Halldórssyni (sjá mynd 10).

Þá mætti einnig skoða möguleika á að hækka þök húsanna til að ná samþykktri lofthæð en hafa einungis kvista á þeirri hlið sem snýr ekki að götunni. Þannig yrði



Mynd 9. Uppi: *Hagamelur 23-25.* Niðri: *Barmahlíð 18-20. Húsin eru teiknuð sama ár af sömu arkitektum. Myndir af Teikningavef Reykjavíkurborgar.*



Mynd 10*. Teikning af Hagamel 23 og 25 frá 1983, þegar kvistum var bætt við. Mynd af Teikningavef Reykjavíkurborgar.*



Mynd 11. *Barmahlíð úr norðri. Mynd úr leiðbeiningabæklingi hverfisskipulags um þakbreytingingar og tækifærin sem felast í þeim.*

lágmarks röskun á götumynd. Það þyrfti þá vissulega að hækka þökin en lítið færi fyrir því frá götunni séð og þess fyrir utan þá eru húsin lágreist miðað við önnur hús í hverfinu (sjá myndir 4 og 11).

Þessar eða svipaðar hugmyndir hafa án vafa komið fram við gerð tillögu um vernd húsanna og öll þau rök sem tíunduð eru hafa eflaust einnig komið fram áður. En þetta eru engu að síður góð og gild rök. Við óskum því eftir að haft verði frekara samráð við þá eigendur íbúða í Barmahlíð sem þessi ákvörðun snertir og sá möguleiki að samræma þakhækkanir við húsin skoðaður, áður en svo afdrifarík og íþyngjandi ákvörðun er tekin um að setja húsin í rauðan flokk, með tilheyrandi áhrifum á eigendur íbúðana.

Virðingarfyllst,
Karl Jóhann Jóhannsson og Kristín Una Sigurðardóttir, Barmahlíð 18

Mál nr. 873/2023
Nýtt hverfisskipulag
Reykjavíkurborg
Þuríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir Reykjavíkurborg

Efni: Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn hvað varðar nýtt hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í greinargerðum er talað um að Miklabraut verði sett í stokk, Vegagerðin vill benda á að ekki er búið að taka ákvörðun um hvort Miklabraut verði útfærð í stokk eða sett í jarðgöng. Nýtt hverfisskipulag hverfanna þriggja gerir ráð fyrir töluverðri fjölgun íbúða. Fjölgun íbúða fylgir fjölgun íbúa sem hefur áhrif á staðbundna umferð. Nokkuð vel er farið yfir samgöngumál í innsendum gögnum, hverfin eru miðsvæðis og vel tengd með tilliti til stofnstíga og almenningssamgangna. Góðar aðstæður eru skapaðar fyrir íbúa að nýta sér vistvænar samgöngur. Einnig eru hverfin vel tengd stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Vegagerðin vill benda á að kanna vel áhrif aukningu íbúanna á staðbundna umferð og áhrif þeirra á nærliggjandi stofnvegakerfi og gatnamót.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Katrín Halldórsdóttir,
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Umsögnin varðar mál nr. 873/2023, rauða flokkun húsa í Barmahlíð þar sem þak hefur ekki verið hækkað.

Við undirrituð eigendur 2. hæðar Barmahlíðar 20 105 Reykjavík tökum bæði undir andmæli Karls Jóhanns Jóhanssonar # 44 frá 31.01 vegna fyrirætlana um verndun götumyndar við Barmahlíð og eins athugasemda Bryndísar Loftsdóttur # 21 frá 12.01.2024. Við höfum verið eigendur 2.hæðar Barmahlíð 20 frá árinu 1995 og eins og fram kemur hjá Karli þá fengum við jákvætt svar við fyrirspurn til byggingarfulltrúa (verknúmer: BNF20243) um þakhækkun á Barmahlíð 18-20. V

Virðingarfyllst,
Guðjón Steinar Þorláksson
Dagbjört Elva Sigurðardóttir

Höfundur: Guðjón Steinar Þorláksson/[redacted]

Sent inn þann: 01.02.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Umsögnin varðar mál nr. 873/2023, rauða flokkun húsa í Barmahlíð þar sem þak hefur ekki verið hækkað.

Undirrituð eru eigendur 2. hæðar í Barmahlíð 18. Við tökum að öllu leyti undir athugasemdir Bryndísar Loftsdóttur # 21 frá 12.01.2024.

Áætlanir hafa verið uppi hjá eigendum íbúðar í fjölmörg ár að gera íbúarými í risi þegar þörf væri á og væri miður fyrir okkar stóru fjölskyldu ef sá möguleiki yrði afskrifaður með nýju skipulagi.

Virðingarfyllst,
Kristín Una Sigurðardóttir
Karl Jóhann Jóhannsson

Höfundur: Kristín Una Sigurðardóttir/[redacted]

Sent inn þann: 01.02.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er athugasemd við hverfisskipulag Hlíða (mál nr. 873/2023).

Höfundur: Leó Alexander Guðmundsson/[redacted]

Sent inn þann: 01.02.2024

Meðfylgjandi er athugasemd okkar við hverfisskipulag Hlíða (mál nr. 873/2023) sem auglýst var til umsagnar frá 16. nóvember 2023 til 1. febrúar 2024.

Við lýsum yfir ánægju okkar með að ráðist sé í að skipuleggja hverfið þannig að íbúar geti áttað sig á því hvort og hvaða breytinga megi vænta og hvað muni vera heimilt og hvað ekki en gerum jafnframt athugasemd við framsetningu gagnanna. Illmögulegt er á vefnum að átta sig á því hvað eru lykilskjöl og hvar skal helst bera niður við lestur gagnanna. Skilmálar og almennar upplýsingar renna saman og sums staðar virðist vera ósamræmi sem ruglar lesandann enn frekar. Af umræðum í Facebook-hópi hverfisins sem og við íbúa mátti ætla að fólk skildi almennt ekki hvernig það ætti að nálgast viðfangsefnið eða hvað væri í raun verið að leggja til í hverfisskipulaginu varðandi hverfisvernd og skilmála.

Að því sögðu lýsum við yfir ánægju okkar með byggðakönnun Borgarsögusafns þar sem augljóslega hefur verið lögð mikil vinna í að greina hverfið og benda á mikilvæg atriði varðandi byggðamynstur og varðveislu. Við leggjum þess vegna þunga áherslu á að byggðakönnunin verði grundvöllur að hverfisskipulagi Hlíða.

Samkvæmt byggðakönnuninni hefur hverfishlutinn Hlíðar sunnan Miklubrautar hátt varðveislugildi sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistarleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með steinaðri veggáferð og valmaþaki. Hlíðahverfi er með eldri hverfum borgarinnar og er jafnframt eitt af fyrstu stóru íbúðahverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrir fram ákveðnu skipulagi. Í yngri hlutum hverfisins má sjá merki þeirrar stílblöndunar og þróunar sem varð með aukinni velmegun eftir stríð og þróun fúnkisstílsins á Norðurlöndum, sem og áhrif módernisma í yngri húsum hverfisins. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum hefur heildarsvipmót hverfisins haldist mjög vel, að mati Borgarsögusafns.

Lagt er til að svæðið sem heild njóti hverfisverndar í gulum flokki sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Við lýsum yfir ánægju okkar með þessa niðurstöðu og tökum undir eftirfarandi (Byggðakönnun, 2. hluti, bls. 63, undirstrikun okkar):

„Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi. Hverfisvernd nái til byggðamynsturs þ.e. afstöðu húsa á lóð, mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa auk ásýndar þeirra og götumyndar. Með ásýnd húsa er átt við upprunalegt útlit sem býr í stíleinkennum þess, efnisvali, áferð, litum, gluggagerðum, þakgerð, þakkanti,

skorsteini, aðalinngangi, tröppum kvistum og svölum. Hverfisvernd nær einnig yfir frágang við lóðamörk, s.s. garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.“

Borgarsögusafn setur þó nokkuð mörg hús í Hlíðum sunnan Miklubrautar í svokallaðan rauðan flokk en það eru einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (Byggðakönnun, 2. hluti, bls. 29).

Framsetning efnis í skjölum að nafni Bók 1 (Hlíðahverfi: Almenn greinargerð og stefna) og Bók 2 (Hlíðahverfi: Skipulagsskilmálar) er með þeim hætti að ætla má að til grundvallar þeim liggi ofangreind byggðakönnun. Svo er þó ekki varðandi umræddan rauðan flokk - enda er í skipulagsskilmálunum í Bók 2 leyft að hækka lágreist þök (bls. 9) en hingað til hafa þessi rauðmerktu hús þótt hafa þá sérstöðu að standa óbreytt hvað varðar þök. Annars staðar í skipulagsskilmálunum kemur í ljós að þökin mega vera heilir 3,6 metrar yfir efstu plötu, auk kvista og jafnvel svala.

Af ofangreindu er ljóst að lesandinn þarf að lesa í gegnum mörg skjöl til að púsla saman myndinni og átta sig á því að það sem raunverulega virðist verið að leggja til er að hækka megi verulega þau hús í hverfinu sem hafa lágreist þök - sem eru í grunninn húsin í rauðum flokki - þannig að þakhæðin endi í allt að 3,6 metrum. Það gengur aftur gegn niðurstöðu Borgarsögusafns sem kemst að þeirri niðurstöðu að rauð hverfisvernd skuli ná til *hæðar þessara húsa* auk ásýndar þeirra, þ.e. upprunalegs útlits, sbr. hér að ofan.

Í Bók 1 (Hlíðahverfi: Almenn greinargerð og stefna) benda höfundar sjálfir á að það að fara gegn niðurstöðu byggðakönnunar Borgarsögusafns gengur gegn B-hluta gildandi aðalskipulags, enda segir þar að í hverfisskipulagi skuli móta tillögur um verndun í einstökum hverfum og skulu tillögurnar byggja á byggða- og húsakönnun Reykjavíkur (bls. 41, undirstrikun okkar).

Af framansögðu er ljóst að við gerum bæði efnislega athugasemd við það sem lagt er til varðandi hækkunina, enda lenda húsin einmitt í rauðum flokki af því að þau sem heild hafa haldið sinni upprunalegu þakgerð og þykja merkileg byggingarlistalega sem og sögulega. Jafnframt gerum við athugasemd við framsetningu gagnanna og hversu faldar ofangreindar upplýsingar eru í þeim. Í Bók 1 eru húsin sett í rauðan flokk og þar kemur hvergi fram að gefa eigi leyfi til að hækka þökin á þeim. Það

þarf almenningur að grafa sjálfur upp í öðru riti, Bók 2, sem er tæpar 400 bls. Í öðrum hverfishluta er hækkun húsa, þó af öðrum toga, á hinn bóginn haldið á lofti í Bók 1.

